Fornleifar í Rangárvallasýslu I.

Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúpárhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS095-99021

Reykjavík

1999

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Um fornleifaskráningu 4

Um svæðisskráningu 8

Niðurstöður svæðisskráningar í vestur- og norðurhluta Rangárvallsýslu í tölum 10

Heimildaskrá 13

Fornleifar í Fljótshlíð 18

Fornleifar í Hvolhreppi 113

Fornleifar á Rangárvöllum 148

Fornleifar í Holtahreppi 318

Fornleifar í Landmannahreppi 464

Inngangur

Í þessari skýrslu eru birtar endurskoðaðar niðurstöður úr fyrsta áfanga svæðisskráningar í Rangárvallasýslu. Snemma vetrar 1998 ákvað héraðsnefnd Rangæinga að láta gera svæðisskráningu fornleifa í sýslunni og var þá gerður samningur við Fornleifastofnun Íslands um framkvæmd verksins. Sædís Gunnarsdóttir vann að gerð skráningarinnar frá janúar í júní 1998. Frágang skýrslunnar og ritun inngangs annaðist Orri Vésteinsson. Ástæða þess að skýrslurnar eru endurskoðaðar er að Oddgeir Guðjónsson í Tungu las 1. hefti skýrslunnar yfir og bætti við nokkrum fjölda fornleifa sem hér birtast. Einnig hafði bæst nokkur fjöldi minjastaða við á meðan unnið var að síðari hluta skráningarinnar.

Ákveðið var að skipta verkinu í tvennt og yrði fyrri hluti gerður 1999 en sá síðari árið 2000. Í fyrsta áfanga voru skráðar fornleifar á 320 jörðum í sýslunni og hafa upplýsingar um 5239 minjastaði verið skráðar á gangagrun fornleifastofnunar ÍSLEIFU. Um er að ræða svæðisskráningu en það er undanfari eiginlegrar fornleifaskráningar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir aðferðum sem beitt var við skráninguna og helstu tölulegum niðurstöðum en ítarlegri úttektir á fornleifum í Rangárvallasýslu er að finna í skýrslunni Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinargerð um svæðisskráningu.[1]

Við uppsetningu skrárinnar er fylgt hefðbundnum hætti. Jörðum er gefin kennitala eftir Jarðatali Johnsens frá 1847 og er alfarið stuðst við það um skiptingu í jarðir, hreppa og afréttir. Skránni er því raðað eftir mörkum sveitarfélaga eins og þau voru á 19. öld en ekki eins og þau eru nú. Rétt er að benda á að hér er ekki um að ræða eiginlega fornleifaskráningu, heldur aðeins fyrsta skrefið í átt að slíkri skrá. Vettvangsathuganir hafa aðeins farið fram á takmörkuðum hluta minjastaðana. Reikna má með að upplýsingar vanti um ýmsa staði (fyrri reynsla sýnir að við svæðisskráningu koma í ljós upplýsingar um 80-90% af þeim minjastöðum sem finnast við vettvangsathuganir) og að aðrir staðir séu tvískráðir.

Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir

[1] Sædís Gunnarsdóttir: *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinargerð um svæðisskráningu* Reykjavík 2000

minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samráð við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu

og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð rein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

A) Byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

B) Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

C) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

D) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

E) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

F) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

G) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
H) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
I) skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumundunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast Seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Hest er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborðinu. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu bygðar á Íslandi og var hún tekin saman á árunum 1706-1709 í Rangárvallasýslu. Þar að auki má nefna Jarðatal Johansens frá 1847 og síðan ritið *Sunnlenskar byggðir* en saman gefa þessi rit allgóða mynd um dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort*. Á árunum 1916-21 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af túnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð eftir 1920 og koma fram á þeim bæði bæjarstæði og útihús en erfitt er að greina milli kálgarða og útihúsa. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru nær undantekningalaust mjög ítarlegar og góðar. Nýjar skrár hafa verið unnar á grunni eldri lýsinga og til eru fjölmargar viðbætur og athugasemdir við þær skrár. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar skránna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrám, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar.

Fornleifaskýrslur. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenzka fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Fornfræðingarnir Sigurður Vigfússon og Brynjúlfur Jónsson fóru í okkra rannsóknarleiðangra um Rangávallasýslu í lok 19. aldar og um aldamótin en síðar hafa ýmsir orðið til að rita um fornleifar í vesturhluta sýslunnar, einkum eiðibýli. Engar skipulegar vettvangsathuganir hafa þó verið gerðar á fornleifum í vesturhluta sýslunnar á seinni hluta 20. aldar.

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrám og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

Niðurstöður svæðisskráningar í vestur- og norðurhluta Rangárvallsýslu í tölum

Alls hafa verið skráðar 5239 minjastaðir í vestur- og norðurhluta Rangárvallasýslu. Fjöldi minjastaða eftir hinum fornu hreppum:

	fjöldi jarða	fjöldi minjastaða	minjastaðir á jörð – meðaltal
Fljótshlíð	56	972	17,4
Hvolhreppur	37	348	9,4
Rangárvellir	62	1430	23
Holtamannahreppur	121	1403	11,6
Landsveit	44	1086	24,7
Samtals	320	5239	16,4

Skipting milli núverandi sveitarfélaga er á þessa leið:

	fjöldi jarða	fjöldi minjastaða	minjastaðir á jörð – meðaltal
Fljótshlíð	56	972	17,4
Hvolhreppur	37	348	9,4
Rangárvellir	62	1430	23
Djúpárhreppur	39	281	7,2
Ásahreppur	35	382	10,9
Holta-og Landssveit	93	1826	16,6

Við skráningu á fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifa, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða náttúruminjuar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvikri er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað er um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst að verulegu gagni eftir að farið hefur verið á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar í töfluna hér að neðan:

álagablettir	23	hús	2
áletranir	9	kuml	15
brunnar	2	lindir	10
bæjarhólar	298	mannabein	9
bæjarstæði	322	mannvirki	1
garðlög	111	náma	1
götur	86	rennur	3
gerði	4	sögustaðir	7
gripir	50	tóftir	179
gryfjur	1	vörður	234
heimildir	2703	vegir	14
hellar	162	þjóðsögustaðir	26
hleðslur	52	örnefni	915

Hægt var að greina hlutverk 4383 þeirra staða sem skráðir voru, og eru þau sýnd í eftirfarandi tölfu:

Búsetuminjar

bústaðir	391
býli	233
öskuhaugur	1

Minjar um jarðrækt

áveitur	70
akrar	17
kálgarðar	28

Búnaðaminjar innan túns

útihús (ótilgreind)	958
fjárhús	377
skemmur	6
lambhús	82
hesthús	41
fjós	63
túngarðar	55
hjallar	3
myllur	19
smiðjur	10
hlöður	10
eldshús	2
geitakofi	1
göng	2

Búnaðarminjar utan túns

stekkir	113
sel	61
mógrafir	72
réttir	124
kvíar	100
torfristustaðir	61
beitarhús	18
fjárskýli	104
kolagrafir	15
smalakofar	12
nátthagar	9
vörslugarðar	1
heygarðar	14
varnargarðar	8
heystæði	9

Aðrar búsetuminjar

brunnar	29
þvottastaðir	18
vatnsból	18
sundlaugar	5
bað	4

Útgerðarminjar

lendingar	2
naust	2

Veiðiminjar

refagildrur	10
herslubyrgi	1
herslugarður	1
skotbyrgi	2

Samgönguminjar

leiðir	287
samgöngubætur	7
vöð	306
áningarstaðir	8
traðir	47
brú	22
tjaldstaður	8
ferjur	24
náttstaðir	36
sæluhús	28
hlóðir	4
göngugarður	2

Samkomuminjar

þingstaðir	11
leikvellir	2
aftökustaðir	6
manndómsraun	2

Kirkjur og legstaðir

kuml/legstaðir	52
kirkjur	20
útkirkjur	16
bænhús	21

Þjóðsögustaðir

huldufólksbústaðir	53
draugar	13
tröll	3

Aðrar minjar

herminjar	2
virki	1
landamerki	176
útilegumannabústaðir	10
eyktamörk	17

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993

Árni Hjartarson: *Manngerðir hellar á Íslandi* Reykjavík 1991

Árni Óla: *Þúsund ára sveitaþorp: Úr sögu Þykkvabæjar í Rangárþingi* Reykjavík 1962

Ásgeir Ólafsson: "Jólgeirsstaðir" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1966*, 79-114

Bergsveinn Skúlason: *Sögur og sagnir úr Breiðafirði* Reykjavík 1950

Bjarki Bjarnason: *Njáluslóðir. Örnefni og staðfræði Njáls sögu* Reykjavík 1999

Björn Guðmundsson: "Hvar bjó Starkarður?" *Lesbók Morgunblaðsins* [24.5.1936], 166

Brynjúlfur Jónsson: "Athugasemd um Merkihvol" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1911*, 66-67

Brynjúlfur Jónsson: "Fornleifafundur í Fljótsdal 1902" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1904*, 21-24

Brynjúlfur Jónsson: "Fornleifar í Landsveit" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 26-28

Brynjúlfur Jónsson: "Fornt gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1905*, 56-57

Brynjúlfur Jónsson: "Fornt gerði hjá Þorleifsstöðum" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1905*, 55-56

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 16-22

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1894*, 21-25

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1899" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1900*, 1-8

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*, 1-32

Brynjúlfur Jónsson: "Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1898*, 1-28

Brynjúlfur Jónsson: "Um landnám Sigvats rauða" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1886*, 52-61

Chorographica: Árni Magnússon: *Corographica Islandica*, *Safn til sögu Íslands*, 2. flokkur) Reykjavík 1955

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferð þeirra á Íslandi árin 1752-1757* Reykjavík 1974

Eyjólfur Guðmundsson: "Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu" *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 34. árg. 1998, 54-69

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

FSP: Sveinn Pálsson: *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir1791-1797*, Reykjavík

Gestur Guðfinnsson: "Þórsmörk" *Árbók ferðafélagsins 1972. Rangárvallasýsla austan Markarfljóts*, 97-173

Gísli Gestsson. "Spjót frá Kotmúla í Fljótshlíð" *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1962*, 72-81

Gísli Gestsson: "Tjarnarkot og veiðivötn" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1971*, 74-85

GR: *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla* I [Akureyri] 1983

Guðjón Jónsson: "Kambsrétt" *Heima er bezt 1954* nr. 10 4. árg., 297-299

Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 319-324

Guðmundur Árnason: "Örnefni á Landamannaafrétti" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1928*, 81-93

Guðmundur Árnason: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" *Sandgræðslan, minnzt 50 ára starfs Sandgræðslu Íslands* Reykjavík 1958

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923*, 1-96

Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma* II, Reykjavík 1982.

HB Sumar: Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, Reykjavík 1943

Helga Skúladóttir: "Örnefni á Keldum á Rangárvöllum" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*, 113-139

Helga Skúladóttir: "Örnefni í Þríhyrningi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1933-1936*, 19-24

Helgi Hannesson: "Kampastaðir. Kot sem draugur eyddi" *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál* 1. hefti, 4. árg. 1965, 26-29

Helgi Þorláksson: "Byggð undir Heklu" *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 33. árg 1997, 149-161.

Hermann Guðjónsson: "Hreysi og fornleg rétt" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1984*,100

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma,* Reykjavík 1986

ÍF XII: *Íslenzk fornrit XII. Njáls saga,* Reykjavík 1954

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* I *Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla,* Kaupmannahöfn 1913-1917

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Jón Árnason: "Örnefni við Veiðivötn á Landamannaafrétti" *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*, 4. árg, 2., hefti, 61-70

Jón Jakobsson: "Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni íslands árið 1905" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906*, 50-53

Jón Jakobsson: "Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni íslands árið 1906" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 47-49

Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð,* Reykjavík 1973

Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir*. *Sunnlendingafjórðungur* I Reykjavík 1986

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* Akureyri 1956

Matthías Þórðarson: "Forn jarðgöng fundin að Keldum á Rangárvöllum" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*, 58-59

Matthías Þórðarson: "Klaustrið að Keldum" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1909*, 32-33

Matthías Þórðarson: "Manngerðir hellar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1930-1931*, 1-76

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um viðbót við þjóðmenjasafnið árið 1914" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1915*, 46-94

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um viðbót við þjóðmenjasafnið árið 1910" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1911*, 70-98

Matthías Þórðarson: "Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafninu 1907" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1908*, 53-58

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um viðbót við Þjóðminjasafnið árið 1915 (frh)" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1917*, 16-35

Oddgeir Guðjónsson: "Fljótshlíð" *Árbók ferðafélagsins 1966. Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts*, 101-112

Oddgeir Guðjónsson: "Minjar og kornmyllur í Fljótshlíð" *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 34. árg. 1998 39-43

Páll Sigurðsson: "Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi" *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* II, Kaupmannahöfn 1886

RLLF: *Rit hins íslenska lærdómslistafélags* I-XV, Kaupmannahöfn 1780-1794

SB IV: *Sunnlenskar byggðir. VI Rangárþing austan Eystri Rangár,* [án útgáfustaðar] 1982

SB V: *Sunnlenskar byggðir. V Rangárþing vestan Eystri-Rangár,* [Selfoss] 1987

Shetelig, Haakon: "Íslenzkar dysjar og fornleifar frá víkingaöld" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*,5-18

Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 35-62

Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellsþingi vestanverðu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 63-75

Skúli Guðmundsson: "Athugasemd við ritgerðir um sögustaði o. fl. í Njálu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*, 29-40

Skúli Guðmundsson: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1928*, 1-21

Skúli Guðmundsson: "Undir Þríhyrningi. Nokkrar athugasemdir" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*, 108-112

Skýrsla FÍ I: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* I, *1863-1866,* Kaupmannahöfn 1868

Skýrsla FÍ II *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* II, *1867-1870,* Kaupmannahöfn 1874

Skýrsla FÍ III: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* III, *1871-1875,* Kaupmannahöfn 1881

SP Ferðabók sjá **FSP**

SSR: *Rangárvallasýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873,* Reykjavík 1968

Sædís Gunnarsdóttir: *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinargerð um svæðisskráningu* Reykjavík 2000

Þór Magnússon. "Skýrsla um Þjóðminjasafn 1973" Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1974, 153-173

ÚAT: Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir,* Reykjavík 1959

Valgeir Sigurðsson: *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi,* I-II Hella 1982

Vigfús Guðmundsson: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum.” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1953*, 5-79

Vigfús Guðmundsson: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1951-1952*, 91-164

Vigfús Guðmundsson: *Saga Oddastaðar*, [án útgáfustaðar] 1931

Ö-[nafn jarðar] Örnefnaskrá á Örnefnastofnun Íslands

Fornleifar í Fljótshlíð

RA-177 Fljótsdalur

12 hdr. 1710, eyðihjáleigan Innara Stekkjartún. "Fljótsdalur var landmikil jörð og fjárbeit er þar góð, bæði sumar og vetur. Meginhluti beitilandsins, sem nú er allt vestan Þórólfsá er grösug og skjólgóð heiði. Þórólfsfell var áður hluti af Fljótshlíðarlandi, en við ábúandaskipti árið 1966, var Fellið selt Fljótshlíðarhreppi, sem notar það fyrir afrétt." SB IV, 287 Nýbýlið Fljót var byggt úr landi Fljótsdals árið 1941.

1710. "Engjar eru so litlar sem engar, hefur ábúandinn sótt heyskap stundum í afrjett, stundum undir Eyjafjöll að Stórumörk og Holti,þá því hefur orðið viðkomið, líka að Arngeirstöðum og Kirkjulæk í Fljótshlíð. Túnum grandar grjót og aur, sem á fellur í vatnagángi og leysíngum." JÁM I 138. 1920: Tún 5,6 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1167 m² "Engjar og tún eru talin góð, en sumt af þeim nokkuð bratt. Mikið graslendi var áður niður á sléttlendinu, sem Þverá sópaði öllu í burtu." SB IV, 287

RA-177:001 *Fljótsdalur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:013 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

RA-177:014 *hof* tóft
BJ: "Úlfar bóndi Jónsson í Fljótsdal í Fljótshlíð bygði í vor (1902) heyhlöðu við fjósið, sem er fyrir ofan og austan bæinn. Gróf hann hana vel 4 al. djúpt niður." "Svo sem 3 al. djúpt undir jarðvegi kom hann niður á leifar af vegg: undirstöðu og svo sem 2 steinalög ofan á. Mátti sjá á legu steinanna í veggnum, að norðurhliðin hafði vitað inn í tóft, en suðurhliðin inn í vegg. Með öðrum orðum: Þetta var framveggur tóftar. Þar við kemur það

heim, að bakvið fjósið og hlöðuna sér fyrir garðlagi, sem varla getur annað verið en bakveggur tóftar. Hefir sú tóft þá verið allstór, en þó ekki stærri en margar forntóftir aðrar. Eigi gróf Úlfar fyrir enda veggjarins, og eigi heldur alveg upp að bakveggnum. Nokkru fyrir innan veginn fann hann bollastein. Virtist hann tilhöggvinn og er kringlóttur að kalla, vel 1 al. á hæð, en ekki yfir 3 kvrt. í þvermál. Bollinn í honum nál. 14 þml. í þvermál, en alt að 16 þml. á dýpt. Barmurinn rúml. 3. þml. á þykt, og þó sprunginn á einum stað, svo bollinn er þeim mun brothættari. Enda er efni hans þursaberg (breccie) og eigi mjög fast í sér. Líka fann Úlfar þar kolubrot úr járni, ryðgað mjög og fallið framan af. Hún er nokkuð breið til að vera ljóskola. Þó bendir það á viðhöfn, að hún hefir snúinn tanga. Hafi bollasteinninn verið hlautbolli og tóftin hof (heimahof frá landnámsöld), þá gæti kolan verið ljóskola til lýsingar í hofinu og því í stærra lagi."
Heimildir: B J: "Fornleifafundur í Fljótsdal 1902" Árbók 1904, 21-24

RA-177:015 *Innara Stekkjartún* bæjarstæði býli
1710: "Innara Steckiartún hefur heitir hjáleiga frá Fljótsdal, skamt frá bænum. Er fyrst bygð og aftur eyðilögð fyrir manna minni. Verður ekki aftur bygð, því túnið er komið í jarðfall, þar til slægjur engar."
Heimildir: JÁM I, 138

RA-177:016 heimild
"Heimarafstöð var byggð 1928 af Bjarna Runólfssyni frá Hólmi og er hún starfrækt enn. Stöðin framleiðir um 8 kw orku."
Heimildir: SB IV, 387

RA-177:017 heimild
SV: Rétt við ána að vestan er graslendi töluvert, og hár bakki, sem áin er að brjóta, því að hún hefir gert mikla aura þar niðr eftir. Undir þessum bakka fundu synir bóndans í Fljótsdal fyrir fám árum grjóthleðslur tvær, með millibili, sem tóft. Í fyrra fundu þeir hér greinilegan vott af ösku og viðarkolum." SV telur að bærinn Þórólfsfell hafi staðið hér, nú er allt uppblásið. Hann getur um fleiri tóftir þarna í grenndinni sem gætu verið leifar af útihúsum.
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 72

RA-177:017 *Fljótsdalur* bæjarstæði bústaður
Tvíbýli var í F fram til 1894.
Heimildir: SB IV, 388

RA-177:018 *Vörðufell* örnefni
"Ofan við hana [Háumýri] er hátt fjall Háumýrarfjall og snýr frá aystri til vesturs. Innan við það taka við nafnlaus aurðarhraun [svo], á þeim er eitt fell, Vörðufell, það er vestur af Bláfelli, sem er í Fljótsdals landi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkarstaðir, 1

RA-177:020 *Seltættur (innri)* heimild um sel
"Austan við Marðará tekur við Miðheiði og liggur hún að Selgili. ... Við upptök Selgils eru Selgilsklofningar. Við Selgil eru Seltættur (innri) ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 2, 3

RA-177:021 *Marðarárvað* heimild um vað
"Austan við Marðará tekur við Miðheiði og liggur hún að Selgili. Í Svepphólum er vað yfir Marðará, Marðarárvað, en ekki er á öðrum stöðum fært yfir hana á þessum slóðum, því að hún rennur í gljúfri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 2

RA-177:022 *Seltættur* heimild um sel
"Niður með Dýjakrók að austan, og vestur í Marðará rennur lækur Dýjakrókalækur, framan við hann að austan eru stórar og grösugar valllendistorfur, sem heita Efriselstorfa og Neðriselstorfa og Seltættur í krikanum norðvestan við lækinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 2

RA-177:023 *Tæpagata* gata leið
"Austan við Selgil [020], þar sem það fellur í Þórólfsá heitir Selgilstangi. Skammt framan við hann er Tæpagata, sem liggur fram í Kálfatorfu ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 3

RA-177:024 *Vörðufell* örnefni
“Þar norður af [Rauðfossum] er Bláfell, en vestur af því fjöll, sem heita Smáfjöll. Þar norður á Hrauninu er lítið grjótfell, sem heitir Vörðufell.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 3-4

RA-177:025 *Ausa* heimild um fjárhús
“Efst í brekkunni við Viðargil er torfa, sem heitir Fosstorfa. Innan við hana er hæð, sem fjárhús standa á og heitir Ausa.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 4

RA-177:026 *Fremrastekkatún* örnefni stekkur
“Austan við Bæjargil er Fremrastekkatún (fjárhús) ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 4

RA-177:027 *Innra-Stekkatún* örnefni stekkur
“Innan við Marðarár og niður af Háaþýfi heitir Innra-Stekkatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 4

RA-177:028 *Viðargilsveita* örnefni áveita
“Undirlendið er mest brotið af Þverá, en þó er lítið eitt eftir, utast við Viðargil heitir Viðargilsveita.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 4

RA-177:029 *Hrossvallarveita* örnefni áveita
“Milli lækjar og brekku inn undir tún liggur Hrossvallarveita.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 5

RA-177:030 *Heljarstígur* gata leið
“Framan við Nautavað [sjá afrétt] heitir Heljarstígur, það eru smalagötur norðan í fellinu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur, 5

RA-177:031 *Bríkból* örnefni
“Sunnanmegin nokkuð ofar en Mögugilshellir er svokallað Bríkarból, annar hellir, í botni gilsins heitir Draugaból ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 2

RA-177:032 *Draugaból* örnefni draugur
“Sunnanmegin nokkuð ofar en Mögugilshellir er svokallað Bríkarból, annar hellir, í botni gilsins heitir Draugaból ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 2

RA-177:033 *Efri-Stígar* heimild um vað
“Uppundir Bláfell eru skriður að Þórólfsá og er þar víða fært yfir ána gangandi mönnum og kallast það Efri-Stígar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 2

RA-177:034 heimild um traðir
“Fyrir neðan bæinn er Hlaðbrekkan, þar voru áður djúpar traðir niður fyrir brekkuna ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 4

RA-177:035 *Fossvað* heimild um vað
“Á fossbúninni er stígur yfir gljúfrið og kallast Fossvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 5

RA-177:036 heimild um ristu
“ ... það var aðallega rist á Hrossvallaveitu, og mest notað á þök útihúsa og hey ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur svör við sp., 2

RA-177:100 *Marðarárvað* heimild um vað
"... ofan við það [Langarof] og neðan við Dráputorfu er smá slakki með mörgum uppsprettum, kallast Hlaup, vestur og niður af því er vað á Marðarár, kallaðst Marðarárvað ..." Segir í örnefnalýsingu.
Oddgeir í Tungu segir þetta vera í Fljótsdalslandi.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 3-4

RA-177:200 *Dráputorfuvað* heimild um vað
"Neðar með ánni er grasflöt, heitir Fagradalstorfa, fyrir neðan hana er Dráputorfa, vestur af henni er vað á Marðará, sem heitir Dráputorfuvað ..." Segir í örnefnalýsingu.
Oddgeir í Tungu segir þetta vera í Fljótsdalslandi.
Heimildir: Ö-Fljótsdalur OG, 3

RA-178 Barkarstaðir
20 hdr. 1710. 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798. "Arfjett á jörðin so sem Fljótsdalur, líka er jörðum Fljótshlíðar eignaður annar afrjettur kallaður Miðmörk (Þórs-mörk) og er hann líka brúkaður fyrir lömb á sumur af nokkrum búendum í Fljótshlíð." Tvær eyðihjáleigur Borg og Barkarstaðahjáleiga. JÁM I, 139-140 "Heiðin upp frá bænum er gróin og gott beitiland, skjól eru þar víða. Ofar er landið blásið og gróðurlítið." SB IV, 389
1710: "Slægjum granda mold og grjót úr fjallinu." JÁM I, 139 1920: Tún 8 ha, sléttað 7 ha, garðar 1776 m² "Tún eru nú að mestu niður á sléttlendinu, en voru áður að mestu uppi í hlíðinni." SB IV, 389

RA-178:001 *Barkarstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:007 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:008 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:009 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:010 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-178:013 *Borg* bæjarstæði býli
JÁM: "Hjáleiga hefur bygð verið fyrir 14 árum í landi jarðarinnar, þar sem áður var brúkuð fjárborg, kölluð

Borg. Bygðin hjet ekki nema eitt ár. Landskuld var engin, því leiguliðinn gjörði upp húsin á sinn kost. Leigukúgildi var og ekkert. Þessi hjáleiga kann ekki aftur að byggjast án skaða ábúendum heimajarðarinnar, sökum aðþrengingar." "Lítið eitt vestan [en 025] eru bæjartættur, fornar, hét þar Borgir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 139; Ö-Barkarstaðir BK, 4

RA-178:014 *Barkarstaðahjáleiga* bæjarstæði býli
JÁM: "Er fyrst bygð fyrir 33 árum eða þar um. Bygðin varaði eki nema 5 ár. Landskuld var fyrsta ár engin, annað xx álnir, síðan í hin þrjú xxx álnir. Leigukúgildi var ekkert. Þrengdi þessi hjáleiga að heimajörðunni, sjerdeilis uppá slægjur, og sýnist hún þess vegna ei byggjast kunni."
Heimildir: JÁM I, 139-140

RA-178:015 heimild
"Við Bæjargilið var sett rafstöð 1928, sá Bjarni Runólfsson frá Hólmi um verkið."
Heimildir: SB IV, 389

RA-178:016 *Lambhúsgarður* örnefni
"Með bæjargilinu gengur heiðarbrúnin lengra fram, eru í brúninnu þrír stallar; Bæjarbrún, Miðbrún og Efstabrún. Vestast milli Efstubrúnar og Miðbrúnar er klettur, sem heitir Kálfaklettur. Vestur af honum eru brekkur, sem heita Lambhúsgarður ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 2

RA-178:017 *Gildruhóll* örnefni refagildra
"Með bæjargilinu gengur heiðarbrúnin lengra fram, eru í brúninnu þrír stallar; Bæjarbrún, Miðbrún og Efstabrún. Vestast milli Efstubrúnar og Miðbrúnar er klettur, sem heitir Kálfaklettur. Vestur af honum eru brekkur, sem heita Lambhúsgarður, en upp af honum hamrabelti og þar uppi hóll, Gildruhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 2

RA-178:018 hellir tröllabústaður
"Í grljúfrinu nokkru fyrri ofan brúnir var til skamms tíma afar stór Hellir. Var talið, að hann tæki allt að 1000 fjár, og leitaði fé þar skjóls, en hann féll í stórrigningu árið 1925." Segir í örnefnalýsingu. FF: "Mælt er og ad Gladkona ein, hafe átt her Adsetur sitt j Bleiks-Ár-gliufre. /: Hver Á Liggur j Landamerkium Barkastada:/ - j Heller þeim, sem enn þá er kalladur Tröllkonu Heller."

"Sögn er um þennan helli, að þar hafi búið tröllkona, og hélt hún verndarhendi yfir fé prestsins á Barkarstöðum, en þáði að launum vænsta sauðinn á hverjum jólum. En eitt sinn liðu svo jólin, þrátt fyrir trúa þjónustu tröllkonunnar, að presturinn lét ekki sauðinn af hendi. Reið hann svo til messu á jóladag svo sem leið liggur að Eyvindarmúla. En er hann hélt heimleiðis, sér hann tröllkonu koma ofan af heiði og var hún reið og all gustmikil. Gekk hún í veg fyrir hann. Steig hann þá af hesti sínum, hinum mesta gæðingi, afhenti skessunni hann í jólapottinn til að sefa reiði hennar. Skildi þar með þeim, hélt prestur gangandi heim, en hún lagði hestinn á bakið og gekk upp á heiði til Hellis síns. Sjást enn spor hennar í brekkunni og heita Tröllkonulágar." FF: "Er Heller sá Giögur meked. Nálega fyrer ofann 1/3 part Bergsins, eru upp ad sama Pallar 3r sem gióra 8ta s(ive)11 9u fadma Leingd, og sagt er, ad sieu Spor Hennnar ippj Hellerenn, enn so er háttad, ad geingt er ad nedenn."
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 3; FF ATH

RA-178:019 tóftir sel
"Niður af Háumýrarfjalli liggur mýrarfláki, sem heitir Háamýri. Við hana að Bæjargili er önnur mýri, Selmýri. Í Háumýri hefur gil eitt upptök sín. Það heitir Selgil. Neðan við Háumýri eru valllendisbrekkur og vestan við þær brekkur móti suðvestri Selbrekka, neðan við hana er lítil mýri. Þar við gilið eru fornar tættur, Seltættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 3

RA-178:020 tóft smalakofi
"Vestan við Selgilið [sjá 019] er Stuðlabergsklettur, Selhóll, og austan í honum Smalakofatótt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:021 *Borgarbrún* örnefni
"Vestan við Selgilið [sjá 019] er Stuðlabergsklettur, Selhóll, og austan í honum Smalakofatótt. Þar komum við fram á hamrabrún, sem liggur milli Viðargils og Selgils, hún heitir Borgarbrún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:022 *Innriselshólar* örnefni sel
“Annar lækur rennur í Viðargil [sjá 021] og heitir Jónsdalslækur og landið umhverfis Jónsdalur og er hann umgirtur á þrjá vegu af hamrabelti. Neðan Jónsdals er þýfður og þurrlendur fláki, Innriselshólar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:023 *Vestriselshólar* örnefni sel
“Annar lækur rennur í Viðargil [sjá 021] og heitir Jónsdalslækur og landið umhverfis Jónsdalur og er hann umgirtur á þrjá vegu af hamrabelti. Neðan Jónsdals er þýfður og þurrlendur fláki, Innriselshólar. Vestan við Jónsdalslæk eru Vestriselshólar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:024 *Sauðhúsmýri* örnefni fjárhús
“Milli Selhóla [sjá 022 og 023] sprettur upp lækur, sem rennur alla leið niður á sléttu, Drápugilslækur. Vestan við hann er mýrarfláki, Sauðhúsmýri.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:025 *Eystrabrúnarvað* heimild um vað
“Vestan við Borgargilið milli Bæjargils og Selgils heita Klappir að ofan niður að Bæjargilsbrún. Bæjargilið er þarna ófært nema á þremur vöðum: Eystrabrúnarvað, Miðbrúnarvað og Bæjarbrúnarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:026 *Miðbrúanarvað* heimild um vað
“Vestan við Borgargilið milli Bæjargils og Selgils heita Klappir að ofan niður að Bæjargilsbrún. Bæjargilið er þarna ófært nema á þremur vöðum: Eystrabrúnarvað, Miðbrúnarvað og Bæjarbrúnarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:027 *Bæjarbrúnarvað* heimild um vað
“Vestan við Borgargilið milli Bæjargils og Selgils heita Klappir að ofan niður að Bæjargilsbrún. Bæjargilið er þarna ófært nema á þremur vöðum: Eystrabrúnarvað, Miðbrúnarvað og Bæjarbrúnarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:028 *Viðargilsveita* örnefni áveita
“Innst við Viðargil [sjá 021] er stór slétta, sem heitir Viðargilsveita.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 4

RA-178:029 *Selgilsflötur* örnefni sel
“Vestan við Horn er stór mýri, Kringlumýri. Upp af henni er torfa Kringlutorfa, upp af henni Kringluhnaus og Kringlulækur, vestan við hann upp að brekkunni heitir Selgilsflötur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:030 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Vestan við lækinn eru sléttir við bakkar. Ofan við þá heitir Stekkatún, en ofan við þau Bæjartorfa.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:031 *Börkshaugur* heimild um legstað
“ ... Framtún sunnan við bæinn, austast í því er forn haugur Börkshaugur ...”
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:032 *Biskupstún* örnefni
“Brekkurnar ofan við bæinn heita Þerrikinnar. Vestan við þær er lítilll lækur, heitir Lind að ofan, en Hundagil er niður kemur. Vestan við það er Biskupstún, þá Lambhústún og Tuddakofatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:033 *Lambhústún* örnefni lambhús

“Brekkurnar ofan við bæinn heita Þerrikinnar. Vestan við þær er lítilll lækur, heitir Lind að ofan, en Hundagil er niður kemur. Vestan við það er Biskupstún, þá Lambhústún og Tuddakofatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:034 *Tuddakofatún* örnefni
“Brekkurnar ofan við bæinn heita Þerrikinnar. Vestan við þær er lítilll lækur, heitir Lind að ofan, en Hundagil er niður kemur. Vestan við það er Biskupstún, þá Lambhústún og Tuddakofatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:035 *Myllulækur* örnefni mylla
“Þá koma Fossalækirnir saman í Myllulæk.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:036 *Borgartorfa* örnefni
“Þá koma Fossalækirnir saman í Myllulæk. Vestan við hann er Borgartorfa.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:037 bæjarstæði
“Þá koma Fossalækirnir saman í Myllulæk. Vestan við hann er Borgartorfa. Þar eru bæjartættur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:038 heimild um fjárhús
“Þá koma Fossalækirnir saman í Myllulæk. Vestan við hann er Borgartorfa. Þar eru bæjartættur, vestar er grasi gróið gil, Fjárhúsgil. Vestan við þetta í brekkunni eru fjárhús og tún umhverfis ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:039 *Músagerði* örnefni
“Þá koma Fossalækirnir saman í Myllulæk. Vestan við hann er Borgartorfa. Þar eru bæjartættur, vestar er grasi gróið gil, Fjárhúsgil. Vestan við þetta í brekkunni eru fjárhús og tún umhverfis, en niður af því slægjuland, Músagerði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:040 *Niðurveitur* örnefni áveita
“Niður með Bæjarlæknum að vestan eru Niðurveitur alla leið að Hundagili ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:041 *Öskuveita* örnefni áveita
“Niður með Bæjarlæknum að vestan eru Niðurveitur alla leið að Hundagili, en þar vestar af er tún, Öskuveita ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:042 *Vesturveita* örnefni áveita
“Niður með Bæjarlæknum að vestan eru Niðurveitur alla leið að Hundagili, en þar vestar af er tún, Öskuveita ... Hér vestur af Bleiksá heitir Vesturveita.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Barkastaðir BK, 5

RA-178:043 *Grjótgerði* heimild
FF: “Soköllud Griotgerde j Storu Brecku hér j Barkastada-lande; einkanlegast Tvö, sem eru audsiáanleg Mannaverk á enn nú.”
Heimildir: FF I, 125

RA-179 Eyvindarmúli

60 hdr 1710, kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 6 [1332]: Máldagi kirkjunnar. “Jons kirkia postula a eyuindarmula aa prestz skylld j heima landi.” DI II, 686 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 216 [1387]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 404 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 76-77 1523: Hólmfríður Erlendsdóttir fær Eyvindarmúla til eignar frá Ögmundi biskup fyrir jörðina Sandgerði á Romhvalsnesi. DI IX, 182. 1575: Máldagi DI XV 670Jörðin á afrétt í Múlatungum við Þórsmörk. Jörðin á reka á Fjórðungafjöru í landi Bakka og Stakkholts í eystri Landeyjum með Kollabæ, Breiðabólstað og Stóra

Hofi. 1710 voru átta hjáleigur frá Eyvindarmúla, Háimúli, Árkvarnarkot, Ormskot, Bakkakot, Dúðastaðir, Sauðhústún og Múlahjáleiga allar í byggð og Jónssel aðeins byggð í eitt ár. JÁM I, 140 "Eyvindarmúli er talin ein af fegurstu og bestu jörðum í Fljótshlíð. Víðlendir hagar eru í heiðinni upp frá bænum, gróinir framantil en blásnir hið efra. ... Jörðin á beitarítak austur og inn af Goðalandi, sem kallast Múlatungur. Þar var hafður útigangur á sauðfé áður fyrr og talið hæfilegt land fyrir 15 kindur." SB IV, 393

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 8

RA-210:007 álagablettur
Austan við bæinn í Stöðlakoti vare smá garðbrot sem ekki mátti heyfa við, að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-211 Tumastaðir

5 hdr. 1710, hjáleiga Kollabæjar, byggðist löngu fyrir 1710. Skógrækt ríkisins á jörðina. 1710: “Á engjarnar ber leir og grjót í leysíngum á vetur.” JÁM I, 162 1839: “Heyskapur af túni og engjum í samanburði við áður talin kot í betra lagi. Hagar sameiginlegir með Kollabæ.” SSR, 95 1919: Tún 3,4 ha, garðar 1468 m² “Tún voru lítil og svo brött að vélum varð ekki við komið á mestum hluta þeirra. Engjar vour góðar og gras bást þar varla. Þær hafa nú verið þurrkaðar og meirihluti þeirra tekinn til skógræktar, svo og túnið.” SB IV, 439

RA-211:001 *Tumastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-211:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-211:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-211:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-211:005 *Myllubugur* heimild um myllu
“Kornmylla hefur verið við Torfastaðagrónf en aflögð fyrir elstu manna minni.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Suðvestur af Tumastöðum, niður í Grófinni, er hóll. Norðaustur af honum eru litlar tættur við lækinn, af gömlum myllukofa, efst á Myllubug.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB IV, 439; Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-211:006 heimild
“Rafstöð var sett við Grófina, vestur frá bænum og var hún starfrækt í nokkur ár.” Segir í Sunnlenskum byggðum. .
Heimildir: SB IV, 439

RA-211:007 *Stöðullaut* örnefni kvíar
“Stöðullaut er þar skammt innar [en Svíri], þar voru gróðursett fyrstu barrtrén á Tumastöðum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 9

RA-211:008 álagablettur
Í Kinninni austur frá bænum er smá lautarbolli hann mátti ekki slá, var álagablettur.
Heimildir:

RA-211:009 heimild
Á fremri Torflækjarhól eru mannvirki alls um 2 m á breidd, snúa frá S-A til N-V, þessi ferhyrnd, önnur (get ekki lesið) grunnir skurðir eru um desin, þau lengri eru oftast með þverskurðum að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-212 Túnga

15 hdr. 1710. 1519. Tunga nefnd í umboðsbréfi. DI VIII, 681. 1839: “... tún slétt og góð. Engjar litlar og ryttulegar. Hagar þröngvir.” SSR, 95 1919: Tún 7,8 ha, garðar 2480 m²

RA-212:001 *Túnga* bæjarhóll bústaður
“Áður stóð bærinn fremst í túninu, niður við gilið en árið 1912 hrundu öll bæjarhúsin í jarðskjálfta, sem varð 6. maí það ár, og flutti þáverandi ábúandi, Guðjón Jónsson, þá öll hús upp fyrir brekkuna.” Segir í Sunnlenskum

byggðum.
Heimildir: SB IV, 440; Túnakort 1919

RA-212:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-212:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-212:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-212:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-212:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-212:007 heimild
Rafstöð var við lækinn norðan við bæinn gerð 1929-30, segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 440

RA-212:008 *Einarshús* heimild um fjárhús
"Suðaustur undir Skyggni [allhá hæð] eru fjárhús frá Tungu, byggð í gömlum tóttum, sem heita Einarshús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 4

RA-212:009 *Illagerði* gerði
"Suður á túninu í Tungu eru gerði, sundurslitin af fornum garðbrotum. Norðast er Illagerði, næst Stóragerði, og syðst Litlagerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:010 *Stóragerði* gerði
"Suður á túninu í Tungu eru gerði, sundurslitin af fornum garðbrotum. Norðast er Illagerði, næst Stóragerði, og syðst Litlagerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:011 *Litlagerði* gerði
"Suður á túninu í Tungu eru gerði, sundurslitin af fornum garðbrotum. Norðast er Illagerði, næst Stóragerði, og syðst Litlagerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:012 *Stöðullaut* örnefni kvíar
"Vestur af gerðunum eru tvær lautir, Mosalaut ausar og Stöðullaut vestar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:013 heimild um traðir
"Vestan við Túnbarðið liggja gamlar Traðir upp yfir hátúnið og vestan við þær Eldiviðarkinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:014 heimild um lambhús
"Ofan við gamla bæinn, austur við lækinn, heitir Fagrakinn, og upp af henni Lambhústún, suðaustur í því gömul garðbrot, Lambhúsbrekkur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:015 heimild um kvíar
"Slétta túnið suðvestur af Tungu var fram að 1912 stöðull frá Tungu og kallað Ból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 8

RA-212:016 heimild um mógrafir
"Framan við lækinn, austur af bænum, var tekinn mór." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 10

RA-212:017 *Bólið* örnefni kvíar
"Þá tekur við Bólið [eftir Stöðullaut 012] sem er slétt tún og nær heim að bænum í Tungu ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 11

RA-212:018 heimild um fjárhús
"Austur af Dagteig er Útsetuhóll, þar stóðu lengi fjárhús frá Tungu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 11

RA-212:019 *Tungubaðstofa* hellir
"Í Tungu var smáhellir vestan í svokölluðum Klittnabala og var kallaður Tungubaðstofan þessi hellir hrundi að hluta um 1920. Um þennan helli er sú sögn að göng áttu að vera úr botni hans og alla leið undir baðstofugólfið í Tungu (gamla bænum, sem stóð áður fram við gilið, var fluttur 1912 þangað sem hann er nú.)"
Heimildir: Manngerðir hellar, 235

RA-212:020 tóft stekkur
"Innan við Hellirsholt er laut, sem heitir Helllirslaut. Innan við hana er hæð, sem er nokkuð hærri en Hellirsholtið, hún heitir Stekkatúnshóll; framan í honum eru gamlar tættur." Segir í örnefnalýsingu. í landi Tungu að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 6

RA-212:021 heimild
Skammt austur frá Einarshúsum 008 er slétt flöt, austan við hana eru samskonar mannvirki og er Fremri Torfalækjarhól RA-211:009. Gæti verið des undir torfslakka.
Heimildir:

RA-212:022 garðlag
Ævaforn garður var norvestur yfir Bólið til norðvesturs að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-212:023 garðlag
Marsa er msá bergstandur í Dalagili frá henni liggur garður norðan við Mönsuskál og Stórhól og endar við Litlalæk að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-212:024 heimild um mógrafir
Mór var tekinn vestur af bænum að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-212:025 heimild um fjárhús
Efst á Skyggni var fjárhús frá Tumastöðum, þá voru hagar í Kollabæjarhverfi óskiptir að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-212:026 hellir
Annars hellir en 019 er vestan í Hellisholti, í honum var haft fé um eitt skeið.
Heimildir:

RA-213 Vatnsdalur

20 hdr., með afbýlinu Vatnsdalshjáleigu 1710. 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. 1710: Voru þar fjórar eyðihjáleigur Engidalur, Krummatóftir, Ólafshjáleiga og Vatnarveita sem byggðist úr landi Vatnsdalshjálegu. Bænhús var á jörðinni. Jörðin á skógarítak í Næfurholtslandi sem notað var til kolagjörðar en eyddist bæði af notkun og sandblæstri. JÁM I, 163-164

1710: "Túnið liggur undir nokkrum spjöllum af læk, sem rennur yfir það í vatnavöxtum og leysíngum og ber á það leir og mold, líka brýtur af því. Á engjar hrynur grjót úr fjalli og forárgast mjög." JÁM I, 164
1839: "... túnin slétt og falleg, engjar víða greiðfærar og grasgefnar og heyfallið í betra lagi. hagaganga sæmileg,

helzt framan af vetri. engjunum granda sums sstaðar skriður." SSR, 95 1919: Tún 17,7 ha, garðar 1886 m² "Tún eru stór og liggja vel við sól. Vestrarbeit er allgóð og sumarhagar í betra lagi." SB IV, 441

RA-213:001 *Vatnsdalur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:002 heimild um bænhús
"Þar er bænhús (hálfkirkja) á heimajörðunni standandi, og hefur fyrir 14 árum eða þar um embættað verið af prestinum að Breiðabólstað, þegar heimafólk hefur verið til sakramentis. Síðan hefur embættisgjörð þar verið aflögð og tíundum og ljóstollum svarað til sóknarkirkjunnar að Breiðabólstað."
Heimildir: JÁM I, 163

RA-213:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-213:011 *Engidalur* bæjarstæði býli
1710: "Einge-dalur hjet hjáleiga frá Vatnsdal út í högunum. Var bygð fyrst áður menn til muna. Eyðilagðist hjer fyrir 40 árum. Menn meina vegna aðþrengingar hagabeitar. Kann ekki aftur uppbygjast vegna grjóts og sands, sem á er fallið slægjur og annað landplátsið. Þá bygðin í þessarri hjáleigu aflagðist, voru hús seint um sumarið burttekin og niður sett nær bænum, þar nú kallast Krumma-tótter." "Engidalur, sá bær mun hafa staðið innn við Þríhyrning í svokölluðum Engidal." Segir í Sunnlenskum byggðum. Að sögn Oddgeirs í Tungu sést vel til bygginga þar.
Heimildir: JÁM I, 164; SB IV, 442

RA-213:012 *Krummatóftir* bæjarstæði býli
1710: "Þá bygðin í þessarri hjáleigu [011] aflagðist, voru hús seint um sumarið burttekin og niður sett nær bænum, þar nú kallast Krumma-tótter. Sú bygð hjelst um nokkur ár. Eyðilagðist síðan. Getur ekki aftur bygst vegna landþrengsla."
Heimildir: JÁM I, 164

RA-213:013 *Ólafshjáleiga* bæjarstæði býli
"Ólafshjáleiga hjet þriðja hjáleigan við heimatúnið. Er fyrst bygð fyrir 60 árum eða meir. Lagðist í eyði fyrir 21 ári. Landskuld var nær byggíngin hjelst xl álnir. Leigukúgildi i. Hjáleigan var eyðilögð vegna aðþrengingar, og þar fyrir kann hún ekki aftur byggjast, því alltíð gengur á landið og fer til minkunar." "þriðja býlið var Ólafshjáleiga, byggð um 1650 og mun hafa staðið austan í hólnum, efst á túninu austur frá bænum í Vatsnsdal." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 164-165; SB IV, 442

RA-213:014 *Vatnsdalshellir* hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**

“Manngerðir hellar eru í Vatnsdal bæði við Fiská og heima við bæinn, hann er notaður sem kartöflugeymsla o.fl., hinn sem fjárhús fram um 1930.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Austast í brekkunum eru margar grasi grónar torfur. Norðust þeirra og næst Fiská er Hellirstorfa, vestan við Selgil; neðst í henni er hellir stór, sem notaður hefur verið sem fjárhellir. Er hann vel manngengur, langur og víður milli veggja. Hann er nefndur Vatnsdalshellir. Nokkuð var hann farinn að fyllast af sauðfjártalið, því sú trú var á honum, að ekki mætti stinga hann út, en svo var það gert, og án allra tíðinda.” Segir í örnefnalýsingu. “Vatnsdalshellir. Hinn hellirinn er 500-1000 m innan við bæ, fast ofan við veg sem ligggur inn að Fiská.”

“Stór lækur rennur rétt neðan við hellinn en handan við hann eru víðlendar mýrar sem liggja upp að rótum Þríhyrnings.” ÁG: “Hellir manngjörður, inn-undir Fiská.” MH:”Andrés bóndi Magnússon í Vatnsdal hóf búskap sinn 1945. Hann telur að hellirinn hafi síðast verið notaður fyrir fé um 1940. Hellirinn er höggvinn í allhart móberg sem hvergi er verulega grýtt. Tiltölulega þægilegt hefur verið að meitla hann út. Hellirinn er tviskiptur. Í upphafi virðist hafa verið um tvo aðgreinda hella að ræða. Síðar hefur milliveggurinn verið brotinn niður lengra og lengra inn eftir. Gat er á veggnum framan til niðri við gólf, 70 cm hátt. Hægri hellirhvelfingin hefur verið víkkuð út, innst allt að einum metra. Á gafli sér enn móta fyrir gamla laginu. Innri hluti hægra hellishvels hefur verið hlaða. Þar er strompurinn, kringlóttur, um 1 m í þvermál efst og neðst en víðari þar á milli. Hann hefur augljóslega aukið hlöðuplássið líkt og strompurinn mikli í Þorleifsstaðahelli og fleiri góðir strompar. Móbergsþykktin í honum er 1,4-1,7 m. Hleðsla úr hraungrýti er þar ofan á 1,7 m há, og stendur ágætlega. Grópir eftir tréverk eru víða á veggjum. Hlaðnar jötur meðfram veggjunum og hlaðinn garði á gólfi ná ekki nema inn í miðjan helli en jötuómynd er þó fyrir gafli vinstra hellishvels. Í framhluta hellisins er hellulagt gólf en slíkt er nánast einstakt að sjá í hellum. Hellisgólfið er nokkuð lárétt þar sem hellulögnin er en fer síðan hækkandi inn, 50-80 cm. Skóflustunguþykkt moldarflag er í hægra helli en þynnra í honum. Tað hefur ekki verið skilið eftir í hellinum er notkun hans var hætt. Móbergsþykkt í hellismunna er 30-50 cm. Miklar hleðslur hafa verið í forskála. Einhvern tíma hefur hann verið reisulegur, en á síðasta notkunarskeiði hellisins hefur hann verið minni en fyrrum. ... Á árunum milli 1920 og 1940 var farið að hafa fé í hellinum. Þá hafa gömlu álögin verið virt að vettugi og stungið út úr honum eins og vera ber í fjárhúsi.”
Heimildir: SB IV, 441; Ö-Vatnsdalur, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; Manngerðir hellar, 237-238

RA-213:015 *Heimahellir* hellir
“Manngerðir hellar eru í Vatnsdal bæði við Fiská og heima við bæinn, hann er notaður sem kartöflugeymsla o.fl., hinn sem fjárhús fram um 1930.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Heima við bæinn í Vatnsdal, í Bæjargilinu, þar sem það liggjur við heygarðinn, er allmerkilegur hellir. Um langt skeið var hlaðið fyrir hann, en nú aftur notaður til geymslu. Hann heitir Heimahellir, hann er nálægt 8x4 m. Fagurlega lagaður að innan með veggjum og hvelfingu.” Segir í örnefnalýsingu. “Oddgeir Guðjónsson í Tungu í Fljótshlíð segir frá Vatnsdalshellum á þessa leið: “Heima við bæinn í Vatnsdal er manngerður hellir, niður í hann eru margar tröppur og op eða kringlóttur strompur á þaki hans næstum innst. Byrjað hefur verið að höggva gat á loftið örlítið framan, en frá því horfið af einhverjum ástæðum. Sögn er til um að þessi hellir væri notaður sem geymsla á matvælum áður fyrr en þegar Magnús Stephensen sýslumaður bjó í vatnsdal á árunum 1845-1866 hafi kona hans Margrét Þórðardóttir haft svo mikinn ótta af hellinum að hún hafi látið hlaða fyrir op hans. Svo liðu áratugir og að lokum vissi enginn með vissu hvar þessi hellir var, en menn höfðu grun um að hann væri ofan við lækinn, sem rennur austan við bæinn í Vatnsdal því þar var smá skál niður í túnið. Þegar Guðjón Úlfarsson frá Fljótsdal bjó í Vatnsdal á árunum 1928-1948 lék honum hugur á að leita að þessum týnda helli, sem munnmæli sögðu að væri þar nálægt bænum. Guðjón fékk svo förðu minn, Guðjón Jónsson í Tungu, sér til aðstoðar við þessa leit. Þeir grófu niður í skálina, sem áður getur og komu þá niður á opið í hellisloftinu. Síðan var hellirinn grafinn upp og forskáli byggður yfir tröppurnar, síðan hefur þessi hellir verið notaður sem geymsla fyrir kartöflur, gulrófur og fleiri matvæli, þar geymist allir garðávöxtur mjög vel. Ekki hef ég séð nein búmörk eða aðrar ristur í þessum helli.” Hellirinn hefur verið notaður sem garðávaxtageymsla allt fram á síðustu ár. Vesturinn 1986-7 hrundu dyrahleðslurnar saman svo ekki er hægt að komast í hann.”
Heimildir: SB IV, 441; Ö-Vatnsdalur BK, 3; Manngerðir hellar, 235-236

RA-213:016 heimild um myllu
“Kornmylla var áður við lækinn vestur frá bænum, aflögð fyrir aldamót.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 441

RA-213:017 heimild
“Rafstöð var byggð 1952 vestur í túninu og var notuð um nokkur ár.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 441

RA-213:018 heimild um mógrafir
“Mótak var í Vatnsdal ... “ Segir í Sunnlenskum byggðum. “Neðan við túnið er mjó reim, er nefnist Krangi, en er nú orðin slétt af áveit úr Vatnsdalsvatni. Þar neðan við tekur við Kotsmýri, þá Vatnsdalslækur (Gil), og fyrir

sunnan Gilið Móþýfi, og var þar tekinn mór til eldiviðar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB IV, 441; Ö-Vatnsdalur JÁ, 1

RA-213:019 tóftir
“Austan við Hnauksgil, sem er á landamerkjum milli Árgilsstaða og Vatnsdals, eru tvö gil, sem heita Smágil, og torfur eru grónar milli þeirra; innan við þau er torfa með tóttarbrotum niður við Fiská, sem Vatnsdalstorfa heitir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 1

RA-213:020 *Hvammaból* heimild um fjárskýli
“Austan við hana [019] eru þrjú hamragil, sem heita Hríslugil, en í þeim eru nú engar hríslur, nema vottar fyrri grávíðisleifum. Austan við þau er dalur nokkur í brekkunum, og heitir þar Hvammar; þar austast í hvömmunum er lítill hellir, Hvammból.” Segir í örnefnalýsingu. “Upp af því sem Fiská beygir, er fjárból, er nefnist Hvammból.” Segir í örnefnalýsingu. “Þar upp af bugðunni er fjárból (skúti), sem heitir Hvammból ...”
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 1; Ö-Vatnsdalur JÁ, 3; -Vatnsdalur, 2

RA-213:021 *Vatnsdalsborgir* tóftir
“Tvö Hríslugilin ná þarna langt upp í Mosana. Fram á búninni við vestasta gilið eru gamlar tættur, sem heita Vatnsdalsborgir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 1-2

RA-213:022 tóftir sel
“En vestast á fjallsbrúninni milli Hnauksgils og Hríslugilja eru þrír hólar, sem heita Grjóthólar. Austur af Einbúa er stór mýrarfláki, sem heitir Selmýri. Austur á fjallsbrúninnu eru Serltættur, hefur verið sel frá Vatnsdal, þá Seltorfur og Selgilsbotnar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 2; Ö-Vatnsdalur JÁ, 2

RA-213:023 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Hvammur vestan við fjallið heitir Stekkatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 3

RA-213:024 *Torflækur* örnefni rista
“Suður frá Vatnsdal er mýrarsund, sem heitir Torfalækjarmýri og Torflækur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 3

RA-213:025 heimild um heygarð
“Heima við bæinn í Vatnsdal, í Bæjargilinu, þar sem það liggjur við heygarðinn, er allmerkilegur hellir. Um langt skeið var hlaðið fyrir hann, en nú aftur notaður til geymslu. Hann heitir Heimahellir, hann er nálægt 8x4 m. Fagurlega lagaður að innan með veggjum og hvelfingu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur BK, 3

RA-213:026 heimild um áveitu
“Neðan við túnið er mjó reim, er nefnist Krangi, en er nú orðin slétt af áveit úr Vatnsdalsvatni.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur JÁ, 1

RA-213:027 *Vörðuholt* örnefni landamerki
“Þar endar Kollabæjarhverfisland, en tekur við Torfastaðaland. Næst er Vörðuholt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsdalur JÁ, 4

RA-213:028 heimild um akur
FF: “af Fornmannabyggíngum er eckert i Sókninne ad finna nema ef telja skylde afgyrt akurgerde i Vatnsdalstúni i brekikunne yfir bænum 30 Fadma i hvört Horn af 4 edur óskackann Ferhyrníng.”
Heimildir: FF I, 130

RA-214 Vatnsdalskot
Hjáleiga Vatnsdals, þriðjungur heimajarðarinnar 1710, 6 hdr 80 álnir, Vetrarveita var byggð úr landi hjáleigunnar. Fór í eyði árið 1845 og var lagt til heimajarðarinnar. SB IV, 442
“Vatnsdalskot átti tún austur frá bænum og engjar þar niður af, austur með læknum og kallast þær Kotsmýri.” SB

IV, 442

RA-214:001 *Vatnsdalskot* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-214:002 *Vetrarveita* bæjarstæði býli
“Er fyrst bygð fyrir 21 ári. Bygðin hjelst í 3 ár og varð ekki lengur við haldið vegna slægnaleysis. Getur og þess vegna aldrei aftur bygst. Landskuld var annaðhvort lítil eða engin.” “Vetrarveita var byggð um 1689, og hélst í byggð þar í þrjú ár. Hvar þetta kot hefur staðið er nú ekki kunnugt, en einhverjar fornar rústir eru fram við gilið suðvestur frá bænum í Vatnsdal. Þar gætu verið leifar þessa forna býlis.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 165: SB IV, 442

RA-214:003 tóftir
“Vetrarveita var byggð um 1689, og hélst í byggð þar í þrjú ár. Hvar þetta kot hefur staðið er nú ekki kunnugt, en einhverjar fornar rústir eru fram við gilið suðvestur frá bænum í Vatnsdal. Þar gætu verið leifar þessa forna býlis.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 442

RA-215 Torfastaðir eystri

20 hdr., 1710, konungseign, hagalandi jarðanna tveggja óskipt. Stofnað býli 1939 sem heitir Höfði í eyði frá 1964. Á Austur-Torfastöðum er nú tvíbýli. Í SB segir að Torfastaðir hafi áður verið ein jörð og hét þá Þorvarðsstaðir. HÞ telur nafn jarðarinnar hafa afbakast í Torfastaði. H Þ: “Rannsókn og leiðrjettingar ...” Árbók1923, 18 Skúli Guðmundsson getur þess til að hinn forni bær Hlíð sem getið er í Njálu sé sami og hinir fornu Þorvarðsstaðir vegna staðsetningar jarðarinnar. S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 1 Hagar voru óskiptir á öllum Torfastöðum.

1710: “Af engjaplátsinu brýtur Þverá og liggur það undir spjöllum.” JÁM I, 166 1839: “... tún góð, grasgefin og greiðfær; engjar víðast mjög þýfðar, en loðnar, hagar lítilfjörlegir. Þverá brýtur framan af Torfastaðavelli.” SSR, 95 1919: Vestri bær Tún 6 ha, garðar 1630 m2 Eystri bær Tún 6,8 ha, garðar 1415 m² . ATI: “Tún og engjar voru áður í skákum með Austur-Torfastöðum II, en árin 1954 og 1961 var öllu slægjulandi skipt í heilar spildur. Heimatúnið er nokkuð bratt að hluta. engjar hafa verið þurrkaðar og ræktaðar að mestu. Hagar eru upp og austur frá bænum, sambeitarland allra Torfastaða, Kotmúla og Fögruhlíðar ...” ATII “Tún voru talin góð og engjar, sem áður voru nokkuð blautar, hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar.” SB IV, 444-445.

RA-215:001 *Torfastaðir eystri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-215:002 heimild um bænhús
“Kirkja var til forna á Austur-Torfastöðum ...”
TORFASTAÐIR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (TEIGSÞING) - BÆNHÚS17.5.1765: Bænhús á Torfastöðum tekið af; [konungsbréf]
Heimildir: SB IV, 445; PP, 58

RA-215:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-215:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-215:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-215:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-215:007 bæjarstæði bústaður
“Niður af Austurbænum var önnur Hlaðbrekka og síðan Péturstún. Í því voru gamlar bæjartættur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 2

RA-215:008 *Gerði* heimild
“Norðan við bæinn er Dagteigur frá Austurbænum, þá Útseta, lautardrag, þar sem áður hafði verið heimrekstur að bænum. Gerðið var þar austan við. Þar voru forn garðbrot.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 2

RA-215:009 *Sundflöt* örnefni sundlaug
“Innan við túnið á Austur-Torfastöðum er Hvammagil og Sundflöt neðst í því.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 4

RA-215:010 *Eystri-Borgarhóll* örnefni
“Sunnan við Langarima og Lambarimamýri er Borgarhóll, frá Austurbæ og Borgarhóll annar frá Vesturbæ, vestar, venjulega aðreindir með Eystri- og Vestri-Borgarhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 4

RA-215:011 *Stekkatúnsbakki* örnefni stekkur
“Þá frá Austurbæ: Stekkatúnsbakki ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 5

RA-215:012 *Meyjarhóll* álagablettur legstaður
“Þá frá Austurbæ: Stekkatúnsbakki og Stóribugur. Þar vestan við er Meyjarhóll á Grófarbarminum. Stúlka frá Kollabæ bað um að láta jarða sig í Torfastaðalandi, þar sem lengst skini á kvöldsól. Hún er jörður í Meyjarhól. Meyjarhól mátti ekki slá; hlutust af því óhöpp.” Segir í örnefnalýsingu. “Slegið var upp í hann í tíð Jóns Bergsteinssonar. Jón fékk þá hnémein mikið og var lengi frá verki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 5

RA-215:013 heimild um ristu
Torf var þurrkað á Meyjahól, sjá 012, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 5

RA-215:014 *Kvíaskákar* örnefni kvíar
“Í Torfastaðavelli ... eru austast Vallarskákar. Vestan við þær eru Kvíaskákar ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 5

RA-215:015 *Kvíabólið* örnefni kvíar
“Nú verða greind örnefni í högum, inn frá Torfastöðum: Kvíabólið var ofan við túnið. Kvíholt var vestan við það.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 6

RA-215:016 *Réttarholt* örnefni rétt
“Þar norðan við er Þúfhóll [norðan við 015] ... Réttarholt er upp frá Þúfhól, vestan við Grjóthól. Stundum er það nefnt Kotmúlaholt, og nafnið dregið af því, að Kotmúli mátti hafa kýr sínar og brúkunarhross á beit í Torfastaðalandi ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 6

RA-215:017 lind vatnsból
“Hér austan við [réttina 016 og Moldgil norðan við hana] er Grænaflöt og Stórusteinar norðan við hana. Undan þeim sprettur lind, sem nú er tekin úr neyzluvatn á Torfastöðum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 6

RA-215:018 *Réttargil* örnefni rétt
“Innan við bæinn á Torfastöðum, suðaustan í móti, er Næstagil. Það liggur innan frá Grjóthól. Innan við það er Réttargil og hét því nafni niður að túngarði ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:019 heimild um túngarð
“Innan við bæinn á Torfastöðum, suðaustan í móti, er Næstagil. Það liggur innan frá Grjóthól. Innan við það er Réttargil og hét því nafni niður að túngarði ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:020 *Fjárhúsgil* örnefni fjárhús
“Næst hér fyrir innan [019] er Blautagil og þá Bollhólsgil, innan við Bollhól. Innna við það eru Fjárhúsgil, Sellágargil og Sellág.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:021 *Skjólhólaból* örnefni
“Þar fyrir austan [019] eru Litli- og Stóri-Skjólhóll, sitt hvoru megin við Skjólhólagil. Austan í Litla[Fremri]-Skjólhól er hellisskúti, sem kallast Skjólhólaból við Grófina.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:022 tóft sel
“Næst hér fyrir innan [019] er Blautagil og þá Bollhólsgil, innan við Bollhól. Innna við það eru Fjárhúsgil, Sellágargil og Sellág. ... Milli Sellágar og Sellágargils eru seltætttur uppi á barði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:023 tóft sel
“Innan við Skjólhóla er Selmói, austan við Leynimýri, austur að Grófinni. Þar inn af eru Þvergilshvammar ... Þvergil er innan við Þvergilshvamma. Inn með Þvergili að vestan er Selmýri. Þar sjást glöggar sletættur.” Segir í örnefnalýsingu. Þar hafði síðast í seli Stefán bóndi á 19. öld.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:024 *Sauðhússeyla* örnefni fjárhús
“Þarna upp af gilunum [sjá 023] eru Hábrekur og Stóraflag þar fyrir ofan. Suðaustan við Hábrekkur er Leynimýri, og úr henni rennur Skjólhólagil niður í Gróf. Þar framan við er Sauðhússeyla.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:025 *Barkarstaðir* örnefni
“Þar inn af [024] eru Þvergilshvamma, niður að Grófinni. Þar eru klettabelti við Grófina. Lítill klettarani það heitir Kattarnef. Smáfoss er innan við það. Þar innan við er klettaveggur úr móbergi og heitir Barkarstaðir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:026 *Torfrimi* örnefni rista
“Þar neðan við [025] er Hagamýri og í henni miðri Torfrimi. Á honum var þurrkað húsa- og heytorf.” Segir í örnefnalýsingu. Þar hefur sennilega verið skorið torf í grendinni.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:027 *Stefánskofi* heimild um fjárhús
“Við þann Stefán [sjá 023] var kenndur Stefánskofi, kindakofi á Litluskák, ofarlega á túninu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 7

RA-215:028 hellir fjárskýli
“Austan við Brattahrygg er Hellisgil. Þar austan við er Hellisholt. Vestan í því er gamall sauðahellir.” Segir í örnefnalýsingu. “Í dalnum vestur af Klittum [sjá 029] er Hellisgil, en vestur í Klittum heitir Hellisbæli. Þar er Hellir, sem notaður hefur verið fyri sauðfé.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 8; Ö-Torfastaðir BK, 2

RA-215:029 *Klittnakirkja* heimild um huldufólksbústað
“Austan við Brattahrygg er Hellisgil. Þar austan við er Hellisholt. Vestan í því er gamall sauðahellir. Þar austan við er Klittnahvammur og Klittnakirkja, grasi gróinn klettur í gilinu. Hann var með turni, sem brotnaði af í minni heimildarmanns. Þarna var álfakirkja og allt umhverfis álfabyggðir.” Segir í örnefnalýsingu. Drottningarsteinn heitir mjög stórt bjarg vestast í Klttnum, það var talið vera bústaður álfadrottningarinnar.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 8

RA-215:030 *Fossból* heimild um fjárskýli
“Næst við Klittnakirkju [sjá 029] er Klittnabali og þar undir Fossból, sem sauðir voru hafðir í.” Segir í örnefnalýsingu. Klottnabali er ílandi Tungu, Fossból r við Neðri-Klittnafoss að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 8

RA-215:031 *Brunnmýri* örnefni vatnsból
“Fyrir innan Klittur [sjá 029], ef svo nefnist þessi hluti gilsins einu nafni, er Brunnmýri og Brunnlækur, mikil uppspretta.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 9

RA-215:032 heimild um mógrafir
“Fyrir innan Klittur [sjá 029], ef svo nefnist þessi hluti gilsins einu nafni, er Brunnmýri og Brunnlækur, mikil uppspretta. Mótak var neðst í Brunnlæk, við lækinn” Segir í örnefnalýsingu.
Um mannhæð niður að mó, en 4-5 stungur af mó.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 9

RA-215:033 varða landamerki
“Innan við Selrima [sem er innan við Þvergils sjá 025] er Vörðuholt.” Segir í örnefnalýsingu. Vörðuholt dregur nafn af markvörðu á því á mörkum Árgilsstaða og Vatnsdals.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 9; Ö-Torfastaðir BK, 1

RA-215:034 *Stöðull* örnefni kvíar
“Hóllinn, sem nýbýlið Höfði stendur á, heitir Dagteigur, og lautir norðan við hann Stöðull. Efst við girðinguna er Neðraból, næsta skák við götuna heitir Gerði ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir BK, 4

RA-215:035 *Neðriból*örnefni
“Hóllinn, sem nýbýlið Höfði stendur á, heitir Dagteigur, og lautir norðan við hann Stöðull. Efst við girðinguna er Neðraból, næsta skák við götuna heitir Gerði ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir BK, 4

RA-215:036 *Gerði* örnefni
“Hóllinn, sem nýbýlið Höfði stendur á, heitir Dagteigur, og lautir norðan við hann Stöðull. Efst við girðinguna er Neðraból, næsta skák við götuna heitir Gerði ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir BK, 4

RA-215:037 garðlag
Frá Réttagili inn með brekkunum að Skjólhólagili er mjög forn garður, hann stefnir svo niður með gilinu milli skjólhólanna að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-215:038 heimild um áveitu
Úr Þvergili liggur áveituskurður um Selmóa og Hammýri fram á Langarima að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-215:039 heimild um áveitu
Annar áveituskurður var úr Grófinni þar sem Skjólhóagil kemdur í hana, hann lá fram í Innstkuskák (ath ekki viss) þessi áveita var notkuð af bænum á Austur-Torfastöðum að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-215:040 *Selrimi* heimild um fjárhús
Fremst og efst á Selrima sjá 033 eru gamalr fjárhústóttir. Gömul grjótgarða er á litla kálhól ??, önnur á Vörðuolti sjá 033,að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-215:041 varða
Fremst og efst á Selrima sjá 033 eru gamalr fjárhústóttir. Gömul grjótgarða er á litla kálhól ??, önnur á Vörðuholti sjá 033,að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir:

RA-216 Torfastaðir vestari

20 hdr 1710. Í SB segir að Torfastaðir hafi áður verið ein jörð og hét þá Þorvarðsstaðir. Þeirra er fyrst getið í máldaga frá árinu 1367 DI III 216”Vestare Torfastader eru strax við túnið á Eystri Torfastöðum og eignarskifti á

túnum og engjum milli þessarra jarða löngu fyrir elstu manna minni, en haglendi alt til fjelags. Meining manna er, þessar báðar jarðir hafi til forna verið ein jörð, sem líklegt er, þar hagar eru óskiftir, líka flutníngur og fyrirsvar fátækra fyrrum eftir sögn ei nema so sem af einni jörðu." Ein eyðihjáleiga var á jörðinni árið 1710. JÁM I, 166-167. Þríbýli er nú á Vestur-Torfastöðum.

1710. "Af engjum brýtur árlega Þverá, og liggja þær undir meiri spjöllum." JÁM I, 168 1919: Vesturbær, tún 4,2 ha, sléttað 3,2, garðar 1500 m² . Miðbæjar, tún 3,3 ha, 3 ha. sléttað, garðar 1240 m² . Austurbær, tún 3,2 ha, 2,5 sléttað, garðar 718 m² . VTI "Heimatúnið er nokkuð bratt að hluta, en annað tún, sem áður var engjar og er sunnan Torfastaðagrófar er lárétt gott land." VTIII: "Tún eru vestur og upp frá bænum, dálítið hólótt, en ekki brött." SB IV, 446-448

RA-216:001 *Torfastaðir vestari* bæjarhóll bústaður
"Á Vestur-Torfastöðum var þríbýli. Nefndust bæirnir í byrjun þessarar aldar: Vesturbær, Miðbær og Jónsbær." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3; Túnakort 1919

RA-216:002 heimild um útkirkja
"Talið er að Torfastaðir hafi verið ein jörð til fonra og hét þá Þorvarðsstaðir." Sjá bænhús á Eystri Torfastöðum. ÞORVARÐSSTAÐIR (R) - Maríu (BREIÐABÓLSSTAÐARÞING) - HÁLFKIRKJA[1367]: xiij. Mariukirkia a þorvardsstoum a xc j lande. Þad ber og saman vid Wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 2161397: a .xc. j landi Þar skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; Máld DI IV{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58}
Heimildir: SI IV, 444; DI

RA-216:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:009 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-216:013 *Torfastaðahjáleiga* bæjarstæði býli
1710: "Skamt frá túni Vestarri Torfastaða hefur hjáeliga verið frá þessari jörðu. Fyrst bygð áður nokkrir til minnast og aftur eyðilögð víst fyrir 60 árum, aflagðist hún (eftir því sem menn halda) vegna aðþrengíngar uppá slægjur, kann og ekki þess vegna aftur að byggjast." "Neðan við þjóðveginn er einstakur hóll, sem kallast Einbúi. Skammt neðan við hann eru rústir af koti, sem hét Torfastaðahjáleiga, fór í eyði um 1650."
Heimildir: JÁM I, 168; SB IV, 446

RA-216:014 *Einbúi* þjóðsaga
Að sögn Oddgeirs í Tungu var talið að bóndinn á Vestur-Torfastöðum hefði grafið fjársjóð í Einbúa.
Heimildir:

RA-216:015 lind vatnsból
"Vatn var fyrrum sótt í brunna eða uppsprettulindir á Torfastöðum ..." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 447

RA-216:016 *Brunnatún* örnefni brunnur
"Næsta skák var frá Veturbænum og hét Brunnatún. Þar neðan undir var Seyla. Í henni voru dý, sem nefndust Brunnar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 2

RA-216:017 sögustaður
Gunnfríður vinnnukuna á Torfastöðum bar út barn sitt og þegar sýslumaður reyndi að rannsaka málið bjó húsbóndi Gunnfríðar henni leyni norður frá túngarði, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 2

RA-216:018 heimild um túngarð
Gunnfríður vinnnukuna á Torfastöðum bar út barn sitt og þegar sýslumaður reyndi að rannsaka málið bjó húsbóndi Gunnfríðar henni leyni norður frá túngarði, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 2

RA-216:019 *Gerði* örnefni
"Norðan við Vesturbæ var Gerði og Jónsbæjargerði vestan við það." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:020 *Jónsbæjargerði* örnefni
"Norðan við Vesturbæ var Gerði og Jónsbæjargerði vestan við það." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:021 *Lambhústún* örnefni lambhús
"Neðan við Gerðin [019-020] var Lambhústún frá Vesturbænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:022 *Lambhústún* örnefni lambhús
"Neðan við Gerðin [019-020] var Lambhústún frá Vesturbænum. Þar austur og niður af var Lambhústún frá Jónsbæ." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:023 *Hellisbrekka* heimild um huldufólksbústað
"Neðan við Gerðin [019-020] var Lambhústún frá Vesturbænum. Þar austur og niður af var Lambhústún frá Jónsbæ. Það náði niður á Hellisbrekku, sem áður var nefnd. Framan í henni er hellir, sem sauðfé stóð oft í hrökum. Huldufólk bjó í Hellisbrekku. Aldrei var hún slegin, og varla, að börn mættu bruna sér niður hana í leikjum á vetrum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:024 *Einbúi* álagablettur
"Miðbæjartún, öðru nefni heimatún, lá heiman frá bæ, niður með heimreiðinni og niður að hólnum Einbúa, sem er við þjóðveginn. Ekki mátti hreyfa við Einbúa, og ekki mátti slá upp í hann. Var alltaf skilin eftir kragi allt í kringum hólinn, er slegið var. Gilti einu, hvort grasleysi var eða ekki." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 3

RA-216:025 *Grófardraugur* þjóðsagadraugur
"Torfastaðagróf er vatnsfarvegur milli Torfastaða og Tumastaða [og Tungu]. Lækurinn, sem eftir henni rennur, er samnefndur inn að Klittnafossum, en nefnist þá Torflækur. Hann kemur úr Blöndupytt á Vatnsdalsmýri. Í Grófinni hafðist við draugur, sem nefndur var Grófardraugur." Segir í örnefnalýsingu. Oddgeir í Tungu segir að lækurin heitir Torfastaðagróf, Steinbogagil kemur í hann síðan síðan Klittur, sem er hamragil og huldufólksbyggð inn að Efri-Klittnafossi, síðan Torflækur inn í Blöndupytt. "Sögn var, að hann hefði að upphafi verið strákur frá Tumastöðum, er þarna var drepinn, um það bil vestur frá Tumastöðum. Hann var í mórauðri

úlpu, með barðastóran hatt og hljóðað undan vondum veðrum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 4

RA-216:026 *Vestri-Borgarhóll* örnefni
"Sunnan við Langarima og Langarimamýri er Borgarhóll, frá Austurbæ og Borgarhóll annar frá Vesturbæ, vestar, venjulega aðgreindir með Eystri- og Vestri-Borgarhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir ÞT, 4

RA-216:027 *Gerði* garðlag
"Túnið ofan við Vesturbæina heitir Gerði." Segir í örnefnalýsingu. Að sögn Oddgeirs í Tungu eru þarna gamlir garðar.
Heimildir: Ö-Torfastaðir BK, 5

RA-216:028 heimild um myllu
"Þá er fram í Grófinni [Torfastaðagróf] kemur og skamt er til árinnar gerir gilið krók vestur á við en snarbeygir svo aftur til suðurs fram að ánni. Er bugur sá niður undan túninu á Torfastöðum og liggur næstum upp undir það. Á þessum stað hafði lækurinn, í leysingu vorið 1888, grafið sig inn í buginn og brotið þar bakka sem er nál. 9 al. hár." "Einn af Torfasstaðabændunum, er Gunnar hét, fór um vorið að leita að mó í bakkanum, fann hann þá staursenda, er stóð út úr miðjum bakkanum gróf hann eftir honum og náði honum. Staurinn var fúinn utan og til endanna, en innan í miðju hans var þó alt að 3 al. langur partur ófúinn og raftækur að digurð. Grjót var þar og nokkuð fyrir, en eigi grenslaðist Gunnar frekar eftir því í það sinn. Um haustið fór hann að leita enn meira, og var þá með honum annar af sambýlismönnum hans er Jens hét. Fundu þeir talsvert af grjóti og sáu merki til þess, að þar hefði verið sálítið hús og virtist sem staurinn hefði verið mænis-ás í því húsi. Þar fundu þeir nokkra kvarnasteina, flesta brotna; þó voru tveir óbrotnir, en eigi voru þeir samstæðir, eða úr sama pari. En með því að taka brotin saman, mátti fá fyrri víst 2 pör. Nokkuð var þar af fúaspýtum (eða stokkum), höfðu þær verið negldar saman með trénöglum. Enn 1/2 al. breiða í breiðari endann. Leit úr fyrir, að hún hefði verið lengri, en brotið af endanum. Þó var þetta, sem eftir var af henni, eigi svo fúið sem líklegt var. Lögun kvarnarinnar var einkennileg. Undirkvarnirnar kúptar ofan, en yfirkvarnirnar íhvolfar, svo að hvor yfirkvörn hafði fallið ofan í sína undirkvörn. Annað parið var úr hraunsteini nokkuð hörðum. Þar af tók Jens heilu kvörnina til sín, hjó hana til og gjörði úr henni handkvörn. En af því hann fékk ekki nógu breiðan stein á móti hjó hann alt um kring utan af henni. Hitt parið var úr útlendri steintegund, eigi ólíkri sandbrýnum ... í kvarnasteinunum var mikið af örsmáum svörtum eitlum hörðum mjög og gljáandi. Það parið virðist hafa verið heldur stærra um sig en hitt, en orðið mjög slitið. Á yfirkvörnunum sást gróp fyrir segl út frá auganu. Ás af tré hafði gengið gegnum allar kvarnirnar, sáust leifar af honum, fúnar mjög. Það hefir verið möndull vatnsmylnunnar." Munir úr greftrinum fóru á Þjóminjasafnið.
Heimildir: B J: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 29-31

RA-217 Kotmúli

Jarðadýrleiki óviss 1710, talin 12 hdr eða 15 hdr. Breiðabólstaðakirkjueign. Fagrahlíð nýbýli frá árinu 1936. 1839: "Allgóð tún, engjar sæmilegar, hagar litlir, ekki ágangsfrí af landbroti." SSR, 96 1919: Tún 6,4 ha, garðar 1188 m² "Gömlu túnin eru nokkuð mishæðótt en góð. Engjar voru grasgefnar, mest
valllendi og hafa nú verið ræktaðar." SB IV, 449

RA-217:001 *Kotmúli* bæjarhóll bústaður
Bæjarstæði var fært suður af gamla bænum árið 1949.
Heimildir: SB IV, 449; Túnakort 1919

RA-217:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-217:003 garðlag landamerki
"Milli Kotmúla og Torfastaða var garður í mörkum niður fyrri Hellisbrekku ..."
Heimildir: Ö-Torfastaðir, 1

RA-217:004 *Torfhóll* örnefni rista
"Torfhóll heitir smá hóll í miðjum engjum, niður af bænum í Fögruhlíð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir og Kotmmúli, 1

RA-217:005 *Lambhústún* örnefni lambhús

“Austan við gilið er Lambhúshóll. ... Í Lambhústúninu er laut, sem heitir Lambhúslaut.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir og Kotmmúli, 1

RA-217:006 *Traðarhóll* örnefni traðir
“Á upptúninu er hóll, sem heitir Traðarhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir og Kotmmúli, 2

RA-217:007 *Djáknadalur* heimild
“Efst í því [Niðurtúni upp af Fögurhlíð] er lítil djúp laut, heitir Djáknadalur.” Segir í örnefnalýsingu.
“Sögn er til um það að djákni nokkur sekur, sem átti að handtaka faldist í þessari laut, en þeir sem eftir honum sóttu, fundi hann ekki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir og Kotmmúli, 2

RA-217:008 heimild um rétt
“Ofan við túnið á Kotmúla er hæð, sem kallast Kotmúlaholt Þúfuhóll er þar fyrir austan. Fjárrétt var efst á Holtinu og Réttarlaut þar norðuraf.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Torfastaðir og Kotmmúli, 4

RA-217:009 gripir
Í ágústbyrjun sumarið 1960 fann 12 ára gamall drengur, Guðmundur Magnússon, spjót í bakka Þverár niður frá bænum á Kotmúla í Fljótshlíð. Var það afhent Þjóðminjasafninu 31. okt. sama ár. Þegar það fannst, stóð falurinn út úr árbakkanum, en fjöðrin var á kafi í moldinni. Ekki setti Guðmundur nákvæmlega á sig staðinn, þar sem spjótið fannst, en álítur, að það hafi legið svo sem 150 sm undir grassverðinum. Spjótið var heilt, þegar það fannst, en mjög ryðbólgið, fjöðrin hálfsívöl af ryði og þykk ryðkápa hafði setzt utan á falinn. Þórður Tómasson frá Vallnatúni kom á fundarstaðinn í september 1960 og athugaði staðhætti, og Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson komu þar einnig í sept. 1961 í sama tilgangi. Þar sem spjótið fannst, er bakki Þverár þriggja til fjögurra mannhæða hár. Rennur nú aðeins lítil kvísl undir honum, og er bakkinn hallandi neðst, en hátt moldarbarð efst, þar sem spjótið fannst. Engin sáust merki, sem bent gætu til kumlstæðis á þessum stað. Öll mold er þar óhreyfð áfoksjörð og ekki finnanleg nein mannaverk í nánd fundarstaðarins. Uppi á bakkanum liggja æði fornlegar götur, sem stefna upp með Fljótshlíð, og er eins líklegt, að spjótið hafi týnzt þarna.Eins og fyrr segir, var spjótið að mestu heilt, þegar það fannst, en síðar varð það fyrir nokkru hnjaski, og var fjöðurin talsvert sprungin, er það kom á Þjóðminjasafnið, en falurinn var sem betur fer heill (sjá 2. mynd). Við nána athugun mátti sjá, að hann var silfurbúinn, en annars var allt að 1 sm þykkt ryðhnúður utan á honum. Ryðið var ákaflega hart, og varð að losa það frá málminum með smámeitlum, borum, þjölum, og ekki sízt með járnsög, þar eð ekki tókst að mýkja ryðið með neinum þeim efnum, sem ekki tærðu málminn sem undir var. Ekki voru tiltök að hreinsa fjöðrina, enda var mjög lítið járn eftir á henni eins og sést á röntgenmynd af henni (2. mynd). Horfið var að því ráði að nema aðeins af fjöðrinni verstu ryðgúlana, en grenna hana ekki meira, enda var upphafleg lögun hennar ekki með öllu ljós. Síðan var spjótið þvegið vandlega í eimuðu vatni og fágað á ný og fyllt í bresti í fjöðrinni með kítti úr selluloselakki og talkúm lituðu með koladufti. Seinast var lakkað yfir falinn með zaponlakki.
Heimildir: GG: “Spjót frá Kotmúla í Fljótshlíð” Árbók 1962, 72-81

RA-217:010 heimild
Skrímsli hefur sést í Þverá beint undan bænum. “Sögnin um að Jón Halldórsson hafi veitt vötnum frá Hlíðinni með galdri og notað til þess herts skötu, hefir orðið býsna lífseig. En það er vegna þess, að í Þverá sáust einhverjar ókindur við og við, allt fram að þeim tíma, er áin var stíflið, og af þessu eru komar sögurnar um “skötuna í Þverá” ... Sumarið 1797 var hann [Sveinn Pálsson læknir og náttúrufræðingur] staddur í Kotmúla í Fljótshlíð ... Þarna fyrir sunnan rennur Þverá, sem mikill hluti Markarfljóts hefir fallið í um nokkurt árabil. Rétt fyrir ofan vaðið, beint undan bænum, sáum við þá allt í einu koma stórar gusur og boðaföll í vatnið, alveg eins og dálítill hvalur lægi þar fastur á grynningum og hamaðist af öllum kröftum til að losa sig og komast aftur í djúpið. Þetta stóð yfir í nokkrar sekúndur, en hætti síðan um stund, og sáum við þá sem 3-4 svarta hausa og skanka gægjast þegjandi og hljóðalaust upp úr vatninu. Eftir stundarkyrrð hófst sami hamagangurinn á nýjan leik, og þannig gekk þetta slag í slag um stundarfjórðungs bil, unz það hvarf, en þá hafi leikurinn færzt upp eftir ánni, þangað sem dýpið var meira. Annríki mitt og þó einkum hitt, að ég hafði engan hest við höndina, hindraði mig í að nálgast þetta enda hefði ég orðið litlu nær, þar sem ég hafði ekkert áhald eða vopn til þess að taka upp eltingaleik. En um ekkert er eins víst og það, að eitthvað var þetta lifandi, hvað svo sem þar var, og lengd þess var á að gizka 8-10 faðmar. Að vísu svamla selir upp eftir þessari á og fleirum til að elta laxinn, en þeir haga sér allt öðruvísi, nema þá að heill hópur hafi safnazt þarna saman í kæpulátum, en engin dæmi eru til slíks í ósöltu vatni og 4-5 mílur frá sjó.”
Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 49

RA-218 Sámstaðir enir austustu

20 hdr. 1710. Sámstaðir nefndir í Njálu. ÍF XII, 248. 1481 er nefndur eystri hlutinn í meiri Sámsstöðum. DI VI, 414. 1495: Sámsstaða er getið í dómi, ekki ljóst hvaða jörð það er. DI, VII, 269 1519. Austustu Sámsstaðir nefndir í umboðsbréfi. DI VIII, 681. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Í eyði frá 1936 tilheyrir Mið-Sámsstöðum.

1839: "Tún sæmileg, engjar lítil fjörlegar, hagar þröngvir, ágangslausir." SSR, 96 1919: Tún 6,6 ha, garðar 1610 m² "Tún eru góð með aflíðandi halla til suðurs. Engjar voru niður af túnunum og allt niður á Þverárbakka. Hagar eru í heiðinni, upp nema Vestur-Sámsstöðum neðri og landið girt." SB IV, 451 Hagar voru óskiptir á Sámstaðaæjum til 1928.

RA-218:001 *Sámstaðir enir austustu* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-218:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-218:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-218:004 heimild um fjárhús
"Upp af bríkinni er greiðfært valllendi, og heitir það Bríkarteigur. Þar voru áður fjárhús frá Austurbænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-218:005 *Austurbæjarveitur* örnefni áveita
"Norðaustur af Litlahól eru Austurbæjarveitur, en norðavestur af Litlhólsmýri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 3

RA-218:006 *Sámsstaðahjáleiga* bæjarstæði býli
"Austan við gilið, neðan til eru tóftir fornar sem kallast Sámsstaðahjáleiga og var hún í byggð um nokkurra ára skeið, hét sá Eiríkur sem þar bjó síðast." Segir í örnefnalýsingu. Í landi Austurbæjarins.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1

RA-218:007 *Ból* örnefni
"Vestan við Sámsstðagilið, niður við tún kallast Ból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1

RA-218:008 *Þvottagata* heimild um leið
"Gata lá frá bænum austur í gilið sem Þvottagata hét." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1

RA-218:009 *Gerði* örnefni
"Ofan við hana [008] var kallað Gerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1

RA-218:010 *Fornufjós* heimild um fjós
"... norðaustur af bænum á Austur-Sámsstöðum heita Fornufjós og var telið að þau hafi lagst af sökum reimleika og mátti þar ekki við neinu hreyfa." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-218:011 gripir
"Askalok úr steini, jarðfundnir á Sámsstöðum í Fljótshlíð."
Heimildir: J J: "Yfirlit yfir muni ..." Árbók 1907, 48

RA-218:012 heimild um draug
Að sögn Oddgeris í Tungu var draugur talinn vera í Austurbæjargilinu á Sámsstöðum, Árið 1855 varð hann manni að bana sem hét Einar Einarsson.
Heimildir:

RA-219 Mið-Sámstaðir

Talin 20 hdr. 1710, en jarðadýrleiki óviss vegna þess að jörðin tíundast fátækum. Breiðabólstaðakirkjueign. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Þar var byggð tilraunastöð 1927. 1919: Tún 5,1 ha, garðar 1542 m² "Tún eru hér góð og liggja vel við sól. Engjar voru víðáttumiklar en dálítið raklendar. Hagar eru þeir sömu á Austur-Sámsstöðum." SB IV, 452

RA-219:001 *Mið-Sámstaðir* bæjarhóll bústaður
Stóðu áður skamt vestur af Austurbæ að sögn Oddgeirs í Tungu.
Heimildir: Túnakort 1919

RA-219:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-219:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-219:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-219:005 *Girðing* garðlag
"Í Vesturbæjar- og Miðbæjarlandi heitir næsta spilda upp af Bökkum Skipdælaþýfi eða Útseta. Sundum var þetta svæði og kallað Girðing. Mun það nafn vera dregið af torfgarði, sem hlaðinn hefur verið umhverfis og enn sjást glögg merki til." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-219:006 heimild um fjárhús
´"Vestur af bríkateig eru hólar nokkrir, þar voru fénaðarhús frá Miðbænum. Þar heitir Stekkatún. Nú eru þar kornhlöður frá Tilraunastöðinni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-219:007 heimild um rétt
"Austur við mörkin, upp af þjóðveginum er Snubbsmýri. Vestast í henni er keilulagaður hóll, sem Snubbur heitir. Var tekinn úr honum ofaníburður í þjóðveginn, og var grófinn notuð fyrir fjárrétt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-219:008 heimild um huldufólksbústað
Huldufólk átti að búa í hólnum Snubbi sjá 007. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-219:009 *Miðveita* örnefni áveita
"Þar vestur af [Austurbæjarveitum] heitir Finnbogamýri, þá Miðveita, og vestast vestur við mörkin, Vesturveita." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-219:010 *Miðbæjargerði* örnefni
"Ofan við bæinn heitir Upptún. Efst á því heitir Miðbæjargerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 4

RA-219:011 heimild um rétt
"Vestur af henni eru hæðardrög, kölluð Miðtorfa. Þar fyrir vestan er djúpt gil, kallað Réttargil. Var gömul fjárrétt efst í því." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 5

RA-219:012 *Gerði* örnefni
"Neðan við bæinn á mið Sámsstöðum kallast Niðurtún, en Gerði ofan við bæinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-219:013 *Krosshóll* álagablettur
Krosshóll hét hóll skammt vestur frá Stórhól þar sem Mið-Sámsstaðir standa nú. Hann mátti ekki slá eða gera þar jarðrask.
Heimildir:

RA-220 Sámstaðir vestustu

Talin 20 hdr. 1710, en jarðadýrleiki óviss vegna þess að jörðin tíundast fátækum. [1332]: Máldagi kirkjunnar í Breiðabólstað á jörðin allt heimalandið Vestur-Sámsstaði, hálfan Konungsmúla, Þórugnúp, Borgarholt og Skálmholt. DI II 687-689 Breiðabólstaðakirkjueign. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Nú er þar tvíbýli frá 1932.

1839:"... tún góð; sæmilegar útslægjur, hagar sömu." SSR, 96 1919: Tún 16,19 ha, garðar 2373 m² "Gömlu túnin eru nokkuð brött á köflum en góð. Engjar voru niður af túnunum, þær hafa nú verið ræktaðar í tún. Hagar eru upp frá bænum algrónir og girtir, skjól eru þar góð." SB IV, 454

RA-220:001 *Sámstaðir vestustu* bæjarhóll bústaður
Vestur-Sámsstaðar efri er eldra bæjarstæðið og var bæjarstæðið flutt árið 1944. Segir í Sunnlenskum byggðum. "Rétt austan við Vesturbæjarlækinn, ofan til í túninu, er gamli Vesturbærinn. Þar er gamla íbúðarhúsið, og hlöður og fjós frá báðum núverandi ábúendum jarðarinnar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB IV, 454; Ö-Sámsstaðir, 4; Túnakort 1919

RA-220:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-220:009 *Prestgarður* garðlag landamerki
"Í vesturmörkum er mannhæðarhár garður, nefndur Prestgarður." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 1-2

RA-220:010 *Vesturveita* örnefni áveita
"Þar vestur af [Austurbæjarveitum] heitir Finnbogamýri, þá Miðveita, og vestast vestur við mörkin, Vesturveita." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 2

RA-220:011 heimild um fjárhús
"Frá vesturmörkum austur að Vesturbæjarlæknum heitir Fjárhústún. Vestast í því er alldjúpt mýrargil, og heitir Fjárhústúnsgil. Vestan við það eru Bugar, en austan við, neðan til, Fjárhústúnslægð. Ofan við lægðina er há brekka. Upp á henni stóðu fjárhúsin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 3

RA-220:012 heimild um vatnsból
"Ofan við þau [011] hækkar enn, og heitir bali. Austan við balann er mýrardrag, og er þar gamalt vatnsból."

Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 4

RA-220:013 *Fellstættur* tóft beitarhús
"Vestan í Sléttafelli eru gamlar beitarhúsatæftur, kallaðar Fellstættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 6

RA-220:014 *Hryggjatóftir* tóft
"Vestan í Sléttafelli eru gamlar beitarhúsatæftur, kallaðar Fellstæftur. Í kvosinni milli Hryggja og Sléttafells eru aðrar tæftur, sem nefndar voru Hryggjatæftur." Segir í örnefnalýsingu. Oddgeir í Tungu segir þær heita Hryggjatóftir.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 6

RA-220:015 *Stekkur* heimild um fjárhús
"Á hæðinni sunnan við Þvergilið var lengi vel sauðahús frá Vesturbænum. Þar heitir Stekkur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðir TÁ, 6

RA-220:016 *Höskuldarlág* sögustaður
"Skammt neðan við Tryppaskurð, vestan í Ingimundarheiði er Höskuldarlág og segja munnmæli að þar hafi Lýtingur á Sámsstöðum setið fyrir Höskuldi Njálssyni sem segir í Njálssögu." Segir í örnefnalýsingu. Oddgeir í Tungu segir Höskuldarlág vera austan í Ingimundarheiði, niðurundir Steinsmýri.
Ekki ljóst í landi hvaða jarðar þetta er. "Beint norðr undan Sámsstöðum, uppi á hálsinum, er djúp laut, grasi vaxin, að austanverðu við götuna, þegar upp er riðið; er opið fram úr henni og slétt
grund fyrir neðan hana, sem gatan liggr yfir. Lautin er svo djúp, að hylur menn og nokkura hesta, og sést ekki fyrr en að kemr, einkanlega ofan frá. ... Þetta er alveg á veginum, þegar farið er upp hjá Sámsstöðum fyrir vestan túngarðinn ... Þetta er gróf sú, er þeir Lýtingr frá Sámsstöðum og bræður hans fólust í, er þeir sátu fyrir Höskuldi..."
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 46

RA-220:017 *Draugaskúti* örnefni draugur
"Framan við Steinsmýri er Miðtorfa og nær hún að Raftagili sem er á mörkum Sámsstaða og Breiðabólstaðar, í því er smá skúti sem kallast Drautaskúti, og er hans getið í sögum Odds Oddssonar frá Sámsstöðum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 1

RA-220:018 *Finnbogagerði* örnefni
"Norð-austur af Vestur-Sámsstöðum er hóll sem Stórhóll kallast, niður af honum er Finnbogagerði ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-220:019 *Ból* örnefni
"Upp við girðinguna norð-austur af bænum kallast Ból ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-220:020 *Fjárhústún* örnefni fjárhús
"Upp við girðinguna norð-austur af bænum kallast Ból, niður af því Fjárhústún ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 2

RA-220:021 heimild um rétt
"Vestan við rásina er smá laut sem heitir Pollagróf, þar var fjárrétt fyrrum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sámsstaðaland, 3

RA-220:022 heimild um fjárhús
Austan, framaní Sléttafelli eru gamlar fjárhústættur, þær munu vera frá Torfastöðum.
Heimildir:

RA-221 Breiðabólstaður
Jarðadýrleiki óviss 1710, kirkjustaður. 1075 segir af Breðabólstað Bsk I, 157, 229-230. 1179: Kirkjan á B

nefnd í máldaga. DI I, 257 f. 1194: Þorlákr bp réð undir Orm Jónsson Breiðabólsstað, Þá staðfestu er honum Þótti best Þeirra er hann ætti forráð; Prestssaga Guðmundar, Sturl, 172. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 6 1218: Ormr Jónsson keypti við að Austmönnum til Þaks á kirkju sína og var eigi á land fluttur; Íslendingasaga, Sturl, 255. 1221: Björn Þorvaldsson og hans menn höfðu búist um fyrir sunnan kirkju. Íslendingasaga, Sturl, 266 1326: " Veðr bravt kirkiu a Breiða bolstað i Fliotzhlið". Skálholtsannáll, IA 205 Gottskálksannáll, IA 346, Flateyjarannáll, IA 96 [1332]: Máldagi kirkjunnar þá á jörðin allt heimalandið Ytri-Sámsstaði, yhálfan Konungsmúla, Þórugnúp, Borgarholt og Skálmholt. Máld DI II 687-689 1363: Dómur um fjörumörk milli Breiðabólsstaðar og Holts. DI III, 188-189, DI III,189-190 [1367]: Máldagi kirkjunnar.DI III, 217 [1371]: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad.DI III, 263-264 [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 268-270 1393: "veitti herra Þorsteinn abboti ... Oddi prest raadsmanni Breidabolstad ok hellt þo Vallanes sua at hann tok aavoxtu af enn Sigurdr prestr Sigurdarson hafdi" Flateyjarannáll, IA 423 1394: veittr Breidabolstadr af byskupi; Flateyjarannáll, IA 424 1397: [sbr [1371] orðrétt] Jtem a hun yfer þat framm sem forner maldagar votta jordina ad Gnvpi med ollumm gognumm oc giædumm portio Ecclesiæ medann sira Oddur hiellt stadinn .vjc. [Teitsson, 1376-1393 eða lengur] yngra Jtem hafdi fallid j Mortuaria sijdann sira Oddur oc sira Hoskulldur hielldu stadinn .viij. hundrud. DI IV, 81-83 [Höskuldur Jónsson 1394-1402] 1397: [til Þorvarðsstaða] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; DI, IV 1397: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. luka presti .ij. merkur; DI, IV ????: Anno 9¤. Kirkian a Breidabolstad a .lx. malnytukugilldi. oc .xviij. kugilldi oc .xx. j ollum gielldumm fienadi. portio obitalad wmm .xvj. är .vc. oc xx; DI III 69 [áfast við Vilchinsmáldaga Næfurholts] 1405/8: Jörðin nefnd í Lögmannsannál. Lögmannsannáll, IA 287 Lögmannsannáll, IA 289 .6.1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað DI IV, 586 [1446]: Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti, DI IV 675 [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 332 1495: Jörðin Kotvöllur er í Breiðabólstaðar kirkjusókn. DI VII, 269-70. 1496: Jörðin Kollabær er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII, 316 1500: Jörðin Strönd í Vestur Landeyjum er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII; 508 1523: Gefur séra Guðmundur Árnason kirkjunni á B jörðina Hólma í Eystri-Landeyjum eftir sinn dag. DI IX, 183. 1553: DI XII 650-651 [1554]: DI XII, 785 1575: DI XV, 667-669 [1591]: Fjörumörk kirkjunnar. "Þessi ero fiorumork hin eystri a mariufioru er kirkian a aa breidabolstad. At bryddi sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum. En þessi ero hin vestare morck a somu fioru. at bryddi fyrr nefnd sudurey austanverd austur vndan lauphellum. standa þessi fiorumork þar til at stofustafninn a onundarstodum hinn vestara ber med sionhending af fiorunni vpp j miclu dimon midia et cetera." DI III, 192Hjáleigur 1710 voru Litla Árnagerði (í eyði), Bjargarkot, Tobbatóftir (í eyði), Stóra Árnagerði, Háakot (sama og Háfakot), og í Jám er greint frá því að sumir telja Flókastaði vera eina af hjáleigum frá B. 1839: "Kirkjan á Breiðabólstað á heimaland allt með gögnum og gæðum og þessar jarðir: a) í Fljótshlíð: kokkslæk, Kotmúla, Mið-Sámsstaði, Vestur-Sámsstaði, Aurasel, Háakot, Árnagerði, Bjargarkot, Flókastað, Núp; b) Í Hvolhreppi: Uppsali, Giljur, Þórunúp; c) í Eystri-Landeyjum: Ljótarstaði; í Kirkjulandi 20 hndr., Kirkjulandshjáleigu, Önundarstaði, Hólma, Hólmahjáleigu, Butru; d) í Út-Landeyjum: Ey, Brók, Strandarhöfuð, Akurey, Miðkot, item Forsæti og Sigluvík með tilheyrandi hja´leigu ... c) á Rangárvöllum: Dagverðarnes. Kirkjan á Maríufjöru að 2/3 móts við Holt, fjórðungafjöru að 1/4 móts við Múla, Kollabæ og Hof; alla Önundarstaðarfjöru og Kirkjulandsfjöru að 2/3. Líka eigna máldagar og skoðunargjörðir kirkjunni fjöru móts við Klofa. beitarland að Dagverðarnesi og Kanastöðum liggjandi fyrir vestan Markarfljót, 12 hrossa höfn í eystra-Fífuholti um vestur. Stóðhrossabeit í Kirkjulækjarlandi og réttarhald að Lundsmel. - Skóga og ítök: Völlu, er liggja norður frá Næfurholti, Langafell, sem langt sem skógi er vaxið að austan til. Melfell, er liggur í landnorður frá Næfurholti. Skóg hjá Stapa, svo langt sem skógi er vaxið fram fyrir Útsandagjá, og skóginn frá, sem kallast Marjutunga og liggur milli giljanna. Tvær skógartóftir hvörja hjá annarri fyrir framan Falljökul, svo langt ofan sem sléttan tekur við. Skógartóft í Langadal framanverðum fyrir vestan í dalnum, inn að brekkunni í Hlíðarendaskógi og fram á hálsinn; skóg í Réttafelli og litla skógartóft fyrir innan Kili upp undir jökulinn." SSR, 100. Árið 1847 eru nefndar tvær eyðihjáleigur, Sverriskot og Hryggvöllur. 1847: "Lambeyjar land, er áður var stórbýli fyrir neðan stórbýli fyrir neðan Þverá og lá undir Breiðabólstað, en fór af fyrir sandi, er síðan lagt undir staðinn, og hefur þar laungum verið haft fé þaðan vetur og sumar, en kýr í seli um sumartímann;; en bæði hefur land þetta mjög gengið af sér fyrir sandfoki, og líka er Þverá opt ófær yfirferðar, sumar og vetur, og verður þá að fara á ferju í landið, eða mikinn krók, og er því ekki annað sýnna, enn að staðarhaldarinn hafi það eina gagn af landinu, að hann láni það Landeyjarmönnum til lambagöngu og hrossabeitar. ... Af skógarítökum þeim, sem máldagar eigna brauðinu, hefir það engin not .. Eptir Goðalands afrétt, sem brauðið á, fær staðarhaldarinn árlega frá Austureyjafjalla mönnum 2 fiska vættir, en önnur hagaítök, sem kirkjunni hafa tilheyrt verða eigi notið ..." JJ, 49 Býlið Lambey var stofnað 1954 og fékk til ráðstöfunar eyðijörðina Lambey. Nýbýlið Ásvöllur stofnað árið 1929 að mestum hluta í landi Háakots sem býlið hefur til umráða, Staðarbakki var stofnaður árið 1963. Býlið Gilsbakki var bygt árið 1929 en fór í eyði árið 1934. "Land staðarins er nær í heiðinni upp frá bænum og sunnan Þverár. Fyrir mörgum árum tók Sandgræðslan þar stórt landsvæði, girti það og friðaði." SB IV, 458

1710: "Engja takmark grandar grjóts áburður af Flókastaða-á." JÁM I, 170. 1839: "Tún víðáttumikil en víða hvar þýfð og í langvarandi órækt. Engjar grasgefnar, en eltingarbornar og einstaklega þýfðar. hagar,

sem jörðinni tilheyra og liggja fyrir sunnan Þverá eru fyrir nokkrum árum gjörsamlega eyðilagðar af sandfoki. Engajr og tún árangurslaust." SSR, 96 1919: Tún 20,9 ha, garðar 1890 m² 1847: "... eru tún staðarins orðin mikil að víðáttu, en þau eru víðast hvar ógreiðfær. Engjar eru yfirfljótanlegar fyrir staðarhaldarann og optast nær loðnar, en eltíngarbornar mjög og ógreiðar afsláttar. Mótak, sem fundið er í landareigninni, er bæði íllt og oflítið, og verður því líka að brúka kúatað eða töðugræft hey. Hagaþreyngsli eru hér mikil og hvervetna sambeit." JJ 49. "Tún eru stór og grasgefin, en neðri hluti þeirra nokkuð raklendur. Engjar hafa verið þurrkaðar og ræktaðar." SB IV, 458

RA-221:001 *Breiðabólstaður* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:002 heimild um kirkju

BREIÐABÓLSTAÐUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) -Maríu

c. 1075: Eptir Þetta fóru Þeir út higat til Íslands Jón ok Sæmundr, ok settust í bú, hvárr á sína föðurleifð, Jón á Breiðabólsstað, en Sæmundr í Odda, ok bjöggu Þar báðir mjök lengi ... Þeir prýddu báðir mjök heilagar kirkjur, Þær er Þeir höfðu að varðveita, í mörgum lutum, ok Þjónuðu Þeim lítilátliga í sínum prestsskap ok æxtu mikit rétt Þeirra í kennimanna vistum, Þeirra er Þjóna skyldu at hvárri kirkjunni fleiri en áðr höfðu verit; Jóns sagaA, Bsk I, 157

Eptir Þetta fóru Þeir Jón ok Sæmundr út til Íslands ok settust í bú, hvárr á sína föðurleifð, Jón á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, en Sæmundr í Odda; bjuggu Þeir Þar mjök lengi ... Þjónaðu Þeir kirkjum fyrrnefndum með sönnu lítilæti, aukandi Þeirra heiður ok sæmd í kennimanna vistum, er Þeir lögðu í óðul sín fleir en áðr höfðu verit; Jón saga B, 229-230.

[1179]: kirkia i Ey ... þar skal syngia af breiðabolstað annan hvarn dag loghelgan messo . ok enn fiorþa hvern ottu song
hvert haust skal giallda tvævetran gellung á breiðabolstað; Máld DI I 257 [Eyjar]

f. 1194: Þorlákr bp réð undir Orm Jónsson Breiðabólsstað, Þá staðfestu er honum Þótti best Þeirra er hann ætti forráð; Prestssaga Guðmundar, Sturl, 172.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6

1218: Ormr Jónsson keypti við að Austmönnum til Þaks á kirkju sína og var eigi á land fluttur; Íslendingasaga, Sturl, 255.

1221: Björn Þorvaldsson og hans menn höfðu búist um fyrir sunnan kirkju, höfðu lagt stórviðu frá stoðum Þeim er voru við húsamótin forkirkjunnar og aðalkirkjunnar og aðra Þar er mættust sönghúsið og kirkja og suður á kirkjugarðinn og skipuðu sér Þar á milli og horfðu sumir austur en sumir vestur; Íslendingasaga, Sturl, 266

1326: Veðr bravt kirkiu a Breiða bolstað i Fliotzhlið; Skálholtsannáll, IA 205
braut kirkiu aa Breida bolstad j Fliots hlid fyrir ofvidri laugardag fyrir paska; Gottskálksannáll, IA 346
Þa tok kirkiu or stad a Breidabolstad i Fliotzhlid ok sakadi ecki; Flateyjarannáll, IA 96

[1332]: Breidabolstadur. Gamall maldagi.
Mariukirkia a breidabolstad. aa heimaland allt. samstade hina ytre. konungsmula halfvann. þorugnup. borgarhollt. skaalmhollt.
xvj kýr. niutiher asaudar. xx hundrut j metfe. vij ross roskinn. ij. þreuetur. j. tuæuett. ij veturgomul. yxn ij fiogra vetra. oc einn v vetra. iiij kalfa. xvj saudi tuæuetra oc xl. veturgamla. iij naut tuæuetur. vij. veturgomul. jn summa halft v kugilldi oc xl.
iij vætter smiors oc ccc skrædar. xxx fiordunga skyrs. xx fiordung kiotz.
hun a niu manna messuklædi. oc ij hokla lausa. vij kantara kapur. iiij. alltara klædi med dukum. ij dalmatikur oc einn subtil. iiij. sloppa. iiij kaleka. fonz vmmbuning. vatzker. glodarker. iij smellta krossa ij. sæmiliga. skrin ij med helgum domum oc textum euangeliorum buinn. alltaris stein buin. kluckur vj oc biollur ij. mariuskriftt oc iacobs skrift oc kross storann med trie steindur vel. messufata kista oc sacrarium munnlaug oc tiolld slik sem eru.
þangad skal giallda fra kirkiulæk gellding gamlann oc halfa vætt matar.
vr langagerdi. a lodna oc lembda. adra snoggva oc gellda.
vr lambey. a gellda.
fra vpsolum. gellding tuæuetran oc halfua mork.
vr ey. gellding tuæuetran.
fra tialldastodum. gellding gamlann oc vsthlæf.
vr skarde hinu eystra. ij tuæuetra gelldinga oc osthlæf.
af breckulandi. tuæuetrann gellding.
fra gelldinga læk. gellding tuæuetrann.
af þorle[i]fsstodum. gellding tuæuetrann.
fra geilum. vetrgamlann oc gamlann saud.

fra vamulastodum. gamlann oc veturgamlann.
vr vatzdal. tvævetrann.
fra bergþors huoli. ij. gelldinga.
frä reynifelli gellding gamlann.
vætt miols vr hafvi.
vætt vr þyckuabæ
fra arngeirstodum gellding tuevetran.
xij rossa hofn j fiflaholtt hit eystra vmm vetrin.
stodhrossa beit j kirkiulækiar land. oc rettar halld ad hunnzmel.
vj aurar voru j vlfsstodum oc halfvann fiorda eyri j fit vestri.
hond hins heilaga iohannis holensis med armleggium.
cccc j bokum. ij jarnstikur storar. toflu yfir alltare.
þangad liggia vj oc xx bæier ad allri skylldu.
Þar skulu vera iij prestar oc ij diaknar.

At auk þessa lagdi sijra haflidi til kirkiunnar fiorar kyr. xxx asaudar. fimm hross gaumul firi þat sem gefist hefur til. halft land ad konungsmula. iijc fioru er liggur vid mariu fioru. skogur er liggur hia stapa. Máld DI II 687-689 Hafliða prests er getið í dómi um Holtsreka frá 1363.

1363: Dómur um fjörumörk milli Breiðabólsstaðar og Holts, skyldu ver þar sem Hesteyra bryddi undan Elliðaey; DI III 188-189

[um 1363]: So hliodar gamallt skrif a Stad a korbokinne.
mariufiara firer [a]ustan fliot.

Þessu eru fiorumork hin eystre. a mariufioru fyrir austan fliot. er liggur vid merkurfioru.
Elldijng j millum vrdalandz oc ellidaeyar.
Enn þessi hin vestri. at taka upp hesteyru aa ellidaey austan vndan Biarnarey.
fiordunga fiara.

Þesse eru fiorumork hin eystri a fiordunga fiorunne. ad Bvnkinn aa Biarnarey a ad taka vestur undan ellidaey. enn þessi hin vestre. ad elldijng er millum eya.

[enn nyu morkin eystri ä fiordunga fiorunne er. þar Brydder ä Bvnkan vestur vndan Ellidaey. Enn nyu fiorumorkin ä mariufioru: epter lexmans Briefi. Sa klettur hinn eystri er liggur fyrer austan og undann Ellidaey. kalladur Hesteyra. skal räda rekamorkum millum mariufioru oc Hvammstvfs. 1608 17. Augusti.

Onundarstada fiara.

Þesse eru fiorumork hin eystre a mariufioru er kyrkian aa ad Breidabolstad [fyrer vestan fliot]. ad Brydde Sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum.

Enn þessi eru hin vestare mork aa somu fioru. ad bryddi fyrrnefnd Sudurey austanverd austur undann lauphellum. standa þessi fiorumork þar til. at stofustafninn aa onundarstodum hinn vestra ber med sionhendijng af fiorunne. uppi miklu dimon midia er kirkian eigur halfa.

[Anno dominj 1603. j klofa jatudu þeir s. Sugurdur Einarsson og hackon Arnason: huor odrum. ad huor þeirra skylldi eiga halftt þad sem ræki a þeim aagreinijngar fioru parti ä vestanverdri onundarstada fioru þangad til þar kiemur annarlagavegur aa.

Þesse eru fiorumork a kykiulandzfioru. ad elldijng er aa millum Grasleysu oc aalseyiar. eru þaug hin eystri.
Enn þessi hin vestri. mykla dimon aa milli fioss oc Bæiar a kyrkiulandi.

Eg n. n. s[on]. logfesti hier j dag þessar allar fyrrnefndar fiorur Breidabolstadar kyrkiu. med aullum þeim rekum oc gagnsemdum sem þeim fylgia. og mier ber stadarins vegna med riettu ad hafa. til ystu vmmerkia. sem adrer menn eiga a mote. oc nu var upplesid. logesti ec greindar fiorur oc reka ad ordfullu oc logfullu logmali riettu. firerbyd ec huorium manni sier hiedan j fra. þær ad nyta. edur af ad hafa vtan mitt sie lof edur leife til. at vitni þijnu. DI III 189-190

[1367]: xxi. Mariukirkia a Breidabolstad j fliotzhlid a heimaland allt
les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 217

- xli. Mariukirkia a Breidabolstad j fliotzhlijd aa heimaland alltt. samstade ena ytre

les Vilchinsbok þui þetta ber saman vtan fra Reinefelle stendur skrifadur gelldingur tuævetur. hann er vtskafinn j Vilchinsbok. Og Vilchins maldage helldur meire; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 219

[1371]: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad.
luka presti. ij merkur; DI III 263-264 [Lambeyjar]

[1371]: [í Ey] skal syngia annann hvern dag helgan af Breidabolstad.
lvka presti. ij. merkur; DI III 263-264 [Eyjar]

[1371]: Mariukirkia aa breiðabolstað j fliotzhlíð aa hæima land allt. saa[m]stadi hina ytri. konungsmula. allann Þorugnup. borgarkot. skalmhollt.
sextan kýr. niutigi aasauðar.
tuttugu hundrat j metie.
Siau hross Roskin. tuo tuæuetur. tuo þreuetur. tuo veturgomul.

yxn tuo fiogurra vetra oc æinn fimm vetra. fiora kaalfua.
sextan sauði tuæuetra. oc fiora tigi veturgamallt.
þriu naut tuæuetur. siau weturgomul.
Jn summa haalft fimta kugilldi og fiorer tiger.
þriar vetter smiors. oc þriu hundrut skræiðar.
þriatigi fiorðunga skyrs.
tuttugu fiorðungar kiotz.
hun aa niu manna messuklædi oc tuo hokla lausa.
siau kanntara kaapur.
fiogur alltara klædi med dukum.
tuær dalmatikur oc æinn subtyl.
fiora sloppa.
fiora kaleka.
fontz vmbuning.
Vatzker. glodarker.
þria smellta krossa. tuo sæmiliga.
skrin med helgum domum. oc textum ewangeliorum
klockur sex oc biollur tuær.
Mariuskript oc jacobsskript oc kross storann med tre. stæindr vel.
messukæda kista oc sacrarium munnlaug oc tiolld slik sem eru.
Þangat skal gialldа fra kirkiulæk gellding gamlann oc haalfua vett matar.
wr langagerði aa loðna oc lembða æn aðra snoggua oc gellda.
wr lambey aa gellda.
fra vppsolum gellding tuæuetran oc haalfua mork
wr æy gellding tuæuetran.
fra tialldastodum gellding gamlann oc hæithleifr wr skarði.
wr æystra skarði tuæir gelldingar tuæuetrer oc hæithleifr aa breckulandi.
gellding tuæuetran fra gelldingalæk.
gellding tuæuetran fra þorleifs stoðum.
gellding tuæuetran fra gæilum.
gamlan gellding oc annan vetrgamlann fra vomulastoðum.
gamlan sauð oc annan veturgamlan wr vatzdal.
tuæuetur gelldingr fra bergþorshuoli.
gelldingr tuæuetr fra ræynifelli. [sbr Hít]
vett miols wr haafui.
wett miols wr þyckuabæ.
fra arngæirstoðum gelldingr tuæuetr.
tolf hrossa hofn j fiflhollt æystra vm vetrinn.
stodhrossa bæit j kirkiulækiar land oc Riettarhalld ath hundzmol.
sex aurar voru j wlfstoðum oc haalfuan fiorða æyri j vestri fit.
hond hins hæilaga johannis holensis med armleggium.
fiogur hundrut j bokum.
jarnstikur tuær storar.
tabulum yfuer alltari.
Þangat liggia sex og tuttughu bæir ath allri skylldu.
þar skulu wera þrir prestar oc tuæir diaknar.
ath auk þessa lagdi sira haflidi til fiorar kyr. þriatigi aasaudar. fimm hross gomul. halft land ath konungs mula. þriu hundrut fioru ær liggr wit mariu fioru. skogr er liggr hia stapa.
Jtem æin messuklædi. kertistikur tuær med kopar. eina kaapu. alltara klædi tuo. æina kloclu. kalek ær stænðr tolf aura. skirnarketil. likakrak. ælldbera. glitaðan duk. Máld DI III 268-270 [AM dipl afskr 2110 ‘ex originali Breidabolstad. Fliotzhlid.’ sem var transscript frá 12.2.1412]
1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Oddi prest raadsmanni Breidabolstad ok hellt þo Vallanes sua at hann tok aavoxtu af enn Sigurdr prestr Sigurdarson hafdi; Flateyjarannáll, IA 423
1394: veittr Breidabolstadr af byskupi; Flateyjarannáll, IA 424
1397: [sbr [1371] orðrétt]
Jtem a hun yfer þat framm sem forner maldagar votta jordina ad Gnvpi med ollumm gognumm oc giædumm portio Ecclesiæ medann sira Oddur hiellt stadinn .vjc. [Teitsson, 1376-1393 eða lengur]
yngra Jtem hafdi fallid j Mortuaria sijdann sira Oddur oc sira Hoskulldur hielldu stadinn .viij. hundrud; Máld DI IV 81-83 [Höskuldur Jónsson 1394-1402]
1397: [til Þorvarðsstaða] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; Máld DI

IV [Þorvarðsstaða]
1397: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. luka presti .ij. merkur; Máld DI IV [Lambeyjar]
1397: [til Eyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breiðabolstad. lvka presti ij. merkur; DI III 79 [Eyjar]
Anno 9¤. Kirkian a Breidabolstad a .lx. malnytukugilldi. oc .xviij. kugilldi oc .xx. j ollum gielldumm fienadi. portio obitalad wmm .xvj. är .vc. oc xx; DI III 69 [áfast við Vilchinsmáldaga Næfurholts]
1405: Tok vid radvm j Skalhollte sera Oddur Jonsson. er þa hiellt Breida bolstad j Fliotz hlid.; Lögmannsannáll, IA 287
1408: Siera Oddur resigneradi sitt beneficium kirkiuna a Breida bolstad. enn byskupinn veitte Sorarne [!] Andres syne. hiellt sera Oddur þo stadinn til næstv fardaga. tecum [!] fructibus svis; Lögmannsannáll, IA 289
5.6.1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi og öllum Þeim peningum föstum og lausum sem Jón átti milli Þjórsár og Markarfljóts. Skal Brandur taka alla ávöxtu og innrentur af öllum Þessum peningum sér til eignar en fá Jóni aftur góssin jafngóð sem hann meðtekur. Skal Brandur heimta allar skuldir Jóns og að sér taka þar sem hann kann að fá og kvittan gefa meiga Þeim sem honum lúka vel og reiðulega að öllu jafnfullu sem Jón sjálfur. Einnig skipar Jón Brandi til Þjónustu alla Þá arbeiðismenn konur og karla sem hann hefur ráðið á Breiðabólsstað og Teigi og hans ráðsmenn fyrir hann. Skal hann Þessum umboðum halda til næstu fardaga; DI IV 586
[1446]: [Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti] c; DI IV 675
[um 1480]: Breidabolstadur.
Mariu kirkia a breidabolstad j fliotzhlijd a heimaland allt. samstadi hina ytri. konungsmula allan. þorugnup. nup. borgarkot. skalmhollt.
xiij kyr. xl. asaudar oc xxx kugillda med vtlodum. ccc j koplum. halft fiorda c. ofrijtt oc lagt til fridz. ix naut veturgomul. ij tuæuetur. xxx saudi veturgamla. ij hruta tuæuetra.
þangat skal giallda fra kirkiulæ [et c. samhljóða [1371 niður að 'ij diaknar']. Máld DI VI, 332 [AM 263 fol. bl. 37-38; Þjsks Bps A II, 1, bl. 125a-b - JS hafði talið þennan máld elsri en Vilch og má það vel vera - þessi er skyldastur [1371] og skeikar ekki öðru en kvikfjártölum og jörðinni Núpi sem hafði nýlega bæst við er Vilch var ritaður. Hér eru færi kýr og ær en í öllum öðrum máld og gæti verið um mislestur að ræða: xvj lesið xiij og lxl lesið xl. Þessa skýingu þarf þó ekki því hér er heildarfjöldinn meiri (tæplega 60 kúgildi alls) og gæti þessi máld því verið frá svipuðum tíma og Vilch]
28.6.1495: Jörðin Kotvöllur er í Breoðabólstaðar kirkjusókn. DI VII, 269-70.
12.101.1496: Jörðin Kollabær er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII, 316
6.7.1500: Jörðin Strönd í Vestur Landeyjum er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII; 508
[1550x60]: fiorvmork vr brefum s jons h biarnasonar feck eyrecur gudnason mier 1608 4. d. febr.
Þesse erv fiorumorck aa marivfirov fyrer avstan fliot.
env eystri elding aa ad siazt j millum vrdarlanz oc ellidaeyar.
env vestre aa somv fiorv. ad hesteyrv aa ellidaey eiga ad siazt avstvr yfer biarnarey.
Jtem fiorvmorck aa fiordvnga fiorvm.
env eystre. bvnckinn aa biarnarey aa ad siazt vestur undan ellidaey.
env vestre morck aa somv fiorv ad ellding aa ad siazt j millvm eya.
Jtem fiorumorck aa marivfiorv fyrer vestan fliot.
env eystra morck. ad vestanverd svdurey aa ad siazt vestur vndan klett j vestmanna eyvm
env vestre aa somu fiorv. ad avstanverd svdurey aa at siazt avstur vndan lavphellum.
Jtem a skiptefiorv vid klofa. ad hvsit id vestasta aa avnundarstodvm aa ad siazt ad sionhendingv af fiorunni j avstanverdan dimon. DI III 191
1553: Máld DI XII 650-651
[1554]: Máld DI XII 785
1575: Máld DI XV 667-669
[1591]: A kirkiu maldaganum
Þessi ero fiorumork hin eystri a mariufioru er kirkian a aa breidabolstad. At bryddi sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum.
En þessi ero hin vestare morck a somu fioru. at bryddi fyrr nefnd sudurey austanverd austur vndan lauphellum. standa þessi fiorumork þar til at stofustafninn a onundarstodum hinn vestara ber med sionhending af fiorunni vpp j miclu dimon midia et cetera. DI III 192
1710: Beneficium og kirkjustaður.
27.2.1880: Teigs- og Eyvindarmúlaþing lögð undir Breiðabólsstað; (PP, 58) [lög]
Heimildir: PP, 58; DI, JÁM I, 170

RA-221:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:007 heimild um áveitu
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:008 heimild um áveitu
Heimildir: Túnakort 1919

RA-221:009 garðlag
"Sunnan við túnið á Ásvelli, framan við fornan garð, sem þar hefur verið hlaðinn frá austri til vesturs lækkar landið ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstað, Flókastöðum og Núpi, 2

RA-221:010 *Hryggvöllur* bæjarstæði býli
"Síðan 2 kot í túninu, Hryggvöllur og Sverriskot, fyrir 70 árum voru lögð í eyði ..." "Hryggvöllur hét annað býli, var byggður eftir 1710, fór í eyði um 1752. Kot þetta stóð niður á túninu, austan heimreiðar og sér þar enn til allmikilla bygginga." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Austan við Girðingu [015] heitir Beinrófa. Suðaustur af henni voru tættur. Þar stóð bærinn Hryggvöllur. Er hann við mörk að Árnagerði ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JJ, 49; SB IV, 462; Ö-Breiðabólsstaður BK, 2

RA-221:011 *Sverriskot* bæjarstæði býli
"Síðan 2 kot í túninu, Hryggvöllur og Sverriskot, fyrir 70 árum voru lögð í eyði ..." "Sverriskot hét annað býli í túninu á Breiðabólstað. Enginn veit með vissu hvar þetta kot stóð, sennilega hefur bærinn verið í túninu skammt austan við Flókastaðaá, suðaustur frá Flókastöðum. Mun kot þetta hafa verið fá ár í byggð og komið er það í eyði um 1650, er aftur í byggð um 1739." "Vestur við Flókastaðaá, fyrir neðan Vesturtraðir [016], heitir Magridalur, en austan við hann eru tættur, Sverriskot." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JJ, 49; SB IV, 462; Ö-Breiðabólsstaður BK, 2

RA-221:012 *Lambey* bæjarstæði býli
1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. 1710: "Lambey. Jarðadýrleiki verður ekki fyrir víst greindur, en heyrt segjast menn hafa hann nefndan lx hdr, alrir lxxx hdr, jafnvel ll hdr. Eigandi er Breiðabólstaðar kirkja. Ábúandi enginn, því jörðin hefur auðn verið 8 ár. ... Bygðin gat ekki lengur haldist vegna stórkostlegs yfirgángs af blásturssandi, so tún alt og mikið af högum er fordjerfað, kann þess vegna aldrei aftur byggjast. hagar sem eftir eru brúkast til beitar frá Breiðabólstað." 1847: "Lambeyjar land, er áður var stórbýli fyrir neðan stórbýli fyrir neðan Þverá og lá undir Breiðabólstað, en fór af fyrir sandi, er síðan lagt undir staðinn, og hefur þar laungum verið haft fé þaðan vetur og sumar, en kýr í seli um sumartímann;; en bæði hefur land þetta mjög gengið af sér fyrir sandfoki, og líka er Þverá opt ófær yfirferðar, sumar og vetur, og verður þá að fara á ferju í landið, eða mikin krók, og er því ekki annað sýnna, enn að staðarhaldarinn hafi það eina gagn af landinu, að hann láni það Landeyjarmönnum til lambagaungu og hrossabeitar." Árið 1954 var stofnað nýbýlið Lambey og fékk það til yfirráða eyðijörðina Lambey. Þar var kirkja áður og þingstaður, og síðasta aftakan fór þar fram á árunum 1640-50. Lambey var hólmi í Þverá og stóðu bærinn og kirkjan á Lambeyjarhól Nú eru þar tún. Segir í Sunnlenskum byggðum.

LAMBEY Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (BREIÐABÓLSSTAÐARÞING) - HÁLFKIRKJA[1367]: xiv. Kirkia j lambey a xc j heimalande Þesse ber og saman. vtan Vilchins maldage er fyllre; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216[1371]: LVI. Lambey.Kirkia j lambey a xc j heimalande. vj. ær. Mariuskript. rodukross. paxspialld. alltaraklædi eitt. dvk einn. glodarkier. sacrarium munnlaugh. kluckur iij.Þangad skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. luka presti. ij merkur. portio vmm .ij. är oc xx. tuo hundrud oc half mork. fiell þad allt nidr firir vppgiord kirkiu. er kirkian nv honum skylldug .ccc. Vilchinsbók DI III 263-264; DI IV{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58}

KK: "Suðvestan við Breiðabólstað, beint á móti bænum Núpi er aflöng landræma vaxin grasi og blöðku. Þetta er Lambey. Áður rann Þverá ýmist fyrir norðan eða sunnan hana, en nú ætíð fyrri sunnan. Lambey var einu sinni staður fyrir eitt af þriggja hreppa þingum, sem oft er minnzt á. Virðist hún hafa verið

allsnemma höfð að þingstað, þannig er nefnt Lambeyjarþing í annálum þegar um miðja 14. öld. Þá var kveðinn þar upp dauðadómur , og síðan fór fram aftaka. Hafði hún það í för með sér að hirðstjórinn, Smiður Andrésson lét hálshögva upphafsmanninn í Lambey. Bær með sama nafni stóð þar til loka 17. aldar."
Heimildir: JÁM I, 174; JJ, 49; SB IV, 460; KK I, 175

RA-221:013 *Litla Árnagerði* bæjarstæði býli
1710: "Litla Arnagerde hefur verið hjáleiga frá Breiðabólsstað. Er fyrst bygð áður menn til minnast. Lagðist í eyði fyrir 12 árum, þángað til hjelst bygðin öðruhverju. Landskuld var xxx álnir. Eyðileggíngin skeði vegna þess að býlið var afkomulítið til slægna og ágángssamt af peníngi annarra manna. Þar til hjeldu Sámstaða ábúendur það standa í sínu landi, jafnvel engjum. kann ekki aftur byggjast, vegna þessarra orðsaka." "Nálægt þeim stað [það sem Vestur-Sámsstaðir neðri standa], eða litlu vestar en íbúðarhúsið stendur, var til forna lítið kot, sem kallað var Litla-Árnagerði. Það mun hafa farið í eyði um 1698 ... " Segir í Sunnlenskum byggðum. "Vestast á honum var áður býli, sem hét Litla-Árnagerði, og mótaði fyrir túngarði þar, þangað til landið var tekið til ræktunar fyrir 30 árum. Rétt austan við hið forna Litla-Árnagerðistún hafa verið reistar hlöður, fjós og önnur fénaðarhús, og nú er verið að byggja þar íbúðarhús frá örðu býlinu á vesturjörðinni." Segir í örnefnalýsingu. "Austan við Árnagerði eru tættur. Þar heitir Litla-Árnagerði og mun hafa verið önnur hjáleiga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 171; SB IV, 455; Ö-Sámsstaðir TÁ, 3; Ö-Breiðabólsstaður BK, 2

RA-221:014 *Tobbatóftir* bæjarstæði býli
"Ekki vita menn að segja nær hún var fyrst bygð, en hitt er víst að bæði var býlið mjög lítið og við engjar staðarins þeim til skaða. Bygðin hjelst fá ár. Er eyðilagt að vísu fyrir 50 árum. Kann ei aftur byggjast sökum skaða á engjum staðarins."
Heimildir: JÁM I, 171

RA-221:015 heimild
Rafstöð var sett við Flókastaðaána 1938.
Heimildir: SB IV, 458

RA-221:016 *Grænaborg* bæjarstæði býli
"Grænaborg hét lítið kot í engjum Breiðabólstaðar. Það mun hafa staðið þar sem fjárhúsin á Breiðabólstað eru nú. Þarna var búið á árunum 1825 til 1831." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Suður af þessu [025] eru fornar bæjartættur, nefndar Grænaborg." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB IV, 463; Ö-Breiðabólsstaður, 3

RA-221:017 *Gilsbakki* bæjarstæði býli
Býlið var byggt árið 1929 en fór í eyði árið 1934. "Bærinn stóð á vestri bakka Bjargarkotsgils, næstur í vestur frá Ásvelli. Þetta var mjög lítil jörð og túnalaus að mestu ..." "Í úttektarbók hreppsins er íbúðarhúsið talið tvö herbergi, þ.e. stofa og eldhús. Grunnflötur hússins er talinn 6.32x4.10 m. Skúrar voru með báðum hliðum hússins og jafnlangir því 2,68 m breiðir. Þá var einnig byggð fjárhús þar skammt frá og mun það hafa rúmað um 50 kindur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB IV, 463

RA-221:018 *Fornufjós* heimild um fjós
"Efribrekkur nær alla leið frá Jakobslind að Fornufjósum, sem eru gamlar tættur, austan við tún og Kirkjugarð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 1

RA-221:019 heimild um myllu
"Vestan við túnið á Breiðabólstað er djúpt gil, sem heitir Flókastaðagil, og er það í mörkum að Flókastöðum. Lækurinn, er í því rennur, er nefndur Flókastaðaá. Austan til í gilinu eru tveir hellar. Sá nyðri er lítill skúti, nefndur Arpishellir, en sunnar er Meyjarhellir, en milli þeirra lítil tótt, kölluð Mylla (hefur verið mylluhús)." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:020 *Traðir* heimild um traðir
"Vestur af bænum heita Traðir, og vottar þar fyrir gömlum görðum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:021 *Öskuhaugar* örnefni

“Efst í tröðunum er lítil lind eða brunnur, sem heitir Þokra, en hæðin austan við lindina heitir Öskuhaugar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:022 *Girðing* heimild
“Austan við [021] heitir Hlaðbrekka. Neðan við hana heitir Girðing. Hefur þetta verið afgirtur blettur með torfgarði (verk Tómasar Sæmundssonar), en nú hefur þetta verið sléttað út.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:023 *Vesturtraðir* örnefni traðir
“Vestur við Flókastaðaá, fyrir neðan Vesturtraðir, heitir Magridalur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:024 *Suðurtraðir* örnefni traðir
“Austan við það [Sverriskot 011], en vestan við Suðurtraðir, heitir Jónsrófa.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 2

RA-221:025 *Selkonuvað* örnefni vað
“En vestan við Bjargarkotsgil, og sunnan við Grænuborg, heitir Bakkar, en sunnan við þá er Læna, sem kemur úr gilinu við Selkonuvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 3

RA-221:026 *Stertur* heimild
“Austur af honum [Gilnateig] heitir Háþýfi. Þar var gerði sams konar og Girðing [022] og er það kallað Stertur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 3

RA-221:027 *Selkonuvað* örnefni sel
“En vestan við Bjargarkotsgil, og sunnan við Grænuborg, heitir Bakkar, en sunnan við þá er Læna, sem kemur úr gilinu við Selkonuvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 3

RA-221:028 *Brunnhús* örnefni brunnur
Brúnnhús var við Öskuhauginn 021. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður BK, 4

RA-221:029 bæjarstæði býli
Að sögn Oddgeirs í Tungu hefur blásið upp bæjarstæði austur af Lambey. Þar hafa fundist gamlir munir. Norður af því er sandur uppúr honum standa trjástofnar um 30 cm langir.
Heimildir:

RA-221:030 *Draugabotn* örnefni draugur
“Austur frá Flókastaðaá gengur grassýki, sem heitir Langibotn. Ofan við hann er breiður valllendistangi við ána og nær hann að Staðarengjum, kallaður Gilnateigur, það var engjaítak frá Giljum í Hvolhreppi. Draugabotn gengur inn í Gilnateig frá vestri.” Segir í örnefnalýsingu. Oddgeir í Tungu segir þetta vera í landi Breiðabólstaðar.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstað, Flókastöðum og Núpi, 3

RA-221b Breiðabólsstaður (Goðland)
“Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir.” “Takmörk afréttarins að suðvestan eru um Hvannárgil sem Hvaná fellur eftir upp til Krossár. Krossá skilur að Goðaland og Þórsmörk. Að austan liggja mörkin um Hrunakvísl eða Hrunagilskvísl, sem áður nefndist hrunaá, svo um gjögrið milli Hruna á Goðalandi og Múlatungna og síðan um Tungnakvíslarjökul sem eyðst hefur til mikilla muna á þessari öld. Móti suðri liggja takmörk á Fimmvörðuhálsi um rætur Mýrdalsjörkuls og Eyjafjallajökuls, en jökullaust haft er nú milli jökla þegar kemur fram á sumar.” Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50, 66-67. Eign Breiðabólsstaðarkirkju. 1847: “Eptir Goðalands afrétt, sem brauðið á, fær staðarhaldarinn árlega frá Austureyjafjalla mönnum 2 fiska vættir, ...” JJ, 49. “Seinna lét þó presturinn sér nægja, að landið væri aðeins smalað.” GR I, 199 - skógar á Goðalandi eru nú í umsjá Skógræktar ríkisins - GR I, 199

"Það er hálent og klettótt ... en nokkru grösugra [en hinir smáafréttirnir] ... Nálægt miðju Goðalandi, en innan við Réttarfell, eru Básar, grösugt skóglendi ... Innarlega á Goðalandi eru Hestagötur, snarbrattar brekkur, grösugar og lyngi grónar. Í Hestagötum töldu menn öruggan útigang, hverju sem viðraði." GR I, 199. Einn hnúkanna á Goðalandi heitir Útigönguhöfði og tíðkaðist lengi að láta fé ganga úti um vetur á Goðalandi. "Talið var hæfilegt, að hafa þar 30 kindur yfir veturinn, en oft mun hafa verið haft þar mun fleira fé." GR I, 200

RA-221b:001 gata leið
"Yfir tunguna allra neðst á Goðalandi, þar á sléttun, eru gamlar götur, greinilegar, alls 10 í röð." "Þær eru flestar uppgróar, nema sú ein, sem farin er."
Heimildir: SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 73

RA-221b:002 *Réttarfell* örnefni rétt
Til er örnefnaskrá fyrir Goðaland frá um 1591-1626: "Goðaland er innan Hrunagilsár og Hvanár, fyrir austan Krossá. Þar örnefni: Strákagil, Réttarflötur, Goðalandshellir í Básum, Réttarfell." Réttarfell er vestast á Goðalandi, niður við Krossáraura.
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 70; Herforingjarásðkort; GR I, 199

RA-221b:003 *Fimmvörðuháls* heimild um leið
Fimmvörðuháls er jökullaus blettur milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. "Fjölfarin göngustígur liggur norðan megin inn með Strákagili, með stefnu inn að Heiðarhorni í norðurbrún Morinsheiðar og er þetta upphaf göngugötunnar suður um Fimmvörðuháls og Skógarheiði." Rekstrarleið milli smáafrétta í norðurhlíðum Eyjafjallajökuls og Eyjafjallasveitar. "Var farið upp Útigönguhöfða, um Heljarkamb, upp Bröttufönn, suður Fimmvörðuháls og niður Skógaheiði. Þegar hægt var vegna veðurs, var á vorin einnig rekið til fjalls þessa sömu leið norður yfir. Leiðin yfir Jökulinn er að minnsta kosti þrefalt styttri heldur en ef farið er fyrir vestan ..." GR I, 200
Heimildir: GR I, 200, 202; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 70-71

RA-221b:004 *Álfakirkja* örnefni
Við útnorðurhorn Réttarfells, lítill og einkennilegur hnaus.
Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 73

RA-221b:005 *Hattból* örnefni
"Austan í Réttarfelli er klettur, sem Hattur heitir. Voru þar góðar kindastöðvar á öllum tímum árs, hagsælar og skjólgóðar. Í Hatti var svokallað Hattból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2

RA-221b:006 *Fjósafuð* örnefni fjós
"Innsti hálsinn heitir Réttarháls. Ofan við Básа [innan við 001] er brött hlíð, vaxin molsaþembum og nefnd Votupallar. Austan við þá eru Fuðanef og vestast í þeim Fjósafuð, hellisgjögur allmikið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2

RA-221b:007 heimild um rétt
"Austan við Básа [sjá 006] er Strákagil. Á það upptök sín uppi við Morinsheiði og endar niðri við Krissáraur. Vestast í því var til skamms tíma fjárrétt uppi við bergið, en nú hefur lækurinn, sem rennur eftir Strákagili, jafnað um hana." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2

RA-221b:008 heimild um náttstað
"Austan við Básа [sjá 006] er Strákagil. Á það upptök sín uppi við Morinsheiði og endar niðri við Krissáraur. Vestast í því var til skamms tíma fjárrétt uppi við bergið, en nú hefur lækurinn, sem rennur eftir Strákagili, jafnað um hana. Á sama stað áttu fjallmenn sér líka hæli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2

RA-221b:009 *Hestagötur* heimild um leið
"Innan við Strákagil [008] er stór háls, og er efri hluti hans kallaður Foldir. Vestast á hálsi þessum, norður við aurinn, er Fálkahöfuð. Þar var lengi varpstaður fálka. Fyrir innan Fálkahöfuð er Þvergil og inn frá því Gathillur í hlíðinni, ofan Krossársaurs. Innan við Gathillur eru Hestagötur austan á móti, há og brött hlíð ..." Segir í örnefnalýsingu. "Hlíðin austan í Goðalandi, norður frá Stóra-hruna og norður á hornið við Krossáraur, heitir Hestagötur. Þær horfa beint til vesturs frá Múlatungum og Teigstungum. Ekki er þarna um neinar raunverulegar götur að ræða nema þá fjárgötur ..."

Heimildir: Ö-Goðland ÞT, 2; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 67

RA-221b:010 *Réttarflötur* örnefni rétt
Til er örnefnaskrá fyrir Goðaland frá um 1591-1626: "Goðaland er innan Hrunagilsár og Hvanár, fyrir austan Krossá. Þar örnefni: Strákagil, Réttarflötur, Goðalandshellir í Básum, Réttarfell."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 70

RA-221b:011 *Goðalandsból* tóftir sæluhús
Kofi og rétt í Strákagili, sem er innan við Básа sem er nálægt miðju Goðalandi en þó innan við Réttarfell. "Goðalandsból er í [Stráka]gilkjaftinum að sunnanverðu og rétt hjá því gamla Goðalandsréttin. Hét heitir Bólhöfuð fremst í gilinu." "Lágu [leitarmenn] í kofa í Strákagili. Kofi þessi var hlaðinn ú rgrjóti og reft yfir með birkihríslum. Fjárrétt var þar einnig. Réttin og kofinn eru nú fallin, en þó sést enn fyrir hvoru tveggja."

ÞT: "Gamla Goðalandsbólið lætur lítið á sér bera þar sem það kúrir undir hamrinum fremst í Strákagili, skammt inan við Fuðanef. Sú var þó tíð að þetta var eitt besta viðleguból á öllum afréttunum og nokkrir menn minnast enn þaðan glaðra og góðra stunda. Bólið sjálft er aðeins gapi, en við það voru hlaðnir upp traustir grjótkamptar og reft af þeim í þak upp undir bergið. Dyrnar voru með vænni hurð og fjallmenn áttu þarna oftast naðurslausa næturkvíld, nema því kaldara væri í veðri. Í króknum innan við dyrnar voru litlar, grjóthlaðnar hlóðir og þar var kynt undir kaffikatlinum ... Bólið rúmaði sæmilega níu menn ... Nú er skarð fyrir skildi, bólið hefur breytt um svip, þak er brottu og gólfið horfið í rof, raka og skán. Auðvitað komst þetta ból ekki hjá því frekar en önnur viðleguból að verða af sumum kennt við reimleika. ... Síðasta Goðalandsrétt er neðst í Strákagili, rétt framan við viðlegubólið og Strákagilslækur hefur leikið sér að því að brjóta hana niður. Þarna var hún fyrst byggð um 1878 úr völdu, nærtæku mógrjóti. Leifar af byrgi sjást framan við réttina. Þar var aðhald fyrir hesta fjallamanna í snuddleitum, svo síðla hausts að heypoki var hafður með í fjallaferð heimana úr sveit."
Heimildir: GR I, 200; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 70, 74

RA-221b:012 *Goðalandsrétt* heimild um rétt
Kofi og rétt í Strákagili, sem er innan við Básа sem er nálægt miðju Goðalandi en þó innan við Réttarfell. "Goðalandsból er í [Stráka]gilkjaftinum að sunnanverðu og rétt hjá því gamla Goðalandsréttin. Hét heitir Bólhöfuð fremst í gilinu." "Lágu [leitarmenn] í kofa í Strákagili. Kofi þessi var hlaðinn ú rgrjóti og reft yfir með birkihríslum. Fjárrétt var þar einnig. Réttin og kofinn eru nú fallin, en þó sést enn fyrir hvoru tveggja." ÞT: "Síðasta Goðalandsrétt er neðst í Strákagili, rétt framan við viðlegubólið og Strákagilslækur hefur leikið sér að því að brjóta hana niður. Þarna var hún fyrst byggð um 1878 úr völdu, nærtæku mógrjóti. Leifar af byrgi sjást framan við réttina. Þar var aðhald fyrir hesta fjallamanna í snuddleitum, svo síðla hausts að heypoki var hafður með í fjallaferð heimana úr sveit."
Heimildir: GR I, 200; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 70, 74

RA-221b:013 heimild
"Leifar af byrgi sjást framan við réttina. Þar var aðhald fyrir hesta fjallamanna í snuddleitum, svo síðla hausts að heypoki var hafður með í fjallaferð heimana úr sveit."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 74

RA-222 Bjargarkot

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst. Í eyði árið 1801 og á árunum 1893-1900. 1839: "Allgóð tún, litlar útslægjur, hagar þröngvir." SSR, 96 1919: Tún 3,5 ha, garðar 839 m²

RA-222:001 *Bjargarkot* bæjarhóll bústaður
Bærinn stóð áður sunnar og austan við gilið, fluttu árið 1950. Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 459; Túnakort 1919

RA-222:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-222:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223 Árnagerði

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst, nefnd Stóra Árnagerði 1710. SB IV, 456 1839: "Þýfð tún, engjar nokkrar, hagar lítilfjörlegir." SSR, 96 1919: Tún 5,4 ha, garðar 1479 m² "Tún eru

flatlend og grasgefin en nokkuð raklend. Engjar voru áður austur og upp frá bænum og einnig sunnan við túnið og neðar. Þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar.” SB IV, 456

RA-223:001 *Árnagerði* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-223:006 heimild um fjárhús
“Vestan við gilið, framan í Holtinu eru valllendisbrekkur, kallast Hvammur, þar voru lengi fjárhús frá Árnagerði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstað, Flókastöðum og Núpi, 1

RA-223:007 *Torfrimi* örnefni rista
“Suðvestur af Austurmýri er bærinn í Árnagerði. Norðan við bæinn er mýrarblettur, sunnan við hann er valllendisbali, nefnist Torfrimi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstað, Flókastöðum og Núpi, 1

RA-224 Háfakot [Háakot]

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst, nefnd Háakot eða Brekkukot í JÁM. Í eyði frá árinu 1918. 1839: “... fallegt tún eður túnstæði, engjar litlar; hægt, en afkomulítið til haga á fjalllendinu fyrir ofan kotið.” SSR, 96 1919: Tún 3,4 ha, garðar 747 m² “Tún voru brött en engjar flatlendar niður frá Árnagerði, þýfðar en grasgefnar. Hagar voru óskiftir frá Breiðabólstað.” SB IV, 462

RA-224:001 *Háfakot [Háakot]*bæjarhóll bústaður
“... stóð bærinn efst í brekkunni, upp frá bænum á Breiðabólstað ... Nú eru þar engin hús, en gamlar tóttir vitna um byggð á staðnum.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 462; Túnakort 1919

RA-224:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-224:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-224:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-224:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

RA-224:006 heimild um túngarð
“Gamall túngarður lá frá austri til vesturs og var hann markagarður milli túna á Háakkoti og Breiðabólstað.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstað, Flókastöðum og Núpi, 1

RA-225 Aurasel

Hjáleiga Breiðabólsstaðar. Fyrst nefnd árið 1803. 1847: “Líka er þar nú fyrri 70 árum bygt býli, Aurasel, og

hefur því staðarhaldarinn ráðir af, að halda fénu heldur í landi eyðijarða staðarins, sem áður var." JJ 49. Jörðin var byggð upp á selstöðu frá Breiðabólstað um 1785. Jörðin var í eyði frá árunum 1877-1899 og fór síðan úr ábúð árið 1954. 1839: "Túna- og engjalítið, en landrými gott til haga." SSR, 96 1920: Tún 2,3 ha, 1,5 ha, sléttað, garðar 812 m² "Aurasel var talin dágóð bújörð, tún lárétt og slétt út frá bænum, en engjar fremur reytingslegar og í nokkurri fjarlægð. Hagar eru víðlendir og góðir." SB IV, 464.

RA-225:001 *Aurasel* bæjarstæði býli/sel
Þarna var áður selstaða frá Breiðabólstað, var nytjuð frá B til beitar og ef til vill selstöðu þegar hún var í eyði undir lok 20. aldar.
Heimildir: SB IV, 464; Ö-Aurasel, 1; Túnakort 1920

RA-225:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-225:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

“Blábringa var hjáleiga frá Eystra-Fróðholti, í byggð á árunum 1856-1907. Bær þessi var syðstur og næstur sjó allra bæja er verið hafa í Rangárvallahreppi fyrr og síðar.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Blábringa var hjáleiga frá Eystra-Fróðárholti og stóð röskan kílómetra suð-suðvestur frá Galtarholti., næst sjó allra bæjar sem verið hafa í Rangarvallahreppi. Síðan Galtarholti var skipt úr Eystra-Fróðholti er bæjarstæðið innan þeirrar jarðar. Bærinn reistu Jón Guðmundsson og Höskuldur Jónsson árið 1856, en árið 1907 lagðist hann í eyði.”
Heimildir: SB V, 94; VS: Rangvellingabók, 40

RA-269:005 varða landamerki
Landamerki 1889: “Að austan ræður lína frá vörðu eða garðlagi sem er á bakkanum fyrir austan Markhól, skal

varða sú bera í hæsta hnúkinn á vestanverðu Hagafjalli í Eystrahrepp ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 61

RA-269:006 varða landamerki
Landamerki 1889: "Að vestan skapast lína frá vörðu á bökkunum fyrir austan Fróðholtshjáleigu, sjónhending fyrir vestan svonefndan Fornabæ, bein lína suður að Landeyjarmörkum, sem eru þegar varðan við Kýrauga jaðar við Múlaendann sem er almennt kallaður Fjallsendi."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 61

RA-270 Galtarholt

Jarðýrleiki talinn 5 hdr., 1711, til forna var hún haldin helmingur Eystra-Fróðárholts. "Galtarholts er fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] og er svo jafnan í máldögum þeirrar kirkju til 1480. Jörðin mun síðan hafa lagst í eyði, því er Brynjólfur biskup Sveinsson visiteraði Oddakirkju 1641 taldi hann Galtarholt eign kirkjunnar nýbyggt úr Eystra-Fróðholti, en í hinum fornu máldögum Oddakirkju var Galtarholt ekki talið með eignum hennar." VS Rangvellingabók, 115-116. Oddakirkjueign. Árið 1942 voru gerð landaskipti milli G og Eystra-Fróðholts. SB V, 941711: "Engjum spillir Þverá." JÁM I, 255. 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Tún. Vallendisrimi, rakt, greiðfært. Engjar: Samfelldar og blautar. Beitiland: Þýfð mýri. Fremur víðlent. Sæmilega til allrar beitar." VS Rangvellingabók, 116

RA-270:001 *Galtarholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-270:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-270:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-270:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-270:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-270:006 *Kýraugavarða* varða landamerki
"Kýraugavarða er landsuður-hornmark milli Rangárvalla og Landeyja." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 3

RA-270:007 *Blábringa* bæjarstæði býli
Blábringa er eyðibýli sem liggur undir Galtarholti, því tilheyrðu engin Smjörkelda og Loðnadæld, segir í örnefnalýsingu. "Síðustu ábúendur voru þar Gunar Ásbjörnsson og Þórunn Jónsdóttir, nú búandi í Skipagerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 3

RA-270:008 heimild um rétt
"Fyrir ofan það [Elftingarrif aðalegni G] er Heimrikelda og Rauðsrimi norður af henni. Þar var hús og rétt til skamms tína." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 3

RA-270:009 heimild um vatnsból
"Í Pyttrifi var lengi pyttur eða vatnshola, er var þannig til komin. Jón Loftsson, bóndi á Geldingalæk, heyjaði þar grasleysissumarið 1882. Tók hann þá brunn eða pytt í rifið til að fá vatn til neyzlu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:010 *Sólrúnartótt* bæjarstæði bústaður
"Í Sólrúnartótt bjó eitt sinn einsetukona." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:011 *Þvottarif*örnefni þvottastaður
“Syðrarif og Þvottarif liggja til útsuðurs frá bænum, en nafnlaust mýrarsund á milli þeirra og sundsins.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:012 heimild
“Heima og norðar [en 011] er nokkurt þurrlendi, kallað Bali, þar er tóftarbrot gamalt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:013 *Gömlukvíar* heimild um kvíar
“Í túninu eru Gömlikvíar, þar sést til gamallar hleðslu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 4

RA-271 Markhóll
Ekki nefnd í jarðbók 1711. Fyrst nefnd árið 1828, varð grasbýli 1831. VS: Rangvellingabók, 60, 277

RA-271:001 *Markhóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-272 Stórholt
Ekki nefnd í jarðbók 1711. Stórholt var hjáleiga frá Uxahrygg, í byggð frá 1825-1883.

RA-272:001 *Stórholt* bæjarhóll bústaður
“Stórholt var hjáleiga frá Uxahrygg og stóð tæpan kílómetra suður frá Þverá og um 1 1/2 km vestnorðvestur frá Uxahrygg.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 425

RA-273 Uxahryggur
20 hdr., 1711, Oddakirkjueign. “Uxahryggjar finnst fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá árinu 1332. Í máldaga sömu kirkju frá 1270 er talin meðal eigna kirkjunnar jörðin Fjóslandi, en aldrei síðar, og taldi Vigfús Guðmundsson frá Keldum að þar væru um að ræða sama bæ og Uxahrygg.” VS: Rangvellingabók, 452. Jörðin skiptist nú í tvö býli og er landið aðskilið, bæirnir stóðu saman til 1957. “Landareignin er að mestumýri, nú ræst fram og þurrkuð. Meðfram Þverá eru þurrir bakkar.” SB V, 90-91. Abýli frá Uxahrygg voru Stórholt byggt 1825 og Blábringa 1856.1711: “Túninu spillir vatn nokkurt (Þverá), er uppá ber sand og í ísaleysíngum rifur grassrót af, er og ekki þá bænum óhætt, líka grandar því sandfjúk. Engjum spillir í sama máta Þverá.” JÁM I, 255 1849. “Tún eru engin, en útslægjur afbragðs góðar og miklar so árlega má ljá öðrum. Hagbeit engin önnur en sú sem fæst fyrir slægjulán. Á sumrum er gagn af kúm ogso mikið gott, lítið af kúm á vetri. Jörðin er að öllu hæg, því garðhleðsla sem þarf til að verja landið árflóðum getur ei álitist eins, því síðar meiri vinna en túnræktun vanalega krefur.” 1850: “Uxahryggur með Stórholti hafa eigin tún. Utantúnsslægjur eru að kalla má allar þýfðar, nema tvö lítil stykki við Þverárbakka. Heyskapur þessara jarða er allur helmingjur efling sem heldur er árlega að aukast af sandfoki úr þverá og árflóðum á vetrum, mjög er þessi heyskapur votsamur í rosárum. - Þverá rétt við fyrstu frost rennur yfir bakkana fyrir austan Skeið og rennur svo vestur eftir allri mýri, þar sem hún er hvað líklegust til beitar.” VS: Rangvellingabók, 453 1917: Norðurbær: Tún 0,3 ha, ekkert slétt, garðar 1750 m² Suðurbær: Tún 0,3 ha, ekkert slétt, garðar 2080 m² 1940. “Túnið er valllendisrimi, rakt, greiðfært, vélfært að nokkru, votlent, blautt. beitiland: Votlend, flöt mýri, grasgefin. Sumarbeit góð, hausbeit sæmileg, vetrarbeit leggst undir, votbeit góð.” VS: Rangvellingabók, 453

RA-273:001 *Uxahryggur* bæjarhóll bústaður
“Fornibær stendur skammt suður af bænum úti í mýrinni. Bærinn sennilega fluttur þaðan vegna örðugra samgangna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 2

RA-273:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-273:013 *Langhólar* bæjarstæði býli
"Bakkarnir, eru þar lágir og brýst Þverá stundum yfir þá á vetrin. Nokkuð austar eru ávalir hæðarhryggir, sem nefnast Langhólar (eyðibýli) stendur nokkuð út í mýrinni í vestur frá bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 2

RA-273:014 *Jónstóft* tóft fjárskýli
"Suður af holtinu [sjá 013] er Skollarimi, en austur af honum Borgarholt, sennilega staðið þar fjárborgir. Sést móta fyrir gamalli kofatóft, sem kölluð er Jónstóft." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 2

RA-273:015 garðlag
"Engjarnar liggja suður og austur af bænum. Sorarnir liggja í austur næst bænum, þýfð mýri og blautlend. Í þeim er gamall skjólgarður, er stendur þar í rima, sem kenndur er við hann og kallaður Skjólgarðsrimi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakkabæir, 2-3

RA-273:016 *Blábinga* bæjarstæði býli
Blábringa var afbýli frá Uxahrygg byggt árið 1856.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 452

RA-273:017 heimild um landamerki
Landamerki 1629: "Í fyrstu skal sá garður ráða sem liggur á milli Skeiðs og Uxahryggjar, síðan úr honum sjónhending í þann skurð, sem kallast Markaskurður, en sumir nefna Markalæk. So þaðan sjónhending í rima þann sem nefnist Krákuskjól. Þá út eftir honum öllum í móts við Kýrauga."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 452

RA-273:018 heimild um varnargarður
"Á Þverárbökkum þarf árlega að hlaða og viðhalda girðingu til að afstýra ágangi af Þverá ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 453

RA-274 Oddahóll

"Bærinn Oddhóll finnst fyrst enfndur í máldaga Oddakirkju 1553 og stóð upphaflega á hól tæpa tvo kílómetra suð-suðaustur frá Odda, en var árið 1949 fluttur austur á bakka Eystri-Rangár andspænis Móeiðarhvoli." VS: Rangvellingabók, 301. "Oddahóll var áður hjáleiga frá Odda en 1922 var jörðinni skipt frá Oddalandi og er síðan sjálfstæð bújörð. ... Landareignin er öll gróin, valllendi og mýri." SB V, 89. 1850: "Túnið er hálft greiðfært en hitt þýft. - Utantúnsslægjur eru flóð sem fást af 40 hestar, stör og fergin. Af öðrum útslægjum jarðarinnar fást 280 hestar af meðalbandi af eflingarheyi, og er því létt til fóðurs. Þar til fást 20 hestar af gulstarung. Mikið stykki af engjum er komið í sand, er það í mæli að þar af hafi fengist 300 hestar. Hagar eru litlir og léttir. Hættur fyrir fé af flóðum og dýjum. Engjarnar liggja undir áföllum. Reiðingsrista til eigin brúkunar og torfrista er hér næg." VS: Rangvellingabók, 302 1917: Tún 5,7 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 1690 m² 1940: "Tún: Gott, 1/2 vélfært, samfellt, grasgefið. Að mestu vélfært. Vallendi og mýrgresi. Þurrar. Beitiland: Valllendisbakkar og mýri. Þröngt miðað við heyafla. Góð sumarbeit. Lítil vetrarbeit. Ókostri: Hætta af flóðum." VS: Rangvellingabók, 302

RA-274:001 *Oddahóll* bæjarhóll bústaður
1709: "Engin man hennar fyrstu bygð. ... Túninu grandar sandur, sem uppblæs. Engjar eru mjög votunnar og í vætusumrum heyskapur ærið ljettur." "Bærinn Oddahóll stóð frá fornu fari á hól tæpa tvo km suð-suðaustur frá Odda en árið 1949 var hann fluttur austur á bakka Eystri-Rangár." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 260-261; SB V, 89; Túnakort 1917

RA-274:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-274:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-274:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-274:005 heimild
"Í Langekrutúni sjást merki um fallin helli, eins í gamla Oddhól."
Heimildir: SB V, 12

RA-274:006 *Flögrubrekkuvað* heimild um vað
"Með Rangá er Fagrabrekka og hallar móti suðri. Þar er prestsvað á ánni að Hvoli, dregur það nafn af brekkunni og kallast Fögrubrekkuvað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddhóll, 2

RA-274:007 *Klaufarvað* heimild um vað
"Vestar í engjunum, rétt við ána, er hár og sléttur hóll, sem nefndur er Ferstikla, skammt vestar er Klaufarvað á Rangá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddhóll, 2

RA-274:008 *Bátsvað* heimild um vað
"Enn vestar er Bátsvað, alldjúpt landa á milli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddhóll, 2

RA-274:009 heimild um ferju
"Syðst oddinn milli ánna heitir Króktangi. Þar er ferja yfir að Fróðholtshjáleigu.." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddhóll, 2

RA-274:010 *Einbúi* heimild um huldufólksbústað
"Eystri-Einbúi nefnist grashóll fyrir vestan Kríuflóð, en Vestri-Einbúi á bökkum Þverár. Hann er úr móbergi og er að brotna á ána. Hóllinn er á mörkum Oddahverfis. Í Einbúa á að vera huldufólk, en engar sagnir eru til um það lengur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddhóll, 2

RA-275 Lambhagi

20 hdr 1619. 6 hdr. 1847. "Lambhagi er fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga

Oddakirkju. DI II, 86-88] en árið 1922 fannst kuml úr heiðni sem gæti bent til að bærinn hafi verið kominn í byggð fyrir kristnitöku. Lambhagi lagðist í eyði 1704 og var það með vissu enn 1719, og ekki er getið um búskap þar aftur fyrr en 1749 ... Fyrsti eigandi Lambhaga sem um getur var Skálholtsstóll ... Næst finnst þess getið að Jón Magnússon á Nípu í Fljótshvergi og kona hans Halla Sigmundsdóttir seldu Torfa Eiríkssyni á Keldum hálfan Lambhaga X hundruð að dýrleika 2. október 1619, en Torfi seldi hann aftur 1636 Hákoni Bjarnasyni stjúpsyni sínum. Guðmundur Torfason á Keldum átti hálfan Lambhaga er hann lést 1670 og erfði hann Guðlaug dóttir hans er síðar varð kona Odds Jónssonar digra. Árið 1695 átti Björn Þorleifsson prestur í Odda Lambhaga. Síðan hefur Eiríkur Oddsson prestur í Hrepphólum eignast jörðin hálfa, en seldi þann helming 26. júní 1703 Marteini Björnssyni á Reyðarvatni sem var enn eigandi hans 1711, en hinn helming Lambhaga átti þá Jón Jónsson á Syðriströnd en seldi hann 3. júlí 1719 séra Þorsteini Oddssyni í Holti." VS: Rangvellingabók, 250-251. Í eyði 1709 og 1760 en í byggð 1847, 1709 segir af eyðihjáleigu við Lambhagatún. "Gamalt gróðurlendi Lambhaga er valllendi og mýri en hluti jarðarinnar er örfoka sandur, nú á gróðri leið til að gróa upp fyrir atbeina manna." Nýbýlið Hjarðarbrekka byggt árið 1953. SB V, 87-88.

1711: "Engjar eru stórum af sandi spiltar; það eftir er brúka eignedur til slægna." JÁM I, 254 1850: "Tún eru hér greiðfær en sendin og harðlend. - Utantúnsslægjurnar eru að miklu leyti sendnir bakkar og fast af þeim einungsis elftingarhey mjög létt til fóðurs. - Hinar slægjurnar eru svonefnd Lambhagaflóð sem eru sérlega erfið vegna vatns og bleytu, og verður að standa í þeim venjulega upp í mitti. - Meira er helmingur landsins er nú austur sandur á einstaka stað með hnjótum, en það sem eftir er, sem er lítið að víðáttu, en sumt mýrlendi og sumt valllendi. Hagar eru bærilegir framan af vetri en ónýtir þá álíður. Hættur eru miklar bæði af flóðum og dýjum. Torfrista engin eður nokkur hlunnindi en ágangur af sandi og nokkur af Rangá í vatnavöxtum." 1884: "Grastorfa sú sem túnið liggur vesta í liggur öll eins og það undir sandágangi bæði úr háum sandrofum fáa faðma fyrir austan og sunnan túngarðinn og úr sandgára fyrir norðan túnið. - Allir hagarnir fyrir norðan túnið eru undirorpnir sandágangi, en engjum jarðarinnar er ekki búinn bráður voði þar af." VS: Rangvellingabók, 252 1917: Tún 4,8 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 1217 m² 1940. "Tún: 1/2 vélfært, hitt greiðfært. Jarðvegur: Sendinn. Engjar: Flæðiengi samfellt 2/5 vélfært, hitt þýft og greiðfært. Votlendar. Beitiland: Mýri og valllendi, fremur þröngt. Góð sumarbeit, lítil vetrarbeit. Ókostir: Nokkurt sandfok á tún." VS: Rangvellingabók, 252

RA-275:001 *Lambhagi* bæjarhóll bústaður
1709. "Tún alt og tóftir þar bærinn stóð, er kafið sandi." "Bærinn stóð upp í hátúninu, Gamlibær, fram til um 1800, en þá var hann fluttur undan sandfoki og þá settur í rústir Lambhagahjáleigu [004], sem þá var búin að vera í eyði í 50 ár." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 254; Ö-Lambhagi, 1

RA-275:002 *Lambhagahjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Í úngdæmi manna var við Lambhagatún Hjáleiga lítil fjörleg. Eyðilagðist eitthvað fyrir 50 árum. Landskuld vita menn ekki hvað verið hefur. Tún og tóftir er komið í sand. Kann ekki aftur byggjast." "Bærinn [001] stóð upp í hátúninu, Gamlibær, fram til um 1800, en þá var hann fluttur undan sandfoki og þá settur í rústir Lambhagahjáleigu, sem þá var búin að vera í eyði í 50 ár." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 254; Ö-Lambhagi, 2; Túnakort 1917

RA-275:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-275:010 kuml legstaður
"Fyrir austan túni er allhá bakkabrot, sem blástur stafar frá, einkum á vorin. Þeir eru nefndir Rof. Þar hefur blásið upp dys,m og fundust bein af manni og hesti." Segir í örnefnalýsingu. Árið 1922 var safninu afhent spjót fornt (Þjms. 8598) ásamt jaxli úr manni og fylgdi sú greinargerð, að hvort tveggja hefði fundizt í "uppblásinni dys" fyrir vestan Lambhaga. Sennilega hefur þarna verið kuml úr heiðni. Spjótið er illa farið, falurinn brotinn um legg, en þó hefur það skýr einkenni K-gerðar, Sverd 21. Heimildir: Safnaukaskrá ópr.
Heimildir: KEKH, 43; Ö-Lambhagi, 1

RA-275:011 gripir
Spjót frá miðöldum, hugsanlega 10. öld, fannst í Lambhaga Þjms. Ásbúðarsafn. Spjót, 31.2 sm að lengd, vantar neðan á falinn, oddar út frá legg eins og á Þjms. 5004, enda eru þessi tvö spjót lík, þótt Lambhagaspjótið sé stærra.
Heimildir: KEKH, 283

RA-275:012 *Sæmundarhellir* hellir lambhús
"Í Lambhaga eru fallnir hellar. Sagan segir að þar hafi verið lambahellir Sæmundar fróða." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Nafnið Lambhagi mun vera frá tímum Oddaverja. Munu þeir, áður en byggð þar hófst, hafa haft þar fénað sinn upp við þurrlendið. Hefur það legið þar við helir mikinn, sem Sæmundarhellir heitir og er þar suður í túninu. Hefur hann verið grafinn upp af núverandi ábúanda, og var skánin í honum tvær skóflustungur á þykkt." Segir í örnefnalýsingu. "Í Lambhaga eru fallnir hellar. Munnmæli herma að þar hafi verið lambhellir Sæmundar fróða."
Heimildir: SB V, 12; Ö-Lambhagi, 1; Manngeðir hellar, 215-216

RA-275:013 *Torfuvað* heimild um vað
"Suður af bænum er graslendi nokkurt, sem nefnt er Torfa. Þar var vað á Rangá, nefnt Torfuvað, en er nú sjaldan eða aldrei farið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lambhagi, 1

RA-275:014 heimild um áveitu
"... austan við Fremflóðin, er mýrarstykki, sem kallað er Mosar, og ná þeir vestur að skurði, sem grafinn er úr Vatninu í Framflóðin, er svo annar skurður grafinn úr þeim og í Rangá."
Heimildir: Ö-Lambhagi, 3

RA-275:015 heimild um áveitu
"... austan við Fremflóðin, er mýrarstykki, sem kallað er Mosar, og ná þeir vestur að skurði, sem grafinn er úr Vatninu í Framflóðin, er svo annar skurður grafinn úr þeim og í Rangá. Gunnlaugur bóndi, sem flutti að Lambhaga 1882, gróf þann skurð í gegnum stykki, sem nefnt er Kragi."
Heimildir: Ö-Lambhagi, 3

RA-275:016 heimild um fjárhús
"Bakkar heita utan fjárhúsa með Oddagötum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lambhagi, 3

RA-275:017 *Oddagötur* heimild um leið
"Bakkar heita utan fjárhúsa með Oddagötum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lambhagi, 3

RA-275:018 *Rauðkollur* varða
"Vestast og nyrzt í landareigninni er Rauðkollur, grashóll með vörðu, hornmark." Segir í örnefnalýsingu.
Landamerki 1890: "... eru að suðvestan úr vörðu við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku, þaðan beina stenfu í Rauðkoll, svo frá Rauðkoll sjónhending í svokallaðan Markamel er stendur við
þjóðveginn og Strandarútsenda, og þaðan beina línu í Djúpadalshelli, svo ræður Rangá að fyrst nefndri vörðu."
Heimildir: Ö-Lambhagi, 3; VS: Rangvellingabók, 251

RA-275:019 *Klappavað* heimild um vað
"Í annarri örnefnalýsingu, sem hér liggur fyrir, segir svo: "Lítið eitt sunnan við Torfu er vað á Rangá, sem heiti Klappavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lambhagi, 4

RA-275:020 hellir
"Í Lambhaga fundust hrundir hellar er grafið var fyrir heyhlöðu og fjóskjallara."
Heimildir: Manngerðir hellar, 223

RA-275:021 varða landamerki
Landamerki 1890: "... eru að suðvestan úr vörðu við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, svo frá Rauðkoll sjónhending í svokallaðan Markamel er stendur við þjóðveginn og Strandarútsenda, og þaðan beina línu í Djúpadalshelli, svo ræður Rangá að fyrst nefndri vörðu."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 251

RA-275:022 heimild um túngarð
1884: "Grastorfa sú sem túnið liggur vesta í liggur öll eins og það undir sandágangi bæði úr háum sandrofum fáa faðma fyrir austan og sunnan túngarðinn og úr sandgára fyrir norðan túnið. "
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 252

RA-276 Strönd

Fyrir 1711 var tvíbýli, Efri og Syðri Strönd en efra býlið var í eyði frá 1707, það var eign Skálholtsdómkirkju og talið 20 hdr., syðra býlið var einnig metið á 20 hdr en eigandi var Oddakirkja. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 "Fyrsti eigandi Efristrandar sem vitað er um, var Hrafn Hængsson lögsögumaður á Hofi sem seldi Þorgeiri Ásgrímssyni landnámsmanni í Odda Strandir báðar ásamt Oddalöndum. Næst er vitað um eigendur jarðarinnar að Oddur Einarsson biskup í Skálholti 1589-1630 keypti jörðina til Skálholtsstóls og var hún síðan eign stólsins uns hann var lagður niður 1785 ..." "Strönd eða Syðriströnd eins og hún var nefnd um margar aldir, finnst fyrst nefnd í Landnámabók Sturlu Þórðarsonar sem skráð var um miðja 13. öld. Jörðin lagðist í eyði 1882 en fólk var þar í húsum skamma stund eftir það. ... " VS: Rangvellingabók, 59, 431"Eftir auðn frá 1882 var Strönd endurbyggð árið 1933 en þar var reistur heimavistarbarnaskóli er starfaði til 1970. ... og 1974 var þar aftur hafinn búskapur. Gróðurlendi Strandar er mest valllendi en mikill hluti af landareigninni var til skamms tíma örfoka sandur." Nýbýli Litla-Strönd byggð árið 1934. SB V, 85.

1711: "Engjar eru litlar og sækir ábúandinn heyskap til eyðijarðarinnar Lambhaga. ... Túni, slægjum og högum grandar mikið blástur sandur. Jörðin liggur undir stórum spjöllum." JÁM I, 253-254 1839: Syðriströnd: "Útiganga góð, heyskapur oftast lítill því jörðin er mikið eyðilögð og eyðilegst árlega af sandfoki." 1849 Syðriströnd: "Tún slétt og söndug, engjar litlar. Land lítið og blásið. Stórgripahagi sárlítill." 1884 Syðriströnd: "Lítil grasspilda fyrir sunnan Strandasíki, túnstæðið og smá grasblettir í kringum það er það eina af landareigninni sem ekki er komið í beran sand, en er þó nú allt sandétið og undir eyðingu." 1940 Syðriströnd. "Tún: Slétt og greiðfært. Jarðvegur: Sendinn. Engjar: Samfelldar, greiðfarar og þýfðar, þurrar. beitilandið: Grasgeirar. Lítið en allgott til beitar. Jörðin er mjög eydd af sandfoki og enn í hættu." VS: Rangvellingabók, 432

RA-276:001 *Strönd* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-276:002 *Efri-Strönd* bæjarstæði bústaður
Tvíbýli var til ársins 1707. "Þessi jörð halda menn ekki kunni aftur byggjast, því blásturs sandur er yfirgenginn tún mestalt og engjar, so slægjur eru litlar eða engar. ... Hús öll í burt og mikið af beitilandinu komið í aur og sand." "Efri-Strönd var smábýli. Það stóð á alháum hól, skammt frá Síkinu, fór hún í eyði 1709, vegna sandfoks." Segir í örnefnalýsingu. "Efriströnd stóð á hól um 150 metra vestur frá Strandarsíki og um einn kílómetra norðaustur frá Strönd. Bæjar þessa finnst fyrst getið í Landnámabók Sturlu Þórðarsonar sem skráð var um miðja 13. öld, en 1709 lagðist hann í eyði." SV: "Hún stóð neðar við Síkið að vestanverðu, 4 km sv. frá Eystri Kirkjubæ og 5 1/2 km na. frá Odda."

Heimildir: JÁM I, 253; Ö-Vestri-Kirkjubær, Strönd og Grafarbakki, 8; VS: Rangvellingabók, 59; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 149

RA-276:003 *Gamlaströnd* bæjarstæði bústaður
Sennilega sama og 001. "Suður af henni [Stóruflöt] eru grastægingar, en sunnan við þá stór og hár hóll, Efri-Standarhóll. Þar stóð bærinn Gamlaströnd." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-276:004 *Melhús* heimild um fjárhús
"Skammt suðvestur af túninu á Kirkjubæ er lág, sem heitir Bleikslág fram af henni heita Melar. Fyrir þeim

miðjum norðan til Melhús (fjárhús).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-276:005 *Presttættur* tóft fjárhús
“Vestur á Melnum er allstór hóll lyngi og kjarri vaxinn, sem heitir Lynghóll. Hann er hornmark milli Kirkjubæjar, Strandar og Varmdals. Norður af honum eru tættur, sem heita Preststættur. Voru eitt sinn sauðahús frá Odda, er Gamlaströnd lá undir Odda.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-276:006 heimild um landamerki
Landamerki Efri-Strandar 1652: “Í fyrstu sá landamerkjagarður sem er á milli Strandanna og svo langt austur sem til hans sést. Þaðan sjónhending í Hrosshól. Úr Hrosshól og í Melkotshól. Úr Melkotshól og í Tréhól. Úr Tréhól í Lynghól. Úr Lynghól og í fyrr skrifaðan garð.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 59

RA-276:007 varða landamerki
Landamerki Syðristrandar 1890: “Að norðanverðu liggja mörkin úr Lynghól sjónendingu í vörðu á Geitasandi, er stendur þar sem kirkjuvegurinn frá Stórahofi liggur yfir þjóðveg, og er sú stefna á milli Heimaeyjar og Bjarnareyjar. Úr nefndri vörðu sjónhending í þúfu á svokölluðum Strandarrana við þjóðveginn, úr nefndri þúfu sömu stefnu í Merkmel er einnig stendur við þjóðveginn á svokallaðri Langrófu. Síðan ligggja mörkin úr Markamel beina stefnu í fyrst nefndan Lynghól.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 432

RA-277 Vestari Kirkjubær

Jarðadýrleiki óviss, en tíund til fátækra samsvarar 20 hdr 1709, Skálholtsdómkirkjueign. “Vestri-Kirkjubæjar er fyrst getið í sölubréfi Gunnarsholts frá 1398, þar sem nefnd er Ytri-Kirkjubæjarjörð, en óvist er hvort þar er traust heimild. Að því frágengnu er sölubréf sömu jarðar gert 12. júní 1475 elsta heimild um Vestri-Kirkjubæ. Í skrá um jarðir Skálholtsstóld frá 1859 er jörðin nefnd Stærri-Kirkjubær og 1655 er hún kölluð Syðri-Kirkjubær í bréfabók Brynjólfs biksups Sveinssonar. ... Fyrir 1589 var Vestri-Kirkjubær orðinn eign Skálholtsstóls ...” VS: Rangvellingabók, 494. Eyðihjáleiga var í túnfætinum 1711 og einnig var gamalt kot sem ekki er víst að sé byggt úr landi Vestari-Kirkjubæjar. Gíslahjáleiga var einnig byggð úr jörðinni fyri 1767. “Vestri-Kirkjubær lagðist í eyðir 1950. Land jarðarinnar er að mestu gróið og er meirihluti þess valllendi en einnig nokkur mýri og er það gott beitiland.” SB V, 84

1711: “Engjar eru engar.” JÁM I, 251 1840: “Útigangur allgóður. Heyskapur enginn nema túnið. Liggur undir áföllum af sandfoki, hefur sums staðar af sér gengið af blástri, en aftur annars staðar heldur batnað að því leyti kvistur hefur aukist í högum, þar sem mold eða fínn sandur hefur mátulega á fokið.” 1849: Tún mikil og góð. Engjar litlar. Land til hagbeitar gott og mikið. Gripagagn í meðallagi.” 1882: “Þessi (jörð) hefur engar utantúns slægjur nema aðeins í bestu grasárum, en víðáttumiklar og fremur kjarngóða haga, sem ekki eru ennþá spilltir svo teljandi sé.” VS: Rangvellingabók, 495 1917: Tún 13,3 ha, þar af 7 ha slétt, garðar 21550 m² 1940: “Tún: Vélfært að mestu. Jarðvegur: Sæmilegur. engjar: Engar. Beitiland: Meirihluti valllendi, nokkur kvistur, dálítil mýri, mjög víðlent og ágætt til allrar beitar. Ókostir: Mikill búfjárgangur. Nokkur uppblástur í högum.” VS: Rangvellingabók, 495

RA-277:001 *Vestari Kirkjubær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-277:009 *Kirkjubæjarhjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Í túnfætinum hefur lítilfjörlegt býli staðið, var Hjáleiga frá Vestari Kirkjubæ. Meinast fyrst bygð eitthvað fyrir 70 árum. Eyðilagðist fyrir 40 árum eða því nær." "Vestur af hólnum er gamalt eyðibýli (tættur), Kirkjubæjarhjáleiga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 251; Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:010 *Melakot* bæjarstæði býli
1709: "Sjest nú aðeins til undirstöðu eða steinaldana nokkurra í sandinum þar bærinn staðið hefur. Enginn veit að segja þessarar bygðar eyðilegging, meinast þó hafa skeð fyrir nokkrum mannsöldrum. Bæjarstæðið og landið um kring er alt sandi blásið og grasslaust og þar fyrri alldeilis óbyggilegt. Landplátsið hafa menn tilheyrði Oddakirkju." "Völlurinn sunnan við það [Strandarsíki] heitir Móflatir og suður af þeim Bætur, Smábætur, Stórbætur. Framan við Stórubót eru gamlar tættur. Þar stóð bærinn Melkot." Segir í örnefnalýsingu. VG: "Staðið hefir það til útnorðurs frá ... [Sandi] vestan við Síkið, drjúgan kipp ssv. frá Vestri Kirkjubæ og telst nú í landi þeirrar jarðar. Grjót sést þar aðeins á berum mel, bæði mógrjót úr nefi við Síkið þar nærri og blágrýti flutt frá Eystri Kirkjubæ, úr hellunámi, er þar hefir verið frá fornum öldum."

"Annað Melakot stóð vestan við Strandarsíki, um 1 1/2 km suðsuðvestur frá Vestri-Kirkjubæ. Bæjar þessa er fyrst getið með nafni í vitnisburði Erlends Jónssonar um landamerki jarðarinnar 12. maí 1653, en jarðarinnar er getið í máldögum Oddakirkju allt frá 1397, jafnan nefnd þar jarðarpartur sem sé eign kirkjunnar, og hélst svo til 1685 en þá er hennar getið með nafni í máldaga Oddakirkju. Í máldaga Oddakirkju 1397 er takmörkum jarðarpartsins lýst svo: "Kirkjan á jarðapart er liggur með Neðriströnd millum þessara takmarka: Er merkigarður fyrir ofan Torfrima fyrir austan. Túngarður á Strönd fyrir neðan." Vitnisburður Erlends Jónssonar um landamerki Melakots er á þá leið: "Að Melkoti átti í grófarjarðfallið fyrir norðan grænablett og úr því jarðfalli og út í Tréhól vesturá, en austur úr jarðfallinu og í þá einstöku torfu við lækinn norðast þar sem Miðmelar enda." "
Heimildir: JÁM I, 251; Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1; VS: Rangvellingabók, 279; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 149

RA-277:011 heimild um mógrafir
"Mótak er í landareigninni." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 84

RA-277:012 *Fornufjós* heimild um fjós
"Þar eru og austan [við hólinn] í hólnum tættur, sem heita Fornufjós." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:013 *Ostbúr* tóft
"Norðan við bæinn er stór tóft, gróin og mjög fornleg, sem heitir Ostabúr." Segir í örnefnalýsingu. SV gróf í tóftina: "... lét eg grafa ofan í vestri enda þess gröf, sem var 6 fet á lengd, 4 fet á breidd og 7 fet á dýpt. Þegar komið var 4 fet niðr, fór að koma vettr af ösku, sem varð meiri og meiri eftir því sem neðar kom. Á 3 álna djúpi varð hún mest, rauðleit aksa, sem var mikið af, og líka svört viðaraska. Ýmis vóru þar kennimerki úr eldi, svo sem hella, svört að utan, er fanst á 6 feta dýpi. Hún hafði auðsjáanlega verið í eldi og var rauðleit í sárið, þegar hún var brotin, og alt öðruvísi enn önnur hella, sem fanst uppi í moldarlaginu, meir enn alin ofar, þegar vóru bornar saman. Þessi var gráleit í sárið. Þegar hún var brotin, sem annar steinn. Þetta vóru því ljós merki. Það er auðvitað, að þessi aska og kennimerki úr eldi hljóta að vera frá foröld, þar sem askan var mest í 3 álna dýpi niðr í jörðinni, og þessi brunna hella, og það er auð'séð, að hér hefir aldrei síðan verið hreyft við. Það sýnir líka þunt öskulag svart úr Heklu, sem var glögt 1 ½ al. niðr í moldarlaginu. ... Mannvirki þetta er nú flatt eða slétt að mestu að ofan, líkt og þar hefði í fornöld verið sléttað yfir. Þar er 2-3 fet á hæð. Syðri hlið þess er nokkrun veginn bein og glögg og eins fyrir báða enda, enn hliðin, sem snýr heim að bænum, er einni eins jöfn eða glögg." SV gróf aftur í tóftina í austurendann: "Hún var 16 fet á lengd, og 5 fet á breidd, og um 6 fet á dýpt. Hér fundust öll hin sömu eða lík kennimerki og í vesturendanum 1883."
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1; SV: "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 53-54;SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-277:014 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
“Vestur af henni [006] lítill hóll, sem heitir Smiðjuhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:015 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Norður af bænum er nýtt tún, sem heitir Stekkatún, og heimast á því hóll, sem heitir Bratthóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:016 *Heimarihús* heimild um fjárhús
“Vestur af bænum er hæð, sem heitir Leiti. Á henni hóll, Leitishóll. ... Suðvestur af Leitishól eru fjárhús, sem nefnd eru Heimarihús, nokkru vestar, vestan við Grófina, Ytrihús.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:017 *Ytrihús* örnefni
“Vestur af bænum er hæð, sem heitir Leiti. Á henni hóll, Leitishóll. ... Suðvestur af Leitishól eru fjárhús, sem nefnd eru Heimarihús, nokkru vestar, vestan við Grófina, Ytrihús.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:018 gata leið
“Vestan við Grófina heitir Bakkar, syðst á þeim Markagil og lítið eitt ofar Dagmálagil. Nokkru ofar er lægð í gökkunum, þar er engjavegur frá Kirkjubæ og heitir lægðin Vonarskarð.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:019 *Smiðjunes* örnefni smiðja
“... ofan [við] Krók er stór hammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:020 *Brynjuhóll* heimild um legstað
“... ofan [við] Krók er stór hammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes, ofan við nesið Blesalág og ofan við hana Brynjunes. Í því er hóll, sem talinn er að vera [svo] fornt dys, Brynjuhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:021 *Presttættur* heimild
“... ofan [við] Krók er stór hammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes, ofan við nesið Blesalág og ofan við hana Brynjunes. Í því er hóll, sem talinn er að vera [svo] fornt dys, Brynjuhóll. Langt þar fyrir innan eru Preststættur (í Brynjunesi).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:022 *Gröf* bæjarstæði býli
“Landið meðfram læknum [Hróarslæknum] heitir einu nafni Grafarnes, því þar var áður sérstakt býli, sem hét Gröf.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:023 *Hofsbakki* örnefni
“Efst í Grafarnesi næst læknum heitir Bjallamýri, með læknum heitir Bakkar, í þeim eru 3 skurðir, Efstiskurður, Miðskurður og Syðstiskurður, við hann er Hofsbakki, næst honum Stokkalækjartangi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:024 *Kofahólar* örnefni
“Upp af Efstaskurði [sjá 023] heitir Tungustykki og vestur af því Kofahólar, suður af þeim Kofamýri, en norðan við þá Kofaflóð ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:025 *Orustuhóll* örnefni
“Þá [eftir 024] Grafarlækur og vestan við hann Hólamýri, í henni miðri er hóll, sem heitir Orustuhóll.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:026 *Hofsmýri* örnefni
"Þá [eftir 024] Grafarlækur og vestan við hann Hólamýri, í henni miðri er hóll, sem heitir Orustuhóll. Niður af Hólamýri liggur Hofsmýri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:027 *Tröllkonugil* örnefni
"Syðst í Grafarnesi er stórt og djúpt móbergsgil sem heitir Tröllkonugil." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3-4

RA-277:028 garðlag
"Kirkjubæjarmýri liggur upp á holti. Skjólgarðsmýri ber nafn af skjólgörðum, sem þar hafa verið hlaðnir fyrir hross." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær, Strönd og Grafarbakki, 8

RA-277:029 *Gíslahjáleiga* bæjarstæði býli
"Í manntali Oddasóknar 1816 er Þrúður Gísladóttir húsfreyja í Suður-Móeiðarhvolshjáleigu, sem þá er 49 ára, sögð fædd í Gíslahjáleigu hjá Vestri-Kirkjubæ. Engin önnur heimild er kunn um þennan bæ, svo ekki er vitað hvort hann stóð á sama stað og Kirkjubæjarhjáleiga hafi áður staðið, né hve lengi hann var í byggð. Ekki er einu sinni fullvíst hvort þetta var grasbýli eða tómthús, þó hið fyrra
sé líklegra."
Heimildir: VS. Rangvellingabók, 212

RA-277:030 heimild um skemmu
"Þar í túninu [Á Kirkjubæ] er sýnd lítið eitt upphækkuð aflöng tóft allstór, sem er talin vera skemmutóftin eða staður útibúrsins sem brennt var." PS: "Á Kirkjubæ, í túninu, fáa faðma fyri vestan bæinn, sést enn merki til að hús verið hafi, og eru gamlar sagir, að þar hafi staðið útibúrið, sem Hallgerðr lét stela matnum úr og brenna."
Heimildir: KK I, 161; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 537-538

RA-277:031 gripir
SV: "Á sandinum fram undan Kirkjubæ vóru sandhólar vaxnir melgresi. Þeir blésu upp veturinn 1884-85, og var þar undir harðvelli, og þar fornar götur. Þar fannst og brýni."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74-75

RA-277:032 heimild um leið
SV: "Á sandinum fram undan Kirkjubæ vóru sandhólar vaxnir melgresi. Þeir blésu upp veturinn 1884-85, og var þar undir harðvelli, og þar fornar götur. Þar fannst og brýni."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74-75

RA-278 Eystri Kirkjubær

Jarðadýrleiki óviss 1711, Skálholtskirkjueign. [1367]: "xxiij. Mariukirkia j kirkiubæ er helgud vorre fru. hun a þriu kugillde" DI III 217 1397: Máldagii kirkjunnar DI IV 84 {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 59}"Elstu heimildir sem geta um Kirkjubæ eru Landnámabók og Njálssaga er segja frá Otkeli Skarfssyni (eða Hallkelssyni) sem þar bjó á 10. öld. Þar sem kirkja var í Eystri-Kirkjubæ en ekki í Vestri-Kirkjubæ, verður að álíta að það sé Eystri-Kirkjubær sem sögurnar greina frá. ... Í jarðaskrám Skálholtsstóls 1589 er hún nefnd Minni-Kirkjubær og 1655 er hún kölluð Efri-Kirkjubær í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar." VG: Rangvellingabók, 76; ÍF XII, 120. Hálfkirkja var þar. Jörðin átti engjapláss í Sökkum í Bjólulandi 1709. JÁM I, 250 "Land jarðarinnar er valllendi og mýri, beitiland gott, en hluti landareignar er þó örfoka sandur, nú innan sandgræðslugirðingar ..." SB V, 83

1655: "Þá jörð hefur sandur eyðilagt og liggur fljótlega við spjöllum ef rækslu brestur." VG: Rangvellingabók, 77. 1711: "Túninu spillir sandfjúk. Högum grandar blástur, líka sandur." JÁM I, 250. 1840: "Útigangur nokkur, en heyskapur enginn utantúns, liggur undir áföllum af sandfoki og gengur af sér." 1849: "Tún ekki stór, en allgrasgefin og engjr nokkrar. Land kafið og gott. Gripagagn í meðallagi." 1882: "Þessi jörð er fremur rýr að högum og slægjur litlar og aðeins í grasárum." VG: Rangvellingabók, 77-78 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Túnjarðvegur: Harður, sendinn. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar og þýfðar. Valllendi og mýrgresi. Fremur þurrlendiar. Beitiland: Mýri og vallendi með kvisti. Gott fyrir allan fénað." VG: Rangvellingabók, 77-78

RA-278:001 *Eystri Kirkjubær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-278:002 heimild um útkirkja
KIRKJUBÆR (EYSTRI) Á RANGÁRVÖLLUM (R) -Maríu (KELDNAÞING) - HÁLFKIRKJA[1367]: xxiij. Mariukirkia j kirkiubæ er helgud vorre fru. hun a þriu kugillde les Vilchins maldaga; Hítardalsbók DI III 217. 1397: a .iiij. kugilldi; Máld DI IV 84{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 59}1709: Hjer hefur í gamaldaga hálfkirkja verið löngu fyrir manna minni.
Heimildir: JÁM I, 249; DI

RA-278:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-278:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-278:005 *Preststættur* tóft
"Norður af mýrinni [Kirkjubæjarmýri] vottar fyrir gömlum tættum, sem heita Preststættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 1

RA-278:006 *Sauðatættur* tóft
"Norður af mýrinni [Kirkjubæjarmýri] vottar fyrir gömlum tættum, sem heita Preststættur. Norðaustur af þeim [eru] aðrar tætur, Sauðatættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 1

RA-278:007 *Djúpavað* heimild um vað
"Við girðinguna, sem skilur lönd Eystri-Kirkjubæjar og Reyðarvatns, er vað á læknum, sem heitir Djúpavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 1

RA-278:008 *Geitmelsvarða* varða landamerki
"Sandurinn austan við Strandarsíki heitir Geitasandur. Ofarlega á sandinum eru smálægðir í sandinum, sem heita Síkisbotnar. Við þá er melur, sem nefnist Geitamelur, og á honum stór Varða, en hún er hornmark milli Eystri-Kirkjubæjar og Reyðarvatns Stokkalækjar og Minna-Hofs." Segir í örnefnalýsingu. Landamerki Eystri-kirkjubæjar 1890: "Að austan frá Djúpavaði á Hróarslæk í Geitmelsvörðu og frá henni í Markamel, og frá Markamel út með Stórholfslandi þangað til stefna kemur í svokallaða Eyfalág og úr Eyfalág vestarlega í ásinn og svo úr ásnum beina stefnu í vestri Búrfellsöxl upp að hróarslæk, og svo með lkunum austur að Djúpavaði."
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2; VS: Rangvellingabók, 77

RA-278:009 varða landamerki
"Sandurinn austan við Strandarsíki heitir Geitasandur. Ofarlega á sandinum eru smálægðir í sandinum, sem heita Síkisbotnar. Við þá er melur, sem nefnist Geitamelur, og á honum stór Varða, en hún er hornmark milli Eystri-Kirkjubæjar og Reyðarvatns Stokkalækjar og Minna-Hofs. Úr þessari vörðu liggur markið í vörðu, sem er í Litla-Sóki. Það mark er á milli Minna-Hofs og Eystri-Kirkubæjar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:010 *Stöðull* örnefni kvíar
"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandarsíki, heitir Hellutak ... Upp af Hellutaki að vestanverðu heitir Stöðull." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:011 *Hólgarður* garðlag
"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandarsíki, heitir Hellutak ... Upp af Hellutaki að vestanverðu heitir Stöðull. Norður af stöðli er garður, sem heitir Hólgarður, og upp af honum há brekka, Bólbrekka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:012 *Bólbrekka* örnefni
"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandarsíki, heitir Hellutak ... Upp af Hellutaki að vestanverðu

heitir Stöðull. Norður af stöðli er garður, sem heitir Hólgarður, og upp af honum há brekka, Bólbrekka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:013 *Gerði* örnefni
"Vestan við Strandarsíki móts við Geitasand eru jarðföll, það innsta þeirra heitir Djúpiskurður. Sunnan við hann er graslendi, Gerði ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:014 garðlag landamerki
Landamerki milli Kirkjubæjarjarðanna 1801: "Að það gamla garðlag, sem finnst nærfelt mitt á milum nefndra bæja við (svokallað) Eyfalág, skuli vera virt landamerki millum téðra jarða fyrir alda og óborna hér eftir. Þetta garðlag liggur frá áðurnefndum stað, eftir sem næst verður komist allt norður á holtið eða svokallaðan Ás, þar garðurinn aftur sést skýrt, og þaðan rétta leið eður stefnu á vestri Búrfellsöxl, hvar víðast sér til hans allt norður í Hróarslæk."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 77

RA-279 Stóra Hof

50 hdr. 1711 Landnámsjörð Ketils Hængs. ÍF I, 347-348. Jarðarinnar getið í Njálu XII, 68. 1198: Páll bp vígir kirkju, - Jarteinabók 1199, Bsk I, 334, sbr. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 316. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." DI IV 84. "Heimildir um fyrstu byggð á Hofi er að finna í Landnámabók, enda jörðin landnámsjörð fyrst byggð um 879. Í Egils sögu Skallagrímssonar er einnig sagt frá landnámi á Hofi og er hún elst þeira fornrita sem geta bæjarins skráð um 1220-1230. ... Ketill Þorkelsson hængur eignaðist land að Hofi við landnám og niðjar hans sem bjuggu þar, hafa vafalaust einnig verið eigendur jarðarinnar. Frá því snemma á 11. öld og fram á síðari hluta 16. aldar eru eigendur Stórahvols ókunnir, nema hvað líklegt er að Ólafur Þorláksson og Páll Ingjaldsson sem gáfu Hofskirkju jörðina Draflaleysu fyrir 1397 hafi verið eigendur jarðarinnar. Sigmundur Þórólfsson lögsagnari á Stórahofi hefur átt alla jörðina og synir hans Ögmundur og Páll fengið hana að helmingi hvor. Ögmundur Sigmundsson seldi Guðmundi Eyjólfssyni mági sínum helming jarðarinnar 30. apríl 1605, en hinn hlutann keypti Guðmundur 12. maí 1616 af Erlendi Jónssyni presti í Miðdal með samþykki konu hans Katrínar Einarsdóttur ... Eftir Guðmund hafa synir hans Þórólfur, Sigmundur og Magnús erft Stórahof að þriðjungi hver. Þórólfur seldi þeim Sigmundi og Magnúsi sinn hluta 2. des 1635 ... Magnús Guðmundsson seldi 28 jan. 1652 Katrínu Erlendsdóttur rúku á Stórólfshvoli sinn helming Stórahofs, 25 hundruð að dýrleika, og 5 ágúst 164 seldi Sigmundur Guðmundsson Katrínu sinn helminginn. Að Katrínu látinni 1694 hefur dóttir hennar Salvör Vigfúsdóttir ... erft jörðina." VS: Rangvellingabók, 411. Jörðin átti skógarítak til eigin þarfa í Næfurholtslandi 1709, einnig fjörðustúf í Eystri Landeyjum með Breiðabólstað, Kollabæ og Múla. 15 hdr. 1847. Hálfkirkja var hér. Í túninu var eyðihjáleigan Hofshjáleiga 1709 og þá er einnig nefnt örnefnið Draflaleysa og var talið að þar hefði verið býli. JÁM I, 249 "Gróið land jarðarinnar skiptist í vallendi og mýri og er gott beitiland." Nýbýlið Hofteigur var stofnað árið 1958. SB V, 81-82

1711: "Túninu hefur sandfjúk stórlega grandað og helmíng, að menn meina af því tekið um næstu 20 ár. Spillir það líika mikið húsum og heyjum, jafnvel mjólk í húsum í stórviðrum. ... Engjaslægja er ærið slæm." JÁM I, 248-249 1850: "Túnið er stórt og víða ógreitt til sláttar, bæði sökum þýfis og svo eru í því harðlendir og snöggir balar, sem eru harðslægir í rekju auk þess heldur í þerrir. - Úr flóðum í nesi því sem nefnist Hofsnes fást í betra meðalári 60 hestar af því heyi sem gefa má kúm, eru þau blaut og vatnsmikil og verður að draga heyið upp úr þeim á hestum. Aðrar utantúnsslægjur eru lítilfjörlegar. Heyið er þrotalétt og seintekinn heyskapur bæði sökum þýfis og sneggju, þar víða verður að henda topp og topp innan um hagana hvar fénaður á að ganga á sumrum. - Hagarnir eru kostalitlir fyrir málnytu, svo gagn hennar er í kalara meðallagi einkum hvað ærnar áhrærir. - Útigangur fyrir fé á vetrum engan veginn góður ... Landareign jarðarinnar hefur fyrrum verið stór, en nú er mikið af henni komið í sand sem árlega eykst og færir sig meir og meir upp á graslendið, - blöðrumelar sem hér voru eru að mestu afblásnir." 1882: "Þessi jörð hefur lítilfjörlegar slægjur en allgóða haga einkum fyrir hross og er nú talsvert spillt bæði að slægjum og högum af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 413 1917: Tún 8,8 ha, þar af 5 ha slétt, garðar 1979 m² 1940. Tún: Að mestu vélfært. Jarðvegur: Allgóður. Engjar: Samfelldar. Vélfært og greiðfært. Þurrlendar. Beitiland: Mýri og valllendi, allvíðlent, snjólétt og gott fyrri sauðfé og hross, lakara fyrir kýr." VS: Rangvellingabók, 413

RA-279:001 *Stóra Hof* bæjarhóll bústaður **Friðlýstar fornleifar**
1709: "Bæirnir eru tveir og skamt í milli." PS: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bæirnn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta

fyrir fornri byggingu." "Stóra-Hof hefur gengið mjög af sér á liðnum öldum. Allur Stórholfsvöllur er örblásinn fram á brún og þar með Hof hið gamla, bær Ketils hæng. Hann stóð upp á brúninni í hánorður af bænum nú. Þar er nokkurt seinni tíma gróðurhrúgald. Árið 1711 lá jörð og tún undir störum spjöllum af sandi og túnið hafði þá minnkað um helming síðustu 20 ár. Sennilega hefur Hof Ketils farið af skömmu seinna. Skúli á Keldum gizkar á árið 1728, þá var harðindaár mikið, en sandárin fylgja í kjölfar harðindaáranna." Segir í örnefnalýsingu. "Fyrir norðan bæinn eru sléttar grundir grasi vaxnar; en fyrir ofan þetta sléttlendi er löng brekka, enn lág, og er atlíðandi suðr að bænum. Þar hefir hinn forni bær á Hofi staðið, svo sem 400 faðma norðr frá bænum nú, eða rétt mælt 370 faðma. Þar er nú alt uppblásið og þess vegna hefir bærinn verið fluttr."

"Þar eru tveir hólar, sem bærinn hefur staðið, og er sín varða á hvorum stað. Einkanlega hafa bæjarhúsin staðið á hinum eystra hól; þar sést fyrir steinaröðum af hleðslu utan í hólnum og grjót á stangli, enn ekki sést fyrir verulegum tóftum þar, því það er alt blásið." "Bæjarrústir gamlar í graslendisbrúninni uppi við sandinn fyrir ofan bæinn."

Heimildir: JÁM I, 246; Ö-Stóra-Hof, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; SV. "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 50; Túnakort 1917; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 499

RA-279:002 heimild um kirkju

HOF Á RANGÁRVÖLLUM (R) -Þorláki

1198: Páll bp vígir kirkju, - Þá var vátviðri mikit,, En sa er Þar bio. aTi von til sin margra gesta oc vaNdamaNa. en Þar var eki sva ørvGr hvsa costr. at eki Þette Þar beina spell møNdo verÞa at husa dropom oc fata meiÞing. ef eki leTe vatviÞri Þvi eno mikla er a var.. Heitið á Þorlák - at enom sela Þorlaki biscopi scylde helga Þa kirkio meÞ GvÞe oc helgom moNom. ef veÞrit ÞornaÞe at none dax oc eki siÞaR. En veÞrit ÞornaÞe iamt at aqveÞiNe stvndo. oc var su kirkia vigÞ fyrst til glorie enom sela Thorlaci biscopi,;

Jarteinabók 1199, Bsk I, 334, sbr. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 316.

[1367]: a iiij kyr

les Vilchinsbok Þui Þetta ber alltt saman; Hítardalsbók DI III 217

1397: hun a .iiij. kyr. giefa skal nyt vndann tveimur ad morni Laugardaga edr Drottinsdaga. Kirkia ad Hofi a heima ad taka tijund syna oc af Þrem bæiumm audrum halfann vaxtoll oc annann huern dag helgann saung og fiorda hvern ottusong. og Þesa daga yfer ef eij hlytst kirkiumessa. Þollaksmessur badar allar tijder. kyndilmessu oc paskadag. kirkiann a mork vax. eyri reykelsis .ij. merkur ad giallda presti og fædi med hverri messu mann edr hest millum veturnatta oc sumarmäla

Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning; Máld DI IV 84

1709: Hjer hefur fyrir 5 eða 6 árum hálfkirkja verið og embættað af prestinum að Odda, Þegar heimafólk gekk til sacramentis, nú er bænhúsið af fallið; JÁM I: 247

Heimildir: Jám I, 247; DI

RA-279:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917

RA-279:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917

RA-279:005 *Goðalág [Hof]* tóft **Friðlýstar forneleifar**

"Í túninu. Goðalágar liggja útsuður af bænum, og er Goðahús í þeim. Grafið hefur verið í það, en ekkert fundizt. Mun þar hafa verið hof það, er bærinn dregun nafn af." PS: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bærinn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu.

ÁG: "Hoftóft forn, rjett fyrir noraðn svo-nefnda Goðalág, austur frá bænum, austur á brekkunni." KK: "Nafn sitt hefur bærinn [Stóra Hof] auðvitað af því, að þar var, eins og víða annars staðar á Íslandi, sett goðahof, en þó er það ekki nefnt í sögunum. Munnmæli herma, að staður einn, sem er nú í túninu, hafi fyrrum verið nefndur Goðalágar. [Nmgr. Í fornminjaskýrslu frá Odda er þetta nafn sett í samband við orðið goði og talið að hofið hafi staðið á hæðinni fyrir austan.] Þar er löng grasivaxin laut eða drag, og þar er hoftóftin. Er hún aflöng, 5 faðma löng, en breidd er 4.5 faðmur [Sigurður Vigfússon gróf þarna 1883 og taldi hana nokkru lengri og mjórri. Gólfskán fann hann enga né grjót í veggjum. Árb. Fornl. 1888-1892."] KK 1, 162. SV 1892: "Austr frá bænum nýja Hofi, austr á brekkunni við túngarðinn er sýnd hoftóft; hún er mjög niðrsokkin og vallgróin, og þannig orðin mjög óglögg; þó mun óhætt að fullyrða, að þetta er forn tóft; hún hefir frá ómuna tíð, svo lengi sem menn vita, verið kölluð hoftóft eða goðahús. Rétt fyrir sunnan hoftóftina heitir Goðalág, stór laut og nokkuð

djúp. Tóft þessi snýr frá austri til vesturs; í vestra enda hennar sýnist vera afhús og þar þykkr millumveggr með engum dyrum á (það er glögt). Í nyrðra hliðvegg við milliveggginn sýnast dyrnar hafa verið. Afhúsið er orðið mjög ógreinilegt, því að tvö lambhús hafa verið bygð við enda þess, eða ofan á gaflhlaðið. Tóftin er 48 fet á lengd að lambhúsunum, að því er mælt verðr, og 18 fet á breidd. Það sem eg gat mælt af afhúsinu, var um 17 fet af miðjum milliveggnum. Sigurður Vigfússon. (1892, 52) Lýsing á uppgreftri bls. 52-53.BJ: "Ekki er hægt að segja með vissu, hvar hofið að Hofi hefir staðið. Nálægt Stóra-Hofi sjást engar fornar rústir, en hjá Minna-Hofi er talsvert af rústum og girðingum frá fyrri öldum. Þar mun því hoftóftarinnar að leita. ..."Brynjúlfur Jónsson. (1894, 14-15)
Heimildir: KK 1, 162; Árb. 1892, 52-53; Ö-Stóra-Hof, 5; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 499

RA-279:006 *Stóra Hof* bæjarstæði bústaður
Bærinn á Stóra Hofi stóð á sama stað fram á 18. öld á Hofsvelli, 001, bærinn líklega fluttur um 1760-80. Þaðan flutti Einar Ben hann á núverandi stað rétt eftir síðustu aldamót. PS: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bærinn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu.
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 145; Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma II, 425; PS: Um forn örnefni" StSÍ II, 499

RA-279:007 heimild
SV: "Niðr frá bænum á grundinni er ákaflega stór forn tóft ..." PS: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bærinn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu. SV: " ... kringlótt, enn dálítið aflöng; hún er 16 faðmar í þvermál; dyr vestr úr. Þetta hefir auðsjáanlega verið hestarétt, því haugr sést uppgróinn vestr frá dyrunum. Þetta er víst, að þetta er hinn forni bær, því að hér hefir fundizt mikið af stórgripabeinum og bæði koparrusl og járnrusl og fleira."
Heimildir: SV. "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 50; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 499

RA-279:008 *Stóra Hof* bæjarstæði bústaður
1709: "Bæirnri eru tveir og skamt í milli."
Heimildir: JÁM I, 246

RA-279:009 heimild
Páll Sigurðsson (1886) nefnir hringrúst á Hofi: "Skammt frá Hofi sést móta fyrir jarðhríng stórum, sem hefir verið til búinn í fornöld, hann er hérumbil 15 faðmar að þvermáli, en til hvers hann hefir brúkaður verið, er óljóst; má ske hann hafi verið blítveizluhríngr, eða þá dómhríngr, áðr þíng var sett að Þíngskálum."
Heimildir: PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 535

RA-279:010 *Hofshjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Engin veit hennar fyrstu bygging. Eyðilagðist fyrir 13 árum eða þarum. ... Kann ekki aftur byggjast vegna ágángs af sandi og slægnaleysis." "Hofshjáleiga stóð nokkuð vestar í sömu brún fyrir neðan þjóðveginn, þar sem hann liggur niður í Nesið." Segir í örnefnalýsingu. "Hofshjáleiga var hjáleiga frá Stóraholfi og stóð vestast í túninu þar áður en Hofsbærinn var fluttur."
Heimildir: JÁM I, 249; Ö-Stóra-Hof, 3; VS: Rangvellingabók, 184

RA-279:011 *Hestarétt* hleðsla rétt
"Suður af Gamla-Hofi vottar fyrri gamalli hleðslu og heitir hún Hestarétt, mun hún frá ævagamalli tíð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 2

RA-279:012 *Gvendarkofi* tóft
"Tagl, svo er nefndur fremsti tangi Nessins hjá Djúpadal, þar er tóft, sem nefnd er Gvendarkoti." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:013 *Borgarundirlendi* örnefni
"Austur af taglinu [sjá 012] með ánni er Borgarundirlendi og Haldbakkinn austur af því, þar sem krókurinn er á ánni, en Borgarhólar og Borgarflóð fyrir heiman hann." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:014 heimild um mógrafir
“Með ánni eru svonefndar Eyrar, vallgrónar slægjur með gömlum mógröfum, munu þær vera frá tíð Gamla-Hofs.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:015 heimild um fjárhús
“Í norður af króksundirlendi er Surtsteigur, pyttir og dý. Austar eru Gömlu-fjárhúsin, ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:016 *Stóralág* heimild um huldufólksbústað
“Fyrir norðan túnið er Votabergslág, með læknum upp að sandinum, en norðar er Stóralág. Þar á að vera huldufólk, og á jafnan að hafa hljótt um sig í laut þeirri.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 4

RA-279:017 *Mónef* heimild um huldufólksbústað
“Við lækinn er móbergsklettur, sem nefndur er Mónef, þar á einnig að vera huldufólk.” Segir í örnefnalýsingu. “Eitt sinn kom heimildarmaður framan yfir á í mjög skuggsýnu veðri. Sér hann þá ljós og stefnir á það, en er leiti bar á milli, hvarf ljósið, en stefnan reyndist frá Mónefi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 4

RA-279:018 garðlag göngugarður
“Frá Hofi Gamla niður í Votabergslág inn og vestur af Mónefi vottar fyrir gömlum garði, sem gegnið hefur verið eftir að sækja vatn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:019 *Helgukofi* tóft
“Niður í ölduna gegnur smágil, á vestri barmi þess er kofatóft, sem nefnd er Helgukofi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:020 heimild um smiðju
“Niður í ölduna gegnur smágil, á vestri barmi þess er kofatóft, sem nefnd er Helgukofi. Vestur og norður af honum er smiðja Ketils hængs.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:021 *Öskuhóll* örnefni öskuhaugur
“Í oddanum milli ár og lækjar austast og syðst í túninu er hár, grösugur og fagur hóll, sem heitir Öskuhóll, en brekkurnar norður af honum með læknum Öskuhólsbrekkur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:022 *Torfrimi* örnefni rista
“Norður og vestur af Dýjakrók hét áður Torfrimi, nú komið í tún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:023 varða landamerki
Landamerki: “Bein stefna frá Djúpadalshelli í vörðu á Geitasandi, sem er þar sem nyrsta tindinn á Trippafjöllum ber laust fyrir sunnan Heklu og gamli Selalækjarbær ber í Vetleifsholt. Þaðan í Markamel sem er norðvesturhornmark. Síðan beina línu í Mónefslækjarbotn og eftir þeim læk þar til hann kemur í Bolalæk (Sveiflulæk) en Bolalækur ræður mörkum uns hann fellur í Rangá.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 412

RA-279:024 bæjarstæði býli
“Á Geitasandi tæpa þrjá kílómetra austnorðaustur frá Strönd og rúma þrjá kílómetra vestnorðvestur frá Stórahofi eru fornar bæjarrústir.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 532

RA-279:025 heimild
SV: “ ... fyrir austan hólinn [001] sést fyrir þremr tóftum, eða brot af þeim; ein af þeim er mjög breið.”
Heimildir: SV. “Rannsóknir sögustaða”Árbók 1888-1892, 50

RA-279:026 kuml legstaður
Árið 1885 gaf drengur frá Kirkjubæ safninu met úr bronsi, og hafði það fundizt í sandinum nálægt Stóra-Hofi, innan um mannabein, og mun því vafalítið úr kumli. Metið er kúla með flötum skautum, þrjár holur á öðrum fleti, en ein á hinum. Mjög líkt Rygh 478. Það er óskaddað og vegur 1,635 g. Þess má geta, að Páll Sigurðsson í Árkvörn segir frá haug, sem verið hefur á milli Minna-Hofs og Stóra-Hofs: "...var fyrrum nokkrum tíma grafinn upp haugur einn, sem eignaður var Valgarði (gráa), og fannst í honum einhverjar leifar af beinum, og héldu menn sum þeirra væri hrossbein." Óheimilt er þó að setja þetta í samband við kumlið með metinu, þótt frá líkum slóðum sé.
Heimildir: KEKH, 43

RA-279:027 gripir
SV: "Austr frá hinum forna bæ er móbergshryggr og standa háar móklappir upp úr. Þessi staðr er nú kallaðr, Valgarðr. Þar hefir fundizt fyrir löngu öxi ..." SV: "... hún var heldr lítil, enn járnþykk, með uppbrettum hyrnum og hringmynduð fyrir egg."
Heimildir: SV. "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 50

RA-279:028 heimild um stekk
VS: "Enn undir háa bakknum undan bænum, þar sem áin rennr nú og er að brjóta, hefir þá verið undirlendi að ánni. Þessi kona [heimildarmaður VS] sagði með vissu, þar þar hefði staðið stekkr frá gamla Hofi, og sá hún leifar af honum í sinni tíð ..."
Heimildir: SV. "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 51

RA-279:029 heimild um vað
SV: "Nú er vaðið á Rangá kippkorn fyrir austan bæinn ..."
Heimildir: SV. "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 51

RA-279:030 heimild um vað
SV: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur í beina stefnu ofan frá Gamlahofi og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-279:031 heimild um leið
SV: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur í beina stefnu ofan frá Gamlahofi og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum fyir noraðn bæinn, og sjást koma aftr undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-279:032 heimild um kálgarð
SV: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur í beina stefnu ofan frá Gamlahofi og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum fyir noraðn bæinn, og sjást koma aftr undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-279:033 heimild um túngarð
SV: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur í beina stefnu ofan frá Gamlahofi og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum fyir noraðn bæinn, og sjást koma aftr undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-279:034 gripir
"Drengr frá Kirkjubæ fann lítinn tenging, merkilegan, úr bronze. ... Tengingrinn fanst á sandinum nálægt Stórahofi innan um fúin bein."
Heimildir: SV "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 74

RA-279:035 gripir
"Járnlás lítill, ryðbrunninn; fundinn á Hvolsfelli, skamt fyrir neðan Stóra-Hof."
Heimildir: M Þ: "Yfirlit yfir muni ..." Árbók 1908, 54

RA-279:036 garðlag
"Rekstrargarður liggur eftir nesinu endilöngu, en sauðir voru reknir eftir til beitar. ... Frá Gömlu fjárhúsum [015] liggur Rekstrargarður eftir Nesinu miðju." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Hof, 2-3

RA-279:037 gripir heygarður
1866: "KOPARINNSIGLI. Það er aflángt og gengur lítið eitt í odd til beggja enda. Það hefir að eins lítinn fót með auga að ofan. Allt í kring á því stendur með engilsaxnesku latínuletri: "S[igillum] ÞORLAKI. PS. SVEINI." Á því miðju er kaleikur með dúk yfir, og kross þar yfir. Það er eigi yngra en frá fimtándu öld, en getur verið töluvert eldra. Það fannst, er verið var að taka grundvöll fyrir heygarði á Hofi á Rangárvöllum."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 135

RA-279:038 *[Sandur]* bæjarstæði býli
Sennilega sama og 024. "Sandur. Bæjarrúst önnur og ókunn að öllu leyti er langt norður á þessum mikla og sama sandi sa. frá Strandabótum og við götuna frá Djúpadal að Kirkjubæjum. ... Hofsmenn telja vafasamt hvort "Sandur" sé í landi þeirra eða Kirkjubæjar." VG: "Aðalrústin er vestan við götuna, og þar hafa fundizt kornkvarnarbrot samstæð, kljásteinar og fleira smávegis af augljósum leifum bæjar. Svo sem 16 föðmum norðaustar sjást líka húsaleifar, sem benda á hús búpeningsins og heystæði. Nærri 30 föðmum suðaustar eru rústir tvær samstæðar, miklu gleggri en hinar, því að rof er nú (1936) að blása frá þeim. Sést þar fyrir hleðsluvegg með alfluttu grjóti að norðanverðu og gaflhlaði að austan í eystri rústinni, og er hún 18x6 fet. Líkast því sem væru kvíar eða stekkur. Hvort þetta er miklu yngri bygging, ellegar rofabakki hefir um aldaraðir varnað örfoki, verður nú ekki sannað. Hvorki er þetta fjárhúslag né líkindi til, að þarna hafi verið byggt til nokkurra nota a.m.k. síðustu tvær til þrjár aldir."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 148-149

RA-279:039 *[Draflaleysa I]* bæjarstæði býli
VG: "Draflaleysa I. Gervinafn þetta er gefið rúst nokkurri, sem nú er aðeins grjótdreif með hellublöðum á gjörblásum mel. Hún er á lágum bala í líðandi halla móti ssa. fáa tugi faðma upp frá veginum milli Hofs og Djúpadals, vestan við Hofsnes og nær því en Rangárbrúnni." VG: "Rúst þessa sá eg af veginum á falkki mínu um eyðibýlin 1936, og veit ekki til þess, að enginn hafi veitt henni eftirtekt áður. ... Hellublöðin og grjótið þarna er auðsjáanlega aðflutt, og þó að það sé ekki svo mikið, að úr því einu hafi húsveggir verið hlaðnir að innanverðu, þá er það dreift svo vítt úr í aðalrústinni, að mæling er þar árangurslaus. ... dreifar af litlum hellublöðum sjást nú til og frá á sandunum dálítið vestar. Og munu þær vera lefiar af hellunámi því, sem getið er um á Hofi, en ekki aðflutt af mönnum og ekki af veikari afli en jökli ísaldar. Sönnun fyrir .því, að þarna hafi staðið bær, en ekki önnur hús, tel eg vera m.a. lítilsháttar leifar af málmi, aðborna smásteina, nokkur brot af brýnum og heilt brýni 12-15 sm." 1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 147; DI IV 84

RA-279:040 *[Draflaleysa II]* bæjarstæði býli
VG: "Draflleysa II. Staður sá, er hér um ræðir, er nokkrum hundruðum metra austar en hinn síðastnefndi, alveg á Hofsveginum í slakka norðan við steinstólpann í vesturhorni girðingar um hofsnes. Sjást þar nokkrir helluklumpar báðumegin við götuna, en engar aðrar byggðarleifar, því að þetta er í lægð og hulið bæði af sandi og gróðri." VG: "Get því ekki fullyrt að þarna hafi verið bæjarstæði, en tek það þó í tölu vegna þeirra munnmæla, að þarna hafi Drafleysa verið. Má og vel vera, að fyr hafi sézt þar betur til rústa en nú." 1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 147-148; DI IV 84

RA-279:041 *Draflaleysa* örnefni býli
1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." DI IV 84 1709: "Halda menn í gamladaga hafi þar bygð verið eftir sögn eldri manna, en ekki sjást þar nú klíkindi til nema lítið garðsbrot. Þetta pláts er engri vissri jörð tileinkað Landið er blásið og grasslaust og þar fyrir alldeilis óbyggilegt." "Draflaleysa stóð sunnan undir öldunefi, sem farið er yfir til Djúpadals." Segir í örnefnalýsingu. "Á sandinum tæpa þrjá kílómetra vestsuðvestur frá núverandi Stórahofsbæ sér lítils háttar til rústa. Munnmæli herma að þar hafi staðið bærinn Draflaleysa. Bæjar þessa finnst

fyrst getið í máldaga kirkjunnar á Hofi 1397, en fyrr þann tíma höfðu Ólafur Þorlákssson og Páll Ingjaldsson lagt jörð þessa til kirkjunnar sem greiðslu fyrir refla og tíundarreikninga. Í máldaga Hofskirkju frá um 1570 er Drafaleysa enn talin meða, eigna kirkjunnar en ekki er ljóst hvort hún var í byggð."
Heimildir: JÁM I, 249; Ö-Stóra-Hof, 3; VS: Rangvellingabók, 58; DI IV 84

RA-279:042 heimild um fjós
"Á Hofi hinu forna hefir verið mikið fagrt, eru rústir þær nú tveir hólar uppi í brekkubrúninni, norðr frá bænum, og var í þeim hinum vestari bærinn, en í honum austari fjós og heygarðr. Árni hreppstjóri Jónsson, er lengi bjó á Hofi, sagði mér frá, að þegar hann var að grafa í eystri hólinn eptir grjóti til heimflutnings, þá mundi hann hafa hitt hið forna fjósstæði, hann fann steinaröð, og voru þeir 18 annars vegar."
Heimildir: PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 499-500

RA-280 Minna Hof

15 hdr. 1711. "Elsta heimild sem getur Minnahofs er Njálssaga, en þar segir frá Skammkel er bjó á Hofi öðru. Sagan er talin skráð á síðari helming 13. aldar, en samkvæmt sögunni var jörðin komin í byggð á 9. tug tíundu aldar. [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] Næsta heimild sem til er um jörðina er dómur sem gekk á Kýraugarstöðum á Landi 11 jan 1535. ... Fyrsti eigandi Minnahofts er nú þekkist, var Guðni Þórarinsson lögréttumaður sem fyrir dauða sinn 1534 gaf Þórarni (syni sínum?) jörðina Efrahof eftir sinn dag ... en sú gjöf var dæmd ógild 11. jan 1535. Næsti eigandi jarðarinnar sem um er vitað, var Örnólfur Guðmundsson á Hellum sem seldi Ólafi Árnasyni í Gunnarsholti Minnahof 15 hundrið að dýrleika 11. júlí 1636. Tengdadóttir Ólafs, Ragnheiður Bjarnadóttir, gaaf Bergsteini Guttormssyni síðari manni sínum Innahof 11. des 1659 og að honum látnum 1694 erfðu börn hans Guttormur, Guðrún og Katrín jörðina." IF XII, 120; VS: Rangvellingabók, 279 "Annar helmingur jarðarinnar er gróinn, bæði valllendi og mýri og er það gott beitiland. Hinn hluti jarðarinnar er örfoka sandur, nú nokkuð tekinn að gróa." SB V, 80

1711: "Engjaslægjum spilla skriður af gjróti og blásutrs sandur. Af beitarlandinu halda menn þriðjúng eyddan og kominn í sand." JÁM I, 246 1850: "Þessi jörð er heldur landlítil og snögglend, hér um bil helmingur af landi hennar er komið í sand. - Hættujörð fyrri sauðfé, vegna dýja og má telja að kúgildi farist í þeim á ári, hvað vel sem passsað er. Túnin eru greiðfær." 1882. "Þessi jörð hefur góð tún og nokkrar utantúnsslægjur, en litla haga og talsvert spillta af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 281 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Tún: 3/5 velfært, hitt greiðfært og þýft. Votlendar. Beitiland: Valllendi, skýlt og snjólétt, fremur lítið en gott til allrar beitar. Ókostir: Lítils háttar landbrot frá Rangá. Nokkrar hættur af dýjum." VS: Rangvellingabók, 281. "Áður fyrr var lítið um heimaslægjur á Hofi. Var þá heyfengur sóttur í Grafarnes, en nú hefur ábúandinn, Ingvar Ólafsson, stækkað og bætt túnið mjög og ræst fram mýri fyrir neðan, svo að slægjur eru yfrið nógar." Ö-Minna-Hof, 1

RA-280:001 *Minna Hof* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-280:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-280:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-280:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-280:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-280:006 hellir
"Á Minna-Hofi fannst hellir fyrir nokkru er verið var að grafa fyrir haughúsi. Ekki var hann neitt rannsakaður svo ekki er vitað hvort um stóran helli var að ræða en í honum fundust merki þess að þar höfðu menn gegnið um." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Á Minnahofi á Rangárvöllum fannst vel höggvinn hellir djúpt í jörðu fyrir fáum árum. Grafið var fyrri haugkjallara undir nýju fjósi og fannst þá hellismuninn í móklapparbrún. Um það bil fets þykkt fokmoldarlag var þar á hellisgólfi. Við hellisgafl lá hvalshryggjarliður en öðuskel í smáskáp höggnum í bergið."
Heimildir: SB V, 14; Manngerðir hellar, 222-223

RA-280:007 heimild
BJ: “Ekki er hægt að segja með vissu, hvar hofið að Hofi hefir staðið. Nálægt Stóra-Hofi sjást engar fornar rústir, en hjá Minna-Hofi er talsvert af rústum og girðingum frá fyrri öldum. Þar mun því hoftóftarinnar að leita. Ferhyrnd girðing er skammt fyrir sunnan túnið. Hún er utan um bunguvaxna flöt, sem tóftir eru á eftir tvo smákofa eigi forna. Verið getur, að hofið hafi staðið í þessari girðingu, en verið rifið niður og sljettað út eftir kristni; smákofarnir svo byggðir þar aftur seinna. ...”Brynjúlfur Jónsson. (1894, 14-15)
Heimildir: BJ: “Rannsókn í ofanverðu Árnessþingi 1893” Árbók 1894, 14-15

RA-280:008 varða landamerki
“Geitavarða stendur utarlega á Geitasandi. Hún er hornmark (Reyðarvatns, Stokkalækjar, Kirkjubæjar og Hofs) ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 2

RA-280:009 heimild
BJ: “En það eru líka fornar rústir fyrir neðan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. Þær eru miklar fyrirferðar, en óglöggvar. Þó er ein þeirra hin austasta, alls eigi ólík því, að hún gæti verið hoftóft. En hjer er ekki við neitt að styðjast, nema mismunandi tilgátur.”Brynjúlfur Jónsson. (1894, 14-15)
Heimildir: HG: “Athugasemd um Innra-hreysi og fornlega rétt” Árbók 1894, 14-15

RA-280:010 gata leið
“Syðst og austast á Geitasandi, fyrir ofan brúna, sem liggur austur og vestur, er hann nefndur Háisandur. Hann má kalla gróðurlaus. Fyrir neðan brúnina, við götuna upp úr ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 2

RA-280:011 *Akurgarðar* örnefni akur
“Úr Tittlingagili fellur smálækur, Akurgarðalækur, um Akurgarða. Örlítil spilda af þeim fylgir Hofinu.” Segir í örnefnalýsingu. Landamerki 1636: “Millum Stórahofs og Litlahofs: Að lækurinn skyldi ráða sá hinn litli sem rennur í stóra lækinn og so suður í Rangá. Item millum Stokkalækjar og litlaholf hefur hann tilsagt þessi landamerki: Í þann stein sem stendur í Akurgörðum, þar við einn læk og sjónhending í Bergsnef.”
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 3; VS: Rangvellingabók, 280.

RA-280:012 heimild um fjárhús
“Úr Tittlingagili fellur smálækur, Akurgarðalækur, um Akurgarða. Örlítil spilda af þeim fylgir Hofinu. Allt frá Akurgörðum og heim undir fjárhús er einu nafni nefnt Inn með brekkum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:013 *Króknesvað* heimild um vað
“Suður af brekkunum er Króknesið, tangi, sem gengur út í Rangá. Króknesberg er við ána og Króknesvað á ánni í tanganum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:014 heimild um mógrafir
“Mótak er niður af túninu og heitir þar Mótangi, sem mórinn er tekinn upp.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:015 heimild
“Ýmis nöfn eru í Nesinu [engjalöndunum] engjunum, og sum ung [ritað 1934], eins og Skálastykki. Það dregur nafn sitt af rjómaskálanum, sem stóð þar við ána.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:016 *Simbarimi* örnefni legstaður
“Austur af Mónefsrimanum [við fyrirhleðslulónið] er Simbarimi, mjög þýfður. Þar á maður að vera heygður, sem Simbi hét.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 4

RA-280:017 garðlag
“Norður af Suðurmýrinni liggur Heimamýri, en garður á milli.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 4

RA-280:018 *Vaðbakki* örnefni vað

“Vaðbakki heita bakkar Rangár, suður af mýrinni.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 4

RA-280:019 *Kúaból* heimild um kvíar
“Í túninu eru ýmis örnefni, Kúaból er gamall stöðull milli túngarðs og girðingar, eiginlega fyrir norðan Norðurtúnið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:020 garðlag túngarður
“Í túninu eru ýmis örnefni, Kúaból er gamall stöðull milli túngarðs og girðingar, eiginlega fyrir norðan Norðurtúnið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:021 heimild um fjós
“Djúpa lautin fyrir austan bæinn heitir Fljótsdalur. Vatn stendur þar á vetrum og var sótt þangað vatn í fjósið, áður en vatnsveitan kom.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:022 gripir
1868: “Gamall REIÐABÚNÍNGUR úr kopar af karlmanns söðli; í miðju er stór kríngló́ttur skjöldur, allur útgrafinn með hríngrósum með hálf býzönskum blöðum og dýrahöfðum, mjög vel gjört. Allt í kríng er grafið með latínuletri: Ellendvr, ásmvnds, son, á, pennan, reiða, enn, einginn, annar, 1639. ... á öðrum sprota-endanum, sem hefir verið að aptan, er ártalið 1620. ... Hann fannst fyrir neðan svokallaðan Hásand milli Hofs og Reyðarvatns á Rángárvöllum.”
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 82

RA-280:023 heimild um traðir
“Meðfram tröðunum að sunnan er kallað Austurskák.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:024 *Fornufjós* örnefni fjós
“Fornufjós eru fram á túninu, þar sést enn til framrennslisskurðar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:025 heimild um áveitu
“Fornufjós eru fram á túninu, þar sést enn til framrennslisskurðar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:026 *Mörður* örnefni legstaður
“Norðvestur af húsinu á brekkubrúninni er hóll, nefndur Kjálkhóll. Nokkuð sunnar í brúninni er Mörður, gamall öskuhaugur. Þar á Mörður gamli að vera heygður.” Segir í örnefnalýsingu. “Haugar tveir eru nálægt Minna-ofi, er stærri haugrinn nefndr Kjálki, en hinn Mörðr.” “Á stærri haugnum eru auðsjáanlega mannaverk, og jafnvel á báðum. Nokkrir hafa haldið, að þetta væri haugar þeirra feðga Valgarðs og Marðar, en eg læt ósagt, svort svo er; mér þærri eins líklegt, að þetta vera kynnu haugar þeirra Hrafns lögsögumanns og Marðar gígu ...”
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5; PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 535

RA-280:027 *Kjálki* örnefni legstaður
“Norðvestur af húsinu á brekkubrúninni er hóll, nefndur Kjálkhóll. Nokkuð sunnar í brúninni er Mörður, gamall öskuhaugur. Þar á Mörður gamli að vera heygður.” Segir í örnefnalýsingu. “Haugar tveir eru nálægt Minna-ofi, er stærri haugrinn nefndr Kjálki, en hinn Mörðr.” “Á stærri haugnum eru auðsjáanlega mannaverk, og jafnvel á báðum. Nokkrir hafa haldið, að þetta væri haugar þeirra feðga Valgarðs og Marðar, en eg læt ósagt, svort svo er; mér þærri eins líklegt, að þetta vera kynnu haugar þeirra Hrafns lögsögumanns og Marðar gígu ...”
Heimildir: Ö-Minna-Hof, 5; PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 535

RA-281 Stokkalækur
20 hdr. 1711, Keldukirkjueign. Stotalækur er nefndur í Njálssögu. ÍF XII, 147. “Bærinn Stokkalækur finnst fyrst nefndur í Vilkinsmáldaga Oddakirkju sem skráður var 1397. Þar er bærinn nefndur Statalækur, en það mun vera afbökun af Stotalækur, en svo er lækurinn sem bærinn er kenndur við nefndur í Njálu.” VS: Rangvellingabók, 402. Jörðin varð Keldnakirkjueign fyrir 1518. DI VII, 40. “Gróið land Stokkalækjar er að

mestu mólendi en einngi mýri að hluta og er gott beitiland. Nokkur hluti jarðarinnar er örfoka sandur innan sandgræðslugirðingar og græddur upp að nokkru." SB V, 79

1711: "Túninu grandar blástur, sandur og skriður í leyingum og hefur um manna minni jafnvel næstu 20 ár, tekið af því fjórða part. Beitilandinu spillir líka blástur og sandur." JÁM I, 241 1840: "Hagasamt á vetrum en landlétt. Heyskapur enginn utan túns. Liggur undir nokkrum áföllum af sandfoki, gengur þó ei ennú mikið af sér." 1849: "Tún slétt og góð, engjar engvar. Land til hagbeitar fyrir sauðfé gott og kýr sæmilegar. Gripagagn gott sumar og vetur." 1884: "Haglendi norðan og austan í landareigninni sem var það kjarnbesta, er nú gjöreytt, og það af högunum, sem ekki hefur nýlega orðið fyrir stórkostlegum skemmdum, er bæði þröngt og magurlent." VS: Rangvellingabók, 403 1917: Tún 4,9 ha, þar af 4,5 ha slétt, garðar 552 m² 1940: "Tún: Þurrlent, 1/2 vélfært, 1/2 greifært. Engjar. Samfelldar, greiðfærar. Mýri og valllendi. Meirihluti þurrlent. beitiland: Að mestu mólendi. Fremur lítið . Gott til allrar beitar. Ókostir: Lítil háttar sandfok á haga. - Aurrennsli á engar." VS: Rangvellingabók, 403

RA-281:001 *Stokkalækur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:004 heimild um áfangastað
Kirkjuhóll er við mörk Keldna og Stokkalækjar við upptök lækjarins. "Um nesið og yfir Kirkjuhólsvað, sem er fyrir sunnan hólinn, lá þjóðvegur Skaftfellinga til kaupstaðar, lágu þeir oft í nesinu, því þar er hagi góður og staðurinn friðsæll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 1-2

RA-281:005 heimild
"Norður að Harðavelli og vestur að Austur-Öldu er Miðalda, nokkuð ofar með öldunni er Hraunslækjarbotn. Þangað á Stokkalækur land lengst til norðurs. Skammt vestar, í viki vestan Miðöldu, hyggur Skúli á Keldum að býli hafi staðið, vegna aðflutts grjóts, sem þar er allmikið af. Eins hafa smáhlutir fundizt þar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 2

RA-281:006 heimild um rétt
"Utasta-Alda eða Réttaalda er vestur af Miðöldu [sjá 005]. Áður en sandgræðslugirðingin kom umhverfis Reyðarvatnsland lá vegurinn af öldunni til réttanna og út á bæi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 2

RA-281:007 *Gömluborgir* hleðsla fjárskýli
"Tittlingagril heitir stórt og djúpt móbergsgil í mörkum að Hofi, eru bakkabrot allmikil umhverfis það. Norður af því í Velinum eru Hryggjalágar. Á Vallarbrúninni standa rústir af gömlum fjárborgum, nefndar Gömluborgir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:008 *Akurgarðar* örnefni akur
"Fyrir austan Tittlingagil, með læknum, liggja Akurgarðar. Mun þar hafa verið stunduð kornrækt í gamla daga, enda staðurinn vel velinn, ágætt skjól, bæði fyrir norðan- og austanátt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:009 heimild um fjárhús
"Litlagil nefnis næsta gil fyrir austan Arnarnef, og upp af því Háunef. Fyrir vestan ærhúsin ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:010 *Borgargil* örnefni fjárskýli
"Litlagil nefnis næsta gil fyrir austan Arnarnef, og upp af því Háunef. Fyrir vestan ærhúsin skerst allhrinkalegt gil inn í vallarbrúnina, sem er nefnt Borgargil." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:011 heimild um fjárhús
“Lágivöllur, svo er sléttan nefnd, sem liggur vestur af túninu. Upp af honum er Lambhúshóll. Þar standa nú fjárhús og umhverfis þau byrjun til nýræktar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:012 heimild um rétt
“Fyrir austan völlinn [Lágavöll sjá 011] er Réttargil, er það grafið eftir að rennslisvatni. Nafnið dregur það af fjárrétt, sem byggt er í botni þess.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:013 heimild um kvíar
“Austan við það [012] e Kvíaflöt, sem nú er orðin að túni. Þar stóðu kvíarnar, meðan fært var frá.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:014 varða
“Stokkalækjarhólar heita einu nafni þrír stórir hólar norðvestur af bænum. Eru tveir þeirra allháir og sjást víða að. Skyggnir heitir sá fremsti. Er af honum gott útsýni (hann er 147 m yfir sjó). Blásinn er hann af bakkabroti, en er nú farinn að gróa á ný. Á honum er varða allmikil.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:015 heimild um fjárhús
“Sauðahúsin standa suðvestan í háhólnum [sjá 014].” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:016 *Byrgi* örnefni fjárskýli
“Fyrir austan hana [Vatnslág] liggur Langhóll inn með læknumað Kirkjuhólsnesi. Fyrir honum miðjum við lækinn er Byrgi svonefnt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:017 *Útbungsvað* heimild um vað
“Á veginum úr á milli hóla er Útbungsvað á læknum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:018 vegur leið
“Á veginum úr á milli hóla er Útbungsvað á læknum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:019 *Prestsvað/Stokkalækjarvað* vegur vað
“Á veginum úr á milli hóla er Útbungsvað á læknum. Nokkuð sunnar er Prestsvað eða Stokkalækjarvað á veginum frá Keldum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:020 *Gamlavað* heimild um vað
“Þarna [við 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:021 gata leið
“Þarna [við 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað. Á götunni frá Steinboga heim norðanvert við túnið er falleg og slétt flöt, sem heitir Messuflöt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:022 hellir
“Skagar heita tangarnir fram af túninu. Þar er smáskúti, dottinn hellir, sem notaður var til að setja upp mjólk, áður en skilvindur komu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:023 hleðsla
“Upp af austurtanganum er Litlidalur, ferhyrndur, allstór blettur, hlaðinn, e.t.v. gamalt korngerði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:024 *Lambhúslaut* örnefni lambhús
“Suðvestur af bænum er Lambhúslaut.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:025 *Fornukvíar* heimild um kvíar
“Suðvestur af bænum er Lambhúslaut. Austanvert í henni eru Fornukvíar, sem munu hafa verið notaðar áður en færikvíar þekktust.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:026 áletrun
“Heima á hlaði er stór hestasteinn með höggnum stöfum, B.B. 1783.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:027 varða landamerki
Landamerki 1890: “Bergsnef við Eystri-Rangá, vestan við þar, sem Stokkalækur fellur í hana, er mark milli Stokkalækur fellur í hana, er mark milli Stokkalækjar og Minnahofs. Ræður svo Tittlingagilupp á brúnina. Úr Tittlingagili sjónhending út í Geitamelsvörðu, úr Geitamelsvörðu sjónhending beint upp í vörðu hjá Hraunslækjarbotni, úr þeirri vörðu sjónhending austur í Kirkjuhól. Frá Kirkjuhól ræður lækurinn (Stokkalækur) merkjum þangað til hann fellur í Rangá hjá upphaflega nefndu Bergsnefi.”
Varðan hjá Hraunbotnum.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 403

RA-281:028 *[Alda]* bæjarstæði býli
“Röskan 1,5 km vestnorðvestur frá Keldum eru fornar jökulöldur sem Keldnaöldur heita. Hin nyrsta þeirra og hæsta heitir Háalda. Í slakka vestnorðvestur af Háöldu, sunnan Hróarslækjar og innna landamerkja Stokkalækjar, eru rústaleifar sem taldar eru bæjarrústir, því þar hafa fundist mannvistaleifar.” VG: “Dálítin spöl niður með læknum að sunnanverðu í landi Stokkalækjar eru rústir þær, er eg gef ekki annað nafn en Alda. Nærri eru þær í læknum, í slakka, neðst vnv. í Háöldu.” Þar hafa fundist bein og fleiri mannvistaleifar.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 531; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 132

RA-281:029 hellir
“Á Stokkalæk voru tveir hellar, báðir fyrir löngu niður fallnir. Í öðrum þeirra var gert til mjólkur eftir því sem sagt er.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 14

RA-281:030 *Kirkjuhólsvað* heimild um vað
Kirkjuhóll er við mörk Keldna og Stokkalækjar við upptök lækjarins. “Um nesið og yfir Kirkjuhólsvað, sem er fyrir sunnan hólinn, lá þjóðvegur Skaftfellinga til kaupstaðar, lágu þeir oft í nesinu, því þar er hagi góður og staðurinn friðsæll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 1-2

RA-282 Keldur

60 hdr til forna en síðan 40 hdr og 1711 aðeins 20 hdr. 1847, Kirkjustaður. Jörðin nefnd í Njálssögu XII, 71. aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó Þar; Guðmundarsaga dýra, Sturlungasaga, 161. c. 1190: Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús firir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfr í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir. - sagt að helga ætti Jóhanni baptista - þá er Jón kom til Keldna, tók hann bráðliga sótt ... e. 1197: Eptir dauða hans lét Sæmundr sonr hans um sína daga bæta fyrnd kirkjunnar ok húsanna. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7 e. 1222: En at honum liðnum skiptu synir hans kirkjunni ok húsunum ofanteknum, sem sínum föðurarfi; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 293. [1332]: Máldagi kirkjunnar. “Paals kirkia aa kelldum a fiordung j heima landi oc halft sandgil.” DI II, 693 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 217 [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 264-265; DI IV, 85-86. 1547: Máldagi kirkjunnar DI XI, 542-543 1548: Fjörumörk Keldnakirkju. Kirkjan 6 hndr faðma fjöru og væru 3 hndr fyrir Krossi og 3 hndr fyrir Hallgeirsey. “Eru Eystri mörk austasta husid a minni Holldisey fast I vestanverdan minna þrijhyrning. hinu vestri mörk vestasta húsid I Hallgeirsey ber I Þrijhyrningsháls austanverdan þar sem hann ber lægstan. er þad hinn stærri

Þríhyrningur." DI XI, 630. [1491-1518]: Máldagi kirkjunnar. "Kirkia sancti pauli apostoli a kelldum a nv alla iordina stockalæk." DI VII, 40. [1553]: Máldagi DI XII, 654 1575: Máldagi DI XV, 662-663: Landnámsjörðin Sandgil innan marka Keldna. ÍF I, 356. "Heimildir um elstu byggð á Keldum er að finna í Njálssögu þar sem sagt er frá Ingjaldi Höskuldssyni er þar bjó fyrri og eftir 1000, en elsta samtímaheimild sem getur bæjarins er kirknaskrá Páls biksups Jónssonar frá því um 1200 og litlu yngri eru Odaverjaþáttur í Biskupasögum og Guðmundarsaga dýra í Sturlungu. ... á síðari hluta 12. aldar er Jón Loftsson í Odda var eigandi jarðarinnar. Sæmundur í Odda, sonur Jóns, hefur erft jörðina eftir hann og átti hann þar bú sem frilla hans, Keldna-Valgerður stjórnaði, en að Sæmundi látnum kom jörðin í hlut Hálfdanar á Keldum sonar hans. Árið 1332 var kirkjan á Keldum orðin eigandi að fjórðungi heimalands. Líkur benda til þess að Óli Svarthöfðason prestur í Odda hafi átt Keldur á síðari hluta 14. aldar og má vera að hann hafi verið niðji Hálfans Sæmundssonar og jörðin gengið í erfðir. Fyrir 30 maí 1434 hefur Oddur Þórðarson, leppur lögmaður á Ósi í Bolungavík eignast Keldur því þann dag á Mýrum í Dýrafirði gaf hann dóttursyni sínum Skúla Loftssyni "jörðina Keldur er stendur í króki millum Rangá." Eiríkur Þorsteinsson sem bjó á Keldum langan aldur hefur vagalaust átt jörðina og dóttir hans Steinunn erft hana því 1. ágúst 1546 seldi maður Steinunnar Þorleifur Pálsson lögmðaur á Skarði á Skarðsströnd, Birni syni sínum Keldur með samþykki konu sinnar. Sonar Björns, Eiríkur á Keldum, hefur síðan eiganst jörðina og við skipti eftir hann 11. sept 1614 kom hún í hlut sonar hans Torfa á Keldum. Guðmundur á Keldum, sonur Torfa, átti jörðina, er hann lést og við skipti eftir hann 3. júní 1670 erfði hana sonur hans Jón á Keldum. Jón átti Keldur til æviloka 1681 en þá erfði Torfi bróðir hans jörðina. Torfi lést árið 1700 en að honum látnum giftist ekkja hans Kristín Jónsdóttir Sigurði Sigurðssyni í Eyjum í Kjós og var hann eigandi Keldna 1711." VS: Rangvellingabók, 199Tunga og Króktún hjáleigur í JÁM en Króktún var komið í eyði 1803. Skógarítök eru í Bjólfelli að vestan í Næfurholtslandi og á Næfurholtsjörðu í Bakkaskógi og Filtingaholt og Sandholti í Landmannahrepi. Jörðin á einnig fjörustúf í Hallgeirseyjarlandi, ekki er vitað hvort ítökin tilheyra jörðinni eða kirkjunni. JÁM I, 238-239 1840: "Kirkjan á Keldum á fjórðung í heimalandi og jarðirnar Stokkalæk, Reynifell, Rauðnefsstaði, 1/2 Sandgil (nú í eyði) og Kornbrekkur og þessi ítök: Torfskurð í Strandarjörð neðri, hellunám í Kirkjubæjarlandi eystra, 6 hndrða fjöru er liggur fyrir Krossi og Hallgeirsey, Fitjaskóg fyrir norðan Mógil, afrétt í Norðurkinn (þessi 2 síðastnefndu ítök vita menn varla, hvar eru)." SSR, 157-158. "Jörðin er hin víðlendasta í Rangárvallarhreppi, en aðeins hluti af landi hennar gróinn og er það mest mólendi og hraun, gott til sauðfjárbeitar. Mikill hluti Keldnalands er blásið hraun og er mestur hluti þess innan sandgræðslugirðingar, nú nokkuð tekin að gróa ..." SB V, 78

1711: "Túni og högum spillir sandur, sem á fýkur í veðrum. Engjar eru ekki fyrir utan teig nokkurn eður engjapláts í Þykkvabæjar landi, kallað Keldna engi ..." JÁM I, 239 1840: "Útigangur hinn besti fyrir sauðfé og landrými afar mikið. Heyskapur er þar líka nokkur í góðum árum, einkum melaslægjur. Jörðin liggur undir miklum áföllum af sadni og gengur víða af sér, en aftur sumsstaðar grær upp og batnar." 1884: "Það sem eftir er af túni jarðarinnar liggur nú fyrir bráðri eyðingu. - Öll landareignin fyrir norðan og austan bæinn er nú ym hásumarið eins og svart sandhaf yfir að líta og hvergi með hreinni grasrót, á stöku stöðum eru nokkrir sundurslitnir meðli vaxnir blettir á stangli og sandspilltar grastóir hingað og þangað. Á svonefndu Eldiviðarhrauni er hagaspilda mestpart vaxinn mosa og lyngi, en er undirorpin sandblástri bæði að austan og sunnan. Líka er ennþá nokkuð haglendi á hinni svokölluðu Réttaheiði og Knafhólaheiði, en á báðum stöðum, þó einkum þeim síðarnefnda, er það rótlítið, sandspillt og liggur bersýnilega fyrir bráðri eyðilingu. Hagblettir eru líka suður við Rangá, fyrir austan Keldnalæk. Öll þessi landareign er orðin kvistlaus að kalla. Króktúnsheiði milli Keldnalækjar og Stokkalækjar er nokkuð spillt á tveim stöðum og lítur út fyrir að þau spjöll fari vaxandi. Land hjáleigunnar Tungu er óspillt ennþá." 1940: "Tún: Þurrlent og slétt. Jarðvegur: Sendinn og harður. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, snöggar, þurrar. Beitiland: Mjög víðlent mólendi og hraun gróin og blásin. Gott fyrir sauðfé og allgott fyrir gripi." VS: Rangvellingabók, 203.-204. "En ekki eru nytjar þessa lands í hlutfalli verið stærðina. meginhluti þess eru blásin hraun og öræfi. Graslendið, sem heita má, er aðeins eftir fremst í landareigninni, þar sem ár og lækir hlífa; örlítið brot af því, sem áður var. Túnið er geiri sem gengur úr í sandauðnina, blásið langt fram með því til beggja hliða. Tilvera þess er mannshendinni að þakka. Síðla á 19. öld og 20. hefur það margoft verið þakið sandfönnum, og ekið af því hundruðum vagna af sandi, og mætti segja, að það hefði næstum verið teigalagt með skóflu. 1882-8 og 1917 munu mestu sandárin. Þá brunuðu sandfannirnar fram af öllum hæðadrögum í túninu og mannvirkjum, húsum, tröðum, görðum o.s. frv. En lík barátt hefir staðið lengur. Árið 1682 er farið að fjúka á Keldnatúnið. Síðan mun það stöðugt, þó áraskift sjeu að. Hundrað árum síðar, 1787, eru sandfannirnar orðnar óviðráðanlegar undir görðunum, þó hreinsað sje oft á ári; og enn hundrað árum síðar, 1882-8, þá yfirlíkur að öllu með innhaga. ... Fram að þeim tíma (um 1880) var enn mikið af heiðalöndum innanvert við lækinn. Var það afbrigðagott beitiland, vaxið kjarnmiklu grasi, allskonar lyngjurtum, hnjeháum víðirunnum og grávíði, birki á stöku stað. en nú er það allt horfið á burtu ..." HS: Árbók 1937-1939, 114

RA-282:001 *Keldur* bæjarhóll bústaður

Varðveitur gamall bær í eigi Þjóðminjasafnsins. HS: "Bærinn stendur nálæga á miðju túni. Bæjarröndin er 53 m á lend; snúa 7 hús, íbúðir og skemmur, stöfnum fram (skálinn langs við). Íbúðin er undir járni, en önnur hús

árefti og hellu, með vallgrónum þekjum. Öll er byggingin rammbyggileg. Að baki þeirra er Húsagarðuinn, samhliða skálnum, baka-til, er gömul bað-stofutóft; heftur verið gengið beint inn úr bæjardyrunum. Ekkert gripahús er nálægt bænum. Húsbærinn náði áður töluvert lengra austur."

BJ: "Á Keldum á Rangárvöllum er enn til forn skáli frammi í bænum. Hann snýr frá austri til vesturs, en bærinn snýr móti suðri, og ganga bæjardyrnar inn í suðurhlið skálans. Er sá hluti hans, sem austur gengur frá dyrunum, nú notaður fyrir búr, en vesturhlutinn er hafður fyrir göng til stofu. Bæði búrið og göngin eru skilin frá bæjardyrunum með þili þar á eru dyr, aðrar inn í göngin, hinar inn í búrið, hvorar móti öðrum, og eru bogamyndaðar að ofan. Bæjardyrnar eru 5 1/4 al., á lengd, 3 1/2 al. á vídd inn þangað, sem skálaþilin taka við, en milli þeirra er 4 1/2 al., sem er eiginlega hluti úr lengd skálans. Austurendi skálans, sem nú er búr, er 6 al. langir, en sá hluti, sem hafður er fyrir göng, er 6 1/2 al. langur. Hæð undir bita er 3 al. 10 þuml, en lengd bita 6 al., á þykt eru bitar nær 8 þuml. Undir endum þeirra eru stafir mjög digrir. Baktil að ofan eru greyptar í þá syllur, 10 þuml. breiðar, og nær 3 þuml. þykkar með nótu að neðan til að greypa þiljur í. Risið er gjört með sperrum og eru kjálkarnir nálega 4 al. langir, 8 1/2 þuml. breiðir og um 3 1/3 þuml. þykkir. Bitar, syllur og sperrukjálkar eru með kýlingarstrikum. Ofan á syllunum uppi við ræfið eru áfellur, viðlíka breiðar og syllurnar sjálfar. Langbönd hafa áður verið greypt í sperrukjálkana, en liggja nú utan á þeim, en reisifjöl þar ofan á í stað súðar. Loft er í þeim hluta skálans sem fyrir göng er hafður, og eru nál. 3 ál til mælis af loftinu. Í búrinu er ekki loft nú. Af því eigi þarf svo víð göng sem skálinn er víður, er gjört skilrúm eftir þeim hluta hans, og eru göngin með norðurveggnummm, en sunnanmegin hefir verið hafður vefstaður. er þar gluggi á veggnum og skilrúmið þannig opið, að hann ber líka birtu í göngin. Við vesturenda hans er þil og dyr til stofunnar, sem auðvitað er."
Heimildir: SB V, 78; HS: Árbók 1937-1939, 115-116; B J: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1899" Árbók 1900, 7-8

RA-282:002 heimild um kirkju
KELDUR Á RANGÁRVÖLLUM (R) -Páli
aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó Þar; Guðmundarsaga dýra, Sturlungasaga, 161 [sbr. Konungsannáll, IA 119]
c. 1190: Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús firir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfr í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir. - sagt að helga ætti Jóhanni baptista - þá er Jón kom til Keldna, tók hann bráðliga sótt ...
e. 1197: Eptir dauða hans lét Sæmundr sonr hans um sína daga bæta fyrnd kirkjunnar ok húsanna.
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
e. 1222: En at honum liðnum skiptu synir hans kirkjunni ok húsunum ofanteknum, sem sínum föðurarfi; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 293.
[1332]: Kelldur.
Paals kirkia aa kelldum a fiordung j heima landi oc halft sandgil.
vjc. j busgagni oc eina ku.
messuklædi iiij oc ij hokla lausa. ij. sloppa. alltarisklædi iiij. med dukum. kantara kapur iiij. oc lektara duk. kaleka ij. tiolld vmmhuerfis kirkiu. munnlaughar ij oc klofa. kertistikur v. oc hin vj. stor med jarn. skrin med helgum domum. krossa iiij oc lecktara. mariuskrifter ij. einn glerglugg. peturs skrift oc pals skriftt. kluckur vij. xiij merkur vax oc mork reykelsis. glodarker ij. oc elldbera. baksturjarn. messufatakistu olæsta. merki ij. fontz vmmbuning. cccc j bokum. Máld DI II 693
[1367]: xxv. Palskirkia as Kelldum a fiordung j heimalandi og halftt sandgil
þesse maldage er halfu leingre j Vilchinsbok. enn ber allt saman þad sem badar hallda.
Hítardalsbók DI III 217
[1371]: LXVII. Kielldur.
Palskirkia ad keldum. a fiordung j heimalande og halftt sandgil.
vjc j Bvsgagni oc eina kv.
messuklædi fern oc. ij. hokla lausa. ij. sloppa. alltarisklædi. iiij. med dvkum. kantara kapur. iiij. oc lectara dvk. kaleika. ij. tiolld vmmhuerfis kirkiu. mvnnlaugar. ij. oc klofa. kiertistikur. v. oc hin sietta stor med jarn. skrijn med helgum domum. krossa. iiij. oc lectara. Mariuskripter. ij. einn glerglugg. Pieturs skript oc paals skript. kluckur. vij. xiij. merkur vax oc mork reykelsis. glodar kier. ij. oc elldberi. baksturjarn. messuklæda kistu olæsta. merke tvo. fontz vmbuningur. cccc. j Bokum.
Sira Ole lagde til. ij kyr. kross smelltann oc kaleik gylltann. vegur vel. x. aura.
Hun a vmm þat framm sem j maldaga hennar er skrifad jord er Reynifell heiter sem er .xxc. og .iiij. kugilldi med sem gaf Salgierdur heitin.
Jtem .v. kugilldi oc ij. hestar [+torfskurð, hellunám, fjöru, skóg og afrétt, og frekari ornamenti]
portio Ecclesiæ vmm næstu .xvij. är .iij. merkur aa hveriu are. fellur nidur oll firir kirkiu vppgiord.
var kirkian vird firir xxc. Vilchinsbók Máld DI III 264-265; DI IV 85-86 [JÞ telur að línan um síra Óla hafi staðið í Hítardalsbók og að hitt sé viðbót Vilchins. Ef það væri skrifað 1397 þá ætti Hít. að vera frá 1370]
17.4.1547: Máld DI XI 542-543

[1491-1518]: Kirkia sancti pauli apostoli a kelldum a nv alla iordina stockalæk. Máld DI VII, 40 [AM 257 4to; AM Apogr. 2658]
[1553]: Máld DI XII 654
1575: Máld DI XV 662-663
1709: Þar er alkirkja og embættað hverja tvo helga daga að tveim hlutum við Gunnarsholt; JÁM I: 238
8.11.1859: Stórólfshvolsprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Keldur; (PP, 62) [bréf stiftsyfirvalda]
27.2.1880: Keldna- og Stórólfshvolssóknir lagðar undir Odda; (PP, 63) [lög]
Heimildir: PP, 63; Jám I, 238; DI

RA-282:003 gripir
Þjms. 8844: Knappur af sverði. fimmskiptur, afbrigði af S-gerð, sbr. Sverd 115, sem er þó ekki alveg eins. Frá 10. öld, sbr. Hafurbjarnastaðasverðið. - Fannst fyrir norðan svonefndan Hólavöll í túninu á Keldum, um 8 álnir neðan við grasrót, en áfok er þarna mikið."
Heimildir: KEKH, 268

RA-282:004 gripir
Tvö blýmet hafa fundist í landi Keldna, ekki ljóst hvort þau fundust á sama stað Þjms. 6871. Blýmet, nær teningsmyndað, 18.217 gr. Þjms. 7247. Blúmet, sívalt, kollótt að ofan, 7.185 gr.
Heimildir: KEKH, 356

RA-282:005 *Knafahólar* kuml legstaður **Friðlýstar fornleifar**
Á hinu mikla uppblástarsvæði norður af Keldum standa fimm strýtumyndaðir hólar, sem heita Knafahólar (í daglegu tali ætíð kallaðir Knæfhólar). Víða í nánd við þá hafa áður verið bæir, þó að nú séu þar eyðisandar. Þar fundust mannabein og gripir sem benda til þess að þar hafi verið konukuml úr heiðni.

Í ferðabók sinni segja Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson svo frá: "Hlutaskaaler eller Lodskaale blever brugte her i Norden i de hedenske Tiider: deri laae smaa Afguds-Billeder, hvoraf Eierne spaaede eller søgte at efterforske tilkommende Ting. Saadant et Par Skaale, dog den eene noget beskadiget, blevet fundet ved Knævahole paa Rangaarvalle, kort fra Kiælde-Præstegaard, omtrend fo 30 Aar siden, hvilke vi have faaet til Eie. De vare af stærkt forgyldt Messing, og dobbeltle, med udpukklet, giennemskaaret Arbeide. Paa Fodret, som var støbt, sad kiendeligt Aftryk af fiint Lærret, og neder i Bunden var en breed Ring lodded fast, uden Tvil for at trække et Baand der igiennem. Forbenævnte gamle Skrift, Nials-Saga (Cap. 57), mælder, at Gunnar af Hlidarenda blev, henved Aar 990, eller lidet før, overfalden af 30 af hans Fiender, da han med hans tvende Brødre reiste forbi Knævhole. Den eene af disse blev ihielslagen, og 14 af de andre. Det riimeligste er, at disse Broder, at hans døde Legeme blev ført dafra. Stedet, hvor Skaalene fandtes, er en Hob af smæltede Smaasteene; der laae og nogle Menneskebeen, som vare meget fortærede."

Hlutirnir, sem hér er lýst, eru sýnilega kúptar nælur. Vafalaust sýnist hér vera um að ræða konukuml úr heiðni: grjóthrúga uppblásin, með leifum af mannabeinum og skrautgripum konu. Þegar Eggert Ólafson drukknaði á Breiðafirði 1768, fórust með honum ýmsir forngripir, og hafa nælurnar frá Knafahólum getað verið meðal þeirra. Fráleitt er að nefna kuml þetta í sambandi við Rangárbardaga, þar sem það er konukuml. Heimildalaust er það einnig, er Kålund telur fund þennan með kumlunum við Rangá, þar sem skýrt er sagt, að gripirnir fyndust "ved Knævahole" og annað ekki. Þetta hlýtur að vera annar fundarstaður, enda byggð kringum Knafahóla fyrrum, og fundizt hafa þar í nánd forngripir í uppblæstri öðru hverju, t.d. hjalt af engilsaxnesku sverði (Þjms. 3959). En bæði í safnaukaskrá og prentuðum ritum verður vart tilhneigingar til að gera eitt úr fundunum frá Knafahólum og Rangárfundunum. Þessu veldur frásögn Njálu um fyrirsátina við Knafahóla og bardagann við Rangá, sem hvort tveggja er einn atburður, og viðleitnin til að setja allt fornt, sem á báðum stöðum finnast, í sambandi við hann.
Heimildir: KEKH, 40-41; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67

RA-282:006 heimild um sel
"Málnytu beit á sumur er mjög örðug og lángt í burt, hefur til forna út í högum jarðarinnar selstaða brúkast, en ei í manna minni, verður nú og ekki brúkuð sökum vatnsleysis."
Heimildir: JÁM I, 239

RA-282:007 *Króktún* bæjarstæði býli
Hjáleiga frá K, var nálægt túninu í byggð 1709 en komin úr ábúð 1803. HS: "Króktún var hjáleiga frá Keldum; það var lagt í eyði vegna sandágangs heimajarðarinnar 1839. Króktúnshúsin, er þar standa nú, voru sett í bæjarrústirnar." VG: "Bærinn á Króktúni stóð á miðju túninu. Þar eru nú þrjú lambhús, hesthús og hlaða. En ekkert teljandi sést eftir af gamla bænum." "Bærinn stóð vestan Keldnalækjar þar sem enn heitir Króktún ... en 1839 lagðist það í eyði."
Heimildir: JÁM I, 239-240; HS: Árbók 1937-1939, 118; VS: Rangvellingabók, 239; VG: "Eyðibýli og auðnir á

Rangárvöllum" Árbók 1953, 62

RA-282:008 heimild um rétt
"Skilaréttir Rangárvallahrepps eru Reyðarvatnsréttir á Reyðarvatnshæðum. Þar hafa þær verið frá árinu 1892, voru fluttar þangað frá Eldiviðarhrauni í Keldnalandi og nefndur fram að því Keldnaréttir. Síðast var réttað þar 1892. Þá voru réttirnar að kaffærast af sandfoki og hurfu síðan að mestu í sandfönn."
Heimildir: SB IV, 18

RA-282:009 heimild um göng
HS: "Framan af bæjardyrunum er Hlaðið og Varpinn. Þar liggja leynigöng undir skálanum og út um Hlaðbrekkuna."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:010 *Heimagarðurinn* heimild um kálgarð
HS: "Fyrir vestan það [009] ,en sunnan-við bæjarröndina vestanverða, er Heimagarðurinn (rófnagarður), en fyrir sunnan Hlaðið austarlega er Blómagarðurinn."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:011 *Blómagarðurinn* heimild um kálgarð
HS: "Fyrir vestan það [009] ,en sunnan-við bæjarröndina vestanverða, er Heimagarðurinn (rófnagarður), en fyrir sunnan Hlaðið austarlega er Blómagarðurinn."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:012 *Bæjarlind* lind vatnsból
HS: "Undan garðinum [kirkjugarðinum ?] miðjum kemur stór og falleg uppspretta. Bæjarlindin; þangað var sótt vatnið í bæinn, þar til það var leitt inn úr annarri lind vestast í Hlaðbrekkunni."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:013 lind vatnsból
HS: "Undan garðinum [kirkjugarðinum ?] miðjum kemur stór og falleg uppspretta. Bæjarlindin; þangað var sótt vatnið í bæinn, þar til það var leitt inn úr annarri lind vestast í Hlaðbrekkunni."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:014 *Bæjarlind* lind þvottastaður
HS: "Undan garðinum [kirkjugarðinum ?] miðjum kemur stór og falleg uppspretta. Bæjarlindin; þangað var sótt vatnið í bæinn, þar til það var leitt inn úr annarri lind vestast í Hlaðbrekkunni. ... Lindin er hreinsuð árlega og hlaðin upp, þar er þvegin ull, þvottur og annað því um líkt."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:015 heimild um heygarð
HS: "Nokkuð austur frá bænum en önnur húsþyrping; þar var Heygarðurinn með 5 samhliða desum, þar er nú hlaða, 2 hesthús og fjós. Þar er 90 m. frá bæjardyrum."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:016 *Stóraréttheimild um rétt*
HS: "Vestan undir heygarðinum 8015] er Stóra-Rjettin, tekur nálægt 700 fjár." Steypt baðþró og pallur í einu horninu.
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:017 *Litlarétt* heimild um rétt
HS: "Litla-rjettin er nokkuð vestar; tekur um 300 fjár."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:018 *Austurgarður* heimild um kálgarð
HS: "Fram af heygarðinum [015] er kálgarður (rófur), sem nefndur er Austurgarður."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:019 heimild um traðir
HS: "Frá heygarðinum [015] liggja vel hlaðnar Traðir heim að bænum, og þaðan vertur úr túninu, byggðar 1879 frá stofnu."

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:020 heimild um fjós
HS: “Austurtún liggur austur af heygarðinum; fyrir því miðju er Fljósalindin, og Fjósalautin upp af henni. Í lindina var sótt vatn í fjósið áður en vatnsleiðslan kom, Fjóshólinn er fyrir austan fjósið ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:021 lind vatnsból
HS: “Austurtún liggur austur af heygarðinum; fyrir því miðju er Fljósalindin, og Fjósalautin upp af henni. Í lindina var sótt vatn í fjósið áður en vatnsleiðslan kom, Fjóshólinn er fyrir austan fjósið ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:022 *Hólhesthúsið* heimild um hesthús
HS: “Austurtún liggur austur af heygarðinum; fyrir því miðju er Fljósalindin, og Fjósalautin upp af henni. Í lindina var sótt vatn í fjósið áður en vatnsleiðslan kom, Fjóshólinn er fyrir austan fjósið, sunnan í honum er Hólhesthúsið, þar var fjósið fyrrum.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:023 heimild um traðir
HS: “Niður við lækinn er hesthúsströðin og Traðarlind niður af henni.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116-117

RA-282:024 *Tóft* garðlag kálgarður
“Upp á balanum fyrir vestan Tröðina er kringlóttur kálgarður, sem heitir Tóft - Byggður 1895.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:025 heimild um leið
HS: “Austurtún og Upptún takmarkast af langri laut, sem liggur heim undir heygarð. Þar var heimreiðin af uppbæjum, norðan-að og austan-að (Dagverðarnesi og Árbæ o.s.frv.), fram undir árið 1890 ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:026 heimild um túngarð
HS: “Austurtún og Upptún takmarkast af langri laut, sem liggur heim undir heygarð. Þar var heimreiðin af uppbæjum, norðan-að og austan-að (Dagverðarnesi og Árbæ o.s.frv.), fram undir árið 1890, þá var lautin eitt flag, sem gróf út frá sjer á allar hliðar; nú er hún grædd upp út að túngarði.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:027 *Hólavallavarða* varða
HS: “Hólavöllur er einkar fagur, eggsljettur; sjer þaðan til hafs. Á hólnum hæst uppi er varða mikil, hringhlaðin, mannhæðará, hol að innan.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:028 *Stöðull* heimild um kvíar
HS: “Sljettan fyrir norðan bæinn er nefnd Flöt og krikinn milli hennar og Hólavallar Stöðull. Kýrnar voru mjólkaðar þar, til 1920, þá var hann að mestu ógróinn, með háum bakkabrotum.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:029 *Mylna* heimild
HS: “Hólavallarbrekkan er sunnan-í Hólavellinum ... Í botninum stendur enn gömul Mylna.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:030 *Maríubrunnur* lind vatnsból
HS: “Fram af lækjarbotninum koma upp nokkrar lindir. Fremst er Maríubrunnur.” “Frá honum er sagt í Biskupasögum. Guðm. góði Hólabiskup á að hafa vígt hann. Vatn hans var notað til lækninga, er ein jarteinasagan um hann í Biskupasögunum. Nú í seinni tíð hefur trúin að mátt hans vaknað aftur, og þykir vatn hans einkum gott til augnlækninga (þó ekki fái blindir sýn). ... í botni Maríubrunns, mittisdjúpt, á að vera móbershella með 18 götum, sem vatnið bólar upp um.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117-118

RA-282:031 *Stöplarnir* heimild um kvíar

HS: “Stöplarnir, nýju og gömlu, eru í Krókatúnslæk fremst í Tanga. Þeir voru hlaðnir fyrir kvíær, sem voru mjólkaðar í færikvíum fremst í honum (síðast 1920).”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117-118

RA-282:032 *Örlygsvað* heimild um vað
HS: “Örlygsvað mætti kann ske nefna í Tanga, upp við brekku austan-megin; ber það nafn síðan Borgarættin var leikin hjer 1919.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:033 *Skyggnir* heimild um huldufólksbústað
HS: “Útsuður frá bænum (Króktúni) var Skygnir, nú nefndur Króktúnshóll. Í hólnum á að búa huldufólk.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:034 *Gerðisgarðurinn* garðlag
HS: “Þvert yfir Króktúnið framarlega liggur Gerðisgarðurinn. Hann er frá því í fornöld, og nær út í hraunið fyrir utan; er það nokur hluti garðs þess sem liggur umhverfis túnið.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:035 *Gerðið* örnefni
HS: “Þvert yfir Króktúnið framarlega liggur Gerðisgarðurinn. Hann er frá því í fornöld, ognær út í hraunið fyrir utan; er það nokur hluti garðs þess sem liggur umhverfis túnið. ... Fyrir sunnan garðinn er Gerðið; þar er útseta frá Króktúni.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:036 heimild
HS: “Framtúnið er túnið nefnt fyrir sunnan lækinn. Til er sögn um það, að bærinn hafi staðið þar fyrst, og er bent á upphækkun á miðju túninu í því sambandi. Því til sönnunar sást til gamalla geila (traða ?) fram um 1880, er allt fylltist af sandi, og Framtúnslambhúsin, er þar standa nú, voru sett á gamlar rústir 1884.” “En aðallega mun stuðzt við ummæli Þorlákssögu helga, hinnar ngri, er segir að Jón Loftsson hafi látið byggja kirkju og klaustrshús fyrir norðan læk. En má vera, að það stafi af ókunnleika söguritara, því þar er ljótara bæjarstæði, nema þá skilyrði hafi upphaflega verið betri fyrir framan lækinn - skógminna.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:037 heimild um lambhús
HS: “Framtúnið er túnið nefnt fyrir sunnan lækinn. Til er sögn um það, að bærinn hafi staðið þar fyrst, og er bent á upphækkun á miðju túninu í því sambandi. Því til sönnunar sást til gamalla geila (traða ?) fram um 1880, er allt fylltist af sandi, og Framtúnslambhúsin, er þar standa nú, voru sett á gamlar rústir 1884.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:038 *Gömlu-lambhús* heimild um lambhús
HS: “Á móts við bæjarlækinn eru Gömlu-lambhúsin. Þau voru flutt undan sandi heimar 1884.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:039 *Framtúnsgarður* garðlag
HS: “Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119

RA-282:040 *Framtúnsréttin* heimild um rétt
HS: “Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn. Innan-við hann, austarlega, var Framtúnsrjettin ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119

RA-282:041 *Framtúnsstöðullinn* örnefni kvíar
HS: “Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn. Innan-við hann, austarlega, var Framtúnsrjettin og austar utan garðs Framtúnsstöðullinn.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119

RA-282:042 garðlag
HS: “Fyrir sunnan túnið vestarlega, utan-við forna torfgarðinn, rennur smá lind, sem heitir Skurður.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:043 *Skruður* renna
HS: “Fyrir sunnan túnið vestarlega, utan-við forna torfgarðinn, rennur smá lind, sem heitir Skurður. Hann var grafinn frá syðsta lækjarbotninum vestur í læk af núvernadi ábúanda, Sk. G. eftir aldamót, til varnar sandfoki..”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:044 vegur leið
“Forn vegur liggur yfir hólmann austarlega og upp úr austanvert við túnið, senilega úr miðhlíð til upp- og út-sveita.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:045 *Móagarðurinn* garðlag
HS: “Móinn liggur suður-af Framtúni, frá heiðarbrúninni og vestur að læknum. ... Á Móanum er fornmanagarður, Móagarðurinn, enn óblásinn; er það nokkur hluti garðs þess, er umlukt hefur túnið.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:046 heimild um áveitu
HS: “Um 1760 var áveita fyrir Móann, Keldna- og Hóma-lækir teknir upp í botni; fyrirhleðsla sjest enn, þá að Sandgiljar hafi nú rutt mestu í burtu. Slægjurnar voru þá á Móanum. Um 1870 var aðeins mjór gári niður brúnina; sást þá áveituskurður austur með hennni, einnig sást til hans fyrir ofan Stórahólma efst.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:047 *Grjótavað* heimild um vað
HS: “Vestur við lækinn, þar sem hann tekur stefnu til vesturs, eru klettar nokkrir í þyrpingu, nefndur Grjót; Grjótvað er hjá þeim. Nú er það ófært.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:048 gata leið
HS: “Vestur við lækinn, þar sem hann tekur stefnu til vesturs, eru klettar nokkrir í þyrpingu, nefndur Grjót; Grjótvað er hjá þeim. Nú er það ófært. Eru þar háar brekkur að til beggja hliða. Til gamalla gatna sást í brekkunum fyrir vestan lækinn áður en Móinn bljes og fyllti misjöfnurnar.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:049 heimild um áveitu
HS: “Fram undir aldamót 1900 voru Teitsvötnin er þau komu móts við Austurhlaðið, alfaravegur Rangár, en smá-áll rann þá milli haldanna, en í miklum leysingum á veturna gróf hún sig dýpra niður, og nú hefur hún algjörlega skilið Austurhaldið frá landareign Keldna. Er þar þur eyri milli Rangár og Teitsvatns, þar sem hún fjell áður. Líklegast hefur áin lagzt í gamla áveituskurði yfir höldin; benda til þess skurðir miklir í Vestur-haldinu og Skarð á miðjum Móa.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119-120

RA-282:050 heimild um áveitu
“Það lítur út fyrir, að hjer hafi verið gerðar stórfelldar jarðarbætur fyr á tímum; geysimiklir áveituskurðir bera þess merki, þar sem bæði Rangá og lækurinn á tveim stöðum hafa verið teknir upp og bægt af braut sinni yfir heiðar og móa, einnig Sandgilju; sjást líka fyrirhleðslugarðar, auk hins mikla vörzlugarðs er umlukti túnið. Mundi engum einstökum kleift að ráðast í aðrar eins framkvæmdir. Eru þær sennilega frá fornöld meðan vinnukraftur var ódýr og dugnaður nógur.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119-120

RA-282:051 *Haldborgin* heimild um fjárskýli
HS: “Nokkur örnefni eru í höldunum: Haldsporður heitir syðsta taglið í Vesturhaldi; stendur þar Haldborgin.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:052 *Haldvað* heimild um vað
HS: “Nokkru ofar [en 051] með læknum er allhár hóll, nefndur Haldhóll. Syðsta-lind sprettur upp undan honum; í henni er smá-hólmi, víðivaxinn. Þá er Miðlind og Efstalind efst. Milli fremri linda er Haldvað. Nú er það að vísu úr sögunni, en að því liggur mikið af gömlum götum svo auðsjeð er, að það hefir verið tíðfarið fyrrum.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:053 gata leið

HS: “Nokkru ofar [en 051] með læknum er allhár hóll, nefndur Haldhóll. Syðsta-lind sprettur upp undan honum; í henni er smá-hólmi, víðivaxinn. Þá er Miðlind og Efstalind efst. Milli fremri linda er Haldvað. Nú er það að vísu úr sögunni, en að því liggur mikið af gömlum götum svo auðsjeð er, að það hefir verið tíðfarið fyrrum.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:054 *Þorgeirsvað* heimild um vað
HS: “Fyrir haldinu miðju, á Rangá gömlu eða Teitsvötnum nú er Þorgeirsvað, kennt við Þorgeir Otkelsson, er Gunnar á Hlíðarenda vá og kastaði á atgeirnum út í Rangá; rak þá líkið ofan á vaðið og festist þar á steini og heitir hann síðan Þorgeirssteinn.” Vaðið er um 450 m fyrir norðan Þorgeirsstein.
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 5

RA-282:055 *Skógarmannavað* heimild um vað
HS: “Skógarmannavað er nokkru ofar [en 054] og Eyrarvað efst, nú í þjóðbraut.” “Skógarmannavað er 230-280 m ofar en Þorgeirsvað [054]. Það lagðist niður að mestu leyti um hríð .... Fyrir neðan þetta vað og að Þorgeirsvaði liggja móbergsklappir, nær 190 m að lengd og um 1 1/2-2 m að hæð.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 5

RA-282:056 *Eyrarvað* heimild um vað
HS: “Skógarmannavað er nokkru ofar [en 054] og Eyrarvað efst, nú í þjóðbraut.” “Eyrarvað eða -vöð hefir jafnan verið mjög breytileg; það er þar sem áin fór að slá sér út, fyrir ofan Austurhald.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 8

RA-282:057 *Austurhaldhúsin* heimild
HS: “Skógarmannavað er nokkru ofar [en 054] og Eyrarvað efst, nú í þjóðbraut. Austurhaldshúsin eru í miðju haldi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:058 *Lambhúshóll* tóft lambhús
HS: “Lambhúshóll er á brúninni fyrir ofan Austurbotnana; sjer þar til tóftarbrota.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:059 *Vörðuhóll* varða
HS: “Upp á brún að sjá í Þríhyrning er all-hár hóll með vörðu, sem heitir Vörðuhóll.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:060 heimild um stekk
HS: “Vestur af honum [059] í brúninni er Stekkjartúnshvammur.” “Páll Guðmundsson, bóndi á Keldum, áður-nefndur, byggði þar stekk með túngarði og fjekk verðlaun fyrir.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:061 *Innvörðuhóll* örnefni
HS: “Land-norður af honum [060] er Innvörðuhóll eða Innrivaðra, eins og hóllinn er kallaður. Þar hafa staðið 2 lambhús.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:062 heimild um lambhús
HS: “Land-norður af honum [060] er Innvörðuhóll eða Innrivaðra, eins og hóllinn er kallaður. Þar hafa staðið 2 lambhús.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:063 heimild um lambhús
HS: “Land-norður af honum [060] er Innvörðuhóll eða Innrivaðra, eins og hóllinn er kallaður. Þar hafa staðið 2 lambhús.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:064 *Þrívörðuhóll* varða
HS: “Hrosshagi var þar góður umhverfis [063] í tíð Guðmundar Brynjólfssonar ... Inn af þeim hól er Lómurinn. Fornmannagarður [045] liggur að honum. Landnorður af honum er allmikill hóll, sem heitir Þrívörðuhóll. Er hann kenndur við þrjú vörðubrot, er standa á honum. Umhverfis hann er Þrívörðuheiði.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:065 heimild um lambhús
“Austan í hólnum [Þrívörðuhól 064] voru Lambhúsin fram yfir miðja 19. öld, er þau voru flutt undan sandi á Framtún (Gömlu-lambhús).”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:066 heimild um lambhús
“Austan í hólnum [Þrívörðuhól 064] voru Lambhúsin fram yfir miðja 19. öld, er þau voru flutt undan sandi á Framtún (Gömlu-lambhús).”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:067 garðlag
HS: “Hjá hólnum [Þrívörðuhól 064] er einnig gamall skjólgarður fyrir hesta.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:068 *Langalág* heimild um áveitu
HS: “Eftir heiðinni [Þrívörðuheiði ?] liggur laut, sem vera mun gamall áveituskurður yfir Móann, úr Rangá frá Árholti. Lautin er kölluð Langalág.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:069 *Fossdalsréttin* hleðsla rétt
HS: “Fyrir austan brúarhornið við ána er Fossdals-rjettin.” “Hún er að mestu náttúrusmíð, skipt í þrjár rjettir, og mun taka um tvö þúsund fjár. Árið 1875 eða 1876 voru allir Keldnahagarnir smalaðir fyrir slátturinn til upprekstrar á fjall og allt rekið í Fossdalsrjett, og var þá talið úr henni allt að 2400. Var hún þá vel full. Innsta réttin heitir Stekkur. Þar var fæst frá, þar til fráfærur lögðust niður 1920, og baðað lengi. Baðpallurinn er nærri sjálfgerður. Nú er fje safnað þar tilrúninga, austan lækjar. Rjettin er sérkennileg og fögur, blágrýtishamraborg, að miklu leyti á þrjá vegu.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:070 *Sauðaborgir* heimild um fjárskýli
HS: “... fram undan sauðakumlinu; standa Sauðaborgirnar á brúnum dalanna.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122

RA-282:071 *Vígi/Einvígi* örnefni
“Vígið eða Einvígi, eins og það er venjulega nefnt, er einkennilegt klettabelti, sem gengur langt út í ána vestan megin og þrengir mjög að henni.” “Segja munnmæli, að þarna hafi þeir skotizt á spjótum, Flosi og Ingjaldur, efitr Njáls-brennu. En fræðimönnum, sem hafa rannsakað það mál finnst það ólíklegt, vegna óhagstæðra aðstæðna og úrleiðis fyrir Flosa til Þríhyrnings ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122

RA-282:072 heimild um fjárskýli
HS: “Fyrir austan Innra-láglendi er Hestasteinn, stór klettur, sem hestar munu hafa hamað undir í óveðrum. Nú er fjárborg reist upp við klettinn.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122

RA-282:073 *Gunnarssteinn* sögustaður
“Vestur af Árholti við ána, er Gunnarssteinn. Ber hann nafn Gunnars á Hlíðarenda.” “Hann hleypti þangað undan óvinafyrirsát við Knafahóla. Barðist þar með bræðrum sínum, Kolskeggi og Hirti, móti ofurefli liðs, eins og segir í Njálu.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122-123

RA-282:074 heimild um vað
HS: “Þar, undir Áholtsbrún [sjá 073], hefur verið vað á ánni; sáust þar gamlar götur í hæfilega blásnum jarðvegi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:075 gata leið
HS: “Þar, undir Áholtsbrún {sjá 073], hefur verið vað á ánni; sáust þar gamlar götur í hæfilega blásnum jarðvegi. Legið úr innhlíð um uppsveitir til Þingvalla.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:076 *Ártúnsrúst* bæjarstæði býli
HS: “Undir Áholtinu er bæjarrúst; nafn óþekkt, nefnd Ártúnsrúst.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:077 *Vallartangaborgin* hleðsla fjárskýli
HS: “Í Vallartanganum stendur Vallartangaborgin á hæsta hólnum, úr notkun síðan melar bljesu þar, komin að hruni.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:078 *Steinkuvarða* varða
HS: “Á sljettunni miðri [Sandgiljuslétta] er Hálftímaklettur; þaðan er hálftími frá bænum; og Steinkuvarða, er hún kennd við vinnukonu á Keldum og ber það nafn síðan, að þarna voru melaslægjur fyrir nálægt 50 árum.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:079 heimild um rétt
“Fyrir innan Sandgiljusljettu er gljúfur í árfarveginum, nefnt Þrengsli. Eftir kláðaniðurskurðinn um 1860 voru byggðar þar almenningsrjettir fyrir hreppinn og rjettað þar í eitt ár, til varúðar gegn smitun í aðalrjettum ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:080 *Sandgil I* bæjarstæði býli
Landnámsjörð. Jarðarinnar getið í Njálu. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. 1371: Kirkjan á Keldum á hálft Sandgil. 1709: “Lagðist í eyði fyrir 19 árum af blásturssandi. Eigandi er kirkjan að Keldum. ... Hús öll eru í burt og tóftir fullar af sandi. Þar með tún alt sandi kafið. Högum spillir blásturssandi. ... Fyrir vatnsból hefur brunnur brúkast nær byggíngin hjelst nú er hann kafinn sandi og þykri vansjeð vatn mundi þar nást, þó til væri grafið.” HS: “Sandgil forna er landnámsjörð. Kolur Óttarsson byggði þar fyrstur; hann nam land fyrir ofan Reyðarvatn og Stokkalæk og vestan Tröllaskógar. Bærinn hefur stðið á fögrum stað í viki milli tveggja hraunbrúna, Laufflatar og Lægriskóshraunsbrúnar.” VG segir Sanbdgil hafa verið flutt 2x og því þrjú bæjarstæði. “Slægjur eru engar nema nokkuð af blöðku, þá þó aðeins er vel vegglur uppá nýtíng.”

VG: “Bæjarrústin sjálf er nú hulin undir stórri, þykkri torfu að mestu leyti. Þó sést grjót og beinarusl að nv. og norðan. Norður frá bæjartorfunni vestarlega sjást leifar af tveim nálægum húsarústum, svo úthrundum, að ekki verða mældar. Hjá annari eru viðarkol og líkindi til smiðju. Þar austur af, ofarlega í brúninni, er gleggri hústótt í nokkrum halla og dyr á fafli til sv., en 8x16 fet að innanmáli. ... Uppi í hábrún vestan við Sandgilju eru leifar af kofum tveimur, litlum og samhliða, sem nú verða ekki mældir. Kofarnir hafa verið (geitakofar) í litlum slakka og halla mót suðaustri, lítið eitt ofar en móts við kofarústirnar tvær nýnefndu. Á hamrabrún, bak við kofa þessa, hefir byrjað varnargarður mikill. Stefnir hann fyrst í vestlæga átt lítinn spöl og nokkuð upp fyrir hábrúnina, beygir svo ssv. niður eftir um langan veg og viðlíka langt frá brúninni, og hefir að líkindum endar með sama móti á hamrabrún þar um bil, sem neðra gljúfrið byrjar - móts við aðrar rústir ... óglöggt sést garðstæðið, með grjótleifum hér og þar. Er það ómælt, en vafalaust nokkur hundruð metra á lengd. Laust vestur frá garðlagi þessu að neðanverðu, austast í lauglatahrauni, er grjótdreif úr kofa, sem vel mátti vera fjárborg frá keldnaseli. Mjög nærri farvegi að austanverðu sést greinilega fyrir túngirðingu úr grjóti víst að nokkru, 25 faðma vestan í rústahólnum og svo 40 f áfram þaðan niður eftir, en 35 f. ofar upp í horn. Að norðan sést ógleggra, stuttan spöl, upp á austurbrúnina, utan kofarústar, en svo sést víða fyrri garðlagi, er nemur hundruðum faðma suður eftir hábrúninni. - Vera mátti og torfgarður um þvert að sunnanverðu á flatlendinu, þó að nú sjáist ekki merki þess.” “Áin Sangilja fjell fram milli þeirra, meðfram bænum að vestan, sennilega ísandgili eins og nafnið bendir til. Engjar hafa líklega legið beggja megin ár, sýna það varnargarðar miklir, er en sjást. Sandgil fór í eyði 1692 af sandi.”Keldnakirkja eigandi hálfrar jarðarinnar 1332 og hafði eignast hana alla fyrir 1668.
Heimildir: ÍF XII, 147; DI III, 264-265; JÁM I, 235; HS: Árbók 1937-1939, 123-134; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 115

RA-282:081 *Sandgil II* bæjarstæði býli
HS: “Sandgil yngra, eða flutt, stóð sunnnar, vestan í Lágaskógshraunsbrún; enn í byggð 1760.” VG segir Sandgil hafa verið flutt 2x, og því eru bæjarstæðin þrjú. VG: “Aðalrústin er á blásnum hól, sem þó er ekki stærri en hún tekur yfir. Virðast þar hafa verið þrjú hús í röð og snúið öll til suðlægrar áttar, en stærðin innanmáls líklegast þannig, Austasta húsið 8x14 fet, svo 8 (?) x6 fet og vestast 10 (?)x17 fet. Veggir þykkir hafa verið milli húsanna, svo að rústalengdin öll er 10 faðmar. Sunnan við hól þennan hafa verið hús tvö sérstæð, líklega með dyr á suðurgöflum, og vestra húsið stærra, allt að 9x17 fet. Ekkert markvert hefir fundizt nýlega í rústum þessum. Túnið þarna innan girðingar hefir varla getað verið yfir 1 1/2 dagslátta, en algirt að klettabrún í nyrðri hólnum við farveginn. Má rekja 50 faðma garðlag að austanverðu, um 20 faðma að sunnan og 50 faðma líka að vestan. Frá þeim garðlagsenda, við klettana, eru 28 faðmar að rústum, 10 10 faðmar milli þeirra og garðlags að

austan."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 116-117

RA-282:082 *Sandgil III* bæjarstæði býli
HS: "Sandgil yngra, eða flutt, stóð sunnnar, vestan í Lágaskógshraunsbrún; enn í byggð 1760." VG segir Sandgil hafa verið flutt 2x, og því eru bæjarstæðin þrjú. "Bæjarstæði þetta var drjúgan spöl sa. en Sandgil I, uppi á sömu brún, Skógarhraunsbrún lægri, sem er bak við gamla býlið, og er þar á mjóu, nokkuð löngu brúnarnefi, grýttu og sendnu, með grastætlum. Rústirnar eru grjótdreif ein, um 30 faðmar á lengd upp eftir nefinu, en 4-8 faðmar á breidd. Húsaskil sjást engin, því að undan þeim er blásið. En líkur eru til, að bærinn hafi staðið fremst, en fjósið efst."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 117

RA-282:083 *Skógarhraunsrúst* bæjarstæði býli
HS: "Uppi við hærri brún er Stóra-Skógslágarmyni. Norðar, undir sömu brún, er Skógarhraunsrúst; að líkindum eyðibær, nafn óþekkt."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:084 heimild
HS: "Uppi við hærri brún er Stóra-Skógslágarmyni. Norðar, undir sömu brún, er Skógarhraunsrúst; að líkindum eyðibær, nafn óþekkt. Þrír hringar, stórir, eru fyrir suðvestan rústina."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:085 *Herjólfsheiðarvarða* varða
HS: "Norðurhluti Sógarhrauns heitir Herjólfsheiði: "heiði" hefur haldizt í nafninu, þó nú sje apalhraun. Þar er smávarða, jafnvel hlaðin af Birni Gunnlaugssyni, nefnd Herjólfsheiðarvarða."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:086 garðlag
HS: "Nokkru vestar [en 288:005] er forn vatnsveitugarður, hlaðinn úr grjóti fyrri Sandgilju."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:087 *Pálssteinn* heimild
HS: "Í vesturátt fra Torfunum eru Löngubrekkur, háar og fagrar grasbrekkur. Löngubrekkuhóll er uppi á hábrekkunni. Nokkru austar er Pálssteinn, í mörkum afréttar, Dagverðarness, Kots og Keldna. Hann er allstór, klofinn í tvennt, sjest af Austurtúni. Til er þjóðsaga um uppruna nafn hans: Einu sinni var bóndi í Haukadal, er Páll hjet. Hann var þjófgefinn og lagðist út í helli, sem er þar skammt frá bænum. En er menn urður varir, hvar hann var, flýði hann til Pálssteins og heldur þar til í klettaskorunni."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:088 heimild um kolagröf
HS: "Kolviðarhraun liggur um hagamörk Keldna og Dagverðarness. Eins og nafnið bendir til, hefur þar verið skógi vaxið og gert til kola; sjást þar enn margar kolagryfjur." HS: "Nú er það við mosa og finnungi."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:089 *Hlíðargata* gata leið
"Í brúninni fyrir suðvestan þær [Stórusteinsflatir] er Hlíðargötuhvammur. Liggur gata um hann frá Koti um Sandgil til Fljótshlíðar, nefnd Hlíðargata."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127

RA-282:090 *Húsagötuhvammur* tóftir
HS: "Fyrir sunnan og vestan Hlíðargötuhvamm, í suðurbrún Eldiviðarhrauns, er Hrafnasteinslág og Húsgötuhvammur. Þar voru töluverðar byggingar, fastar kvíar, tvíhlaðnar, fyrir 100 fjár, og hesthús; nú eru þær sokknar á kaf í sandi."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127

RA-282:091 hleðsla fjárskýli
"Fyrir vestan hann [090] eru Smáhvammarnir. Suður af þeim er borg- fjárrhringur, 40 fet í þvermál, tvíhlaðinn, mikil hleðsla."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127

RA-282:092 *Keldnaréttir* hleðsla rétt
HS: “Sauðanef gengur lengst til vesturs af Eldiviðarhrauni. Vestan-undir því nefi, við götuna að Koti, stóðu almenningsrjettir fyrir hreppinn fram yfir aldamót 1800 (nálægt 1820). Hjetu þær Keldnarjettir.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127

RA-282:093 hleðsla fjárskýli
HS: “Gömul fjárborg, byggð 1885, rifin 1896 (Sauðanefsborg), er milli bugsins og nefsins.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:094 *Keldnaréttir elstu* hleðsla rétt
HS: “Vestur-af Rjettabug liggur Fornurjettasandur. Það er víðlendur sandfláki, vikurborinn og gróðursnauður. Á honum stóðu Keldnarjettir elztu. Þær voru fluttar þaðan að Sauðanefi undan sandi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:095 *Keldnaréttir síðustu* hleðsla rétt
HS: “Í Réttaheiði stóðu Keldnarjettir síðustu fram til ársins 1892, er þær voru fluttar undan sandi í Reyðarvatnsland, ...”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:096 hleðsla fjárskýli
HS: “Gömul fjárborg, byggð 1881, var spölkorn fyrir framan rjettirnar (Rjettaheiðarborg); rifin aftur 1896, ásamt síðustu Seltungnaborginni; toldi þar þó engin skepna, allt þar umhverfis var orðið svart af sandi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:097 *Seltunguborg* hleðsla fjárskýli
HS: “Gömul fjárborg, byggð 1881, var spölkorn fyrir framan rjettirnar (Rjettaheiðarborg); rifin aftur 1896, ásamt síðustu Seltungnaborginni; toldi þar þó engin skepna, allt þar umhverfis var orðið svart af sandi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:098 *Markhólarúst* bæjarstæði býli
HS: “Austast á tungunum er bæjarrúst er Brynjólfur frá Minna-Núpi nefndi Markhólarúst; annars er bæjarnefnið óþekkt.” “Á norðurbrún Sandgilju um einn kílómetra suðvestur frá Melkoti og innan núverandi landamerkja Keldna eru rústir allmiklar. Í ritum þar sem getið var eyðibýla á Rangárvöllum var rúst þessi fyrrum kölluð Markhólsrúst. Þar hefur fundist kléberg sem er talið öruggt merki fornrar mannabygðar.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128; VS: Rangvellingabók, 531

RA-282:099 garðlag
HS: “Fyrir norðan rústina [098] er gamall vatnsveitugarður, fyr nefndur [?].”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:100 heimild um heygarð
HS: “Í Axarhrauni, dálítið uppi á brúninni, er fjárhringur tvíhlaðinn úr grjóti, 10 feta þykkur og á að gizka axlarhár, tvídyraður, norður og suður; þvermál 44 fet í kross.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:101 *Vörðuhóll* örnefni
HS: “Suðvestast á heiðinni er Kubbhóll, í mörkum milli Keldna og Reyðarvatns, og Fjárhólll nokkru austar. “Knæfhólar” eða Knafarhólar, eins og þeir eru nefndir í Njálu, eru austast í heiðinni. Þeir eru 5 að tölu og gnæfa yfir umhverfið; hefur verið getið til, að af þeim sökum hafi nafn þeirra upphaflega verið Gnæfhólar. Norðvestasti hóllinn heitir Vörðuhóll.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:102 sögustaður
HS: “Í einum þeirra [hólanna sjá 101], þeim vestri við götuna að Koti, sat Starkarður undan Þríhyrningi fyrir Gunnari á Hlíðarenda en Gunnar hleypti unan að Rangá. Í hólnum sjert enn votta fyrir laut, þótt nú sje hún full af sandi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:103 hleðsla
HS: “Lítið fyrir austan austasta “Knæfhólinn” [sjá 101] er gjafahringur.”

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:104 *Keldnasel yngra* bæjarstæði býli/sel
HS: "Seltungur liggja upp og inn brúnina fyrir austan Knafahóla, austur með Axarhrauni á sömu brún. Þar voru óblásin víðilönd til 1882. Nú eru þær alveg gróðurlausar, og illreitt yfir þær, vegna grjótna og hola, sem huldar eru af mold og sandi. Keldnasel yngra stóð vestarlega á þeim eitt ár). Síðast voru þar sex sauðaborgir byggðar frá 1798 til 1840. Notaðr frá Keldum til 1882, þá fór allt í sand." VG. "Bæjarkompu, eldhúskytru og fjósmynd mun Jón Jónsson hafa byggt ... Bær þessi var notaður á eftir fyrir fjárhús og nefndist Bitahúsið. Því [var] breytt í borg og nefnt Húsborgin." "Bærinn Keldnasel finnst fyrst nefndur í prestverkabók séra Orms Snorrasonar árið 1751. Hann stóð "vestan við nefið sem lengst skagar niður úr Seltungubrúninni, milli og dálítið nær Knæfurhólum en Sandgili forna." ... Keldnasel lagðist í eyði um eða laust eftir 1780. Aftur var byggð upp tekin í Keldnaseli 1798 og bær þá reistur skammt frá hinum fyrri. þessi bær var ekki í byggð nema eitt ár, en laðist í eyði 1799."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129-130; VS: Rangvellingabók, 198; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 113

RA-282:105 *Digravarða* varða
HS: "Austarlega á þeim [sjá 104] stendur Digravarða uppi á hð, landmælingavarða Björns Gunnlaugssonar."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 130

RA-282:106 *Keldnasel gamla* bæjarstæði býli/sel
"Keldnasel gamla stóð sunnan í Seltungnabrún, austarlega, þar sem nú gengur lengst fram. Þar mun hafa verið selstaða frá Keldum og byggt svo upp úr því. Undan sandi hefur það verið flutt vestur á brúnina. Jarðabók Árna Magnússonar nefnir ekki býli þarna, og hefur það því byggzt síðar. Þar fór í eyði 1782-83." VG: "Eigi hefir sézt aðgreining húsa í bæjarrústum þessum, því að bæði er hleðslugrjót oltið út og gróið yfir miðpart þeirra. Að fyrirferð er rústin 70 fet á lengd, en breiddin óviss. Fyrir norðurhliðinni sést nokkurn veginn, og fyrir hústótt, er tekur 4 fet upp fyrir aðalhliðina, 5 fet á vídd inni, er gæti verið leifar af eldhúsi gegnt bæjardyrum. Tún hefir verið þar bæði fyrir ofan bæinn og að neðanverðu, helzt vestan til. Hefir það verið umgirt með grjóti að mestu, trúlegast afGuðmundi, og að stærð á þriðju dagsláttu. Vestur frá túninu að neðanverðu eru rústir tvær saman, jafnhliða og jafnstórar. Þær virðast vera 30 fet á lengd og 6 fet á vídd. Lítur út fyrir, að þar hafi verið kvíar og gátu tekið til samans yfir 100 ær. Borgarrúst hefir líka sézt þar lengra frá bænum. Gárinn milli tungnanna hefir eyðilagt býlið." "Guðmundur Erlendsson, er síðar varð stórbóndi á Keldum, var síðasti ábúandi þar." "Bærinn Keldnasel finnst fyrst nefndur í prestverkabók séra Orms Snorrasonar árið 1751. Hann stóð "vestan við nefið sem lengst skagar niður úr Seltungubrúninni, milli og dálítið nær Knæfurhólum en Sandgili forna." ... Keldnasel lagðist í eyði um eða laust eftir 1780. Aftur var byggð upp tekin í Keldnaseli 1798 og bær þá reistur skammt frá hinum fyrri. Þessi bær var ekki í byggð nema eitt ár, en lagðist í eyði 1799."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 130; VS: Rangvellingabók, 198; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 113

RA-282:107 *Þéttuvörður* varða
HS: "Við götuna [?], nokkuð ofarlega í hrauninu, eru vörðurnar mjög þjettar á kafla og heita einu nafni Þjettuvörður, og sunnan þeirra er klettur með skorðu í gegn og vörðu á, sem heitir Klofakerling."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:108 gata leið
HS: "Við götuna [?], nokkuð ofarlega í hrauninu, eru vörðurnar mjög þjettar á kafla og heita einu nafni Þjettuvörður, og sunnan þeirra er klettur með skorðu í gegn og vörðu á, sem heitir Klofakerling."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:109 *Klofakerling* varða
HS: "Við götuna [?], nokkuð ofarlega í hrauninu, eru vörðurnar mjög þjettar á kafla og heita einu nafni Þjettuvörður, og sunnan þeirra er klettur með skorðu í gegn og vörðu á, sem heitir Klofakerling."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:110 *Matarhóll* heimild um áfangastað
HS: "Vestarlega á þeim miðjum [blöðkumelunum], suðvestur af Fjárhól, í Knafahólaheiði, er all-hár hóll, er heitir Matarhóll, síðan engjafólk hafðist þar við."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:111 heimild um leið

HS: “Fram undan brún [sjá 110] er Jónshóll, Imbuhóll og Þuruhóll. Þessir hólar eru kenndir við börn Guðmundar Brynjólfssonar á Keldum. Smalavegur þeirra var á nefnda hóla, að sitja fyrir rennslisfje ... Þessir hólar heita einu nafni Vörðuhólar.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:112 hleðsla fjárskýli
HS: “Vestur-af Jónshól [011] er Hraunborgarhóll. Þar voru þrjár fjárborgir byggðar 1840 fram til 1882, þá toppfylltust þær af sandi.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:113 hleðsla fjárskýli
“Nokkru austar [en Krummaklettur] uppi á brúninni er Borgarklettur. Hann hlaut það nafn af fjárborg, er byggð var við hann um 1920, fyrir kindur að standa í (er gengu í melum).”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:114 varða
HS: “Fram undan brún [sjá 110] er Jónshóll, Imbuhóll og Þuruhóll. Þessir hólar eru kenndir við börn Guðmundar Brynjólfssonar á Keldum. Smalavvegur þeirra var á nefnda hóla, að sitja fyrir rennslisfje ... Þessir hólar heita einu nafni Vörðuhólar. ... Þuruhóll er í hánorður af bænum, uppi á brún. Stór hóll með vörðu (áður nefndur).”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131-132

RA-282:115 *Dagverðarnesgata* gata leið
HS: “Við Dagverðarnessgötuna, fremst á brún, situr Draugur.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:116 varða
HS: “Við Dagverðarnessgötuna, fremst á brún, situr Draugur. Hann er nú steingerður með vörðu.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:117 gripir
HS: “Kirkjuhóll er hátt í vestur að heiman, með bakkahárri grastorfu á miðjum hólnum, eins og reiðingur á hesti. ... Í hólnum á að hafa fundizt loparhringur sá er lengi var í kirkjuhurðinni, en er nú á bæjardyrahurðinni. Hann á að vera úr skipi Ingjalds á Keldum, sem á að vera grafið þar með rá og reiða.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:118 þjóðsagalegstaður
HS: “Kirkjuhóll er hátt í vestur að heiman, með bakkahárri grastorfu á miðjum hólnum, eins og reiðingur á hesti. ... Í hólnum á að hafa fundizt loparhringur sá er legni var í kirkjuhurðinni, en er nú á bæjardyrahurðinni. Hann á að vera úr skipi Ingjalds á Keldum, sem á að vera grafið þar með rá og reiða.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:119 *Keldnakot* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
“Keldnakot hjet býli fyrir norðan hólinn. Þar sjer til allmikilla bygginga og túngarðs. Þar er nú allt blásið umhverfis fyrir ævalöngu. Um miðja 15. öld var býlið í byggð. Þess er getið í Biskupaannál Jóns Egilssonar.” BJ: “Keldnakot ... stóð svo sem stekkjarveg vestur frá bænum , við upptök Stokkalækjar. Stóð bærinn fyrir austan lækjarbotninn og sjást þar rústirnar ...” VG: “Þær [rústirnar] eru vestast í Keldnalandi, 1 1/3 km í norðurhallt vestur frá Keldum, norðan við uppsprettur Stokkalækjar.” VG: “Frá einni uppsprettu lækjarins eru ekki nema 33 faðmar upp á lítin hól, að bæjarrústunum. Sýnist líklegt, að þar hafi verið skálabygging löng með millivegg og framhlið til ssv., um 8 faðmar á lengd og næstum 2 faðmar á vídd. Bæjardyr hafa verið vestan við miðja framhlið; sést það af mósteinum, sem hafa verið lagaðir í dyrakampana, en annars er hraungrjót í byggingaleifunum. Við skálann að norðanverðu hefir verið einhver útbygging, en ekki stór. Á öðrum litlum hól, vatnsvegarlengdinni vestar, hefir staðið fjór og hlaðan eða annað hús. Hafa þau verið sambyggð og snúið eins og skálinn. Eg ekki jafnvíð, þá litlu mjórri. Fjósið að austanverðu 4 faðmar á lengd, tvístætt og fyrir 12 gripi. Hitt húsið 2 1/2 faðmur á lengd, allt að innanmáli, en vafi þó um fulla vissu veggjanna. Dyrnar virðast hafa verið út til beggja enda. Fyrir aldamótin varð vart við moldarleifar þarna í túninu og á fleiri stöðum, en nú er allt sandi fyllt. Í gilskoru við lækinn hefir sézt rétt, fyyrir austan bæjarvatnsbólið, þegar mikið leysingavatn rífur sér þar farveg aftur og er þar jafnan slétt yfir alla hleðslu af sandi. - Frá fjósinu hefir vatnsveguirnn verið viðlíka langur og frá bænum, í aðra ágæta uppsprettu. Túnið hefir getið verið allt að 8 dagsláttur ... Garðurinn hefir líklega verið úr torfi að mestu leyti, og gætu því hafa náð allt niður að læk á báðar hliðar, þótt nú sjáist engin merki til

þess. ... Lengd garðsins má þannig rekja um 160 faðma a.m.k.. Og þar að auki sést fyrir 60 föðmum af garði, sem legið hefir að heiman, þvert upp eftir miðju túninu." "Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots""Keldnakot stóð vestast í landi Keldna, við uppsprettu Stokkalækjar þar sem heitir Lágahraun. Séra Jón Egilsson í Hrepphólum, sem fæddur var 1548 og lifði til 1636, getur í Biskupaannálum sínum um málsháttin að svo megi spilla Dagverðarnesi að ekki verið betra en Keldnakot, og er það elsta ritaða heimild sem til er um þennan fund, en í rústum hans hefur fundist kléberg sem er talsvert öruggt merki fornrar byggðar."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; VS: Rangvellingabók, 198; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 19; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 130-131

RA-282:120 *Hornvarða* varða
HS: "Hraunið fyrir vestan það að öldunum og hraunbrúninni heitir Lágahraun. Fyrir austan það er stór varða við veginn, kölluð Hornvarða."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:121 varða
HS: "Hraunið fyrir vestan það að öldunum og hraunbrúninni heitir Lágahraun. Fyrir austan það er stór varða við veginn, kölluð Hornvarða. Nokkuð austar með götunni er Grákarl, stór, grár klettur, með vörðu."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:122 *Gildruhóll* örnefni refagildra
HS: "Gildruhóll er móbergsalda vestur við lækinn. Þar er allt blásið umhverfis. Suðvestan í hólnum eru rústir af bæ."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:123 *Gildruhólsrúst* bæjarstæði býli
HS: "Gildruhóll er móbergsalda vestur við lækinn. Þar er allt blásið umhverfis. Suðvestan í hólnum eru rústir af bæ. Gildruhólsrúst; nafn óþekkt. Útsýnið þaðan er lítið og lokað; hefir því bæjarnafnið getað verið Gildra." "Austan Stokkalækjar um 1,5 km vestur frá Keldum og innan landamerkja þeirrar jarðar er forn jökulalda sem Gildruhóll heitir. Suðvestan undir öldunni skammt frá læknum eru rústir sem líkur eru taldar á að séu leifar bæjar."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132-133; VS: Rangvellingabók, 531

RA-282:124 *Jarðborg* heimild um fjárskýli
HS: "Gildruhólshraun liggur suðvestur-af hónum [123]. Það er nú heldur í uppgróningi; fjárborg stendur þar, byggð 1902, nefnd Jarðborg."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:125 heimild um stekk
HS: "Fyrir sunnan Króktún [007] er Króktúnslaut. Þar var um skeið stekkjartún og síðan mjaltastöðull frá Keldum, austan og neðan við kálgarðinn, sem nú er."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:126 *Nýjahús* heimild um fjárhús
HS: "Girðing er framanvert við dalinn [Fagradal] frá læknum og norður að hrauni, notuð til slægja; fjárhús er innan hennar, nefnt Nýja-hús (þó það sé elzt ærhúsanna)."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:127 heimild um stekk
HS: "Sunnan í heiðarbrúninni, móti Austurbug sem er austan lækjar, er undirlendi með læknum, sem heitir Litlu-Bugur; þar var síðasta stekkjartún Króktúns [sjá 007]."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:128 *Bugrúst* bæjarstæði býli
HS: "Vestar er Stóri-Bugur. Þar er eyðibýli, Bugrúst, og sjer til töluverða bygginga. Nafnið er óþekkt." "Vestan Keldnalækjar um einn kílómetra suðvestur frá Keldum skerst undirlendið inn í Króktúnsheiði (Keldnaheiði) sem Stóribugur heitir. Efst og austast í Stórabug eru vallgrónar bæjarrústir allmiklar." "Samfelld hefir hún verið allt að 12 föðmum að lengd og 3-6 faðmar breiddin, en skipt í fimm afhýsi. Efsta rústin er stærst og dýpst, sýnist því vera leifar af heyhlöðubyggingu og svo sem 24x10 fet innann veggja, en næsta rúst 15x12 fet. Fremri rústirnar eru ennþá ógreinilegri, og sleppi ég því getgátu um stærð þeirra. Laust vestan-við efri enda þessarar löngu byggingar hefir verið stakur kofi. Allt í kringum næinn og mjög nærri honum að norðanverðu,

hefir verið afgirt tún, um 2 1/4 dagsláttur að stærð. Líklega úr torfi einungis, sem þó hefir ekki blásið, heldur gróið niður í flatan hrygg. En svo lítið út, sem að miklu síðar hafi átt að stækka túnið, með því að hlaða garða frá báðum neðri hornum túngarðsins, niður að læknum."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133; VS: Rangvellingabók, 531; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 62

RA-282:129 gata leið
HS: "Heiðin uppaf Bugnum austan gatna, heim að Nefninu áður-nefndu er öll nefnd Nef í daglegu tali."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:130 *Kaffisteinn* heimild um áfangastað
HS: "Heiðin uppaf Bugnum austan gatna, heim að Nefninu áður-nefndu er öll nefnd Nef í daglegu tali. Fyrir norðan Buginn eru Bughólar, og er Stóri-Bughóll þeirra vestastur. Nokkru utar er Kaffisteinn, nýtt nafn; meðan slegið var í heiðinni, var kaffi drukkið við hann."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:131 *Vörðuhóll* örnefni
HS: "Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134

RA-282:132 *Vírhús* heimild um fjárhús
HS: "Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin. Þar er rekið saman til rúnings á vorin vestan lækjar; hvort tveggja ung örnefni. Gerði var hlaðið og girt úr frá rjettardyrunum til hægðarauka við innrekstur."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134

RA-282:133 *Vírréttin* heimild um rétt
HS: "Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin. Þar er rekið saman til rúnings á vorin vestan lækjar; hvort tveggja ung örnefni. Gerði var hlaðið og girt úr frá rjettardyrunum til hægðarauka við innrekstur."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134

RA-282:134 heimild
HS: "Frá Steinboganum fellur Stokkalækur fram milli hrauns og öldu í djúpu gili, Króktúnsgili. Keldna-megin eru brekkurnar allar grónar og undirsamlega fallegar. ... Þær heita Bólabrekkur, kenndar við smából."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:135 *Skúti* örnefni
HS: "Frá Steinboganum fellur Stokkalækur fram milli hrauns og öldu í djúpu gili, Króktúnsgili. Keldna-megin eru brekkurnar allar grónar og undirsamlega fallegar. ... Þær heita Bólabrekkur, kenndar við smából. Skúti er efst uppi af Gamla-Steinboga."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:136 *Króktúnsból* heimild um fjárhús
HS: "Frá Steinboganum fellur Stokkalækur fram milli hrauns og öldu í djúpu gili, Króktúnsgili. Keldna-megin eru brekkurnar allar grónar og undirsamlega fallegar. ... Þær heita Bólabrekkur, kenndar við smából. Skúti er efst uppi af Gamla-Steinboga. Þá Króktúnsból eða Gamlaból; það er hraunból og var notað fyrir fjárhús, en hrundi fyrir nokkrum árum."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:137 *Litlaból/Draugaból* heimild um fjárskýli
HS: "Syðst er Litlaból eða Draugaból; mun nafn það stafa af dimunni sem í því er. Það er neðarlega í gilinu og er höggvið úr í móbergið, fallið niður innst." "Bólið var fyrst stungið út í tíð Þuríðar jónsdóttur, húsfreyju á Keldum (frá 1852, dáin 1898), árið 1894, líklega aldrei fyr; var þá 3/4 alin; þá var sett geilin inn í bólið, því þá voru flest fjárskyli fyrir innan bæinn gjörsamlega af."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:138 garðlag varnargarður
HS: "Fyrir ofan það [137] er Draugabólsbrekka, grösug, enda slegin, þó bratt sje að reiða upp úr henni.

Krókgilið skerst lengst til suðausturs. Þar var hlaðinn varnargarður milli lækjanna fyrri hluta síðustu aldar ..."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:139 heimild um áveitu
HS: "Tunguheiðin liggur fyrir framan Garðinn, milli Stokkalækjar og Keldnalækjar [138], og svo Rangá og er sjálf varin af þeim. Gamlir áveituskurðir liggja um hana þvert og endilagt."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:140 hleðsla
HS: "Tunguheiðin liggur fyrir framan Garðinn, milli Stokkalækjar og Keldnalækjar [138], og svo Rangá og er sjálf varin af þeim. Gamlir áveituskurðir liggja um hana þvert og endilagt. Keldnalækur var tekinn upp fyri ofan Garð, sjer þar til fyrirhleðslu vestan-megin."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:141 hleðsla heygarður
HS: "Skammt fyrir framan Garðinn [138] er Djúpalaut. Fyrir austan hana er gjafahringur, geysistór."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:142 *Tungugata* gata leið
HS: "Skammt fyrir framan Garðinn [138] er Djúpalaut. Fyrir austan hana er gjafahringur, geysistór. Grjóthóll er hóll nefndur við Tungugötuna; stendur þar allmikið afgrjóti og klettum upp úr."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:143 *Landgil* bæjarstæði býli **Friðlýstar forleifar**
"Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots"
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 67

RA-282:144 *Hóll* bæjarstæði býli
"Í jarteinabók Guðmundar biskups góða er getið um bæ sem Hóll hét og virðist hafa verið á Rangárvöllum á fyrsta hluta 14. aldar. Þess hefur verið getið til að hann hafi staðið á háum hól sem er norðvestast í Keldnatúni er Hólavöllur heitir, en þar hefur orðið vart bæjarrústa." VG: "Hóll eða Hólar. Þetta er enn gervinafnið, notað um rústir sem blásið hefir upp austan í stærsta og hæsta hólnum í Kelndatúni, að norðvestanverðu. Hóllinn er víðlendur og mishæðóttur, en heitir þó einu nafni Hólavöllur." VG: "Ekki virðist enn hafa sézt nema nokkuð af rústum þessum, sem komu í ljós fyrir meira en hálfri öld, undan mjög háum rofabakka, en þá allt útflennt og ógreinilegt. En þar hjá sjást aska og talsvert af jaxla- og beinabrotum og vottur af málmi, sem bendir allt á bæjarleifar."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 187; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 129

RA-282:145 *Kelduvarða* varða landamerki
Landamerki 1843: "Frá Kirkjuhól stefnu á Hraunslækjarbotn, úr honum beina stefnu á Blesuvikshól, úr honum beina stefnu á Pálsstein, úr Pálsstein rétta stefnu á Rauðkoll, úr Rauðkoll stefnu á Skógaröldu, af Skógaröldu stefnu á Stóra-Aurhól og svokallaða Keldnavörðu í Rangá. vo ræður áin fram að Haldfossi þar sem Rangá hefur fallið úr farveg, svo eftir þeim gamla farveg miðjum, þar til hann kemur að Rangá aftur fyrir ofan Tungufoss, svo ræður áin fram undir Bergsnef þar sem Stokkalækur fellur í Rangá, svo ræður lækurinn upp að Kirkjuhól er áður var nefndur."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 203

RA-282:146 varða landamerki
Landamerki 1890: "Kirkjuhóll við botn Stokkalækjar er hagamark milli Keldna og Stokkalækjar, úr Kirkjuhól stefnu á vörðu þá er stendur hæst á öldu þeirri er lengst gengur norður af Stokkalækjarhólum ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 203

RA-282:147 *Skógslág* bæjarstæði býli
"Í skrá sem séra Jón Hinriksson samdi 1794 um byggðir jarðar og óbyggðar í sóknum sínum telur hann hjáleigu frá Tröllaskógi og nefnir hana Skógslág.""Engin önnur heimild getur þessa bæjar, en Skógslág heitir lægð er gengur til suðvesturs frá Tröllaskógi. Suðurbrún Skógslágar heitir Húsbrún. Vigfús Guðmundsson nefnir eyðibýli er stóð vestan undir Húsbrún, sem hann þekkir ekki nafn á og kennir við brúnina. Bær þessi stóð um 2-3 km suðsuðvestur frá Tröllaskógi og viðlíka langt austsuðaustur frá Litlaskógi. Líkegt má telja að hér sé um einn og sama bæ að ræða."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 394

RA-282:148 bæjarstæði býli
“Loks er þess svo að geta, að miðju vega milli kumlleifanna við Gunnarsstein og Árholtsbrún eru bæjarrústir fornlegar (Árbók 1951-52, bls. 125). Mættu kumlin öll hæglega vera frá þeim bæ, ef byggður var í heiðni, svo sem vel má vera.” “Vestan við Árholtsbrún stuttan spöl frá Eystri-Rangá og innan núverandi landamerkja Keldna eru rústir forns bæjar.”
Heimildir: KEKH; ???; VS: Rangvellingabók, 531

RA-282:149 *Reynifellsvað* heimild um vað
“Mjög er eðlileg leið Gunnars yfir Rangá, þegar hann er á heimleið fram hjá Knafahólum. Ein af leiðum þeirra sem heima eiga á efri hluta Rangárvalla, er yfir Reynifellsvað (fyrir austan Keldur) , þá suður á við milli Vatnsdalsfjalls og Þríhyrnings og síðan niður að bæjum utan til í Fljótshlíð.”
Heimildir: KK I, 165

RA-282:150 *klaustur* heimild
“c. 1190: Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús firir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfr í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir. - sagt að helga ætti Jóhanni baptista - þá er Jón kom til Keldna, tók hann bráðliga sótt ... “ Matthías Þórðarson getur þess til að klaustirð hafi staðið mest í 30 ár en ekki er getið um neina príora eða munka þar. Á Keldum fannst innsigli Sveins príors og vill Matthías geta þess til að sá Sveinn gæti hafa verið próir í klaustrinu.
Heimildir: M Þ: “Klaustrið að keldum” Árbók 1909, 32-33

RA-282:151 heimild um vað
Rétt ofan við Þorgeirsstein [sjá 054] var vað á ánni.
Heimildir: S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 6

RA-282:152 *Haldfossvað* heimild um vað
“Haldfossvað nefni ég [Skúli] syðsta vaðið, fremst við Austurhaldið, ofan við fossinn. Þar er um 340-360 m. neðar en hið síðastnefnda [151].”
Heimildir: S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 6

RA-282:153 heimild um vað
“Auk þessara vaða ... má enn nefna vað á henni [Rangá] upp hjá Gunnarssteini, 2-3 km nálega beint í austur frá Keldum. BJ kallar það Orustuvað.
Heimildir: S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 9

RA-282:154 *Hlíðarréttir* heimild um rétt
SK: “Ekki heldur Hlíðarréttir þar, enda eru þær að eins frá síðustu öldum. Þær voru til landsuðurs af syðsta horni á Réttarhól, suður af Kirkjulækjarslóðum.”
Heimildir: SG: “Athugasemd við ...” Árbók 1932, 31

RA-282:155 heimild um göng
“Í sumar var grafið fyrir þró sunnanvið vesturenda hins forna skála á Keldum á Rangárvöllum. Er komið var 1-2 m. niður, urðu fyrir jarðgöng.” “Stefndu þau beint suður frá bænum og fram úr bakkanum, upp frá læknum. Varpð komizt eftir þeim 10 m. og voru þau bein, bogamynduð að ofan,, en árefti ekkerrt, og veggir óhlaðnir. Höfðu þau verið grafin í gegnum hörð lög af mold og sandi. Þau voru um 1 m br., og ámóta há, en um skóflustungu af lausamold hafði safnast á gólfið.”
Heimildir: MÞ: “Forn jarðgöng ...” Árbók 1932, 58-59

RA-282:156 garðlag
HS: “Upp-af Guðmundar-hnubbum [nálægt 081] (suðvestast) er það nefnt Ósljetta. Sunnan í henni er skjólgarður, hlaðinn frá Árbæ eftir miðja 19. öld.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:157 heimild
VG: “Í austur frá Sandgili I, laust neðan við efri Skógshraunsbrúnina er rúst mikil og óvenju löng, full 50 fet og um 9 fet á vídd, eftir því sem grjótdreif sýnir.” “Dyr hafa, vegna afstöðu og halla, verið á vesturenda hússins, og líkindi virðast til þvergirðingar nærri innri enda. Of mjótt er þetta til að geta verið rétt fyrir fé eða hross og of vítt sem mjaltakvíar. En þar sem engar rústir útihúsa hafa sést þarna í kring né heldur kunnugt um neitt annað, er sannað geti íbúð fólks þar að staðaldri, get ég þess til, að þetta hafi verið nautafjós frá Sandgili með sambyggðu

kumbli."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 118

RA-282:158 heimild um fjárskýli
VG: "Á heldur stærra flatlendi, sunnar, suðvestur með sömu brún [og 157], voru þrír gjafahringir eða fjárskýli, óvenju stórir á mælikvarða síðustu alda." "Skýlin eru hvert nærri öðru. Öll eru þau hringlaga og mælast 24-30 fet í þvermál að innanverðu, eftir því sem grjótdreif sýna, sem hrunið hafa meira út en inn að því er virðist."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 119

RA-282:159 heimild
VG: "Austan við skýli þessi [158] og dálítið lengra frá en bilin milli þeirra, nærri brúninni, eru rústir tvær, óljósar og minni.""Þar hefir líka verið ræktað tún umhverfis ..." Sést fyrir túngarði.
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 119

RA-282:160 *Knafahólar* sögustaður
Við Knafahóla var ein þekktasta fyrirsát sem frá segir í Njálssögu, þegar 30 manna lið sat fyrir Gunnari og Kolskeggi.
Heimildir: Bjarki Bjarnason: Njáluslóðir, 47-48; ÍF XII, 157-160

RA-283 Túnga

Hjáleiga Keldna, árið 1711 segir að bygð hafi staðið lengur en í 100 ár. "Tunga var hjáleiga frá Keldum, fjórðungur þeirrar jarðar að dýrleika. Bærinn stóð í tungu þeirri er Eystri-Rangá og Stokkalækur munda, á bakka Eystri-Rangá skammt fyrir ofan Tungufoss. Tungu er fyrst getið í manntalinu 1703 ..." VS: Rangvellingabók, 447. "Tunga var syðsti bærin í Keldnalandi. Hún var hjáleiga frá Keldum og byggð fyrst 1611, en lögð úr byggð 1876, vegna sandgangs heimajarðarinnar; annars er land það, er Tunga hafði, óblásið." HS: Árbók 1937-1939, 135 1840: "Útigangur góður, en heyskapur lítill, gengru ei mikið af sér." VS: Rangvellingabók, 447. "Tungutúnið er afgirt, sléttað fyrir nokkrum árum, og er slegið í ærhúsin þar." HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:001 *Túnga* bæjarhóll bústaður
"Tættur bæjarrústanna eru nú allar umturnaðar, því að í staðinn hafa þar og rétt hjá verið byggð ærhús og hlaða."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 64

RA-283:002 hleðsla heygarður
HS: "Fjárhringur gamall er fyrir vestan bæinn; var hann innangarðs, er túngarðurinn var hlaðinn 1836-39 af Höskuldi Einarssyni, bónda þar."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:003 garðlag túngarður
HS: "Fjárhringur gamall er fyrir vestan bæinn; var hann innangarðs, er túngarðurinn var hlaðinn 1836-39 af Höskuldi Einarssyni, bónda þar."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:004 heimild um fjárhús
HS: "Tungubólshvammur er milli Fossa og Tungubóls, sem er klappað út í móbergsöldu, og var notað fyrir fjárhús áður en jötuhúsin komu." "Það er hlaðið fyrir framan það, og það tók um 120 fjár."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:005 heimild um stekk
HS: "Syðst undir móergshömrum fyrir sunnan Tunguból, var síðasti stekkur frá Tungu. Nú er bergið hrunið þar og yfir gróið, sjest nálega ekki."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:006 *Fjósaflötin* örnefni fjós
HS: "Dalurinn fyrir norðan veginn, milli hrauns og öldu, norðan í móti, heitir Gapi. Fyrir framan hann er Fjósaflötin. Hún liggur á möbergsöldu, sljettlend að ofan, en með háum bakkabrotum, einkum að sunnan frá ánni."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:007 heimild um áveitu
HS: “Á flötinni [006] sjer til mikilla áveituskurða frá fyrri tíð, - framhald þeirra úr heiðinni.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:008 *Tunguvað* heimild um vað
HS: “Skammt fyrir ofan Fiskármynni er Tunguvað, alldjúpt, en lyngt.”
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-284 Reynifell

20 hdr 1711, bænhús var á jörðinni. Keldukirkjueign. “Jörðin Reynifell finnst fyrst nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð sem talinn er frá 1332 [DI II, 687-689.]. [Nefnd í máldaga Keldnakirkju frá 1371 DI III,, 264-265] Um eigendur Reynifells finnst það fyrst að árið 1397 var það orðið eign Keldnakirkju, gefið henni af Salgerði (Svarthöfðadóttur).” VS: Rangvellingabók, 359. Jörðin á afrétt eins og aðrar jarðir í hreppnum og á hún skóg í Keldnakirkjuskógi. “Land Reynifells er að mestu gróið hraun og mólendi, ágætt til sauðfjárbeitar, en nokkur hluti landareignarinnar er þó bert hraun og blásið.” SB V, 77

1711: “Högum spillir blásturssandur. Túninu grandar möl og gjót í stórviðrum.” JÁM I, 231 1840: “Útgangur bregst sjaldan fyrir sauðfé á vetrum. Heyskapur alls enginn utantúns.” 1849: “Tún góð, engjar engar. Sauðhagar hinir bestu en fyrir kýr og hross mjög litlir sumar og vetur.” 1882: “Þessi hefur hvorki slægjur né stórgripahaga, en góða hagbeit fyrri sauðfé einkum á vetrum, sem þó eru talsvert blásnir og spilltir af sandfoki.” VS: Rangvellingabók, 359-360 1917: Tún 6,4 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 982 m² 1940: “Tún: Greiðfært. Jarðvegur: Grunnur. Engjar: Reytingur á dreif um haga. Beitiland: Mjög víðlent, hraun, mólendi og fjalllendi, ágætt til sauðfjárbeitar, sæmilegt fyrir kýr, en lakara fyrir hross. Jörðin nokkuð skemmd af uppblástri en hafi græðsla.” VS: Rangvellingabók, 359-360

RA-284:001 *Reynifell*bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:002 heimild um bænhús
REYNIFELL UNDIR ÞRÍHYRNINGI (R) (KELDNAÞING) - BÆNHÚS 1709: Heyrt segjast menn hafa að til forna hafi hjer bænhús (hálfkirkja) verið, og líka sjást Þar merki til af girðíng í kringum hússstæðið, en engi veit nær bænhúsið er af fallið.
Heimildir: JÁM I, 230

RA-284:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:008 heimild um mógrafir
“Móak er í landareigninni.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 77

RA-284:009 *Miðvað* heimild um vað
“Austur af Öldu er Fremri-Dalur og Hraunkall austur af honum, en hraunið heitir Miðvaðshraun, kennt við Miðvað á Fiská.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 2

RA-284:010 *Stekkjatún* örnefni stekkur
“Í heiðinni er smábrún, sem liggur norður og suður, nefnd Holubrún. Austur af henni og fremridal er

Stekkjatúnið og Stekkjatúnsbrún fyrir norðan og austan það." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 2

RA-284:011 *Vörðuhóll* örnefni
"Vörðuhóll heitir hæsti hólinn fyrir austan túnið og Stóristeinn norðan hans." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 2-3

RA-284:012 *Strákseldhús* tóft
"Strákseldhús, svo er nefnd kofatóft milli Norðurhrauns og Fjárhólsheiðar, sem liggur norður af því." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 2-3

RA-284:013 *Melavarða* varða
"Suður af hólnum [Fjárhóll] er Melvarða og Melvörðuhraun umhverfis, útsuður af Fjárhólsheiði."
Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:014 *Þorgerisból* heimild um fjárskýli
"Út við Rangá á móts við Árbæjarborgir er Þorsteinsból, skýli fyrir fé að standa í." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:015 *Krókborgir* heimild um fjárskýli
"Krókhóll er í landsuður af honum [Króknum]. Topphlaðnar fjárborgir eru á Króknum, kenndar við hann og kallaðar Krókborgir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:016 *Skothústorfa* örnefni
"Skothústorfa er móts við Ásholtið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:017 *Orustuhóll* örnefni
"1930 var sett sandgræðslugirðing umhverfis hættulegasta blásturinn, svo vonandi er Hólminum borgið. Orustuhóll er á móts við Vallartanga í Keldulandi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:018 vegur leið
"1930 var sett sandgræðslugirðing umhverfis hættulegasta blásturinn, svo vonandi er Hólminum borgið. Orustuhóll er á móts við Vallartanga í Keldulandi. Fyrrum hefur verið legið þarna neðan Hærribrúnar og yfir ána fyrir neðan Árholtið um hinar efri þurrlendari sveitir til Þingvalla. Þann veg fór Gunnar á Hlíðarenda, en hann þeystist undan fyrirsátinu við Knafarhóla. Þegar hæfilega var tilblásið Keldnamegin, sáust margar götur liggja samhliða í moldinni út og austur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:019 *Einvígi* örnefni
"Í Rangá, nokkuð framar, er hamrabelti, er áin hefur sagað sundur smátt og smátt, gegnum aldirnar, nefnist það Einvígi og Einvígislág stærsta lautin upp á brúninni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:020 heimild um fjárskýli
"Þar sem sandurinn fellur fram af brúninni niður í Lághólminn heitir Breiðavík. Litlu sunnar í brúninni eru Ytri-Skjól milli Breiðaviks og Borgarhvamms, sem dregur nafn af fjárborgum, sem standa þar í brúninni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:021 heimild um vað
"Þar sem sandurinn fellur fram af brúninni niður í Lághólminn heitir Breiðavík. Litlu sunnar í brúninni eru Ytri-Skjól milli Breiðaviks og Borgarhvamms, sem dregur nafn af fjárborgum, sem standa þar í brúninni. Teitsvötn eru bergvötn, koma þau upp undan brúninni fyrri sunnan Fossdalsrétt í Keldnalandi. Fram undir aldamótin 1900 voru þau farvegur Rangár, hún féll þá austur með brúnakorninu og var þá aðalvaðið þarna." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:022 gata leið
“Hæsti hóllinn fyrir austan þau [vötnin 021] heitir Teitsvatnsahóll og Teitsvatnalág stærsta lautin. Liggur hún til austurs í brúnirnar. Messuklif er nefndur hvammur í hærri brúninni, þar sem gömlu göturnar lágu upp.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:023 *Teitsvatnavað* heimild um vað
“Fyrir austan Teitsvatnavað, sem er á veginum milli Keldna og Króksbæjar er Nefið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:024 vegur leið
“Fyrir austan Teitsvatnavað, sem er á veginum milli Keldna og Króksbæjar er Nefið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:025 vegur leið
“Fyrir austan Teitsvatnavað, sem er á veginum milli Keldna og Króksbæjar er Nefið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:026 heimild um fjárskýli
“Fyrir austan Teitsvatnavað, sem er á veginum milli Keldna og Króksbæjar er Nefið. Standa þar gamlar fjárborgir, sem heita Nefjaborgir, og eru þær nú að mestu fallnar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:027 *Sellækur* örnefni sel
“Sellækur heitir lítill lækur, sem fellur þarna í Teitsvötnin, og Selhólar upp af læknum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:028 *Grjótkvíar* örnefni kvíar
“Við Fiská, suður við Árgilsstaðamörk, eru svonefndar Grjótkvíar, nokkuð austar er Drápshvammur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:029 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
“Í Austurtúni er Stelpulág, hóll fyrir austan bæinn heitir Smiðjuhóll og lautin fyrir norðan hann Smiðjulág.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:030 *Fjósatunga* örnefni fjós
“Fjósatunga er á Austurtúni, er sennilegt, að fjós hafi staðið þar fyrrum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:031 *Stöðull* örnefni kvíar
“Upp í Öldunni, að austan, innangarð[s], er Stöðull nefndur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:032 heimild um túngarð
“Upp í Öldunni, að austan, innangarð[s], er Stöðull nefndur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:033 *Ullarenni* örnefni þvottastaður
“Upp af bænum heitir Ullarenni. Hefur ull verið breidd þar til þerris.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:034 heimild um brunn
“Í Vesturtúni er Brunntunga, kennd við brunn, sem nú er hætt að nota öðrvísi en til vatnsleiðslu heim.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:035 *Vesturgerði* örnefni

“Norður í túninu er Leynirinn, djúpur og fallegur dalur. Vesturgerði er fyrir vestan hann, en Austurgerði fyrir austan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:036 *Austurgerði* örnefni
“Norður í túninu er Leynirinn, djúpur og fallegur dalur. Vesturgerði er fyrir vestan hann, en Austurgerði fyrir austan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:037 *Flosahellir* hellir útilegumannabústaður
“Flosatorfa heitir gras- og mosatorfa hátt upp í fjallinu, milli vestri hornanna. Þar eru kindur oft á sumrin, þó torfan virðist næsta ógrasgefin og um það bil snarbrött. Flosahellir mun eins og Flosatorfa vera kennd við Brennu-Flosa.” Segir í örnefnalýsingu. “Hellis þessi er í nípunni á miðhorni, og verður tæpast eða ekki í hann komizt. Í hellinum á að vera kista mikil, full af gulli. Segir sagan, að Flosi hafi komið því þar fyrir og mælt svo um, að enginn skyldi í hann komast, nema hann væri fyrst búinn að ala sig á nýmjólk í 20 ár. Einn maður kvað hafa reynt það, en var svo bráðlátur, að hann fór þangað eftir 191/2 ár. Hann gat líka snúið lyklinum jafn marga snúninga og árin voru mörg, en þá stóð allt fast. Önnur sögn hermir, að öðrum hafi tekizt að opna kistuna, en hún hafi þá, þegar til kom, verið full af grálaufi. Í gremju sinni tók hann þá vettling sinn fullan til þess að hafa til sýnir, er niður kæmi. En er hann hvoldi úr vellingnum, reyndist hvert lauf skínandi silfurpeningur.”
Heimildir: Ö-Reynifell, 7-8

RA-284:038 *Bólgil* örnefni
“Innri-Palltorfa myndar odda milli Nauthylsgils og Inra-Palltorfugils. Falla þau saman, innanvert við torfuna, og heitir þá bólgil af tveimur smáskútum, sem eru í því.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 8

RA-284:039 *Miðvaðstorfa* örnefni vað
“Innri-Palltorfa myndar odda milli Nauthylsgils og Innra-Palltorfugils. Falla þau saman, innanvert við torfuna, og heitir þá Bólgil af tveimur smáskútum, sem eru í því. Næsta torfa inn af henni heitir Miðvaðstorfa. Hún er mjög breið að neðan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Reynifell, 8

RA-284:040 *Holt?* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
“Í Njálssögu er getið um bæinn Holt og lá leiðin frá Bergþórshvoli þangað við garð á Sámsstöðum, en að öðru leyti verður ekki af sögunni ráðið hvar sá bær stóð og engar aðrar fornar heimildir geta hans. Við suðvesturhorn Reynifellsöldu um 1 1/2 km suðvestur frá Reynifelli eru fornar bæjarrústir og hefur verið álitið að þar hafi bærinn Holt staðið, enda kemur það ekki illa heim við frásögn sögunnar.” “Holts-rúst sunnaní Reynisfells-öldu.” BJ: “Rústin er hleðslugrjótsbreiða mikil, sem mestöll liggur á moldar undirlagi. Suðausturendi hennar er horfinn í árburð úr Fiská ...”

SV: “Norðr undan vestra parti Þríhyrnings er stórt grjótholt. Það er sem lágt fell. Sunnan í því er alt uppblásið og láglendið eytt af Fiská. Þar sunnan í holtinu er mikið grjót saman borið, sem auðsjáanlega er tekið úr hrauninu þar fyrir neðan. Þetta grjót er því ekki líkt því, sem þar er. Þar sést á tveimr stöðum votta fyrir hleðslu og slíkum kennimerkjum. Hér lítr því úr fyrir að vera hafi bær til forna, enn að hann hafi lagzt af, þegar tók að blása upp og Fiská að eyðileggja ... Hér mun Holt hafa staðið, þar sem Hróðný bjó og Höskuldur Njálsson.” Samkvæmt Njálssögu er ekki vitað hvar Holt var og því er Holt skráð sem óstaðsetjanleg fornleif, þó bærinn gæti allt eins hafa verið þarna.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 185; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; SV: “Rannsóknir sögustaða” Árbók 1888-1892, 47; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 22

RA-284:041 varða landamerki
Landamerki 1890: “Norðaustasta horn Þríhyrnings er hagamark milli Reynifells og Þorleifsstaða, þaðan eftir fjallinu í vestasta horn Þríhyrnings, þaðan beina línu í vörðu þá sem stendur syðst á Reynifellsöldu, niður að Fiská.”
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 359

RA-284:042 *Reynifellsvað* heimild um vað
“Frá Fossdölum að Haldfossum hafa verið 6 vöð. Efst er Reynifellsvað, undir fossinum ...”
Heimildir: S G: “Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu” Árbók 1928, 2

RA-285 Þorleifstaðir

20 hdr 1711, bænhús var á jörðinni. “Elsta heimild um Þorleifsstaði er máldagi Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88], og er því ókunnugt við hvaða Þorleif jörðin er kennd. [1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689.] Þorleifsstaðir fóru í eyði árið 1947. Fyrsti eigandi Þorleifsstaða sem þekkist var Eiríkur Björnsson á Keldum, en að honum látnum 1614 erfði Ástríður dóttir hans jörðina. Næsti eigandi Þorleifsstaða sem vitað er um var Daði Jónsson í Haga í Gnúpverjahreppi sem seldi Brynjólfi Sveinssyni biskupi jörðina 15. jan. 1660 ... Markús Bjarnason á Stokkseyri eignaðist átta hundruð í Þorleifsstöðum og seldi þau 16. maí 1677 Jóni Vigfússyni sýslumanni á Stórólfshvoli. Árið 1695 var iegandi hálfrar jarðarinnar (10 hundraða) Magnús Kortsson lögréttumaður á Árbæ í Holtum Að honum látnum erfði sonur hans Magnús á Villingavatni þennan helming Þorleifsstaða ... Hinn helming Þorleifsstaða átti 1695 Þórdís Þorvaldsóttir ekkja ...” VS: Rangvellingabók, 521-522. Eyðibýlið Hrappsstaðir árið 1711, gæti verið sömu Hrappstaðir og nefndir eru í Njálu XII, 220.. “Engjaítak segnast menn af gömlum mönnum heyrt hafa jörðunni eignað í Torfastaða landi í Fljótshlíð, sem kallað hafi verið Þorleifsstaða teigur, en ekki hefur það brúkað verið í manna minni.” JÁM I, 232 “Þorleifsstaðir lögðust í eyði 1947. Land jarðarinnar er að stórum hluta gróið fjalllendi en að öðru leyti gróið hraun og mólendi og er það allt gott beitiland fyrri sauðfé.” SB V, 76

1711: “Engjum spillir grjót, sem í leysíngum á vetur stórlega uppá berst. Högum grandar blástur. Líka er peníngi hætt fyrir giljum.” JÁM I, 232 1840: “Landgott er þar við vetrarhart. Heyskapur mikill eftir sem hér er að gera. Liggur ekki undir áföllum.” VS: Rangvellingabók, 523 1917: Tún 5,5 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 570 m² 1940: “Tún. Greiðfært. Jarðvegur: Grunnur á hrauni. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, þurrlendar. Beitiland: Víðlent fjalllendi og gróið hraun.” VS: Rangvellingabók, 523

RA-285:001 *Þorleifstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:002 heimild um bænhús
ÞORLEIFSSTAÐIR UNDIR ÞRÍHYRNINGI (R) (KELDNAÞING) - BÆNHÚS1709: Heyrt segjast menn hafa hjer hafi fyrrum bænhús verið, en ekkert er Þar víst annað en að hús hefur verið á jörðunni í manna minni í kirkju formi.
Heimildir: JÁM I, 231

RA-285:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:008 *Hrappstaðir/Smiðjunes* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
“Hreppstader (Smidiunes) er pláts nokkurt í Þorleifsstaða landi kallað, sem meinast í gamaldaga hafi bygt verið, og líka sjást þar merki til af rústum og girðingum, en enginn veit að segja nær eða hvar fyrir byggíngin af fjell. Kann ekki aftur byggjast vegna grass- og slægjuleysis.” “Á millum Þorleifsstaða og Reynifells við Fiskaá eru nefndir Hrafnsstader (ei ólíkara að Hreppstadir heiti, þar Njála nefnir bústað Hrapps því nafni).” “Hrappstaða-rústir í Hrappstaða-nesi (Smiðju-nesi) norðanmegin Fiskár, móti norðurhorni Þríhyrnings.”

“Hrappstaðir kallast bæjarrúst í landi Þorleifsstaða þar sem heitir Smiðjunes, en það er láglendi vestan Fiskár norðnorðvestur af Þríhyrningi. ... Bærinn Hrappsstaðir er nefndur í Njálu og virðist Þráinn Sigfússon á Grjótá þá hafa átt landið.” KK: “ ... þar eru tóftir, margar gamlar girðingar og gerði.” “Svo sem bæjarleið inn með Fiská, norðan undir Þríhyrningi, þar sem hann er hæstr, eru ákaflega miklar tóftarústir, fornar og stórar, og miklar girðingar, se enda sýnist vera varnargarðar. Hér hefir því auðsjáanlega verið stórbýli. Þetta hygg eg [SV] verið hafa bæ Starkarðar ... Þessar rústir heita nú á Hrappsstöðum.” BJ: “Heitir sá krókur Hrappstaðanes. í því er girðing mikil og í girðingunni vestarlega er bæjarrúst, nál. 20 fðm. löng og nálþ 10 faðma breið. ... Nokkrum föðmum ofar er rúst af fjósi og heygarði. Er fjóstóftin rúmlega 8 faðm. að lengd og heygarðurinn 8 faðm að lengd og breidd, en honum er skift í tvent með þvergarði. Löngum spöl vestar í girðingunni er önnur

rúst, sem mér sýnist líklegast að verið hafi kot; þó getur raunar verið, að það séu fénaðarhúsatóftir, t.a.m. tvö fjárhús, heytóft og stekkur með lambakró."
Heimildir: JÁM I, 231; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; VS: Rangvellingabók, 187; KK I, 172; JÁM I, 278; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 47-48; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 22

RA-285:009 tóftir
"Smiðjunes er láglendi vestan Fiskár, norðnorðvestur af Þríhyrningi. Vestast í því og innan sama garðlags og umlykur tún á Hrappsstöðum [sjá 008] eru húsarústir fjórar, allvænar, sem Vigfús Guðmundsson frá Keldum tekur ekki ólíklegt að séu bæjarrústir, en geti þó verið leifar útihúsa frá Hrappsstöðum." VG: "Nærri vestast í nesi þessu [Smiðjunesi], innan garðs, um 20 faðma suður frá honum [008?],eru húsarústir fjórar, samanbyggðar og svo stórar, að vel gátu hæft hverju meðalbýli. Vegna þess hefi eg leyft mér að tölusetja þær sem sjálfstætt býli, annaðhvort í bróðerni með búendum á Hrappstöðum eða á eftir þeim. En mögulegt er þó, að þarna hafi verið einhver útihús frá stóra býlinu, og þá helzt peningahús.. ... Húsin hafa staðið saman nálægt því í ferhyrning, tvö framar og tvö að baki. Fremri húsin sýnast jafnvíð inni, 9 fet, og lík að lengd, 24-26 fet, en þó tekur vestra húsið nærri 2 faðma lengra fram með þykku gaflhlaði og þykkur veggur á milli. Dyr sýnast vera sunnan á báðum, en austan á eystra bakhúsinu (12x15 fet9, og húsin öll aðskilin með þykkum veggjum tvöföldum. Hitt bakhúsið sýnist um 13 fet á lengd og 6 á vídd og líklega innangengt í það, en dyr ekki sýnilegar."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 532; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 127-128

RA-285:010 hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
"Á Þorleifsstöðum er hellir, sem notaður var sem fjárhús meðan búið var þar. Hann er í Fiskárgilinu vestan árinnar, rétt ofar en þar sem bærinn var." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Þorleifsstaðahellir er í gilbarmi Fiskár, steinsnar fyrri ofan rústir bæjarhúsana á Þorleifsstöðum. Hellirinn er grafinn í sendið smásteinótt móberg sem kemur fram undan hraunjaðrinum sem Fiská rennur niður með. Móbergið er beggja vegna gilsins og það er ekki harðara en svo að áin hefur átt auðvelt með að rjúfa það. Hellirinn er í hraunviki við ána svo hann gengur ekki inn undir hraunið sjálft. Móbergið er lítillega lagskipt og dálítið er um fylltar sprungur í því. Smáleki er í hellinum fremst. Hann er í góðu lagi þótt opinn standi fyrir veðri og vindum. Sáralítið hraun hefur orðið úr hellisloftinu. Engin forskáli er að helli þessum enda varla pláss fyrir hann því skammt frá munanum er brött brekka niður að fiská. Í stað forskála hefur verið hlaðinn veggur úr torfi og grjóti upp a munanum og á honum eru dyr. Nú hefur veggurinn gengið saman þannig að nokkurt bil er frá ystu brún hans og upp í hellisrjáfrið. Vera má að þeta bil hafi verið klætt með járnplötum en leifar þeirra sjást í veggjabrotunum. Hvelfing hellisins er regluleg og bogalaga og hækkar í stórum dráttum eftir því sem innar dregur. Hellirinn er mjóstur um miðjuna og víkkar fram til opsins en þó meira inn til endans. Þótt bergið geti ekki kallast hart hefur það verið seinunnið með handverkfærum, meitil- og axarför sjást enn um allan hellinn. Við op hellisins er útskot vinstra megin. Það gæti auðveldlegast verið hluti af náttúrulegum skúta sem upphaflega var þarna. Allur er hellirinn mjög fornlegur. Innsti hluti hans virðist nokkru yngri en framparturinn því þar sjást för eftir meitla og axir skýrar en annars staðar í hellinum. Mikið er um för eftir bita og sperrur, naglar standa enn víða í veggjum. Innst í hellinum, fast framan við strompinn, eru för eftir tréþil sem ætti hafa náð til lofts og hólfað af innst tvo metra hellisins. Þetta hefur verið hlaða, en hún hefur tekið drjúgt af heyi því þarna er hellirinn bæði víðastur og hæstur og að auki kemst dágóð tugga fyrir í strompinum en hann er mikið mannvert. Móbergsþykktin þar í þakinu er 60-70 cm en síðan kemur vönduð hraungrýtis- og móbergshleðsla sem er víðust neðst og töluvert víðasri en opið í móberginu. Hún er borghlaðin upp svo opið í hana efst er 50 cm vítt og lokað með hellum. Úti fyrir er strompurinn sem fallega hringhlaðin þúfa með gati í kollinn.

Fast sunnan við hana er kofatótt, 4x6 m2 að utanmáli en 4,5x2,0 að innan, með dyr mót suðri, veggir stæðilegir, 2,0-2,5 m háir úr tóft. Dyrnar eru að byrja að síga saman, en mikil hellar er yfir þeim. Hleðslan í tóftargaflinum virðist vera hluti af stromphleðslunni. Sæmundur Jónsson bjó á þorleifsstöðum 1918-1944. Þegar hann hóf búskap voru hvergi fjárhús á efstu bæjum á Rangárvöllum. Fjárborgir voru til handa fé, en á Þorleifsstöðum var hellirinn. Fénu var alltaf gefið á stalla við kuml eða heybyrgi. Jötur voru ekki í borgunum og reyndar ekki í Þorleifsstaðahelli heldur. Sæmundur setti jötur í hellinn 1920. Þar eru þær enn meðfram veggjum beggja megin. Neðri hlutinn af bálkunum er hlaðinn úr ýmsu grjóti en jötubotninn er steyptur. Þar ofan á hafa verið trégrindur en lítið er orðið eftir af þeim nema einstaka stoðir. Bálkarnir eru að mestu hlaðnir úr sams konar grjóti og er í hellisveggjunum þótt þar megi finna harðari steintegundir, hraun eða jafnvel vatnsnúið grjót. Þorleifsstaðahellir tók 80 fjár að jötum. Sæmudur grót einnig lokræsi í gólfið til að veita burt leka. Hellur sem enn sjást á gólfinu eru leifar ræsisins. Dýrlingsmyndin. Brynjúlfur frá Minna-Núpi kom í Þorleifsstaðahelli og skrifaði um hann í Árbók Fornleifafélagsins 1905. Athygli hans beindist þá mest að "dýrlingsmyndinni" í hellinum. Matthías Þórðarson skoðaði hellinn rúmum áratug síðar. Skrif þeirra um myndina sýna hve mismynandi augum þessir menn litu oft hlutina.

Brynjúlfur segir: "Hið merkilegasta við hann er þó það, að úthöggvin mynd í umgjörð hefir verið á vestur-veggnum, nál. 4 3/4 al. frá gaflinum. Því miður er myndin nú eigi heil; burt er fallið höfuð líkneskjunnar og alt ofan á brjóst. Neðri hlutinn er heinn, en nokkuð máður, því þar hefir verið sett jata með hellisveggnum og

hafa horn kindanna nuddast við myndina. Þó sér enn fyrir kviðar-bungunni og klæðafellingum niður frá henni, einnig fyrir kápubörmum báðum megin til hliða. Umgjörðin er alheil og nokkurn vegin glögg. Hæð hennar er 2 al., en breidd út á brúnir 3/4 al. Hún er fallega bogamynduð að ofan og svo breiðar stoðir undir, nær 2 þuml. breiðar. Svo segir Böðvar bóndi Jónsson á Þorleifsstöðum, að í æsku hans var myndin heil, að því er hann bezt gat séð. En svo fór hann þaðan og var mörg ár annarsstaðar. Þá er hann kom aftur, tók hann eftir skemmdinni, sem myndin hafði orðið fyrir. En enginn gat sagt honum, hvernig það hafði atvikast. Mestar líkur þykja mér til, að manna höndum sé um að kenna, þó eg geti eki fullyrt það. En hvernig sem á skemmdinni stendur, er að henni mikill skaði. Því af umgjörðinni og því, sem eftir er af myndinni, er helzt að ráða, að það hafi verið dýrlingsmynd og gæti þá enn bent til Papa. ... Matthías Þórðarson afgreiddi dýrlingsmyndina í fáum orðum. “Ca. 1 m frá stalli er á syðri veggnum “mynd” sú, er Br. J. getur um. Hún er nokkuð á ská, umgjörðin sporbaugsmynduð, lengd 1,15 m, breidd 53 cm .... Mun þetta vera náttúrunnar verk, en ekki manna”. Að okkar mati er myndaumgjörðin ekki náttúrulegt verk, enda vandséð hvernig slíkt megi verða innan á tilhöggnum vegg. Þetta er sporöskjulagaður upphleyptur móbergsrammi, eilítið hallandi, 52x110 cm, en neðsti hluti myndarinnar hverfur bak við jötuna. Ramminn rís vel frá veggnum, einkum neðst, víða 10-15 cm, en efst er myndflöturinn sjálfur höggvinn dýpra inn í vegginn. Engin mynd er á því sem nú sést í rammanum; ekkert er því samt til fyrirstöðu að þar hafi verið einhverskonar myndverk en það hefur legið undir ágangi hornprúðra sauða og ógætinna manna. Það er erfitt að vísa á bug frásögn Böðvars bónda á Þorleifsstöðum að þarna hafi verið mannsmynd og Matthías þórðarson rökstyður ekki niðurstöðu sína. ... Skútar. Lítill skúti, líklega að mestu náttúruverk, er við hliðina á Þorleifstaðahelli og skilur grjóthleðsla þá að. Fyrir framan hann er hlaðinn garður úr torfi og grjóti og eru á honum dyr. Trúlega hefur þetta verið hrútakofi þeirra Þorleifsstaðabænda. Þar fyrir ofan er annar skúti með svipuðum umbúnaði en hann er þó líkega að mestu manngerður því grunnur hans og hvelfing eru mjög regluleg. Enn innar er náttúrugerður stór skúti. Þar má sjá leifar af fjárbaði sem steypt hefur verið innst í honum, en það er nú að mestu fullt af taði og mold. Fleiri rústir eru inn með gilinu en þær eru allar mjög ógreinilegar. Ekki eru fleiri hellar þarna, ef frá eru taldir nokkrir náttúrulegir skútar handan árinnar.”
Heimildir: SB V, 14; Manngerðir hellar, 218-222; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67

RA-285:011 *Þjófahellir* hellir útilegumannab ústaður
“Í Þorleifsstaðalandi, í gili sunnan við svo nefnt Þjófholt, er hellir sem vart verður fundinn nema af kunnugum. Þar héldu til tveir útileguþjófar og er hellirinn kenndur við þá og nefndur Þjófahellir. Menn þessir hétu Þórður og Ögmundur Björnssynir. Þeir voru teknir af lífi á Þingskálaþingi árið 1744. Var þar síðasta aftaka er þar fór fram.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Innra-Þjófholtsgil og Þjófholt eru við Þjófá. Fremst í Þjófaholt er hár klettur, sem heitir Standur. Hann er klofinn frá sjálfu holtinu neðan frá jörð og upp úr, 7-8 m á hæð. Þjófholtsgil, Fremra- er framan við holtið. Þjófahellir er í brekkunni á móts við Stand.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 14; Ö-Þorleifsstaðir, 2

RA-285:012 hellir fjárhús
“Þá eru á Þorleifsstöðum nokkrir skútar sem kindum var gefið í en geta tæpast talist til hella.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 14

RA-285:013 hleðsla fjárskýli
“Mosar heitir flatlendið frá búnum og út að Rangá, Melar út með Rangá vestanvert við Mosa; þar eru gamlar borgartóftir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:014 *Stóragerði* örnefni
“Stóragerði, Litlagerði og Nýjagerði eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:015 *Litlagerði* örnefni
“Stóragerði, Litlagerði og Nýjagerði eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:016 *Nýjagerði* örnefni
“Stóragerði, Litlagerði og Nýjagerði eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:017 *Stöðull* örnefni kvíar
“Stöðull heitir fremst í túninu og Mói suðvestur með Fiská.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:018 *Djúpavað* heimild um vað
“Djúpavað heitir vað á Fiská, þar sem Þjófá rennur í hana. Djúpavaðstangi við Fiská aðeins innan við Þjófá.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:019 *Smiðjunes* örnefni smiðja
“Hrafnsstaðatangi, eða Raf[n]sstaðatangi, er norður af Hrafnatanga. Smiðjunes þar vestur frá, Smiðjunesbrún er í suðvestur frá Smiðjunesi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:020 heimild um leið
“Skyggnir heitir stór hóll við götuna fram að Reynifelli. Við þann hól eru borgir, nefndar Einarsborgir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1-2

RA-285:021 *Einarsborgir* heimild
“Skyggnir heitir stór hóll við götuna fram að Reynifelli. Við þann hól eru borgir, nefndar Einarsborgir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1-2

RA-285:022 *Háaból* örnefni
“Efst í Hamragili er Háaból, en neðst, sunnan megin Nefból.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 2

RA-285:023 *Nefból* örnefni
“Efst í Hamragili er Háaból, en neðst, sunnan megin Nefból.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 2

RA-285:024 *Bólafoss* örnefni
“Smágil heita öll gilin frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri heitir mýrin, sem liggur niður að Fisá móts við Bólafoss. Torfrófa; Stekkjagil liggur frá henni í Fiská.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:025 *Torfrófa* örnefni rista
“Smágil heita öll gilin frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri heitir mýrin, sem liggur niður að Fisá móts við Bólafoss. Torfrófa; Stekkjagil liggur frá henni í Fiská.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:026 *Stekkjagil* örnefni stekkur
“Smágil heita öll gilin frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri heitir mýrin, sem liggur niður að Fisá móts við Bólafoss. Torfrófa; Stekkjagil liggur frá henni í Fiská.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:027 *Austurból* örnefni
“Austurból, smáskúti skammt fyrir innan bæinn, austanvert við ána.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:028 *Hjáleigubakki* örnefni býli
“Hjáleigubakki og Hjáleigugil eru innst í Reynifellsstykki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:029 *Háaból* örnefni
“Háaból er við Þjófá, á móts við Efrifoss.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:030 *Heyvaðsflöt* örnefni vað
"Stóristeinn er við Fiská austan megin, framarlega móts við túnið. Heyvaðsflöt er vestan við Fiská. Heyvaðsflatahraun þar framar, austan við ána." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3-4

RA-285:031 *Norðurból* örnefni
"Stóristeinn er við Fiská austan megin, framarlega móts við túnið. Heyvaðsflöt er vestan við Fiská. Heyvaðsflatahraun þar framar, austan við ána. Iða og Iðufoss í Fiská. Norðurból, hellir í árgilinu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3-4

RA-285:032 *Hundavörðuhólar* örnefni
"Hundavörðuhólar eru beggja megin við Skollagróf, við götuna, sem liggur að Fossi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:033 gata leið
"Hundavörðuhólar eru beggja megin við Skollagróf, við götuna, sem liggur að Fossi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:034 *Byrgisvik* örnefni
"Byrgisvik heitir hvammur inn í brúnina vestur af Litla-Grákalli [NV af 033]." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:035 *Borgartóft* tóft
"Borgarvik er sunnan í brúninna; þar í smánefni er borgartótt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:036 *Árbæjarvað* heimild um vað
"Hötusteinn heitir einstakur klettur við götuna út að Árbæjarvaði á Rangá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:037 garðlag akur **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Sáðgirðingar tvær fyrir neðan túnið, samfastar." BJ: "Nú í sumar (1894) sá ég fyrir neðan túnið á Þorleifsstöðum tvær girðingar, sem líta út fyrir að vera sams konar. Þær eru samfastar, aðskildar með garði. Þeim hallar mót suðri og er einn garður fyrir báðum að neðan, en að ofan tekur eystri girðingin lengra upp eftir. Hún er öll stærri; nál. 10 fðm. upp og ofan, en 12 fðm. frá austri til vesturs. Vestri girðingin er um 8 fðm. á hvorn veg. Smátóftir eru í suðausturhornum veggja. Í vesturgirðingunni er hún 3 fðm. á hvern veg, en í austurgirðingunni er hún vel 3 fðm. vestur með niðurgarðinum, en aðiens 2 fðm. breið, og svo er að sjá sem hún skiftist í tvo hluta. Auk þess er austan við austurgirðinguna löng og mjó girðing, heldur óglögg: Hún er varla 2 fðm. breið, en hér um bil 7 fðm löng (upp og ofan). Hér getur nú ekki verið um skjólkvíar að ræða. ... Mér datt því í hug, að þetta væri fornir nátthagar og smátóftirnar í hornunum mjaltakvíatóftir. ... Komst ég að þeirri niðurstöðu að girðingarnar hefði án efa verið akrar, eða einhvers konar sáðreitir, og smátóftirnar gróðrastíur, vermireitir eða þess háttar."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; B J: "Fornt gerði hjá Þorleifsstöðum" Árbók 1905, 55-56

RA-285:038 heimild um áveitu **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Vatnsveituminjar á Veitu og Harðavelli norðaustanundir Þríhyrningi." "Með Fiská er sléttlendur og þurr grasvöllur, sem heitir Harðivöllur. Þar sér til gamalla veitustokka."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21

RA-285:039 heimild um mógrafir
HS: "Með Fiská er sléttlendur og þurr grasvöllur, sem heitir Harðivöllur. Þar sér til gamalla veitustokka. Á Harða-velli er mótar, og er mórinn 9 stungulög, en mjög djúpt er niður að honum. tanginn sem mórinn er tekinn í, nefnist Mótangi ..."
Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21

RA-285:040 heimild um áveitu **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Vatnsveituminjar á Veitu og Harðavelli norðaustanundir Þríhyrningi." "Fyrir vestan hólinn [Flaghólinn]

er Flaghólsgil; það liggur ofan- úr fjallinu og niður að Fiská, gróið að neðanverðu. En austur af honum eru mýrardrög, og sér þar til gamalla veitustokka. Hefir mýrin hlotið nafnið Veitan af þeim jarðarbótum."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21-22

RA-285:041 heimild um leið
Götur liggja frá Þorleifsstöðum 200-300 m að hellinum, 010.
Heimildir: Manngerðir hellar, 222

RA-285:042 *Lágaból* heimild um fjárskýli
"Við Hrafná, norðvestur af Langa-bakka, er smáskúti fyrir kindur, er nefnist Lága-ból."
Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 22

RA-285:043 *Þorleifstaðaból* heimild um fjárskýli
"Niður af þeim [Smérbrekkum austan í fjallinu], en suður af Veitunni er Þorleifsstaðaból. Það er allstórt, tekur um 100 fjár; voru þar hafðar kindur frá Þorleifsstöðum, einkum framan-af vetri, fram á síðustu ár."
Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 22

RA-286 Rauðnefsstaðir

20 hdr. 1711, Keldnakirkjueign Mun vera landnámsjörðin Fors sem nefnd er í Landnámu. "Landnámabók segir "Hrólfur rauðskeggur hét maður, hann nam Hólmslönd öll milli Fiskár og Rangár og bjó að Forsi, hans börn voru þau Þorsteinn rauðnefnur er þar bjó síðan og "Þóra - " Þetta mun vera elsta heimild sem til er um jörðina Rauðnefsstaði og samkvæmt þessu er hún landnámsjörð sem upphaflega hefur heitið Fors ... Rauðnefsstaðir koma annars ekki fyrir með því nafni fyrr en 1641 í visitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar á Keldum." VS: Rangvellingabók, 339. Í eyði frá 1947. "Land hennar er að stórum hluta gróið fjalllendi en annar hluti landareignar er gróið hraun og mólendi. Er það allt gott beitiland fyrir sauðfé." SB V, 75

1711: "Engjum spillir mold og grjót í vatnaleysíngum." JÁM I, 233 1849. "Tún lítið en gott, engar sæmilegar. Sauðhagar miklir og góðir, en vetrarríki mikið. Gripagagn gott á sumri." 1882: "Þessi jörð hefur nokkrar slægjur og góða sumarhaga, en vetrarbeit er fremur lítilfjörleg enda talsvert spillt af blástrumm og sandfoki." VS: Rangvellingabók, 340 1917: Tún 3,6 ha, þar af 1,6 ha slétt, garðar 710 m² 1940. "Tún: Þurrlent, 1/3 vélfært, hitt greiðfært. Jarðvegur: Grunnt á grjót. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, 1/3 valllendi, 2/3 mýrgresi. Beitiland: Mjög víðlent fjalllendi og gróið hraun. Gott fyrir allan fénað. Ókostir: Mikill ágangur af afréttarfé." VS: Rangvellingabók, 340

RA-286:001 *Rauðnesfsstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:009 þjóðsaga
KK: "Hrólfur rauðskeggur nam Hólmslönd öll og bjó á Fossi. Hans son var Þorsteinn rauðnefur, sem bjó þar

síðan. Þorsteinn var mikill blótmaður, hann blótaði fossinn, og skyldi bera allar leifar á fossinn; þá nótt sem hann andaðist, rak allt hans fé í fossinn. Bærinn Foss, sem fyrr var nefndur, hlýtur að vera sá er nú heitir Rauðnefsstaðir austast í tungunni, og í samræmi við það er, að fossinn sem Þorsteinn blótaði, er fossinn í Fiská fast við tún á Rauðnefsstöðum." Allstórir fossar eru þó í Rangá, (en fossar í Fiská eru allir litlir); efstur er sá sem bærinn Foss er kenndur við, hinum megin við ána, en í sóknarlýsingu Keldna nefna sumir hann Rauðnefsstaðafoss, og mætti því láta leiðast til að telja blótfossinn þar. Það er þó naumast líklegt. Frásögnin um leifar sem skyldi daglega kasta í fossinn, sýnist reist á því, að hann hafi verið rétt við bæinn. "
Heimildir: KK 1, 171-72.

RA-286:010 *Ból* heimild um fjárskýli
"Vestan Vondugilja, norðan í Rauðnefsstaðafjalli, en það er samnefni alls fjallsins, heita fyrst Fláar, mosavaxin hlíð. Þar neðst í hlíðinni er Ból, við Valagilið, sem gæti rúmað 100 kindur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 2-3

RA-286:011 hellir fjárskýli
"Vestar [en 010] niður úr hlíðinni kemur Steðjagil, alldjúpt hamragil, þar er hellir, samnefndur gilinu, nálægt 1,5 m á hæð, mundi taka alt að 40 kindur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 3

RA-286:012 *Gráflöt* heimild um tjaldstæði
"Innst með hlíðunum heitir Gráflöt, þar var tjaldstaður austanmanna á meðan þeir fóru með ullina til Eyrarbakka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 3

RA-286:013 *Brattastígar* örnefni leið
"Suðvestan við Kálfatunguöldu er Kálfatunga, algrösug og allstór tunga, er gengur svo niður í odd á milli tveggja gilja, er heita Nyrðra- og Syðra-Kálfatungugil. ... Í nyrðra gilinu fórust (hröpuðu) 2 vinnumenn Þorgilsar á Rauðnefsstöðum, nálægt svonefndum Góðadal, mjög grösugu dalverpi, Brattastígar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 5

RA-286:014 garðlag
"Í því [Stigagili] er geysháir hamrar, 30-40 mannh(æðir). Um það rennur Fiská niður úr fjallinu. Síðan eftir breiðum eyrum vestur undir Rangá (160m á milli ánna, þar er grjótgarður á milli) ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 5-6

RA-286:015 *Þarastígur* örnefni leið
"Þar eru þessi nöfn ofan til, sunnan við Syðra-Kálfatungugil [013]: Þarastígur yfir gilið ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 6

RA-286:016 *Vörður* örnefni
"Vörður, suður af Harðavelli, geysistórir 2 grjóthólar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 6

RA-286:017 *Akurgerði* heimild um rétt **Friðlýstar fornleifar**
"Á milli Sauðhaga og Seyla heitir Holt, bungumynduð hæð, austan við Fiská, gegnt bænum. Valllendi og mýri. Þar er réttin hans Rauðnefs eftir rannsókn Br. J., en Matthías Þórðarson kallar hana Akurgerði." Segir í örnefnalýsingu. "Gömul gerði og tóftir austanmegin Fiskár gegnt bænum og nokkur austar og ofar [039]." "En hvort sem réttara er, þá mun gerði þetta hafa tekið um 4400 fjár." Segir í örnefnalýsingu. BJ: "En austanmegin árinnar á móts við bæinn er forn girðing, sem sagt er að sé fjárrétt Þorsteins rauðnefs. Hún er ferhyrnd og nál. 18 fðm. á hvorn veg. Neðan við hana er snarbratt að ánni og er auðséð, að þar hefir áður verið bakki efst, en er nú uppgróinn. Girðingin liggur fast fram á brúnina, og það svo að parturinn að neðanverðu hefir brotnað af. Hann vantar alveg. en meðan girðingin var notuð, hefir hann víst ekki vantað, án hans var hún ekki held. Hvort sem hún hefir verið fjárrétt Þorsteins eða ekki, þá hefir hún á sínum tíma verið höfð fyrir nátthaga. Í henni er löng og örmjóo tóft upp við efri garðinn, og getur hún ekki verið annað en mjaltarkvíatóft. Hún er ekki mjög fornleg að sjá, en garðar girðingarinnar eru miklu fornlegri."
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7; B J: "Fornt gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl" Árbók 1905, 56-57

RA-286:018 *Stekkatún* heimild um rétt
"Skammt þar frá [017] eru gamalr réttartættur, kallaðar Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:019 *Lambhúsvað* heimild um vað
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:020 *Lambhúsvað* örnefni lambhús
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:021 *Kúavakir* heimild um vað
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:022 *Heybandsvað* heimild um vað
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:023 *Bólafoss* örnefni
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað. Fossar: Bólafoss, Leifafoss.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:024 *Leifafoss* heimild
“Næst [eftir 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir, Heybandsvað. Fossar: Bólafoss, Leifafoss.” Segir í örnefnalýsingu. “Þorsteinn rauðnefnur lét bera allar leifar í fossinn og blótaði hann.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:025 *Ból* örnefni
“Bærinn stendur undir brekku á vestri Fiskárbakkanum. Austan við bæinn var kölluð Áarbrekka, sunnar Ból, há hamranef með ánni ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:026 *Draugaskúti* hellir
“Norðar en nípan er Draugaskúti, geipistór steinn með dálitlum skúta.” Segir í örnefnalýsingu. “Þorgils ætlaði að fara að hlaða fyrir skútann (bólið), en kerlingin í nípunni sagði honum að hætta og hann gerði það.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:027 heimild um legstað
“Austan við bæinn er mjög stór þúfa (smáhaugur). Þar á Rauðnefur að vera heygður.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:028 heimild um fjós
“Heitir svo í túninu, Fjóshóll, gamlar fjósatættur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:029 *Lambhústún* örnefni lambhús
“Heitir svo í túninu, Fjóshóll, gamlar fjósatættur. Vesturtún, Framtún, Lambhústún ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:030 *Suðurhús* heimild um útihús
“Suður af túninu heitir Rani, grasrani með 2 flögum. Austur af honum Suðurhús, mjög gamlar tættur. Er þar nú tún í kring, Þórðargerði (nýtt).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:031 *Þórðargerði* örnefni
“Suður af túninu heitir Rani, grasrani með 2 flögum. Austur af honum Suðurhús, mjög gamlar tættur. Er þar nú tún í kring, Þórðargerði (nýtt).” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:032 *Kvíhólahraun* örnefni kvíar
"Norður af heiðinni, að Rangá, er Kvíahólahraun, minna gróið. Þar eru Stóri-Kvíahóll og Syðri-Kvíahóll, geysiháir grjóthólar með smágróðri og mosa, en mest grjót." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:033 *Borgarvík* örnefni
"Vestar Brúnir, 3ja hraunbrúnin úr Heklu neðan frá, grösug brún með mörgum víkum. Messuvík, Litlavík, Borgarvík og Grákollsvík." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:034 *Brúnagerði* heimild um fjárhús
"Vestar Brúnir, 3ja hraunbrúnin úr Heklu neðan frá, grösug brún með mörgum víkum. Messuvík, Litlavík, Borgarvík og Grákollsvík. Þar er nýtt fjárhústún, Brúnagerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:035 *Árbæjarvað* heimild um vað
"Vöð á Rangá: Árbæjarvað, Fossvað, Illugavað og Dalavað á Valá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:036 *Fossvað* heimild um vað
"Vöð á Rangá: Árbæjarvað, Fossvað, Illugavað og Dalavað á Valá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:037 *Illugavað* heimild um vað
"Vöð á Rangá: Árbæjarvað, Fossvað, Illugavað og Dalavað á Valá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:038 *Dalavað* heimild um vað
"Vöð á Rangá: Árbæjarvað, Fossvað, Illugavað og Dalavað á Valá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:039 tóftir **Friðlýstar fornleifar**
"Gömul gerði og tóftir austanmegin Fiskár gegnt bænum [017] og nokkur austar og ofar." BJ: "Nokkru austar og ofar [en 017], - því landinu hallar að ánni - er önnur girðing, miklu stærri." BJ; "Hún er nál. 40 fðm. breið og aðalhluti hennar nál. 60 fðm. langur (upp eftir talið), en þar fyrir ofan taka við margar, óreglulegar smágirðingar. Þær auka næstum þriðjungi við girðinguna. Norðurhliðar--garðurinn verður neðan til að grænum bala, sem auðsjáanlega er rústabunga; enda standa ofan á henni margar nýlegar stekkjarrtóftir og einn stekkur sem enn er notaður. Hygg ég varla, að öll þessi rústabunga sé eftir stekki, heldur sýnist mér líta út fyrir, að hér hafi á sínum tíma staðið bær. Sú ætlan styrkist við það, að neaðn við norðvesturhorn girðingarinnar er sérstök tóft forn, sem eigi getur stafar frá stekk, heldur svarar stærð hennar og lögun því að þar hafi verið hesthús fyrir 1 hest eða 2, og hefði það þá varla tilheyrt bænum fyrir vestan ána. Smágerðin líta út fyrir að vera útræðslugerði, og bendir það einnig til hins sama."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; B J: "Fornt gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl" Árbók 1905, 56-57

RA-287 Foss

10 hdr., 1711. "Bærinn Foss finnst fyrst nefndur í kaupbréfi frá árinu 1546. Árið 1700 var jörðin í eyði og svo var enn 1703 ... Fyrsti eigandi Foss sem þekktist, var Þorleifur Pálsson lögmaður á Skarði á Skarðsströnd, er seldi syni sínum Birni á Keldum jörðina 1. ágúst 1546. Eftir Björn hefur sonur hans Eiríkur á Keldur erft Foss og við skipti eftir hann 11. sept. 1614 gekk jörðin í arf til sona hans Torfa á Keldum. Guðmundur á Keldum, sonur Torfa, átti Foss er hann lést og við skipti eftir hann 3. júní 1670 kom jörðin í hlut sonar hans Jóns á Keldum. Ekkja Jóns, Helga Gísladóttir, giftist aftur Bjarna Sigurðssyni í heynesi og hefur Foss þannig komist í eigu hans. Bjarni í Heynesi seldi Ásgeiri Ólafssyni á Mófellsstöðum og systur hans Steinunni hálfan Foss 5. ágúst 1688 og fyrir 1695 hafa þau eignast hinn helminginn því það ár áttu þau alla jörðina. Steinunn Ólafsdóttir seldi Sigurði Sigurðssyni alþingisskrifara síðar í Saurbæ hálfan Foss finn hundruð að dýrleika 11. sept 1703 .." VS: Rangvellingabók, 91-92. "Foss lagðist í eyði 1968. Verulegur hluti af landi jarðarinnar er uppblásin hraun eða hálfgróin en graslendið er mólendi að mestum hluta. Landið er gott til sauðfjárbeitar og skjólgott." SB V, 74. "Í Landnámu segir að Þorsteinn rauðnefur hefi byggt á Fossi, en það er ekki sá bær, sem nú ber nafið Foss,

heldur eru það Rauðnefsstaðir. Bærinn fékk nafn Þorsteins rauðnefns eftir hans dag, en Fossnafnið hefur flutzt út yfir ána, þar sem nú stendur hann."

1840: "Útigangur hinn besti, heyskapur enginn utanhúss, nema lítið eitt af melaslægjum. Liggur undir áföllum af sandfoki." 1882: "Þessi jörð er alveg slægjulaus, en hefur áður haft fremur góða haga fyrir sauðfé, en sem nú eru að miklu leyti uppblásnir og eyddir af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 92-93 1917: Tún 2,3 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 446 m² 1940: "Tún: Sæmilegt, þurrlent, greiðfært. Engjar: Engar. beitiland: Víðlent mólendi og uppgróður. Hraun. Ágætt til sauðfjárbeitar og haustbeitar fyrir hross, að öðru léleg gripabeit. Ókostir: Mikill ágangur af afréttarfé. Nokkur hætta af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 92-93

RA-287:001 *Foss* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:007 kuml legstaður
Laufahvammur er örnefni í Hrauninu skammt austur frá Skógsöldu, en suðvestast á henni eru rústirnar af Tröllaskógi, hinum forna eyðibæ. Fyrir 1880 var þarna blöðkuslægja, en á árunum 1880-90 blés landið upp, og fundust þar þá leifar af kumli. Haugfé er þetta: 3333. Öxi, lítil og ólöguleg, líkust leikfangi, aðeins 8 sm fyrir egg. Fannst 1886.3334. Spjót, 15,5 sm að l., mjög einkennasnautt. Fannst 1887 ásamt með mannsbeinagrind. Bæði eru vopnin einkennilega smá og veigalítil (9. mynd). í safnaukaskrá segir Sigurður Vigfússon, að þau séu frá Fossi, enda er hann næsti bær við, en þó er allt eins líklegt, að sá, sem þarna hefur verið heygður, hafi verið frá Tröllaskógi, og réttast er að kenna fundinn aðeins við örnefnið. Skýrsla um fundinn er í bréfi Boga lækni Péturssyni í Kirkjubæ. Spjótið "stóð upp á endann hjá hauskúpu af manni; þar var líka (að finnandi hélt) að mestu "complet" beinagrind af manni. Engin sást steinlegging kringum beinin, en svo virðist sem maðurinn hefði legið frá norðri til suðurs, en samt svo sem hann hefði ekki legið flatur, heldur eins og boginn í keng." Líklega á að skilja þessi ummæli um horf þannig, að höfuð hafi verið í suðurenda kumlsins, en víst er það ekki. Aths. Í safnaukaskrá 1893 segir Pálmi Pálsson frá þremur gripum, sem fundust 1892 í svonefndum Laufahvammi norður af Fossi á Rangárvöllum. "Þar höfðu áður fundizt öxi og spjót", og er hér eflaust átt við Þjms. 3333-3334. Gripir þessir eru ístað úr járni, brýnisbrot og hnífsoddur (Þjms. 3936-38). Að vísu er engin bæjarrúst í Laufahvammi, en þó er varhugavert að telja þessa gripi til kumlsins, því að ístaðið er af þekktri miðaldagerð.
Heimildir: KEKH, 41-42

RA-287:008 varða
"Sunnarlega í henni [Heiðinni] í útsuður af St(óra)-Skyggni er Hnífilsdalur, fallegur og grösugur (þar á að hafa drepist sauður, er Hnífill hét). Suður af honum er smáhóll með vörðu, kallaður Innri-Vörður ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:009 *Sandvarða* varða
"Sunnarlega í henni [Heiðinni] í útsuður af St(óra)-Skyggni er Hnífilsdalur, fallegur og grösugur (þar á að hafa drepist sauður, er Hnífill hét). Suður af honum er smáhóll með vörðu, kallaður Innri-Vörður, nokkuð vestar er Langihóll, grasigróinn að sunnan. Skammt sunnar er kringlóttur sandhóll, með vörðubroti, nefndur Sandvarða." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:010 heimild um stekk
"Beint vestur af Sandvörðu [009] eru tveir hólar. Heitir sá nyrðri Sandbóla. Þar var stekkur og stíað fram yfir

aldamót, en var hætt vegna þess, hvað erfitt var að reka féð inn. Stóð réttin í laut, en féð sótti á brekkuna, svo var hún flutt að ánni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:011 heimild um rétt
"Beint vestur af Sandvörðu [009] eru tveir hólar. Heitir sá nyrðri Sandbóla. Þar var stekkur og stíað fram yfir aldamót, en var hætt vegna þess, hvað erfitt var að reka féð inn. Stóð réttin í laut, en féð sótti á brekkuna, svo var hún flutt að ánni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:012 *Stóravarða* varða
"Fremst í heiðinni er nefnd Heiðarbrún og er hún austur af bænum, á hennni er hóll með vörðu og heitir hann Stóravarða." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 2-3

RA-287:013 tóft sel
"Vestan undir Hraunhálsi er grasigróin flöt, sem heitir Selflöt, þar var haft í seli frá Fossi áður fyrr. Hafa sézt þar tættur til þessa." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:014 heimild um fjárhús
"Þegar því sleppir [Innstanefi] að vestan er Húsaflötin, jafnlend og grösug, er Húsanef fremst á henni. Þar standa fjárhús frá Fossi ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:015 heimild um fjárhús
"Nokkru vestar [en Fálkaþúfa sem er vestur af 015] liggur grasbrekka frá norðri til suðurs, nefnist hún Borgarbrekka, fjárhús stóðu þar áður, þær eru skammt frá hraunjaðrinum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 3; Ö-Foss ath, 1

RA-287:016 varða landamerki
"Mörkin milli Árbæjar og Foss liggja í útsynningsnef. Þar er brekka með grashvammi sunnan í, en blásið fram klettinn, sem er fremst í því. Liggja mörkin þaðan í hól, sem er landsuður af Skógsöldu og heitir Markhóll, og úr honum í Steðja og úr Markhól í vörðu, sem er fyrir vestan vellina, vestan við túnið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:017 heimild um rétt
"Fjárrétt stór og stekkur eru í Nátthagahrauni og þar rétt hjá, við Eystri-Rangá, er Nátthagahóll. Þarna var stíað." Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss viðb, 1

RA-287:018 heimild um stekk
"Fjárrétt stór og stekkur eru í Nátthagahrauni og þar rétt hjá, við Eystri-Rangá, er Nátthagahóll. Þarna var stíað." Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss viðb, 1

RA-287:019 heimild um huldufólksbústað
"Í Blesulágum bjó huldukona, sem stundum sást. Blesulágar eru fast við túnið á Fossi. Þar eru fallegir og einkennilegir klettar, sem liggja í brekku. Alltaf var gengið þar hljóðlega um." Segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Foss viðb, 2

RA-287:020 varða landamerki
Landamerki 1892: "Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 92

RA-287:021 varða landamerki
Landamerki 1892: "Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands, úr téðum vörðum beina stefnu í hól sem varða er á á Borgarbrekkunni

..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 92

RA-287:022 varða landamerki
Landamerki 1892: "Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands, úr téðum vörðum beina stefnu í hól sem varða er á á Borgarbrekkunni, aftur úr þeirri vörðu beina stefnu og sjónhending í vörðu sem er á háhraunsnefinu austur af Skógsöldu, sem er vestur- og norður-hornmark á Fosslandi."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 92

RA-288 Árbær

20 hdr. 1475/1711. Bændaeign. Skv. JÁM voru Litliskógur, Stóriskógur (Tröllaskógur) Hraunkot og Melakot eyðijarðir í Árbæjarlandi. "Árbær er fyrst nefndur í kaupbréfi frá 1475, en bréf það er e.t.v. falsbréf. Næst finnst bæjarins getið í visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641. Í fyrrnefndu kaupbréfi frá 1475 er Þorsteinn Árnason í Gunnarsholti sagður selja Finni Magnússyni presti á Skúmsstöðum jörðina. Hákon Bjarnason í Haga í Holtum átti Árbæ XX hundruð og seldi hann 16. nóv. 1656 séra Jóni Daðasyni presti í Arnarbæli. Hinn 8. maí 1659 seldi séra Jón Sigurður Hákonarson á Breiðabólsstað í Ölfusi hálfa jörðina og 1 ágúst 1663 galt hann Rafni Jónssyni VIII hunduð í Árbæ, en þau kaup munu hafa gengið til baka því 3. október s. á seldi séra Jón Torfa Erlendssyni sýslumanni í Þorkelsgerði hálfan Árbæ." VS: Rangvellingabók, 1-2. . "Árbær lagðist í eyði árið 1899. ... Land Árbæjar er að mestu blásið hraun en gróin valllendisspilda er við Eystri-Rangá." SB V, 74 Í eyði frá árinu 1899.

1849: "Tún sæmileg, engjar engar. Sauðahagar góðir, en land litið og blásið." 1884: "Túnið er undirorpið sandfoki, þó álízt því ekki búinn þar af bráður voði. - - Hagar jarðarinnar eru flagbarðir og hrjóstrugir, og er það af þeim sem ennþá er lít skemmt, nokkuð víðlent, en í talsverðri hættu af sandfoki, því sandur gengur á landareignina að norðan og vestan." 1940: "Er nú land jarðarinnar að mestu upp blásið, nema tún og dálítil hagspilda." VS: Rangvellingabók, 3. "Tún er þar stórt og enn óblásið og blettir af heiðinni, bæði vestan bæjar út með ánni, og að austan og ofanverðu. En að vísu er meginhluti haganna blásinn í hraun, sem enn er mjög gróðursnautt." VG Árbók 1953, 59

RA-288:001 *Árbær* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-288:002 *Stóriskógur (Tröllaskógur)* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
1709: "Stóre skógur (Tröllaskógur) er sem rúmlega hálf bæjarleið frá Litla skógi í Arbæjar landi, sem nú er haldið. Hefur án efa byggður verið til forna, og kirkja þar staðið, sem bevisa girðingar og mannabein, er uppblása í stórviðrum. Nú er bæjarstæðið og landið um kring sumpart kafið sandi, sumpart komið í blásið hraun og vatnsból ekkert og þar fyrir aldeilis óbygggilegt." Tröllaskógur nefndur í Njálssögu. HS: "Bærinn Tröllaskógur hefur staðið útsunnan í öldunni. Bæjarstæðið hefur verið fallegt og víðsýni mikið." "Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots"

"Bærinn Tröllaskógur er nefndur í Landnámabók og Njálu í sambandi við Önund Kolsson sem fyrstur manna reisti þar bú um miðja 10. öld. Ekki er bæjarins getið í byggð í öðrum ritum. Bærinn stóð neðst suðvestan í öldu sem stendur upp úr hrauninu sunnan Sandgilju og Skógaralda nefnist. Kirkja var í Tröllaskógi á fyrstu öldum kristninnar." BJ: "Þar er ávöl alda úr móbergi, aflöng frá norðaustri til suðvesturs, og hefir bærinn staðið á suðvesturendanum. Aldan er hraunum girt alt um kring. Farvegur eftir uppþornaðan læk er suðaustanmegin hennar og eigi ólíkt, að annar sé hinumegin. Hraunin eru án efa eldri en Íslands bygging, og hafa fyrrum verið grasi og skógi vaxin og aldan einnig. En nú er þetta svæði örblásið fyrir löngu. Bæjarrústin er allmikil og mikið flutt í hana af hraungrjóti; en öll er hún úr lagi gengin. Þó sést, að fjósið hefir verið vestast og að eins laust frá. Standa þar tvær beizluhellur uppi. Skamt frá fjósdyrunum hafði verið brunnur, kom hann í ljós við jarðskjálftan í fyrra (1896), því sandurinn, sem hafði fylt hann, þéttist saman og lækkaði, svo brunnurinn varð meir en 1 al. djúpur. Hleðslan í honum var óhögguð. Nú er hann orðinn fullur aftur. Austasti hluti rústarinnar er nú ekki annað enn grjótbreiða." "Ei lángt frá Árbæ til útnorðurs liggur blásin eyðijörð, er oftast kölluð Stóri Skógur (en rjett nefnd Tröllaskógur), hvar sagt er til garðlaga og tófta mynda sjáist, einninn mannabein, sum stór, í einni breiðu helst; þar meinast kirkja verið hafi." "Tröllaskógs er getið í Njálu; sennilega hefur þar verið stórbýli, sbr. Litla-Skóg, nokkruð sunnar. Aðlíkindum hefur kirkja verið þar - mannabein hafa fundizt þar-, en farið af fyrr en kirkjumáldagar sýna, sem nú eru til."
VG: "Bæjarhúsaleifarnar eru nú, eins og á öðrum slíkum örblásnum stöðum, bala- eða hólmyndaðar, vegna þess að mesta grjóthrúgan heldur óblásinni mold þeirri úr jarðvegi, sem byggt var á, með því líka að þar grær yfir öððru hvoru á mörgum stöðum, þótt örfoka sé umhverfis. ... Þrátt fyrir þessar ástáður hér sést þó að höfuðbólið hefir verið mikil og löng bygging, með framhlið móti ssv. Grjótdreif þess tekur nú (1946) yfir 18 faðma á lengd

og allt að 12-15 faðma á breidd. Grjótið er allt aðflutt, mest hraungrjót, en líka mikið af mógrjóti ofan úr öldunni, þar eigi langt frá. Sjá má, að það hefir verið notað í dyrakampa, nærri miðsvæðis að sunnanverðu, og lagað til þess. Líklegt er, að þarna hafi verið býnsa mikill skáli, auk annarra húsa og bygginga. Kirkjugarðurinn hefir verið neðan við bæinn að austanverðu. Þar hafa oft sést mannabein og verið hulin með grjóti. Sézt hefir fyrir garðinum, ferhyrndum, en varla alveg jafnhliða; mældust mér austur- og vesturhliðar 10 faðmar hvor, norðurhlið 14 og suðurhlið 12 faðmar. Sálarhlið nærri miðri vesturhlið, og varla meira þaðan en 8-10 faðmar upp til bæjardyra. Kirkjurústin er lítil og óglögg, en hefir verið sunnantil við miðjan austurvegg og gaflhlaðið notað fyrir þann spöl úr garðinum. Hússrúst er neðan við kirkjugarðinn, sem ekki verður mæld, ef til vill af smiðju. Þar að neðan og vestanverðu hefir verið grjóti girtur akur að öllum líkindum, í góðu skjóli og halla móti sól og suðri. Virtist mér hann um 22 faðmar á tvær hliðar, en 18 og 30 faðmar hinar. Vel má vera, að austan bæjar og kirkjugarðs hafi líka verið akur; þar sjást leifar af annarri girðingu. Fjósið hefur staðið skammt nv. frá bænum. Sjást þar enn báshellur, reistar á rönd. Virðist móta fyrir sex básum við eystri vegg. ... Brunnurinn fyrrnefndi er þarna í slakka fáum föðððmum suðvestar. Og enn er ein húsarúst á bala fyrir neðan brunninn.”Alltaf vatnsskortur á þessu svæði sem að mati Helga Þorlákssonar dregur úr líkum á því að þarna hafi verið stórbýli, hann vill meina að Tröllaskóur hafi aldrei stórbýli verið, e.t.v um 10 hdr jörð.
Heimildir: JÁM I, 234, 278; HS: Árbók 1937-1939, 125; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; ÍF XII, 147. VS: Rangvellingabók, 446; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 21-22; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 120-121; HÞ: “Byggð við Heklu”, 150-152

RA-288:003 *Litliskógur* bæjarstæði býli
1709: “Litle-skógur kallast pláts nokkurt í Árbæjarlandi (sem nú er so haldið). Þar sjest til tóftarbrota, so sem bygð muni í fyrri tíð verið hafa, en enginn veit að segja nær þessi jörð hefur eyðilagst, ekki heldur fyrir hverja orsök, nema hvað menn meina að vegna blásturssands skeð hafi, þykir og líklegt af því, að nú er landið fyrir norðan og útnorðan bæjarstæðið komið í dan og hraun grasslaust orðið. Þykir mönnum þessi jörð óbyggileg vegna slægjuleysis og vatnsbóls sem er ekki nær að fá en eina bæjarleið að vísu.” HS: “Suðaustan-í hrauninu er Litli-Skógur. Ekki er kunnugt um hve nær hann fór í eyði.”

BJ: “Þar heitir enn “Litli-Skógur”, sést þar ein rúst nokkuð stór, melgrasi vaxin og nokkrar smærri í kring. En svo sem stekkjarveg sunnar, undir sömu brún, er önnur rúst eigi öllu minni og nokkrar smærri þar hjá.” “Þar skamt frá ein eyðijörð blásin, kölluð Litli-Skógur, vestur frá þessum Melakot, er og sagt hleðslur myndir sjá megi.”“Litliskógur hét bær sem stóð í slakka suðaustan í brún, um það bil 2-3 km suðaustur frá Sandgili og svipaða vegalengd suðvestur frá Tröllaskógi.” VG: “Bæjarhúsin hafa verið tvö samstæð langhús með dyr á göflum móti suðaustri. Hleðsla sést af millivegg, 4 fet á þykkt og 25 fet á lengd, og nyrðra húsið 8 fet á vídd. Hitt er enn meira hrunið út, en sýnist þó helzt hafa verið jafnstórt. Gat líka verið sundurskipt eða með hliðardyrum, þótt ekki sjáist þess nú merki. Við næsta hól að norðaustan eru rústir í suðausturhalla, líking af þremur kofum saman, og er líklegt, að þar hafi staðið fjósið m.m. Þaðan liggur lausagrjót úr garði, 25 faðma til suðuráttar. Er það nokkrum föðmum fyrir austan aðaltúngarðinn, og kynni að vera viðbót við túnið, ef ekki úr göngugarði yfir lægð á leið í fjósið ...”
Heimildir: JÁM I, 234, 278; HS: Árbók 1937-1939, 124; VS: Rangvallabók, 276; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 22; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 123-124

RA-288:004 *Hraunkot* bæjarstæði býli
“Hraunkot er þriðja eyðijörð í Keldnakirkju landi, sem nú er so haldið. Hefur löngu fyrir elstu manna minni lagst í eyði. Þar sjest mikið til girðinga og tóftabrota af grjóti, líka merki túnstæðis. Þetta pláts þykri ómögulegt byggjast kunni vegna slægju- og vatnsleysis.” “Landnorður af hólnum sjást rústir af eyðibýlinu Hraunkoti; sennileg sami bær og Undir-Hrauni (Dipl). Ókunnugt er, hve nær það fór í eyði; blástur hefir ekki eyðilagt það, heldur slægna- og vatns-leysis.” “Hraunkot hét bær er stóð á lágum hól spölkorn vestsuðvestur frá Sauðanefi á Eldiviðarhrauni og lítið eitt norðaustur frá Hraunshól og því skammt frá því sem talið er að bærinn Hraun [RA-662:002] sjá hafi staðið. Er það innan núverandi landamerkja Kelda.”
VG: “Rústir þessa býlisskoðaði ég bezt 1944. Litu þær þannig út: Bærinn hefir staðið á lágum hól eða bala, sem ekki er stærri en byggðarleifarnar. Eftir næstum örfok er þar að byrja gróður og smáhnjótar, þéttir yfir rústunum. Sést þó móta fyrir stærð og lagi byggingarinnar, er verið hefir ein og samfelld, frá austri til vessturs, alls að lengd um 66 fet, og virðist vera um 12 fet á breidd að innanmáli, en kann þó að hafa verið minna. Greinilega sést fyrir beinum vegg enda milli að norðanverðu, og fyrir þvervegg um 6 fet á þykkt frá vestur enda. Gætu þetta verið leifar af fjósi og hlöðu eða útikofum, þó að líkara sé nú einni heild. Austan þverveggjarins er líklegt að verið hafi bæjardyr og eldhús, og bæjarhús sjálft austast. Túngarður hefir verið hlaðinn úr grjóti að nokkru leyti kring um kotið, og mótar fyrir honum í krókum og hlykkjum, að mestu leyti umhverfis. Túnið allt, að sústunum meðtöldum, hefir þó ekki verið yfir 1 2/3 dagslátta, eða slægt tún varla 1 1/2 dagslátta.” “Þar skamt frá ein eyðijörð blásin, kölluð Litli-Skógur, vestur frá þessum Melakot, er og sagt hleðslur myndir sjá megi. Ei lángt frá þessum er nefnt Hraunkot, hvar og til tófta er sagt sjáist, hvort eg hygg Hraun heitir ...”
Heimildir: JÁM I, 234-235, 278; HS: Árbók 1937-1939, 129; VS: Rangvellingabók, 188; VG: “Eyðibýli og

auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952,107-108

RA-288:005 *Melakot* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
"Melakot hefur heitir fjórða eyðijörðin ogso í Keldnakirkjulandi. Engi veit nær þetta býli hefur eyðilagst, þar sjest nokkuð til tóftarbrota, en miklu minna en í Hraunkoti. Kann ekkki byggjast vegna sömu orsaka og segir um Hraunkot." HS: "Melakot, eyðibær, mun draga nafn af víðimelum. Í Melakoti er nokkur túnblettur, sem þó er klofinn í tvennt af sandgára." "Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots" VG: "Melakot hefir verið 4-5 km austur frá fjárskýlinu, síðastnefnda, og nærri 5 km suður frá Skarðs- eða Selsundsfjalli. Bærinn hefir staðið á bala, nokkuð hátt, á fögrum stað og mjög viðsýnum. En undir jarðvegstorfu, mjög þykkri virðist nú (1936-44) vera falin aðal-bæjarrýustinn, og er grastorfa nokkuð stór í líðandi halla þar vestur af. ... Upp frá þessum stöðum að norðanverðu eru greinilega leifar akurgerða."

HS: "Túninu hallar mót suðri og hefur bæjarstæðið verið fallegt. Rústir eru þar miklar." VG: "Austasta á sléttu er einn þeirra, óreglulegur ferhyrningur, um 18-19 faðmar á þrjár hliðar, en 10 faðmar á vesturhlið. Milli rústanna fyrrnefndu og rofbakkans á hólnum sést garðlag, 16 faðmar á lengd, er kynni að vera norðurhliðin á öðru akurgerði. Norður frá hólnum munu og sjást leifar af tveimur gerðum, í litlum vesturhalla. Sést þar á stöku stað greinilega steinn yfir steini, í einfaldri grjóthleðslu, en lögun og lengd sést ekki.""Þar skamt frá ein eyðijörð blásin, kölluð Litli-Skógur, vestur frá þessum Melakot, er og sagt hleðslur myndir sjá megi." "Melkot hét bær er stóð norðan Sandgilju, á bala sunnan í hraunbrúnn um fimm kílómetra norðvestur fra Tröllaskógi. Í rústum hans hefur fundist Klébert sem er talið öruggt merki fornrar byggðar, en eina samtímaheimildin um þennan bæ er máldagi Oddakirkju frá 1332 ... í næsta máldaga Oddakirkju sem er frá 1397 er þessa ítaks ekki getið ..." Helgi Þorláksson telur þetta býli hafa verið í bygð til 1510.
Heimildir: JÁM I, 235, 278; HS: Árbók 1937-1939, 125-126; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 109

RA-288:006 kuml legstaður
"Lengi hafa menn vitað, að leifar fornra kumla eru skammt frá Rangá eystri, um 2,5 km austur frá Keldum. Kuml þessi hafa orðið fyrirferðarmikil í íslenzkum fornleifaritum, sökum þess að þau hafa verið sett í samband við bardaga Gunnars á Hlíðarenda, er óvinir hans gerðu honum fyrirsát við Knafahóla (um 990) . Land er nú gjörblásið þarna svo og kumlin öll. Skal nú upp talið það, sem fyrri menn hafa ritað um þau."

Séra Halldór Magnússon, prestur til Keldnaþinga, ritar svo í fornleifaskýrslu 1818: "Í Árbæjar landareign, Keldna sókn, eru kallaðar Fjallmannabrúnir og í þeim einn hvammur eður vík, sem kallað var Haugsvík, en sást þó ei merki til, að þar væri haugur eður fornmannaleiði; en hér um 1800 blés þar uppi mold og sand, og þá komu þar upp bein af 5 mönnum, sem voru mjög rotin orðin; ekkert hefur þar fémætt fundizt af vopnum eður öðru." Árbær er eyðibýli fyrir ofan Keldur. Örnefnið Haugsvík er nú glatað, og virðist einnig örnefnið Fjallmannabrúnir. Sennilegt mun þó, að þar sé einmitt þar, sem nú heitir Árholtsbrún, og stafi nafnið af því, að Fjallabaksvegur lá þarna um. Kæmi það vel saman við þá sennilegu tilgátu Kålunds, að Haugsvík sé einmitt bali sá, sem er fyrir neðan Árholtsbrún, en hún liggur þvert norður frá Rangá, miðs vegar milli Keldna og Árbæjar. Mannabein þau, er séra Halldór nefnir, mega þá með sterkum líkindum teljast til Rangárkumla.

Árið 1866 fékk Þjóðminjasafnið beinhólk með sérkennilegu kroti, m. a. tveimur tiltölulega náttúrulegum hjartarmyndum (Þjms. 329). Að sögn Sigurðar Guðmundssonar fannst hann í "dysi við Rangá, mitt á milli Keldna og Árbæjar. Dysið var hlaðið upp af steinum eða steinum hlaðið umhverfis. Steinarnir voru vatnslitnir og ólíkir hraungrjóti því, sem þar er í kring, og eru því auðsjáanlega teknir úr Rangá. Engi sáust þar mannabein, enda var þeirra eigi leitað. Dys þetta var uppi í brún eða barði, hér um bil 10 faðma frá öðrum 4 eða 5 dysjum, sem þar eru." Þess ber að gæta, að Sigurður hefur ekki sjálfur séð það, sem hann er að lýsa. Páll Sigurðsson í Árkvörn virðist hins vegar hafa séð kumlin sjálfur. Hann skrifar svo um 1870: "Ofar með Rangá, nokkru fyrir ofan Keldur, eru dysjar tvær, vestan megin hennar, og er önnur minni; en sú litlu ofan eða fjær ánni. Dysjar þessar eru nú blásnar mjög eins og landið þar í kring, grjótið í þeim er vatnsorfið og auðsjáanlega borið upp úr ánni. Á þessum stað við Rangá barðist Gunnar með bræðrum sínum við Egil í Sandgili og þá undan Þríhyrningi. Í dysjum þessum hafa og fundizt mörg mannabein fram að þessum tíma, en nú er loftið búið að leysa þau flest upp; þó fundust í minni dysinni nokkrir jaxlar sumarið 1861; sú dysin, sem fjær er ánni, hefur minni verið, sem sagt var, og er ei ólíklegt, að Egill og synir hans og þeir bræður undan Þríhyrningi, sem féllu í bardaganum, hafi þar heygðir verið, og kannske Þórir austmaður, mágur Egils. Í dys þessari hafa fundizt bein af 5 eða 6 mönnum, en fleiri í hinni. Í kringum 1780 reið Jón Ísleiksson fálkafangari, sem þá bjó í Árkvörn í Fljótshlíð og síðar Eyvindarmúla, út á Rangárvelli til fálkaveiða; þá kom hann að dysjum þessum og skoðaði þær, og þá sá hann þar mörg mannabein, sem þá voru að blása upp úr dysjunum; þar sá hann í minni dysinni höfuðskel, er honum þótti stór vera, og..."

Kålund hafði einnig sjálfur séð kumlin: "....mere end to kan ikke med bestemthed påvises. De er opførte af vandslide fra åen hentede sten hinanden; man har derved - i løbet af de sidste 100 år- fundet adskillige menneskeben her; navnlig i den sydligeste og større af disse dysser synes flere mennesker at have været begravede." Þetta mun vera skilmerkileg lýsing, og frásögnin um mannabeinin er staðfest, því að árið 1876 komu

til safnsins fúnar beinaleifar frá þessum stað, leggjabrot og flísar (Þjms. 1116), og 1883 kom brot af stórgripslegg, og mun því hestur vera heygður þarna. Árið 1883 fékk safnið lítið og ógerðarlegt spjót (Þjms. 2446), er fannst "nær dysjunum", og járnmel með hringum og svipum í frá sama stað (Þjms. 2447). Þá segir Sigurður Vigfússon í safnaukaskrá: "Þar er gjörsamlega uppblásið og ekki annað en hraun og sandur, en þar eru glögg kennimerki; dysjarnar eru tvær; grjótið í þeim eru veltisteinar stórir og smáir, teknir úr ánni og næsta ólíkir því hraungrjóti, sem þar er; hér fundust og nýlega tvö spjót önnur, en sem voru svo ryðbrunnin, að þau duttu í sundur; hér hafa fundizt margir hlutir fyrri og síðar." Þessi lýsing kumlanna kemur vel heim við lýsingu Kålunds, og munu þær báðar réttar. Sama ár kom hestfjötur (Þjms. 2452) frá sama stað til safnsins sagður hafa fundizt í annarri dysinni.". Þá getur Sigurður Vigfússon þess í safnaukaskrá, að í kumlinu hafi einnig fundizt 7-8 boruð skeifa: ".....hún var svo ryðbrunnin, að hún hékk naumast saman." Aldrei kom þessi skeifa til safnsins, og víst hefur hún ekki verið úr kumlunum, þótt rétt kunni að vera, að hún hafi fundizt þar í grennd.

Af forngripum hefur síðan komið stakt hringamel (Þjms. 6020) og kinga (skrauthengi) úr bronsi (Þjms. 12384, sjá bls. 324-25, 143. mynd). Skúli Guðmundsson á Keldum hefur og lýst kumlunum. Einnig hann telur kumlin tvö, hvort á sínum hól, með 32 m millibili. Skammt frá þeim, uppi í Árholtsbrún, segir hann, að séu auðsjáanlega dys á þremur stöðum, með sams konar grjóti og er í hinum (þ.e. grjóti úr Rangá), en þar hafi ekkert fundizt. Vigfús Guðmundsson segir, að dysjaleifar þessar í Árholtsbrún sjáist á tveimur stöðum. Helga Skúladóttir segir í örnefnalýsingu sinni: "Skammt frá steininum (þ.e. Gunnarssteinu) sjást enn Dysin á smáhólum sitt hvoru megin Fjallabaksvegar, sem nefna má í þessu samhengi. Hann var fyrrum höfuðleið skaftfellskra bænda til kaupstaða, Eyrarbakka og Reykjavíkur." Loks segir Skúli Guðmundsson, að tæpum 1 km austar hafi blásið upp hauskúpu mikla.

Ég svipaðist um á þessum slóðum 1948, en Gísli Gestsson gerði lýsingu og staðaruppdrátt 1954 (7. mynd). Ennþá sér til kumlanna. Með tilliti til ummæla fyrri manna, sem greind hafa verið hér að framan, virðist mega segja eftirfarandi um staðinn og kumlin: Gunnarssteinn eða Gunnarsklettur er 1-2 m hár steinn rétt við Rangá, vestur af Árholtsbrún. Nafn steinsins er sennilega mjög ungt, úr því að þess er hvorki getið í fornleifaskýrslunni frá 1818 né hjá Kålund. Á lágum hraunhólum, 70-100 m norður af steininum, sjást vatnsnúnir hnullungar (8. mynd), aðallega þar sem merkt er I og II í uppdrætti, en einnig við III og IV, og þar fann Gísli Gestsson hrossatennur 1954. Þetta eru leifar kumlanna tveggja, sem nægilega er lýst hér að framan. Verða þær lýsingar trauðlega rengdar um, að fleiri en einn maður hafi verið heygður í hvoru kumli. Líklega er átt við sama beinafundinn í fornleifaskýrslunni og grein Páls Sigurðssonar, og mega þau bein vel hafa verið úr þessum kumlum. Hestur eða hestar hafa verið heygðir þarna, og sýnir það eitt, að kumlin eru úr heiðnum sið. Forngripir þeir, sem safnið hafur smá saman eignazt frá þessum slóðum, eiga að hafa fundizt í þessum kumlum, allir nema beinhólkurinn. Fundarvitneskja um þá er því miður ófullkomin. Járnmélin (Þjms. 2447) eru af gerð, sem grunur leikur á, að ekki hafi verið til í heiðnum sið, og munu því varla vera úr kumlunum. Um hina hlutina er ekki ástæða til að efast, að fornir séu.

Auk þessa tveggja kumla geta sumir hinna fyrri höfunda sams konar ummerkja uppi í Árholtsbrún. Sigurður Guðmundsson á eflaust við þessar leifa, og benda orð hans til, að þær hafi sést á 5-6 stöðum. Skúli Guðmundsson segir, að þær sjáist á þremur stöðum, en Vigfús Guðmundsson tveimur. Missagnir þessar stafa af því, að leifarnar eru mjög lítilfjörlegar og óskýrar. Þó er greinilegt, að steinar frá ánni liggja þarna uppi í brúninni og skera sig úr með líkum hætti og hinar kumlleifarnar. Má segja, að nú sé þetta á fjórum stöðum kringum grunna lægð. En fráleitt verður nú gengið úr skugga um, hve mörg kuml kunna að hafa verið þarna í upphafi. Ekkert hefur fundizt þarna annað en beinhólkurinn. Stílsvipur hans er af rúnsteinaætt, sem ger mun sagt síðar, og er því fremur ósennilegt, en ekki óhugsandi, að hann hafi verið í heiðnu kumli. Ber sífellt að minnast, að á þessu uppblástrarsvæði, sem áður var gróið og byggt, geta fundizt hlutir nærri kumlaleifum, þótt þeir hafi ekki verið í kumlunum upphaflega. Loks er þess svo að geta, að miðju vega milli kumlleifanna við Gunnarsstein og Árholtsbrún eru bæjarrústir fornlegar (Árbók 1951-52, bls. 125). Mættu kumlin öll hæglega vera frá þeim bæ, ef byggður var í heiðni, svo sem vel má vera.

Heimildir: KEKH, 35-40

RA-288:007 *[Húsbrún]* bæjarstæði býli

HS: "Fyrir austan Skógslágina, en austan Húsbrúna í Árbæjarlandi er bæjarrúst; nafn óþekkt." "Og staðurinn svo sem 2-3 kmm ssv. frá Tröllaskógi og líkt asa, frá Litla Skógi." VG: "Gróið er yfir aðalbæjarleifarnar, sem eru á bala, laust frá brúninni. Hleðslugrjót sést þó þar og í jöðrum, sem eigi hefir getað oltið langt vegla lítils halla. Lengd rústarinnar frá sa. til nv. eru um 8 faðmar og breiddin allt að 5 faðmar. Og líkindi sýnast til þess, að hún skiptist í 4 eða 5 hússtæði og samhýsi, er þó verða ekki mæld. 8 föðmum vestar er hleðslugrjót nokkurt, líklega úr stöku húsi, er grastorfa hylur þar á milli. Að bæjarbaki sést fyrir túngarði, bogadregnum og allt að 4 föðmum frá rústinni. Og 26 föðmum austur frá bæjarrúst er greinilegra tóttarbrot rétt upp við brúnina; mælist hún 9x14 fet inni. Fágætt er það um tótt þessa, að vesturendi er opinn, og sést ekki á sömu hæð eða lítið lægra, að þar hafi nokkurt gaflhlað verið. ... Ennþá, nærri 150 föðmum sunnar, neðst í sömu brún, voru að öllum líkindum kvíar, í nokkrum halla til dyra, um 7x40 fet. Voru fast við túnið og notaðar fyrir túngarð, það sem þær næáðu til, en hann liggur aftram frá norðurvegg kvíanna 45 faðma í nnv. og svo áfram í nna. heim undir

bæjarrústir að vestanverðu."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 124

RA-288:008 gata leið
HS: "Melakot [005] er fyrir ofan farveginn móts við Skotvöll. Á Skotvelli sáust 8 götur samhliða í hæfilega blásnum jarðvegi, er legið hafa milli Tröllaskógs og Melkots."
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-288:009 *Keldnavarða* varða landamerki
"Fyrst norður Markgilið frá Fiská og upp í Öldu[r], síðan ræður gilið og í hnúk þann, sem er sunnan við gilið, þaðan í mitt Þjófholt, þaðan í Þríhyrningsháls, svo langt suður sem maður lengst sér af Þorleifsstaðahlaði, og svo vestur yfir Þorgeirshól. Þaðan sjónhendingu í Keldnavörðu í Árbæjarlandi að Rangá. Síðan ræður áin að Fossnípu, þaðan sjónhending og í Markgilsmynni, sem fyrr er greint."
Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-288:010 varða landamerki
"Landamerki Árbæjar samkvæmt landamerkjabók Rangárvallasýslu eru þannig: Fyrst er Rauðkollur að norðan, úr Rauðkolli í vörðu, sem er uppi á háhraunsbrúninni, þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi. Þaðan ræðin áin fram í Árholt, þar sem er bein stefna úr Rauðkolli, sem fyrr er greindur, í Hnauk á Vatnsdalsfjalli, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, sem áður er nefndur."
Heimildir: Ö-Árbær, 1

RA-288:011 varða landamerki
"Landamerki Árbæjar samkvæmt landamerkjabók Rangárvallasýslu eru þannig: Fyrst er Rauðkollur að norðan, úr Rauðkolli í vörðu, sem er uppi á háhraunsbrúninni, þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi. Þaðan ræðin áin fram í Árholt, þar sem er bein stefna úr Rauðkolli, sem fyrr er greindur, í Hnauk á Vatnsdalsfjalli, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, sem áður er nefndur."
Heimildir: Ö-Árbær, 1

RA-288:012 *Digravarða* varða
"Digravarða er á Þverbrúnum, nær Dölum. Hún er ekki hlaðin af mönnum, nema að hluta. Þetta er bjarg, sem hlaðið hefur verið ofan á. Varðan sést trúlega enn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 2

RA-288:013 *Þrívörður* varða
"Þverbrýr ná alveg niður þangað, sem kallaður er Múli eða Árbæjarmúli. Á honum og í áframhaldi af Þverbrúnum eru Þrívörður.""Þær voru þrjár vörður, hlaðnar. Ekki veit Jónína, í hvaða tilgangi þær voru hlaðnar, en gizkar á, að smalar hafi hlaðið þær í hjásetu. Þegar hún kom þarna síðast, var ein varðan fallin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 2

RA-288:014 *Jónasarvað* heimild um vað
"Dálítið suður með ánni er vað á henni, sem kallað var Jónasarvað. ... Líklega er þetta sama vað og nefnt er Árbæjarvað á korti." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 2-3

RA-288:015 *Vað í Múlanum* heimild um vað
"Annað vað var á ánni fyrir Árbæjarlandi, í Múlanum. Það hafði ekki nafn, var aðeins talið um "vaðið í Múlanum." Segir í örnefnalýsingu. "Rauðnefsstaðafólk fór þar yfir til kirkju að Keldum, á fundi og fleira." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:016 heimild um fjárskýli
"Áframhald af heiðinni eru moldarflákir og sandur, en þar fyrir neðan er graslendi með ánni, sem heitir Krókur eða Árbæjarkrókur. Þar er bugða á ánni. Fjárborg var austast á Króknum, og mótar líklega fyrri henni enn. Hún var í suður eða suðvestur frá bæ." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:017 heimild um fjárhús
"Syðst í Árbæjarlandi voru fjárhúsin." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:018 heimild um fjárhús
"Hraunið liggur síðan langt til suðvesturs, og myndast þar brún, fram af Laskhól og Skógsöldu. Í þeirri brún er útsynningsnef, vestast í Árbæjarlandi. Austast á sömu brún er Húsanefn. Á því voru fjárhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 4

RA-288:019 varða
"Áfram er hraun, ekkert nema hraun. Langt fram af Útsynningsnefi er Aurhóll, aurlitaður hóll. Ljósir litir eru í honum og ýmis litbrigði. Varða er á Aurhól." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 4

RA-288:020 garðlag túngarður
VG: "Á 19. öld hefur túnið verið girt með torfgarði og traðir heim að sunnanverðu ..."
Heimildir: VG Árbók 1953, 59

RA-288:021 heimild um traðir
VG: "Á 19. öld hefur túnið verið girt með torfgarði og traðir heim að sunnanverðu ..."
Heimildir: VG Árbók 1953, 59

RA-288:022 bæjarstæði býli
"Við Eystri-Rangá hjá Skógarmannavaði [RA-282:055], sem er um 1,3 km vestan Árbæjar og innan landamerkja þeirrar jarðar, hafa blásið upp rústir af fornu býli."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 531

RA-288:023 heimild um fjárskýli
VG: "Fjárbyrgi eða gjafahringur mikill og óvenju stór. Hann er á flötum hól réttt hjá og sa. frá hærri vörðuhól, dálítið upp frá Axarhraunsbrúnninni, í suðaustur frá Sauðanefi, viðlíka langt frá því og Hraunkotið." "Byrgið er alveg hringlaga, með dyrum mót suðvestri. Tvíhlaðið hefir það verið, út grjóti og torfi, og allt að 40 fetum í kross að innanmáli. Laglegur hópur, 300-400 fjár, get staðið þar inni, og eigi þarf að ætla, að kotbóndi hafi átt slíka hjörð."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952,108

RA-288:024 heimild um áveitu
VG: "Vatnsveita úr Sandgilju. Sandgilja er áður nefnd, uppsprettulind í Vatnafjöllum, og hefir runnið alla leið fram í Austurbotna Keldnalækjar. Hún hefir verið eina vatnsbólið í Sandgili og ef til vill í Melakoti líka, þó að bæði væri langur og erfiður vatnsvegur. ... Niður undan túninu [Í Melakoti] þar hefir verið gerð fyrirhleðsla mikil til vatnsveitu." VG: "Byrjar fyrirhleðslan á 24 föðmum í sjálfum farveginum, hverfur svo á 7 föðmum í sjálfum farveginum, og kemur svo aftur í ljós með grjóthleðlsuleifum á litlum kafla. Hverfur aftur á 30 föðmum en svo kemur í sömu beinu stefnu til vesturs 60 faðma löng fyrirhleðsla, þykk með fláa, úr stórum steinum að utanverðu, er enn sjást á bletti óhreyfðir í 2-4 lögum. Hleðslan öll (hátt á 2. hundrað faðmar) hefir verið á líkri hæð, en farið þó lækkandi vestast, og virðist þar vatna spottakorn að hól, til þess að mjótt lín, sem hlaut að safnast við garðinn, næði framráðs norðan við hólinn."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 109-110

RA-288:025 *[Gilbrún]* bæjarstæði býli
VG: "Gilbrún. Bæjarleifar sjást greinilega á norðurbrún Sandgilju, dálitlum spöl neðar en fyrirhleðslan [024] var. Farvegurinn liggur þar ofan aflíðandi brún og beygir nokkuð meira til suðlægrar áttar." "Þarna sést vel fyrir túngarði að ofanverðu, en að neðan hefir Sandgilja, með brún sinni snarbrattri og klettabelti að suðaustan, verið til varnar. Túnið hefir verið nálægt 1 1/2 dagslátta að stærð, á fötrum stað og í líðandi halla móti suðri. Uppi við túngarðinn, vestar miðju, er mikil rúst með bakhliðina bærði sem túngarð og húsagarð. Rúst þessi er mikil að fyrirferð, 9 faðmar á lengd og 3 á breidd og gæti því verið bæjarhúsaleifar. En svo er grjótið umrótað, að ekkert sést fyrir tóttum. Neðar sjást leifar bygginga greinilegar. Austur við klettabrún þá, sem er við hlykk á farveginum og í halla að henni, eru tvær samhliða rústir, langar og mjóar, 5 faðmar á lengd og 2 1/2 og 3 á vídd, líklega með dyr eða hlið á neðri enda. Hús hafa þetta ekki verið, eða heystæði. Dyrnar eru of nærri hamrabrún til innrekstrar og aðflutnings. Líkast að væru sáðreitir. Þremur föðmum vestar í litlum suðurhalla eru þrefaldar rústir, byggðar í réttan ferhyrning aflangan, er snúa eins og hinar neðri, með dyrum til asa. Líkast að væru hús tvö til hliðanna 13x7 fet og 13x12 fet, en rétt eða heystæði á milli. Öðrum þremur föðmum vestar er rofabakki grastorfu mjög hárrar. Hún er löng til vestur,, en mjó (27x7 faðmar). Undir henni geta vel dulizt húsarústir ..."

Heimildir: VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 111

RA-288:026 *[Árbrún)* bæjarstæði býli
VG: “Árbrún. Gervinafn er þetta á alóþekktu býli, en dregið af því, að neðan við bæjarstæðið er snarbrött brún niður að Eystri Rangá. Drjúgum kipp er það neðar en Árbær, og fyrir ofan krók á ánni, er hlíft hefir grassnoppu dálítilli, sem heitir Árbæjarkrókur.” VG: “Bæjarrústin hefir líklega öldum saman verið hulin jarðvegi, en er yhann blés af fyrir nokkrum áratugum fann Skúli á Keldum þar bæjarleifar. Hefir þar verið skálabygging, um 24 fet á lengd og 9 fet á vídd, en það er óljósara. Hliðin hefir snúið að ánni, móti suðurátt. Eigi sér fyrir dyrum með vissu. En stétt hefir legið frá austurendaskálans, fáa faðma að húsi, sem nú er grjótdreif einungis. - Þar hefir Skúli fundið kljástein og brot af kvarnasteini. enn norðaustar (10-12 faðmar) má ætla, að verið hafi fjós með þar tilheyrandi byggingum.. Mótar fyrir 4 rústum sambyggðum, 3 jafnvíðum, um 9 fet og í einni lengdu, 34 fet, og að auki 18x30 fet. Tún hefir verið þar alveg afgirt fram á klettabrúnir við ána á báðar hliðar, og á þriðju dagsláttu að stærð. Gata hefir legið gegnum túnið, milli fjóss og bæjar, frá Skógamannavaði vestan við klettanefið og um hlið á túngarði að norðanverðu.”
Heimildir: VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 125

RA-288:027 *(Árholt)* bæjarstæði býli
VG: “Árholt. Nafnlaust búli, jafnókunnugt og fornlegt og Árbrún. Það hefir verið á bala fyrir neðan brún, er Árholtsbrún heitir, og liggur þvert norður frá Rangá, miðsvegar milli Keldna og Árbæjar, í Keldnalandi og hálfrar klukkustundar gang þaðan.” VG: “Nú er það hóll, sem rústin er á, og grjót oltið úr, því allt er þar gjörblásið í kring, spölkorn frá ánni, sunnan við Árbæjargötu. Skáli hefir verið þar með hliðarvegg móti suðri, eftir helztu líkindum 24 fet á lengd, en varla yfir 7 fet á vídd, og litlar eða engar útbyggingar. Litlar leifar mannabyggða að öðru leyti hafa fundizt þar.”
Heimildir: VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 125

RA-289 Reyðarvatn

20 hdr 1711, aðeins vestasta Reiðarvatn þríbýli var áður á R en Eystra og Mið Reiðarvatn voru bæði í eyði árið 1709 og land fyrrnefndu jarðarinnar hafði lagst undir Mið-Reyðarvatns 1709 er einnig eyðihjáleigan Spámannsstaðir í landi Vestasta-Reyðarvatns, þar var einnig bænhús. Jörðin átti skógarítak í Næfurholtslandi í Þórunnarhálsi og heyja í jörðinni Lambhaga. JÁM I, 241-242. Vatnsins Reyðarvats er getið í Njálssögu ÍF XII, 147. “Bærinn Reyðarvatn finnst fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] .” “Elsta heimild sem getur þessa bæjar er kaupbréf Árbæjar á Rangárvöllum frá 1475 en grunur liggur á að það sé falsað. Austasta-Reyðarvatn hefur þó verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu er skráð var um 1300 en þar er getið um Ysta-Reyðarvatn sem sýnir að þá hafa verið til þrír bæir með Reyðarvatnsnafninu. Yngsta heimild sem getur um Austasta-Reyðarvatns í byggð er visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641, en skömmu síðar hefur jörðin lagst í eyði eftir því sem ráða má af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ... Austasta Reyðarvatn var fyrri 1589 orðin eign Skálholtsstóls og eftir að byggð tók þar af lagðist landið til Mið-Reyðarvatns sem einnig var stólsjörð.” “Litla-Reyðarvatn var nefnt Mið-Reyðarvatn meðan Austasta-Reyðarvatn var í byggð og nokkurn tíma þar eftir ... Mið Reyðarvatns finnst fyrst getið í skrá um jarðir Skálholtsstóls 1589, en bærinn hefur verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu frá því um 1300 þar sem getið er um Ysta-Reyðarvatn.” VS: Rangvellingabók, 1, 270, 346

1849: “Tún góð, engjar litlar. Land gott og mikið en blásið víða. Gripagan gott á sumri. Jörðin er hæg.” 1884. “Túnið hefur orðið fyrir nokkru sandfoki úr heiðarjaðrinum fyrir norðan það og hefur útnorðurshorn þess kafist af sandi, einnig líka hagabrekkur þær sem jörðin á vestur af túninu og liggja fyrir norðan Reyðarvatnslæk eru sandkafðar. - Hagaland jarðarinnar fyrir sunnan Reyðarvatnslæk er óskemmt nema blettur syðst í því, en sumsstaðar er það að gróa upp og er gott land. Með fram norðurjaðri landareignarinnar liggur sandgári sá sem eytt hefur Brekknalandi og hefur hann einnig eytt stóra spildu af landnorðurhorni hennar, og borist hefur vikur og sandur í lágar og brekkur í högunum þar, eða þeim megin. Á landsuðurhorni landareignarinnar er líka byrjaður sandgári úr einum sandblástrum þeim sem eyða Keldnalandi og er von mikils skarðræðis af honum. Líka er sandblástur með endilöngum suðurjaðri landareignarinnar en ennþá er haglendi jarðarinnar víðlent og ósundirslitið af sandskemmdum.” VS: Rangvellingabók, 348 1917: Tún 6,3 ha, þar af4,5 ha slétt, garðar 1218 m²

RA-289:001 *Vestasta Reyðarvatn* bæjarhóll bústaður
“Árið 1926 var bærinn á Reyðarvatni fluttur frá hinu upprunalega bæjarstæði norðaustan Hróarslækjar og suðvestur yfir lækinn, þangað sem hann enn stendur.” “Árið 1926 var bærinn fluttur vestur fyrir lækin og settur þar í Stekkjartún, var þá sandurinn kominn allt í kringum húsin og aðeins smátangi óblásinn af túninu.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SB V, 73; Ö-Reyðarvatn, 2; Túnakort 1917

RA-289:002 heimild um bænhús
REYÐARVATN VESTASTA Á RANGÁRVÖLLUM (R) (KELDNAÞING) – BÆNHÚS 1709: Þar er bænhús (hálfkirkja) og embættað af prestinum að Keldum og Gunnarsholti, Þegar heimafólk er til sacramentis, betalast honum Þar fyrir árlega xx álnir, ljóstollur og tíund fellur niður og gelst ekki til sóknarkirkjunnar að Keldum.
Heimildir: JÁM I, 241-242

RA-289:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-289:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-289:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-289:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-289:007 *Eystra Reyðarvatn* bæjarstæði bústaður **Friðlýstar fornleifar**
1709: “Önnur hjáleiga hefur og staðið í Næfurholtslandi, kölluð Breidhollt. Er fyrst bygð fyrir 20 árum eða þar um. Byggíngin varaði fá ár. ... Kann ekki aftur byggjast, því heyskapur er enginn.” “Nú verður tekið fyrri Breiðholt og nágrenni þess. Fyrst við lækinn Dvergasteinn, og þar vestar Breiðholtshús og Breiðholtstún ...” Segir í örnefnalýsingu. BJ: “Breiðholt heitir flöt hæðarbunga vestur frá Næfurholti. Hún er nú mjög blásin norðan og vestan til, en austan í henni eru fjárhús frá Næfurholti. Þar er sagt, að bær hafi verið til forna. Þó er þar engar rústir að sjá, nema eina stekkjartóft, nokkuð gamla. En svo er að sjá, sem hér hafi alt blásið áður, en verið gróið upp aftur, þá er fjárhúsin voru bygð. Er því ekki að marka, þó bæjarrúst sjáist ekki. En fyrir neðan brekkuna hefur aldrei blásið, og er þar forn garður, sem líklegt er að sé túngarður. Engin fornvirki gat ég heldur séð annarsstaðar á bungunni.” “Breiðholt var hjáleiga frá Næfurholti er stóð að austanverðu í samnefndu holti, neðarlega nærri því miðju. Breiðholts er fyrst getið í alþingingbókinni 1682, þar sem greint er frá vitnisburði er Jón Bjarnason gaf um ábúð þar og í Haukadal. Þetta hefur verið á fyrstu árum byggðar í Breiðholti ...”
Heimildir: JÁM I, 277; Ö-Næfurholt, 6; VS: Rangvellingabók, 48; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 9-10

RA-296:064 *Nýibær* bæjarstæði býli
“So kallast eyðipláts nokkurt í Næfurholts landi. Þar hefur í gamaldaga bygð verið, en ei vita menn hvort það hefur jörð verið út af fyrir sig eður hjáleiga frá Næfurholti. Munnmæli eru, að þetta býli hafi eyðilagst af einu öskufalli úr Heklu. Þar sjást nokkur merki til tóftarbrota, og sýnist af þeim þetta muni hafa smábýli verið. Kann ekki aftur byggjast vegna heyskaparleysis og blásturs.” “Við lækinn Tangar, Nestjörn og Koltjörn, Brún, Moldarskarð, Nýibær, gamalt eyðibýli.” Segir í örnefnalýsingu. BJ: “Nýibær hét hjáleiga út með læknum, sem rennur frá Næfurholti (Hálsi) til útnorðurs. Stekkjarbrot er ofan á rústinni.” VG: “Auk þess bólar á þremur öðrum kofaleifum, fast við “stekkinn”, einni að vestan og tvennum að norðanverðu. Allar litlar, varla meira en svo sem 6-8x10 fet.”
Heimildir: JÁM I, 277; Ö-Næfurholt, 1; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 9; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1951-1952, 49

RA-296:065 heimild um kolagröf
“Skóg á jörðin mikinn að víðáttu brúkandi til kolagjörðar, selur ábúandi hann með leyfi eigenda nokkrum mönnum úr Mýrdal, flestum þó úr Landeyjum til kolagjörðar, og betala fyrir hverja 5 og 6 tunnur sumir v sumir iv, sumir iii ánir. Uppber ábúandi skógartottlana og segja sjer þá lagða af eigendum, og eigi að standa fyrir tíundum, því jörðin sje meira tíunduð en hún þykir verð vera. Skógartollar kynnu að hlaupa sig í meðallagi um árið (eftir sögn ábúanda) hjer um lx álnir.”
Heimildir: JÁM I, 276

RA-296:066 hellir fjárhús
“Í Næfurholti er hellisgjögur í svonefndum Hellisdal. Þar var sumum gefið áður fyrr. Aðfelli er þar og verður að fylgjast vel með ef kindur leita þar skjóls að vetri að þær fenni ekki inni.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 13

RA-296:067 *Lambhústún* örnefni lambhús
“Túnið fyrir austan bæinn Lambhústún ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Næfurholt, 1

RA-296:068 *Áveitudæla* örnefni áveita
" ... fram af bænum Bali og Flöt og Flatarhóll og Mýrarseila, ennfremur Áveitudala." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Næfurholt, 1

RA-296:069 heimild
"Við Nýjabæ sjást engin mannvirki önnur ... En skammt austur við brúnina hefir verið rétt (fremur en kálgarður) frá 19. öld að líkindum."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 49

RA-296:070 tóft
"Húsarúst fágæt. Ekki muni nú sjást eða þekkja neinar fornaldarrústir austan Bjólfells, nema aðeins af einu stóru húsi. Hún er norðausstan undir Austurbrekkum svonefndum, á berum mel, sem er ávalur og mikill um sig, en eki hár." Við Selvatn, sjá 030 Þótt grjótdreifin nái nú yfir nærri 20 faðma, bæði á lengd og breidd, held ég, eftir halla og afstöðu, að þessi mikla lengd, 80 fet, geti varla verið svo mikil að réttu máli. ... Engin líkindi sjást til milliveggjar í húsinu, þótt líkara virðist, að því væri tvískipt, svo löngu húsi, með dyrum á báðum endum. Ekki leyna sér norðurdyrnar, þar liggja stórir og lögulegir kampsteinar úr þursagrjóti ..."
Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 54-55

RA-297 Háls

Hjáleiga Næfurholts. 1711 segir að jörðin hafi byggst fyrir 28 árum en eyðilagðist fyrir 14 eða 15 árum. Jörðin var í eyði til 1779, búið þar 1779-1787m 1798-1815 og 1829-1844. Bærinn í Næfurholti fluttur á bæjarstæði Háls 1846. "Sögn er þó að Háls hafi verið sami bærinn og landnámsbærinn Þórunnarhálsar, og er það líklegt, því upp af yfir bænum er hálsahryggur sá hinn mikli, er gengur inn af Bjólfelli." B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 9

RA-297:001 *Háls* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-298 Svínahagi

Jarðadýrleiki að fornu 20 hdr, 1711 þá í eyði. Landnámsjörð. ÍF I, 356. "Elsta heimild um Svinahaga er Landnámabók, enda var jörðin landnámsjörð, en síðan finnst hennar ekki getið fyrr en í máldaga Oddakirkju 1553. Svínhagi fór í eyði 1708 og var það enn 1711, en fyrir 1729 var aftur hafinn þar búskapur. ... Björn landnámsmaður í Svínhaga eignaðist land þar við landnám. Síðan er ekki vitað umeigendur jarðarinnar fyrr en 1553, en þá var hún orðin eign Oddakirkju. Fyrir 1580 eignaðist konungur fjórðung jarðarinnar (V hundruð) og 1696 var sá hluti þess partur jarðarinnar orðinn eign Jóns Pétrussonar í Hlíð á Álftanesi ..." VS: Rangvellingabók, 440. "Gróðurlendi jarðarinnar er valllendi og gróið hraun, gott til sauðfjárbeitar, en stór hluti hennar er blásið hraun og örfoka sandur." SB V, 62

1711: "Af túninu hefur sandblástur fjórðúngi að vísu eytt um næstu 20 ár, og hinu sem eftir er mikið spilt. Blöðkuslægjum hefur og grandað blástur sandur og þriðjúng þeirra að vísu af tekið. Hagar eru af sandi stórum spjallaðir, sýnist jörðin framvegis liggja undir spjöllum, jafnvel eyðiuleggíng." JÁM I, 274 1787: "Hér er heldur ekkert garðefni að fá, þar jarðsvörður er ónýtur af sandi og sandfoki. Túnin hefir verið stórt og slétt að austan og sunnan við bæinn, og þar hefir sandurinn sorfið mest að í fyrstu." VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 38-39 1840: "Útigangur allgóður, heyskapur enginn útantúns nema lítið af melaslægjum, þegar vel árar. Liggur undir áföllum af sandi." 1849: "Tún greiðfær en snögg, engjar engar. Hagland gott og mikið ummáls, en víða blásið. Gripagan gott." 1882: "Þessi jörð er eydd og uppblásin, en óskemmd að túnum." VS: Rangvellingabók, 440 1917: Tún 6,1 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 620 m² 1940: "Tún: Slétt og greiðfært. Engjar: Samfelldar, snöggar. Beitiland: Víðlent valllendi, kjarngott. Gott til sauðfjárbeitar, lakara fyrir gripi. Ókostir: (Ágangur) af afréttarfé. Jörðin er skemmd af uppblæastri, ekki hættulaust enn." VS: Rangvellingabók, 440

RA-298:001 *Svínahagi* bæjarhóll bústaður
"... hefur bærinn verið tvífluttur undan sandi." "... fyrir austan Torfuna, en svo er nefnd hæðin suður af túninu, fyrir austan lækinn. Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða." "Á túninu suðvestur af bænum er nefnt Gamlibær. Þar var bærinn fyrst settur, fluttur af torfunni, sem bærinn stóð á lækjarbakka og valt allt í lækinn, sem út fyrir fyr var sett. Var hann þá fluttur þanga, sem hann stendur nú." Segir í örnefnalýsingu. VG: "Bær þessi hefir staðið nokkuð hátt frá ánni, varla minna en 1/2 km að vegalengd, og alveg áveðra á flatlendri brún ... Til rústanna hefi ég ekki getað séð fyrir mjög þykri torfu, sem liggur yfir þeim, ..."

Heimildir: Ö-Svínhagi, 1, 3-4; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 39

RA-298:002 *Svínahagi* bæjarstæði bústaður
"... hefur bærinn verið tvífluttur undan sandi." "... fyrir austan Torfuna, en svo er nefnd hæðin suður af túninu, fyrir austan lækinn. Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða." "Á túninu suðvestur af bænum er nefnt Gamlibær. Þar var bærinn fyrst settur, fluttur af torfunni, sem bærinn stóð á lækjarbakka og valt allt í lækinn, sem út fyrir fyr var sett. Var hann þá fluttur þangað, sem hann stendur nú." Segir í örnefnalýsingu. "Flutti bærinn var settur upp á brún nokkurri við lækinn að norðanverðu, á lægri brún og mikið lægra en áður. Gert var þar gott tún og girt frá og að læknum með torfgarði."
Heimildir: Ö-Svínhagi, 1, 3-4; Túnakort 1917; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 39

RA-298:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-298:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-298:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-298:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-298:007 mannabein
"Beinafundur í Svínhaga, Rangárvallahreppi: Í Árbók 1953, bls. 40, getur Vigfús Guðmundsson um "dys" í Svínhaga. Ég sá þessar leifar 20.6. 1949. Um 50 m SV frá gamla bæjarstæðinu, sem er hálfblásið eða vel það, sást grjót- og moldarhrúgald á örfoka svæði sunnan undan háu rofbarði. Hjá þessu hrúgaldi og að nokkru leyti í því voru leifar af mannsbeinagrind, leggbein úr útlimum, hnakkabein o.fl. Ekki er auðið að ganga úr skugga um, hvort þetta eru leifar úr fornmannsgröf. En of nærri virðist það hinu gamla bæjarstæði til þess að það sé líklegt, og gætu þetta verið leifar af bænhúsreit frá fyrri öldum."
Heimildir: KEKH, ?

RA-298:008 heimild um fjárhús
"Svínahöfði er innstur í mörkum milli Svínagaga og Haukadals, að norðanverðu er hann grasi gróinn, víði og birki er þar heldur í vexti; að innan er hann blásinn. Hann á að draga nafn af svínum, sem sagan segir, að gengið hafi úti og fundizt þar, nú eru þar fjárhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 1

RA-298:009 heimild um ferju
"Djúpalaut er suðvestur af Höfðanum og Dýjalautarhóll fyrir vestan og norðan hana, laus við hraunið. Langhóll er norður og vestur af honum, allstór, liggur frá landnorðri til útsuðurs." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:010 heimild
"Skógartengi er innsta örnefnið í Svínahagalandi með læknum, dregur hann nafn af því, að þarna lágu skógarmenn úr suðursveitum, er þeir komu úr skógi ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:011 heimild um túngarð
"Mýrarseyla, svo er nefndur tangi út í lækinn fyrir austan túngarðinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:012 *Gerði* örnefni
"Útseta og Gerði nefnast engjastykki norður af túninu. Í Gerðinu, sem er vestar, er hóll með vörðubroti, sem kallaður er Grjóthóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:013 varða
"Útseta og Gerði nefnast engjastykki norður af túninu. Í Gerðinu, sem er vestar, er hóll með vörðubroti, sem

kallaður er Grjóthóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:014 *Torfdalur* heimild um ristu
“Í Torfdal mun hafa verið skorið torf.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-298:015 *Gerðistagl* örnefni
“Útsuður af dalnum er Gerðistag. ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 3

RA-298:016 *Nálhús* heimild um huldufólksbústað
“Í Grashrauninu, suður af Markhól, er Nálhúshóll. Þar á að hafa fundizt nálhús frá huldufólki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 3

RA-298:017 *Kotsvað* heimild um vað
“Fyrir austan túngarðinn er vað á læknum á Kotsgötum, það nefnist Kotsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 3

RA-298:018 *Kotsgötur* heimild um leið
“Fyrir austan túngarðinn er vað á læknum á Kotsgötum, það nefnist Kotsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 3

RA-298:020 varða
“Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 3-4

RA-298:021 *Klifið* heimild um leið
“... Heimranes er við ána og lækinn ... Upp úr Heimranesi gengur Klifið ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 4

RA-298:022 heimild um fjárhús
“Vestur og norður af honum [Drangi], en suður af Miðnesi er Tjarnarnes, mun það draga naf af pytti eða tjörn, sem er í því. Fjárhús stóð í nesinu til skamms tíma.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 4

RA-298:023 heimild um leið
Gata milli S og Bolholts. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 4

RA-298:024 *Laugin* örnefni bað
“Lækurinn er allstrangur þar og því vörn fyrir ágangi búfjár. Skammt vestar er Laugin, volg uppspretta við lækjarbakkann.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 5

RA-298:025 *Lambhúsflöt* örnefni lambhús
“Norðvesturhorn túnsins er nefnd Lambhúsflöt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 5

RA-298:026 *Tjaldflöt* heimild um áfangastað
“En vestan við lækinn er Tjaldflöt, þar tjölduðu fjallamenn fyrst eftir að réttir voru fluttar í Réttanesið, áður en farið var að hafa þar veitingar, hopp og í.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 5

RA-298:027 *Rétttarnes* örnefni rétt
“En vestan við lækinn er Tjaldflöt, þar tjölduðu fjallamenn fyrst eftir að réttir voru fluttar í Réttanesið, áður en farið var að hafa þar veitingar, hopp og í.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 5

RA-298:028 varða landamerki
Landamerki 1886: "Fyrst er varða vestantil á höfðanum við Rangá, þaðan sjónhending í Kanastaðabotna, þaðan í illadý, þaðan í geldingabæli, þaðan sjónhending hjá Járnlaugsstaðabæjartóftum við Rangá, þaðan ræður áin í fyrst nefnda vörðu vestatil á höfðanum."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 440

RA-299 Kaldbakur

Jarðadýrleiki Víkingslækjar 20 hdr 1711. Fyrst byggður árið 1784 og er land hans hinn helmingjur eyðijarðarinnar Víkingslækjar, hinn hemingurinn er land Þingskála. "Land Kaldbaks og Þingskála er að stærstum hluta örfoka sandar og hraun, nú nokkuð tekin að gróa. Gróðurlendi jarðanna er að mestu leiti valllendi, land gott til beitar." SB V, 60 "Vestan Víkingslækjarland renur Ytri-Rangá. Þar sem Víkingslækur rennur í hana heitri Kaldbakshólmi og var hann fyrrum hluti af landi jarðarinar Tjörfastaða á Landi, en á 18. öld braut Rangá sér farveg yfir í Bjallalæk og lenti hann þá austan árinnar. Árið 1768 keypti Loftur Bjarnason þá bóndi á Víkingslæk, en síðar á Kaldbak þetta landsvæði, sem þá var nefnt Tjörfastaðahólmi, og lagði við land sitt og hefur Kaldbakshólmi síðan verið séreign kaldbakseigenda, þó annað land jarðanna Kaldbaks og Þingskála sé óskipt." Ö-Víkingslækjarland, 1

1884: "Túnið er ennþá ekki í miklum háska því Ytri-Rangá hlífir því. - Landspilda við Rangá sem er óspillt, er aðkeypt sérstök eign jarðarinnar. Jörð þessi hefur óskipta haga með Þingskálum og gildir því að öðru leyti en því sem talir er sama um hana og þá." VS: Rangvellingabók, 192 1917: Tún 2,7 ha, þar af 1,7 ha slétt, garðar 502 m² 1940: "Túnjarðvegur: Sendinn og harður. Tún: Greiðfært og þýft. Engjar: Samfelldar, þýfðar, snöggar, þurrar. Beitialnd: Flatlent valllendi, smáþýft. Gott til allrar beitar, en mjög þröngt. Ókostir: Mikill ágangur búfjár. Jörðin er mjög eydd af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 192

RA-299:001 *Kaldbakur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-299:007 heimild um mógrafir
"Mótak er í landareigninni." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 60

RA-299:008 heimild um fjárskýli
"Borgarhraun. Suðvesturhluti þess hluta hraunsins sem er í landi Bolholts. Þetta örnefni nær suður í Kaldbaks og Þingskálaland. Árni Böðvarsson tekur réttara að rita Borgahraun, enda er það kennt við fjárborgir, bæði frá Bolholti og Kaldbak." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bolholt, 2

RA-299:009 heimild um fjárhús
"Höfðinn austur af Kaldbak ... Suðvestan við Höfðann stóðu ærhúsin frá Kaldbak, þar til í ár (1935), er þau eru flutt framarlega í landareignina." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:010 gata leið
"Landið við götuna vestanvert við Höfðann er nefnt Mýrarsund." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:011 heimild um ferju
"Í Kaldbakstúni er Bátshvammur, er það nafn frá því að Kaldbakur var ferjustaður." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:012 *Bátshvammur* örnefni naust
"Í Kaldbakstúni er Bátshvammur, er það nafn frá því að Kaldbakur var ferjustaður." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:013 heimild um fjárhús
"Hefur kvíst úr Rangá fallið ofanvert við hann, er er nú dýjavætla og nefnist Dý. Standa í tanganum fjárhús frá Kaldbak, syðsti oddi hans heitir Lambatangi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-299:014 *Hólmatóft* heimild um fjárhús
"Kaldbakshólmi er í daglegu taki aðeins nefndur Hólmi. Í Hólmanum var um skeið fjárhús frá Kaldbak, en það var rifið 1950 og heitir þar síðan Hólmatóft." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 1

RA-299:015 *Laugukofar* heimild um fjárhús
"Túnið sunnan bæjarins á Kaldbak heitir Framtún. Vestarlega á því voru fjárhús frá Kaldbak, sem hétu Laugukofar. Þau voru kennd við Guðlaugu Þorvarðsdóttur d. 1903, sem fyrr var húsfreyja á Kaldbak, en síðar húskona þar og lét þá byggja þarna kofa yfir kindur sínar. Laugukofar voru lagðir niður sem fjárhús og rifnir 1965." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 6

RA-299:016 heimild um þvottastað
"Skammt austan Bátshvamms [012] við beyju á ánni er Þvottasteinn. Þar var skolaður og klappaður þvottur frá Kaldbak og stundum einnig frá Þingskálum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 6

RA-299:017 *Kaldbaksborgir* heimild um fjárskýli
"Austan við Flatirnar er hraunbrún og heita brekkurnar vestan í hrauninu Borgarbrekkur. Á hraunbrúninni eru gamlar fjárborgir uppistandandi en fullar af sandi. Þær heita Kaldbaksborgir, en á landakorti er örnefnið Grímsborgir á þessum slóðum ..." Segir í örnefnalýsingu. "... má vera að sumir hafi kennt þessar borgir við Grím Hallsson, sem bjó á Kaldbak 1886-1915. Hraunið umhverfis Kaldbaksborgir heitir Borgarhraun."
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 7

RA-299:018 varða landamerki
Í landamerkjaskrá segir að merki Kaldaks, Þingskála og Bolholts sé úr Djúphól sem er áberandi hraunhóll með vörðu á um 1 km uppi á, um 1 km uppi á hraunbrúninni, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 7

RA-299:019 *Borgartún* bæjarstæði býli
"Upp á hraunbrúninnu skammt frá upptökum lækjarins, stóð fyrrum hjáleiga frá Víkingslæk, sem hét Borgartún, en ekki muna menn lengur að greina rústir hennar." Segir í örnefnalýsingu. "Sagnir eru að svo hafi heitið [Borgartún] hjáleiga frá Víkingslæk er staðið hafi uppi á hrauninu nokkru fyrir ofan upptök Víkingslækjar, og hefur mátt sjá rústir þar sem bærinn stóð. Ókunnugt er hvenær býli þetta var í byggð, því engar heimildir geta þess fyrr en Brynjúlfur Jónsson frá Minnanúpi ..."
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 8; VS: Rangvellingabók, 48

RA-299:020 *Bitholtsvað* heimild um vað
"Frá Bitholtsvaði liggur gata austur yfir Botn ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:021 *Vatnshólsgata/Kotsgata* heimild um leið
"Frá Bitholtsvaði liggur gata austur yfir Botn, milli Vatnshólanna og síðan austur yfir hraunið, og heitir hún Vatnshólagata eða Kotsgata.." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:022 heimild um vatnsból
“Frá Bitholtsvaði liggur gata austur yfir Botn, milli Vatnshólanna og síðan austur yfir hraunið, og heitir hún Vatnshólagata eða Kotsgata. Vatnshólar draga naf af því, að vatn var oft sótt frá bæjunum Steinkrossi og Dagverðarnesi út í Víkingslæk, meðan þeir vou í byggð, því á hvorugum þeirra var vatnsból ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:023 *Bitholtsvað* heimild um vað
“Á móts við Bitholt er Víkingslækur jafnan nefndur Bitholtslækur. Skammt suðvestan við þar, sem lækurinn beygir frá vestri til suðvesturs er vað á honum, sem Bitholtsvað nefnist. Gata liggur af Móa austur yfir sand og yfir lækinn á Bitholtsvaði og heitir hún Bitholtsgata.”
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:024 *Bitholtsgata* heimild um leið
“Á móts við Bitholt er Víkingslækur jafnan nefndur Bitholtslækur. Skammt suðvestan við þar, sem lækurinn beygir frá vestri til suðvesturs er vað á honum, sem Bitholtsvað nefnist. Gata liggur af Móa austur yfir sand og yfir lækinn á Bitholtsvaði og heitir hún Bitholtsgata.”
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:025 *Fögrubrekkuvað* heimild um vað
“Austantil við miðja Fögrubrekku [vestan við Mýrarhól] er vað á Víkingslæk, sem Fögrubrekkuvað heitir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 10

RA-300 Þingskálar

Jarðadýrleiki Víkingslækjar 20 hdr 1711. Þingskálar nýbýli frá 1811 þá var lagt til jarðarinnar helmingur jarðarinnar Víkingslækjar sem fór í eyði ári síðar. Kaldbakur einnig byggður út úr landi Víkingslækjar og eiga þessar tvær jarðir óskipt land að öðru en túni og engjum. 1840: “Útigangur og landkostir hinir bestu. heyskapur nokkur í góðum árum en lítill sem enginn í bágum. Littur undir miklum áföllum af sandfoki og gengur heldur af sér.” 1849: “Tún og engar sérlega góðar. Land er mikið en blásið mjög. Jörðin er til slægna og að vörn hin hægasta.” 1884: “Túnið liggur beint fyrir opnum sandblástri úr eyðisandi fyrir austan það og stórum sandskörðum rétt við það. Það er allt flagbarið að austan en sandkafið að vestan. - Nesið fyrir vestan og útnorðan bæinn er ennþá lítt skemmt. - Haglendi jarðarinnar má heita algerlega eytt nema hvað rótlaust og sandspillt graslendið loðir efitr við hin svonefndu Bitholt.” VS: Rangvellingabók, 517. 1917: Tún 4,7 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 866 m² 1940: “Tún. Greiðfært. Jarðvegur: Sendinn og harður. Engjar: Samfelldar, þýfðar, þurrar. beitiland. Valllendi, smáþýft, flatlent. Gott til allrar beitar en mjög þröngt. Ókostir: Nokkur ágangur búfjár. Jörðin mjög eydd af sandfoki.” VS: Rangvellingabók, 517.

RA-300:001 *Þingskálar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-300:008 tóftir þingstaður **Friðlýstar fornleifar**

"Túnið er greint í Austurtún og Vesturtún og liggur sunnan í Þinghól. Á söguöld var hér þriggja hreppa þing, enn mótar fyrir búðartóftum, þótt mikla ágjöf hafi fengið af sandi. Sýnir það, að allmiklir munu veggir þeirra hafa verið." "Þingskálabær var reistur þar sem fyrr hafði verið háð vorþing Rangæinga og staðarins því getið í fornritum svo sem Njálu og Sturlungu. Miklar minjar hins forna þingstaðar sjást heima við bærinn." Segir í Sunnlenskum byggðum.

"Þingskálarústir fornar, flestar (um 40) í túninu hjer og þar, en nokkrar utan túns, vestan og norðan og milli Þingskála- og Kaldbaks-túna." 1864: "Gömul snúin JÁRNMÉL með óvanalega stórum hringum og í lengsta lagi. Þau eru 4 1/2 þumlúngur milli hrínganna, en hríngirnir eru 3 þumlúngar og 5 línur þvert yfir. Þau fundust á Þingskála þíngstað." Skýrsla FÍ I, 62. (Þjms. 48. 20/1 1864 - Sigurður Guðmundsson gaf)Halldór Magnússon í fornleifaskýrslu frá 1818 segir frá búðatóftum "Eirninn er lika audséd ad þar heft mikill mannfjöldi samann komid, af þeim mörgu Búdartoptum sem þar eru, storum og smáum; enn hvar domhringr hefr verid siest ej." Páll Sigurðsson lýsir staðnum einnig og telur að lögréttan hafi verið í "lángstærstu tóptinni".

Sigurður Vigfússon: "Austast, lengst upp með hæðinni í útsuðr niðr frá þar sem varðan er og hæðin er hæst, sem sumir kallla Þinghól, er búð (1.) sérstök, mjög sokkin, snýr frá austri til vesturs, eða með brekkunni; hún er 35 fet á lengd og 20 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið á syðri hlið undan brekkunni; sjást öglögg. Þrettán föðmum vestar er önnur búð (2). mjög niðr sokkin, 52 fet á lengd, 20 fet á breidd; vestra gaflhlaðið er hátt; dyr líta helzt úr fyrir að hafa verið á vestrigafli við hliðarvegginn. Fjórtán föðmum vestar er búð (3.), mjög niðr sokkin, 51 fet á lengd, 20 fet á breidd; dyr á syðra hliðarvegg vestarlega, óvíst hvar, því veggrinn er á þeim kafla mjög óglöggr; snýr í austr og vestr. Vestan við þessa búð er önnur búð ($.), og eitt haflhlað undir báðum; hún er 49 fet á lengd, 21 fet á breidd. Yfir hana er hlaðinn þverveggr, sem auðjáanlega er yngri og allr eystri helmingr búðarinnar síðar hlaðinn, og búðin þannig mínkuð;, dyr á miðjum syðra hliðarvegg. Fimm föðmum vestar og litlu ofar er enn búð (5.), með ákaflega þykkum veggjum og mikilli upphækkun, 49 fet á lengd, að því er séð verðr; breidd lítr út fyrir að hafa verið um 36 fet. Auðséð er á þessari búð, að henni hefir verið eitthvað umbreytt eða hlaðið ofan í hana síðar. Dyr hafa auðsjáanlega verið á syðra hliðvegg. Búðin er mjög aflöguð. Snýr í austr og vestr. Vestr frá syðra horni þessarar búðar er ákaflega stór búð (6.); snýr í austr og vestr; hún er 59 fet á lengd enn 24 fet á breidd. Dyr sjást óglöggt á miðjum syðra hliðvegg. Beint vestr af þessari búð en enn búð (7.), og er sami gafl undir báðum; hún nær vestr undir traðirnar, sem eru nori frá bænum, þannig, að traðarveggrinn hefir skorið meira eða minna af enda búðarinnar. Að því er mælt verðr, er búðin 49 fet á lengd og 24 fet á breidd. Norðar og nær brekkunni hefur verið önnur búð (8.), og er einn hliðarveggr udnri báðum, lengd á þessarri búð verðr ekki sén, því hún er víst að helmingi afskorin af tröðunum, og að því leyti meiri en hin, þar traðarveggrinn gengr skáhalt yfir tóftina; breidd er 24 fet; dyr sjást ekki af fyrrgreindum ástæðum, enn hafa að líkindum verið á vestrgafli búðarinnar, og þannig er auðséð, og hefur verið á hinni fyrstu búð, því glögglega sést, að þær hafa ekki verið á hliðarveggjum. ... Suðri af þessum tveimr síðasttöldu búðum, með 2 föðmum á milli, sést enn fyrir búð (9.), sem líka hefir snúið frá austri til vestrs; allr vesturpartar búðarinnar er upp tekinn og borinn í burtu; eystri gaflhlaðinn sést glögt; lengd búðarinnar verðr samt ákveðin með nokkurn veginn vissu, 45 fet. Breidd eða dyr sjást ekki. Beint vestr af þessari síðasttöldu búð, með 3 faðma millibili, er mjög stór búð (10.), og einkar glögg, 57 fet á lengd og 25 fet á breidd. Dyr sjást glögt á hinum syðra hliðvegg nær eystra enda. Við hinn nyrðra hliðvegg við eystri enda búðarinnar á móti dyrunum hefir auðsjáanlega verið útbygging út úr búðinni, og eru glögg dyramerki á hliðarveggnum milli hennar og búðarinnar. Við vestra gaflhlað þessarrar búðar sýnist vera sem endai að búð (11.), enn er miklu lægri, og mjög niðrsokkin og óglögg. Þetta sýnist vera brot af hinni fornari búð, þannig að hin stóra og háa búð hefur verið bygð ofan í hana að nokkru leyti. Fjórum föðmum vestr undan gaflinum á þessu búðarbroti hefir staðið önnur búð (12.) svo mjög niðrsokkin og óglögg, að hvorki verðr með vissu ákveðin lengd hennar né breidd, og er hún þó ein af þeim fornustu. Í suðr frá búðarbrotinu, með 2 faðma millibili, er enn búð (13.) með háum veggjum; hún snýr í norð og suðr, og er 53 fet á lengd og 25 á breidd; dyr á hinum eystra hliðarvegg miðjum þó heldr nær hinum nyrðra enda. Fast við syðra horn þessarrar búðar kemr enn búð (14.), og snýr frá austri til vestrs; hún er 50 fet á lengd og 22 fet á breidd; bæði gaflhlaðið og hinn syðri veggr er mjög hátt, því að þar er grundvöllr búðarinnar hærri enn undir norðrveggnum, enda er hann miklu lægri og óglöggvari. Dyr hafa verið úr úr honum miðjum tril norðrs. Þessi búð er hin neðsta í brekkunni og næst hinum stóra jarðfalli, er liggr fyrir neðan túnið. Sjö til átta föðmum vestar sýnist votta fyrir lítilfjörlegri upphækkun eða lítilli búð (15.), sem þá hefir snúið í norð og suðr. Hún er rétt á jarðfallsbakkanum. Svo sem 3 föðmum ofar enn hið síðasttalda er ákaflega löng upphækkun eða mannvirki (16.), hið lengsta og stærsta fyrri austan traðirnar. Þetta hefir því varla getað verið ein búð, heldr búðir hlaðnar hver ofan á aðra, sem staðið hafa saman. Upphækkun þessi verðr ekki fullkomlega sundrdeild, enn öll hennar lengd er 94 fet og nær vestrendi hennar fast í traðarvegginn enn breidd þessa mannvirkis um miðjuna, þar sem það er hvorki mjóst né breiðarst, er 26 fet. Mér virðist þessu vera þannig farið, að búð (17.), hafi síðar verið hlaðin ofan á miðju þessa mannvirkis, því að þar er hæst um miðjuna. Dyr á þessari búið munu þá hafa verið á syðra hliðvegg við austurendann. Heszt lítr úr fyrir, að mildin hafi verið tekin úr austrgaflinum í lítinn og ómerkilegan kofa, er bygðr hefur verið í vestrendanum, enn nú er tekinn burt. Hér kynni því að hafa verið þannig haðar, að

upphaflega hafi verið hér tvær búðir, og sjálfsagt ein síðar hlaðin ofan á. ... Hér gætu því alls hafa verið 3 búðir (16, 17, 18), sem ekki eru allar frá sama tíma. ...

Uppi á brekkunni, þar sem bærinn stendr, fyrir vestan kálgarðinn, stendr búð (19.) langsetis á brekkunni; snýr í austr og vestr; hún er á lengd 58 fet og 24 fet á breidd. Við syðra hliðvegg búðarinnar á brekkubrúninni er þrep eða stallr, sem hlaðinn hefir verið til að ganga eftir. Dyr munu hafa verið á syðra hliðvegg, sem annaðhvort hafa verið dyr inn úr afhúsi eða útbyggingu, sem þá ekki ´sest, eða það er af mannavöldum síðar, því eðlilegast er, að hafa aðaldyrnar undan brekkunni. Ég hugaði vandlega að öllu kringum kálgarðinn, og fann við suðrhlið hans auðsjáanlega búðarvegg (20.) er stóð fram undan öllum garðinum. Fyrir vestenda þessarrar búðar sést greinilega úr undan vestrhorni á garðinum, enn hinn eystri endi búðarinnar er undir öðrum kálgarðsvegg, er bygðr hefir verið fyrir austan þennan og nær lengra niðr í brekkuna. Það sem sést af hliðarveggnum er 45 fet á lengd. Meðfram öllum veggnum er hár og breiðr stallr á brekkunni, og hefir hann verið hlaðinn fram undan búðinni eins og á þeirri fyrrtöldu. Eftir því, sem munnmæli segja, eru þetta leifar af búð Marðar gígju ... Beint niðr undan þessari búð, fyri rneðan brekkuna, nærri á jafnsléttu, stendr búð (21) 34 fet á lengd og 24 fet á breidd; snýr í austr og vestr; dyr á syðra hliðvegg miðjum; þessi búð er víst 1 ½ mannhæð frá grundvelli og með ákaflega þykkum veggjum, og er auðsjáanlegt, að hún er hlaðin síðan ofan í aðra búð. Fast við vestrgafl þessarar búðar er stór búð (22.), 65 fet á lengd og 24 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg, heldr nær vestra enda. Við hinn nyrðra hliðvegg við vestrenda þessarrar búðar hefir verið stór útbygging, og jsást dyrnar glögt fram undan þessarri búð og hinni næstu á undan. Hefir verið ákaflega stórt hlað langsetis með búðunum. Fyrir ofan þessa búð sést endi af byggingu eða dálítilli búð (23.), er snýr þvert upp í brekkuna; syðri endinn er óglöggr, enn sýnist hafa náð fast niðr að veggjum á hinni stóru búði; dyr sjást á hinum vestra hliðvegg; lengd búðarinnar verðr ekki vel mæld, enn hún hefir verið mjög stutt. Þessar tvær síðasttöldu búðir eru fyrir vestan traðirnar. Sex faðma norð og suðr frá háu búðinni er hár bali, áfastr við hinn vestra traðarvegg, og beint vestr undan langa mannvirkinu sem árð er nefnt. Annaðhvort hefir hann verið áfamhald af því, og það er þá gegnum skorið af tröðunum, eða þetta er bíð (24.), sér.

Tveimr föðmum fyrir neðan þennan bala hefir staðið búð (25.) með mjög útsléttuðum og breiðum veggjum, ekki alháum; hún er 47. fet á lengd, 24 fet á breidd; snýr frá landnorðri til útsuðurs; dyr óglöggvar, sem sýnast hafa verið á hinum syðra hliðvegg miðjum. Tveimr föðmum norð undan þessarri búð hefir enn verið búð (26.), er snúið hefir líkt og hin, enn er nú orðin að bala, eða sléttum hól, aflöngum, og verðr því ekki mæld. Búðin hefir verið lítil. Fjórum föðmum vestr frá þessum búðum, sem síðast eru taldar, hefir verið búð (27), sem er mjög niðrsokkin, 38 fet á lengd; breidd verðr ekki vel mæld; dyr hafa verið á hinum vestra hliðvegg, annaðhvort miðjum eða nær suðrenda. Svo sem tíu föðmum vestr frá þessarri búð virðist hafa staðið búð (28.), á jafnsléttu, sem nú er orðin svo noðrsokkin og óljós, að ekki verð með vissu séð, hvernig hún hefir snúið, og því síðr verðr hún mæld. Tveimr föðmum vestar er stór búð (29.), er snýr austr og vestr; hún er 64 fet á lengd og 25 fet á breidd, dyr hafa verið á syðra hliðvegg nær eystra enda, enn sá veggr er mjög niðrsokkinn, enn bæði gaflhlöðin há og norðveggrinn. Út úr honum nær eystra enda hefir verið útbygging; dyrnar sjást ekki á hliðveggnum inn í bygginguna, og mun hafa sigið saman; fram undan öllum syðra hliðvegg er breiðr stallr eða hlað, enn suðr frá búðinni er flöt jafnslétt. Fimm föðmum vestar kemr enn búð (30.), eigi ákaflega löng, snýr í austr og vestr; veggir ákaflega breiðir og útflattir; lengd hennar er 80 fet, enn breidd 28 fet. Vestan til í miðju búðarinnar er sem þverveggr, sem þó líkist meir haug enn vegg, því hann er miklu hærri og breiðari en gaflhlöð búðarinnar. Það er því ekki hægt að segja með vissu, hvort búðinni hefir verið skift í tvær búðir, eða haugr þessi er borinn þangað á annan hátt; dyr hafa verið á syðra hliðvegg, enn sjást þó óglögt, helzt nær austrenda við upphækkunina. Fjórum föðmum vestar kemr enn búð (31.); snýr í austr og vestr, 34 fet á lengd og 21 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg nær vestra enda; við vestrgafl búðarinnar er útbygging; veggr að henni allir virkjaminni; dyr suðr úr henni, enn engar milli hennar og búðarinnar. Einum faðmi vestar og litlu ofar kemr enn mjög stutt búð (32.), er snýr í austr og vestr, 30 fet á lengd og 20 fet á breidd. Þremr föðmum fyrir vestan þessa búð og litlu neðar eru leifar af búð (33.) er snúið hefur í austr og vestr; eystri partr búðarinnar er glöggr, enn yfir hana miðja hefir túngarðurinn verið hlaðinn og allr vestri endi hennar verið stunginn upp; dyr sjást glöggvar á syðra hliðvegg við eystri enda. Einum faðmi ofar enn þessi búð er löng búð (34.), sem nær miklu lengra austr enn hin; snýr frá sutri til vestrs; búðin er full 60 fet á lengd og 25 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg miðjum; vegir búðarinnar eru mjög útflattir, allr eystri hluti hennar er fyltr upp síðar og sléttað yfir. Átta faðma í landnorðr frá þessarri búð er lítil búð (35.), er snýr frá útsuðri til landnorðurs; hún er 31 fet á lengd; er hún orðin útflött og aflöguð af ofaníburði síðar. Verðr breidd hennar þess vegna ekki mæld; dyr hafa verið móti landnorðri við gaflinn.

Tíu faðma í landnorðr hér frá hæð nokkurri í túninu er mannvirki eitt (36) nærri ferskeytt að lögun; veggir ákaflega útflattir og breiðir orðnir; það er að því er mælt verðr 38 fet á annan veg og 36 fet á hinn; dyr sýnast hafa verið vestr úr. Þetta mannvirki hefir aldrei verið búð, það sýnir lögun þess, heldr hefir það verið einskonar samkomustaðr eða lögrétta. Fyrir vestan traðirnar noðr á jarðfallsbakkanum hefir verið bygðr kofi, sem stendr enn; vestr undan honum er upphækkun, sem enga lögun hefr, enn hér verðr þó að álíta, að verið hafi búið (37), enn hér er alt svo aflagað og umrótað, að enga lögun er unt að sjá með því að hér mun hafa verið stungið upp í kofann og sléttað yfir.” Sigurður sá einnig ?”mannvirki eitt, nærri kringlótt upphækkun, mjög hátt

umhverfis" en "Ómögulegt er því að ákveða, hvað þetta hefir verið upphaflega..."

Brynjúlfur Jónsson skoðaði staðinn árið 1893 og segir að "dómhringurinn á að hafa verið þar sem bærinn Kaldbak er, og þar í túninu eru fáeinar búðatóftir." (1894,25) Hann kom aftur á Þingskála árið ? :"Mannvirkið sem varð undir Þingskálabænum, þykir mér líklegast að hafi verið dómhringurinn" (1898,13) Mynd aftan við árb 1908 KK: "Þingstaðurinn er aflöng hæð, er nefndist áður þinghóll, nær frá austri til vesturs, og á suðurbrekkunni er bærinn reistur, rétt hjá þar sem stærsta búðin var, og þá hvarf hún. Alls eru eftir um 50 tóftir, og eru þær fyrir neðan bæinn, í túninu eða rétt fyrri utan það, en heimamenn muna, hvar voru horfnar búðir og benda á stað fyrir fleiri en 100. Margar búðir hafa verið allstórar, hinar stærstu 9-18 faðma langar, 3 faðma breiðar. Sérkennileg fyrir búðirnar er óvenjuleg hæð (margar álnir), einkum á útvegg og hliðarvegg, þar sem búðirnar standa í halla. Flestar virðast hafa snúið hlið að jafnlendinu fyrri neðan. Margar hafa haft útbyggingi við annan enda, sumar dyr á hlið eða sennilega jafnvel tvennar, hvorar gagnvart annarri á áðum langveggjum."
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4; SB V, 59; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; KK I, 160-161; FF I, 175; SV. "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 54-60; BJ: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893" Árbók 1894, 25

RA-300:009 gripir
1868: Þjms. 596: "Forn BRODDSPORI eða oddur úr járni; hann er öldúngis beinn, með sívölum broddi aptur úr, sem verður digrari, og ferstrenur aptast, líkt og stafbroddur ... Sporinn fannst fyrir sunnan Þingskála ofanjarðar á moldum 1867, broddurinn lá kvartilsbil þar frá." Þjms. 597: "METASKÁLALÓÐ (?) fornt úr kopar, líklega fyllt með blýi ... það fannst nálægt sama stað og sporinn, á sama ári."Þjms. 596-597. KE telur metið úr járni með bronshúð. Það er kúla með flötum skautum, á flötunum 13 smáhringar umhverfis og einn í miðju. Rygh 478, 25,220 gr.
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 83-84; KEKH, 261

RA-300:010 garðlag
Hringprjónn "Fannst í gamalli rúst" á Þingskálum, mögulega einni af búðunum Þjms. 4239: Hringprjónn, lengd 6 sm, hringinn vantar, nean við hausinn krans af upphleyptum bólum, grafin einföld srik á fleti neðan á hausnum.
Heimildir: HS: "Íslenskar dysjar og fornleifar ..." Árbók 1937-39, 11; KEKH, 319

RA-300:011 *Víkingslækur* bæjarhóll bústaður
Bæjarstæði gamla bæjarins í Víkingalæk hlítur að standa sér vegna þess að Þ og Kaldbakur voru byggð áður en býlið fór í eyði árið 1812. 20 hdr jörð sem átti skógarítak í Næfurholtslandi en sandfjúk grandaði túnunum og beitarlandinu. "Bærinn Víkingslækur stóð í brún þess [Botnhrauns], fyrir ofan botninn á Víkingslæk. Þar var stórbýli mikið, en fór algjörlega í eyði 1811, er bærinn var fluttir til Þingskála." Segir í örnefnalýsingu. "Bærinn Víkingslækur er fyrst nefndur í Oddamáldaga 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88], en lækjarins Víkingslækjar er fyrst getið í Landnámabók, þar sem sagt er frá takmörkum landnáms Eilífs, er nam Odda inn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar." Segir í örnefnalýsingu. Bæjarins er getið í mádlaga Oddakirkju 1270, Austurbærinn fór í eyði 1811 og Vesturbærinn 1812. 1794: "Var svo riðið um jarðarinnnar landareign og fyrirfannst vel helmingur af henni sléttlendi eyðilagt af blástri og sandfioki. útheysskapur lítill af valllendi og nokkur blöðkuslægjur, sem þó er meiripart rauðlauf. Austurtúnin eru sérdeilis af sér gengin og eyðilögð af rúmum þriðjungi. ... Rústir gömlu býlanna eru nú svo gjörblásnar og útvelt hleðslugrjót, að þar verður ekkert mælt. Vestra býlið hefir staðið dálítið hærra, ofarlega og rétt vestast á nefi hraunsins. ... Eru þar nú grjótdreifar miklar á gróðurlausum sandinum, bæði frá bænum og útihúsum, fjósi, heygarði, o.s. frv. Eins er umhorfs á eystri bústaðnum. ... Milli síðastnefndu bæjarrústa, uppi á hraunbrúninni sést vel fyrir 8lamba?) borgum þremur, sem allar hafa staðið á sama hól."
Heimildir: JÁM I, 271-272; Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 1; Ö-Víkingslækjarland, 1; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 27-29

RA-300:012 heimild um leið
Götur að Koti liggja um Botnhraunið.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 1

RA-300:013 *Aftökugil* heimild um aftökustað
"Fyrir austan túnin eru Flatirnar, allar blásnar. Norðnvert við þær er Aftökugil. Þar voru sakamenn teknir af líki, þá þing var á Þingskálum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-300:014 varða
"Milli Bolholts og Þingskála er allmikill sandfláki, gjörsamlega gróðurlaus. Þar er Gilhóll, í landsuðurátt, með

vörðuu á kollinum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:015 heimild um fjárhús
"Hefur kvíst úr Rangá fallið ofanvert við hann, er er nú dýjavætla og nefnist Dý. Standa í tanganum fjárhús frá Kaldbak, syðsti oddi hans heitir Lambatangi. Dýjalækur skilur hólmann og Tangann, sem er aðalbeitiland Þingskála, og standa þar fjárhúsin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:016 heimild um vað
"Við krókinn á ánni [sjá 015] er allstór hóll, sem er kallaður Vaðhóll, ekki er þar þó vað á ánni, nú á þessum stað, en mun áður hafa verið og nafnið þar af komið." Segir í örnefnalýsingu. KK: "Eitt aðalvaðið yfir Ytri-Rangá er nú nokkuð fyrir ofanÞingskála hjá bænum Bolholti, en skammt fyrir sunnan þingstaðinn eru við ána nokkrir smáhólar, Vaðhólar, og þar telja menn að gamalt aðalvað hafi verið og því fremur sem margar gamlar reiðgötur liggja niður að ánni fram hjá þingstaðnum."
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3; KK I, 161

RA-300:017 *Tangavað* heimild um vað
"Útsuður af honum [Vaðhól 016] er Lynghóll, Hálfhóll við Tangavað, mestu kryppuna á ánni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:018 *Drekkingarhylur* heimild um aftökustað
"Nesið vestur af bæjunum er aðalengjar beggja bæjanna, eru þar nokkur örnefni. Merkast mun vera Þjófapyttur eða Drekkingarhylur vestur við Rangá, þar var sakakonum drekkt, meðan á Þingskálum var "hæstiréttur" laga og réttar í Rangárvallasýslu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4

RA-300:019 *Vaðflöt* örnefni vað
"Þá er Vaðflöt við Rangá, norður af Nátthögum, nú er það ekki vað á ánni og mun því nafnið gamalt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4

RA-300:020 heimild
"Hjá Hálfhól er vað á Rangá er Tangavað heitir [017]. Skammt austan Hálfhóls, undir lágri brún, mótar fyrir fonru garðbroti, er liggur til útsuðurs vestan Lynghóls, og hefur sá garður girt Tangnn af meðan áin rann austan Hólmans." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 2

RA-300:021 heimild um rétt
"Hjá Hálfhól er vað á Rangá er Tnagavað heitir [017]. Skammt austan Hálfhóls, undir lágri brún, mótar fyrir fonru garðbroti, er liggur til útsuðurs vestan Lynghóls, og hefur sá garður girt Tangnn af meðan áin rann austan Hólmans. Við garðbrotið skammt frá ánni sést móta fyrri rétt, og má geta þess til að þarna hafi fornmenn geymt hesta sína meðan á þinghaldi stóð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 2

RA-300:022 *Götur* heimild um leið
"Til landnorðurs frá Lynghól [021] heita Götur, og ná þær að öðrum hól er Vaðhóll heitir [sjá RA-299]." Segir í örnefnalýsingu. "Götur; svo heita gamalr götur milli Lynghóls og Vaðhóls." KK: "Eitt aðalvaðið yfir Ytri-Rangá er nú nokkuð fyrir ofanÞingskála hjá bænum Bolholti, en skammt fyrir sunnan þingstaðinn eru við ána nokkrir smáhólar, Vaðhólar, og þar telja menn að gamalt aðalvað hafi verið og því fremur sem margar gamlar reiðgötur liggja niður að ánni fram hjá þingstaðnum."
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 2; Ö-Víkingslækur í stafrófsröð, 4; KK I, 161

RA-300:023 heimild um vað
"Vestan við Feysteinsholt var vað Á Víkinslæk. Lá ferðamanna vegur upp (norður) Geldingalækjarheiði austan Hundhóls, niður á krókinn og yfir Heiðarlæk á Krókvaði, og síðan yfir Heiðarnes að áðurnefndu vaði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3-4

RA-300:024 *Litli-Vaðhóll* örnefni vað
“Austast á henni [grjóturðaröldu] er hóll nokkur hærri. Er hann hádegismark frá Þingskálum og heitir Hádegishóll, en vestast á öldunni heitir Litli-Vaðhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:025 heimild um lambhús
“Austast á henni [grjóturðaröldu] er hóll nokkur hærri. Er hann hádegismark frá Þingskálum og heitir Hádegishóll, en vestast á öldunni heitir Litli-Vaðhóll. Norðvestan í honum var lambhús frá Þingskálum, en lítt sjást þar rústir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:026 heimild
“Norðan Litla-Vaðhóls [024] og öldunnar voru moldir, sem sáð var í 1969 og sandurinn austur af þeim var græddur upp 1970. Á moldunum voru rústir búða, þriggja eða fleiri.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:027 heimild um rétt
“Norðan moldanna [sjá 026] heitir Flöt ... Á Flötunni er rúst af rétt ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:028 heimild um fjárhús
“Sunann við honum [Þinghólnum 008] eru fjárhús frá Þingskálunum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:029 *Hlöðugarður* heimild um kálgarð
“Ofan við Búðirnar [008] er gamall kálgarður, löngu aflagður, sem heitir Hlöðugarður, enda liggur hann fast neðan við heyhlöðuna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:030 heimild um hlöðu
“Ofan við Búðirnar [008] er gamall kálgarður, löngu aflagður, sem heitir Hlöðugarður, enda liggur hann fast neðan við heyhlöðuna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:031 heimild um traðir
“Vestan við Hlöðugarðinn [029] og Búðirnar liggja djúpar traðir niður að Gilinu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 3-4

RA-300:032 *Neðrigarður* heimild um kálgarð
“Vestan þeirra [031], fast við bæinn, er annar gamall kálgaður (kartöflugarður), sem kallast Neðrigarður og vestan bæjarins var hinn þriðji, sem hét Efrigarður. Þessir tveir síðast nefndu garðar voru síðast notaðir 1947.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:033 *Efrigarður* heimild um kálgarð
“Vestan þeirra [031], fast við bæinn, er annar gamall kálgaður (kartöflugarður), sem kallast Neðrigarður og vestan bæjarins var hinn þriðji, sem hét Efrigarður. Þessir tveir síðast nefndu garðar voru síðast notaðir 1947.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:034 *Heygarður* örnefni
“Að húsabaki á Þingskálum var Heygarður.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:035 *Gömlutraðir* heimild um traðir
“Austanvert við miðjan Efrigarð liggja grunnar traðir norður fyrir túnið, oft nefndar Gömlutraðir, en vestan þeirra er slétt flöt sem heitir Lambhúshóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:036 brunnur vatnsból

“Rétt neðan við Neðrigarð [032] er brunnur, grafinn skömmu eftir síðast liðin aldamót, sem neyzluvatn er tekið úr á Þingskálum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:037 heimild um hesthús
“Austasti og stærsti hólinn á Hólnum heitir Hesthúshóll. Þar var hesthús, sem rifið var 1955, en hafði þá ekki verið notað í nokkur ár.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:038 heimild um lambhús
“Austasti og stærsti hólinn á Hólnum heitir Hesthúshóll. Þar var hesthús, sem rifið var 1955, en hafði þá ekki verið notað í nokkur ár. Norðanvert við Hesthúshól var lambhús, sem löngu er aflagt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:039 *Gamlibrunnur* heimild um brunn
“Austast á Niðurtúni, til suðurs frá Hesthúshól og suðvestur frá Gunnarsbúð [sjá 008] var eitt sinn brunnur, og heitir þar enn Gamlibrunnur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:040 heimild um rétt
“Vestan við túnið á Þingskálum heitir Flöt eða öðru nafni Vaðflöt [019]. Syðst á henni eru þrír nátthagar. ... Í suðvestur horni Fremri Nátthaga og eru rústir af gamalli rétt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:041 *Píutóft* heimild um lambhús
“Austan við Vestribala er Eystribali jafnhár honum og er þröngur skorningur á milli. Rétt syðst og vestast á Eystribala stóð um skamma hríð lambhús frá Þingskálum, og var tóftin af því nefnd Píutóft ...” Segir í örnefnalýsingu. “ ... kennd við Filippíu Sæmundsdóttir, dóttur Sæmundar Guðmundssonar er bjó á þingskálum 1886-1913, en hún stóð fyrir byggingu þessa húss. Aðrir nefndu tóftina Tumatóft, því Tómas Tómasson frá Reyðarvatni reif húsið haustið 1919. Píutóft var sléttuð út haustið 1971” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 5

RA-300:042 *Langavað* heimild um vað
“Skammt norðan markanna milli bæjanna Þingskála og kaldbaks er vað á Rangá, sem Langavað heitir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 5

RA-300:043 *Píutóft* heimild um fjárhús
“Austarlega og norðarlega í Fögubrekku var um eitt skeið sauðahús frá Þingskálum. Rústir þess kalla Heiðarmenn Píutóft og kenna þær við Filippíu Sæmundsdóttir ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 10

RA-300:044 *Bitholtsgata* heimild um leið
“Bitholt eru víðáttumikið grasleni grasi gróið suðvestur af Leirum og sunnan Víkingslækjar ... Bitholtsgata liggur heiman frá Þingskálum beint suðaustur á Bitholt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækur í stafrófsröð, 1

RA-300:045 *Bitholtsvað* heimild um vað
“Bitholtsvað er á Víkingslæk um 300 m vestar en þar, sem Bitholt ná lengst til norðurs. Bitholtsgata liggur að Bitholtsvaði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækur í stafrófsröð, 1

RA-300:046 *Aftökusteinn* örnefni aftökustaður
“Frá tíma slíks réttarfars er “aftökusteinn”, stór steinn, sem stóð þar sem nú er matjurtagarður.”
Heimildir: KK I, 161

RA-300:047 heimild
SV: “Eg skal enn fremr geta þess, að ég fann mannvirki eitt fyrir austan traðirnar, ofan til við hinar fyrrnefndu búðir, eða nær brekkuni; það stendr rétt við kálgarðshornið austasta; þeir eru alls þrír niðr undan bænum.”
“Mannvirki þetta er nærri kringlótt upphækkun, mjög hátt umhverfis, og myndar þannig nær kringlótta tóft með

ákaflega digrum veggjum, enn er orðið mjög útfaltt og vallgróið. Niðr úr því til suðrs er vítt op, sem lítr helzt úr fyrir að hafa verið inngangr. Mannvirki þetta er 42 fet á hvern veg, að því er mælt verðr, enn hér er ilt að ákveða víst mál ..."
Heimildir: SV. "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 60

RA-300:048 gripir
"Rýtingur og hnífur við; fundnir á Víkingslæk við Þingskála í jörðu."
Heimildir: J J: "Yfirlit yfir muni ..." Árbók 1907, 48

RA-300:049 gripir
Hun a innann sig xij manna messuklædi. oc iij hokla lausa. ij. dalmatikur oc ij svbtila. viij kapur oc ij myrkblar litlar. iiij antependia. ij med glitudum dukum. eitt til litla alltaris med glitadum duk. fontzvmmbuning. toflu fyrer haalltari oc adra vpp yfver. skrin. oc ij smellta krossa. oc einn gylltann med stalli basiliskum. alltaris steinn buinn oc textum buinn. iiij kertistikur smelltar. oc ij med kopar. oc ij jarnstikur. mariu skriftt stora. jons skriftt. nichulas skriftt. thomas skriftt. oc mariu skiftt magdalene. kaleka iij. vatzker med kopar. munlaugh ad skijra born j. sloppa iiij. stol oc messufata kistu. sacrarium. munnlaugh. glodarker. ij. kluckur vj. Máld DI II 691-692

1334: Ø sira Benedict af Odda; Annálsbrot frá Skálholti; IA 220

Gefinn Odda staðr Sira Arngrimi; Skálholtsannáll, IA 207

gefin Odda stadr sira Arngrimi; Gottskálksannáll, IA 349
[1367]: xl. Nikulasskirkia j odda a heimaland alltt. frodholltt tuo.
les Vilchinsbok þuij þetta ber alltt samann vm eign og jtok.
oc vmm xijc fioru er liggr fyrir grijstodum og viijc fioru er liggur fyrir Bergþorshuole;
Hítardalsbók DI III 218-219
aq 1385: aa heimaland allt. frodholft tvo. OxaRygg. Langagerdi. yrstan gardsuika halfuan. helluvad. Mulaland.
[180 ásauðar, 25 kýr, 7 hdr í hrossum, 9 hdr í metfé, 9 merkur vax]
Suo margar iskyllder a kirkiann i Odda i annara manna iarder.
Jn primis. ad Fellzmula [gelldingar eins og [1270] utan hér er bv]
ad Statalæk g[elldingur] gamall oc annaR tuæuetur
og skal Þa giallda fimta dag hinn fyrsta j sumre og skulu aller wera suo hollduger ad ÞeiR anne a deige ofuan j Odda.
j Haafue uett matar [og ostar sbr. [1270] utan hér er Þykkvabær fyrir Þorkelsstaði, Hólmum og Ásólfsskála ytra sleppt, DufÞaksholt í stað Hofs neðra og Áss]
j Dynskogum tueiR hluter hins ellifta fiordungs smiors oc færa j Skoga vnder Eyiafiaull ad Michialsmessu.
hueR skattmadr j millvm ÞiorsaaR og JokulsaaR a Soleimasande skal luka fiordvng osta aa hveRium tolf manudum og eigi siduR prestar Þeir sem bvnad hafa j fyRsaugdu takmarke.
Jtem i Guttormshaga sex aura wauru.
aa Vakurstaudum .xij. alner vadmals.
aa Vesturholltvm .xxx. letorfs
aa OxahRygg .xviij. alner sauluvodar.
aa Kirkiubæ firir ofan leiti hundrad skreidaR. iiij. salltbelger oc flytia inna a land.
kirkiann a [skóga, fjörur, jarðar part með neðri Strönd, afrétt]
flutning ad SandholafeRiu leigulausann af aullu sinu godzi og allra ÞeiRa manna sem aa stadarins kosti eRu]
pq 1381: Porcio ecclesie slik sem fallid hefiR i mortuaria Þau sem gefuizt haufdu til kirkiunnaR sidan herra Ottgeir godrar minningar liet Reikna næst. fiell nidur oll porcio firir Þa hlute sem Sira Ole hafdi lagt til kirkiunnaR. enn kirkiann vard hinum skylldug .xxx. hundrada.
25.10.1385: Anno domini M. ccc. lxxx. v. jn festo sanctorum Crispini et Crispiniani lagdi siRa Ole til [tolf manada tidabækur per anni circulum]
1397 Jtem aa kirkiann i Odda yfer Þat framm sem forner maldagar votta.
Jordina a strund nedri. og Þar til v. kyR oc xxx asaudar sem gaf sira Oli og Halla moder hans Jonsdotter. med Þeim skilmala. ad Þar skal syngiazt tuæR messur i hueRi uiku. salumessa firir saal allra kristinna manna, aunnur de sancto Thoma. adra hueria uiku. enn de sancta Katherina adra hueRia og lukazt prestinum aarliga Þeim sem uppi helldur messosaunginum. fiorar merkur epter skipan biskups i Scalhollte.
Jtem half iaurd i Gardsuika er gaf Kolbeinn Petursson. xij. æR og .ij. kyr. med Þeim skilmala ad Þar skal syngiazt .xxx. salumessna i Odda aarliga firir hans saal oc allra annara kristinna manna. luka .x. aura prestinum i sina Rentu frida.
Porcio ecclesie vmm .x. aaR næstu sidann heRa Michael visiteRadi .xx. hvndrut; Máld DI IV 70-76 [síra Óli Svarthöfðason var prestur í Odda c.1367-1402]
1411: Odda mal. var stadurinn j Odda dæmdur burt. af sera Vigfusi vndir nad herra Ions byskups oc allt hans goz af xii prestum; Lögmannsannáll, IA 290
20.3.1453: Marcellus Skálholtbp veitir Ólafi Rögnvaldssyni Oddastað sem Áslákur Bolt hafði veit Jóni Sigmundssyni en hann sleppir tilkalli vegna þess að han nær ekki staðnum með góðu. DI V, 102-103
[um 1480]: [samhljóða Hít og Vilch niður að klausu um jarðarpart fyrir Neðri Strönd nema að sleppt er klausu um kvikfé]
Jtem a kirkiann so fallit ornamenta.
in primis. lesbækur per anni circulum. de tempore. oc de sanctis. ottusonguaabækur de sanctis. oc de tempore per anni circulum oc ad auk de tempore bok a sumared sæmileg cum ymnis. og capitularius. de tempore bok fra jola fostu til paska cum ymnis og capitulis. iij gradlar de tempore og de sanctis. sequentiubok. missale. gudspioll oc pistlar cum collectis per anni circulum oc ad auk dominiciubok fra paskum oc til jola fostu syngiandi samsett med gudspiollum pistlum oc collectum. ij laga saungua bækur. ordubok. kiriall. processionale. artijdaskraa. einn psalltari. ij textar secundum epistolas et ewangelias bader med silfur. iiij kaleikar oc eru .ij. gullder. vij corporalia. propiciatorium med silfur .ij. glodar ker oc er annad med silfur.
jtem commonsbok. iiij kopar stikur smelltar oc adrar iiij osmelltar. eru ij af þeim litlar. oc onnur brotinn. ix manna messoklædi. oc ij hoklar vmm framm.
jtem hokull oc serkur. vij kantara kapur. iiij dalmadikur. ij alltaris klædi med silki til haalltarisins oc hit iij med lereptt fornt. iiij alltarisklædi til vt alltara oc eru vond. einn sloppur. fontz vmbuningur. pascha blad. baxtur jarn

oc budkur. vatzketill oc ample. sacrarium munnlaug. ij vpphalldz stikur. fostu tiolld. ij paspiolld. ij dukar glitader oc ij vigder dukar. nichulas saga. ij jarnstikur storar. xj klockur med ij biollum oc hin xij rifinn. elldbere. ij merki. metaskaler med blymetum.

Jtem lxxx kugillda. ixc j metfee. xviiij. hundrut j koplum.

hefer porcio fallid amedan sira gisl jonsson hefer halldit vmm. xij aar. halfur þridie tugur hundrada. oc half atta alin vadmals betur.

Jtem hefer gefizt .iiij hundrud. Máld DI VI 323-327 [AM 263 fol, bl. 40-42; Þjsks A II, 1, bl. 123b sem fellir úr allt milli ‘j annara manna jarder.’ og ‘Jtem lxxx kugillda.’ Gísli Jónsson dó 1488]

8.7.1488: Odde

Anno domini 1 : c : d : lxxx octauo in festo sanctorum in celio var svo mikill skrude kirkiunnar j odda.

blar hokul med gullrondum. med alfærum messuklædum.

Jtem god mariumessu klædi alfær.

Jtem gulur hokull med messuklædum. og brestur hofudlinet.

Jtem raudur hokull med alfærum messuklædum.

Jtem gulur hokull med alfærum messuklædum.

Jtem hringahokul med alfærum messuklædum.

Jtem hokull med grænum hrijngum og ollum færum. nema hofudlijn.

Jtem blar hokull med messuklædum og brestur hofudlijn.

Jtem messuhaukull af huitu silki slitinn.

Jtem vj corporalar med iij husum.

Jtem vij sacrarium handklædi vond.

Jtem iiij kalekar. ij gyllter. ij ogyllter.

Jtem iiij dalmatikur. ij ruadar og ij huitar.

Jtem .j. sloppur.

Jtem vij kantarakapur. iij og þar af þriar vondar. iiij slitnar meir enn ein. fostutialld sprangat med lerefsdukum. fontz vmmbuningur vondur.

Jtem ij alltarisklædi.

Jtem alltaris dukur og brun med fordumum.

Jtem ij glodar ker annat af silfri. enn annat af kopar.

Jtem lagdi sijra gisli jonsson sterk messuklædi til kirkiunnar fyrir þau ij. sem hann feck burtt.

Jtem alltarisklædi med brun. og eru þar aa iij skilder.

Jtem aanad alltaris klædi med brun. og eru aa vj skilder.

Jtem brun og alltaris klædi til litla alltaris.

Jtem ij dukar glitader.

Jtem ij sloppar og kom annar fyrir hofudlijn.

Jtem vj corporalar litler og slitner.

Jtem iij huersdaglog alltarisklædi med brunum og fordukum.

Jtem textar ij med silfur. enn þridie med kopar. ij kanonumbækur.

Jtem missale de tempore per anni circulum. syngianda fra paskum til adventu.

Jtem missale de tempore per anni circulum. gudspioll og pistlar.

Jtem de sanctisbok per anni circulum. missale gudspioll og pistlar. og de tempore fra paskum til aduentu.

Jtem iij grallarar helldur .i. per anni circulum de tempore og de sanctis.

Jtem kiriall sæmiligur.

Jtem ordobok de sanctis og de tempore per annum.

Jtem capitularius per annum.

Jtem ij legendur per annum onnur de tempore og onnur de sanctis.

Jtem sequentiubok de tempore og de sanctis per annum.

Jtem matutinale fra aduentu til paska de tempore med capitularium oratium og himnum.

Jtem de sanctisbok og de tempore fra aduentu til paska.

Jtem ottu songua boc de sanctis og de tempore fra paskum og til aduentu.

Jtem matutinale de tempore fra adventu til paska.

Jtem comuniom alfært.

Jtem vj koparstikur. iiij smelltar.

Jtem psalltare gamall.

Jtem elldbere.

Jtem aartidaskraa.

Jtem paska blad med paskakerte.

Jtem yfer haaltare skrin. ij. krossar smellter oc .j. litet skrin. brijk sæmilig. monstrantium. iiij alltaris steinar. ample. vaskall. ij formar olæster. ij lecktara. skruda kista læst. lijka krok. fontz kross. ij biollur. mariu magdalenu likneski. sancte thomas canturarieij. johannis apostola. mariu likneski. niculas likneski.

Jtem martinus likneski. heimrams ikneski. trinitatis likneski. gudmundar likneski. jons postula likneski. mariu magdalenu. mariu likneski nytt lited med katrinar likneski. thomas likneski. sancti johannis holensis likneski. iij paxspiolld.

Jtem nefndi herra magnus vj presta oc vj leikmenn til ad giora oc meta kirkiuna I odda. giordu þeir hana firir lxxc. firir vtann mäl oc ornamenta. enn ofann a kirkiuna xvc j kirkiu spioll. oc at auk þat sem hun hafdi bætt verid sidan sira gisli tok med stadnum. Oll husin a stadnum voru virt firir vj hundrut oc xl. hundrada. med vthysum af þrimur ærligum prestum oc af iij leikmonnum.

Jtem var suo felldur skilamale giordur med þeim herra magnuse og sygurde jonssyne. vm þa brijk er sijra gilse heitenn keypti kostolega ad sigurdur luckte hana kirkiunne j xxc. enn ef sa prestur sem kirkiuna fær til fullrar eignar. vilde ecki taka hana firir xxc þa lofvadi herra magnus at leysa til sin brikina firir xxc friduirt. suo framt sem þær tuær hurdernar sem þa voru ecki heima. kæmi heim j odda oskemdar.

Jtem suo mikel kuikfie afhent med oddastad. jm primis xviij kyr. ij naut tuæuetur oc þreuett naut. ix naut veturgaumul vj kalfvar. jtam asaudur j innstædu. xiij asaudar kugillde. jtem a fialle xvj sauder oc lx tuæuetrer oc eldre. jtem veturgamlir saudir a fialle xv oc lx. jtem lomb þrimur fatt j hundrade. jtem luckt j mortualia iij kyr oc v. asaudar kugillde.

Jtem kaplar luckter .v. hestar firir .v. hundrut oc iiij hross fullroskenn. jtem lucktur tuæuetur hestr firir veturgamalt hross. jtem lcktur veturgamall hestur.

Suo mikler reiknudust peningar j porcio kirkiunnar. xl hundrut oc xvc j kirkiu spell. xijc j decimam partem. viijc j mortualia. jtem lucktizt hier j suovordner peningar viij malnytukugilldi oc xx. xvijc j veturgomlum saudum. tuæuetrum oc eldrum. hundrat j kalfvum. brijk j xxc skip fyrir vjc. iiij[c] j vidum oc xv aurar betur. jtem lagdist til kirkiunnar skrijn buit med silfur. einn sprangdukur. boc er erfinginn leysti firir halft þridia .c. med biskupsens samþycki. jtem lucktizt þar .v. vætter smiors nytt. xij fiordunga smiors fornt .v. tunnur skyrs .c. skreidar a ofannleiti j jskylld xv fiskar oc xx heim a stadnum. Máld DI VI 628-631 [AM 263 fol, bl. 28-29]

28.6.1495: Dómur um ágreining milli sr. Þorvarðs Ívarssonar vegna Oddakirkju og erfingja sr. Halldórs Jónssonar og var jörðin Kotvöllur sæmd kirkjunni í Odda til ævinlegrar eignar. sr. Halldór hafði í testamenti sínu ánafnað kirkjunni psaltara og áklæði og eru erfingjarnir dæmdir til að flytja þessa peninga heim til Odda. DI VII, 269-70.

1553: Máld DI XII 652-653

1575: Máld DI XV 664-665

1709: Beneficium og kirkjustaður;

27.2.1880: Keldna- og Stórólfshvolssóknir lagðar undir Odda. [lög]

Heimildir: JÁM I: 259; PP, 63; DI

RA-311:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:008 heimild um fjós

“Í Oddatúni sést glöggt að þar hefir hellir fallið niður. Sögn er að þar hafi verið nautahellir Sæmundar gróða. Í jarðteinabók Þorláks helga segir að hellirinn hafi fallið ofan á nautin og bjargaðist eitt fyrir mátt hins helga biskups.” “Nú eru engir hellar í Odda en í túninu milli kirkjustaðarins og Langekru ganga sérkennilegar langar og krappar lautri þvert á hólana. Lag þeirra og lega sýnir að vart getur verið um annað að ræða en dældir eftir fallna hella. Þarna virðast tveir miklir hellar hafa verið höggnir hlið við hlið inn í hólinn. Lengd hvorrar dældarinnar fyrir sig er um 40 m, breiddin um 6 m og víða eru þær 1,5-2,0 m á dýpt. Páll Ísleifsson bóndi á Langekru nefndi dældirnar Nautadali. ... Vafalaust eru þetta sömu lautir og sr. Steingrímur Jónsson í Odda og síðar biskup nefnir í skýrslu sinni til fornleifanefndarinnar 1818: “... sjást þess merki í suðurhala túnsins, er kallast Hellirsdalur, að þar muni hafa hellrar verið, en sem ráð má af þeim þar djúpu og mjóu lautum, að hafi fallið saman. Nú er það allt grasgróið. Sagt er að í fortíðinni hafi þar fjósið verið.” Ekkert mælir gegn því að þetta séu rústir hellanna sem Jarteinabókin getur um. E.t.v. hefur sá frægi galdraklerkur síra Sæmudur fróði, sem

hélt Oddann um 1100, haft kýr sínar í þessum hellum og hver veit nema þarna hafi einmitt verið fjósbitinn sem púkinn fræg sat á."
Heimildir: SB V, 12; Manngerðir hellar, 214

RA-311:009 *Oddhóll* heimild um huldufólksbústað
"Einbúi er í mörkum að Oddhól, hár hóll, einstæður í mörkum Oddhól, hár hóll, einstæður, á bökkum Þverár. Þar á að vera huldufólk, en ekki ætlar það að verja þennan bústað sinn fyrir (mót)ágangi náttúruaflanna. Hann er nú að brotna í ána." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 4

RA-311:010 heimild um leið
Gata út á bakkana (engjarnar).
Heimildir: Ö-Oddi, 5

RA-311:011 heimild um smalakofa
"Í landnorður af Borgarflötum [sjá Kumla] er Smalaskáladæla. Strákur sem sat hjá ám, byggði sér skýli á hæsta hólnum og heitr hann síðan Smalaskáli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 6

RA-311:012 heimild um fjós
"Fyrir framan Oddabæinn er Fjósdalur, þar stóð fjósið fram yfir 1807, er fólkið varð úri í Oddabylnum alræmda. Þá var það flutt í Forartættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 8

RA-311:013 heimild um fjós
"Fyrir framan Oddabæinn er Fjósdalur, þar stóð fjósið fram yfir 1807, er fólkið varð úri í Oddabylnum alræmda. Þá var það flutt í Forartættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 8

RA-311:014 *Oddatraðir* örnefni traðir
"Dyrvellir sunnan við Oddatraðir, úr við túngarðinn." Segir í örnefnalýsingu.
"Oddatraðir voru mikið mannvirki. Þær voru girtar báðumegin mannhæðaháum görðum, en í botninum var móhella. En þær voru jafnaðar við jörðu nál. 1948."
Heimildir: Ö-Oddi, 8, 9

RA-311:015 heimild um túngarð
"Dyrvellir sunnan við Oddatraðir, úr við túngarðinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 8

RA-311:016 heimild um ristu
"Suður af Oddahúsum er hóll, sem nefndur er Torfhóll. Dregur hann nafn af því, að torf, sem skorið er í mýrinni, er þurrkað í honum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 7

RA-311:017 heimild um fjárhús
"Í landnorður af Odda er smáhóll, sem grænkar mjög fljótt, nefndur Grænhóll. Þar hafa staðið fjárhús og er því betri rót í honum en landinu umhverfis." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 7

RA-311:018 *Oddastöðull* heimild um kvíar
"Við götuna upp úr er Stórhóll. Oddastöðull er fyrir sunnan traðirnar. Ber hann það nafn enn, þótt löngu sé hætt að nota hann sem stöðul. Við hann er kennt Stöðulflóð, sem er þar skammt fyrir sunnan." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 7

RA-311:019 heimild um landamerki
Landamerki 1567: "enn garð(ur) lá uppá krókinn fyrir vestan Lambhagaós, af honum átti Oddi og rétt í smalaskálann sem hefur verið í suðvest(ur) frá Selalæk ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 311

RA-311:020 *smalaskáli* örnefni smalakofi

Landamerki 1570: "... riðum vér í fyrstu að þeim smalaskála sem stenst á við bæjardyrnar á Bjólu. Síðan tókum vér oss beina stefnu frá smalaskálanum austur á sandana að einni þúfu sem stendur fyrir neðan Lambhaga, hvor þúfa stenst á við áðurnefndan smalaskála og svo rétt í Bjólubæ að kalla. Í þessari nefndur þúfu fundum vér rétta lýritta að gömlu niðurlagða. Síðan tókum vér oss stefnu ofan í þann garðsenda enn neðri sem gengur yfir um nesið hver garðsendi liggjur fram í Rangá ina eystri hvor garðsendi æ hefur verið lanamerki millum Lambhaga og Odda. Því leist oss best fara að varða væri hlaðin á efri endanum þessa garðs. "
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 311

RA-311:021 heimild um landamerki
Landamerki 1570: "... riðum vér í fyrstu að þeim smalaskála sem stenst á við bæjardyrnar á Bjólu. Síðan tókum vér oss beina stefnu frá smalaskálanum austur á sandana að einni þúfu sem stendur fyrir neðan Lambhaga, hvor þúfa stenst á við áðurnefndan smalaskála og svo rétt í Bjólubæ að kalla. Í þessari nefndur þúfu fundum vér rétta lýritta að gömlu niðurlagða. Síðan tókum vér oss stefnu ofan í þann garðsenda enn neðri sem gengur yfir um nesið hver garðsendi liggjur fram í Rangá ina eystri hvor garðsendi æ hefur verið lanamerki millum Lambhaga og Odda. Því leist oss best fara að varða væri hlaðin á efri endanum þessa garðs. "
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 311

RA-311:022 varða landamerki
Landamerki 1890: "Að austan ræður Eystri-Rangá mörkunum að sunnan Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólubæ. Að norðaustan móts við Lambhagaland ræður bein lína frá vörðu við Eystri-Rangá, - og stendur sú varða þar sem Uxahryggjarbær ber austanvert við Eiðið í Vestmanneyjum og Eystri-Kirkjubær ber neðst í austanvert Bjólfell ..."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 312-313

RA-311:023 varða landamerki
Landamerki 1890: "Að austan ræður Eystri-Rangá mörkunum að sunnan Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólubæ. Að norðaustan móts við Lambhagaland ræður bein lína frá vörðu við Eystri-Rangá, - og stendur sú varða þar sem Uxahryggjarbær ber austanvert við Eiðið í Vestmanneyjum og Eystri-Kirkjubær ber neðst í austanvert Bjólfell, - sjónhending í Rauðkoll sem er varða austanvert við götuna milli Odda og Varmdals og stendur þar sem Vestri-Kirkjubær ber mitt í Selsundsfjall og Lambhagabær í Krókatúnsbæ."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 312-313

RA-311:024 varða landamerki
Landamerki 1890: " Að norðan móts við Selalækjarland liggja mörkin úr Rauðkolli sjónhending í vörðu á Smalaskálaholti, og stendur varða sú þar sem Vallarbær ber í miðhornið á Þríhyrningi og Vetleifsholtsbær ber á milli Hrafntóftar og Steinstóftar. Frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja svo mörkin út yfir Oddaflóð, sjónhending í Bjólubæ."
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 312-313

RA-311:025 heimild um kálgarð
EÓBP: "Í Odda, skammt frá Móeiðarhvoli, var einnig kálgarður, en lítið hafði komið upp í honum."
Heimildir: EÓBP: Ferðabók II, 210

RA-311:026 *Gammabrekka* heimild
FF "Gammabrecka stór og hár hóll framanundir hvörium Bæarhúsin hér í Odda standa, er eins ólíklegt ad af mannahöndum sé giördur ... Gammabrecka er eingu ad sídur sá Hóll, sem mælt er, ad Sæmundur prestur fródi egi ad hafa sett skip í, reynt hafi líka verid ad grafa inní Hólinn og hafi þá all ad nást hringur úr Skipstafninum, og sé han sá enn sami er enn sé, og í manna minni hafi verið í Odda Kirkiuhurd."
Heimildir: FF I, 135-136

RA-311:027 heimild um leið
1709: "Engjum spillir Rangá með grjóti og aur, so nú þykja þær hálfu gagnminni en þegar menn fyrst til vissu. Engjavegur er bágur og yfir Rángá eystri að sækja."
Heimildir: JÁM I, 260

RA-311:028 *Núningar* bæjarstæði býli
1709: "Í vestur frá Odda, ei svo lángt sem svarar hálfri bæjarleið, í Odda landi, er takmark nokkurt kallað Núningar. Þykjast menn heyrt hafa þar hafi til forna bær verið, en engin sjást þar merki til, landplátsið er grasslaust með sandi, mold og móaklettum og þar fyrir aldeilis óbyggilegt." "Þar nálægt [010] hefur líklega

staðið eyðibýlið Núningur. Var það löngu komið í eyði 1711, en munnmæli sögðu, að staðið hefði mitt á milli Kampstaða og Odda ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 264; Ö-Oddi, 5

RA-311:029 *Kampastaðir* bæjarstæði býli/sel
1709: “Í vestur frá Núníngum, álíka lángt og til Odda, skamt frá Ytri-Rangá, er annað pláts, grasivaxið, kallað Kampastader. Segjast nokkrir heyrt hafa sagt þar skyldi og líka bygð verið hafa, eða í annan máta sel frá Odda, sjest þar og nokkuð til tóftarbrota. Munnmæli eru, að bygðin hafi aflagst vegna reimleika. Mætti að sönnu aftur byggjast landplátsins vegna, en þrengdi þá so að högum staðarins, að ekkert undanfæri væri, því á sumur er þángað beitt málnytu og verður hvergi annarstaðar.” VG: “Þeir hafa verið vestur frá Odda, nærri miðja vegu að Ytri Rangá ... Sést þar enn fyrir algrónum rústum ...”
HH: “Á þriðja áratug þessarar aldar hremdi ágengur áll úr Þverá meira en helming þeirra [tóftanna]. Nú sér þar ekki annað rústa en fáein vegggjabrot, sigin og sundurtriðin. ... Reglulegur ferhyrndur reitur basir þarna enn við augum, líklega heygarður, fremur en fjárrétt eða laukagarður.” “Kampastaðir voru hjáleiga frá Odda sem stóð skammt frá mótum Þverár og Ytri-Rangár, syðst á austurbakka Oddaflóða, sunnan í hól sem Kamphóll heitir.”
Heimildir: JÁM I, 264; VS: Rangvellingabók, 197; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1953, 67-68; HH: Kampastaðir, 28

RA-311:030 *Dvergasteinn* bæjarstæði býli
1709. “Sjötta Odda hjáleiga. Er og fyrst bygð í tíð Sr. Snæbjörns. ... Á túnið fýkur sandur og spillir því eftir hendinni.” Dvergasteinn hét hjáleiga frá Odda er stóð hjá samnefndum kletti norðan við Vindás. ... Í ská um hjáleigur Oddastaðar 1710 er Dvergasteins ekki getið en í hans stað er nefnd Valdahjáleiga og mun þar vera um sama bæ að ræða.”
Heimildir: JÁM I, 263; VS: Rangvellingabók, 59

RA-311:031 *Jónshjáleiga (Tröð)* bæjarstæði býli
1709. “Meinast fyrst bygð í tíð Sr. Snæbjörns Stephánssonar, er hjelt Odda. ... Engjar eru votar mjög og næst ekki hálfpartur af þeim nema í bestu þerrasumrum. Hinu öðru engjaplátsinu grandar grjót og aur, sem Rangá uppá ber í ísaleysíngum.” “Jónshjáleiga, sem öðru nafni nefndist Tröð, var ein af hjáleigum Oddastaðar, en ekki er ljóst hvar bær þessi stóð. Mun það annað hvort hafa verið framan (suðvestan) við austurtraðir staðararins, austarlega, eða vestan Vindkvarnar, við vestri heimreiðina, þar sem hjáleigan For stóð síðar og þá um sama bæ að ræða sem skipt hefur um nafn eftir að hafa verið í eyði um sinn.”
Heimildir: JÁM I, 262-263; VS: Rangvellingabók, 191

RA-312 Kumbli

Hjáleiga Odda. Fyrst byggð um 1650. Fór í eyði árið 1928 en Sólvellir byggðir tveimur árum síðar á sama stað ? 1711: “Engjaplátsi nokkru fyrir heiman Rangá, er hjáleigunni fylgir, spillir áin með grjóti og sandi meir en staðarenginu.” JÁM I, 261 1850: “Tún fylgja þessari jörðu og eru að kalla slétt og heldur grasgefin. - Utantúns slægjur eru úti á svokölluðum Oddaeyrum útí Þverá. - Vegurinn þangað er sami og frá Odda og grasfallið í þessum hluta hólmas sama og í þeim sem sleginn er frá Odda. Hér að auki á Kumli skák vestur við vöðla, þegar af hennni hefur náðst fyrir vatni. Fram í Oddahólsbökkum á Kumli líka svonefndan Kumlateig. - Úr Oddaflóðum fæst ekkert, því sá teigur sem þessari jörðu tilheyrir þar að austanverðu er nú orðinn að rotum og vöðlum vegna umferðar á málnytupening sem þar er rekinn út í flóðinn. Hagarnir eru mjög litlir, en heldur góðir.” VS: Rangvellingabók, 244 1917: Tún 3,1 ha, þar af 2,8 ha slétt, garðar 752 m²

RA-312:001 *Kumbli* bæjarhóll bústaður
“Bærinn stóð á lágri hæð austast í túninu, hafði nokkuð stórt og gott tún og var eitt af betri býlunum ...”
Heimildir: Túnakort 1917; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1953, 69-70

RA-312:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-312:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-312:004 heimild um fjárskýli
“Bærinn Sólvellir stendur á Hólaflötum. Norðvestur af þeim eru Borgarflatir, þar stóðu topphlaðnar borgir frá Kumla og Vindási.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Oddi, 5

RA-312:005 *Gerði* örnefni
"Leynir og Gerði eru í Kumlatúni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 8

RA-313 Vindás

Hjáleiga Odda. Ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst. Fyrst nefnd með nafni í máldaga 1583. Ekki er skip land milli V og Odda að undanskilu túni og engjum. SB V, 41 1711: "Á túnið fýkur sandur og spillir því stórum." JÁM I, 264.1850: " ... og svo þessu býli fyrir tún, slétt og sendið sumstaðar og heldur graslítið. Bakkar eru fyrir engjar við Þverá 200 faðmar að lengd en 60 faðmar að breidd, með mörgum sandblettum, fyrir ofan þessa bakka er sandur 100 faðma breiður, en jafnlangur bökkunum. Ag bökkum þessum fást í meðalári 90 hestar, heyfall er heldur í betra langi. Úr eyrunum fást í meðalári 200 hestar, þar eru bakkarnir um allt í kring, en flóð í miðju með stör heldur léttvæg til fóðurs. Þeir hafa í ár fengið mikið áfall af sandi. Stærð engja þessara veit ábúandinn ekki og heldur ekki sandsins sem á þær barst. - Hagarnir eru litlir og umvafðir hættum sem eru lækur, dý og tjarnir." VS: Rangvellingabók, 504 1917: Tún 2,2 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1036 m² 1940: "Tún. 2/3 vélfært, hitt greiðfært, jarðvegur allgóður. Engjar. Flæðiengi, samfellt. Nokuð vélfært, hitt greiðfært. Að nokkru votlendar. Ókostir: Þverá fæðir á engjar." VS: Rangvellingabók, 504

RA-313:001 *Vindás* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-313:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-313:003 *Andrésarstekkir* heimild um stekk
"Suður af bökkunum [á Selalæk] eru Andrésarstekkir. Standa þar fjárhús frá Vindási, nú er verið að bylta landinu og gera að túni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 6

RA-313:004 heimild um þvottastað
"Norður af Vindási er svonefnd Ullardæla. Þvo Vindásmenn ull sína í henni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 6

RA-313:005 *Tættarhóll* örnefni
"Norður af Vindási er svonefnd Ullardæla. Þvo Vindásmenn ull sína í henni. Austur af henni er Tættarhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 6

RA-313:006 heimild
"... í Vindási var komið niðru á helli er grafinn var grunnur að fjósi þar fyrir allmörgum árum. Hrossabein voru í einum hellinum."
Heimildir: Manngerðir hellar, 215

RA-313:007 hellir
"Á Vindási í Oddahverfi voru einn eða tveir hellar fast við gamla bæinn."
Heimildir: Manngerðir hellar, 223

RA-313:008 heimild um fjárskýli
"Bærinn Sólvellir stendur á Hólaflötum. Norðvestur af þeim eru Borgarflatir, þar stóðu topphlaðnar borgir frá Kumla og Vindási." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 5

RA-314 Strympa

Hjáleiga Odda.Ekki nefnd í jarðbók 1711. "Strympa var hjáeliga frá Odda og stóð vestan kirkjugarðsins þar norðanvert á hól er Vindkvörn heitir. Upphaflegt nafn bæjar þessa var Bakrangur og stóð hann þá að húsabaki í Odda og sneri fremhlið hans öfugt við bæjarhúsin. Bakrangs finnst fyrst getið í kirkjubók Oddakirkju 1757, en Strympu í sömu kirkjubók 1785. ... Búskap var hætt í Strympu 1815 en í stað hennar kom húsmennskubýli sem nefnt var Ráðleysa ... en 1817 lagðist Ráðleysa í eyði. Bærinn var í eyði til 1831, en það ár byggðist hann aftur

og var í byggð til 1872." VS: Rangvellingabók, 428 "Munnmæli herma að tún sem fylgdi Strympu hafi aðeins verið kirkjugarðurinn og húsbærinn í Odda." 1850: "Túnblettir fylgja þessu býli -, meiripartur þeirra er sléttur. Engjar afbýlis þessa liggja með Þverárbökkum 200 faðmar að lengd, en 60 faðmar að breidd og þar þó í æðimargur sandblettur, sem ei verður sleginn eftir endilöngum þessum engjum liggur sandur sem er 120 faðmar á breidd. Gras á þessum bökkum er efling og mjógresi, heldur áreiðanlegt fyrir fé og hross. - Fyrir ofan þennan sandgára er lítill stargresisjaðar jafn langur bökkunum, 30 faðmar á breidd, þar í eru leirkeldur og fimar á milli sem eru með elfting og verður að brúka þetta kúhey og gengur það illa út. Hagar eru mjög litlir og víða í þeim sadn og moldarblettir, mæling verður ei á þeim höfð vegna þess að þeir eru sameiginlegir með öðrum." VS: Rangvellingabók, 428

RA-314:001 *Strympa* bæjarhóll bústaður
Býlið stóð norðaustan við útsuðurshorn kirkjugarðsins.
Heimildir: Ö-Oddi, 7

RA-315 For

Hjáleiga Odda.Ekki nefnd í jarðbók 1711. "For var hjáleiga frá Odda og sóð þar vestan við bæinn, hátt í skallanum norðan Vindkvarnar. Bæjar þessa finnst fyrst getið í kirkjubæik Oddakirkju 1761, en vera má að þetta sé sami bær og fyrr nefndist Jónshjáleiga (Tröð). For var lögð í eyði 1888." VG: Rangvellingabók, 87 1850: "Tún fyrir býli þessu - - það er að mestu slétt. Engjar liggja með Þverárbökkum, 100 faðmar að lengd en 60 faðmar á breidd, með mörgum sandrotum. Gras á þeim er heldur í betra lagi að gæðum - -. 200 faðma breiður sandur liggur vestur eftir endilöngum þessum engjum, þar fyrir ofan er stargresisjaðar, 65 faðma breiður og jafn langur bökkunum með leirkeldum og uppdráttarfenjum og vel oft hafa komið þau ár að ei hafi náðst meira en helmingur úr þessar mýri sakir vatns. - - Vörn

RA-315:001 *For* bæjarhóll bústaður
og átroðningur af fé og hrossum er hér mikill. Hagar eru hér heldur litlir og sandblettir víða í þeim, For stóð norðvestan í hólnum norðarlega, gamall heygarður var settur í tætturnar.en stærð þeirra verður ei tilgreind, þar eru sameiginlega með öðrum." VG: Rangvellingabók, 88
Heimildir: Ö-Oddi, 7

RA-316 Lángekra

Hjáleiga Odda.Ekki nefnd í jarðbók 1711. Fyrst byggð um 1650. Enn er óskipt land milli L og Odda, að undanskildu túni og engjum. SB V, 40 1850: "Túnblettur fylgir býli þessu og eru tveir partar af því þýfðir. - Engjablettur fylgir einnig þessari jörðu út við Þverá. Þar að auki hefur Oddaprestur úthlutað þessu býli til slægna svokallaðan Völurima. - Þær (engjarnar) eru undirorpnar ágangi af sandfoki og vatnságangi. Hagarnir eru sameiginlegir með hverfismönnum öðrum, heldur litlir og víða gallaðir." VS: Rangvellingabók, 261 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 1209 m² 1940: "Tún: Rakt, greiðfært. Engjar: Reytingssamar, 1/2 vélfært, hitt greiðfært. Þurrlendar. Ókostir: Þverá skemmir engjar." VS: Rangvellingabók, 261 Árið 1880 braut Þverá sér leið yfir Oddaeyrar og var sand á engjar og kvörtuðu bændur á Lanagekru og Kraga yfir þessum skemmdum. Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 54

RA-316:001 *Lángekra* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-316:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-316:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-316:004 heimild
"Í Langekrutúni sjást merki um fallin helli, eins í gamla Oddhól."
Heimildir: SB V, 12

RA-316:005 *Ekrustekkatún* örnefni stekkur
"Norður af honum [Forás] er Kragholt, suður af Kraga. Ekrustekkatún er slegið frá Ekru og girt þaðan." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 5

RA-316:006 heimild
"Í Langekrutúni sjást merki um fallna hella ...."
Heimildir: Manngerðir hellar, 215

RA-317 Kragi

Hjáleiga Odda. Í eyði árið1707, byggðist fyrst um 1630-40. Aftur hafinn þar búskapur 1724, í eyði frá árinu 1947 og sameinaður Langekru. 1711: "Engjum spillir Rángá með grjóti og sandi framar en staðarenginu." JÁM I, 262 1850: "Tún fylgir þessu býli og er það meirapart þýft. - Utantúns eru slægjurnar sendnir elftingarbakkar á allavegu umkringdir af vötnum sumum djúpum - þeir eru undirorpnir árlegu sandfoki. Hagar eru mjög litlir og þrotaléttir og afkoma af málnytu í lakara lagi." VS: Rangvellingabók, 236 1917: Tún 1,6 ha, þar af 1,2 ha slétt, garðar 922 m² Árið 1880 braut Þverá sér leið yfir Oddaeyrar og var sand á engjar og kvörtuðu bændur á Lanagekru og Kraga yfir þessum skemmdum. Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 54

RA-317:001 *Kragi* bæjarhóll bústaður
1709: "Er fyrst byggð að vísu fyrir 70-80 árum, hafði þar áður verið fjós og heygarður frá staðnum."
Heimildir: JÁM I, 261; Túnakort 1917

RA-317:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-317:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-317:004 *Byrgishólmi* örnefni
"Ofanvert við Kragabakka er Byrgishólmi, einnig frá Kraga, þegar færst var frá voru lömb byrgð í þessum hólma; hann er um 50 hesta stykki." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Oddi, 3

RA-317:005 hellir
"Í Kragatúni er líklega hellisrúst."
Heimildir: Manngerðir hellar, 223

RA-661 Forn. á fl en 1 jörð

RA-661:001 heimild um leið
Gamla leiðin að Svínhaga frá Bolholti lá um ytri og lægri hluta sandsins.
Heimildir: Ö-Bolholt, 2

RA-661:002 *Kotsgata/Bolholtsgata* heimild um leið
"Kotsgata nefnist leiðin suðaustur að bænum Koti [frá Bolholti], um Borgarhraun, Bolholtsbót og áfram skammt fyrri norðan Hvítamel. Fólkið í Koti nefndi götuna Bolholtsgötu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bolholt, 5

RA-661:003 heimild um leið
"Í landsuður frá Langhól [í landi Svínhaga] er æðimikið af uppgrónum götum frá fyrri tímum. Liggja þær bæði upp og fram, austur og vestur. Munu þær, sem liggja ausur og vestur, vera hluti af hinum forna Þingvallavegi um uppsveitir. Þessar krossgötur eru kallaðar Götuskipti." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Svínhagi, 2

RA-661:004 heimild um leið
"Kirkjugata frá Bolholti lá á fyrru hluta þessarar aldar yfir höfðalæk fyrir austan Höfða og fram hjá Kirkjujarðfalli, sem við hana var kennt, en síðan beinustu leið að Bitholtsvaði og sameinaðist þar kirkjugötu frá Þingskálum og Kaldbak." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingalækjarland, 7

RA-661:005 heimild um leið
"Kirkjugata frá Bolholti lá á fyrru hluta þessarar aldar yfir höfðalæk fyrir austan Höfða og fram hjá

Kirkjujarðfalli, sem við hana var kennt, en síðan beinustu leið að Bitholtsvaði og sameinaðist þar kirkjugötu frá Þingskálum og Kaldbak. Fyrr meir mun þó kirkjufólk frá þessum bæjum hafa farið norðar (hjá Steinkrossi ?).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingalækjarland, 7

RA-661:006 vegur leið
“Vestan við Feysteinsholt var vað Á Víkinslæk. Lá ferðamanna vegur upp (norður) Geldingalækjarheiði austan Hundhóls, niður á krókinn og yfir Heiðarlæk á Krókvaði, og síðan yfir Heiðarnes að áðurnefndu vaði. Eftir það var farið austan Lynghóls um Götur og Skörð, vestan túns á Þingskálum að Kaldbak, en þeir sem fóru yfir Rangá á Tangavaði beigðu af þessum götum er komið var upp fyrir Lynghól. Síðan breyttist þessi vegur nokkuð. Var þá farið um hlað á heiði, en þaðan í Heiðarnes og síðan sömu götu uns komið var upp fyrir Skörðin, en þá var hlaðið austan við tún á Þingskálum upp á Móa. Árið 1948 var Víkingslækur brúaður og dró þá smátt og smátt úr umferð um þessnn veg og um 1960 lagðist hann niður með öllu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 2-3

RA-661:007 vegur leið
“Vestan við Feysteinsholt var vað Á Víkinslæk. Lá ferðamanna vegur upp (norður) Geldingalækjarheiði austan Hundhóls, niður á krókinn og yfir Heiðarlæk á Krókvaði, og síðan yfir Heiðarnes að áðurnefndu vaði. Eftir það var farið austan Lynghóls um Götur og Skörð, vestan túns á Þingskálum að Kaldbak, en þeir sem fóru yfir Rangá á Tangavaði beigðu af þessum götum er komið var upp fyrir Lynghól. Síðan breyttist þessi vegur nokkuð. Var þá farið um hlað á heiði, en þaðan í Heiðarnes og síðan sömu götu uns komið var upp fyrir Skörðin, en þá var hlaðið austan við tún á Þingskálum upp á Móa. Árið 1948 var Víkingslækur brúaður og dró þá smátt og smátt úr umferð um þessnn veg og um 1960 lagðist hann niður með öllu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víkingslækjarland, 2-3

RA-661:008 heimild um leið
Kirkjuhóll er við mörk Keldna og Stokkalækjar við upptök lækjarins. “Um nesið og yfir Kirkjuhólsvað, sem er fyrir sunnan hólinn, lá þjóðvegur Skaftfelinga til kaupstaðar, lágu þeir oft í nesinu, því þar er hagi góður og staðurinn friðsæll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stokkalækur, 1-2

RA-661:009 *Skollagróf* heimild um leið
“Skollagróf liggur eftir endilöngum Eangárvöllum frá Oddagljúfri í Selsundsfjalli og að Odda. Á hún að vera vegur kölska, er hann dró að eldivið fyrri Sæmund fróða.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðarnes, 3

RA-661:010 heimild um leið
“Mjög er eðlileg leið Gunnars yfir Rangá, þegar hann er á heimleið fram hjá Knafahólum. Ein af leiðum þeirra sem heima eiga á efri hluta Rangárvalla, er yfir Reynifellsvað (fyrir austan Keldur) , þá suður á við milli Vatnsdalsfjalls og Þríhyrnings og síðan niður að bæjum utan til í Fljótshlíð.”
Heimildir: KK I, 165

RA-661:011 gata leið
BJ: “Að Þorgeirsvaði [RA-282:054] liggja miklir, fornir götutroðningar, bæði norðan að, frá Keldum, - sú leið liggur til Hvolshrepps, - og vestan að, frá Reyðarvatni, Kirkjubæ og Stokkalæk, hefir þá verið farið yfir Keldnalæk, sem rennur suður með sléttuspildunni ...”
Heimildir: B J: “Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901” Árbók 1902, 8

RA-661:012 gata leið
BJ: “Að Þorgeirsvaði [RA-282:054] liggja miklir, fornir götutroðningar, bæði norðan að, frá Keldum, - sú leið liggur til Hvolshrepps, - og vestan að, frá Reyðarvatni, Kirkjubæ og Stokkalæk, hefir þá verið farið yfir Keldnalæk, sem rennur suður með sléttuspildunni ...”
Heimildir: B J: “Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901” Árbók 1902, 8

RA-661:013 heimild um leið
“Þar - við Knafahóla- sá ég á moldum nær einum tug gatna nálægt aldamótum, að hæfilega blásinni Knafahólaheiðinni, framhald þess vegar norðan-við norðvestasta knafarhóll, og er varða á honum einum, stefna fyrir framan Hraunshól, þar sem Hraunkot stóð, skamt norðar, austlægt og allmikil bygging. Það er sennilegast vegur sá sem Gunnar heitir farið, er hann kom frá Tungu, og legið hefir um Nauta- eða Árnes-vað á Þjórsá, um Þingskáal og líklega um elztu Heiði og beina stefnu austur til Gunnarssteins, milli austustu knafarhóla sem allir

hinir. Þessi vegur þekktist ekki fyr en göturnar voru komnar í ljós og sönnuðu stefnuna."
Heimildir: S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 10

RA-661:014 heimild um leið
"Annar vegur, að öllu miklu meiri, liggur frá Keldum, upp á milli Knafarhóla, upp á Réttarheiði, skiftist þar, liggur að nokkru um Dagverðarnes, en hið mest af honum um Fornuréttir, fyrir neðan Steinkross, eftir þeim fjölmörgu götum að dæma á þeim stöðum, um Víkingslæk, bæði til Bolholts og Þingskála o.s. frv. - Þar var og kirkjuvegur þessara bæjar, þangað til Steinkross lagðist í eyði 1882. Síðan var farin hin syðri leið, hjá Valshól og Reyðarvatni gamla, þangað til Gunnarsholtsgirðingin kom 1926."
Heimildir: S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 10

RA-661:015 heimild um leið
"Annar vegur, að öllu miklu meiri, liggur frá Keldum, upp á milli Knafarhóla, upp á Réttarheiði, skiftist þar, liggur að nokkru um Dagverðarnes, en hið mest af honum um Fornuréttir, fyrir neðan Steinkross, eftir þeim fjölmörgu götum að dæma á þeim stöðum, um Víkingslæk, bæði til Bolholts og Þingskála o.s. frv. - Þar var og kirkjuvegur þessara bæjar, þangað til Steinkross lagðist í eyði 1882. Síðan var farin hin syðri leið, hjá Valshól og Reyðarvatni gamla, þangað til Gunnarsholtsgirðingin kom 1926."
Heimildir: S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 10

RA-661:016 heimild um leið
"Hin þriðja krossgata um Knafahóla var smágaata, einkum úr Króknum, um Árbæ að Reyðarvatni, lá hún út um Knafhólaheiði, þangað til hún fór af 1885-87; var þó tíðfarnari um Keldur. Hér hefir og verið leiðin út úr til forna, frá Keldnaseli, Sandgili, Litla-Skógi og máske Tröllaskógi."
Heimildir: S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 10

RA-661:017 heimild um leið
SG: "Hvort sem var farið frá Hlíðarenda fyrir vestan eða austan Þríhyrning, var farinn einn og hinn sami vegur út undir syðsta hornið. Þar skiptist vegurinn; hinn syðri lá um Réttarhól og yfir hálsinn, út á sunnanverða Rangárvelli, til Þorgeirsvaðs, Hofs, Kirkjubæjar o.s. frv ..."
Heimildir: S G: "Athugasemd við ..." Árbók 1932, 33

RA-661:018 heimild um leið
SG: "Hvort sem var farið frá Hlíðarenda fyrir vestan eða austan Þríhyrning, var farinn einn og hinn sami vegur út undir syðsta hornið. Þar skiptist vegurinn; hinn syðri lá um Réttarhól og yfir hálsinn, út á sunnanverða Rangárvelli, til Þorgeirsvaðs, Hofs, Kirkjubæjar o.s. frv; en hinn vegurinn lá norður með allri suðausturhlið fjallsins, um garð á bænum "Undir Þríhyrningi", yfir Hrafnagilin, bæði, niður Hrafnatungu, fyrir sunnan Þjófafoss, og yfir Fiská nálægt Hrappstöðum. Sú leið liggur um efstu byggð Rangárvalla.""
Heimildir: S G: "Athugasemd við ..." Árbók 1932, 33

RA-661:019 heimild um leið
1840: "Yfir Rangá hina ytri hjá Svínahaga austur yfir Krókahraun að Koti, þaðan að Dagverðarnesi og suður hjá Knafahólum að Keldum."
Heimildir: SSR. 156

RA-661:020 heimild um leið
1840: "Yfir Rangá hina ytri hjá Þingskálum austur yfir Víkingslækjarhraun hjá Steinkrossi, suður hjá Knafahólum yfir Keldnahraun að Keldum. Þaðan liggur aftur vegur suður hjá Tungu og yfir Rangá hina eystri á Tunguvaði að Velli í Breiðabólstaðarsókn og annar vegur frá Keldum austur yfir Rangá á Reynifells eða Þorgeirsvaði suður að Vatnsdal í Breiðabólstaðarsókn."
Heimildir: SSR. 157

RA-661:021 heimild um leið
1840: "Yfir Rangá hina ytri hjá Þingskálum austur yfir Víkingslækjarhraun hjá Steinkrossi, suður hjá Knafahólum yfir Keldnahraun að Keldum. Þaðan liggur aftur vegur suður hjá Tungu og yfir Rangá hina eystri á Tunguvaði að Velli í Breiðabólstaðarsókn og annar vegur frá keldum austur yfir Rangá á Reynifells eða Þorgeirsvaði suður að Vatnsdal í Breiðabólstaðarsókn."
Heimildir: SSR. 157

RA-661:022 heimild um leið
1840: "Annar vegur yfir Rangá hina ytri hjá Þingskálum suður yfir Vókingalækjarhraun hjá Reyðarvatni og

Stokkalæk, suður yfir Rangá á Tunguvaði eða Hestþingshólsvaði."
Heimildir: SSR. 157

RA-661:023 heimild um leið
1840: "Yfir Rangá hina ytri á Ægissíðuvaði hjá Kirkjubæ austur að Keldum etc."
Heimildir: SSR. 157

RA-662 Óstaðsetjanlegar minjar

RA-662:001 gripir
1874: "Fingurgull úr skíru gulli, en ekki er það gullmikið ... Þetta fingurgull hefir þau einkenni, að vera fornt; það getur verið frá 11. eða 10. öld og jafnvel eldra ... Það fannst í gaflhlaði í peningshúsi úti í túni, sem verið var að rífa, austur á Ráangárvöllum; þar sem húsið stóð, getur hafa verið gömul tótt, og gullið þar í ..."
Heimildir: Skýrsla FÍ III, 60-61

RA-662:002 *Hraun* bæjarstæði býli
"Hraun hét bær á Rangárvöllum, en ekki hafa varðveist neinar arfsagnir um það hvar sá bær stóð." "Elsta heimild sem getur þessa bæjar er máldagi Oddakirkju frá 1270. Þar er hann nefndur "undir hrauni" og skyldi gjalda þaðan árlega gelding gamlan og osthleif að Odda [DI II, 86-88]. Í kaupbréfi frá 1546 er þess getið að Hraun sé í Keldnasókn, og í þætti um eyðibýli á Rangárvöllum ... er þess getið til að Hraun hafi verið sami bær og Hraunkot. Vigfús Guðmundsson frá Keldum segir ... að Hraunkot hafi staðið svo langt frá hraunbrún Eldiviðarhrauns að þar hafi ómögulega getið kallast "undir hrauni" og álítir hann að Hraun hafi staðið við suðvesturhorn Eldiviðarhrauns þar sem heitir Sauðanef. Er það innan núverandi landamerkja Keldna og skammt austnorðaustur frá Hraunkoti." Hraun var í byggð 1497 og 1546.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 188

RA-662:003 *Tjaldstaðir* bæjarstæði bústaður
"Elsta heimild sem getur bæjarins Tjaldstaða er Þorsteins þáttur tjaldstæðings sem talinn er skráður snemma á 13. öld. Þar segir að nú heitir Tjaldtaðir, þar sem Þorsteinn lét gera tjaldbúð yfir sjúka skipshöfn er hann tók undir sinn verndarvæng. Ekki er nú vitað hvar bær þessi stóð, en það hefur verð allnærri Skarði eystra því í annálanum er þess getið að Tjaldstaðir hafi eyðst ásamt Skarði í Heklugosinu 1389-1390." 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689.
Heimildir: VS: Rangvellingabók, 446

RA-663 Laufaleitir
Laufaleitir eru afréttur Rangvellinga. Austurmörk eru um Mælifellssand, austan um Mælifell, Strút og í Hólmsá. Norðurmörk eru hábunga Torfajökuls og þaðan lín um hætu fjöll í Laufafell. Ekki er skýrt afmarkað milli Landmanna og Rangvellinga um Reykjadali þó þeir tilheyri frekar Landmönnum. Suðurmörk eru Mýrdalsjökull, þá Bláfjallakvísl-Kaldaklofskvísl í Markarfljót þar til Hvítmaga rennur í það og með henni upp í Tindfjallajökul. Laufaleitir eru tvö leitarsvæði; Austurfjall og Vesturfjall, hvort með sinn fjallkóng

RA-663:001 *Lambadalur* heimild um náttstað
"Lambadalur er tangi, sem afmarkast af Rangá að vestan en Valá að sunnan. Að norðan og austan eru Dalöldur." "Þarna er nokkuð graslendi, sem hestum er beitt á, en upp af tjaldstaðnum er löng og falleg brekka lyngi gróin og finnaskeggi. Heitir hún Dalabrekka. Þar er gott berjaland eins og raunar víðar á afréttinum." "Frá Fossi og Rauðnefsstöðum héldu fjallamenn inn í Lambadal en hann er syðst á afréttinum ... Þarna voru saman komnir 13 menn með 3-4 tjöld." Í Lambadal var einnig legið síðustu nóttina á leið af fjalli .
Heimildir: GR I, 229, 242

RA-663:002 *Dalsrétt* heimild um rétt
Í Lambadal. Rétt niðri í dalnum notuð til að geyma safnið síðustu nóttina eftir að komið er af fjalli en áður en rekið er yfir Rangá - GR I, 242 Réttin var byggð árið 1925.
Heimildir: GR I, 242; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 2

RA-663:003 *Kerling* varða manndómsrau
Stór klettur við veginn innarlega á sandhraunsbelti austan við Blesá. "... þykir ekki viðeigandi annað, er menn fara þar um í fyrsta sinn, en að kerlingu sé sinnt, enda munu margir þar gert hafa. Sýna það börg hennar mörg,

þótt úr grjóti séu, er standa umhverfis hana." "Þar er nokkuð stór klettur norðan við gömlu hestagötuna sem kallaður er Kerling. Margar smá vörður eru þar í kring en þeir sem fóru í fyrsta sinn á fjlal áttu að eiga barn með kerlingunni þ.e. hlaða vörðu sem var barnið."
Heimildir: GR I, 231, 239; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 3

RA-663:004 heimild um manndómsrau
Einstakur klettur við veginn niður á andi í Hungurskarði. "Áttu þeir menn, er í fyrsta sinn fóru til fjalls, að klifra upp á klett þennan á vissum stað á skinnsokkum og með vettlinga á höndum. Skyldu þeir eigi teljast fjallfærir, sem ekki gátu leyst þessa þraut, en mörgum reyndist hún torleyst, þótt kletturinn sé varla yfir þrjár mannhæðir, svo slútir hann fram yfir sig. Ekki munu menn þó hafa verið gerið afturreka af fjalli, þótt þeir sigruðu ekki klett þennan."
Heimildir: GR I, 231, 239

RA-663:005 *Reiðskarð* örnefni
Reiðskarð er á leið gangnamanna inn á Laufaleitir. Það er á milli tveggja ölduhnúka austan við Hungurfitjar
Heimildir: Hkort; GR I, 231

RA-663:006 *Hvítmöguból* heimild um náttstað
Rétt hjá graslendi þar sem Hvítmaga fellur í Markarfljót. "Aðalfossinn er nefndur Hvítmögufoss. Uppi í brekkunni er all stór klapparbrún. Innundir hana er skúti og framan við hann er hlaðinn veggur upp að berginu með dyrum á og var þá kominn allgróður skúti, Hvítmöguból."“Rétt hjá er ból, sem oft var legið við í seinutu leitum, og þótti betra en úti, þótt kalt væri og óvistlegt. Heitir það Hvítmöguból." 1928: "Ból þetta er skúti undir berg, allstór ummáls, en svo lágur, að menn gátu eigi setið þar réttum beinum, heldur urðu að hallast á hlið eða liggja endilangir. Hlaðið hafði verið fyrir op skútans, en hleðslunni hætti til að síga frá berginu, svo að stórar rifur urðu á milli." Notað í eftirleit 1896. Skammt frá þessum stað, í s.k. Krók var reist sæluhús eftir 1928 og er þar geymt hey sem gangnamenn taka með sér á fjall - "Á Króknum hefur verið byggður skúr. Þar er rúm fyrir hesta í öðrum enda, en menn í hinum. Þar er gist í seinni leitum." "Lengi var svo á Króknum, að standa yrði yfir safninu alla nóttina, því að ekkert aðhald var fyrir nema Markarfljót á einn veg. Skiptust þá Austurfjalls- og Vesturfjallsmenn á að vaka hálfa nóttina hvor flokkur ... Áður var það einnig siður að binda hestana á streng, tvo og tvo saman, gefa þeim í hauspoka og breiða yfir þá. En nú er komin girðing á Krókinn fyrir fé og hesta.". "Illa gekk að halda vegghleðslunni við bólið í lagi og vildi hún síga frá berginu vegna þess hve bratt var þarna. Síðast var gist í Hvítmögubóli í fjórðu leit 1928, en þá var bólið ekki betra en það að kindum hélst það ekki svo að treysta mætti, en þær höfðu smalar inni hjá sér í þetta sinn og töpuðust út tvö eða þrjú lömg um nóttina sem náðust morguninn eftir. Kalt þótti að gista í Hvítmögubóli."
Heimildir: GR I, 231-251; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 3-4

RA-663:007 *Krókur* heimild um ferju
Krókur heitir austan við Faxa þar sem Hvítmaga fellur í Markarfljót. Krókur er 6 tíma ferð úr Lamabadal. Þar var áður farið yfir Markarfljót með fráfærnalömb á báti á vorin "og var bæði seinlegt verk og vont, því að fljótið er þarna alls staðar straumþungt og fellur víða þröngt." Á þessum stað var síðar komið fyrir lausabrú "Eru fjögur tré, um 8,5 m löng, lögð milli klappa yfir fljótið, og eru timburflekar lagðir ofan á. Þarna er fé rekið yfir hasut og vor, en brúin ætíð tekin af þess á milli." GR I, 231-32. 1928 lá enn spýtnabrak úr bátinum á árbakkanum og notuðu eftirleitarmenn spýtnabrakið sem eldivið til að halda á sér hita í Hvítmögubóli .
Heimildir: GR I, 231-32

RA-663:008 *Hvanngil* tóft sæluhús
Hvanngil er austan undir Ófæruhöfða - tjaldstaður og eftirleitakofi. "... langur og mjór dalur, að mestu gróinn í botninn, en umkringdur háum fjöllum." "Þarna er nátttaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni. / Í Hvanngili er sæluhús, sem legið er í, þegar illviðri eru og í eftirleitum, en annars nota fjallmenn tjöld sín." Í Hvanngili hefur verið byggt hús sem rúmar yfir 30 hesta, en svefnloft er þar yfir -- Nú kofarúst - LM Rang
Heimildir: GR I, 233-34

RA-663:009 heimild um rétt
Fjárrétt í Hvanngili "[í Hvanngili] er náttstaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni."
Heimildir: GR I, 234 sbr 238

RA-663:010 heimild um rétt
Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:005 heimild um leið
"Engjavegur er lángur og blautur, og þar til liggja engjarnar undir skaða og ágángi af Frakkavatni, sem í nærstu 4 ár ekki hefur venjulegri útrás náð vegna sands, er í ósinn boruð hefur; þrútnar því vatnið og gengur uppá slægjulandið, so ei verður enginu náð, nema þerrir gángi, og sýnist það muni þó liggja undir meiri spjöllum, en ómögulegt vatninu úr að veita."
Heimildir: JÁM I, 263

RA-357:006 *Ferjuhjáleiga* bæjarstæði býli
"Er hjáleiga frá Sandhólaferju, hefur í eyði legið síðan bóluna 1707. Var fyrst bygð fyrir 26 eða 27 árum."
Heimildir: JÁM I, 363

RA-357:007 heimild um ferju
"Sandhólaferju getur í Landnámu ..." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Norðan við bæinn upp með Þjórsá er klattabelti, sem heitir Ferjuhamar. Hann ber nafn af ferjustað á þjórsá, sem var sunnan við hann, og var þar mjög fjölfarið um skeið, þar til Þjórsá var brúuð." Segir í örnefnalýsingu. "Framan í Hamrinum er sem lítil sandvík; þar eru ferjubátar hafðir og er því líklegt, og enda víst, að þar hafi ferjustaðrinn verið í fornöld ..."
Heimildir: SB V, 305; Ö-Sandhólaferja, 1; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35; ÍF I, 349

RA-357:008 *Hjáleiguholt* örnefni býli
"Fyrir norðan túnið er hátt holt, sem er nefnt Hjáleiguholt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:009 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Fyrir norðan túnið er hátt holt, sem er nefnt Hjáleiguholt. Austan í því heitir Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:010 *Níelsborg* örnefni
"Upp með ánni eru tveir klettar, sem heita Hallur og Halla. Sunnar er lítil hæð, sem heitir Níelsborg ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:011 heimild um vað
"Upp með ánni eru tveir klettar, sem heita Hallur og Halla. Sunnar er lítil hæð, sem heitir Níelsborg, en ofan við hana upp við þjóðveginn gamla heitir Prestsvaðsbakki, og ber hann nafn af vaði á Steinslæk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:012 *Burðarholt* bæjarstæði býli
"Útburðarholt er litlu vestar [en Gorhóll]. Þar var um tíma bær og var nefndur Burðarholt ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:013 *Ferjuós* örnefni ferja
“Útburðarholt er litlu vestar [en Gorhóll]. Þar var um tíma bær og var nefndur Burðarholt, en lítið eitt vestar rennur Ferjuós í Þjórsá.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:014 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
“Heima á túninu er Lambhúshóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:015 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús
“Sunnan við bæinn vestur á túninu er Fjárhúshóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:016 heimild um fjárhús
“Stórt holt austur af bænum heitir Fjárhúsholt. Þar eru fjárhús.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:017 *Útgarður* örnefni
“Við Hrútsvatn skammt sunnan og austan Dagmálarima er annar rimi minni og heitir Útgarður.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:018 *Stekkjarhúshóll* örnefni stekkur
“Norðaustur af Hádegisholti er Stekkjarhúshóll og norður af honum Stekkjarhúsflóð.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:019 *Kvíarhóll* örnefni kvíar
“Norðvestur á túni Sandhólaferju er hóll sem Þjórsá hefur brotið að hluta og heitir Kvíarhóll.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:020 *Hólshúshóll* örnefni
“Norðvestur á túni Sandhólaferju er hóll sem Þjórsá hefur brotið að hluta og heitir Kvíarhóll. Nær bænum er Ívarshóll og eilítið sunnar er Hólshúshóll, hæsti punktur á túninu.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Í Athugasemdum segir að þetta sé sama og Fjárhúshóll 016
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1; Ö-Sandhólaferja ath, 1

RA-357:021 *Varða* varða
“Vestur af Hjáleiguholti [008] er hlaðin klettavarða forn að talið er og minnist ég ekki að hafa heyrt hana nefnda annað en Varðan.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:022 heimild
“Norðan hennar [021] er sérkennilega lagaður hóll hringlaga sléttur að ofan og hefur staðist einkenilega vel þann uppblástur sem þarna hefur átt sér stað. Nafn bar hann ekkert en sumir eldri menn töldu hér vera haug.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1-2

RA-357:023 *Einarsbryggja* garðlag lending
“Á Ferjuhamri nnorðanverðum eru lséttar blágrýtishlelur og heitir þar Klöpp. Litlu austar er hlaðin steinbryggja út í Steinslæk og heitir Einarsbrygja.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 2

RA-357:024 *Bleikjalyngur* þjóðsagadraugur
“Draugurinn Bleikjalyngur bjó í Bleikjalyngsmel sunnan við Ferjuós skammt frá landamerkjum Sandhólaferju og Háfshóls.” Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 2

RA-357:025 hellir
"Í norðurenda hólaraðar sem rís upp úr mýrarflákum vestan við Safamýri um 1 km suðaustur af Sandhólaferju eru hellisleifar." "Hellirinn sem þarna hefur verið er að mestu fallinn, aðeins innsti hluti hans stendur uppi, hálffullur af hruni. Sá hluti er 9 m á lengd og 5 m á breidd. Upphaflega lengd hellisins hefur verið um 19 m. Forskáli hefur staðið framan við hann, 7 x 3 m2. Brunnur er úti í mýrinni skammt norðan hólanna. Aftan við hellinn sér fyrir hlöðu eða heystæði 7 x 8 m2. Túnblettur 75 x 100 m2 hefur verið á hólnum sunnan hellisins og virðist hann hafa verið sléttaður. Hár garður hefur verið þar um kring og stendur hann enn, víða fullur metri að hæð."
Heimildir: Manngerðir hellar, 142-143

RA-357:026 tóft
"Sunnar í hólnum [en 025] eru garðleifar og tóftarbrot og einhverjar hellulagnir syðst. Allt er þetta mun ellilegra en hellirinn."
Heimildir: Manngerðir hellar, 143

RA-357:027 tóft
"Önnur hólaröð liggur í mýrunum nær veginum milli Ferju og Háfs. Þar eru allmiklir tóftarbrot en ekki ótvíræð ummerki eftir hella."
Heimildir: Manngerðir hellar, 143

RA-357:028 *Hrafntóftir* bæjarstæði býli
"Nokkrum mílum fyrir austan Sandhólaferju eru Hrafntóftir við Ytri-Rangá." "Þar dvaldist Ketill hængur fyrsta vetur eftir komu sína til Íslands. Fékk staðurinn nafn eftir Hrafni syni Ketils, síðar lögsögumanni, er fæddist þar. Foss er í Rangá ofan við Hrafntóftir. Er sagt að þar sé járnhringur í klettinum, þar sem Ketill hafi bundið skipt sitt ..." Sennilega í landi Hrafntófta RA-420 en ekki er víst að bærinn þar hafi verið byggður á hinum fornu tóftum.
Heimildir: KK I, 155

RA-357:029 heimild
"Uppi á þessum Hamri [við ferjustaðinn] hefur því hinn forni bær staðið, rétt við ána, enn nú er hann fluttr, síðan þar tók að blása upp." "Hafa á Hamrinum fundizt ýmis kennimerki, svo sem smiðjugjall, járnrusl og eirrusl og brýni; flögu af því sá ég þar; hrossbein hafa og fundizt þar upp blásinn í þeirra manna minnum, sem nú lifa; þykir mér því líklegast, að haugr Sigmundar hafi verið á Hamrinum fyrir ofan víkina, þar sem hann mun hafa fallið, og geta hrossbeinin verið úr haugnum."
Heimildir: SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35

RA-357:030 heimild um legstað
"Sigmundr féll við Sandhólaferju, þar er haugr hans fyrir austan Þjórsá." "Hafa á Hamrinum [sjá 029] fundizt ýmis kennimerki, svo sem smiðjugjall, járnrusl og eirrusl og brýni; flögu af því sá ég þar; hrossbein hafa og fundizt þar upp blásinn í þeirra manna minnum, sem nú lifa; þykir mér því líklegast, að haugr Sigmundar hafi verið á Hamrinum fyrir ofan víkina, þar sem hann mun hafa fallið, og geta hrossbeinin verið úr haugnum." 1840: "Haugur Sigmundar, sonar Sighvats rauða, sem átti að vera fyrir austan Þjórsá á Sandhólaferju, sést ekki hvar verið hefur, er hann annaðhvört kominn á ána eða hefur máske verið austan undir hamrinum, því þar hafa fyrir skemmstu uppblásið mikið gömul hrossabein, hefði hestur hans kannske verið heygður með honum."
Heimildir: ÍF I, 349; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35; SSR, 214

RA-357:031 heimild
"Norðan til á Hamrinum (sjá 029) er jarðtorfa há, nær þrjár mannhæðir á hæð; er hún að blása upp; norðan til við jarðtorfuna hafa verið einhverjar byggingar, ekki stórar, og einhver mannvirki, sem hafa blásið upp." "Bóndinn, sem þá var á Sandhólaferju, er eg kom þar, hafði rifið þar upp grjót og flutt heim og fann hann þar forna hrosstönn og beinköggul nokkurn, mjög svo fúinn."
Heimildir: SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35-36

RA-358 Ás
100 hdr., 1709, Kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls DI XII, 7 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 218 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 61-62 [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. "Mariukirkia oc hins heilaga olafs kongs j ase ä jordina geirolfsstade er kolbeinn peturs son gaf henni." DI VI, 322. 1495. Jarðarinnar getið í testamenti Sólveigar. DI VII, 245. [1491-1518]: Máldagi kirkjunnar. "Kirkian I Ase á Jólgeirstade er Kolbeinn Petursson gaf henne. Hún á Reka er greindur Kolbeinn gaf henne. er liggur fyrer

Þyckvabæ. Enn þesse eru þar fiorumork. fyrer vestan audner I midt Burfell. enn fyrer austan tendurStika. og þadan rettsyni I þyckvabæar [biorg] Skardsfiall austanvert." DI VII, 41."Í Landnámi getur Áss í Holtum í sambandi við kristnitökuna. ... Bærinn var á tímbili nefndur Riddaraás vegna þess að Björn ríki Þorleifsson hafði átt Ás og að líkindum haft þar bú." SB V, 381. Afbýli, Hóll 10 hdr, Sel 10 hdr, Ásmundarstaðir 7 hdr., Ámúli 10 hdr., Framnes 7 hdr., Kot (í eyði) 3 hdr, Imbukot (í eyði) 3 hdr. og Hellnatún 10 hdr. Einnig eyðihjáleigan Geldnautatún. Stutt frá Hóli er eyðibýlið Jólgeirsstaðir. Ítak á jörðin í Næfurholts skógi, sc. fjórðu hverju hríslu, og er hann mjög eyddur, so varla er til kolagjörðar. Engjapláts í Ferjulandi heitri klofskella ... Item er ábúandi hjer ferjutolls frí á Snadhólaferju, þá flutningur er á. Rekafjöru á jörðin fyrir þykkvabæjarlandi, sem kölluð er Eystri Ássfjara; kirkjan hjer á og rekafjöru fyrri háfslandi, heitri Ytri-Ássfjara. Fjörufar á og þessi jörð fyrir einn mann í Stokkseyrarfjöru, krossmessna í milli á sumar." JÁM I, 364 Ás var einbýli fram til 1840, nú fjórbýli.1709: "Engjunum spillir grjót og sandur, sem Rauðilækur uppá ber í vatnavöxtum og ísa leysingu." JÁM I, 364. 1840: "Rétt góð heyskaparjörð og sæmileg hagajörð." SSR, 205 1920: Tún 10,6 ha, sléttað 5,8 ha, garðar 3400 m² , með Áskoti "Landareign Áss er víðlend, landið algróið og grasgefið, enda jarðveguri djúpur. Mest er það mýrlendi, sem nú er búið að þurrka með framræslu að stórum hluta. Víða veita ásar, hólar og rimabörð gott skjól í högum. Engjalönd voru stór, nokkuð votlend, grasspretta árviss. Þær voru véltækar að miklum hluta. Heyfengur var um 2000 hestburðir en fóðurgildi tæplega í meðallagi." SB V, 381

RA-358:001 *Ás* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:002 heimild um kirkju
ÁS Í HOLTUM (R) -Maríu, Ólafi (KÁLFHOLTSANNEXÍA)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1367]: xxxiv. Mariukirkia og hins heilaga olafs kongs j ase a iij kugillde
Vilchins maldage er hier fyllre; Hítardalsbók DI III 218
1397: a .iij. kugillde
Þar skal greida presti .iiij. merkur
Jtem hefur so micid aukist. Þriu kugilldi.
Jtem Peturs kyr.
Jtem Olafs kyr. oc gefa vndann miolkina j bædi mäl.
Jtem .vj. Peturs ær
Kirkian a reka er Kolbeinn bondi gaf henne
Jtem gaf Þuridur Kolbeinsdotter [ornamenti
fiordung j ollumm skogum þeim er fylgia Næfrahollti; Máld DI IV 61-62
[um 1480]: Olafskirkia j ase.
Mariukirkia oc hins heilaga olafs kongs j ase ä jordina geirolfsstade er kolbeinn peturs son gaf henni.
vij kyr oc skal gefa miolk vnndann einni fatækum monnum huernn miduikudag j bæde mal. iiij asaudar kugillde.
hun a reka er greindur kolbeinn bonde gaf henni er liggur fyrir þyckuabæ. Enn þesse eru þar fiorumork. fyrir vestann audnner j mitt burfell. Enn fyrir austan stenndur stika oc þadann rettsyne j þyckuabæiar biorg j skrdzfiall austannvertt.
jtem a kirkian fyrir jnnann sig et cetera.
kirkian ä fiordung j ollumm skogumm þeim er fylgia nefrahollte.
jtem gaf ormur til kirkiunnar eitt kugillde oce inn hest. nyiann duk ätta alna langann med ronndumm oc annann iiij alnna. stora munnlaog et cetera.
þar skal greida presti iiij merkur kaups.
Einginn reiknnijnngskapur gior af porcione vmm langann tijma.
jtem fiell þä einns xij manude er magnnus var radzmadurinn. vj aurar j porcionem. Máld DI VI, 322 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 123b]
[1491-1518]: As
Kirkian I Ase á Jólgeirstade er Kolbeinn Petursson gaf henne.
Hún á Reka er greindur Kolbeinn gaf henne. er liggur fyrer Þyckvabæ. Enn þesse eru þar fiorumork. fyrer vestan audner I midt Burfell. enn fyrer austan stendurStika. og þadan rettsyni I þyckvabæar [biorg] Skardsfiall austanvert.
Jtem á kirkian 12 kugillde.
Jtem I kirkiunne þrenn messuklæde. 1 kaleikur brákadur.
Jtem 2 kluckur. 2 koparhialmar.
Jtem Járnhiálmur. 2 kertapípur med kopar.
item 1 alltaresklæde.
item brún med 10 skilldum med Silfur. og 2 smápeningar milllum hvers skilldar.

item eitt glódarker. Máld DI VII, 41 [Lbs 108 4to, bl. 560]
1709: kirkjustaður; JÁM I: 363
27.5.1803: Áskirkja lögð niður, en kom þó ei til framkvæmda; (PP, 69) [konungsbréf]
20.5.1908: Áskirkja aftur lögð niður og sóknin lögð til Kálfholts; (PP, 69) [stjórnarráðsbréf]
Heimildir: Túnakort 1920; PP, 69; JÁM I, 363; DI

RA-358:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:005 *Áskot* bæjarstæði býli
Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:006 *Vörðuvað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:007 *Vörðuvað* örnefni
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:008 *Engjavað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:009 *Sigmundarvað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:010 *Sauðavað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:011 *Ísleifsvað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-358:012 *Gelldnautatún* bæjarstæði býli
1709: "Á milli þessa býlis [Imbukots RA-362] og heimajarðar túnsins var lítil hjáleiga, kölluð Gelldnautatún. Hefur ei byggð verið í 42 ár, Bygging hjelst í 4 ár." "Býli þetta var um 100 m s.v. frá Norður-Áskoti og lágu tún

saman. Bærinn stóð sunnarlega í Nautatúni og mótaði fyrri vatnsbóli hans (brunni) til skamms tíma. Þar hafa fundist hleðslur og leifar af fjósflór." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Sennilega ekki búið þar frá því á 17. öld.
Heimildir: JÁM I, 369; SB V, 387

RA-358:013 *Stekkatúnshellir I* hellir útihús **Friðlýstar fornleifar**
"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).""... í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá því um 1840 er dálítil klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhelir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir; tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall. Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera." Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist ofan há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið." "Stekkatúnshellar I og II eru í sandsteinshóli í s.k. Stekkatúni norðaustur af bæjarhúsunum. Sætermoen mældi og teiknaði Stekkatúnshelli I fyrri Einar Benediktsson árið 1915. Vegna lögunarinnar kallaði hann hellinn "Vinkelheller ved Ás". Þá var inngangurinn í hann að sunnan.

Matthías Þórðarson kom að Ási tveimur árum síðar eða 1917 og á lýsing hans af hellinum ennþá furðu vel við. Þegar hann var á ferð hafði nýlega verið gerður inngangur í hellinn að norðvestan og reistur forskáli með 10 þrepum niður. Einnig var nýleg hlaða sem byggð hafði verið yfir þann hluta hellisins sem hruninn var. Matthías segir að þegar hlaðan var gerð hafi framhald hellisins komið í ljós og lágu hvelfingabrot með höggförum á gólfinu en undir þeim um 25 cm þykkt lag af taði. Nýleg hlaða og fjárhús, hvort tveggja steinsteypt, hafa verið reist á sama stað og gamla hlaðan við hellinn stóð. Forskálarnir sem voru við inngang hellisins eru hrundir beggja vegna og þrepin inn frá þeim eru grafin í hrun. Að sunnan hefur það borist inn um innganginn í nokkrum mæli, en þó fyrst og fremst niður um strompinn. Strompurinn var lokaður með steinhellum og jarðvegi. Fyrir nokkrum árum fór hjól á hlöðnum heyvagni niður um þessa þerkju og er mikill moldarbingur þar neðan undir. hinn strompurinn er 1,4 x 1,2 m2 og sandsteinþykktin er um 40 cm. Yfir honum liggja helluleifar og þykk mold þar ofan á. Strompurinn á miðjum helli er trekmyndaður, 1,9 x 2,0 m2 neðst en ca. 0,5 x 0,5 m2 efst. Sandsteinninn er 1,10 m þykkur og þar ofan á er um 1,0 m torfhleðsla. Engin upphækkun er úti fyrir. Steinsteyptur garði, 65, cm breiður, er á miðju gólfi. Noður úr hellishluta þeim sem liggur að hlöðunni er gat eða renna á ská upp úr hellinum. Hlaðið er fyrir gatið úti. Þarna voru göng upp í hesthús sem stóð við hellinn áður en núverandi hús voru byggð. Hlaðan var hálffull af heyfyrningum þegar hellirinn var skoðaður svo ekki varð séð hvernig hellisveggirnir ganga inn í hana. Framahald er á hellinum úr hinum enda hlöðunnar. Í enda hans er gat upp úr og hefur mikil mold komið niður um það. hellirinn hefur náð mun lengra til austurs og tengdist Stekkatúnshelli II, sem er austar í hólnum en milligöngin eru fyrir löngu hrunin. Ef hellirinn hefur einhvern tíma verið samfelldur frá norðurenda Stekkatúnshellis I um hlöðuna og inn í Stekkatúnshelli II hefur hann verið um 80 m langur og þar með lengstur allra manngerðra hellar á landinu. Þetta er hellirinn sem sóknarlýsingin frá um 1840 segir að hafi tekið upp undir 100 fjár og 60 hestburði af heyi. hugsanlegt er að hann sé einn af þeim hellum sem hrundi í skjálftunum 1896. Eftir það hefur hlaðan verið byggð yfir opið. Á 20. öld voru kindur hafðar í suðurálmu hellisins. Hrútar og tryppi voru höfð í norðvesturhlutanum inni við hlöðuna. Í austurenda hellisins, austan við hlöðuna, voru lömg. Við hlöðuna var hesthús fram yfir 1950. Þá var hlaðan endurbyggð og fjárhús reist við hana. Þeim var breytt í refaskála á 9 áratugnum. Hætt var að nota hellinn milli 1950 og 1960."
Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130-132

RA-358:014 *Stekkatúnshellir II* hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).""... í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá því um 1840 er dálítil klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhelir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár

á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir; tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall. Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera." Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist ofan há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. ... Stekkatúnshellir II. Um þennan heli er litlu við að bæta umfram það sem grunnmyndin sýnir. Hann er í stuttu máli sagt ónýtur. Lýsing Matthíasar Þórðarsonar á honum er fremur óskýr en þó má vel þekkja hann. Húsin sem þá stóðu við hellinn eru nú öll fallin. Halða sem Matthías sagði nýlega árið 1917, og byggð var yfir miðhluta hellisins, er nú þekjulaus en hlaðnir grjótveggir hellar standa að töluverðu leyti enn. Síðast voru kindur í honum. Hann féll úr notkun 1964, síðastur allra hella í Ási. Á síðustu árum hefur ruslu verið hent í hellinn í nokkrum mæli og sennilega færi best á því að hann yrði nýttur þannig meðan rúm leyfir."
Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130-133

RA-358:015 *Skollhólsahellir* hellir útihús **Friðlýstar fornleifar**
"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).""... í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá því um 1840 er dálítil klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhelir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir; tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall. Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera." Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist ofan há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið."

"Skollhólahellir. Utan túns að Ási, um 1800 m norð-norðaustur af bæjunum, standa sandsteinshólar upp úr víðáttumiklu mýrlendi. Þeir nefnast einu nafni Skollahólar, ein einstakir hólar og hólaþyrpingar bera eigin nöfn. Hellishóll heitir einn hóllinn. Þar eru mikil ummerki mannlegra athafnasemi, tóftarbrot, hellar og garðlög. Langmesta mannvirkið þarna er Skollhólahellir, gripahús mikið og fornt. Matthías Þórðarson lýsti Skollahólahelli og mældi stærð hans. Þó eru einkennilegar gloppur í lýsingunni, einkum hvað varðar ristur og letur á veggjum. Skollhólahellir er hið haganlegasta hús en þó engin listasmíði. Hann stendur enn allvel þótt úr honum séu allar hurðir en nokkurt hrun hefur nýlega orðið úr þaki hans og hleðslum. Aðalhellirinn stefnir nálægt því í austur-vestur og er nú um 25 m að lengd, en 3-5 m á breidd. Við vestruenda hans gengur afhellir á ská norðvestur frá aðalhellinum, nálægt 7 x 3 m2. Hæð hellisins er á bilinu 1,7-2,3 m en ef jarðvegi og taði væri mokað af gólfi hans, myndi hann eflaust dýpka allnokkuð. Óljós dæld er í hólinn út frá vesturenda hellisins, um 10 m löng. Ef til vill er þetta fallin þekja og hefur hellirinn þá upprunalega náð lengra til vesturs. Fjórir inngangar eða dyr eru á Skollahólahelli en ekki munu þó nema einn eða tveir hafa verið í notkun samtímis. Stærsta opið er á vesturenda. Þar má ganga niður í hellinn og stendur og stendur gólfið 1,5-2,0 m lægra en opið. Á síðari tímum hefur þetta op alltaf verið lokað með sandsteinshleðslu sem nú er fallin. E.t.v. hefur það aldrei verið notað sem innangur því fast þar innan við eru mjóar dyr í suðvegg hellisins. Þar er tröppur upp að fara, 8 þrep segir matthías Þórðarson, en þær eru nú grafnar í mold og fallna steinhleðslu sem í dyrunum hefur verið. Hermann Guðjónsson, sem fæddur er í Ási og uppalinn þar, segir að inngangur þessi hafa ekki verið notaður á allrasíðasta brúkunarskeiði hellisins en þó örugglega fram á fjórða áratuginn. Gróið hefur fyrir opið að utan og sjást þar aðeins óljós merki um dyr en umhverfis sér fyrir hleðslum að forskála, 4 x 4 m2. Nú er þessi inngangur að opnast á ný og komið gat á jarðvegsþekjuna. Þriðji inngangurinn er nálægt hinum enda hellisins, einnig á suðurvegg. Um hann hefur búfénaður farið. Allmörg þrep er þar upp að ganga. Sams konar forskáli hefur verið þar úti fyrir og við vestari innganginn en tætturnar eru nokkuð óljósar. Vegna erfiðleika við að koma taði upp þrepin úr hellinum var á seinni hluta fjórða áratugarins gerður nýr inngangur gegnt eystri forskálanum, þar sem hægt var að koma börum og hestakerru við, að sögn Hermanns Guðjónssonar. Þá var gamla innganginum lokað með bárujárni og tyrft yfir. Nú er þessi þekja fallin og grjót og jarðvegur hylja þrepin. Yngsti inngangurinn er heldur lágur og óvandaður og á síðustu árum hefur orðið allnokkurt hrun úr loftinu við hann. Tveir strompar eru á hellinum. Við vestari strompinn eru 3 m frá gólfi og upp úr en loftþykkt er 1,4 m. Við eystra opið eru 4,0 m frá gólfi og upp úr en loftþykktin er 1,8 m. Hleðsla er innan í þessum strompi. Engar upphækkanir sjást lengur við strompana úti á hólnum en fyrrum voru þær til staðar.

Lag hellisins er hið sígilda form ofan til en neðar eru þeir grafnir inn undir sandsteininn neðst fyrir jötur. Axarför eru um alla hvelfinguna og niður á miðja veggi en máð burtu þar fyrir neðan. Fyrir miðjum

norðurvegg gengur hellirinn mjög út undir sig, og er það breiður og lágur sveigur inn undir bergið, líklega afleiðing hruns. Leifar af hellujötum sjást með báðum veggjum. Jatan norðan megin er tiltölulega heilleg. Hún er úr basalthellum sem raðað hefur verið upp á rönd. Breidd hennar er 60-70 cm, nema þar sem sveigurinn er í vegginn, þar er hún allt að 2,25 m breið. Við suðurvegg vottar fyrir sams konar hellujötu. leifar af tréverki sjást við jöturnar sem hefur átt að verna því að skepnurnar træðu upp í þær. Steypt drykkjarker er hálfgrafið í hrun við nýjustu dyrnar. Þar er og brunnur undir hruninu. Brunnurinn var garfinn árið 1929. Austurendi hellisins virðist yngri en vesturendinn, t.d. ber þar mun meira á meitil- og axarförum á vegjum. Um afhellinn er fátt að seja. Hann er lítill miðað við aðalhellinn. Grópir eru í veggina beggja vegna í mynninu fyrir skilrúm sem þar hefur verið. Baggagat er í loftinu ferhyrnt, 1,4 x 1,6 m2 og hleðsla í því ofan á sandsteininn. Hæðin mjókkar upp þannig að opið í torfþekjuna úti á hól er 1 x 1 m2. Hermann Guðjónsson segir að sökum smæðar afhellisins hafi jafnan verið sett hey í vesturenda aðalhellisins. Í honum hafi verið hlaðinn veggur þar sem hann er mjóstur milli strompanna. Á þeim tíma var einnig trégarði eftir miðjum austurhluta hellisins að endilöngu. Garðanum var skipt í tvennt, sá eystri var tæplega 5 m að lengd og náði fast austur af gafli hellisins, sá vestari var 9-10 m að lengd og um 80 cm gangur á milli þeirra. Einnig var um eins metra bil frá innri enda lengri garðans að heyhellisvegg. Ekki sést tangur né tetur eftir af þessum görðum nú né milliveggnum. Garðarnir voru fjarlægðir á seinni hluta 4 áratugarins um leið og dyrnar voru settar á norðurvegg hellisins. hermann telur að á 19. öld hafi hellirinn verið hafður undir sauði. Þeir voru miklu léttari á fóðrum en ær og gæti hafa nægt sá vetrarforði sem komst í afhellinn. Grópirnar þar í mynninu kunna að vera frá þeim tíma. eftir að sauðabúskapur lagðist af hafa ær verið hafðar í Skolhólum, en þá hefur jafnframt orðið að taka hluta af aðalhellinum undir hey. Vorið 1909 varð sú breyting í Ási að þriðju bóndinn hólf þar búskap svo þar var þá þríbýli, en hafði verið tvíbýli frá 1840. Segir Hermann að einn Ásbænda hafi verið með ær sínar í hellinum til vors 1945. Síðan þá hafi hann ekki verið notaður. Allmikið er um stafi og ristur á hellisveggjunum, einkanlega kringum mynni afhellisins. Þetta eru mjög misgömul verk, sum alveg ný, önnur fornleg mjög, máð og mosavaxin. ... Hér eru vafalítið rúnir þær sem minnst er á í sóknarlýsingunni frá um 1840. Ekki er víst að krossarnir tengist letrinu neitt, en þó eru þeir fornlegir eins og það og virðast síst yngri. Fltöruinn undir letrinu hefur verið sléttaður áður en það var rist og er hér því ekki um neitt handafólskennt krot að ræða. Flöturinn er 50x 30 cm2 og stærstu stafnirnir allt að 6 cm háir."

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130, 133-137

RA-358:016 *Litlihellir* hellir útihús **Friðlýstar fornleifar**

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).""... í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá því um 1840 er dálítil klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhelir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir; tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall. Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera." Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist ofan há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið."

"Litlihellir í Skolhólum. Í vesturenda Hellishóls gengur rani til norðurs, jafnhár hólnum. Í norðurenda ranans var gerður fjárhellir inn í sandsteininn, 6-7 m langur, 4 m víður og 2 m á hæð. Guðjón Jónsson bóndi í Ási II (1909-1954) gerði hellinn á öðrum áratug aldarinnar. úti fyrir hellismunnanum var hlaðinn forskáli úr sandsteinum sem höggvinn var til úr uppgreftri hellisins. hann var tæplega 3 m langur, 1,5 m hár og 1 m víður. Gólf hans var hallalaust, í jarðhæð, og gengur niður eina tröppu í hellinn. Þar voru fóðraðar veturgamlar ær og hellirinn því ýmist kallaður Gimbrahellir eða Litlihellir til aðgreiningar frá Skollahólahelli. Lengst af var trégarði í hellinum miðjum að endilöngu en á fjórða áratugnum var garðinn rifinn og jötus settar með veggjum. hellirinn rúmaði 20 kindur. Síðan hæt var að nota hellinn hefur mikið hrunið úr lofti hans út við munann og hann styst svo mjög að nú er hann líkari hellisgjögri en því fallega húsi sem hann áður var. Árið 1928 var heyhlaða reist uppi á hólnum. Hún snéri í norður - suður svo norðurgafl hennar var við suðurgafl hellisins. Enginn gangur var þó þar á milli. Hún var grafinn í hólinn niðru á berg og þar ofan á sett trégrind með háu risi, klædd bárujárni. Nú er hlaðan horfin en tóftir sýna hvar hún var."

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130, 137-138

RA-358:017 *"Áshellir, Heyhellirinn eða Þinghellirinn gamli* hellir útihús **Friðlýstar fornleifar**

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og

hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).""... í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá því um 1840 er dálítil klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhelir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir; tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall. Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera." Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist ofan há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið." "Áshellir, Heyhellirinn eða Þinghellirinn gamli. Stærsti og e.t.v. merkilegasti hellirinn í Ási var Heyhellirinn eða Þinghellirinn gamli, stundum nefndur Áshellir og er það nafn notað hér. Þessi hellir er ekki lengur til. Þegar nýtt íbúðarhús var byggt á jörðinni um 1952 lenti hann í grunni þess, þótt friðlýstur væri. Á síðustu öld og fam eftir þessari var hellinn lengst af notaður sem heyhlaða við fjósið. ... Hlóðir og aska fundust þar eitt sinn í föllnum afhelli að sögn Matthíasar Þórðarsonar. Mannabústaður hefur hann vþí e.t.v. verið um eitthvart skeið. Innangengt var úr gamla bænum í Ási í hellinn. Þar var hola í kjallaranum, sem Grotta kallaðist, og op úr helli í hellinn. Um aldamótin 1900 voru manntalsþing háð í Áshelli, þó ekki nema einu sinni eða tvisvar. Um það leyti féll allmikið stykki úr hellisloftinu svo ekki þóti forsvaranlegt að stenfa þangað fjölmenni. Um aldur Áshellis er lítið vitað. Ártalið 1756 sem krotað var á hellisvegginn er vísbending um lágmarksaldur hans en sennilega er hann miklu eldri og ævaforn. Eftir lýsingu Matthíasar Þórðarsonar að dæma bar hann þess merki að hafa verið mun stærri fyrrum og hefur líklega oft verið endurgerður og mótaður af breytilegum þörfum frá kynslóð til kynslóðar."

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130, 138-139

RA-358:018 hellir útihús

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"Biskupshóll er norður af Stekkjartúninu í Ási. Hermann Guðjónsson frá Ási segir að hellir hafi verið norðvestan í hólnum, 12 fermatrar að stærð. Þetta var þurr og þrifalegur hellir sem gengið var niður í um eina tröppu. Í hellinum voru jafnan tryppi, 5-6 talsins, og vetrarforði af heyi fyrir þau. Sú sögn fylgir hellinum að við hann hafi Skálholtsbiskupar slegið upp tjöldum í vísitasíuferðum. Um miðja þessa öld var hóllin lækkaður og hellirinn fylltur upp."

Heimildir: SB V, 381; Manngerðir hellar, 138

RA-358:019 *Lambhellir* hellir útihús

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

"Lambahellir er austan í bæjarhólnum og ekki aðgengilegur. Fyrir framan hann er braggaræksni og hellirinn sjálfur er fullur af drasli. Matthías Þórðarson mældi hann upp og lýsir honum í alllöngu máli. Hann var þá um 10 m að lengd og 6 m þar sem hann var breiðastur og með tvo strompa í lofti. Hann var lambhús og hafði hvort býlið í Ási sinn hluta hellisins. Hlaða var við hann og tveir forskálar. Matthías taldi að hann væri endi á helli sem hefði verið mun stærri fyrrum. Hugsanlegt er að hellarnir í bæjarhólnum í Ási hafi tengst bæjarhúsunum og hver öðrum með einhverjum hætti."

Heimildir: SB V, 381; Manngerðir hellar, 142

RA-358:020 hellir útihús

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

Heimildir: SB V, 381

RA-358:021 hellir útihús

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og

hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."
Heimildir: SB V, 381

RA-358:022 hellir útihús
"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."
Heimildir: SB V, 381

RA-358:023 heimild um myllu
"Vatnsknúin kornmylla fyrir Ásbæi var sett upp 1911, rétt norðan gömlu heimreiðarinnar sem lá að bænum sunnan bæjarhólsins." Segir í örnefnalýsingu. "Mylluna reisti Siguður Símonarson vinnumaður í Ási. Hún var aflögð 1915."
Heimildir: SB V, 381

RA-358:024 *Ásgarður* bæjarstæði bústaður
"Ásgarður var grasbýli frá Ási I." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Hjónin Sigurður Guðbrandsson, f. 1879, og Kristín Benediktsdóttir, f. 1878, byggðu sér lítinn, snotran bæ norðarlega á Ásgarðssléttu sem var ofan við túngarðinn í Vestur-Áskoti. Þetta gerðist 1908 og þarna bjuggu þau hjónin til 1915. Býlinu fylgdi 2/3 ha, lands, sem þau ræktuðu í kálgarð og tún. Engar engjar fylgdu ... Við brottfor þeirra [ábúandanna] voru húsin rifin og bæjartóftirnar jafnaðar við jörðu. Þar er nú ofurlítil hæð í túninu." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 388

RA-359 Ásmúli
10 hdr 1708. 1840: "Þar er reytingsheyskapur." SSR, 205 1920: Tún 2,5 ha, sléttað 1 ha, garðar 1020 m² . "Þetta er fremur landlítil jörð og var áður fremur votlend en þó þurrir bakkar meðfram Steinslæk og Hrútsvatni, stóru stöðuvatni við túnfót sem er hin mesta bæjarprýði." SB V, 390

RA-359:001 *Ásmúli* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:005 *Ásmúlavað/Lækjarmótavað* heimild um vað
"Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320

RA-360 Framnes
7 hdr 1708, byggt úr landi Áss.
1840: "... sæmileg heyskaparjörð." SSR, 205 1920: Tún 2 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 740 m² . "Jörðin er landlítil, hæg og notarleg til búskapar, jafnlend með aflíðandi halla, klettáttum ásbrúnum og gróðursælum brekkum. Víðast hvar er djúpur jarðvegur svo allt land er ræktanlegt. Var fremur blautlent, meiri hlutinn mýrlendi sem nú er búið að grafa fram og þurrka að mestu." SB V, 389

RA-360:001 *Framnes*bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:004 heimild um mógrafir
Að sögn Sunnlenskra byggða var mótak á jörðinni.
Heimildir: SB V, 389

RA-361 Vesturkot (Suðurkot)
Kot byggðist úr landi Áss, í eyði árið 1709, þá í eyði í 3 ár. Býlið í byggð til 1946.

RA-361:001 *Vesturkot (Suðurkot)* bæjarhóll bústaður
"Bæjarhúsin stóðu rúmlega 100 m s.v. frá Geldnautatúni ... Öll útihús hafa verið jöfnuð við jörðu en íbúðarhúsið er notað sem sumarbústaður." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 388

RA-362 Norðurkot
Byggt úr landi Áss, einnig nefnt Imbukot. Í eyði 1709, síðan 1690. "Býli þetta var rúmlega í 200 m fjarlægð norður af Ásbænum, 3 hundruð að fornu mati." Í eyði frá 1902. SB V, 386

RA-362:001 *Norðurkot* bæjarhóll bústaður
"Bæjarhúsin stóðu á svonefndu Norðurtúnskoti, nálægt miðju þess. ... Frá því um 1828 og rúmlega út öldina var það lengstum í byggð. ... Þar er nú lág bunga í túni sem bærinn stóð." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 386

RA-363 Hellnatún
Byggt úr landi Áss, nú tvíbýli. 1709: "Engjum spillir Rauðilækur með möl og sandi." JÁM I, 368. 1840: "... sæmileg heyskaparjörð." SSR, 205 1920: Tún 2,5 ha, sléttað 1 ha, garðar 120 m²

RA-363:001 *Hellnatún* bæjarhóll bústaður
1709: Hellir er innar af bænum, brúkaður fyrir búr og eldivið ..." "Í sóknarlýsingu frá um 1840 segir um hellana: "Í Hellnatúni eru víst 4; einn er innanbæjar, brúkaður fyrir búr. Á þeim merkilegasta, hann er 12 faðm, á lengd, í lögin innan eins og skip á hvolfi, eru dyrnar saman fallnar; þar er sagt að hafi verið nógar rúnir á ristar."
Heimildir: Túnakort 1920; JÁM I, 368; Manngerðir hellar, 124

RA-363:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-363:003 hellir fjárhús
1709: "... annar [hellir] í túninu, fyrir lömb ..."
Heimildir: JÁM I, 368

RA-363:004 hellir fjárhús
1709: "... annar [hellir] í túninu, fyrir lömb, þriðji skamt frá bænum brúkaður fyrir fjárhús."
Heimildir: JÁM I, 368

RA-363:005 heimild um mógrafir
Í Sunnlenskum byggðum segir að mótak hafi verið á jörðinni.
Heimildir: SB V, 382

RA-363:006 hellir **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1

smágjörgur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70

RA-363:007 hellir **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjörgur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70

RA-363:008 hellir **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjörgur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið."
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70

RA-363:009 *Lambhellir-Ærhellir* hellir hlaða
"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. Inngangur Lambahellir er nú úr heyhlöðu. Hellirinn er ekki í notkun lengur en var lengst af hafður undir hey."
Heimildir: Manngerðir hellar, 124-126

RA-363:010 *Gimbrahellir* hellir lambhús
"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. ... Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss." "Forskálinn að Gimbrahelli er hlaðinn úr sandsteini og skáröðuðum basalthellum með torfþaki, bárujárn er undir. Sex mikil helluþrep eru niður í hellinn. Hann beygir um 40 gráður til vinstri inn frá þrepunum. Hellisveggurinn er um 80 cm hár út undir þakinu sem er óreglulega bogadregið. Þakið lækkar niður að innganginum, er þar 1,5 m en er annars 1,6-2,0 m, hæst í kringum strompinn, sem er hringlaga, 1,2 m neðst en mjókkar upp og er 0,7 m efst. Þykkt sandsteinsins í strompinum er 50-60 cm. Þar yfir er snyrtileg torfhleðsla. Trégarði á steinhleðslu er í miðjum helli og nær frá gafli og út fyrir stromp. Fyrir helisgafli er gömul torfhleðsla sem lokar af innsta hluta hellisins. Hægt er að reka prik inn með helli og hellisloftinu um 1,5 m. Þarna virðist vera gamall útgangur og er lægð í hólinn úti fyrir. Til hægri við innganginn er tréjata sem myndar jafnframt skilrúm milli króarinnar og hlöðu. Fyrir jötuendanum eru óvandaðar dyr inn í hlöðuna. Þar er nú nokkurt hey. Fremri endi hlöðunnar er undir sandsteinsþaki en innri hluti hennar er opinn. Þar er sandsteins- og torfhleðsla ofan á sandsteininum. Yfir er síðan burstalaga bárujárnsþak. Gimbrahellir er ennþá í notkun sem lambhús."
Heimildir: Manngerðir hellar, 126-129

RA-363:011 *Bolhellir*hellir fjárhús
"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. ... Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss." "Bolhellir er í fullri notkun. Nú eru kindur hafðar í honum en áður voru þar hestar enda er hellirinn stundum nefndur Hesthúsið. hellismuninn er víður og er hesthúsið byggt framan við hann er hellirinn sjálfur er halað. hesthúsið er hlaðið, að mestu úr sandsteini en einnig úr basalthellum, sums staðar röðuðum (skáhlöðnum). Burstalaga bárujárnsþak er yfir. óvandaður trégarði myndar skilrúm milli húss og hlöðu. Gólf hellisins er nokkru lægra en gólfið í húsinu. Fremst til vinstri í honum er útskot inn í vegginn og þar í er fallinn hleðsla. Innst í horninu vinstra megin er mikil torfhleðsla sem lokar af hella tvo. Sá fremri gengur nokkuð hornrétt inn til vinstri og er fullur af mold. Fast innan við þennna ranghala má sjá yfir torfhleðsluna langan afhelli, 6-8 m, og ekki víst að sjáist inn í botn. Fremst, yfir torfhleðslunni, sér fyrir opi úr hellinum. Strompurinn er víður og jafn upp úr, 1,0-1,1 m í þvermál, sandsteinsþykktin er 40-50 cm. þar ofan á er hlaðið sandsteini og smáhellum á ská, 40-50 cm á þykkt, og yfir er bárujárnslok. Þak hellisins er tvíbogmyndað. Annar boginn hefur sömu stefnu og lokaði afhellirinn en hinn eins og aðalhellirinn. Smá brík gengur niður úr þakinu milli boganna. Engar álegtranir eru á veggjum en járnlykkjur tvær eru á einum stað í hellisvegg."
Heimildir: Manngerðir hellar, 129

RA-363:012 *Gjögrið* hellir
"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. ... Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss." "Gjögrið er í sama hól og Gimbrahellir og Bolhellir. Það er augljóslega bláendinn af föllnum helli. Skorningur sem liggur niður frá gjögrinu sýnir hvernig þessi hlelir hefur legið. Áður voru þar hænsni en nú er það notað sem ruslgjóta."
Heimildir: Manngerðir hellar, 129

RA-363:013 heimild
"Fyrir norðan túngarðshliðið er Stöðull. Þar voru kýrnar mjólkaðar á sumrin, og þar voru hafðar færikvíar, þar sem ærnar voru mjólkaðar um fráfærur. Margrét man eftir fráfærum; hún hefur verið u.þ.b. 10 ára, þegar þær voru lagðar niður. Fjárrétt á Stöðlinum stendur enn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 5

RA-371:027 *Móagirðing* örnefni
"Norður af Stöðlinum var þýfður mói, alltaf nefndur Mói. Hann var seinna hakaður (plægður) í tún, og er nú lítið eftir af honum, en kölluð þar Móagirðing; er gott tún og grasgefið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 5

RA-371:028 *Upp í mó* heimild um mógrafir
"Norður af Móanum er Mýri, ekki blaut. Þar var mórinn tekinn, alltaf kallað Upp í mó. Þarna fékkst mikill og góður mór." Segir í örnefnalýsingu. "Voru einar 6 stungur ofan af og mórinn sjálfur 12-13 stungur. Ekki var

látið á aðra bæi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 5

RA-371:029 heimild um stekk
"Hátt holt þar fyrir ofan [028] og fyrir norðvestan Bæjarholt heitir Skjólholt. Mjög skjólsamt er þar. Stekkur var aðeins vestan við holtið, og sést fyrir honum enn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 5

RA-371:030 heimild um leið
"Austan við Skjólholt [sjá 029] er Tíðholt. Götur lágu yfir það mitt, og var þar farið til kirkju." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 5-6

RA-371:031 tóft sel
"Selholt er hátt og stórt holt norðvestur frá Tíðholti [sjá 030]. Tíðholt nær alveg að Selholti, vesturendi þess er milli Selholts og Skjólholts. Fyrir vestan Selholt og suður af því er mikil mýri. Sel var í vestur- eða suðurenda Selholts, og sjást enn veggjabrot." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 6

RA-371:032 varða landamerki
"Norðaustur af Selholti er slægjuland, sem nefnt er Flóð. Flóðin eru hinum megin við þjóðveginn. Talað var um að fara "Upp Í Flóð". ... Vestan við Flóðin er Vatnsstæðisholt, einnig ofan við veg. Þar er ekki mjög stórt. Í því er steinn eða varða, sem er á landamerkjum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 6

RA-372 Hamar (syðri)

30 hdr., 1709. 1534/1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1397: Máldagi kirkjunnar. "a .xc. j heimalandi. portio Ecclesiæ vm .xix. är mork oc hundrad." DI IV 60 1534: Ögmundur biskup selur jörðia fyrir 30 hndr. DI IX, 695. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57} "Eru þrír bæri aðskildir liggja tveir samtýnis, þriðji stendur í túnhorninu, sem kallast Hamra Hooll." JÁM I, 358. "Í hinni gömlu Syðri-Hamratorfu eru 3 bæir, Syðri-Hamrar I og II og Hamarhóll. Bærinir standa í skjóli sunnan undir lágri hamrabrún skammt ofan Steinslækjar."SB V, 358-359 1709: "Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur lángur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði segir." JÁM I, 360. 1920: Tún 4,3 ha, sléttað 1,3 ha, garðar 2160 m²

RA-372:001 *Hamar (syðri)* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:002 heimild um útkirkja
HAMRAR Í HOLTUM (R) -Tómasi eb - HÁLFKIRKJA1397: a .xc. j heimalandi.
portio Ecclesiæ vm .xix. är mork oc hundrad; Máld DI IV 60{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57}
Heimildir:

RA-372:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:007 mannabein legstaður
Fornleifafundurá Syðri-Hömrum, Ásahreppi: Úr fornleifaskýrslu séra Brynjólfs Guðmundarsonar í Kálfholti (einnig til í dönskum útdrætti Finns Magnússonar í Lbs. 268 fol.): "Segja menn mér, að fundizt hafi á næstliðinni öld utan til í stórum hól í Syðri-Hamra túni, kölluðum Leynhól, í öðru sinni spjót, en öðru sinni öxi og einu sinni

skeifa með 6 götum. Öxin er enn nú til á Syðri-Hömrum, brúkuð fyrir skógaröxi. Nefndan hól er mér sagt, að menn hafi einhvorn tíma leitazt við að grafa upp, en hafi hindrazt fyrir missýningar." Ekki virðist örugglega mega telja fund þennan til kumla, þótt rétt þyki að geta hans að nokkru.
Heimildir: KEKH,

RA-372:008 *Kolavatn* örnefni kolagröf
Landamerki: "Landamerki að austan eru samliggjandi Húsamörkum, upp í Grástein, framan við Vatnsstæðisholt, þaðan beina línu í svonefndan Lónbotn, þaðan í Kálfalæk, en svo nefnist lækur, sem rennur austan við túnið í Kálfholtshjáleigu. Þessi lína liggur yfir endilagt Kolavatn og þaðan í rima neðan við Gónholt, þaðan í vörðu á rifi efst í Sauðholtsnesi, svo þaðan í rima suður við Steinslæk, en þaðan ræður lækurinn mörkum."
Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 1

RA-372:009 varða landamerki
Landamerki: "Landamerki að austan eru samliggjandi Húsamörkum, upp í Grástein, framan við Vatnsstæðisholt, þaðan beina línu í svonefndan Lónbotn, þaðan í Kálfalæk, en svo nefnist lækur, sem rennur austan við túnið í Kálfholtshjáleigu. Þessi lína liggur yfir endilagt Kolavatn og þaðan í rima neðan við Gónholt, þaðan í vörðu á rifi efst í Sauðholtsnesi, svo þaðan í rima suður við Steinslæk, en þaðan ræður lækurinn mörkum."
Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 1

RA-372:010 álagablettur
"Í klettunum fyrri ofan bæina eru tvær gráviðarhríslur, og var það gömul trú, að ekki mætti við þeim hreyfa, og sagt ef slitin væri grein af þeim, þá dæi einhver á bænum, en við hvert barn, sem fæddist, yxi á þeim ný grein." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 1

RA-372:011 heimild um huldufólksbústað
"Sagt er, að huldufólk búi í klettunum fyrir ofan Hamra, og oft hafi sézt þar ljós, þegar skyggja tók." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 2

RA-372:012 *Engihólavað* heimild um vað
Samkvæmt örnefnakorti er þetta vað á Steinslæk.
Heimildir: Örnefnakort

RA-372:013 *Stekkur* heimild um rétt
Samkvæmt örnefnakorti var rétt sem hét Stekkur í landi jarðarinar.
Heimildir: Örnefnakort

RA-372:014 *Torfholt* örnefni rista
Samkvæmt örnefnakorti var Torfholt móaholt út við Kálfalæk.
Heimildir: Örnefnakort

RA-372:015 *Hreinstóft* heimild um fjárhús
Samkvæmt örnefnakorti var Hreinstóft smá sauðakofi.
Heimildir: Örnefnakort

RA-372:016 heimild um leið
1709: "Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur lángur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði segir."
Heimildir: JÁM I, 360

RA-373 Hamarhóll

30 hdr., 1709. "Eru þrír bæri aðskildir liggja tveir samtýnis, þriðji stendur í túnhorninu, sem kallast Hamra Hooll." JÁM I, 358. "Jörðin er í meðallagi að stærð, votlend að mestu en landið svo til allt ræst fram og grafið." SB V, 157 Innan landamerkja sem tilgreind eru í RA-372 1708: "Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur lángur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði segir." JÁM I, 360. 1840: "... góðar heyskaparjarðir, en magrir hagar." SSR, 205. 1920: Tún 2,2

ha, sléttað 1 ha, garðar 980 m²

RA-373:001 *Hamarhóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-373:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-373:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-373:004 *Leynihóll* álagablettur
"Þar í túninu austan við bæinn er hóll, sem nefnist Leynihóll. Um hann er sú sögn, að við honum megi ekki hreyfa." Segir í örnefnalýsingu. "Einhvern tíma átti að grafa þar fyrri hellir (svo), og sýnist mönnum þá bærinn standa í björtu báli, og var þá hætt við það verk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 1

RA-373:005 *Vaðstykki* örnefni vað
" ... en neðan með læknum [en Stóraflóð] koma svo Leirrófur og svo Brýnisdælur, svo Vaðstykki ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 1

RA-373:006 *Hreinstótt* heimild
"Fram með læknum, utan við engjarnar, er svokallað Nes; efst í Nesinu er Krókflóð og Austurflóð og Vesturflóð. Vestan við flóðin er Hreintótt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 1

RA-373:007 *Torfholt* örnefni rista
"Vestan við Miðás er Gónholt, en upp að Kálfalæk er svokallað Torfholt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:008 *Gildrulækur* örnefni refagildra
"Þar austur af [005] eru Ytribjörg og Estribjörg. Austan við Björgin er lækur, kallaður Gildrulækur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:009 *Stekkur* örnefni stekkur
"Þar austur af [005] eru Ytribjörg og Estribjörg. Austan við Björgin er lækur, kallaður Gildrulækur. Austan við hann er Stekkjarholt og Stekkjarmýri. ... Austan við Gildrulæk er Stekkur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:010 *Hamraholt* bæjarstæði býli
"Holtið ofan við bæinn heitir Hamraholt. Var þar áður samnefnt býli." Segir í örnefnalýsingu. "Hamraholt var býli er Sigurður Þórðarson byggði 1861 á holtinu sem Syðri-Hamrabæirnir standa sunnan undir." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Sigurður hlóð þar túngarð og ræktaði smátúnblett og kálgarð. Slægjur og beit fékk hann hjá nábúum sínum. Sigurður bjó þarna með konu sinni, Málfríði Guðmundsdóttur, til 1879. Þá hættu þau búskap þar og býlið fór í eyði." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2; SB V, 356

RA-373:011 *Lambhúsklettur* örnefni lambhús
"Bót nefnist mýrin fyrir vestan Hamrahól, en fyrir ofan bæinn er stakur klettur, sem heitir Lambhúsklettur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:012 *Réttaklettur* örnefni rétt
"Bót nefnist mýrin fyrir vestan Hamrahól, en fyrir ofan bæinn er stakur klettur, sem heitir Lambhúsklettur. Vestan við hann er vik, sem heitir Kaplaskjól, en vestan við það er Réttaklettur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:013 gripir

“Í Hamrahólstúni stendur hóll, nefndur Leynihóll, og er í munnmælum að þar hafi einhvörn tíma verið bardagi, þar hefur líka fundizt rúml(ega) fyrir mannsaldri öxi; af henni mun eyfið vera hjá hreppstjóra Árna Jónssyni á Hofi á Rangárvöllum, og lítið spjót, úr hvörju smíðaður hafi verið gæruhnífur. Þar eru menn að geta til að haugur sé í hólnum, hafa menn reynt að grafa í hólinn á 2 stöðum, en hindrast af einhvörjum töfrum eða hvað ég á að kalla það, samt meina ég það eins og hálfreynt.”
Heimildir: SSR, 214

RA-374 Sauðholt

10 hdr 1709. “beit á jörðin í Kálfholts landi fyrir engi, so sem áður um getur, en sagt er landsdrotnar vilja eiga 8 vikna beint, mánuð á sumar og annan um vetur á Kálfholtsland.” JÁM I, 362. Í eyði frá 1947. 1709: “Túninu grandar sandur, sem á það fýkur frá Þjórsá.” JÁM I, 362. 1920: Tún 6 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 1380 m² . “Tún voru slétt og fremur grasgefin, engjar sæmilega góðar og að nokkru véltækar, hagabeit ágæt og garðland gott.” SB V, 352

RA-374:001 *Sauðholt*bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-374:002 heimild um mógrafir
Í Sunnlenskum byggðum segir að mótak sé í landareigninni.
Heimildir: SB V, 352

RA-374:003 *Brúarós* örnefni brú
“Norðvestan við túnið er Háibakki, og þar fyrir ofan, upp með Þjórsá, er Brúarósholt og Brúarós ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 1

RA-374:004 heimild um fjárhús
“Fyrir vestan Nesbrún, framan til sauðahúsið ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 1

RA-374:005 *Byrgi* örnefni
“Einnig eru á Eyrunum tveir hólar, er nefnast Byrgi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:006 *Lambhúsdæl* örnefni lambhús
“Austan við túnið að framanverðu er Lambhúsdæl ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:007 *Þrasbraut* gata leið
“Þrasbraut nefnast götutroðningar, er liggja fram að Steinslæk, meðfram Sláttudæl og Stóraflóði að austan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:008 *Rimavað* heimild um vað
“Vöð á Steinslæk eru þrjú, austast er Rimavað, þar fyrir vestan Hemjutangavað, og loks Prestsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:009 *Hemjutangavað* heimild um vað
“Vöð á Steinslæk eru þrjú, austast er Rimavað, þar fyrir vestan Hemjutangavað, og loks Prestsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:010 *Prestsvað* heimild um vað
“Vöð á Steinslæk eru þrjú, austast er Rimavað, þar fyrir vestan Hemjutangavað, og loks Prestsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-375 Kálfholt

40 hdr. 1696, 1705. 30 hdr. 1847. Kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7. [1332]: Máldagi kirkjunnar. “a Þridiung j heimalandi” DI II 698-699 [1367]: Máldagi kirkjunnar: “a heimaland alltt x kyr lx asaudar. iiij hross” DI III 218 [1371]: Ma´ldagi kirkjunnar. “a heimaland allt” DI III 268 1386: Máldagi kirkjunnar. “Jtem gaf kolbeinn petursson fertuga grof j krokz jord æfinnliga og Þerrivollinn vnder ad frialzu.” DI III, 394 1397: Máldagi kirkjunnar: “a heimaland allt” DI IV 60. 1397: Máldagi kirkjunnar DI IV 87 1398: “Pontianus Ólafsson afhendir Oddi Ásbjarnarsyni, kvikfé og innbú; Staðarafhending.” DI III 632 1439: Pétur Þorsteinsson gefur kirkjunni 4 hdr fjöru tólfræð að helmingi við sig fyrir Þykkvabæ í Holtamannahreppi - með fjörumörkum.” DI IV 584 [um 1500]: Máldagi kirkjunnar DI VII 453 1568: Máldagi kirkjunnar. DI XV 101-102 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 659-6591709 voru Eystri og Vestri Kálfholtshjáleigur og sú vestari í eyði. Hin var enn í byggð 1847 (RA-376), en 1912 var Fífilbrekka byggð 1912-1921. 1709: “Reka á staðurinn fyrri þykkvabæjar landi, og er það rekapláts kallað Kálfholtsfjara. 4 hndr. faðmar tólfræði að lengd, item engjapláts í Sauðholts landi (sem áður er reiknað í heyskap jarðarinnar, (kallað Prestengi og Kálfholtsengi)), hvar fyrir koma á mánaðarbeit málnytu frá Sauðholti á sumar í Kálfholts land í bæði mál, eða tveggja mánaða í annað.” JÁM I, 360. “Presturinn á frí flutníng yfir Þjórsá á Egilstaða ferju og “stakkseingi” í Sauðholts landi, mót beit frá Sauðholti í Kálfholts landi. Staðuinn á líka fertuga gröf í Króks landi og þerri völll undir að frjálsu; sömuleiðis laxveiði í Þjórsá og fjöru fyrir Þukkvabæjar landi, fjögur hundruð faðma tólfræði.” JJ, 52 “Þetta er sú landareign sem kennd er við Áskelshöfða í Landnámu. ... Lækjartún [Kálfholtshjáleiga] og Þjórsárhús eru byggð úr Kálfholtslandi. Jörðin er enn víðlend, holt, móar og mýrar en mikið hefur verið gengið á mýrlendið með framræslu og ræktun.” SB V, 353.

1709: “Tún eru hjer víða mjög þýfð með steinum jarðföstum og þar fyrir bágt þau að vinna. Engjavegur lángur og blautur.” JÁM I, 360. 1920: Tún 5,4 ha, sléttað 2 ha, garðar 1280 m² . 1874: “Af túninu fást 140 hestar, og af útheysslægjum 60 hestar; það fóðrar í meðal-ári 5 kýr, 60 fjár fullorðið, 2 gjafarhesta og 12 útigánshross, en ef meira á að halda, verður að kaupa slægjur í Vetleifsholtsmýri.” JJ, 52

RA-375:001 *Kálfholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:002 heimild um kirkju
KÁLFHOLT Í HOLTUM (R) -Ólafi
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7.
[1332]: a Þridiung j heimalandi
Þar aa at vera heimilis prestur oc diakni; Máld DI II 698-699
[1367]: a heimaland alltt x kyr lx asaudar. iiij hross
les Vilchinsbok; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 218
[1371]: a heimaland allt; Máld DI III 268
1386: Vtskript af Þeim maldaga sem liggr j kalfhollti fyrer Þui sem kirkian hefur att ad fornu. og hun a enn nu. miog rotinn og lasinn.
Anno M. ccc. lxxx. sexto reiknast suo mikit kirkiunnar gotz j kalfhollti. Þaa er pontianus tok med enn sera jon liet af.
.jc. j metfie og .v hross.
jtem. x. kyr og .xij. kugilldi j asaud.
jtem var stadurinn metinn iafn og Þa er sera jon tok.
Jtem gaf kolbeinn petursson fertuga grof j krokz jord æfinnliga og Þerrivollinn vnder ad frialzu. og suo frialst ad giora vm kaustu.
Huad kirkiann hefur j Þennann fyrskrifadan tijma ätt jnnann sig Þat synest mier sumt j burtu skafed. enn sumt er ecki læst. Þui get eg Þat ecki skrifad; Staðarafhending DI III 394 [Máldagabók Odds biskups frá um 1590, Add. Bristish Mus. 11,245. 4to bl. 225a-b (FM. 402)]
1397: a heimaland allt
fiell nidur oll portio su sem sira Jon hafde tekid firir Þau Þing sem hann keypti kirkiunni jnnan sig. olukt c.; Máld DI IV 60
1397: sjá [1371]; DI IV 87
1398: Pontianus Ólafsson afhendir Oddi Ásbjarnarsyni, kvikfé og innbú; Staðarafhending DI III 632
18.4.1439: Pétur Þorsteinsson gefur kirkjunni 4 hdr fjöru tólfræð að helmingi við sig fyrir Þykkvabæ í Holtamannahreppi - með fjörumörkum; DI IV 584
[um 1500]: Máld DI VII 453
14.5.1568: Máld DI XV 101-102
1575: Máld DI XV 659-659
1708: Kirkjustaður og beneficium; JÁM I: 360
16.11.1907: HoltaÞing lögð niður og Árbæjarkirkja lögð til Kálfholts; (PP, 68) [lög]

20.5.1908: Áskirkja lögð niður og sóknin lögð til Kálfholts; (PP, 69) [stjórnarráðsbréf]
Heimildir: PP, 69; JÁM I, 360; DI

RA-375:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:006 gripir
1864: "Sexboruð SKAFLASKEIFA. Það er dragstappa stór, og miklu þykkvari og járnmeiri, en nú tíðkast. Hún fannst manni í mjaðmarhöfuð niður í jörðu, nálægt Kálfholti."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 99

RA-375:007 *Vestar-Kálfholtshjáleiga/Pottur* bæjarstæði býli
"Puttur var hjáleiga frá Kálfholti og stóð bærinn í fallegri kvos í um 500 m fjarlægð vestur frá kirkjustaðnum." Segir í Sunnlenskum byggðum. Sama og er nefnt Vestur-Kálfholtshjáleiga. 1709: "Var fyrst bygð hjer um 30 árum og varaði sú bygð continue, þar til nú fyrir 3 árum, þá lagðist hún í eyði eittt ár, bygðist þá aftur eitt ár landskuldarlaust, síðan hefur hún í eyði verið." "Í vesturbami Bæjarholts er kelttabelti, er heitir Klettar, norður af þeim er Pottur. Þar hafa lengi verið fjárhús. En í fyrndinni er sagt, að þar hafi verið býli, og er sögn um það, að kerling ein, er þar bjó, kom eitt sinn heim að Kálfholti, þá er allt fólk var við stekk. Stal hún þá vellheitum dragla úr potti, er stóð á hlóðum, og bar brott í svuntu sinnni. Við það brendist hún svo mjög að hún sálaðist. ... (Pottur hafði verið í byggð um þrjátíu ára skeið, fyrir og um 1700. Einnig kallað Vestur-Kálholtshjáleiga, en núverandi hjáleiga Austur-Kálfholtshjáleiga ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 356; Ö-Kálfholt, 3; JÁM I, 361

RA-375:008 *Fífilbrekka* bæjarstæði bústaður
"Vestan í Austurás er Sauðaklettur og skammt þar frá, sunnan í ásnum, var þurrabúð nokkur ár, er kallaðist Fífilbrekka, og heitir svo enn þar sem tóftirnar eru." Segir í örnefnalýsingu. "Þetta var smábær, byggður í Kálfholtslandi árið 1912 af Jónsi f. 1844 Jónssyni bónda í Mykjunesi í Holtum, Jónssonar, og bústýru hans, Sigríði, f. 1854, Gunnarsdóttur bónda í Norður-Áskoti, Guðmundarsonar. Stóð bærinn í lítill kvos syðst í Lónsheiði, um 500 m frá Þjórsártúni." "Þarna ræktuðu þau kálgarð og lítinn túnblett. Einnig heyjuðu þau ofurlítið í mýrarsundinu vestan vegarins. Á þessum heyfeng fóðruðu þau nokkrar kindur og tvö hross. Þau dvöldust í Fífilbrekku til 1921. Fór þá kotið í eyði og hefur engin byggð verð þar síðan. Enn vottar fyrir bæjartóftum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 5; SB V, 356

RA-375:009 *Þjórártún* bæjarstæði býli
"Þjórsártún stendur á holtinu austan Þjórsár, við Þjórsárbrú, fyrst byggð af Ólafi Ísleifssyni sem nýbýli 1898 og lagt til þess land frá Kálfholti." Segir í Sunnlenskum byggðum. Byggt það snemma að sennilega hefur þar staðið torfbær fyrst. Á túnakorti má sjá að túnið hefur verið 5,4 ha árið 1920, allt sléttað. Við hlaðið var hesthús, eldhús og rétt en aftan við húsin var annað hesthús og brunnur.
Heimildir: SB V, 362; Túnakort 1920

RA-375:010 varða landamerki
Landamerki: "Austurmörk eru: Fyrst Lónið, sem er djúpt gildrag, er rennur í Þjórsá, og sem áin fyllir up í stórflóðum og hefir myndað að nokkru leyti. Úr Lónbotnum um Kolavatn í Kálfalæk. Þaðan í vörðu í Langarima og síðan vestur um í Stóraós, sem rennur í Þjórsá."
Heimildir: Ö-Kálfholt, 1

RA-375:011 heimild um traðir
"Kálfholtstúnið skiptist í Vesturtún og Austurtún. Traðirnar norður út í miðju ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-375:012 *Heygarður* heimild um heygarð
"Kálfholtstúnið skiptist í Vesturtún og Austurtún. Traðirnar norður út í miðju, (kirkjan Lindin, húsið og Heygarðurinn miðsvæðis.)" Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-375:013 *Hesthúsflöt* örnefni hesthús
“Í Austurtúni er Hesthúsflöt ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-375:014 *Prestgata* heimild um leið
“Norðaustur Bæjarholtið, upp af Heygarðinum [013] eða Tröðunum í Kálfholti, liggur Prestgata, og við hana er Prestlág og Prestvarða.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 2-3

RA-375:015 *Prestvarða* varða samgöngubót
“Norðaustur Bæjarholtið, upp af Heygarðinum [013] eða Tröðunum í Kálfholti, liggur Prestgata, og við hana er Prestlág og Prestvarða.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 2-3

RA-375:016 heimild um stekk
“Í vesturbami Bæjarholts er klettabelti, er heitir Klettar, norður af þeim er Pottur [007]. Þar hafa lengi verið fjárhús. En í fyrndinni er sagt, að þar hafi verið býli, og er sögn um það, að kerling ein, er þar bjó, kom eitt sinn heim að Kálfholti, þá er allt fólk var við stekk. Stal hún þá vellheitum dragla úr potti, er stóð á hlóðum, og bar brott í svuntu sinnni. Við það brendist hún svo mjög að hún sálaðist.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 3

RA-375:017 *Bleikja* lind
“Ein af lindunum, sem koma upp sunan undan Vesturtúninu, heita Bleikja. Var talið, að vatnið úr henni hefði lækningarkraft.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 3

RA-375:018 *Ferjuholt* örnefni ferja
“Upp af Grjótnesi tekur við meðfram ánni, holt mikið, er heitir Ferjuholt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 4

RA-375:019 *Borgarholt* örnefni
“Þegar þeim sleppir, tekur við Ferjumýri, mýrarkriki inn í Ferjuholt [018], þá er Þverholt út að ánni, innan við það er Leynir og Leynismýri, að Þvergili, sem er samdráttur úr Borgarholtssundi, en Borgarholt þar sunnan við, og er það nokkurn vegin miðsvæðis í landareigninni.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 4

RA-375:020 *Sauðhúsrimi* örnefni fjárhús
“Innan við Þvergil er mýrarþemba uppfrá ánni, er Bunga heitir, og samhliða Sauðhúsrima.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 4-5

RA-375:021 heimild um sel
“Skiptist hún [Heiðin] í Vesturheiði, Miðheiði og Austurheiði. Fram úr henni ganga Selás vestast, þar var fyrrum sel, en síðar fjárhús ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 5

RA-375:022 *Torfrimi* örnefni rista
“Suðaustur úr Grásteinsholti gengur holtstagl, sem Torfrimi heitir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 6

RA-375:023 *Lambhústún* örnefni lambhús
“Fyrir neðan veginn er Lambhústún og Suðurtún norður undir Urriðafossi.” Segir í örnefnalýsingu Þjórsártúns.
Heimildir: Ö-Þjórsártún, 1

RA-375:024 heimild um leið
1709: “Tún eru hjer víða mjög þýfð með steinum jarðföstum og þar fyrir bágt þau að vinna. Engjavegur lángur og blautur.”
Heimildir: JÁM I, 360

RA-375:025 tóft
"Í handriti sem varðveitt er í byggðasafninu á Skógum bendir faðir minn, Guðjón Jónsson, fyrrum bóndi í Ási, á stað [þar sem Áskelshöfði gæti verið, sjá annars 672:002] vestur við Þjórsá, um 2 km suðvestur frá Kálfholti, sem nefnist Grjótanes. Það liggur sunnanundir brattir hæð sem Ferjuholt [018] nefnist." "Nánari rök Guðjóns fyrir þessari hugmynd eru þau að bæjarnafnið Áskelshöfði bendi til þess að bærinn hafi staðið nálægt hæð. Hún sé fyrir hendi þar sem Ferjuholt rísi þarna í um 40 m hæð, svipaða höfða að sjá. Landkostir hafa fyrrum óvíða verið betri, landið grasi og skógi vafið, stutt til veiðifangs, því í Þjórsá hafi þá sem nú verið sax og selur. Og nefnir megi munnmæli lifi um það að Áskelshöfða bóndinn hafi beitt geldnautum sínum í Kálfholti og suðum í Sauðholti. Að síðustu vekur Guðjón athygli á því að ósennilegt sé "að nafn landnámsjarðar og stórbýlis glatist og gleymist svo gjörsamlega að ekki lifi örnefni þess þótt bærinn hafi verið færður, en hann hafi verið færður, ef hann hefur verið á óröskuðum eða óeyddum stað, og það á þeim tíma sem örnefnum hefur verið vel viðhaldið fram á þessa öld." ... Gömul rúst er sunnarlega í holtinu ofarlega. Er hún með millivegg um vþert nálægt miðju. Mjög lausleg könnun á aldri hennar hefur farið fram. bendir hún til að rústin sé yngir en frá landnámsöld. Reynist það rétt við ýtarlega rannsókn, vakanr sú hugmynd að rústin tengist umferðinni sem þara var um ladaraðir, vegna Egilsstaðaferju. Má vera að þarna hafi verið byggt skjól, kannski sæluhús fyrir ferðamnn og hesta þeirra." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 345, 346

RA-375:026 heimild um brú
"... nú er hér brú, vönduð og vegleg, var fullgerð 1949. Kom hún í stað gömlu Þjórsárbrúna, er var gerð árið 1895, hengibrú. Var hún lítið neðar en brúin er nú." "Hún var mikið mannvirki á sinni tíð og næstum ótrúlegt, að slíkt skyldi vera unnt ..."
Heimildir: ÁFÍ 1966, 14

RA-376 Kálfholtshjáleiga
"Er hjáleiga frá Kálfholti og stendur við heimatún staðarins. hefur bygð verið lengur en menn til muna og er reiknuð með dýrleika heimajarðarinnar." JÁM I, 360. Heitir nú Lækjartún og er þar tvíbýli. Jörðin komin í byggð fyrir 1600. "Frá fornu fari var land hér ýmist móar og mýrar en hefur nú til muna breytt um svip fyrir framræslu og ræktun. " SB V, 354 1920: Tún 1,9 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 760 m²

RA-376:001 *Kálfholtshjáleiga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:005 heimild um mógrafir
Í Sunnlenskum byggðum segir að mótak hafi verið til nytja fyrr á árum.
Heimildir: SB V, 354

RA-376:006 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
"Suðaustast í Kálfholtshjálegutúni er Lambhúshóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-376:007 heimild um fjárhús
"Suður frá Fífilbreku er lágur mói, nafnlaus, og þar er malargryfjan Grúsin, en landið hækkar brátt til vesturs, og heitir þar Fjárhúsholt. Þar voru sauðahús hjá hjáleigunnni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kálfholt, 5-6

RA-377 Krókur
15 hdr 1692/1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1708: "Túnum og engjum spillir sandfjúk

frá Þjórsá og sýnist jörðin undir spjöllum liggja árlega." JÁM I, 349. 1920: Tún 2 ha, sléttað 2 ha, garðar 440 m² . "Jörðin er víðlend, þurrlendi mikið en einnig mýrar. Landareignin er varin með skurðum og girðingum." SB V, 363

RA-377:001 *Krókur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:004 *Króksbjalla* bæjarstæði bústaður
"Á síðastliðinni öld fór land að blása upp hjá Króki. Árið 1869 byggði Vigfús Jónsson bæ uppi á Bjallanum ofan bæjarins og nefndi Króksbjalla. Vigfús bjó þarna til 1894 með konu sinni Vilborgu Vigfúsdóttur. Þá var Króksbærinn fluttur upp á hæðina, enda þá kominn að því að fara í sand og túnið komið í flag." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 363

RA-377:005 *Krókur* bæjarstæði bústaður
"Á síðastliðinni öld fór land að blása upp hjá Króki. Árið 1869 byggði Vigfús Jónsson bæ uppi á Bjallanum ofan bæjarins og nefndi Króksbjalla. Vigfús bjó þarna til 1894 með konu sinni Vilborgu Vigfúsdóttur. Þá var Króksbærinn fluttur upp á hæðina, enda þá kominn að því að fara í sand og túnið komið í flag." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 363

RA-377:006 heimild um ferju
"Þarna er forn ferjustaður á ánni." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Ferjutangi er spölkorn ofan við Djúpadal. Þar er hár kettur, sem skagar út í ána." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 363; Ö-Krókur, 2

RA-377:007 heimild um mógrafir
Í Sveitum og jörðum segir að næg mótekja hafi verið á jörðinni.
Heimildir: SB V, 363

RA-377:008 bæjarstæði býli
"Kotsklettur er í suður frá bænum. Þar var áður býli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 1

RA-377:009 *Borgarholt* örnefni
"Í austur frá bæjarhólnum er Borgarholt, klettótt holt, en milli þeirra er sund." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 1

RA-377:010 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Svartibakki var syðst við Fífublett, rofabakki, nú að mestu eyddur. Austan Fífubletts er Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 1

RA-377:011 *Borg* örnefni
"Þar austur af [Gjánni sem er austar og ofar en stekkurinn 010] og ofar eru Melar, en þá kemur Borgarholt. Vestast í Borgarholti er Sauðhóll, en austan við það Galtarhóll, en milli þeirra mýrarsund, Borgarholtssund. Vestan í því er hvilft, Borg ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 1-2

RA-377:012 *Siggutóft* tóft
"Norðvestur frá bænum er allstórt holt, Lambhagi, og Lambhagahóll hæst í holtinu. Sunnan til í Lambhaga er Siggutótt, en Byrgi, nú tættur, heitir utan í klettum norðan til í Lambhaganum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 2

RA-377:013 *Byrgi* tóft
"Norðvestur frá bænum er allstórt holt, Lambhagi, og Lambhagahóll hæst í holtinu. Sunnan til í Lambhaga er Siggutótt, en Byrgi, nú tættur, heitir utan í klettum norðan til í Lambhaganum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Krókur, 2

RA-378 Heiði

10 hdr. 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 Konungseign, var ein af jörðum 1920: Tún 3,2 ha, sléttað 1 ha, garðar 450 m²Þykkvabæjarklausturs. "Hún er meðaljörð að stærð, mýrlend en holt nokkuð." SB V, 165

RA-378:001 *Heiði* bæjarhóll bústaður
"Við síðustu endurbyggingu hefur bærinn verið fluttum um 50 m norður frá gamla bæjarstæðinu." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 365; Túnakort 1920

RA-378:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-379 Herríðarhóll (Herra)

15 hdr., 1708 "Ágreiningur er á milli þessarar jarðar og Heiðar sökum óskýrra landamerkja, og þykir sjerhverjum ábúendanna aðþrengja annars beit og brúkun nema liðun til komi." JÁM I, 348 1920: Tún 6,3 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 820 m² "[Jörðin] Var nokkuð að jöfnu þurrlendi og mýri. Nú e mestallt votlendi ræst fram og þurrkað." SB V, 364

RA-379:001 *Herríðarhóll (Herra)* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:005 *Torfrimi* örnefni rista
"Riminn norðan við túnið heitir Torfrimi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:006 *Brunnmýri* örnefni brunnur
"Riminn norðan við túnið heitir Torfrimi. Austan við hann er mýrarsund, sem heitir Brunnmýri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:007 heimild um vað
"Í miðri mýrinni [Brunnmýri 006] er lítill rimi, sem heitr Vaðrimi, og dregur hann nafn af vaði á litlum Læk, sem rennur út vatninu og í Þjórsá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:008 *Stöðull* örnefni kvíar
“Austan við bæinn er holt, sem heitir Stöðull ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:009 *Ferðamannahóll* örnefni
“Vestan við Langholt er dálítil lág með sléttri flöt, og er það Ferðamannalág. Vestur af henni er lítill urðarhóll, sem heitir Ferðamannahóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 2

RA-379:010 heimild um fjárhús
“Norður af Bratthólum er mýrarsund, sem heitir Nautamýri, og vestur af henni er Stekkatúnsholt, og eru þar fjárhús.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 2

RA-379:011 *Borgarhólar* örnefni
“Norðan við Krossholt er stór mýrarfláki, sem liggur norður undir Þjórsá og heitir Útmýri. Austast í henni eru grýttir hólar, Berghólar. Í henni miðri eru Borgarhólar, en austast og norðast í henni er nærri þornuð tjörn, sem heitir Leira ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 3

RA-379:012 *Herríðarhóll* þjóðsagalegstaður
“Í túninu norðan við bæinn er lítill, strýtumyndaður hóll, og eru munnmæli, að þar sé Herríður heygð, en hóllinn heitir Herríðarhóll.” Segir í örnefnalýsingu. 1840: “Haugur Herríðar er áður nefndur í túninu á Herríðarhóli.”
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 3; SSR, 214; FFI, 188

RA-379:013 *Vörðuás* örnefni
“Vestan við Vörðuás eru Borgarhólar [011].” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 4

RA-380 Gíslaholt

20 hdr. með hjáleigunni Kambi og eyðihjáleigunni Sæld, báðar reiknaðar fjórðungur jarðarinnar. “Gíslaholts getur í heimildum frá 17. öld ... Jörðin er landrík. Gíslholtsfjall sem rís upp frá bænum er um helmingur landsareignar sem nær þar á kafla í Þjórsá. Vötnin Gíslaholtsvatn eystra og vestra eru að vænum hluta í landi Gíslholts og stendur bærinn milli vatnanna.” SB V, 286 1708: “Landi jarðarinnar hefur Þjórsá spilt, sjerdeilsi í nokkur umliðin ár, síðan húnfjell austur undir landið, so hún brýtur af árlega.” JÁM I, 346 1917: Tún 5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 900 m²

RA-380:001 *Gíslaholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:004 *Stekkhóll* örnefni stekkur
“Vestan í fjallinu heima undir túni eru tveir hólar; nær bænum Stekkhóll og Hölluhóll lítið eitt vestar. Umhverfis þá heita Troðningar. ... niður undan Troðningum er Stekkjarflöt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 1

RA-380:005 *Kambsvað* heimild um vað
“Austan við bæinn er Eystra-Gíslholtsvatn, og úr því rennur lækur í Kaldárholtslæk og heitir Langilækur. Á honum er eitt vað, sem heitir Kambsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:006 *Grænaborg* örnefni
“Austan við bæinn er Eystra-Gíslholtsvatn, og úr því rennur lækur í Kaldárholtslæk og heitir Langilækur. Á

honum er eitt vað, sem heitir Kambsvað. Vestan við Langalæk er Slöngumýri. Í henni standa fjórir hólar; norðasti og stærsti Grænaborg ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:007 *Seltættur* tóft sel
“Suðaustur af Drang er ás, sem heitir Selás, og gengur hann út í mýrina. Suður af honum er Selhóll og við hann Seltættur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:008 tóft fjárhús
“Innst í fjallinu að austan er hár hóll, sem heitir Slöguhóll, og í honum gamlar fjárhúsatættur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:009 *Borgargil* örnefni
“Út Illavatni liggur gil, sem heitir Borgargil. Fjallsbrúnin sunnan við það heitir Borgargrjót.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:010 *Pálsstekkatún* örnefni stekkur
“Suður frá Svartagili er tangi út í vatnið, sem heitir Svanhildartangi ... Vestan við hann er vik, sem heitir Dráttur; upp af honum ofarlega í hlíðinni Pálsstekkatún ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:011 *Byrgisheiði* örnefni
“Næst túninu er tangi út í eystra vatnið og heitir Höfði. Suðaustur af honum heitir Langalaut og skiptist þar heiðin; Heiði austan og Byrgisheiði vestan Löngulautar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:012 heimild um fjárhús
Samkvæmt örnefnalýsingu var sauðhústótt við Drang.
Heimildir: Örnefnakort

RA-380:013 *Svartbakkavað* heimild um vað
Sjá örnefnalýsingu við Kaldárholtslæk.
Heimildir: Örnefnakort

RA-380:014 *Móhraukabrú* örnefni brú
Sjá örnefnalýsingu við Slöngumýri.
Heimildir: Örnefnakort

RA-380:015 *Stekkjarflöt* örnefni stekkur
Smakvæmt örnefnakorti var Stekkjarflöt við Vestra-Gíslholtsvatn.
Heimildir: Örnefnakort

RA-380:016 *Sæld* bæjarstæði býli
1708: “Sælld, Önnur hjáleiga frá Gíslaholti, liggur skamt frá hinni hjáleigunni, og sem lángan stekkjarveg frá heimajörðinni. Sýrleiki er og var iii hdr. Er nú í eyði og hefur í eyði legið í næstu 7 eða 8 ár. Þar fyrir var hún bygð í 4 eða 5 ár, þar fyrir lá hún í eyði 2 ár. hennar fyrstu bygð muna menn ekki vel, meinast þó verið hafi hjerum fyrir 50 árum.”
Heimildir: JÁM I, 346

RA-381 Kambur

“Bærinn stendur sunnan undir Kambsfjallli. Jörðin er meðaljörð á mælikvarða Holtamanna. Hún er þurrlend að hálfu. Ræktunarland gott með framræslu. Hagar skjólgóðir. ... Jörðin á land í Gíslaholtsvatni vestra.” SB V, 287
1917: Tún 2,4 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 700 m²

RA-381:001 *Kambur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:006 heimild um rétt
"Sögn er til um það, að Kambsrétt hafi fyrst verið byggð í Kambslandi í Holtum, suðvestan í svonefndu Flatholti 80 metra frá landamörkum Kambs og Herríðarhóls (Herríðarhólslæk) í holtsjaðrinum þar sér enn vel fyrir tóttum af 5 réttum sem eru þar hlið við hlið svipaðar að stærð.""Lengd þeirra er um 12-14 m og samanlögð breidd þeirra um 34 m. með öllum veggju sem eru signir mjög. Ofan við tóttirnar, þvert við þeim um 5 m frá þeim, hefur verið hlaðinn garður um 40 m langur. Gæti þar hafa verið allstór rétt, þótt engir gaflveggir sjáist að hafi verið í henni. Ekki sýnist gott að samræma þetta, því hún liggur ofan við hinar réttirnar, sem eru í svolitlum halla, og er nokkuð hærri og hefur að líkindum alltaf verið það. Allar hleðslur hafa verið út kökkum. Hvergi sést fyrir dyrum á milli réttana eða norður (upp) úr þeim. En dyr hafa verið suður úr þeim. Ekki er sjáanlegt neitt mannvirki annað er geti bent til þess að þar hafi almenningur verið. Um 33 m vestan við þessar tóttir er borgartóttt (hringlaga) um 10 m að stærð. Svoleiðir hringir voru hlaðnir víða til forna til skjóls fyrri fé og hross. Þótt réttir þessar séu nokkuð stórar og hafi rúmað allmargt fé er ekki sennilegt að þar hafi verið skilarétt fyrir allan Holtamannahrepp. Til þess verður að álíta þær of litlar og sérstaklega illa í sveit settar ..."
Heimildir: Guðjón Jónsson: "Kambsrétt" Heima er bezt 1954 nr. 10, 298

RA-381:007 tóft fjárhús
"Á sléttum grasbala suðaustur við Háegg voru fjárhústóftir og fjárrétt og eru þar sjálfsagt enn." Segir í örnefnalýsingu. "Voru munnmæli um það, að ekki hafi verið hægt að nota hús eða rétt, vegna þess að féð var svo styggt og fékkst ekki til að fara inn í húsin eða rekast inn í réttina, alltaf eins og einhver stæði fyrir því." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 2

RA-381:008 heimild um mógrafir
"Frá Neðrikletti og vestur að Lágegg voru kallaðar Brúnir, en þaðan og vestur að Þjórsá voru kallaðar Flatir. Þar var oft slegið því það var greiðfært og því fremur fljótslegið. Fyrst þegar ég man eftir, þá var tekinn mór þarna við Þjósá ..." Segir í örnefnalýsingu. "... en mórinn þarna var ekki góður eldiviður og var því hætt. En þarna var mjög mikið af birkilurkum og sumir mjög sverir, en þeir molnuðu alfveg niður, þegar þeir voru þurrkaðir."
Heimildir: Ö-Kambur, 2

RA-381:009 *Sæld* tóft fjárhús
"Austan við túnið á Kambi eru nokkrir grjóthólar með mosaskófum. Þeir voru kallaðir Sældarhólar. Þeir munu hafa fengið nafn sitt af því að fjárhúsin, sem stóðu skammt austar hétu Sæld, en þar eru nú aðeins gömul tóftarbrot." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 3

RA-381:010 *Kerlingagötur* heimild um leið
"Vesturbrún dalsins og klettarnir austan vð Sæld heita Sældarklettar. Þar sem vegurinn liggur ofan í dalinn heirti Kerlingarstígur. Þar voru áður reiðgötur, sem eru sennilega horfnar, enda er kominn þar bílvegur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 3

RA-381:011 gata leið
"Þessi brún dalsins heitir Tófubær. Skamt fyrir ofan Tófubæ, þar sem gömlu ferðamannagöturnar lágu er dálítill klettóttur mosagróin hóll, sem heitir Litli-Tófubær." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 3

RA-381:012 *Stóri-Skiphóll* örnefni

“Nú förum við að hlaði heimleiðis og hölðum skammt frá ánni, enda rennur hún með allri landareigninni. Við göngum upp á allstóra hæð með klettabelti ármegin. Það heitir Stór-Skiphóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 4

RA-381:013 *Litli-Skiphóll* örnefni
“Skammt framar [en 012] er Litli-Skiphóll, sem fer nú ekki mikið fyrir. Hann stendur ekki alveg við ána og er ekki annað en lágt klettabelti, upphækkað á litilli mosagróinni hæð.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kambur, 4

RA-381:014 *Tófubær* bæjarstæði bústaður
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-381:015 *Litli Tófubær* örnefni
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-382 Raptholt
10 hdr 1708. Jarðarinnar getið í heimildum frá 17. öld. “Landrými er allgott og umhelmingur þess þurrlendi. Ræktunarskilyrði góð og hagar skjólgóður.” Tvíbýli frá 1976. 1708: “Engjaslægjur eru ærið votunnar.” JÁM I, 345 1917: Tún 3,5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1080 m²

RA-382:001 *Raptholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-382:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-382:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383 Kvíarholt
15 hdr. 1708. Skáholtskirkjueign. Jarðarinnar getið í heimildum frá 17. öld. Tvíbýli frá því snemma á 19. öld en bæirnir stóðu saman. 1917: Upplýsingar á túnakort vantar. “Þurrlendi um helmingjur landareignar. Hagar eru skjólgóðir. Ræktunarland er gott.” SB V, 282

RA-383:001 *Kvíarholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: SB V, 283; Túnakort 1917

RA-383:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:008 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:009 tóft stekkur
"Bærinn stendur sunnan í samnefndu holti, Kvíarholti. Vestan í því er stór hóll, sem heitir Stekkatúnshóll. Suðvestan í honum er slétt laut með tóttarbrotum og heitir Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:010 *Hangandar* heimild um mógrafir
"Syðst í gilbotninum [Suðurgils] eru brattar brekkur og mógarla mógrafir, sem heita Hangandar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:011 heimild um fjárhús
"Á háholtinu nyrzt er ásmynduð hæð, sem heitir Byrgisás. Þar stóðu fjárhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:012 heimild um fjárhús
"Sunnan við það [Nesið, engjarnar] eru hæðir, sem einu nafni heita Kambsheiði. Á henni eru þessi örnefni: Nyrzt er hár hóll, sem Stórhóll heitir; þar voru fjárhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:013 heimild um áveitu
"Sunnan við það [Nesið, engjarnar] eru hæðir, sem einu nafni heita Kambsheiði. Á henni eru þessi örnefni: Nyrzt er hár hóll, sem Stórhóll heitir; þar voru fjárhús. Vestan við hann skerst heiðin sundur af smálæk, er heirti Býjalækur og á upptök sín á Skeiðavelli, sem er sunnan undir Stórhól, og á Kvíarholt sneið af henni. Þessi lækur hefir verið notaður til áveitu á nesið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1-2

RA-383:014 *Fjárhústún* örnefni fjárhús
"Í túninu eru þessi örnefni: Austasti hluti túnsins heitir Fjárhústún og er það aðskilið frá aðaltúninu af smálægð, sem er víst gömul vatnsrás ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 2-3

RA-383:015 *Buna* lind vatnsból
"Lind er í túninu fyrir austan bæinn, og kallast hún Buna, og er hún vatnsból jarðarinnar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 3

RA-383:016 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-383:017 *Álfaklettar* örnefni huldufólksbústaður
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-383:018 *Brúarrimi* örnefni brú
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-384 Hreiður
10 hdr 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1553: Ólafur Brandsson færði Marteini biskup jarðirnar Vindás og Hreiður í Holtum í sakferli og tíundargjöld sem dæmd höfðu verið af föður hans. DI XII, 605-606 Skálholtskirkjueign. "Hreiður er landrík jörð en drjúg spilda af landinu er á uppblásurssvæði í Kambsheiði. Hagar eru ágætlega skjólgóðir. Þurrlendi er um 1/3 jarðar." Í eyði frá 1964 en jörðin er nýtt. SB V, 281. 1708: "Engjaslægjur eru votunnar mjög í regnasumrum og varla að gagni. Land ærið þröngt." JÁM I, 330 1917: Tún 2 ha, þar af slétt 1 ha, garðar 1200 m²

RA-384:001 *Forna Hreiður* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stendur á hæð norðan undir Kambsheiði. Forna-Hreiður heitir í holti austur af bænum. Þar eru

bæjarrústir í skál eða dæld og svarar vel til bæjarheitisins. Ætla má að bærinn hafi verið fluttur sökum uppblásturs í Kambsheiði." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Áður fyrr mun bærinn hafa staðið suður undir Heiðinni og þá verið nálægt miðri landareigninni. Þar heitir enn Forna-Hreiður og Gamlibær, og sést þar móta fyrir tóftum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 281; Ö-Hreiður, 2; Túnakort 1917

RA-384:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:007 *Heiður* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stendur á hæð norðan undir Kambsheiði. Forna-Hreiður heitir í holti austur af bænum. Þar eru bæjarrústir í skál eða dæld og svarar vel til bæjarheitisins. Ætla má að bærinn hafi verið fluttur sökum uppblásturs í Kambsheiði." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 281

RA-384:008 *Hreiðurs-Bjalli* heimild um huldufólksbústað
"Á meðan er að hitna á katlinum, göngum við bræður upp á Bjallann, Hreiðurs-Bjalla. Hann er efst í túninu, í norðaustur frá bænum. Þar bjó huldufólk í tíð foreldra okkar." Segir í örnefnalýsingu. "Huldukonan kom til móður minnar í draumi og bað hana að lána sér kaffi í könnuna og borgaði henni ríflega aftur með "mjög bragðgóðu" kaffi. Einnig bað hún móður mína að ámálga við börnin að láta ekki illa upp við Bjalla. Þvott sinn þurrkuðu þær á sömu skógarhríslunum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:009 *Fjárhústún* örnefni fjárhús
"Af Bjallanum rennum við augum yfir túnið og næsta nágrenni. Sunnan við Bjallann er Hellishóll, Fjárhústún og Flötin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:010 *Gömlutraðir* örnefni traðir
"Austan við bæinn Austurkinn og vestan við bæinn Vesturkinn, Niðurtún og Gömlutraðir niður frá bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:011 *Stöðullaut* örnefni kvíar
"Vestur af Vesturkinn er Stöðullaut, Vatnsgarðar og Norðurtún ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:012 *Vatnsgarðar* örnefni
"Vestur af Vesturkinn er Stöðullaut, Vatnsgarðar og Norðurtún ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:013 *Brekkukofalaut* örnefni
"Vestur af Vesturkinn er Stöðullaut, Vatnsgarðar og Norðurtún, þá Lambhúsmói og Brekkukofalaut." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:014 *Fjárhúsflóð* örnefni fjárhús
"Austan í Nesinu ... eru Hreiðursflóð, slægjuland frá Hreiðri. Í þeim er Langaflóð, Hólmaflóð, Stjörnukíll og Þverkíll, Fjárhúsflóð ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:015 *Gamlabrú* örnefni brú
“Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Uastar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabú og Nýivegur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:016 *Nýivegur* örnefni leið
“Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Uastar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabú og Nýivegur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:017 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Uastar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabú og Nýivegur. Þá Stekkatúnsýri; suður frá henni er Einbúi, vestan í honum Stekkatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:018 *Tjaldlaut* örnefni tjaldstæði
“Í austur frá F[orna]-Hreiðri [001] er Tjaldlaut og uppi á Heiðinnni Sandskörð ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:019 *Gamla-Kambsrétt* heimild um rétt
“Vestur þaðan [018] er Sandskarðsmýri, Murnadæluholt, Murnadæla og Murnadæluhóll. Þá Kambsréttarholt með Skollagróf og sunnan í því Gamla-Kambsrétt, aflögð fyrir löngu.” Segir í örnefnalýsingu. “Þar þótti ekki “tryggt” fyrrum, er dimma tók. “Hafi ég nokkrun tíma orðið var við myrkra illan anda, þá var þar hjá Gömlu-Kambsrétt.” Þetta voru orð séra Benedikt Eiríkssón, er lengi var prestur í Guttormshaga.” Segir í örnefnalýsingu. “Fyrir löngu, engin veit hvenær, hefur rétt verið byggð í Hreiðurslandi, sem enn sjást glögg merki til, þó að hún sé nú öll saman sigin og vallgróin. Hún stóð suðvesturs af svonefndum “Sandskörðum” í holtsbrúninni norðaustur af “Sótás” skammt sunnan við “Murnadælu”. Það lítur hest út fyrri að í holtsjaðrinum hafi verið bogmynduð lág eða slakki, sem notaður hefur verið fyrri almenning, en dilkar úr grjóti og torfi til beggja hliða, og fyrir gafli almenningsins, sem að mestu hafi verið í jörðu. Ekki er hægt að sjá með vissu hvað þeir hafa verið margir, að líkindum 12-15. Almenningurinn hefur verið um 35 m langur, en mjór. Sitt hvoru megin við almenningsdyrnar, um 5-6 m. frá dilkunum eru hringaðar tóttir. Það gætu verið fjárborgir sem ekki hefðu verið í neinu sambandi við réttirna. Þessi rétt hefur verið miklu stærri en réttin hjá Kambi og ætluð fyrir miklu fleira fé. Varla er hægt að gera ráð fyrir að þessi rétt hafi verið skilarétt fyrir allan Holtamannahrepp. Til þess verður að telja hana of litla og illa setta, á öðrum enda sveitarinar. Þaðan var réttin flutt, að sögn vegna reimleika eins og segir í íslenzkum sagnaþáttum Guðna Jónssonar 1951, ekki 1880 eins og þar er sagt, heldur miklu fyrr, en hvenær er ekki vitað.”
Heimildir: Ö-Hreiður, 3; Guðjón Jónsson: “Kambsrétt” Heima er bezt 1954 nr. 10, 298

RA-384:020 *Kirkjugötur* gata leið
"Þar fyrir sunnan er laut, sem heirti Langalág, nær hún að Pulutjörn. Þar stóð áður bærinn Pula vestan við tjörnina, og sjást þar miklar húsarústir og túngarðar." Segir í örnefnalýsingu. 1708: "Í Köldukinnarlandi er flatlendis hæð svo víð sem stórt túnstæði, kölluð að forngildu Stóra-Pula. Nú kallast heiðin þar og þar um kring Köldukinnarheiði. Í þessari Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem þar mundi einhverntíma hafa bygð verið. Nú er plátsið blásið og komið í mosa og í þann máta öldúngis óbyggilegt""Í hellaritgerð Helga Hannessonar er eftirfarandi að finna um Stóru-Pulu: "Stóra Pula heitir forn bæjarrúst við Pulutjörn. Þar sjást leifar langra varnargarða og akurgerða. Þjóðsagan segir að þar hafi fyrrum verið stórbær og átján hurðir á járnum og margt heimamanna. Í Svartadauða dó allt fólkið en gekk aftur svo hatramlega, að þar var engum lifandi mani vært. Síðan hefur engin búið þar. Enn segir sagan, að hundrað manna hafi safnast þar saman í helli, sem hrundi ofan á fólkið. Menn benda á slakka í heiðinni upp frá norðausturhorni Pulutjarnar, og segja að þar hafi hrundi hellirinnn verið". Stóra Pula (eða Gamla-Pula) er í landi Pulu, alllangt suðvestur af bæ, utanhalt í hoti ofan við Pulutjörn, rétt vestan þjóðvegarins, Hagabrautar."
Heimildir: SB V, 263; Ö-Pula, 2; JÁM I, 319; ÁG Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 181-182; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 25-26

RA-397:002 heimild um bænhús
PULA Í HOLTUM (R) (MARTEINSTUNGUÞING) - BÆNHÚS?1708: Í Köldukinnarlandi er flatlendis hæð svo víð sem stórt túnstæði, kölluð að forngildu Stóra-Pula. Nú kallast heiðin þar og þar um kring Köldukinnarheiði. Í þessari Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem þar mundi einhverntíma hafa bygð verið. Nú er plátsið blásið og komið í mosa og í þann máta öldúngis óbyggilegt.
Heimildir: JÁM I, 319

RA-397:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-397:004 *Litla-Pula* bæjarstæði bústaður
"Býlið Pula sem nú er byggðist um 1660 af séra Þorleifi Jónssyni í Odda. Gamla Pula er friðlýst rústaþyrpin frá fornöld við Pulutjörn á mótum Hagabrautar og Landvegar. ... Sú Pula sem nú er í byggð nefndist Litla Pula 1708 ..." Segir í Sunnlenskum byggðum. 1708: "Í útnorður hjer frá svo sem þriðjung úr bæjarleið liggur eyðipláts kallað Litla-Pula. Það hefur frá elstu tíð að minn til vita verið og brúkaðist til beitar leyfislaust og tolllaust frá Köldukinn, Mykjunesi og Hallstúni (Marteinstúngu hjáleigu) inn til þess fyrir 50 árum eður þar um, þá eignaðist Sr. Þorleifur sál. Jónsson í Odda þessa Litlu-Pulu Oddakirkju, og bygði þar bæ og setti þar á landseta. Varaði þessi bygð í 40 ár eður þar um og er nú fyrir 7 eða 8 árum í eyði lagt. Kynni aftur að og er nú fyrir 7 eða 8 árunum í eyði lagt. Kynni aftur að byggjast jarðarinnar vegna, ef leiguliði til fengist. Þó sæi umliggjandi jarðar ábúendur helst að það aldrei bygðist, með því þess bygð að þeim þrengir, en þeir beita nú landið eins og í gamla daga."
Heimildir: SB V, 263; JÁM I, 319

RA-397:005 *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað
"Í norður þaðan er steinn, sem heitir Grásteinn, og er hann hornmark að Götu, Nefsholti og Hreiðri. Steinn þessi er eins og hús í lögun, og var talið, að þar byggði huldufólk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Pula, 1

RA-397:006 *Selás* örnefni sel
"Þar fyrir sunnan [001] er ás, sem heitir Selás ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Pula, 2

RA-397:007 heimild um fjárhús
Samkvæmt örnefnakort var sauðhústóft í Pululaut.
Heimildir: Örnefnakort

RA-397:008 *Ærhúsholt* örnefni fjárhús
"Ærhúsholt, norðaustur frá bænum, skagar norður úr Puluehiði í stefnu á Brýnisrima." Sjá örnefnakort, við Krika.
Heimildir: Ö-Pula IE, 5; Örnefnakort

RA-397:009 *Kirkjugötur* örnefni leið
Sjá örnefnakort, við landamerki að Mykjunesi
Heimildir: Örnefnakort

RA-397:010 *Gamli garður* örnefni
Sjá örnefnakort, við landamerki að Köldukinn
Heimildir: Örnefnakort

RA-397:011 *Hundraðsmannahellir* heimild
Samkvæmt örnefnakorti var Hundraðsmannahellir í Hellisholti, ekki víst hvar. "Hellisholt: "í munnmælasögum frá gömlum dögum heyrði ég sagt, að norðaustur frá Gömlu-Pulu ætti að vera hellir, sem hefði verið notaður fyrir heygeymslu. Þetta er skammt frá, myndaðist þar að hæðarbreyting á heiðinni, átti að hafa lokað fyrir hellisopið, hrunið klettar, átti svo seinna að fara að grafa hann upp, en ekki borið árangur, en þarna sáust merki þess að grafið hefði verið inn í hæðina og var nefnt þarna Hellisholt."Í hellaritgerð Helga Hannessonar er eftirfarandi að finna um Stóru-Pulu: "Stóra Pula heitir forn bæjarrúst við Pulutjörn. Þar sjást leifar langra varnargarða og akurgerða. Þjóðsagan segir að þar hafi fyrrum verið stórbær og átján hurðir á járnum og margt heimamanna. Í Svartadauða dó allt fólkið en gekk aftur svo hatramlega, að þar var engum lifandi mani vært. Síðan hefur engin búið þar. Enn segir sagan, að hundrað manna hafi safnast þar saman í helli, sem hrundi ofan á fólkið. Menn benda á slakka í heiðinni upp frá norðausturhorni Pulutjarnar, og segja að þar hafi hrundi hellirinnn verið". Stóra Pula (eða Gamla-Pula) er í landi Pulu, alllangt suðvestur af bæ, utanhalt í hoti ofan við Pulutjörn, rétt vestan þjóðvegarins, Hagabrautar. Helirinn var í holti nokkru norðar, austan vegarins. Þar sem hellirinn er sagður hafa verið er hú gróin hvilft í allbrattri brekku, 2,5 x 5 m2. Ekki sér fyrir neinum tóftum við hvilftina en ekkert mælir þó gegn því að helir sé, eða hafi verið, þarna inn af. Um 17 m innar á holtinu er lítil dæld, hugsanlega eftir hrun niður um stromp. Hvergi sér í berggrunn á þessum slóðum. Fornlegir grónir garðar liggja þarna þvers og kruss um mýrar og holt, m.a. liggur garður, sem líklega hefur verið túngarður, eftir holtinu rétt ofan við "hellismunann". Hann má rekja vestur fyrir veginn þar sem hann beygir í átt að Stóru-Pulu. Hellirinn hefur því verið rétt innan við túngarðinn."
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Pula IE, 3; Manngerðir hellar, 181-182

RA-397:012 garðlag landamerki
Landamerki 1889: "Að sunnanverðu liggja mörkin á móts við Marteinstungu landi frá steini á Klettholti sjónhending til nroðvesturs í Grástein, þaðan til norðausturs sjónhending í Flóðarima þaðan sjónhending í Bauluskurðsbotn og síðan ræður Bauluskurður mörkum að norðanverðu, allt að steini þeim norðanmegin skurðsins er liggur á móts við garðlagið norður í Puluheiði. Að austanverðu liggja svo mörkin úr síðast nefndum steini á móts við Köldukinnarland, sjónhending austanvert við Pulutjörn í steinin á Klettholti."
Heimildir: Landamerkjaskrá

RA-398 Kaldakinn

10 hdr 1708. Skálholtskirkjueign. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 "Hún [jörðin] er landstór og öll veg gróin." SB V, 262. 1917: Tún 4,3 ha, þar af slétt 2,5 ha, garðar 920 m²

RA-398:001 *Kaldakinn* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:006 heimild um fjárhús
"Í norður frá bænum fast við túnið er lágur hóll, er heitir Lóuhóll, austur af honum er hóll, sem nefnist

Lambhúshóll. Þar munu hafa verið fjárhús fyrir löngu síðan, því þar sést móta fyrir tóftarbrotum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

RA-398:007 *Kollóttihóll* heimild um huldufólksbústað
"Norður af Berjhól er Kollóttihóll, og er slétt flöt, sem skilur hann frá Berjhól. Um Kollóttahól hafa gengið þær sagnir, að í honum búi huldufólk, hafa sumir þótzt heyra þaðan undurfagran söng og enn aðrir þótzt heyra þaðan hurðaskelli og mannamál." "Skyggnir menn hafa séð þar á gangi mjög fagurt og tignimannlegt fólk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

RA-398:008 heimild um fjárhús
"Norðvestur af Berjhól er hæsti og fegursti hóll heiðarinnar, Stóri-Puluhóll. Suðaustan í honum stóðu sauðhúsin, sem tóku 80-90 fullorðna sauði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

RA-398:009 *Stekkjatúnskelda* örnefni stekkur
"Mýrin austur af túninu kallast Austurmýri. Um hana alla er aragrúi af dýjum, enn fremur ótel keldur, er renna um hana,, og skulu þær stærstu taldar, því þær bera allar eitthvart nafn. Heimakelda, Kílakelda, Markkelda, Brúnskelda, Stekkjatúnskleda, sem rennur í svonefnd Flóð, sem eru suðaustan til á mýrinni og eru ásamt umhverfi sínu aðalengjar jarðarinnar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 2-3

RA-398:010 heimild um fjárhús
"Heimast á Rimunum standa fjárhús, þar voru veturgömlu sauðirnir hafðir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:011 *Torfhóll* örnefni rista
"Vestan við Hryggjamýri taka við tveir, frekar lágir heiðarhryggir, sem heita Eystrihryggur og Vestrihryggur, syðst á honum er Torfhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:012 *Torfdæla* örnefni rista
"Sunnarlega á Eystrihrygg er örmjótt mýrarsund með keldu í ... Þar sem Eystrihryggur er hæstur, kallast Háihryggur. Fyrir heiman hann er dæld í gegnum hrygginn með sléttri flöt, það heitir Hryggskarð. Suðvestur af því er Torfdæla, hún er full af vatni á vetrum, en þurr á sumrum. Í henni er ágætur torfvöllur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:013 heimild um fjárhús
"Sunnarlega á Eystrihrygg er örmjótt mýrarsund með keldu í ... Þar sem Eystrihryggur er hæstur, kallast Háihryggur. Fyrir heiman hann er dæld í gegnum hrygginn með sléttri flöt, það heitir Hryggskarð. Suðvestur af því er Torfdæla, hún er full af vatni á vetrum, en þurr á sumrum. Í henni er ágætur torfvöllur. Vestur frá hennir er Stekkjartúnið, þar eru ærhúsin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:014 *Ból* örnefni
"Heiðin suðvestur frá Stekkjartúni kallast Suðurheiði. Rétt suðvestan við Stekkjartúnið er lágur hóll, sem heitir Ból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:015 *Nónvarða* varða eyktamark
"Heiðin vestur af túninu kallast Holt. Fyrir norðvestan Stekkjartúnið er Kringlumýri, vestan við hana er Skoruhryggur, og norðast á honum er nónvarða í nónstað frá bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:016 *Kirkjugata* gata leið
"Á holtinu fyrir vestan túnið er svonefnt Messuflag, rétt við það liggja Kirkjugötur vestur holtið." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:017 heimild um lambhús
"Á túninu við bæinn eru þessi örnefni: Rétt fyrir austan fjósið er Eldiviðarhóll, fyrir norðan hann er bæjarlindin. Austan við hana er Lambhústúnið, þar eru lambhúsin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:018 heimild um rétt
"Þar sem túnið skagar lengst fram í mýrina, kallast Réttarrimi, þar var gamla fjárréttin, sem tók 500 fjár. Nú er þessi rimi orðinn að sléttu túni ásamt réttinni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:019 *Kaldólfskinn* heimild um legstað
"Um 40 m suður frá bænum er Kaldólfskinn, slétt flöt með lágum hól í sér miðri. Sumir herma, að í þessari flöt, þar sem hóllin sé, sé fyrsti landnámsmaður þessarar jarðar heygður og hann hafi heytið Kaldólfur og hafi verið mikill sóldýrkandi, því sú saga er sögð, að hann hafi trúað fastlega á þann, sem skapaði sólina, og viljað láta grafa sig þar, sem sólar nyti sem bezt, er hún væri á lofti." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:020 heimild um vatnsból
"Lind. Vatnsból Köldukinnar, skammt norðaustan bæjarins." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 5

RA-398:021 heimild um hesthús
"Merarrani, skammt norðaustan bæjar, en sunnan við lambhústún. Þar var áður hesthús og þar hýstar merar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 6

RA-398:022 *Mykjunesgötur* heimild um leið
"Mykjunesgötur. Frá Köldukinn að nágrannabænum Mykjunesi: norður Heiðarhrygg, vestan Berjhóls og þá til norðvesturs um Syðsta-, Mið og Innstahvamm, í austurrótum Köldukinnarheiðar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 6

RA-398:023 *Nónvörðurgötur* heimild um leið
"Nónvörðugötur. Frá Köldukinn til suðvesturs yfir Holtið og norðurtögl Klettholts." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 6

RA-399 Ölvaðsholt

16 hdr. 1503/1708, með Ölvaðsholtshjáleigu, annars 12 hdr. 1503: Jörðin seld fyrir 20 hdr í lausafé. DI VII, 635. Riðháttur á reiki, Ölvasshots eða Ölvarsholt. 1708: "Heyskapur utan túns mjög ljettur og taða í lakara lagi vegna eltíngar. Engjum jarðarinnar spilla nokkuð jarðföll." JÁM I, 336 1917: Tún 3,2 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 620 m²

RA-399:001 *Ölvaðsholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:005 *Ölver* heimild um legstað
"Upp af bæjarstæðinu er hólkollur nokkuð hár, talinn haugur landnemans Ölvers." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Í túninu í Ölversholti er hóll, sem heitr Ölver, og segja gömul munnmæli, að þar sé Ölver heygður, enda hóllinn svo lagaður, að vel gæti verið mannaverk." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SB V, 260; Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:006 *Hafursholt* bæjarstæði býli
"Til norðurs frá bæjarstæði er Hafursholt. Þar var byggt smábýli 1861 og stóð til 1886." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Norðan við Holtið er Bæjarsund, en norðan við þar Hafursholt, það er eyðibýli, sem var í byggð fram undir 1880." Segir í örnefnalýsingu. "Sést enn móta fyrri túnbletti." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 260; Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:007 *Ærhúsdalur* örnefni fjárhús
"Vestan við bæinn eru hæðir, sem heita Hnúkar. ... Syðst í Hnúkum heitir Ærhúsdalur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 1

RA-399:008 *Bjallastekkatún* örnefni stekkur
"Vestan í Hnúkum [sjá 007] er Leirdalur og vestan við hann Fagrabrekka, en vestast Bjalli og Bjallastekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 1

RA-399:009 *Stöðulbrún* örnefni kvíar
"Norðan við Skurðinn heita Flóð næst Skurðinum, þá Flóðamýri, nær bænum er svo þurrlendi, Stöðulbrúnir og Flóðarani, Dælur og Gömlukvíar hét heima við bæinn, sem nú er orðið að túni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:010 *Gömlukvíar* örnefni kvíar
"Norðan við Skurðinn heita Flóð næst Skurðinum, þá Flóðamýri, nær bænum er svo þurrlendi, Stöðulbrúnir og Flóðarani, Dælur og Gömlukvíar hét heima við bæinn, sem nú er orðið að túni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:011 heimild um þvottastað
"Vestan við gilið eru hvammar, efst Botnakompur, þá Kattakompur, næst Hlóðakompur (þar var ull þvegin) ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:012 *Draugakompur* heimild um draug
"Vestan við gilið eru hvammar, efst Botnakompur, þá Kattakompur, næst Hlóðakompur (þar var ull þvegin), þar næst Imbupyttur, Kvígulaut, Þórðarlág og Draugakompur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:013 heimild um huldufólksbústað
"Huldufólk bjó í Hafursholti og þóttist fólk verða þess vart, og oft sást ljós í Hlotsnefi, er skyggja tók." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:014 *Brúnavarða* örnefni
Í Brúnum, sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-399:015 *Skógargötur* heimild um leið
Í Brúnum, sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-399:016 heimild um mógrafir
Sjá við Efstafles á örnefnakorti.
Heimildir: Örnefnakort

RA-399:017 heimild um fjárhús
Á örnefnakortinu er merkt inn sauðahús Marles við Kelduna.
Heimildir: Örnefnakort

RA-399:018 heimild um fjárhús
Á örnefnakortinu er merkt inn sauðahús við Bríkur.

Heimildir: Örnefnakort

RA-399:019 heimild um landamerki
Landamerki: "Frá svonefndu gilmynni (þar sem Ölversholtsgil fellur í Rauðalæk) ræður gilið í austurgilsholti, úr austurgilsholti ræður skurður með pyttum upp í flóð, úr flóðunum ræður kelda með pyttum upp í austurbrúnarhorn, frá austurbrúanarbotni ræður bein stefna í Klettholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Marteinstungu, Pulu og Köldukinnar) frá Klettholti ræður bein stefna niður í Hamarsholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Austurvaðsholts, Snjallsteinshöfða og Árbæjar) úr Hamarsholti ræður bein stefna, norðanvert að Haukhól í vörðu sem stendur í gilbrúninni að ytri Hólmgili frá Hólasporðinum ræður Rauðilækur ofan að áðurnefnda gilinu."
Heimildir: Landamerki 1885

RA-399:020 varða landamerki
Landamerki: "Frá svonefndu gilmynni (þar sem Ölversholtsgil fellur í Rauðalæk) ræður gilið í austurgilsholti, úr austurgilsholti ræður skurður með pyttum upp í flóð, úr flóðunum ræður kelda með pyttum upp í austurbrúnarhorn, frá austurbrúanarbotni ræður bein stefna í Klettholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Marteinstungu, Pulu og Köldukinnar) frá Klettholti ræður bein stefna niður í Hamarsholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Austurvaðsholts, Snjallsteinshöfða og Árbæjar) úr Hamarsholti ræður bein stefna, norðanvert að Haukhól í vörðu sem stendur í gilbrúninni að ytri Hólmgili frá Hólasporðinum ræður Rauðilækur ofan að áðurnefnda gilinu."
Heimildir: Landamerki 1885

RA-399:021 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði
"Suðvestur af Blautumýri er gil með vallendisbökkum, sem heitir Hjáleigugil. Hjá því er lítilll hóll, Tjaldhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga BK, 1

RA-400 Ölvaðsholtshjáleiga

4 hdr 1708, þá í eyði. Bygt þar sem áður var stekkjartún og gert að lögbýli 1670. Högum skipt frá Ölvaðsholti árið 1946. "Þessu býli spulla jarðföll í engjunum so sem heimajörðunni." JÁM I, 337 1917: Tún 1,9 ha, þar af slétt 0,8 ha, garðar 580 m²

RA-400:001 *Ölvaðsholtshjáleiga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:005 heimild um mógrafir
"Mótak var gott." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 261

RA-400:006 gripir
"Silfursjóður fannst 1924 í moldarflagi við Lækinn, suður af Nesinu, ríkisdalir og spesíur, auk annarrar myntar, um 115 peningar." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 261

RA-400:007 *Stekkjartún* örnefni stekkur
Sjá örnefnakort við Ölversholtshjáleigu
Heimildir: Örnefnakort

RA-400:008 *Gerði* örnefni
Sjá örnefnakort við Ölversholtshjáleigu

Heimildir: Örnefnakort

RA-400:009 heimild um rétt
Sjá örnefnakort við Ölversholtshjáleigu
Heimildir: Örnefnakort

RA-400:010 heimild um fjárhús
Á örnefnakorti eru merkt tvö ærhús hjáleigunnar og eitt sauðahús.
Heimildir: Örnefnakort

RA-400:011 heimild um fjárhús
Á örnefnakorti eru merkt tvö ærhús hjáleigunnar og eitt sauðahús.
Heimildir: Örnefnakort

RA-400:012 heimild um fjárhús
Á örnefnakorti eru merkt tvö ærhús hjáleigunnar og eitt sauðahús.
Heimildir: Örnefnakort

RA-401 Marteinstúnga

30 hdr 1708. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7 [1367]:"Marteinskirkia j sottartungu a prestskylld j heimalande og halft ellefta kugillde." DI III 218 1382-91/1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 62-63 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 659Bærinn hét áður Tunga, síðan Sóttartunga og síðast Marteinstunga. Kirkjustaður. 1708 hjáleigur Hallstún, Gata (í eyði) og Bjálmholt (í eyði).JÁM I, 332-334. "Landareignin er um 500 ha, þar af um fjórði hluti þurrlendi, og öll vafin gróðri. Hagar eru skjólgóðir." Hallstún og Bjálmholt hjáleigur M. SB V, 257 1917: Tún 4,4 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1300 m²

RA-401:001 *Marteinstúnga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:002 heimild um kirkju
MARTEINSTUNGA Í HOLTUM (R) -Marteini (HOLTAÞING)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1367]: xxxv. Marteinskirkia j sottartungu a prestskylld j heimalande og halft ellefta kugillde. messuklæde ok kaleik og lausan hokul
les Vilchinsbok þui hun er langtum fyllre; Hítardalsbók DI III 218
1382-91: [á kýr og ær]
Þangad liggia .ix. bæer ad tyundumm enn .x. ad lysitollumm
Þar skal vera heimilisprestur oc hafa .iiij. merkur j Tyda offur. oc litla kistu [!]
kirkiann aa prests skylld j heimalandi.
Jtem lagdi Torfi Teitsson til kirkiunnar [ornamenti]
fiell nidur oll portio Ecclesiæ firir Þa hlute sem hann hefur giefid i kirkiunni jnnan sigh.
Jtem [frekari ornamenti og 6 ær er Margrét húsfreyja Torfa gaf til]
Jtem gefur Torfi epter sinn dag .vj. ær
1397 Jtem hefur gefist sydann biskup Michel reiknadi eitt hundrad vadmäla
Jtem lagde biskup Michel til klucku fra Skammbeinstodumm
Jtem lagdi virdiligur herra Herra Wilchin biskup j Skalhollti til Mariuskript.
portio Ecclesiæ vmm .xj. är halft atta hundrad. fiell nidur oll fyrer kirkiu vppgiaurd.
er kirkian nv skylldug honumm halft Þridia hundrad; Máld DI IV 62-63
1575: Máld DI XV 659
1708: Í ... Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi Þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem Þar mundi einhverntíma hafa bygð verið; JÁM I: 319
1708: Hjer er alkirkja og embættað að Þriðjungi við Haga og Árbæ; JÁM I: 332
16.11.1907: HoltaÞing lögð niður og Marteinstungu- og Hagakirkjur lagðar til LandÞinga; ([lög]
Heimildir: Túnakort 1917; PP, 68; JÁM I, 332; DI

RA-401:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:007 heimild um þingstað
Þingstaður var lengi í M.
Heimildir: SB V, 257

RA-401:008 *Beindalur* örnefni
"Vestan við Saurteigsholt er Flaghóll, þar sem vegurinn heim að bænum liggur af þjóðvegi. Suðaustur af Flaghól er Beindalsholt og sunnan við það Beindalur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1

RA-401:009 *Vörður* örnefni
"Vestan við Beindal [008] er rót holtsins eru hólar, sem heita Vörður, og vestan við þá Vörðumýri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1

RA-401:010 heimild um legstað
"Suður af Nónhamri er Nónhamarsvik, og mýrin vestur af því heitir lýtingsmýri. Sunnan hennar er hóllinn Lýtingur. ... Fjárhús hafa verið í Lýtingi um nokkurt skeið." "Sú sögn er um þann stað, að Lýtingur sá, sem fyrstur byggði á Lýtingsstöðum, hafi skotið ör af boga frá bæ sínum og mælt svo fyrir, að haugur hans skyldi gerður, þar sem örin fyndist. Átti örin að hafa fundizt í Lýtingi og talið, að Lýtingur væri þar heygður. Ekki sjást þar merki haugs eða dysjar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1-2

RA-401:011 tóft beitarhús
"Suðaustur af Nónhamarsviki heitir Háihryggur og austur af honum Háahryggsmýri. Suðaustan við hana eru Hólar. Þar eru beitarhúsatættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:012 *Sjálfkvíavik* örnefni kvíar
"Austur af Hólum [sjá 011] er Grátjarnarmýri og í henni Grátjörn. Sunnan við hana er Djúpudalsheiði. Milli hennar og hóla er skeifulagað mýrarsund, sem heitir Sjálfkvíavik." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:013 tóft beitarhús
"Suðvestur af því [012] er stakur klettur Hrafnaklettur, en suðaustur af honum er stórt holt, sem er kallað Hestaklettur. Þar eru beitarhúsatættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:014 tóft sel
"Norður af Hrafnakletti eru Selbrekkur, sem skiptast í Austur-Selbrekkur og Vestur-Selbrekkur. Í Austur-Selbrekkum eru miklar húsatættur mjög vallgrónar, sem gætu verið af seli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:015 *Götustykki* örnefni
"Sunnan Steinslækjar eru þurrlend engjastykki, næst Grafhól heitir Bjálmholtsstykki og austur af því Götustykki ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3

RA-401:016 *Fjárhúsmýri* örnefni fjárhús
"Sunnan og suðvestan Stórabarðs er Fjárhúsmýri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3

RA-401:017 tóft fjárhús
"Sunnan og suðvestan Stórabarðs er Fjárhúsmýri. Austur af Fjárhúsmýri er Vesturkriki, er liggur að hæðardragi, sem heitir Hryggur. Þar eru tættur af fjárhúsum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3

RA-401:018 tóft stekkur
"Austan Hryggjarins heitir Austurkriki, en austan við, en austan við hann er stórt holt, sem heitir Lambadalsholt. Suðvestan í því, upp af Austurkrika, er hvammur með fjárhústóttum, sem heitir
Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3

RA-401:019 *Stíflur/Brú* vegur leið
"Vegurinn yfir Teiginn var nefndur Stífla eða Brú." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:020 *Stöðull* tóft kvíar
"Austan undir Lambadalsholti milli þess og Saurteigs heitir Stöðull, og sést þar móta fyrir tóft rétt við heimreiðina." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:021 *Fjósalág*örnefni fjós
"Í túninu og við það eru þessi örnefni: Lægð í Vesturtúni heitir Fjósalág ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:022 *Brunnstígur* örnefni brunnur
"Austur af bænum er Brunnstígur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:023 *Brunnstígur* örnefni leið
"Austur af bænum er Brunnstígur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:024 heimild
"Austur af bænum er Brunnstígur og rétt sunnan við hann Dómflöt. Sjást þar glögg merki um hlaðinn hring nálægt 6 metrum í þvermál." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:025 *Kvíaflatir* örnefni kvíar
"Í Framtúni suðvestur af bænum heita Kvíaflatir rétt ofan við lægð, sem heitir Traðir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:026 *Traðir* örnefni traðir
"Í Framtúni suðvestur af bænum heita Kvíaflatir rétt ofan við lægð, sem heitir Traðir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:027 tóft
Sjá örnefnakort við Hamar
Heimildir: Örnefnakort

RA-402 Bjálmholt

Byggt úr Marteinstungu löngu fyrir 1700. Í eyðu 1708, því ábúendur létust í bólunni. JÁM I, 333. "Bærinn stendur í góðu skjóli af hæð sem heitri Bjálmholtsbjalli. Landareignin er öll vafin í gróðri en var lítt þurrlend." SB V, 259 1917: Tún 2,5 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 700 m²

RA-402:001 *Bjálmholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:004 *Hesthúsbrekka* örnefni hesthús
“Austan við bæinn heiti Mýrardalur, sunnan við hann Hesthúsbrekka ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:005 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Austan við bæinn heiti Mýrardalur, sunnan við hann Hesthúsbrekka, norður af henni heitir Heiðarbrúnin Barð, suður af því er allhá hæð, Stekkatúnsbjalli og vestan í honum Stekkatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:006 *Ærhúsrimar* örnefni fjárhús
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-402:007 *Fjóshóll* örnefni fjós
“Í túninu eru þessi örnefni: Vestast Magrakinn, þá Bæjarbrekka, norður undan henni Fjóshóll ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:008 *Tóttarhóll* örnefni
“Niður undan Hesthúsbrekku Tóttarhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:009 *Fjárhús* örnefni fjárhús
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-402:010 *Torfsund* örnefni rista
“Sunnan við Skyggni er Torfsund og í því grafarkelda Torfsundskelda, í henni neðst heitir Trippapyttur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:011 *Þvottadý*örnefni þvottastaður
“Austurmýri nær heim að túni, og heimast eru í henni tvær uppsprettulindir, Lambadý austar, en Þvottadý vestar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:012 *Kvíabrekkur* örnefni kvíar
“Þurrlendið austur af bænum heitir einu nafni Austurnasir, austan við þær eru Kvíabrekkur og Kvíabrekkuhóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:013 *Brunnskák* örnefni brunnur
“Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:014 *Lambhústún* örnefni lambhús
“Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák, vestur af henni Rúðuskák og vestur af henni Lambhústún ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:015 *Stöðull* örnefni kvíar
“Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák, vestur af henni Rúðuskák og vestur af henni Lambhústún, og nðest í því heitir Stöðull.” Segir í örnefnalýsingu. .
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:016 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús

“ ... niður af því Mosakrókur, austur af honum Fjárhústún með Fjárhúshól.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-403 Hallstún

5 hdr 1708, Byggt úr Marteinstungu ekki seinna en á 17. öld. 1917: Tún 2,1 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 720 m²

RA-403:001 *Hallstún* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:004 *Tóttarrimar* örnefni
“Vestur af Langás eru rimar, sem heita Tóttarrimar og vestur af þeim Stöðulmýri.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Hallstún, 1

RA-403:005 tóft fjárhús
“Austur af bænum heitir Langás, í honum eru fjárhústættur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-403:006 *Selsás* örnefni sel
“Austur af bænum heitir Langás, í honum eru fjárhústættur. Suðaustur af honum liggur Ásamýri, suðaustur af henni Selás ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-403:007 *Skógargötur* gata leið
“Vestur frá botni hennar [Vöðlakeldu] liggur ás, sem heitir Skógargötur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-403:008 *Stöðulmýri* örnefni kvíar
“Vestur af Langás eru rimar, sem heita Tóttarrimar [004] og vestur af þeim Stöðulmýri.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-404 Gata

4 hdr 1708, í eyði frá 1700. JÁM I, 333. Byggð út Marteinstungu. “Landareign er um 130 ha algróin og vel til búskapar fallin, þurrlend að einum þriðja.” SB V, 256 1917: Tún 1,7 ha, þar af slétt 1 ha, garðar 580 m²

RA-404:001 *Gata* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-404:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-404:003 *Berjatótt* örnefni
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-404:004 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, ærhús.
Heimildir: Örnefnakort

RA-404:005 *Brú* örnefni brú
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-404:006 heimild um fjárhús
“Austan við Mjósund er Stóra-Þúfnaholt (þar eru fjárhús).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gata, 1

RA-404:007 *Mói* bæjarstæði býli
Í Götutúni stóð kotbýlið Mói, byggt 1897. Það féll úr byggð 1902 við brottför Símonar Símonarsonar og Gróu Guðmundsdóttur.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 256

RA-404:008 *Lambhúsbrekka* örnefni lambhús
“Nyrzt í Götubrekkum er Háanef. Sunnan við það er Lambhúsbrekka ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Gata, 1

RA-405 Nefsholt

15 hdr 1708. 1540: Dómur um setu á jörðinni Nefsholti. DI X, 501. “Landstærð er um 200 ha, um helmingur þurrlendi.” SB V, 255 1917: Tún 4,5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1640 m² . “Ræktunarland er allgott, hagar skjólgóðir.” SB V, 255

RA-405:001 *Nefsholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:008 *Fjóshóll* örnefni fjós
“Fjóshóll var fast vestan við Nefholtsbæ.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 2

RA-405:009 *Ærhúsgerði* örnefni fjárhús
“Lautin. Slakki austan við ærhúsgerði Guðjóns Jónssonar ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 4

RA-405:010 *Pyttur* örnefni
“Pyttur var niður af Vestrihól, norðan við Rana. Þar var saltfiskur lagður í bleyti.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 5

RA-405:011 *Stöðull* örnefni kvíar
“Stöðull var skammt norðasutan við bæinn, og var þá utan túns.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 6

RA-405:012 *Torfrimi* örnefni rista
“Torfrimi. Smárimi í Sundinu beint vestur af Kúahvammi. Þar var þurrkað heytorf.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 6

RA-405:013 *Þvottalaugar* örnefni þvottastaður
“Þvottalaugar voru örfáa tugu metra norðvestur frá núverandi skólahúsi á Laugalandi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefholt, 7

RA-405:014 *Stekkatún* örnefni stekkur
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-406 Hvammur

10 hdr 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 “Hún [jörðin] er um 200 ha og nær helmingurinn þurrlendi. Fjórði hluti jarðarinnar var uppblásinn.” SB V, 254 1917: Tún 4,5 ha, þar af slétt 3 ha, garðar 1260 m²

RA-406:001 *Hvammur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:004 *Brúarrimi* örnefni brú
“Austan við túnið heitir Bjallamýri. Austast í hennni heitir Stakirimi og Brúarrimi ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-406:005 *Vörðurimi* örnefni
“Vestan við Brúnir heitir Vörðurimi ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-406:006 *Stekkatún* örnefni stekkur
“Vestan við Brúnir heitir Vörðurimi og sunnan við hann Stekkatún og Stekkatúnsrimi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-406:007 *Lambhúsbrekka* örnefni lambhús
“Túnið vestur af bænum heitir Seigla. ... Ofan við Seiglu var Lambhúsbrekka ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-406:008 heimild um huldufólksbústað
“Vestast í túninu heita Lautir, en vestan við túnið eru klettabrúnir með hvömmum og heita Básar. Þar býr huldufólk.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-407 Lýtíngstaðir

20 hdr 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 Skálholtskirkjueign. “Landrými er gott, 405 ha, hvarvetna gróið og gnægð af góðu ræktunarlandi. Hagar eru skjólgóðir. Um 1/3 landareignar er þurrlendi.” Fosshólar nýbýli frá 1935. SB V, 252-253 1917: Tún 4,6 ha, þar af slétt 2 ha, garðar 1520 m²

RA-407:001 *Lýtíngstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:004 *Kambrétt* heimild um rétt

"Um það bil 600 m norðvestur af bænum upp í Kambsheiði, voru Kambsréttir, hinar fornu skilaréttir Holtahrepps hins forna." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Kambsrétt er hlaðin úr illalöguðu blágrýti, sem er þungt í meðförum og óstöðugt í hleðslu. Hefur því oft þurft að endurbæta hana. Almenningurinn er hringlagaður 17 m. og 17 dilkar, mismundandi stórir, út frá honum allt í kring. Hverfi og nábúar 4-10 eiga dilk saman og sjá um að halda honum við."

Heimildir: SB V, 253; Guðjón Jónsson: "Kambsrétt" Heima er bezt 1954 nr. 10, 298

RA-407:005 hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**

"Tveir gamlir fjárhellar eru á Lýtingsstöðum, báður friðlýstir. Þeir voru síðast notaðir 1973." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Um 600 m beint suður af Lýtingsstöðum er allmikið holt af basalti gert sem Hellisholt heitir. Uppi á því eru sandsteinshólar og þar í gamall fjárhellir og leifar hlöðuhellir." "Í Sýslu- og sóknalýsingum Bólkmenntafélagsins er geti um tvo hella á bænum sem báðir standa enn: "C. Fjárhellir tilheyrandi bænum Lýtingsstöðum stendur í holti lausu við túnið í landnorður frá bænum; hann er 30 al. að lengd, 9 al. að vídd, 3 1/2 al að hæð, þráðbeinn til beggja hliða; dyrnar auk forskálans eru 3 al. að vídd og hæð. Hann er með nýjum strompi upp úr miðju; að öllu leyti náttúrunnar verk. Krossmark er í hann klappað uppyfir dyrunum". Svona lýsir sr. Sigurður Sigurðsson öðrum af tveimur Lýtingsstaðahellum í sóknarlýsingum sínum a´rið 1840. Þau pennaglöp eru í textanum að hellirinn sé í landnorður frá bænum. Lýsingin á við hellinn á Hellisholti, í hásuður frá bænum. Hann er manngerður að öllu leyti."Hlöðuhellirinn hefur fallið einhvern tíma fyrr á öldum og nú stendur braggi yfir grunni hans. byggingarnar snúa nær austur-vestur og er gengið inn í fjárhellinn að vestan.

Framan við hellinn er fallinn forskáli en að utan hefur verið gengið inn í hann um eins metra breið og 3-4 m löng hlaðin tröppugöng. Hellirin sjálfur er 14-15 m langur og víðast 5-6 m breiður. veggjahæð er um 1 m, þar yfir er óreglulegt bogamyndað þak og eru 2 m upp í það þar sem hæst er. Eftir hellisþakinu endilöngu sér í gamalt bogasveigt þak hins upprunalega hellis en til beggja handa út frá því gengur þakið samsíða lagskiptingu sandsteinsins í víðum boga út að veggjunum. Annaðhvort hefur hellirinn verið víkkaður eða hann hefur breyst með þessum hætti í tímans rás. Trégarði er á miðju gólfi en nær ekki nema rétt rúmlega inn fyrir miðjan helli og óvandaðar tréjötur með veggjum að hluta til beggja vegna. Talsvert mikið hrun hefur orðið úr þakinu framan til, innan til er strompur, 0,8 m í þvermál. Þar er þykkt þaksins 30 cm. Bragginn yfir hlöðuhellistóftinni er 16,0 x 6,6 m2. Hellirinn sjálfur hefur þá lengd en breidd hans er víðast á bilinu 5-6 m. Dyr hafa verið austan til á norðurvegg og þar eru nú upfylling. Dálítil mjódd á milli hellanna hefur aðgreint þá í eina tíð. Veggjahæð í hlöðunni up að bárujárninu er nú 2,5-3 m nema fremst þar sem hún lækkar um 0,4 m Í heild er hellirinn rúmir 30 m að lengd og hafi hann staðið uppi allur í einu hefur hann verið með alstærstu hellum af sinni gerð. hellirinn var notaður sem fjárhús fram til 1973. heyhelirinn var gleymdur og grafinn og kom ekki í ljós fyrr en farið var að gera grunn undir braggann. Áletranir á veggjum eru allar unglegar og ártöl öll frá 20. öld. ... Torfgarður mikill er kringum helana á holtinu, 80 x 110 m2. Í norðvestur horni hans virðist mega greina hellisleifar."

Heimildir: SB V, 253; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 179-180

RA-407:006 hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**

"Tveir gamlir fjárhellar eru á Lýtingsstöðum, báður friðlýstir. Þeir voru síðast notaðir 1973." Segir í Sunnlenskum byggðum. 1708: "Hellir einn er út í högunum, sem brúkaður er tilfjárhúss á vetur með nokri aðgerð." 1840: "Um hellinn í Kambsheiði segir sr. Sigurður: "D. Hellir sem ekki er brúkaður, en tilheyrir strax nefndum bæ, stendur upp í fyrrnefndri Kambsheiði, því nær á miðri leið milli bæjanna Lýtingsstaða og Raptsholts, samt í Lýtingsstaðalandi og í útnorður frá bænum. Hann er 12 al. að lengd, 4 al. að vídd og 3 al. að hæð. Afhellir liggur til útnorðurs, út úr strax nefndum hellir; hann er 18 al. að lengd, 3 al. að vídd, 2 1/2 að hæð, báðir að fornu klappaðir"."Hellir í Kambsheiði. Þetta er hellirinn sem getið er um í Jarðabók Árna og Páls. hann stendur enn og er í góðu lagi. Mælitölur sóknarlýsingarinnar frá 1840, sem vitnað er til hér að framan, eru þær sömu og mælast nú. hellirinn er tvískiptur og standa hlutarnir hornrétt hvor á annan. Hann er höggvinn í harðan foksandstein. Hér og þar eru trjáför. Meitilför sjást enn víða á veggjum. Einnig vitför eftir skilrúm milli hellanna og eftir garðabönd. Naglar standa á stöku stað í veggjum. Ytri hellirinn er styttri en innri hlutinn og snýr sem næst norður-suður. Hann er vel hvelfdurr og lítið útgrafinn til veggjanna. Gert hefur verið laglegt rjáfur úr timbri og bárujárni yfir stórt gat sem þar er í lofti. Sandsteinninn í loftinu er þunnur, 30 cm í gatinu og 20 cm í munnanum. hæð frá gólfi og upp í bárujárnsrjáfið er um 4 m. Gólfið er lárétt og slétt. Í innra hellinum er það lægra og er 0,7-0,8 m þrep niður á það. Því hallar til austurs og í austurendanum er það 0,5-1,0 m lægra en vestast. Þar er sporöskjulagaður strompur í lofti. Engar hleðslur eru í honum. Sandsteininn þar er á bilinu 60-80 cm. Austast í hellinum er gat í loftinu og moldarhrúga þar niður undan. Forskáli, sem nú er tekin að bila, er fyrir suðurenda hellisins."

Heimildir: SB V, 253; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 179-181

RA-407:007 varða landamerki

Landamerki: “Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól.”
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1

RA-407:008 varða landamerki
Landamerki: “Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól.”
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1

RA-407:009 varða landamerki
Landamerki: “Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól.”
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1

RA-407:010 heimild um brunn
“Norðvestur frá bænum er ávalahóll, sem heitir Brunnhóll. Vestast í honum var brunnur, en hann hvarf í miklum jarðskjálftum, líklega 1896.” Segir í örnefnalýsingu. “Aftur kom vatn í brunninn, en síðar þornaði hann í miklum þurrkum, sem gerðist aldrei áður. Brunnhóll var við heimreiðina, og var einkum farið það á sumrin, en minna notað á vetrum. Þarna voru kýr líka reknar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:011 heimild um leið
“Brunnhóll var við heimreiðina, og var einkum farið það á sumrin, en minna notað á vetrum. Þarna voru kýr líka reknar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:012 heimild um rétt
“Fyrir norðan bæinn, austur af Brunnhól, er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll. Við hann var rétt, heimarétt, aðeins notuð fyrir bæinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:013 heimild um traðir
“Fyrir norðan bæinn, austur af Brunnhól, er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll. Við hann var rétt, heimarétt, aðeins notuð fyrir bæinn. Hóllinn er alveg í traðarkjaftinum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:014 heimild um kvíar
“Vestur af Réttarhól er Stöðuldæla. Vatn var í henni, en hún var þó þurr á sumrin. Kýr voru mjólkaðar á stöðli, norður af bæ, þar sem tröðin byrjaði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:015 heimild um hesthús
“Beint norður af bæ, aðeins austar en þessir hólar, er Hesthúshóll, stærsti hóllinn í túninu. Þar var hesthús fyrri brúkunarhesta, sem þurftu að vera tiltækir, en hesthús var annars staðar fyrir önnur hross.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:016 heimild um hesthús

“Beint norður af bæ, aðeins austar en þessir hólar, er Hesthúshóll, stærsti hóllinn í túninu. Þar var hesthús fyrri brúkunarhesta, sem þurftu að vera tiltækir, en hesthús var annars staðar fyrir önnur hross.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:017 *Gerði* heimild
“Austan við traðirnar heitir Gerði. Þar var gamalt tún, sem girt var með stórum garði, sem hlaðinn var út kökkum og náði ofan frá Lambavörðu. Nú er allt tún þarna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:018 *Lambavarða* örnefni
“Austan við traðirnar heitir Gerði. Þar var gamalt tún, sem girt var með stórum garði, sem hlaðinn var út kökkum og náði ofan frá Lambavörðu. Nú er allt tún þarna. Lambavarða er hæð með kletti í norðurhorni túns, eins og það var.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:019 *Magragerði* örnefni kvíar
“Austan til í túninu, uppi á Hátúni, er Magragerði. Þar var alls staðar grjót upp úr. Kvíar voru hafðar þar, og gréri þar smátt og smátt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:020 *Kirkjuhóll* heimild um huldufólksbústað
“Nokkru norðan við heimreiðina að Lýtingsstöðum er stakur hóll, sem heitir Kirkjuhóll. Þar átti að vera álfakirkja. Hóllinn er sérstæður með brattar hliðar og sléttar grundir í kring. Engin kirkjulögun er á honum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 3

RA-407:021 vegur leið
“Nokkru vestar en Kirkjuhóll og í norður frá bæ er Ólafshóll. Engin sögn er um nafn hans. ... Norður yfir Grjótin lá gamall vegur að Raftholti. Hann var á milli Kirkjuhóls og Ólafshóls.” Segir í örnefnalýsingu. “Gamli vegurinn að Rafntholi, sem fyrr var nefndur og lá norður yfir Gjrótin, lá áfram í norður fyrir endana á Syðstu- og Mið-Fögrubrekku, yfir Hellislaut og austan við Utustu-Fögrubrekku.” Segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Hestvegnavegur lá norður Grjótin. Vegurinn lá fyrst út í hellinn og var aðeins ætlaður til að fara í hellinn og flytja þaðan t.d. skán, en síðar var vegurinn lengdur. Þar sem þessi vegur lá, var mesta snjóakista á vetrum, og því var veguirnn færður upp í heiðina, þegar bílvegur var lagður.”
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 3, 4; Ö-Lýtingsstaðir ath og viðb., 1

RA-407:022 heimild um mógrafir
“Neðan við eða nest í Flatholtsmýri eru Mógrafir. Ekki var þar tekinn mór í tíð Katrínar ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:023 heimild um fjárhús
“Hún [Markakelda] er á merkjum Lýtingsstaða og Hvamms og kemur niður í Steinslæk vestan við Hvammsholtin. (Á Hvammsholtum voru sauðahús).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:024 heimild um ristu
“Torfholt er stakt holt vestan við Flatholtsmýrina og beint í suður frá bæ. Á því var þurrkað torf, sem skorið var í Bæjarmýrinni.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5; Ö-Lýtingsstaðir ath og viðb., 2

RA-407:025 *Stekkholt* örnefni stekkur
“Suður eða suðvestur frá Trofholti er Stekkjarholt, og er þurrlendi milli þeirra.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:026 heimild um hesthús
“Suður eða suðvestur frá Trofholti er Stekkjarholt, og er þurrlendi milli þeirra. ... Á Stekkholti var hesthús, fyrir tvær hryssur og tvö folöld.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:027 *Ærhellir* hellir fjárhús
"*Ærhellir* er á Stekkjarholti, á háholtinu. Þrep voru gerð ofan í holtið, hlaðnar tröppur. Hellirinn tók 120 fjár." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:028 heimild um áveitu
"Suður af túni hét Vondadý. Þar voru mikil dý, en var skorið úr þeim og gerður skurður út í Bæjarmýrina." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6

RA-407:029 tóft
"Á Flötunum var smátóft, og hafði þar verið kofi, sem einsetumenn bjuggu í ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6

RA-407:030 *Kúagata* heimild um leið
"Kúagata lá meðfram Grjótdælu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6

RA-407:031 heimild um kvíar
"Kúagata lá meðfram Grjótdælu. Bólbakkar eru við Grjótdælu, austur af henni. Þeir eru suður af Grjótum. Bólbakkar eru sléttir. Sandfok hefur verið úr Grjótunum, sem hefur sléttað þá. Þarna voru hafðar kvíar, meðan ekki var búið að slá túnið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6

RA-407:032 heimild um mógrafir
"Mór var sóttur að Útgili, og þá lá leiðin yfir Utastahól." Segir í örnefnalýsingu. "Mórinn var tekinn í háum barmi við gilið og venjulega fyllt í eldri gröf, þegar tekið var ný. ... Margar stungur voru af mó og margar stungur einnig ofan á hann. Mórinn var nokkuð góður, en ljós öskulög í honum langt niður. Erfitt var að vinna móinn, þar sem hann var djúput og langt að sækja. Tekinn var mór fram undir 1930, en þá fóru að koma kol, og einnig var notuð skán." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6, 7

RA-407:033 heimild um leið
"Hér eru tveir hellar sem notaðir voru fyrir sauðfé." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Í Sóknalýsingu Efri-Holtaþinga 1840 segir svo: "I Á bænum Syðra-Rauðalæk eru tveir hellrar, báðir klappaðir af núverandi ábúanda þar, Ásmundi Gíslasyni. Annar þeirra stendur í sokölluðum Markhól, sem reiknast að vera landamerkjahóll milli jarðanna Brekkna og Syðri-Rauðalækjar, upp á holti fyrir ofan eða upp frá samnefndum Rauðalæk. Hóllinn er ílangur frá norðri til suðurs og lítil þúfa upp úr miðju. Vestan í nefndan hól fór bóndinn Ásmundur að grafa árið 1824, og fann þar hart móberg sem hann klappaði inn í hellir, 12 al. að lengd og 3 al. að breidd og 3 1/2 al. að hæð, með strompi upp úr. Þennan hellir brúkaði hann fyrir geldsauði. K. Annar hellir er af sama bónda klappaður árið 1830 inn úr graslág austan í túnhólnum sem bærinn stendur upp á. Hann er 8 al. að lengd, 4 al. að vídd, 4 al. að hæð með strompi klöpuðum upp úr. Þessi hellir brúkast fyrir lambhús." ... Hellir Runólfs Halldórssonar frá 1916. Hellirinn er í lækjargilinu suður og niður af bænum, í túnfætinum. Jarðlög eru þar úr foksandsteini. Í hellisveggjunum eru för eftir tré sem hafa kaffærst í sandinum. Hellirinn er vel höggvinn, veggir tiltölulega beinir, loftið flatbogamyndað, tæpir 2 m á hæð, og gólfin slétt. Hann skiptist í aðalhelli, hliðarhelli og hlöðuhelli. Steinlagt ræsi er á miðju gólfi allt innan úr hlöðuhelli, úr undir forskála aðalhellir og niður í brekkuna úti fyrir. Það er nú stíflað og stór pollur á miðju hellisgólfi. Vandað steinsteypt baðker er í hliðarhelli með tröppum í og hallar gólfinu að því. Baðkerið er 190 x 90 cm2 að utanmáli með 15 cm veggjaþykkt. Í hliðarhelli er brunnur í dálitlu skoti. Hann er nú 1 m á dýpt og fullur af vatni en mikill sandur er í botni hans. Inngangur hefur hugsanlega verið um loftlúgu í hliðarhelli. Þar úti fyrir er tóft 1,5 x 5 m2, með dyrum til suðurs 0,5 m breiðum. Aðalinngangur hefur þó verið um enda á aðalhelli og þar sjást glöggt leifar eftir skepnur í hellinum en það er vegna þess að hann var fyrst og síðast notaður sem baðhellir."
Heimildir: SB V, 244; Manngerðir hellar, 184-185

RA-411:012 hellir
"Hér eru tveir hellar sem notaðir voru fyrir sauðfé." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Í Sóknalýsingu Efri-Holtaþinga 1840 segir svo: "I Á bænum Syðra-Rauðalæk eru tveir hellrar, báðir klappaðir af núverandi ábúanda þar, Ásmundi Gíslasyni. Annar þeirra stendur í sokölluðum Markhól, sem reiknast að vera landamerkjahóll milli jarðanna Brekkna og Syðri-Rauðalækjar, upp á holti fyrir ofan eða upp frá samnefndum Rauðalæk. Hóllinn er ílangur frá norðri til suðurs og lítil þúfa upp úr miðju. Vestan í nefndan hól fór bóndinn Ásmundur að grafa árið 1824, og fann þar hart móberg sem hann klappaði inn í hellir, 12 al. að lengd og 3 al. að breidd og 3 1/2 al. að hæð, með strompi upp úr. Þennan hellir brúkaði hann fyrir geldsauði. K. Annar hellir er af sama bónda klappaður árið 1830 inn úr graslág austan í túnhólnum sem bærinn stendur upp á. Hann er 8 al. að lengd, 4 al. að vídd, 4 al. að hæð með strompi klöpuðum upp úr. Þessi hellir brúkast fyrir lambhús." ... Hellir í Markhól. Hellir sá sem Ásmundur Gíslason hjó í Markhól á merkjum Syðri-Rauðalækjar og Brekikna árið 1824 stendur enn vel. Hóllinn er eins og skapaður til hellagerðar. Með þremur fagurgrænum hundaþúfum í kollinn rís hann um 10 m upp yfir mýrlendið á bökkum Rauðalækjar. hellirinn er afar einfaldur í sniði. Dyrnar eru nánast í sömu hæð og mýrarnar fram undan þeim og innan við er hellisgólfið í ámóta hæð. Ekki verður séð að forskáli hafi verið fyrir

hellinum og líklega hefur hurðin einfaldlega verið í munnanum sjálfum. Innan við munnann víkkar hellirinn og hækkar lítillega. Bergið er ósvikið foksandsteinn með bogasveigðri lagskiptingu en hellirinn hefur ekki verið lagaður að henni. Hvelfingin er bogasveigð með höggnum útskotum og stalli fyrir jötur meðfram veggjum. Upprunalegt lag hellisins er vel varðveitt nema e.t.v. innst. Þar er hann víðastur, með dálitlu útskoti til vinstri. Þar eru veggbogarnir horfnir svo og jötustallurinn . Kannski hafa þeir aldrei verið innst því þarna kann að hafa verið geymd heytugga. Lítill strompur er fremst í loftinu, þvermál 40 cm, sandsteinsþykkt 1 m, hleðslur og jarðvegur ístrompi 75 cm. Hrunið hefur úr loftinu kring um strompinn. Hellirinn er 10,8 m út úr dyrum en 9,7 m að sandsteinsbrún í munna. För eru í lofti og veggjum eftir stoðir og garðbönd."
Heimildir: SB V, 244; Manngerðir hellar, 185

RA-411:013 *Skurðgarður* örnefni
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:014 *Þvotapyttur* örnefni þvottastaður
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:015 *Lambahellir* örnefni lambhús
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:016 *Austastagerði* örnefni
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:017 *Miðgerði* örnefni
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:018 *Vestastagerði* örnefni
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:019 heimild um rétt
Sjá örnefnakort, hestarétt.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:020 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, ærhús við heimreiðina.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:021 *Brekknagötur* heimild um leið
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:022 *Þvottapyttsvað* heimild um vað
"Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:023 *Heybandsvað* heimild um vað
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:024 *Kirkjuvað* heimild um vað
"Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið

upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:025 *Klaufarvað* heimild um vað
"Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:026 *Skástígur* heimild um leið
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:027 *Brattistígur* heimild um leið
Sjá örnefnakort "Næst vestan við þessi gil heitir Stekkagil. Hjá því heitir Stekkatún og gatn í því Brattistígur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1

RA-411:028 heimild um fjárskýli
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:029 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, sauðahús
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:030 *Stekkjartún* örnefni stekkur
Sjá örnefnakort. "Næst vestan við þessi gil heitir Stekkagil. Hjá því heitir Stekkatún og gat í því Brattistígur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1

RA-411:031 *Borgarhólar* örnefni
Sjá örnefnakort við Borgargil

Heimildir: Örnefnakort

RA-411:032 *Baðhellir* örnefni bað
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:033 *Bólhóll* örnefni
Sjá örnefnakort. "Suðvestur í túninu er hóll, Bólhóll. Í honum eru hellar, sem höggnir hafa verið á síðari árum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1

RA-411:034 *Kúavað* heimild um vað
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-411:035 *Ásendavað* heimild um vað
Sjá örnefnakort "Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:036 *Rauðkutóft?* örnefni
Sjá örnefnakort

Heimildir: Örnefnakort

RA-411:037 *Steinagilsvað* heimild um vað
Sjá örnefnakort "Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:038 *Svartabakkavað* heimild um vað
Sjá örnefnakort "Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Örnefnakort; Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:039 *Húsamýri* örnefni
Sjá örnefnakort PG
Heimildir: Örnefnakort PG

RA-411:040 *Engjavað* heimild um vað
"Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:041 *Mógilsvað* heimild um vað
"Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-411:042 *Traðarkjaftur* örnefni traðir
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-412 Brekkur

10 hdr 1708. 1270: Jarðarinnar er sennilega getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. 1497: Magnús Magnússon lofaði biskup 17 hdr og 6 aura í jörðinni Brekkum. DI VII, 375 Nú er tvíbýli í B. 1917: Tún 6,2 ha, þar af slétt 2,7 ha, garðar 2220 m² . Á báðum jörðin er gott ræktunarland, vel gróið og lítið þurrlendi.

RA-412:001 *Brekkur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:008 hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
"Tveir hellar eru austan í túninu á Brekkum, áður notaðir fyrir lömb á vetrum." Segir í örnefnalýsingu. "Hellar tveir manngjörvir í brekku austaní túninu og er gangur milli þeirra." "Í sóknarlýsingum 1840 er getið um einn helli á Brekkum: "L. Á bænum Brekkum er hellir austan í túnhólnum. Hann er 12 al. að lengd, 4 al. að breidd, 3 1/2 al. að hæð með strompi upp úr og forskála. Álíst hálfur klappaður af mönnum". Lýsing þessi virðist eiga við syðri hluta hellisins á Brekkum. Nyrðri hlutinn er síst nýlegri. Hellirinn er grafinn inn í bæjarhólinn upp af bæjarlækjnum. Hann er í raun tveir hellar tengdir með göngum. Dyr eru á hvorum helli. Hellirinn er grafinn inn í lárétt lagskipt vatnaset og skiptast þar á leir, sandur og fín möl. Möl er sjaldgæft að sjá í hellum enda óhellilegt hellisgerðarefni. Hellirinn er rakur, einkum nyrðri hlutinn, en það stafar af því að vatn sígur inn með mölinni. Lækur rennnur skammt utan hellismunnann. Þar sér á basaltklöpp. Virðist sem hún muni vera um 2 m undir hellisgólfinu. Syðri hlutinn er laglega bogamyndaður og fremur lítið útgrafinn til vegggjanna. Eftir miðjum helli liggur vandaður trégarði á steinhleðslu. Strompurinn er höggvinn upp í gegnum 40 cm sandstein. Þar ofan á er 1,5 m steinhleðsla og efst er um 50 cm torfhleðsla. Strompurinn er 1 m í þvermál neðst en 30-40 cm efst. Í ganginum milli hellanna er steypt baðþró hugvitsamlega staðsett og myndar hún 40 cm þrep í ganginum, en botn nyrðra hellisins liggur nokkuð hærra en þess syðri. Hleðslur við hellismunna eru a falli komnar. Nyrðri hellirinn er víðari og lægri en sá syðri. Lofthæðin er á bilinu 1,5-2,0 m. Öll framhlið hans er hlaðin og út frá einfaldri tréhurð á hellisdyrunum eru hlaðnir veggir sem eitt sinn hafa verið í forskála. Dálítið hrun hefur orðið úr þeim við hurðina. 70 cm hlaðið þrep er innan við hurðina. Á gólfinu er rúmur metri niður á hellisgólfið af dyraþröskuldinum. Tréjöturæfill er við gaflinn hægra megin við innganginn. Vænar hellir, sem standa upp á rönd eftir miðju gólfi, skipta hellinum í tvennt. Sú tilhögun er í tengslum við kartöfluflokkun og geymslu í hellinum. Kartöfluúrgangur myndar lag á gólfinu. Utan við syðri hellinn eru tóftarbrot hlöðu sem reist var milli 1910 og 15. Veggirnir standa enn, mannhæða háir. Sérkennilega forskálagöng hafa legið meðfram hlöðuveggnum og inn í hellinn. Öll ummerki koma vel heim við lysingu Matthíasar Þórðarsonar frá 1917. Sunnan við hlöðuna er smátóft, 80-100 cm djúp, sem ekki er gott að sjá af hverju er."
Heimildir: SB V, 241; ÁR. Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 186-187

RA-412:009 hellir fjárhús
1708: "Fjárhellir er í túninu fyrir sauði á vetrardag, so ekki þarf fjárhús annars við."
Heimildir: JÁM I, 341

RA-412:010 varða landamerki
"Í byrja við mörkin við Litlutungu. Þar er markvarða við lækinn og ... frá [svo] hvorum bæ." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:011 heimild um vað
"Í Austrbæjardal var dæla, sem kölluð var Stóradæla og seinna gerð uppistaða með læknum, var kallaður Bugur. Þar var vað, sem var þrautavað, áður en brúin kom á lækinn. Þar fyrir neðan Kirkjuvað ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:012 *Kirkjuvað* heimild um vað
"Í Austrbæjardal var dæla, sem kölluð var Stóradæla og seinna gerð uppistaða með læknum, var kallaður Bugur. Þar var vað, sem var þrautavað, áður en brúin kom á lækinn. Þar fyrir neðan Kirkjuvað ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:013 *Réttarvað* heimild um vað
"Svo koma Fosshólar, þar niður af Undirlendið, þar er Réttarvað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:014 *Réttarvað* örnefni rétt
"Svo koma Fosshólar, þar niður af Undirlendið, þar er Réttarvað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:015 *Ferðamannagötur* heimild um leið
“Vestan við það [013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur, Ferðamannavað ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:016 *Ferðamannavað* heimild um vað
“Vestan við það [013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur, Ferðamannavað ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:017 *Mýrarvað* heimild um vað
“Vestan við það [013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur, Ferðamannavað, þá Rönkuhóll og suður af honum Háibakki, við hann Mýrarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:018 *Surtteigsholt* heimild um huldufólksbústað
“Þar hjá [017] Surtteigsholt með stórum steinum, og var álitið, að þar væri mikið af huldufólki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:019 *Stöðulmói* örnefni kvíar
“Norður af túninu í Vesturbænum Stóðulmói, nú kominn í tún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 1-2

RA-412:020 varða
“Þau austur af hólar í mörkum milli Marteinstungu, Litlutungi og Brekkna. Þar ber mest á Markhól. Niður undan honum Tryppishóll og Smalaskáli, grjóthóll með vörðu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:021 *Tóftarrimi* örnefni
“Þau austur af hólar í mörkum milli Marteinstungu, Litlutungi og Brekkna. Þar ber mest á Markhól. Niður undan honum Tryppishóll og Smalaskáli, grjóthóll með vörðu. Vestan af honum Slakkinn, oft fullur af krapi og vatni. Þar vestur af Hólabrún, upp af henni Tóftarrimi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:022 *Húsabrekka* örnefni
“Hjá húsunum Húsabrekka og vestast í vellinum Skjólbrekka.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:023 *Torfdælur* örnefni rista
“Niður af velinum Vondakelda, en norður af vellinum krikinn, blautur. Þaðan rennur kelda fram í dælur, Torfdælur ... mýrina niður Botna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:024 *Torfrimi* örnefni rista
“Þá telja Króka að vestan, en Tungan austan Torfholtskeldu og Torfholts.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:025 *Heybandsvað* heimild um vað
“Þá telja Króka að vestan, en Tungan austan Torfholtskeldu og Torfholts. Þar neðar var vað, sem hét Heybandsvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:026 *Gömlutraðir* örnefni traðir
“Upp af þeim Hólabrekka, suður af henni Básar, upp af þeim Miðhóll og upp af honum Lautir, niður af hólabrún og Gömlutraðir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:027 *Gömlufjós* örnefni fjós

“Austur (?) fjósinu, sem nú eru, eru Gömlufjós.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:028 *Fjósbrunnur* heimild um brunn
“Austur (?) fjósinu, sem nú eru, eru Gömlufjós. Þar skammt frá Fjósbrunnur, líklega sést [hann] ekki lengur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:029 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, fjárhús Austurbæjar í Vallartúni.
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:030 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, ærhús Vesturbæjar í Brekknaholti.
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:031 *Kúagötur?* örnefni leið
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:032 *Gerði* örnefni
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:033 *Engjavað* heimild um vað
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:034 *Myllufoss* örnefni mylla
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:035 heimild um mógrafir
Sjá örnefnakort
Heimildir: Örnefnakort

RA-412:036 hellir
“Helgi Hannesson nefnir helli sem hefur verið sunnar í brekkunni [en 008] við lækinn.” “Það sýnir haugur í móbergsmylsnu í mýrarbletti fyrir framan hvilft í brekkunni. Þegar mýrin var ræst fram fyrir um það bil 50 árum fannst þar aska, viðarkol og tvær stórar tennur. Menn héldu þær vera jaxla úr mjög stórum hesti og sendu þær Fornminjasafninu í Reykjavík. Askan virðist benda til þess að fólk hafi fyrrum búið í helli þessum. Munnmæli herma að hann hafi síðast verið kúafjós og í jarðskjálfta hrunið ofan á kýrnar á Brekkum, fyrir mörgum öldum.”
Heimildir: Manngerðir hellar, 187

RA-413 Rauðalækur efri

15 hdr 1708 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. Bænhús var á jörðinni. “Landareignin er víðáttumikil, um 600 ha, algróin og grösug, þurrlendi að einum fjórða, í meðallagi skjólsöm. Ræktunarland er gott.” SB V, 240 1917: Tún 4,8 ha, þar af slétt 3 ha, garðar 620 m²

RA-413:001 *Rauðalækur efri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-413:002 heimild um bænhús
“Austur í túninu, segja munnmæli, að verið hafi Bænhús og grafreitur, þó að nú sé ekki hægt að staðsetja það.” Segir í örnefnalýsingu BK. “Leiðið var nefnt fast við kálgarðsvegg (sem nú er horfinn) suðaustan við bæinn. Þar kvað hafa verið bænhús og grafreitur [002].” Segir í örnefnalýsingu.
EFRI RAUÐILÆKUR Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R)
[1332]: prestur fra aa skal syngia ... til raudalækiar efra oc taka Þar v. aura ... aa hueriu aare; Máld DI II 698

[Árbæjar]
[1371]: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra
prestur fra a skal syngia ... Til Raudalækiar efra oc taka Þar .v. aura; Máld DI III 266-267 [Árbæjar]
1397: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv. af Brecku.
[heima gröftur og lýsistollar?]
prestur fra A skal Þar syngia ... Til Raudalækiar Efra oc taka Þar .v. aura.
af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar
naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87 [Árbæjar]
1708: Menn segjast heyrt hafa, að hjer hafi fyrrum bænhús verið; JÁM I: 340
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1; Ö-Efri-Rauðalækur, 4; J´M I, 340; DI

RA-413:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-413:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-413:005 heimild um stekk
"Austan við bæinn heitir Heimaholt og austar (mýrarsund er á milli) Melholt. Gilið vestan við bæinn heitir Stekkjagil. Ber nafn af stekk, sem enn sést móta fyrir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1

RA-413:006 heimild um fjárskýli
"Þá er Miðmundarhóll [eftir 005]. Vestan við hann er Borgargil og upp af því Borgarhólar, kenndir við fjárborgir, sem þar hafa staðið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1

RA-413:007 *Fornufjós* örnefni fjós
"Norðvestur af bænum í túninu er hóll, sem heitir Fornufjós." Segir í örnefnalýsingu BK. "Fornufjós "vestan í Fjósþýfi [sjá 011], þar sem lambhúsið stóð, vestan af bænum" að sögn Ingveldar Jónsdóttur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1; Ö-Efri-Rauðalækur, 3

RA-413:008 heimild um leið
"Brúin. Götuslóði yfir mýrarsund til vesturs frá sauðahúsi á Miðmundarholti, í stefnu á Brekkuskarð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2

RA-413:009 heimild um fjárhús
"Brúin. Götuslóði yfir mýrarsund til vesturs frá sauðahúsi á Miðmundarholti, í stefnu á Brekkuskarð ... Miðmundarholt. Suður af Litlaholti og Sundi, skagar til vestnorðvesturs frá Heiðinni, sunnan við Suðurlandsveg. Á vesturenda þess sauðahús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2, 4

RA-413:010 varða landamerki
"Fauskás, í mörkum að Ægissíðu fast sunnan Suðurlandsvegar og austan Bugavegar. Lágt holt. Norðan undir ásnum var reist nýbýlið Lyngás fyrri um 40 árum, og er nú þarna komin dálítil þyrping íbúðarhúsa báðum megin við Suðurlandsveginn. Á Fauskási var Markavarða." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2

RA-413:011 *Fjósaþýfi* örnefni fjós
"Fjósaþýfi var skamt vestan við bæinn. Fyrir löngu sléttað út." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2

RA-413:012 heimild um fjárhús
"Holtsendi. Austurendi Heimaholts. Þar eru ærhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 3

RA-413:013 *Vesturlambhús* heimild um lambhús
"Lambhúshóll var vestur af bænum, um það bil lengd bæjarrandar til vesturs, að sögn Ingveldar Jónsdóttur. Þar

var Vesturlambhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

RA-413:014 heimild um leið
"Langirimi, allstór þurrlendisspilda vestsuðvestur frá Fauskási og suðvestur frá Heiðinni. Á Langarima eru gamlar ferðamannagötur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

RA-413:015 heimild um kálgarð
"Leiðið var nefnt fast við kálgarðsvegg (sem nú er horfinn) suðaustan við bæinn. Þar kvað hafa verið bænhús og grafreitur [002]." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

RA-413:016 varða landamerki
"Markvarða, önnur, á Melholti, í mörkum að Heiðarbrún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

RA-413:017 heimild um stekk
"Stekkatún var fyrir vestan túnið, rétt fyrir suðvestan Suðurlandsvegin. Þar mótar fyrir stekk og rétt. Og þar er dálítill hellir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:018 *Stöðull* örnefni kvíar
"Stöðull var fáa tugi metra norðan við bæinn." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:019 *Suðurlambhús/Vestrulambhús* heimild um lambhús
"Suðurlambhús eða Vesturlambhús var "upp af Svíra", var fram undir túngarðinum", vestur frá bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:020 heimild um túngarð
"Suðurlambhús eða Vesturlambhús var "upp af Svíra", var fram undir túngarðinum", vestur frá bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:021 heimild um traðir
"Traðir. Ingveldur Jónsdóttir komst svo að orði: "Gömul heimreið með hlöðnum veggjum; uppgróið um 1910, en mótaði mjög vel fyrir". Suðvestur af bænum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:022 heimild um fjárhús
"Vestast í túninu var ærhús gamalt, nú löngu horfið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 6

RA-413:023 heimild um rétt
Sjá örnefnakort, við bænhúsið 002.
Heimildir: Örnefnakort

RA-413:024 heimild um samgöngubót
"Enn heldur vegurinn áfram um Breiðavik og Brekkuþýfi, og er þá komið í Efra-Rauðalækjar land. Þá snarbeygir vegurinn til suðausturs um mýrarsund, sem "brúað" hefur verið endur fyrir löngu, um Miðmundarholt, þá um lága lyngheiði, yfir Ægissíðusund og Ægilssíðugil, að Ytri-Rangá hjá Ægissíðu og er þá lokið ferðinni yfir holtin."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 321

RA-413:025 kuml legstaður
Frá þessum stað fékk safnið nokkra gripi árið 1902, og fylgdi þeim ekki önnur greinagerð en sú, að þeir fyndust í svonefndri Miðmundaholti, og er ekki skýrt fram tekið, að kuml hafi verið. En telja verður það mjög sennilegt. Gripirnir eru þessir: 4946. Öxi af hreinræktaðri G-gerð, Sverd 38. Þegar öxin fannst, sáust á henni leifar af

vefnaði, bæði smáofnum og stórgerðum, og mælir þetta sterklega með að gripirnir séu úr kumli. 4947a. Mannbroddur úr járni, þríhyrndur, af sömu gerð og fundizt hefur í Stöng í Þjórsádal, Forntida gårdar i Island, bls. 95, 30. mynd. 4947b. Steinn lítill, gulur og fitukenndur (auripigment).
Heimildir: KEKH, 51

RA-413:026 *Fauskás* örnefni
"Ásinn fyrir austan bæinn er í mörkum. Hann heitir Fauskás. Við hann er tengd sú sögn, að þar eigi skip að vera grafið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1

RA-413:027 hellir
"Á Efri-Rauðalæk er lítill hellir niður með bænum, kippkorn neðan við Rauðalækjarfoss. Honum var einn vetur breytt í íslhús og geymt þar ket til refafóðurs."
Heimildir: Manngerðir hellar, 186

RA-414 Litla Túnga

15 hdr. 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. Jörðin skiptist í tvo jafna hluta, alls um 400 ha að stærð. 1917: Austurbær, tún 2,7 ha, þar af slétt 2 ha, garðar 760 m² . Vesturbær, tún 2 ,2ha, þar af slétt 1 ha, garðar 690 m²

RA-414:001 *Litla Túnga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-414:002 heimild um bænhús
LITLATUNGA Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R)
[1332]: prestur fra aa skal syngia ... j litlu tungu oc taka Þar halfa mork aa hueriu aare;
Máld DI II 698 [Árbæjar]
[1371]: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna ... vr litlu tungv.
prestur fra a skal syngia ... j litlu Tungv oc taka Þar halfa mork a hueriu are; Máld DI III 266-267 [Árbæjar]
1397: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna ... vr litlu tungv.
prestur fra A skal Þar syngia ... J litlu Tungv oc taka Þar halfa mork aa hveriu are.
af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar
naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87 [Árbæjar]
Heimilir: DI

RA-414:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-414:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-414:005 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Austan við bæinn að Rauðalæk liggur áðurnefnt Brandsholt. Suður af því við lækinn heitir Stekkatún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlatunga BK, 1

RA-414:006 heimild um vatnsból
"Mýrarblettur niður undan Vatnsbólinu heitir Veita." Segir í örnefnalýsingu BK. "Veita, spildan sunnan og neðan við Austurbæ, að Lækjarbakka. Ofan við Veitu var brunnur, hið gamla vatsnból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlatunga BK, 1; Ö-Litlatunga, 3

RA-414:007 heimild um fjárhús
"Í hæð austan við bæinn eru tveir hellar. Annar 6x10m, en hinn 6x30 m (eða nálægt því). Þeir eru notaðir tilfjár- og heygeymslu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlatunga BK, 1

RA-414:008 hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
1708: "Jörðunni er til hlunninda hellir í túninu fyrir fje á vetrardag, so ekki þarf fjárhús við." ÁG: "Hellir manngjörvir fyrir austan bæinn." "Í hæð austan við bæinn eru tveir hellar. Annar 6x10m, en hinn 6x30 m (eða

nálægt því). Þeir eru notaðir til fjár- og heygeymslu." Segir í örnefnalýsingu. "Í sóknarlýsingum segir: "[1840] M. Á bænum Litlu-Tungu er þrídyraður hellir sem brúkast fyrri fé, hey og lömb. Hann liggur í túnhólnum fáa faðma austur frá bænum. Allar dyrnar eru gerðar af mönnum og 3 strompar. Afdeilingin fyrir féð er 14 al. að lengd, 4 al. að vídd 3. al að hæð. Afdeilingin fyrir heyið er 8 al. að lengd, 6 al. á vídd, 5 al. að hæð, með stúku til vesturs úr norðurendanum. Hún er 5 al, að lengd, 6 al. að vídd, 3 al. að hæð. Til hægri hliðar þegar inn er gengið í fjárhellinn er afdeiling fyrir lömbin. Hún er 8 al. að lengd, 6 al, að vídd, 4 al. að hæð. Norður af henni er aftur stúka til norðurs og suður, 5 al. að lengd, 3 al. að vídd og 3 al. að hæð. Þessi hellir er að fornu allur klappaður og boraður. Ekkert letur er í honum ellegar neinum af þeim fyrrtöldu hellrum."

Að sögn Vilhjálms Þórarinssonar bónda var hellirinn að Litlu-Tungu notaður sem fjárhús þar til nokkru fyrir 1980. Hann tók milli 70-80 fjár. AÐ stofni til er hann löng hvelfing en út frá henni liggja þrír afhellar. Í ytri hluta hellisins var fjárhús og er þar enn garði eftir miðju gólfi en undir honum er steinræsi sem áður fyrr lá út í forskálann. Vinstra megin við munnann er samfallinn gangur fullur af mold en beint á móti hægra megin er annar gangur, um 10 m langur, og sveigir síðan til hægri þar sem hefur verið inngangur. Nú er þessi hellishluti nokkru hærri en gólfið í aðalhellinum og lokar tréverk hellinum. Í aðalhellinum er innfall um 6 m frá munna og í afhelinum til hægri er einnig innfall um 5 m frá inngangi. Moldarhrúgur hafa hlaðist upp neðan við innföllin. Innsti hluti hellisins hefur verið notaður sem hlaða og er hann skilinn frá fjárgeymslunni með trégirðingu. Þarna er innfall á lofti en gafl aðalhellisins er nú mikið til hruninn. Á enda þessa afhellis eru göng sem nú eru full af mold. Vilhjálmur Þórarinsson getur sér þess til að þessi göng liggi yfir íhelli undir súrheysgeymslunni en þar heyrist tímahlóð undir ef barið er í. Matthías Þórðarson hefur það hins vegar eftir gömlum manni í Litlu-Tungu að göng þessi hafi legið upp á hlað og þar hafi verið annar inngangur í hellinn. Rétt fyrir innan tréskilrúmið milli hellishlutanna er brunnur og yfir honum tréhlemmur. Brunnurinn er um 0,5 m í þvermál og ekki gamall. Veggir hans eru fóðraðir með olíutunnu. Aðalhellishvelfingunni lauk svo í hesthúsi sem áður stóð á hlaðinnu og var þar enn einn inngangurinn í hellinn. Forskálaleifum hjá hellisnum var rutt burt fyrir nokkrum árum."
Heimildir: JÁM I, 340; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; Ö-Litlatunga, 1; Manngerðir hellar, 189-190

RA-414:009 heimild um mógrafir
"Mógrafir voru við Engjagil suðaustan við Botnholt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlatunga, 1

RA-414:010 *Vilborgarhóll* heimild
"Vilborgarhóll, sagður vera nærri suðaustushorni Vallar við mörk að Brekkum. Rústir eru þar, að sögn Helga Hannessonar frá Sumarliðabæ, fyrrum kaupfélagsstjóra á Rauðalæk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlatunga, 1

RA-414:011 heimild um fjárhús
Sauðahús eru merk inná örnefnakort við Einstökusnös.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415 Árbær

40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. 40 hdr. með eyðihjáleigunni Kornhóli og hjáleigunum Árbæjarhelli, Árbæjarhjáleigu og Gilsbakka, 1847. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7 [1332]: Máldagi kirkjunnar. "a prestz skylld j heima landi Þar liggur til tiund heima manna fra raudalæk hinum efra. oc vr litlu tunghu. af brecku groptur af Þessum bæium raudalæk hinum nedra oc af arnkotlustodum. oc vr meiri tungu oc Þadann halfur lysitollur." DI II, 698 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 218 [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III 266-267 1397: Máldagi kirkjunnar DI IV, 87 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 6601708: "Skógarítak á þessi jörð, kallast Árbæjartorfa, í Næfurholtslandi. Hefur verið í manna minni brúkað af eigendum jarðarinnar bæði til husa áreftis og kolagjörðar, nú segja menn það nærri eytt og er ekki nú brúkað." JÁM I, 339 Heiðarbrún einnig byggð úr Árbæjarlandi árið 1935. Árbær er kirkjustaður, í eyði frá 1977. 1708: "Engjum spillir Rángá nokkuð bæði með landbroti og vikursábúrði í vatnavöxtum." JÁM I, 339 1917: Tún 8,9 ha, þar af slétt 5,3 ha, garðar 1000 m²

RA-415:001 *Árbær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:002 heimild um kirkju
ÁRBÆR Í HOLTUM (R) -Jóni babtista, Maríu (HOLTAÞING)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1332]: a prestz skylld j heima landi
Þar liggur til tiund heima manna fra raudalæk hinum efra. oc vr litlu tunghu. af brecku

groptur af Þessum bæium raudalæk hinum nedra oc af arnkotlustodum. oc vr meiri tungu oc Þadann halfur lysitollur
prestur fra aa skal syngia j tungu oc taka Þar ij merkur.
til raudalækiar efra oc taka Þar v. aura
j litlu tungu oc taka Þar halfa mork aa hueriu aare
af ollum Þessum bæium sem her eru nefnder. skulu menn sækia skrift oc Þionustu oc adrar
naudsyniar. til Þess prestz sem at aa syngur; Máld DI II 698
[1367]: a prestskylld j heimalande. vj kyr oc vj ær. messuklæde oc kaleik
les Vilchins maldaga Þui hann er fyllre; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 218
[1371]: a prestskylld j heimalande
Þar liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv.
gropttur af Þessum bæium. Radalæk hinum nedra og af arnkotlustodum oc vr meiri tungv
oc Þadan halfur lysitollur.
prestur fra a skal syngia j Tungv oc taka Þar ij. merkur.
Til Raudalækiar efra oc taka Þar .v. aura.
j litlu Tungv oc taka Þar halfa mork a hueriu are.
af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder skulu menn sækia skript oc Þionustu oc adrar
naudsyniar til Þess prestz sem ad a syngur; Máld DI III 266-267
1397: a prestskylld j heimalandi
Þar liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv. af Brecku.
gropttur af Þessum bæium. Raudalæk hinumm nedra og af Arnkotlustodum oc vr meiri tungv oc
Þadann halfur lysitollur
prestur fra A skal Þar syngia j Tungv oc taka Þar .ij. merkur.
Til Raudalækiar Efra oc taka Þar .v. aura.
J litlu Tungv oc taka Þar halfa mork aa hveriu are.
af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar
naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur.
Þetta a hun vmm framm Þad sem adur er skrifad j fornum maldogum.
hefur Jon Haralldsson tillagt [ornmenti]
Hafa logd verid messuklædi firir tiolld.
Jtem bvinn stenn med helgumm domumm er Herra Wilchin biskup lagdi til.
Jtem kaleikur er vegur .vj. aura er gaf Kolbeinn Pietursson [ofl. ornamenti]
Portio Ecclesiæ wmm .xix. är .vijc. oc fimm aurar; Máld DI IV 87
1575: Máld DI XV 660
1708: Á heimajörðunni er alkirkja og embættað Þriðja hvern helgan dag á móts við Marteinstúngu og Haga; JÁM I: 337
16.11.1907: HoltaÞing lögð niður og Árbæjarkirkja lögð til Kálfholts; (PP, 68) [lög]
Heimildir: Túnakort 1917; PP, 68; JÁM I, 337; DI

RA-415:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:005 gripir
1870: "Gömul SYLGJA þornlaus úr kopar, stór, ofan á hana hafa verið lóðaðar 2-3 aflángar plötur úr tini, líkt og á Þjms. 198. Ofaná henni er og máð samskonar letur, eða líkt. ... Hún fannst uppblásin á andi nálægt Árbæ sumarið 1869."
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 136

RA-415:006 heimild um sel
"Vestur af Langarima eru Selhólar. Þar eru tættur, en nú eru þær að nokkru leyti sléttaðar í Fjárhústún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 1

RA-415:007 heimild um fjárhús
Ærhús við Selhóla sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:008 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
“Austan við Pínu við Rangá er hóll, sem heitir Lambhúshóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2

RA-415:009 *Skollalautir* þjóðsaga
“Eftir endilagri heiðinni frá suðri til norðurs eru tvær samliggjandi lautir með smáhrygg á milli; þær heitaa Skollalautir, og segir þjóðtrúin, að þar hafi Kölski dregið viðardrögur á leiðinni frá fjalli til fjöru. Við endann á lágum þessum er vað á gilinu, sem heitir Skógarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-415:010 *Skógarvað* heimild um vað
“Eftir endilagri heiðinni frá suðri til norðurs eru tvær samliggjandi lautir með smáhrygg á milli; þær heitaa Skollalautir, og segir þjóðtrúin, að þar hafi Kölski dregið viðardrögur á leiðinni frá fjalli til fjöru. Við endann á lágum þessum er vað á gilinu, sem heitir Skógarvað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-415:011 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort við merkin við Árbæjarhelli, fast við Langarima.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:012 *Stekkatúnshólar* örnefni stekkur
Sjá örnefnakort við merkin við Árbæjarhelli.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:013 varða landamerki
Sjá örnefnakort við merkin við Efri-Rauðalæk.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:014 *Réttartún* örnefni rétt
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:015 *Sauðhústún* örnefni fjárhús
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:016 *Ærhústún* örnefni fjárhús
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-415:017 heimild um fjárskýli
“Borgarvik er sunnan við bæinn Heiðarbrún. Neðan við það er Lindin. Í því var lítil borgartótt, áður en það var sléttað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær, 1

RA-415:018 hellir
“Hellirinn í Árbæ er í lækjargili á merkjum Árbæjar og Árbæjarhellis. Hann er grafinn í sandsteinslög inn frá gilinu og inn undir túnfótinn sem þarna nær fram á gilbarminn.” “Hellir þessi er haglega gert hús. Munninn er víður og fyrir honum er nýlegt bárujárnsklætt framhús með trégrind, 5 x 5 m2. Hellirinn hefur sýnilega verið notaður fyrir skepnur til skamms tíma en svo er ekki lengur. Hann er tvískiptur í gripahelli og heyhelli. Gripahelirinn er 15 x 5 m2 auk 7 m2 útskots og 2-2,5 m há hæð. Engar jötur eru í honum né neins konar innanbúðar, nema hvað frumstæð trégrind er á milli hellishlutanna. Þegar hellirinn var höggvinn út hefur verið skilinn eftir sandsteinstallur á miðju gólfi fyrir garða. Leifar hans sjást enn ef vel er skoðað. Framarlega í gripahellinum er lítill krókur inn í vegginn, e.t.v. gerður fyrir hrúta. Gegnt hrútakróknum gengur heyhellirinn hornrétt út frá gripahellinum. Gólf hans ligur 0,5-1,0 m lægra en gólf gripahellisins. Í einu horni hans er brunnur, 70 cm víður, hálffullur af sandi svo dýpt hans er nú 1,5 m. Tréhléri byrgir brunninn. Baggagatið í heyhellinum er mikið mannvirki, 8-9 m eru frá gólfi og upp úr, en lofthæðin er þarna um 3,5 m. Sjálfur er helirinn 4 x 10 m2 og sennilega yfir 100 m3. Smá upphækkun er að baggagatinu úti fyrir. Hellirinn er prýðilega staðsettur með tilliti til heyskapar og hefur verið létt verk að koma í hann tröðunni, einkum þeirri sem verkuð hefur verið á vellinum við lækjargilið. Hellirinn er þurr og þreifalegur. Axar- og meitilför eru greinileg á

veggjum, einkum í gripahelli."
Heimildir: Manngerðir hellar, 190-191

RA-416 Árbæjarhellir

Heimjörðin 40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. 1917: Tún 3,1 ha, þar af slétt 1,4 ha, garðar 420 m² . "Landareignin öll er algróin og fremur skjólsöm, um 1/3 hluti landsins er móar og valllendi og ræktunarlandið í heild eitt hið besta í Holtahreppi." SB V, 234

RA-416:001 *Árbæjarhellir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:008 *Háugötur* heimild um leið
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-416:009 *Borgarmýri* örnefni fjárskýli
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-416:010 heimild um fjárhús
Sjá örnefnakort, ærhús við Breiðabakka.
Heimildir: Örnefnakort

RA-416:011 *Tjaldlág* örnefni tjaldstæði
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-416:012 *Borgarhóll* örnefni fjárskýli
Sjá örnefnakort. "Hæð í túninu niðri við ána heitir Borgarhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefnakort; Ö-Árbæjarhellir, 1

RA-416:013 hellir **Friðlýstar fornleifar**
"Heima við bæinn er Hellir allmerkilegur. Stærð hans er 4x8 metrar, en hæðin nálægt 3 m. Allmikið er af gamalli áletrun í hellinum." Segir í örnefnalýsingu. "Hellir manngjörður rjett fyrir vestan bæjarhúsin.""Hellirinn í Árbæjarhelli er tvímælalaust meðal merkustu fornminja á Íslandi. Fyrst er komið inn í feiknlegan hlaðinn forskála með traustum steinþrepum ofan í helishvelfinguna. Þar innst, á bogasveigðum gaflveggnum er höggvinn krossaþrenning í bergið; tákn krossa Krists og ræningjanna á Golgata, en undir henni er ógreinileg brík þvert yfir vegginn með máðum rúnum. Þá er fornlegt letur, bandrúnir, búmerki og fleira um hliðarveggi; blær forneskju og dulúðar andar hér um gesti. ... Í fornleifaskýrslu frá 4 ágúst 1817 seigr séra Einar Þorleifsson ... "Hellir hjá Árbæ sem brúkast til heygeymslu ... Hellir sá sem þarna er minnst á mun ver Árbæjarhellishellir því að ekki er vitað til að á sjálfri Árbæjarjörðinni hafi verið manngerður hellir fyrr en á þessari öld. Í sóknarlýsingu

séra Sigrðar Sigurðssonar frá 1840, sem áður var vitnað til, er enn minnst á heyhelli á þessum slóðum en þar er hann staðsettur: "Á afbýlinu Hellir frá Árbæ ..." þar segir enn fremur "... í hann er innangengt úr fjósinu. Hann tekur 90 hesta af heyi. Hann er 15 al. að lengd, 6 al. að vídd og 5 al. að hæð. Han er að því leyti merkilegur, að í hann eru klappaðir stafir ..."

Árbæjarhellishellirinn. Hellirinn er rétt vestan við bæjarhúsin á Árbæjarhelli. Matthías Þórðarson skoðaði hann 15. ágúst 1911. Þá hafði Gísli Gíslason þáverandi bóndi í Helli nýlega byggt forskálann sem enn stendur og eru hleðslur raunar í furðu góðu standi við aldur. Í staðinn fyrir hellur og torf, sem voru í þaki forksálans þegar Matthías þórðarson kom að Árbæjarhelli, hefur verið sett bárujárn, sem nú er farið að gefa sig hér og þar. Utan frá að sjá er forskálinn heflur tilkomulítill. Dyrnar eru úr óvönduðum kassafjölum 1,0 x 0,7 m2, og á ónýtum hjörum. Inngangurinn er suður úr austurenda hellisins, en að sögn Matthíasar Þórðarsonar var áður forskáli austur og upp úr þessum sama enda, en sá var brattur og erfiður svo hann var rifinn 1906-07. Líklega hfur Gísli þá byrjað að byggja nýja forskálann. Forskálahleðslan lokar nú fyrir austurveggginn niðri, þannig að ekki sést lengur móta fyrir gamal innganginum. Matthías þórðarson segir þrepin niður í hellinn 12, en eitt er líklega sokkiuð í gólf, því að nú eru þau aðeins 11 - myndarleg helluþrep. Þegar niður þau er komið gengur hellirinn hornrétt út til vinstri beinn og hvelfdur vel. Efst í rjáfrinu er hann þó sléttur eins og lárétt lagskipting í berginu gefur tilefni til, en hellirinn er grafinn í lárétt lagskipt straumvatnaset. Í innri enda hans gengur afhellir hornrétt inn tilvinstri og er svo að sjá sem þar hafi verið op eða inngangur út úr hellinum. Nú er hlaðið þarna fyrir. Hellirinn er allur fornlegur en þó sjást glöggt axarför í hvelfingunni fyrir ofan 1,60 m. Þar fyrir neðan eru veggirnir nokkuð útgrafnir. Sandsteinþykktin við stromp er 35 cm; strompurinn er kringlóttur, vel hlaðinn úr tilhöggnum sandsteini og mjókkar upp. Lág grjóthleðsla, ca 60 cm, gengur út á mitt golf skammt innan við inngang og víða eru för eftir milliverk á veggjum. Árið 1911 voru höfð 50 lömb í hellinum og var þá trégarði á miðju gólfi. Hann var notaður fyrir fé fram undir 1975. Rúnir og ristingar í Árbæjarhellishelli.

Einar Benediktsson kom í Árbæjarhelli laust eftir aldamótin. Í áðurnefndri grein í Fjallkonunni 1905 skrifar hann: "Í Árbæjarhelli í Holtum hefi eg fundið glöggvastar og merkilegastar rúnir, mjög blandaðar afbökuðu rómversku letri. því miður hefur verið höggvið mikið af letri út úr þessum helli og hefur mér ekki tekist enn að lesa greinilega úr rúnunum þar, annað en skammstöfuð nöfn. Þess skal getið, að í þeim helli, eins og víðar, er rúmstæði og sæti einsetumanns höggvið út úr berginu og krossmörk víða höggvin og meitluð í hvelfinguna". Skáldinu blandast lítt hugur um aldur og uppruna hellisins. Í rúmlega ærhæð frá gólfi, allt um kring í hellinum - hefur myndast dálítil brík, en undan helli hefur sauðfé að öllum síkindum sorfið í aldanna rás. Á gaflvegg, undir krossunum mótar fyrir letri víða á þessari brík sem nú er svo máð að það er ólæsilegt. Þarna gæti einhvern tíma hafa verið löng rúnalína, því að þeir stafir sem hlest má sjá lag á líkjast rúnum. E.t.v. er þetta hið "afbakaða rímverska letur" sem Einar benediktsson minnist á. Matthías skráir komu sína í hellinn á suðvesturvegg hans, MÞS 15 VIII 1911. hann mældi hann upp og hripaði niður þær ristur sem hann sá. Aldursgreining hans er allt önnur en Einar gefur í skyn: "virðist mest vera frá 17.-18. öld", segir hann sjálfum sér samkvæmur um ungan aldur veggjaristinganna. Rúmstæðið eða sæti nefnir hann ekki. Nokkrum árum síðar er Kjarval í hellinum og teiknar risturnar með vísindarlegri nákvæmri. Hellirinn að Árbæjarhelli er sá af þeim hellum sem Kjarval kom í sem minnst hefur breyst síðan hann var á ferð. Þar getur enn að líta nær allar þær ristur sem hann dró upp. Af myndunum fjórum sem hann teiknaði á þessum stað eru þrjár af stöfum og rúnum en ein af krossasamstæðu á hellisgafli. Þetta eru sundurleitar ristur. Vera má að einvherjar þeirra séu búmerki og fangamörk en ræplega allar og ekki verður séð á hvaða rökum Matthías Þórðarson byggir þá skoðun sína, að þær séu mest frá 17. og 18. öld. Á gaflvegg Árbæjarhellir, örlítið hægra megin við miðju í u.þ.b. mannhæð frá gólfi, er stór kross og annar minni af sömu gerð undir hægra armi stóra krossins (frá áhorfanda séð). Undir vinstri armi virðist vera leifar af öðrum krossi af minni gerðinnni sem molnað hefur upp úr, sérstaklega vinstra megin. Matthías segir frá aðalkrossinum og þeim litla til hægri, en teiknar þá ekki upp. Kjarval teiknar þá hins vegar nokkuð nákvæmlega. Hvorugur virðist hafa veitt leifunum af litla krossinum til vinstri athygli. Þótt krossaþrenningin sé ólík Gengishólakrossinum er samsvörunin auðsæ. Hér, eins og á Gengishólum, er stór kross frelsarans fyrir miðju, hinum til vinstri handar er kross illvirkjans sem það hann ásjár, en til hægri örlar á krossi hins illvirkjans, þess sem glötunin beið."

Heimildir: Ö-Árbæjarhellir, 1; ÁG Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 191-196

RA-416:014 *Stekkatúnshólar* heimild um rétt

"Norður af bænum heita Stekkatúnshólar. Þar var áður fjárrétt." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Árbæjarhellir, 1

RA-417 Árbæjarhjáleiga

Heimjörðin 40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. Sama og Vesturhjáleiga. "Landareignin er alls 210 ha, algróin og grösug en skjóllítil." SB V, 236 1917: Tún 2,4 ha, þar af slétt 1,2 ha, garðar 940 m² . "Þurrlendi var hér að 1/4 en nú er annað land að mestu framræst." SB V, 236

RA-417:001 *Árbæjarhjáleiga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:005 *Þorleifstættur* tóft
"Uppi í heiðinni í suðvestur frá Árbæjarhjáleigu er hóll, sem heitir Litlihóll. Í mýrinni norður af honum er hóll, sem heitir Skurðhóll. Suðvestur af honum eru rimar í mýrinni, sem, heita Þorleifstættur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-417:006 *Guddutótt* tóft
"Sunnan við Pínu niður með ánni heitir Hjáleigustykki. Mýrin þar fyrir ofan heitir Stallamýri. Í rima í mýrinni er tóttarbrot, sem heitir Guddutótt, kennd við einsetukonu, sem þar á að hafa búið." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-417:007 *Vagnvað*heimild um vað
Sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

RA-418 Gilsbakki
Hjáleiga Árbæjar.

RA-418:001 *Gilsbakki* bæjarhóll bústaður
"Upp með Gili voru lengi tættur, sem sagt er, að verið hafi bær, og heitir Gilsbakki, en ekki er þess getið í Jarðabók Árna Magnússonar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2

RA-418:002 hellir fjárhús
"Í Gili, sem er milli Áræbjar og Árbæjarhellis er Hellir. Hann er höggin í móberg af fyrri ábúnda jarðarinnar nálægt 1914, og er nú notaður til fjárgeymslu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2

RA-419 Ægisíða
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 2

RA-423:013 *Gamligarður* garðlag heygarður
"Norðan við bæinn er flatur hóll. Þar hefur einhvern tíma verið heygarður, það er Gamligarður." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3

RA-423:014 heimild um kvíar
"Vestan við bæinn er Vesturtúnið. Norður af því er Kvíahóll. Þar voru kvíarnar, og ærnar mjólkaðar þangað til að farið var að nota færigrindur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3

RA-423:015 heimild um áveitu
"Milli bæjanna var mýrarsund, Sundið. Árið 1884 eða ´85 var skurður grafinn í það um 50 m austan við bæinn (Bjóluhjáleigu). Mun það hafa verið fyrsti skurðurinn, sem grafinn var þar í kring, enda þá mikið umtalaður sem tálgryfja fyrir alla gripi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3

RA-423:016 heimild um áveitu
"Um 100 m vestan við Litlagil var annað gil, Stóragil. Í því var síkið. ... Skurður var grafinn í Stóragil rétt fyri aldamótin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3

RA-423:017 *Torfrimi* örnefni rista
"Milli giljanna [Stóra- og Litlagils] var Torfrimi. Hann bar nafn af því, að þar var heytorfið þurrkað, meðan á því þurfti að halda." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3-4

RA-423:018 heimild um fjárhús
"Milli giljanna [Stóra- og Litlagils] var Torfrimi. Hann bar nafn af því, að þar var heytorfið þurrkað, meðan á því þurfti að halda. Fyrir aldamót var þar byggt fjárhús og heygarður. Nokkru seinna var riminn sléttaður. Eftir það breyttist nafnið, og túnið var nefnt Gerði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 3-4

RA-423:019 heimild um brú
"Heimreiðin var yfir tvo brúarspotta, Kelduna." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 4

RA-423:020 heimild um brú
"Heimreiðin var yfir tvo brúarspotta, Kelduna." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 4

RA-423:021 heimild um kvíar
"Heimreiðin var yfir tvo brúarspotta, Kelduna. Milli þierra var Stöðullinn. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 4

RA-423:022 heimild um fjárhús
"Vestan við bæinn og Stóragil, niður við kelduna, er Keldurimi. Upp af honum, um 300 m frá bænum, er Hóllinn. Þar voru hús fyrri rúmar 100 ær og heykuml." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6

RA-423:023 heimild um rétt

“Um 400 m frá Hólnum [021] er Holtið. Þangað var ánum smalað um sauðburðinn. Þar var fjárrétt, og lömbum stíað og færð frá.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6

RA-423:024 heimild um fjárhús
“Um 400 m frá Hólnum [021] er Holtið. Þangað var ánum smalað um sauðburðinn. Þar var fjárrétt, og lömbum stíað og færð frá. Tvö fjárhús voru þar fyrir einsvetra sauði og þá rýrustu tveggjavetra.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6

RA-423:025 heimild um fjárhús
“Um 400 m frá Hólnum [021] er Holtið. Þangað var ánum smalað um sauðburðinn. Þar var fjárrétt, og lömbum stíað og færð frá. Tvö fjárhús voru þar fyrir einsvetra sauði og þá rýrustu tveggjavetra.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6

RA-423:026 *Gömluhlöð* hleðsla brú
“Skammt ofar með læknum [Hestalæk] eru Gömluhlöð, brúarhlað frá löngu liðnum tíma.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6

RA-423:027 *Eystraskýli* garðlag
“Spölkorn vestur í mýrarbrúninni ofan við kelduna er Eystraskýli. Dálítið vestar, á landamörkum Bóluhjáleigu og Rifshalakots, er Brúnarholtið. Uppi í mýrarbrúninni, aðeins vestan við mörkin, er Ytraskýli. Skýli þessi eru gamlir og fallnir skjólgarðar.” Segir í örnefnalýsingu. “Þeir voru ýmist eitt eða fjögur horn, garður hlaðinn í kross. Skjólgarðar höfðu verið hlaðnir úti í haganum til skjóls fyrir hross að standa undir í illviðrum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6-7

RA-423:028 *Ytraskýli* garðlag
“Spölkorn vestur í mýrarbrúninni ofan við kelduna er Eystraskýli. Dálítið vestar, á landamörkum Bóluhjáleigu og Rifshalakots, er Brúnarholtið. Uppi í mýrarbrúninni, aðeins vestan við mörkin, er Ytraskýli. Skýli þessi eru gamlir og fallnir skjólgarðar.” Segir í örnefnalýsingu. “Þeir voru ýmist eitt eða fjögur horn, garður hlaðinn í kross. Skjólgarðar höfðu verið hlaðnir úti í haganum til skjóls fyrir hross að standa undir í illviðrum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6-7

RA-424 Vetleifsholt

60 hdr 1695. Landnámsjörð ÍF I, 367. 1397: Fyrsti máldagi hálfkirkjunnnar í V. DI IV, 61 {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57}”Úr þesari jörðu eru partar bygðir, so heimajarðarinnar dýrleiki síðan Gata og Petursbýli eyðilögðust er xxxv hdr.” Jörðin á rekafjöru fyrir Þykkvabæjarlandi. Hjáleigur bæjarsins 1709, Reiksarkot, Gata (í eyði), Hellar (í eyði), Lindarbær, Kastalabrekka, Péturbýli (í eyði) JÁM I, 368 Í eyði frá 1946. 1920: Tún 4,3 ha, sléttað 2,7 ha, garðar 2843 m²

RA-424:001 *Vetleifsholt* bæjarhóll bústaður
Ekkert býli stendur nú á forna bæjarstæðinu.
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:002 heimild um útkirkja
VETLEIFSHOLT Í HOLTUM (R) -Þorláki (ODDAÞING) - HÁLFKIRKJA
1397: [á ær og kýr]
portio Ecclesiæ vmm .xix. ær .ixc. fiell nidur firir kirkiu uppgiord oc bræd .viij. hundrad; Máld DI IV 61
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57}
1709: Hjer er hálfkirkja (bænhús) og embættað af staðarhaldaranum að Odda, Þegar heimafólk og hjáleigumenn gánga til sacramentis, og betalar eignarmaður jarðarinnar prestinum árlega sljettan dal fyrir embættisgjörðina. Heimaskyldur (ljóstollur) falla niður og betalast ekki til Odda. Hjáleigumenn lykkja presti kirkju tíund og heytoll; JÁM I: 368
- Búendur Í Vetleifsholti og hjáleigum Þar kvarta yfir óbærilega löngum og slæmum kirkjuvegi til Odda. Væri miklu betra og skemra að sækja kirkju að Ási; Ath.gr. AM -
Heimildir: JÁM XIII, 483; DI

RA-424:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:008 *Lambhúsholt* bæjarstæði býli
"Árið 1803 er Lambhúsholt eitt býlið í Vetleifsholtshverfi."
Heimildir: SB V, 393

RA-424b Kastalabrekka

15 hdr, en 5 hdr lögð til Pétursbýlis og því aðeins 10 hdr 1709. Pétursbýli lagðist undir Kastalabrekku. "Kastalabrekka heldur nafni í manntalinu 1762 en árið 1801 en því breytt í Vetleifsholtspartur I, II og III." SB V, 392 "Land Kastalabrekku liggur að landi Arnkötlustaða í Holtahreppi. Þetta er allstór jörð, var mýrlend að mestu en nú er nær allt landið ræst fram og þurrkað." SB V, 392

RA-424b:001 *Kastalabrekka* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-424b:002 *Pétursbýli* bæjarstæði býli
1709: "Sjötta Vetleifsholts afbýli hefur í eyði verið 44 ár. Þess fyrstu bygð muna menn ekki. Jarðadýrleiki var X hndr fyrir 44 árum þá býlið bygðist ekki, fjellu slægjur til heimajarðarinnar, og var þá þessi partur tíundaður og reiknaður með heimajörðunni, þar til fyrir 2 árum, að hálfur þessi partur var lagður til Kastalabrekku, sem enn nú hlest, hálfur fyrir heimajörðunni, og er dýrleikinn með reiknaður, sem áður sagt er."
Heimildir: JÁM I, 371-372

RA-425 Hellir

Hjáleiga Vetleifsholts. Í eyði 1709. "Árin 1838-1855 var þar þríbýli og tvíbýli árin 1855-1890." SB V, 398 1920: Garðar 100 m² . "Engin tún voru í Helli. Mun styttra var að sækja þaðan heyskap í Safamýri en frá örðum bæjum í Vetleifsholtshverfi." SB V, 398

RA-425:001 *Hellir* bæjarhóll bústaður
"Hellir stóð um 1800 m í hafsuður frá Vetleifsholti. Tjörn er 200 m sunnan við bæjarstæðið." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Aftur hófst þó byggð í Vetleifsholtshelli. Árin 1838-1855 var þar þríbýli og tvíbýli árin 1855-1890. Þar bjuggu gjárflestu bændur sveitarinnar. Jón Jónsson sem bjó þar árin 1858-1884 átti 166-700 fjár. Engin tún fylgdu jörðinni en engjaheyskapur var stundaður í Safamýri og fé gekk þar mjög sjálfala. Jörðin fór í eyði 1936."
Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 398; Manngerðir hellar, 143

RA-425:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-426 Rifhalakot

Hjáleiga Vetleifsholts, nefnt Reiksarkot 1709, byggð fyrir elstu manna minni. Helmingur landareingarinnar lagður undir Bjólu. 1709: "Af engjum og túni brýtur Reiksarakotsvatn árlega nokkuð, so slægjur fara smámsaman minkandi." JÁM I, 370. 1920: Tún 2,3 ha, sléttað 2 ha, garðar 1158 m²

RA-426:001 *Rifhalakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-426:002 heimild um mógrafir
"Mótak var hér gagnlegt." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 396

RA-427 Gata

Hjáleiga Vetleifsholts., í eyði frá 1707, var 10 hdr þegar byggð var. JÁM I, 370 Búið á jörðinni til 1934. 1709: "Á engjarnar ber Flóðalækur leir og óklárindi, so hey verður þá ekki til nota nautpeningo, líka tekur vatn hey í burt af engjunum, þá Frakkavatn belgir upp Flóðalæk." JÁM I, 370. 1920: Tún 1,4 ha, sléttað 0,7 ha, garðar 2236 m²

RA-427:001 *Gata* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð um 250 m í suður frá Vetleifsholti. Engin hús eru uppistandandi." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 397

RA-428 Lindarbær

10 hr 1709, hjáleiga Vetleifsholts, landareignin um 600 ha. 1920: Tún 2,2 ha, sléttað 1,8 ha, garðar 2852 m²

RA-428:001 *Lindarbær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-429 Partur

Hjáleiga Vetleifsholts. 1920: Tún 1,7 ha, sléttað 0,6 ha, garðar 1670 m²

RA-429:001 *Partur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

RA-429:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-430 Gíslakot

"Nýlendi, Pétrusbýli, Gíslakot. Í húsvitjunarból Oddasóknar frá 1813 er nýbýli hjá Vetleifsholti nefnt Nýlenda. Því heiti heldur það í 16 ár. Árið 1829 segir um býli þetta: "Pétursbýli, öðru nafni Nýlenda." Pétursbýli er það nafnt árin 1830-1832. Árið 1835 er Pétrusbýli horfið, en í stað þess kemur Gíslakot og þar sömu húsræðanedur og á Pétursbýli 1832 ... Allt mun þetta eitt og sama býlið, aðeins með þremur nöfnum. Ætla má að Pétursbýli sem um getur í jarðabókinni 1708 hafi staðið nálægt Kastalabrekku." SB V, 393 1920: Tún 0,8 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 1130 m²

RA-430:001 *Gíslakot* bæjarhóll bústaður
"Þriggja nafna býlið mun hafa verið byggt suðaustan við túnið í Vetleifsholti eða um túngarðinn." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 383

RA-431 Hrútur

Býlið var fyrst nefnt Rifshalakotshjáleiga, en nefnt Hrútur frá 1836. Í eyði frá 1907. "Tún voru engin, ein

engjaskák í Safamýri, en beitiland heldur gott." SB V, 398

RA-431:001 *Hrútur* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð á lágum rima, um 1200 m í austur frá Vetleifsholti." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 398

RA-432 Ráðagerði

Ráðagerði byggt úr landi V 1828, búið til 1934. 1920: Tún 0,7 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 830 m² . "Þetta var smábýli með lítil tún, að mestu slétt undir lök búskapar." SB V, 397

RA-432:001 *Ráðagerði* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð um 190 m í suðvestur frá Vetleifsholi. Búið er að jafna út hústóftir." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 397

RA-432:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-432:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

RA-671 Fornleifar á fl. en einni jörð

RA-671:001 *Brattistígur* heimild um leið
"Tittlingagil er stutt gilspræna, sem fellur í Rauðlæk. Það mun draga nafn af smæð sinni. Fyrir vestan það er Mógil, fremur jarðfall en gil. Þar var áður tekinn mór frá Arnkötlustöðum. Þá koma Borgarhólar. Þar voru áður beitarhús frá Arnkötlustöðum, og þar var ám smalað saman um sauðburð, stíað og fært frá. Þar mátti og oft sjá tjöld og hesta ferðamanna, meðan gamli ferðamannavegurin lá með Rauðalæk. ... Brattistígur er móbergsstígur, sem hallar norður að læknum frá Borgarhólum. Þar lá áður fyrr ferðamannavegur með Rauðalæk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 2

RA-671:002 heimild um leið
"Engjarnar eru meðfram Steinslæk, þar sem gamla þjóðbrautin lá suður að Sandhólaferju, kallaðar Skákir einu nafni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsar, 2

RA-671:003 heimild um leið
"Hann [Daníel Jónsson] hefur heyrt, að bærinn [Akbraut] dragi nafn af því, að braut þeirra Skálholtsbiskupanna hafi legið þar um, er þeir drógu að sér föng sunnan af Landeyjarsandi."
Heimildir: Ö-Akbraut, 2

RA-671:004 *Holtavegur hinn forni* heimild um leið
Gamli vegurinn með Rauðlæk milli Þjórsár og Ytri-Rangár."Allt þar til er búin kom á Þjórsá hjá Þjótanda árið 1895, lá vegur þessi upp bakkana hjá Ferjuhamri, yfirr mýrarsund að Hrútsvatni og meðfram því að norðanverðu, fyrir neðan bæinn Ásmúla, yfir Ásengjar og að læknum Rauðalæk, þar sem hann beygir til suðurs í Andalæk. Eftir það lá vegurinn með Rauðalæk um 10-12 km. leið eftir eyrum hans og bökkum, og er vegastæðið sýnilega valið með það fyrir augum, að þarna var þurrlendast yfirferðar að minnsta kosti að sumrinu, þegar mest var umferð. Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns. Næst var Grænrimavað efra og syðra, þá Grænaflóðsvað og Hrossaviksvað syðra, öll í landi Arnkötlustaða. Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga og tekur þá vegurinn beina stefnu út Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg, sem er móbergsklapparbrekka nálægt sauðahúsum frá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum. ... Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað, þá Svartabakkavað, Steinagilsvað, Ásendavað, Engjavað, Klaufarvað, Þvottapyttsvað og Kikrjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi

Syðra-Rauðalækjar. Enn heldur vegurinn áfram um Breiðavik og Brekkuþýfi, og er þá komið í Efra-Rauðalækjar land. Þá snarbeygir vegurinn til suðausturs um mýrarsund, sem "brúað" hefur verið endur fyrir löngu, um Miðmundarholt, þá um lága lyngheiði, yfir Ægissíðusund og Ægilssíðugil, að Ytri-Rangá hjá Ægissíðu og er þá lokið ferðinni yfir holtin. Hún mun hafa tekið 4-5 tíma lestargang með áningu á sumardaginn, en að hausti og vetri gat þessi vegalengd tekið lengri tíma eða meiri hluta dags, því að þá varð oft að fara miklu krókóttara, ef lækjarvöðin voru ófær."
Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 319-324

RA-671:005 heimild um áveitu
"Ásengjar voru taldar með betri engjasvæðum því þær liggja lágt og eru jafnledra og voru oft grasgefnar. Árið 1910 tóku Ás- og Sandhólaferjubændur (sem áttu mest land með Hrútsvatni) sig til og hlóðu stíflugarð í svonefndan Þverlæk, sem er frárennsli úr vatninu á Andalæk." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Þessi Þverlækur var um 30 metra breiður, nokkuð djúpur og gat orðið vatnsmikill ef flóð gerði. Stíflugarðuinn var því töluvert mannvirki á þeim tímum, í senn breiður og traustur til að þola vatnsþungann." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 301

RA-671:006 heimild um áveitu
"Svo var grafinn skurður 280 m langir milli Fyrrnefndra lækja [sjá 005] til að geta haft vald á vatninu því það vildi eyðileggja hey og slægjur þegar flæddi yfir." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 301

RA-671:007 heimild um brú
"Á skýrslum Magnúsar Stephensen sýslumanns í Rangárvallasýslu 1844-57 um vegaframkvæmdir í sýslunni kemur fram að á árunum 1845-1856 voru byggðar tvær stórar upphlaðnar brýr á þessum slóðum. Lá önnur yfir Ás- og Framnesengjar, gerð "af kekkjum og torfi með sandi á ofan". Er hún að lend 215 faðmar en 3 álnir danskar að breidd. Í Ferjusundi er "310 faðma lönd kekkjabrú" segir þar." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 307

RA-671:008 heimild um brú
"Á skýrslum Magnúsar Stephensen sýslumanns í Rangárvallasýslu 1844-57 um vegaframkvæmdir í sýslunni kemur fram að á árunum 1845-1856 voru byggðar tvær stórar upphlaðnar brýr á þessum slóðum. Lá önnur yfir Ás- og Framnesengjar, gerð "af kekkjum og torfi með sandi á ofan". Er hún að lend 215 faðmar en 3 álnir danskar að breidd. Í Ferjusundi er "310 faðma lönd kekkjabrú" segir þar." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 307

RA-671:009 garðlag varnargarður
"Um 1880 var mjög um það rætt að taka í tauma og vernda Safamýri fyrir vatnagangi frá Rangá til björgunar heyskap og verndar gegn meiri eyðileggingu. ... Garðurinn var 2500 faðmar á lengd, 8-20 feta breiður og 2-8 fet á hæð. Hann kostaði 6-7 þúndus krónur sem jarðeigendur lögðu fram að mestu leyti." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Garðurinn kom að góðum notum fyrstu árin en þurfti mikið viðhald sem bændur létu í the með mikilli fórnfýsi. Brátt varð þó að láta udnan síga og garðurinn eyðilagðist tiltöluvega fljótt."
Heimildir: SB V, 312

RA-671:010 hleðsla
"Áður en hlaðið var í Djúpós, sem skildi Safamýri frá Þykkvabæ, ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2

RA-671:011 *Fjarskastokkur* heimild
"Skammt fyrir ofan Unhól féll áll úr Hólsá, sem var nefndur Fjarstokur. Hann varð svo vatnsmikill, að nærri lá, að hann eyddi byggð í Þykkvabæ. En árið 1903 réðust bændur í að hlaða álinn ... " Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þykkvibær, 4

RA-671:012 heimild um leið
"Alfaraleiðir yfir sóknirnar eru: Fyrst frá Egilsstaðaferju á Þjósrá yfir Kálfholtssókn liggur vegurinn fyrst spölkorn inn með ánni austur yfir mýrarsundið í svokallað Fjárhúsholt austur fyrir framan Lónsheiði, yfir Lónið á jarðbrú í landnorður upp á Miðmundarholt austur fyrir norðan Krosshól fyrir norðan Brattahól austur á Kambsheiði í Marteinstungusókn eða upp á milli Gíslholtsvatna í Hagasókn."
Heimildir: SSR, 210

RA-671:013 heimild um leið

“Alfaraleiðir yfir sóknirnar eru: Fyrst frá Egilsstaðaferju á Þjósrá yfir Kálfholtssókn liggur vegurinn fyrst spölkorn inn með ánni austur yfir mýrarsundið í svokallað Fjárhúsholt austur fyrir framan Lónsheiði, yfir Lónið á jarðbrú í landnorður upp á Miðmundarholt austur fyrir norðan Krosshól fyrir norðan Brattahól austur á Kambsheiði í Marteinstungusókn eða upp á milli Gíslholtsvatna í Hagasókn.”
Heimildir: SSR, 210

RA-671:014 heimild um leið
“Annar frá sama stað beint hingað heim eftir vörðurnar og brýnar vísa á héðan austur að Syðrihömrum austur yfir Steinslæk á Selvaði fyrir ofan Sel og Ásmundarstaði austur í Árbæjarsókn. Nýlagðar brýr á þessum vegi eru 3 brýr frá ánni og að Kálfholti, ein þaðan að Syðrihömrum og ein þaðan niður að læknum, en frá læknum að' Seli er illfær mýri og mikið torvelt að endurbæta hana, þar yfir er þó kirkjuvegur prests að Áskirkju.”
Heimildir: SSR, 210

RA-671:015 heimild um leið
“Þriðji vegurinn liggur frá ánni suður hjá Sauðholti yfir Steinslæk á hemjum austur fyrir ofan Ás og Hellatún niður að Rauðalæk fyrir framan Arnkötlustaði og hann er hvað skástur.”
Heimildir: SSR, 210

RA-671:016 heimild um leið
“Alfaravegurinn frá Sandhólaferju liggur austur með Steinslæk á næst áður talinn veg fyrir austan hemjurnar og annar suður með ánni að Háfi. Þaðan austur yfir Háfsósa á ferju í Þykkabæ, þaðan austur í Landeyjar.”
Heimildir: SSR, 210

RA-672 Óstaðsetjanlegar fornleifar

RA-672:001 gripir
21. Óviss fundarstaður, Holtahreppur (hinn forni). Nationalmus. Kbh. 5425-26. Árið 1839 sendi séra Tómas Sæmundsson á Breiðabólsstað eftirtalda gripi til Museet for nordiske Oldsager (12. mynd): 5425. Tvær kúptar nælur, öldungis eins, af Borróstílgerð, Smykker 48, allmikið slitnar. 5426. Þríblaðanæla af “norsku gerðinni”, Smykker 97. Um fund þennan eru ekki önnur gögn en safnaskýrslur Nationalmuseets (ópr.), og í þeim segir svo frá: “Disse tre Spænder ere fundere i en Mose i Distriktet Holtene i Rangarvalla Syssel.” Ekki er tekið fram, að þetta sé kumlfundur, en gripasamstæðan, tvær kúptar nælur og þríblaðanæla, bendir eindregið í þá átt, að úr kumli sé, að rétt þykir að hafa fundinn í kumlatali. Aths. Undset birtir í bók sinni (bls. 54) mynd af þríblaðanælu, sem ekki er Holtanælan, svo sem hann tekur fram í leiðréttingu á bls. 86. Næla sú, sem nú ber merkið 5426 í Nationalmuseet, er af “den norske type”, og verður að telja hana hina réttu Holtanælu. Svo gerir og Poul Nörlund, Trelleborg, bls. 127, nmgr. 5. Skrýtið er þó það, að í safnskýrslum Nationalmuseets er nr. 5426 lýst á þessa leið: “Et klöverbladformet Spænde af Bronce. Paa Forsiden Zirater, meget lignende dem paa de ovale Spænder, nemlig Arme der med Hænderne griber korsvis i hinanden.” Síðar hefur C. Neergaars skrifað í skýrsluna: “Det med Nr. 5426 mærkede Spænde svarer ikke rigtigt til denne Beskrivelse.” Það er vissulega rétt, því að lýsingin á alls ekki við þríblaðanælu af norsku gerðinni, heldur einmitt við nælu þá, sem Undset birtir myndina af. Hér er einhver ruglingur, sem ekki er nú erfitt að rekja til róta. (Undset blandar einnig saman Mjóadalsfundi og Holtafundi, sbr. Kålund i Aaböger 1882, bls. 74-75)
.**Heimildir:** KEKH, 51-53

RA-672:002 *Áskelshöfði* bæjarstæði býli
“Landnáma segir að Áskell hnokan, sonur Dufþaks Dufníálssonar, Kjarvalssonar írakonungs, hafi numið land milli Steinlækjar og Þjórsár og búið í Áskelshöfða. Engin veit nú hvar þessi bær stóð.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 345; ÍF I, 367

RA-672:003 *Grettissteinn* heimild
“Eftirtakaverða steina hef ég hvörki séð hér né heyrt um getið. Þó er hér einn steinn býsna stór, á að gizka 1½ al. á hvörn veg, kallaður Grettisteinn, og stendur á sléttri klöpp og er í mæli, að Grettir hafi sett hann þar.”
Heimildir: SSR, 214

RA-672:004 gripir
PS:”Í skriðu norðan í Stóru-Dómon fannst fyrir stuttu hlekkjafesti með bogalöguðum hólk eða hespu í öðrum enda; það er líkast, að þetta verið hafi partr af fornum fjötri, en þessu var því miðr, eytt af þeim er fundu, áðr en það varð hljóðbært.”

Heimildir: PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 545

RA-673 Holtamannaafréttur

Holtamannaafréttur takmarkast af Þjórsá að vestan, Tungnaá að sunnan, Köldukvísl að austan og Fjórðungskvísl að norðan. Vestasti hluti hinna fornu Þjórsártungna. “Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna.” GR I, 257. (ATH dóm um Holtamannaafrétt 1476) Guðjón Jónsson í Ási telur líkur til að “upprekstur þangað hafi hafist seinna en á flesta eða alla afrétti ... sunnanlands sökum fjarlægðar hans úr byggð og erfiðra notkunaraðstæðna. Um 80 km eru inn að honum úr þeim sveitum , sem ahnn hafa notað, og inni við hann er stórt straumhart vatnsfall, Tungnaá, sem verður að flytja allt féð yfir á bátum, bæði þegar það er rekið á vorin og sótt á haustin.” GR I, 300

“Afrétturinn er bungumyndað hálendi og er mestur hluti hans gróðurlausar grjót- og sandöldur. ... Neðst í hlíðum [Búðarháls] á þrjá vegu: austan, sunnan og vestan, er samfelldasta og mesta graslendi afréttarins. Þegar því og Hálsinum sleppir, er afrétturinn öldótt sandauðn fyrstu 20 km en þá koma allstór mýrarver á milli sandaldanna, ásamt mosateygingum meðfram kvíslum, sem víða renna úr verunum. / Stærst veranna eru: 1. Stóraver, 2. Biskupsþúfuver, 3. Eyvindarverið fremra, 4. Háumýrar, 5. Svörtubotnar, 6. Hnausaver, 7. Krókaver, 8. Illugaver.” GR I, 301. - Á Holtamannaafrétti var farið í grasa- og rótarfjall í Bása og Hvanngil og var þá farið yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 322

RA-673:001 *Eyvindarkofi* tóftir útilegumannabústaður **Friðlýstar fornleifar**
Á lækjarbakka austarlega í Eyvindarveri sem er graslendi norðan við Eyvindarkvísl og Þúfuver. Kofarnir eru rétt vestan við Sprengisandsleið Í Eyvindarveri er mikið graslendi og þar skiptast á brokflóar og starartjarnir ... Bæjarstæðið virðist ekki hafa verið gott sökum votlendis ...” ÚAT, 98 “Sumarhagar eru ágætir í Eyvindarveri, og jafnvel eru þar sumstaðar einhverjar snapir að vetrarlagi. Þess er t.d. skammt að minnast, að hestur gekk úti í Arnarfellsöldu, sem er gegnt Eyvindarveri hinum megin Þjórsár. Eflaust hefur Eyvindur einnig getað heyjað eitthvað í verinu.”

DB gróf í 1897 og GG aftur 26.8.1956 Dagók Einars Brynjólfssonar 7. ágúst 1772: “Þoka um morguninn, en er henni létti, tókum við okkur upp frá Biskupsþúfu ... Þegar við höfðum farið yfir lækjarsprænu, sem rennur norðan við þúfuna, og skammt komnir, sáum við nokkrar kofatóttir. Þaðan riðum við þrír saman og gengum úr skugga um, að kofarnir hefði verið fimm, veggir fremur vel hlaðnir, og þóttumst við mega ráða af ýmsum vegsummerkjum, að í þeim hefði verið búið um vorið.” HH I, 44-48. Lýsing Stefáns Stefánssonar sem fór Sprengisandsleið um 1840: “Þar var að sjá sem ein tótt, að utan hlaðin úr hnausum, en að innan virtust honum tóttirnar verið hafa fjórar, nálægt faðmi á lengd hver þeirra, og veggir og göng á milli og útidyr á öllum, veggir meðalmanni í öxl, þar sem hæst var, og hólf í veggjum innanverðum af smáhellum. Uppsprettuvatn rann undan skálatóttunum á þrjá vegu, og í þeirri vatnsrásinni, er til útnorðurs rann, voru mörg hrossbein og nokkuð af fuglabeinum. Þar hafa og fundizt kindabein. Það er sagt, að um hin síðustu aldamót [um 1800] hafi Bárðdælingar fundið páog reku í tóttum þessum og flutt heim með sér. Þóttu þau mjög haglega gerð og smíðað eftir þeim.” Endursögn Páls Melsteð í Íslendingi 1861-62; Að mestu samhljóða lýsing hjá Birni Gunnlaugssyni í Um stöðvar útilegumanna. Daniel Brunn var á ferð 1897: “Bústaður hans var vesæll moldarkofi, sem nú er sokkinn í jörð. Við reyndum að létta af hinni leyndardómsfullu hulu, sem hvílir yfir ögninni, með því að grafa kofann upp. Það kom í ljós, að kofinn var eingöngu byggður úr grjóti með torflögum á milli. Hann var 10 skrefa langur og álíka breiður og mjög óreglulegur í lögun. Gegnum bæjardyr var komið inn í mjög lítið aðalherbergi, og bak við það var annað enn minna. Með mjög haglegu móti voru veggirnir látnir hallast inn á við að ofan, svo að herbergið að lokum laukst saman við það, að steinarnir snertu hver annan næstum eins og í hvelfingu. Óskaplega lágt og þrögt var þar, gluggar voru engir, og hér hlýtur lífið að hafa verið afar ömurlegt. / Í kofunum fannst mikið af beinum, sem voru klofin af manna höndum. Mest voru það álftabein og kindabein. Álftirnar höfðu Eyvindur og kona hans augljóslega veitt úti í verinu um verptímann, en kindunum stálu þau af afréttum. Vatn sprettur upp fast við kofann, en það er ekki heitt.” DB: Fjældveje gennem Islands indre Höjland (Turistruter paa Island IV): 140-42 ATH

“Erfitt er að koma lýsingu Brunns heim við kofana, eins og þeir eru nú. Enda virðist lýsing hans fremur miðast við hugmyndir hans sjálfs um, hvernig kofarnir hafi verið í upphafi, en ásigkomulag þeirra er hann gróf þá upp. ... Um eitt atriði virðist Bruun hafa misminnt. Það er þegar hann segir, að veggirnir séu að mestu hlaðnir úr grjóti. Nú er sáralítið grjót í rústunum, og sízt af öllu hefur það verið fjarlægt við uppgröftinn. Hinsvegar gefur uppdráttur Bruuns allglögga mynd af lögun tóttanna. Hið helzta, sem skilur hann frá útliti þeirra nú, er

þverveggurinn, sem skiptir aðalhúsi rústanna í tvennt. Hann er ekki lengur til, og hefur honum sennilega verið mokað burt, er Bruun gróf kofann upp." ÚAT, 104. Dagbók Gísla Gestssonar 26.8.1953: "Nr. 1 hefur verið brunnhús. Þar voru í gólfhæð hellur, og er þeim var lyft upp, reyndust þær vera lagðar yfir lind. [105] Lindin kemur upp á yfirborð jarðar 3-4 metrum norðan við rústina og virðist vera byggt yfir hana alla leið. Að minnsta kosti voru hellur yfir henni fyrir framan dyrnar á kofanum, sem merktur er nr. 2. Lokræsi þetta ætti því að ligja undir vesturvegginn á þeim kofa. Nr. 2 er langstærsti kofinn í rústunum. Norðarlega í honum eru á tveim stöum upphækkanir úr torfi, sem virðast vera leifar af millivegg þeim, er Daníel Bruun sýnir á uppdrætti sínum, en hefur verið mokað burt við uppgröftinn. Gólfið í þessum kofa er mjög blautt og hefur alltaf verið það, ef dæma má eftir hæð yfirbyggðu lindarinnar. Grunnvatn mýrarinnar er aðeins 50 cm undir yfirborði í þessum kofa. Nr. 3 er lítill kofi, sem ekki hefur verið grafinn upp áður. Þar fundust leifar af bæli, þ.e. lyng- og graslag, sem var um 2,20 m á lengd, en ekki yfir 1,40 m á breidd. Í veggjum var nokkuð af beinum, sem hefur verið stungið í þá innanfrá. Á milli 2 og 3 lágu göng, krókbogin og þröng. Niðri í þeim var töluvert af grjóti, og náði það alldjúpt niður. Virtist sumt af því sett þar til varnar gegn bleytu. Sumt kann að hafa verið þakhellur. Nr. 4 er stór lind, og í henni mikið af beinum, einkum hrossbeinum. Nr. 5 er rof- eða moldardyngja, líklega mynduð við uppgröft Bruuns. [106] Eftir því, sem næst verður komizt, hefur húsaskipun Eyvindar litið út svo sem myndin sýnir [uppdr ÚAT, 106]. Hafa þá kofarnir verið fjórir eða fimm, séu göng talin með ... Hins vegar sýnist nú vera harla ólíklegt. að það geti verið rétt hjá Stefáni, að útidyr væru á öllum kofunum." ÚAT, 104-106. ÓB telur að E+H hafi flutt sig í Innra-hreysi þar sem þó er verra til búskapar vegna þess hve nálægt Sprengisandsleið Eyvindarkofi er, og jafnvel að bæjarstæðið þar hafi reynst óbyggilegt til lengdar sökum bleytu
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; ÚAT, 104-107

RA-673:002 *Innra-Hreysi* 2 tóftir útilegumannab ústaður
"Um 8 kílómetra í norðaustur af rústunum í Eyvindarveri [RA-673:001] eru leifar af ... Innra-Hreysi. Það er í dalverpi milli melaldna ... [99] Fast norðan við rústirnar rennur á, sem dregur nafn af hreysi Eyvindar og er nefnd Hreyiskvísl." ÚAT, 98-99. Rústirnar munu fara undir vatn þegar Kvíslaveita "Það er í dalverpi milli melaldna. Útsýni er þar ekkert og staðurinn sést hvergi af alfaraleið. ... Við Innra-Hreysi er graslendi sæmilegt, en lítið að víðáttu ..." ÚAT, 98er fullgerð (1985) GG ath 27.8.1953; GG 1983 Dagbók Einars Brynjólfssonar 7.8.1772: "[fundu Eyvindarkofa] Síðan lögðum við upp á Sprengisand og komum þá brátt á troðna og breiða slóð. Þóttumst við geta greint spor fjögurra manna ... Brátt komum við að smálæk með dálitlum grasteygingum báðum megin. Með honum lá brautin, og fylgdum við henni, unz við komum auga á nokkura kofa, og skammt þaðan var strjálingur af búfé ..." ÚAT, 100 [en fjórir hestar voru í hafti fjær kofunum. E+H handtekin og færð til Reykjahlíðar en á suðurleið komu þeir Einar enn við í Innra-Hreysi] og færðu til byggðar frá hreysinu það, sem þeir fundu fémætt, nefnilega skinn, beðjardýnu og nokk- [102] ura skinnbjóra og tágakörfu, en páli, potti, kjöti, mör og axarkjaggi var sá burthlaupni Eyvindur búinn að ná, þá að norðan komu." Úr bréfi frá Sigurði Sigurðssyni landþingsskrifara 18.8.1772 til Þorsteins Magnússonar sýslumanns Rangvellinga í HH I, 49.

Úr dagb. Gísla Gestssonar 27.8.1953: "Þar er aðeins ein greinileg kofarúst, sem merkt er nr. 2 á uppdráttinn. Virðist kofinn hafa verið 1,70 m á lengd, en breidd ekki minni en 1,25. En nú vantar með öllu norður- [108] vegg kofans, sem vissi út að kvíslinni. Ef til vill hefur hann verið felldur. Í gólfi er ármöl, en ofan á henni torfa, en ekki gólfskán. Enda er þess varla að vænta, þar eð Eyvindur var nýlega fluttur í hreysið, þegar hann var tekinn. Við 3 voru aðeins undirstöður veggjar, en við 5 var veggurinn 65 cm hár. Allar hleðslur voru úr grjóti. Nr. 1 er grjótflekkur, sem gæti verið leifar af kofa. Þar nálægt fannst hausbein úr kind. Nr. 4 er Hreysiskvísl. / Þar sem Einar Brynjólfson talar um nokkra kofa við Hreysiskvísl, verður að ætla, að kofarnir hafi ekki verið færri en þrír. Er því sennilegast, að einhverjir þeirra hafi lent í kvíslinni, þar eð nú eru ekki sýnilegar menjar eftir fleiri en tvo kofa, þó að grjótflekkurinn sé talinn með. / Ekki hafa fundizt þarna neinir munir, svo að vitað sé."
Heimildir: ÚAT, 107-108.

RA-673:003 þjóðsaga
Útilegumannabyggð í Köldukvíslarbotnum upp við Vatnajökul, suðaustan við Vonarskarð
Heimildir:

RA-673:004 *Tungnaárflutningur* heimild um ferju
Bátar við Hald í Tungnaá, við Tungnaárflutning sem er á.a.g. 6-7 km frá ármótum Þjórsár og Tungnaár, innst á Ferjufit á Landmannaafrétti. "Sunnan megin árinnar er 5-6 m hár stuðlabergshamar. Í honum er brött klauf eða skora, sem farið er um með allan farnagur , sem fluttur er. ... Norðan megin árinnar er hallandi graslendi, Stóra-Hestatorfa, en mjó sandeyri meðfram ánni. ... Á ferjustaðnum er áin um 110-112 m breið, straumþung og kaststrengur í henni sunnan til." 1772: bátur við Tungnaá og eiga hann nokkrir bændur í Holtum. Fá þeir 1 lamb fyrir hver 20 sem flutt eru yfir ána á honum - Ferðaskýrsla Einars Brynjólfssonr um Sprengisandsleið. 1775: Bátur á Tungnaá - SP Ferðabók - GR I, 323. "Elstu menn, sem nú [um 1945] lifa og sjálfir fóru í leitir á Holtamannaafrétt strax eftir fermingu, segja, að þegar þeir fóru fyrst til fjalls, hafi 3 bátar verið við flutninginn,

og að forfeður þeirra hafi sagt, að svo hafi verið í þeirra tíð, 2 bátar nokkuð stórir, oft nefnt skip, og 1 minni. Þeir þurftu að vera með sérstöku lagi, breiðir og flatbotnaðir, svo að þeir rúmuðu margar kindur og flytu vel á grunnu vatni við löndin. Árið 1894 smíðaði Kristján Pálsson bóndi á Borgartúni í Þykkvabæ nýjan bát, ágætt skip. Á honum var hægt að flytja 60 fráfærulömb, eða 35 kindur fullorðnar. Um aldamótin smíðaði Kristján annan bát, lítið minni. Þriðji báturinn er minnstur, [325] notaður þegar lítið þurfti að flytja, svo sem þegar kindur voru reknar úr Sultartanga ... Eins þegar farið var í eftirsöfn og þriðju leitir. / Tveir menn réru hvorum hinna stærri báta, nema ef mikill stormur var, þá kom fyrir, að fjórir yrðu að róa. Einn maður sat í skutnum og gætti þess, að kindurnar færu ekki upp úr bátnum. Kindurnar voru handlangaðar að bátnum (maður rétti þær manni). Við bátinn stóðu tveir menn, hvor móti öðrum; þeir tóku undir kindina og lyftu upp í bátinn. Eftir síðustu aldamót var smíðaður timburfleki með þéttum þverrimlum. Var annar endi hans látinn standa upp á borðstokkinn á bátnum og kindurnar látnar ganga hann upp í bátinn. Þetta þótti bót frá því, sem áður var, en féð var hálftregt að gnaga flekann." Bátarnir voru eign sveitarinnar. "Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur helgi hafi vígt þennan ferjustað við Tungnaá .
Heimildir: GR I, 304-305, 323-26

RA-673:005 heimild um rétt
Uppi á hamrinum sunnan Tungnaár við Tungnaárflutning, er fjárbyrgi, sem rúmar 12-14 þús. fjár, hlaðið úr hraungrjóti. "Beggja megin árinnar eru réttir hlaðnar úr grjóti. Sú sem er norðan árinnar kallast Innra-Hald, en hin sunnanmegin Fremra-Hald." Segir í örnefnalýsingu. Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur -Í byrgið á syðri bakkanum var fjársafnið sett á haustin, jafnóðum og það var ferjað suður yfir ána og látið vera þar næstu nótt .
Heimildir: GR I, 304, 324; Ö-Holtamannaafréttur B, 6

RA-673:006 heimild um rétt
Aðhald fyrir fé á norðurbakka Tungnaár við Tungnaárflutning "Beggja megin árinnar eru réttir hlaðnar úr grjóti. Sú sem er norðan árinnar kallast Innra-Hald, en hin sunnanmegin Fremra-Hald." Segir í örnefnalýsingu. Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur - Aðhaldið norðanmegin var úr blágrýti .
Heimildir: GR I, 304, 324; Ö-Holtamannaafréttur B, 6

RA-673:007 heimild um sæluhús
Leitarmannakofi er innan við Tungnaá hjá Tungnaárflutningi .
Heimildir: GR I, 304

RA-673:008 heimild um hlóðir
Hlóðir á berangri við tjaldsstað norðan Tungnaár hjá Tungnaárflutningi
Heimildir: GR I, 304

RA-673:009 heimild um rétt
Hestarétt byggð 1901 sunnan megin Tungnaár hjá Tungnaárflutningi, um 50 m frá fjárbyrginu á hamrinum - GR I, 305, 323 "Sunnar árinar er einnig Hestarétt ..." Segir í örnefnalýsingu. "Venja var að skilja nokkuð af heyi eftir við ána til að gefa hestunum nóttina, sem verið var við ána á frameftirleið. Þá voru þeir byrgðir í rétt, sem byggð var 1901 sunnan megin árinnar. Reynt var að skilja þar eftir mat til að létta á klyfjahestunum, en ekki gafst það vel. Hagamúsin var ásækin í hann og hann skemmdist meira en sá matur, sem fluttur var með sér."
Heimildir: GR I, 305, 323; Ö-Holtamannaafréttur B, 6

RA-673:010 heimild um sæluhús
Leitarmannakofi á Klifshagavöllum Þar eru rýrir hesthagar "Leitarmannakofi var byggður þar nokkru fyrir s.l. aldamót." Þriðji náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið "Þar vað þá að gefa hestunum hey, því að hagar voru bitnir af fallhestunum á inneftirleið."
Heimildir: GR I, 305-307

RA-673:011 *Svörtubotnar* heimild um náttstað
Tjaldstaður í Svörtubotnum "Þar er blautt mýrarver með starar- og brokgróðri og smátjörnum."Innsti tjaldstaður á austurhluta Holtamannaafréttar. Þar sameinuðust undanreiðarmenn meginliðinu
Heimildir: GR I, 306

RA-673:012 *Innra-Hreysi* heimild um náttstað
Tjaldstaður og rétt við Eyvindarhreysi Innra (Innra Hreysi) Á þessum stað gistu 6 undanreiðarmenn sem smöluðu Vesturkrók innan við Svörtubotna þar sem þeir sameinuðust meginliðinu. GG segir í Árb 1983, 103,

107 að fornleg rétt sé norðan Hreysikvíslar, andspænis Innra-Hreysi. Telur hann vafa leika á hvort hún hafi verið fjárrétt og stingur upp á að hún gæti hafa verið heimilsrétt þeirra Eyvindar. Hermann Guðjónsson í Árb 1984, 100 segir hinsvegar að rétt þessi hefði lengi verið talin hluti af tjaldstæðinu eða allt frá því að smölun hófst á þessum hluta afréttarins nálægt miðbiki 19. aldar. Vitnar hann um þetta til manna sem voru fæddir á árunum 1863-78 og sem voru samtíma þeim eldri mönnum sem voru brautryðendur um leitir á þessu svæði. "Réttin var notuð fram á fjórða tug þessarar aldar, eða þar til mæðiveikin fór að herja á sauðfé Áshreppinga ... Var þá annar háttur tekinn upp við smölun [afréttarins] og þessi tjaldstaður lagður niður. Síðast gistu réttina tvær kindur norðan úr Skagafirði, sem fundust á Háumýrum í haustleitum 1934."
Heimildir: HG: "Athugasemd um Innra-hreysi og fornlega rétt" Árbók 1984, 100

RA-673:013 heimild um sæluhús
Leitarmannakofi í Illugaveri Annar náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið
Heimildir: GR I, 307

RA-673:014 *Byrgistorfur* heimild um náttstað
Byrgistorfur eru austan undir Búðarhálsi á bili þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá. "Þar eru tvær litlar valllendistorfur með góðum hesthaga." 4. náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið
Heimildir: GR I, 307-308

RA-673:015 *Biskupsþúfa* tóft sæluhús
Biskupsþúfa er í Þúfuveri norðan við Sóleyjarhöfðavað - áningarstaður á Sprengisandsleið. "Hjá þúfuveri er Biskupsþúfa. Framan undir þúfunni eru tóftarrústir." Segir í örnefnalýsingu. "Eru hagar góðir í verinu. Biskupsþúfa ... er há, bungumynduð malaralda með lyng- og mosagróðri í hlíðunum neðanverðum, en sléttum valllendisgrundum fyrir sunnan og vestan." Áningarstaður á Sprengisandsleið þegar Þjórsá var farin á Sóleyjarhöfðavaði. "Talið er að biskuparnir hafi hafi haft þarna náttstað fyrr á öldum, þegar þeir ferðuðust milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið. Vottar þar enn fyrir fornu tóttarbroti, sem á að vera leifar frá þeim tíma."
Heimildir: GR I, 308; Ö-Holtamannaafréttur, 2

RA-673:016 *Þúfuver* heimild um náttstað
Tjaldstaður vesturleitarmanna. "Austur frá Sóleyjarhöfða [sjá 026] er Ferðmannaalda, og austur frá henni eru Þúfuvötn. Inn af þeim er Þúfuver; þar er tjaldstaður, og þar er verið að byggja nýjan kofa fyrir innan Þúfuvershvísl." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: GR I, 308; Ö-Holtamannaafréttur, 2

RA-673:017 *Hvanngil* heimild um náttstað
Hvanngil eru við Þjórsá gegnt Loðnaveri á Gnúpverjaafrétt. Í Hvanngil vareinnig farið á rótar- og grasafjall - Tjaldstaður vesturleitarmanna aðra nótt á frameftirleið.
Heimildir: GR I, 322

RA-673:018 *Þrívörður* varða samgöngubót
3 háar grjótvörður á öðrum af tveimur stöðum þar sem farið verður niður hamrabrúnina á efsta pallinum í Básum norðvestan í Búðarhálsi
Heimildir: GR I, 309

RA-673:019 *Manntapahella* örnefni
"... alllöng, slétt grágrýtishella, er liggur skáhallt niður að og ofan í Þjórsá." Í Neðstugöngu vestur með Búðarhásli . "Úr berginu fyrir ofn hana seytlar alltaf vatn á hana, sem heldur henni feikilega sleipri. Sagt er, að nokkrir Neðstugöngumenn hafi freistast til að stökkva hana til að tka af sér langan og erfiðn krók, en runnið ofan í Þjórsá ... Dregur hellan nafn sitt af því. Herma munnmæli, að 18 menn hafi farist á Manntapahellu."
Heimildir: GR I, 310

RA-673:020 *Einistorfur* heimild um náttstað
Einistorfur "eru niður undir Þjórsá, vestan í Búðarhálsi framarlega." "Innar með Þjórsá er Uppgöngugil; innan við gilið eru Einirtorfur, þar er tjaldstaðir." Segir í örnefnalýsingu. Síðasti tjaldstaður vesturleitarmanna á frameftirleið áður en komið er að Tungnaárflutningi. "Í dimmviðri og þoku (en hún er oft á Hálsinum) er vont að finna Sniðin [sem er bratt og gróið mosaklif skammt innan við tjaldstaðinn], en annarsstaðar er ómögulegt að komast með hesta niður af Hálsinum í tjaldstaðinn."
Heimildir: GR I, 310; Ö-Holtamannaafréttur, 1

RA-673:021 *Búðarháls* örnefni
Búðarháls er neðsti hluti Holtamannaafréttar og eftir honum liggur Sprengisandsvegur niður á Rangárvelli. “Upp og inn af Einirtorfum eru Sniðin; ná þau upp á Búðarháls að vestan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Holtamannaafréttur, 1

RA-673:022 heimild um náttstað
Í eftirleitum var tjaldað “niður við Þjórsá skammt innan við Búðarhálsfoss (Dynk).”
Heimildir: GR I, 313

RA-673:023 gata leið
“Gamlar, grónar götur, ... liggja margar hlið við hlið efst í Hestatorfu í stefnu vestur yfir Blautukvísl að Tangavaði.” á Sprengisaandsleið
Heimildir: GR I, 322

RA-673:024 *Tangavað* heimild um vað
Tangavað er neðsta vað á Tungnaá. Þegar það var farið, var haldið rétt ofan við smáhólma í ánni um miðjan Sultartanga, sem er syðsti oddinn, milli Tungnaár og Þjórsár.” “Tangavað mun haf verið lengi aðalvaðið yfir ána, þegar farin var leiðn um Sprengisand eða Vonarskarð. Eins þegar farið var á grasa- eða rótarfjall á Holtamnnaafrétt ... Á því vaði fór Sveinn Pálsson 1795, er hann fór til Veiðivatna. Lítið farið síðan um 1880.” GR I, 322 Þegar trippi voru enn rekin á Þóritungur (fyrir 1881) voru þau rekin yfir Tungnaá á Tangavaði - sbr. örn Vaðfit á Landmannaafrétt sunnan við ána
Heimildir: GR I, 322-323

RA-673:025 heimild um brunn
Við Tungnaárflutning “Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur biskup helgi hafi vígt þennn ferjustað við Tungnaá og brunn, sem þar var, en er nú samfallinn og týndur.”
Heimildir: GR I, 326

RA-673:026 *Sóleyjarhöfðavað* heimild um vað
“Fyrir innan kvíslarnar er Sóleyjarhöfði vestur við Þjórsá. Þar er vað á Þjórsá, sem heitir Sóleyjarhöfðavað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Holtamannaafréttur, 1

RA-673:027 heimild um vað
“Foss myndast í henni [Þúfuverskvíslinni], þar sem hún fellur ofan af grjót og malarkambi niður í verið. Kallast hann Þúfuversfoss. Vað er á kvíslinni rétt innan við fossbrúnina.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Holtamannaafréttur B, 3

RA-673:028 *Þorláksbrunnur* heimild um brunn
“Innan megin [við Tunguá á ferjustaðnum] var einnig brunnur, sem hét Þorláksbrunnur, en er nú samfallinn og týndur, en hefur efalaust verið rétt vestn við kofann, þar er uppsprettulind og aðstaða til brunngraftar.” Segir í örnefnalýsingu. “Hann var kenndur við Þorlák biskup helga, sem á að hafa vígt ferjustaðinn gegn slysum og óhöppum, og virðist sú vígsla hafa gefið góða raun.”
Heimildir: Ö-Holtamannaafréttur B, 6

RA-674 Þóristungur

Þóristungur eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannaafrétti. “[frá því um miðja 19. öld reka] bændur í Landssveit ... almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst ... Hross hafa eigi verið rekin á Þóristungur síðan 1881, en um annan stað er ekki að ræða fyrir hross á afrétt- [258] um þessum, og þau því síðan gengið allt árið í heimahögum. Smölun þeirra á afrétti er óþekkt núlifandi mönnum.” GR I, 257-58 “Um og eftir miðja síðutu öld voru trippi rekin á Þóristungur og höfð þar á sumrin. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavði. / Þegar hætt var að reka trippi á Þóristungur, tóku 7 bændur úr Holtamannahreppi, nú Áshreppi, sig saman og ráku kindur þangað.” - GR I, 323

Þóristungur “eru sandöldur með mýrarverum og allgóðum gróðri með kvíslum og giljum, sem mikil hvönn óx í að fornu, en er nú horfin að mestu. Þangað var farið á rótar- og grasafjall fram til 1880.” - GR I, 300. Hvanngil heitir líka langt inn með Köldukvísl gegnt Sauðafelli á Holtamannaafrétti. - GR I, 317 Á

Þóristungum eru víða örnefni sem minna á hestaafréttinn s.s. Trippavað á Köldukvísl við Miðtungur, Trippagil og Trippagilsalda inn með Köldukvísl - Herforingjaráðskort - Fjallagrös eru sunnarlega með Þórisvatni - GR I, 317 og heitir Grasatangi sem gengur út í vatnið í suðvesturhorni þess - DMA

RA-674:001 *Þórisós* heimild um náttstað
Þórisós er við enda þess arms Þórisvatns sem er vestan við Útigönguhöfða og er hann affall úr vatninu í Köldukvísl. Þar undir hraunnefi er tjaldsstaðurinn“Hagi er sem enginn” - Annar tjaldstaður leitarmanna, einnig notaður í eftirleitum
Heimildir: GR I, 313, 317

RA-674:002 heimild um rétt
“Hestarétt og fjár er” við tjaldstað hjá Þórisósi, sem er affallið úr Þórisvatni í Köldukvísl
Heimildir: GR I, 317

RA-674:003 *Miðtungur* heimild um náttstað
Miðtungur eru vestast í Þóristungum, við Köldukvísl, sunnan við þar sem kemur krókur á hana til vesturs. “Innst á Miðtungu er Tjaldstaður, undir barði. Á því eru reistar tvær uppmjóar hellur, sem eiga að minna á tjaldsúlur.” Segir í örnefnalýsingu. Tjaldstaður - síðar færður innst í Fremstutungu
Heimildir: GR I, 313, 316, 317; Ö-Þóristungur, 1

RA-674:004 *Fremstatunga* heimild um náttstað
Tjaldstaðurinn var innst á Fremstatungu sem er syðst og vestast á Þóristungum gegnt Hrauneyjum Tjaldstaður eftir að hætt var að tjalda á Miðtungu “Þar var betri tjaldstaður og skýlla fyrir hesta.” Á þessum slóðum er sýndur kofi á Herforingjaráðskorti.
Heimildir: GR I, 316

RA-674:005 *Útkvíslar* heimild um náttstað
Útkvíslar eru í suðausturhorni Þóritungna, suður undir Bólöldu, og heitir Tjaldkvísl þar sem tjaldstaðurinn er Tjaldstaður leitarmanna
Heimildir: GR I, 313, 318, 341

RA-674:006 *Byrgisver* heimild um rétt
Byrgisver er vestan við Fremstutungu, vestast á Þóristungum. “Á Miðtungu er Byrgisver, vestur af Köldukvísl.” Segir í örnefnalýsingu. Í Byrgiveri eru fjárbyrgi sem taka 12-14 hundruð fjár og er rekið í þau tvo síðustu gangnadaga
Heimildir: GR I, 318, 319; Ö-Þóristungur, 1

RA-674:007 *Þórisvatnsbotn* heimild um náttstað
Við botn Þórisvatns “Upp úr vatnsbotninum er ekki hægt að komast með hesta nema á einum stað, norðvestur af tjaldstað.” Tjaldstaður leitarmanna
Heimildir: GR I, 317

RA-674:008 heimild um rétt
“Lítið byrgi uppi í öldunni norðan við tjaldstað.” í Þórisvatnbotni. Fé var rekið í byrgi þetta þá einu nótt sem leitarmenn gistu þar
Heimildir: GR I, 317

RA-674:009 heimild um ferju
Bátur við ármótin þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá
Heimildir:

RA-674:010 *Flekavík* örnefni
Þar gæti hafa verið geymdur fleki til að róa á út á Þórisvatn, sjá örnefnakort.
Heimildir: Örnefnakort

Fornleifar í Landmannahreppi

RA-433 Irjar

20 hdr., 1708, Skarðskirkjueign. 1332. Jarðarinnar getið í máldaga Skarðakirkju. DI II, 695-696. 1626: Guðrún Brynjólfsdóttir selur sinn hluta í kirkjukotinu Irjum. Jarðabréf, 2 Yrjar réttnefni að nafni HÞ. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 20 "Yrjur nefnist eyðijörð ofan Skarðsfjalls á bökkum Þjóðrsár, fór í eyði 1925. Áður hafði bærinn verið fluttur um set 1912 sökum sandágangs. Túnstæðið var ekki gott á síðasta bústaðnum og sandurinn búinn að gagna svo á jörðina að ekki var lífvænt til búskapar." SB V, 199 1917: Tún 0,5 ha, sléttað 0,2 ha, garðar 207 m²

RA-433:001 *Irjar* bæjarhóll bústaður
"Yrjur nefnist eyðijörð ofan Skarðsfjalls á bökkum Þjórsár, fór í eyði 1925. Áður hafði bærinn verið fluttur um set 1912 sökum sandágangs. Túnstæðið var ekki gott á síðasta bústaðnum og sandurinn búinn að gagna svo á jörðina að ekki var lífvænt til búskapar."
Heimildir: SB V, 199

RA-433:002 *Irjar* bæjarstæði bústaður
"Árnaborgir voru fjárborgir þar sem nú er hraun blásið skammt frá austurjaðri Stóruvallaheiðar, suður af ærhústóttum frá Bjalla, en austa-suðaustur af Efribrúnum. Árnaborgir eru kenndar við Árna Jónsson, er bjó um skeið á Bjalla, en áður í Lunansholti, á 19. öld." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 3

RA-458:007 tóft fjárskýli
"Borgir eru rústir nokkurra fjárborga uppi á hraunbrúninni um 400 m norðaustur af Bjalla. Nýi vegurinn austur að Hrólfsstaðahelli liggur yfir að minnsta kosti eina þessara borga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 4

RA-458:008 heimild um fjárhús
""Skammt framan við gömlu fjárhúsin heita Efribrúnir, náðu lengra austur áður hraunið blés", skrifaði mér Ingvar á Bjalla. Hann á við ærhús á Austurjaðri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 5

RA-458:009 *Gamal-Stekkatún* örnefni stekkur
“Gamla-Stekkatún var örnefni í námunda við Kýraugastaði. Leikur vafi á um staðsetningu þess. Ingvar á Bjalla vill ekkert fullyrða um þetta, en Magnús Árnason segir að Gamla-Stekkatún muni hafa verið skammt suðaustur og niður af þeim stað, þar sem almennt er álitlið að Kýraugastaðir hafi staðið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 5

RA-458:010 hellir
“Gamli-Bjalli er hið gamla bæjarstæði Bjalla, til 1908. Þetta nafn hefur fyrir löngu færzt yfir allt graslendið á þesum slóðum, framan frá Bjallalæk og upp að hraunbrún við Kýraugsstaði. Í brekkunni austan við bæjartætturnar er hellir, en hann er byrgður. Þarna hefur verið einkar fagurt bæjarstæði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 5

RA-458:011 *Stakikofi* tóft
“Stakikofi var sauðahús frá Bjalla á ytri jaðri Stóruvallaheiðar, mitt á milli Gildruvörðu og Moshóls. Nú tættur einar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 9

RA-458:012 *Stöðull* örnefni kvíar
“Stöðull var suðvestur frá bænum á Gamla-Bjalla, austan við Skollagróf.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bjalli, 9

RA-458:013 hellir
“Í landi Bjalla, ekki víðsfjarri gamla bæjarstæðinu er hraunhellir. Hann lokaðist að mestu í jarðskjálftunum miklu 1896.” Var notaður sem geymsla og lokaðist skyr og blóðmör inni í hellinum.
Heimildir: EG: “Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu”, 56

RA-458b Kýraugastaðir
Býlið farið í eyði árið 1708 vegna mikils sandfoks, en ábúendur flutt að býlinu Kýraugsstaðaseli. 1332: Jarðarinnar er getið í máldaga Stóruvallakirkju. DI II, 696-697. [1526/27]: Selur Ögmundur biskup jörðina fyrir 30 hndr. DI IX, 395-396. Bænhús var á jörðinni. 1708 er eyðihjáleigan Kýraugastaðahjáleiga. 1708: “Tún alt, sem var eð gagnlegasta, og landið um kring hefur blásturs sandur yfir gengið, so þar bærinn fyrrum stóð er alldeilis óbyggulegt.” JÁM I, 307.

RA-458b:001 *Kýraugastaðir* bæjarhóll bústaður
1708: “Jarðarhúsin eydd og í burt, því blásturs sandur aftók öll túnin, þar til við húsin óverandi, hafa húsin smá saman í burt flutt verið og niður sett lángt út í landi jarðarinnar og heitir býlið Kýraugastaða sel [sama og Neðra-Sel RA-456].” “Í haugbrúninni norður af Gamlbjalla, vestan við Kerauga, upptök Tjörvastaðalækjar, var stórbýlið Kýraugastaðir, sem eyddist 1707. Þar hefur fyrrum verið bænahús að því er heimildir telja. En við túnið var Kýraugastaðahjáleiga, sem eyddist um 1690.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 307; SB V, 123

RA-458b:002 heimild um bænhús
KÝRAUGASTAÐIR Á LANDI (STÓRUVALLAÞING) (R)
[1332]: [af Stóruvöllum] er ...songur a kyraugha stadi oc lunans hollt oc syngia annann huern dagh huaart oc taka ij merkur huaart
syngia skal allar tijder efstu viku oc paska viku j flagbiarnar hollte. ef Þeir vilia er Þar bua. enn ef Þeir vilia ei Þa skal j lunanashollte oc [a] kyhaugastodum. haalf mork tekz huaart. heimolt skal Þeim at ei se sungid af Þeir vilia
vaxtollur liggur til valla af Þessum Þrim kirkium. ef ei eru sungnar jolatijder
Þar sem prestur syngur fyr helga dagha vm langha fostu. Þar skal nonmessa fyrer oc sua Þar sem hann syngur sijdarr Þar skal saalu messa epter vm daginn;
Máld DI II 696-697 [Stóruvalla]
1382-91: [af Stóruvöllum] er songur ... aa Kyraugastodumm oc Lunanshollte oc syngia annann hvern dagh hal[f]t oc taka .ij. merkur hvort.
Syngia skal allar tijder efstv vikv oc paskaviku j Flagbiarnarhollti ef Þeir vilia er Þar bva. enn ef Þeir vilia eij. Þa skal j Lunanashollti oc aa Kyraugastodum half mork takast huortt. heimillt skal Þeim ad eij sie sungit ef Þeir vilia.
Vaxtollur liggur til Walla af Þessum Þremur kirkium ef ei eru svngnar tijder Jolanott

Þar sem prestur syngur fyr helga daga vmm langafostv. Þar skal nonmessa fyrer. og so Þar sem hann syngur sijdar Þar skal salumessa epter vmm daginn; Máld DI IV 65-66 [Stóruvalla]
1709: Hjer hefur fyrir 7 árum bænhús (hálfkirkja) verið og embættað þegar heimafólk var til sacramentis af prestinum að Skarðs, Stóruvallna, Klofa, Leirubakka og Næfurholts kirkjum, betalaði ábúandinn honum þar fyrir 20 álnir. Tíund og ljósstollur fjellu niður og guldust ekki til sóknarkirkjunnar Stóruvallna. Nú er bænhúsið af felt og öll Jarðarhúsin eydd og i burt, því blásturs sandur aftók öll túnin.
Heimildir: JÁM I: 307; DI

RA-458b:003 *Kýraugastaðahjáleiga* bæjarstæði býli
1708: "Við tún heimajarðarinnar var hjáleiga fyrrum kölluð Kýraugastada hjáleiga, meinast fyrst bygð fyrir 30 árum eða þar um. Byggingin hjelst í 10 ár eða so. Eyðilagist síðan af blásturs sandi, sem aftók tún og alt land um kríng, eru nú tóftir og alt það komið í sand og mold og kann ekki aftur byggjast." "Kýraugsstaðahjáleiga er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bærinn stóð rétt við tún Kýraugsstaða. Mun hafa byggzt um 1680, en farið í eyði eftir um það bil tíu ár af sandfoki. Enginn mun nú vita með vissu, hvar þessi bær stóð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 308; Ö-Bjalli, 7

RA-458b:004 hellir fjárskýli
Manngerður hellir við Kýraugastaði. "Hann er grafinn í jökulruðningsmel vestan við Kerauga. Hægt er að komast í hann niður um strompinn en inni er ekkert sem gleður augað. Hann er hálffullur af mold og hruni. Veggirnir eru úr hrjúfri jökulurð. Það hefur verið hið versta verk að grafa þennan helli og í vætutíð hefur hann allaf verið rakur. hellirinn er nefdur í sóknalýsingu Landþinga sem skrifuð er af sr. Jóni Torfasyni 1841: "Hjá gömlu Keraugastöðum er ogso gamall fjárhellir (aflagður), 11 álnir á lengd, en 9 á breidd, en 3 á hæð. Er ofanluktur af hraungrýtis hellubjargi. Er hlaðið undir það öðru megin en móberg er hinu megin og til endans, standa á því þessir stafir eða teikn: H.S."
Heimildir: Manngerðir hellar, 200

RA-459 Tjöfrastaðir
20 hdr., 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 Jörðin á skógarítak í landi Merkihvols kallað Tjörfastaðaskógur. Jörðin fór í eyði árið 1900 vegna sandblásturs. 1708: "Túninu grandar blástur sandur mikið. engjar sem voru hefur hann aftekið. Af beitarlandinu er að vísu þriðjúngur í burt og komið ísand, hefur landið eyðst mest um 20 ár. Fyrir 42 árum var landið óblásið. Tún og hafar sem eftir er liggur undir spjöllum, jafnvel foreyðing." JÁM I, 306 "Túnið var allstórt og grasgefið, og engjar í tungunni fyrir neðan og heiðinni upp af bænum." GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 73

RA-459:001 *Tjöfrastaðir* bæjarhóll bústaður
Bæjarstæðið er í hraunbrúninni milli Hrólfsstaðahellir og Bjalla. "Skammt suðaustar á hraunbrúninni hefur melgrasið hlaðið háan hól ofan á rústir Tjörvastaða, sem eyddust af sandi 1900, ..." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Melgróður eykst stöðugt á þessu svæði, en einna fyrst og bezt festu melkubbar ræður þar, sem bærinn Tjörvastaðir stóð, uppi á brekkubrún, um 250 m suðaustur af kerauganu. Bæjarrústirnar eru að heita má komnar í kaf í mikinn og vaxandi hnapp melhnubba." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 123; Ö-Tjörvastaðir, 3

RA-459:002 heimild um fjárhús
"Vestan við Svartahraunið, svo sem 700 m norður frá Stórhólum í Lautum, er hraunhóll, hvorki hár né mikill um sig, en þó áberandi brattur til að sjá, og lítill sandlægð sunnan og austan undir honum. Gömul fjárhústótt [RA-460:059] er suðvestan undir hólnum, og var þar haft veturgamalt fé. Bræðurnir Jón og Árni Hannessynir byggðu húsið, en það var lagt niður 1920, er sauðahúsin í Stóruvallaheiði (Í Tjörvastaðalandi) var stækkað. Húsið í Lautum var byggt síðar. Þetta fjárhús við hólinn var kallað hraunhús, og standa veggir þess prýðilega enn í dag [1968], orpnir svörtum foksandi, og vitana um fagurt og traust handbrgð þeirra, en hlóðu það." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 14-15

RA-459:003 *Mýrarvaða* varða landamerki
Landamerki 1889. "... viðbyrjum á mýrarvörðu og þaaðn í Markhellu, sem er með þessu merki: L.M. Þaðan í vestasta hraunnefið, mitt á milli þeirra fornu bæja: Tjörfastaða og Hrólfsstaða. Þaðan sjónhending suður í Ytri-Rangá, mitt á milli tanganna: Hrólfsstaða og Tjörvastaða. - Svo ræður Rangá þar til Tjörvastaðalækur fellur í ána; þaðan ræður hann upp í Keraugabotn, þaðan í digruvörðu: þaðan í vörðu á heiðar-jaðri; þaðan í Flaghól; þaðan í Stóra-Moshól og þaðan í Skjólstein. Þaðan sjónhending í fyrrnefnda Mýrarvörðu."

Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 1

RA-459:004 áletrun landamerki
Landamerki 1889. "... viðbyrjum á mýrarvörðu og þaaðn í Markhellu, sem er með þessu merki: L.M. Þaðan í vestasta hraunnefið, mitt á milli þeirra fornu bæja: Tjörfastaða og Hrólfsstaða. Þaðan sjónhending suður í Ytri-Rangá, mitt á milli tanganna: Hrólfsstaða og Tjörvastaða. - Svo ræður Rangá þar til Tjörvastaðalækur fellur í ána; þaðan ræður hann upp í Keraugabotn, þaðan í digruvörðu: þaðan í vörðu á heiðar-jaðri; þaðan í Flaghól; þaðan í Stóra-Moshól og þaðan í Skjólstein. Þaðan sjónhending í fyrrnefnda Mýrarvörðu."
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 1

RA-459:005 varða landamerki
Landamerki 1889. "... viðbyrjum á mýrarvörðu og þaaðn í Markhellu, sem er með þessu merki: L.M. Þaðan í vestasta hraunnefið, mitt á milli þeirra fornu bæja: Tjörfastaða og Hrólfsstaða. Þaðan sjónhending suður í Ytri-Rangá, mitt á milli tanganna: Hrólfsstaða og Tjörvastaða. - Svo ræður Rangá þar til Tjörvastaðalækur fellur í ána; þaðan ræður hann upp í Keraugabotn, þaðan í digruvörðu [skráð með Bjall] : þaðan í vörðu á heiðar-jaðri; þaðan í Flaghól; þaðan í Stóra-Moshól og þaðan í Skjólstein. Þaðan sjónhending í fyrrnefnda Mýrarvörðu."
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 1

RA-459:006 þjóðsagadraugur
Menn töldu áður að reimt væri í Kerinu. Segir í örnefnalýsingu. Ingibjörn á Hellum kona Filippusar klöngraðist eitt sinn siður og upgvötaði að sennielga mátti reka reimleikanna til andahóps sem hafðist við í neðanjarðartjörninni.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 2

RA-459:007 *Fornufjós* tóft fjós
"Beint suður af Tjörvastöðum sveigisr lækurinn aftur til suðvesturs. Austur af þeirri bugu lækjarins eru, neðan við hraunbrekkuna, um 200 m suðaustur af Tjörvastöðum, húsatættur, sem heita Fornufjós." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 3

RA-459:008 *Krókvað* heimild um vað
"En á læknum vestan eða suðvestan Fornufjósa [007], á lækjarbugnum, var vað, sem hét Krókvað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 3

RA-459:009 varða landamerki
"Lítil varða suðvestan á Utastanefi er í mörkum að Hrólfsstaðahelli ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 3

RA-459:010 varða
"Um 300 m suður af vörðunni á Utastanefi [?] ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:011 *Engjakofi* tóft
"Um 300 m suður af vörðunni á Utastanefi [?], austan gömlu girðingarinnar, eru rústir svonefnds Engjakofa, sem byggður var í tíð Árna Hannessonar sem viðlegukofi heyvinnufólks þann tíma, að loknum túnslætti á hverju sumri, meðan heyjað var í nesinu." Segir í örnefnalýsingu. "Þetta var lítill kofi úr grjóti og torfi, og í honum var sofið og snætt, en matur færður að heiman. Kofinn var í notkun, fram um 1940. Hann hrundi veturinn 1947-1948, enda var þá sandgárinn kominn þangað, og lengra. Nú er þar gróið að nýju." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:012 heimild um vatnsból
"Um 300 m suður af vörðunni á Utastanefi [?], austan gömlu girðingarinnar, eru rústir svonefnds Engjakofa, sem byggður var í tíð Árna Hannessonar sem viðlegukofi heyvinnufólks þann tíma, að loknum túnslætti á hverju sumri, meðan heyjað var í nesinu. ... Svonefnd Rás, lítill kelduskurður, á upptök hjá kofarústinni (áður sunnan og austan kofans), og var þar vatnsból kofabúans forðum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:013 garðlag
"Suður af gömlu engjagirðingunni, en fyrir þeim torfgarði mótar vel enn ..." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:014 heimild um vað
“Fleiri vöð [En Sandhólsvað RA-457:019] eru Sjaldfarnari, voru á læknum; eitt vað vestanvert við Efri-dý, annað mjög sunnarlega í Tjörvastaðatanga, sem brátt verður nefndur nánar. En þau vöð voru nafnlaus.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:015 heimild um vað
“Fleiri vöð [En Sandhólsvað RA-457:019] eru Sjaldfarnari, voru á læknum; eitt vað vestanvert við Efri-dý, annað mjög sunnarlega í Tjörvastaðatanga, sem brátt verður nefndur nánar. En þau vöð voru nafnlaus.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 5

RA-459:016 tóft
“Framarlega í tanganum [Tjörvastaðatanga] er kofatótt, sem enginn virðist vita hvernig á stendur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 6

RA-459:017 *Bæjarvarða* örnefni
“Um 300 m austur af Tjörvastöðum er allhár hraunhóll, sem heitir Bæjarhóll, örðu nafni Bæjarvarða.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 7

RA-459:018 *Mýrargrjótavarða* örnefni landamerki
“Frá markhellu er um hálfur annar kílómetri norðaustur að Mýrargjótavörðu, sem er hornmark Tjörvastaða, Hrólfsstaðahellis og Húsagarðs. Svæðið, þar sem varðan stendur, heitir Mýrargrjót, líklega einkum hæstu hraunklettarnir austan við hann. Um eða yfir 600 m norðaustur frá mýrargrjótum er hár hóll með vörðu á, og heitir hann Mýrarvarða [003] ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 7-8

RA-459:019 garðlag varnargarður
“Í ytri jarði Bóar getur að líta að minnsta kosti sjö grjótgarða, sem stefna frá norðvestri til suðausturs; þvert á sandfoksstefnuna.” Segir í örnefnalýsingu. “Þeir voru hlaðnir í þeim tilgangi að tefja fyrir framrás sandsins, og mun þetta hafa verið meðal einverra fyrstu tilrauna í þá átt í Landsveit ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 8

RA-459:020 gerði
“Um 300 m norðvestur af Markhellu er stórt gerði, 76x152 m að stærð, aflangt frá norðvestri til suðausturs.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 8

RA-459:021 tóft fjárskýli
“Um 300 m norðvestur af Markhellu er stórt gerði, 76x152 m að stærð, aflangt frá norðvestri til suðausturs. Nær suðausturhorni þess er hóll með borgartótt á.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 8

RA-459:022 *Borgarhóll* tóft fjárskýli
“Alllangt norðaustur frá Stórhólum, en um kólímetra vest-norðvestur af Mýrargrjótum, er Borgarhóll, allhár hóll með Borgartótt á.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 9

RA-459:023 *Þrívörður* varða
“Eigi langt norður af honum [022] er aflangur hraunhóll með þremur vörðum og heitir Þrívörðuhóll eða Þrívörður.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 9

RA-459:024 tóft fjárhús
“Litlu vestan er mitt á milli Moshóla og Skjólsteins er þyrping smáhóla, og er nokkur hluti þeirra í landi Minnivalla. Hólahnappur þessi nefnist Hnapphólar. Sunnan við þá eru tættur sauðahúss frá bústað Árna

Hannessonar í Hrólfsstaðahelli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 9-10

RA-459:025 *Ingveldarhóll* heimild um huldufólksbústað
"Suður af Skjólsteini [sjá 024], skammt suðvestan marka að Stóruvöllum og svipaða vegalengd frá Heiðarjaðri er fremur flatvaxin en fyrirferðarmikill hóll með stökum hraunsteini upp úr grasssverðinum. Hann heitir Ingveldarhóll. Um hann er prentuð huldufólkssaga í "Íslenzkum sagnaþáttum og þjóðsögum", 10. hefti." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 10

RA-459:026 heimild um leið
"Suður af Skjólsteini [sjá 024], skammt suðvestan marka að Stóruvöllum og svipaða vegalengd frá Heiðarjaðri er fremur flatvaxin en fyrirferðarmikill hóll með stökum hraunsteini upp úr grasssverðinum. Hann heitir Ingveldarhóll. Um hann er prentuð huldufólkssaga í "Íslenzkum sagnaþáttum og þjóðsögum", 10. hefti. En skammt suður frá Ingveldarhól, fast við gamlar götur, sem liggja eftir endilöngum Heiðarjaðrinum standa upp úr grassverðinum tveir fremur litlir, jarðfastir steinar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 10

RA-459:027 *Heiðargata* gata leið
"Leið Hrólfsstaðahellismanna til suðahússins í Stóruvallaheiði [024] var nefnd Heiðargata og var vörðuð." Segir í örnefnalýsingu. "Sá hluti götunnar [027], sem liggur um Tjörvastaðaland, hefst rétt framan við Mýrargrjót og stefnir í höfuðdráttum beint norðvestur yfir Bót og Ytrahraun nokkuð norðaustan við Þrívörður, um lítið skarð í hinn háa Heiðarjaðar, þar sem er dálítil varða á jaðarsbrúninni. Síðan stefnir gatan á sauðahúsið, en það var lagt niður laust fyrir eða um 1945." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 10

RA-459:028 varða
"Sá hluti götunnar [027], sem liggur um Tjörvastaðaland, hefst rétt framan við Mýrargrjót og stefnir í höfuðdráttum beint norðvestur yfir Bót og Ytrahraun nokkuð norðaustan við Þrívörður, um lítið skarð í hinn háa Heiðarjaðar, þar sem er dálítil varða á jaðarsbrúninni. Síðan stefnir gatan á sauðahúsið, en það var lagt niður laust fyrir eða um 1945." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tjörvastaðir, 10

RA-460 Hrólfsstaðahellir
10 hdr. 1708, heitir þá Hrólfsstaði fór í eyði 1708. Skálholtsstólsjörð. 1270: Jarðarinnar er ef til vill getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 "Upp af Utastanefi er há gróðurtorfa, hið forna bæjarstæi Hrólfsstaða, sem fór í eyði af sandfoki árið 1708. "Fáum árum síðar var bærinn byggður aftur austar í landareigninni hjá fjárhelli frá Hrólfsstöðum. Hét bærinn í fyrstu sínu gamla nafi og því er hann nefndur í manntali 1729. En smám saman festirst við hann nafið Hrólfsstaðahellir, og eru þó enn bæði nöfnin tilfærð í jarðarbókinni 1706" ..." Ö-Hrólfsstaðahellir, 10. "Jörðin er öll 356 ha að stærð, þar af er 148 ha innan sandgræðslugirðingar. Hún er þurrlend og sendin." SB V, 166.

1708: "Tún og engjar er komið í sand, hús í burt og tóftir falnar, þar til yfirgegnar af sandi. Af beitarlandinu mesti partur sandi kafinn, halda menn ekki meir en þriðjúng eftir vera, og liggur það þó undir spjöllum." JÁM I, 306 1917: Tún 3,2 ha, sléttað 1 ha, garðar 896 m² "Túnið er ða nokkru leyti á hraunbrúninnu en aðallega þó nú orðið á tanga sem myndast við Rangá suður af bænum, en þar voru engjar áður." SB V, 166

RA-460:001 *Hrólfstaðir* bæjarhóll bústaður **Friðlýstar fornleifar**
"Hrólfsstaðahellir er byggður í landi gamallar jarðar sem hét Hrólfsstaðir. Þeir stóðu í brún Minnivallahrauns um tvo km vestan við Hrólfsstaðahelli. Þar sér nú lítt fyrir bygðaleifum. ... Líklegast er að gömlu Hrólfsstaðir hafi farið í eyði fyrir 1685 og bærinn þá verið fluttur um 1,5 km vestur með hraunbrúninni, að Gamlahelli, og þá fengið nafnið Hrólfsstaðahellir til aðgreiningar frá gamla bæjarstæðinu." " "... og enn suðaustar er einstök há grastorfa, bæjarstæði Hrólfsstaða, sem fór af árið 1708. Skömmu síðar var byggður bær við fjárhelli austar í landareigninni og festist við þann bæ nafnið Hrólfsstaðahellir eða Hellir. Vegna sandágangs varð enn að flytja bæin þaðan 1805 austaur þangað sem hann stendur nú, uppi á gróinni brún Þjórsárhrauns skammt frá Rangá. ... En gamla bæjarstæðið nefnist nú Gamlihellir; grashóll á brúninni skammt vestan Hellis." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bærinn stóð fyrr vestan á hraunbrúninni en var fluttur á núverandi stað árið 1805 af þáverandi bónda, Jóni Ögmundssyni." Segir í Sunnlenskum byggðum.

"Rústir Hrólfsstaða. Þær eru vestur á hraunbrúninni, 21/4 km frá bænum." 1865: Þjms. 236: "SKÓSPENNA eða KNÉSPENNA úr kopar. Hún fannst þar sem gamli Hrólfstaðahellir var." Þjms. 237: "Blað

af VOPNKNÍF eða TYGILKNÍF. Það er með koparbúnum "öxlum", en oddbrotið. Það fannst á sama stað og nr. 236. Áður hafði þar fundizt koparskapt af knífi, er beindoppur voru greyptar inn í, og er eigi ólíklegt, að það skapt hafi heyrt til þessu blaði."
Heimildir: Manngerðir hellar, 203-204; SB V, 123, 166; ÁG: Friðlýsingarskrá, 68

RA-460:002 *Hrólfstaðahellir* bæjarstæði bústaður
"... og enn suðaustar er einstök há grastorfa, bæjarstæði Hrólfsstaða, sem fór af árið 1708. Skömmu síðar var byggður bær við fjárhelli austar í landareigninni og festist við þann bæ nafnið Hrólfsstaðahellir eða Hellir. Vegna sandágangs varð enn að flytja bæin þaðan 1805 austaur þangað sem hann stendur nú, uppi á gróinni brún Þjórsárhrauns skammt frá Rangá. ... En gamla bæjarstæðið nefnist nú Gamlihellir; grashóll á brúninni skammt vestan Hellis." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bærinn stóð fyrr vestan á hraunbrúninni en var fluttur á núverandi stað árið 1805 af þáverandi bónda, Jóni Ögmundssyni." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Uppi í hraunbrúninni, vestan í nefinu við Móinn, er grasibróinn hóll, sem heitir Gamli-Hellir. Þar stóð Hrólfsstaðahellir frá því á fyrri hluta 18. aldar fram til ársins 1805, er Jón Ögmundsson ... flutti bæinn undan sandfoki þangað sem hann er nú. Er mælt, að hann hafi sett bþinn við landamerki, og okki það landaþrætu milli Hellis og Húsgarðs." "Þriðji hellirin, Gamlihellir, er 200-300 m austan við bæin, fast þar við sem gamli bærin að Hrólfsstaðahellir stóð fram til 1805." Sjá 015.
Heimildir: SB V, 123, 166; ; Ö-Hrólfsstaðahellir, 8; Manngerðir hellar, 200

RA-460:003 *Hrólfstaðahellir* bæjarstæði bústaður
"... og enn suðaustar er einstök há grastorfa, bæjarstæði Hrólfsstaða, sem fór af árið 1708. Skömmu síðar var byggður bær við fjárhelli austar í landareigninni og festist við þann bæ nafnið Hrólfsstaðahellir eða Hellir. Vegna sandágangs varð enn að flytja bæin þaðan 1805 austaur þangað sem hann stendur nú, uppi á gróinni brún Þjórsárhrauns skammt frá Rangá. ... En gamla bæjarstæðið nefnist nú Gamlihellir; grashóll á brúninni skammt vestan Hellis." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bærinn stóð fyrr vestan á hraunbrúninni en var fluttur á núverandi stað árið 1805 af þáverandi bónda, Jóni Ögmundssyni." Segir í Sunnlenskum byggðum Nýja bæjarstæðið, öll hús það féllu 1896. Gamla smiðjan hefur verið endurrbyggð var áður austasta hús í bæjarröðinni.
Heimildir: SB V, 123, 166; Ö-Hrólfsstaðahellir, 4; Túnakort 1917

RA-460:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-460:005 gripir
1864: "Stór SKAFLASKEIFA fimmboruð. Það er dragstappa fornleg. Hún fannst þar vestur undan bænum [í Hrólfsstaðahelli] í uppblásinni jörð."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 81

RA-460:006 gripir
1866: "Grænn STEINN með gati á. Hann fannst nálægt Hrólfsstaðahelli gamla."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 134

RA-460:007 gripir
1866: "Lítið BRÝNI með gati í enda, er fannst hjá Hrólfstaðahelli gamla."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 136

RA-460:008 gripir
1866: "KNAPPUR eða ÁDRÁTTUR með fornlegri ljónsmynd á, líkt og tíðkaðist á skjöldum, og með laufum allt í kríng. Hann fannst hjá Hrólfsstaðahelli niður við á."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 136

RA-460:009 gripir
1868: "Glertala gul úr steinaseyrvi, fannst 1868 á hraunhól, skammt frá sama bæ."
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 99

RA-460:010 gripir
1868: "Lítill SILFURSNÚNÍNGUR, fannst nálægt [Hrólfstaðahelli]."
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 99

RA-460:011 gripir

1868: “Lítill KOPARPENÍNGUR, fannst ... nálægt [Hrólfstaðahelli].”
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 100

RA-460:012 gripir
1868: “Lítil LENGJA úr bronzi (?) með tveimur götum og gröfnum á eins og fléttíng, mjó í annan enda, gamlleg, óvíst af hverju hún er, ef til vill af ólarenda (?); hún fannst og ... nálægt [Hrólfstaðahelli].”
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 100

RA-460:013 *Hrútshellir/Fjárhellir* hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
“Tveir hellar eru rétt austan við bærinn. Þeir voru notaðir fyrir hey og sauðfé til 1912 en aflögðust þá sökum jarðskjálfta.” Segir í Sunnlenskum byggðum.“Í Hrólfsstaðahelli eru þrír hellar, allir grafinir í sandsteinsbakka sem kemur fram undan jaðri Þjórsárhrauns, mikla sem á þessum slóðum kallast Minnivallahraun. Ytri-Rangá hefur grafið út þennan bakka en hún rennur þarna með hraunröndinni. Sandsteinninn virðist að mestu vera lagskipt vatnaset að uppruna með þunnu foksandslagi efst. Hraunið hefur lagst beint ofan á sandinn og er hvergi gróðurleifar né annarskonar millilög að sjá. Tveir hellanna, Fjárhellir (sem áður var nefndur Hrútshellir) og Heyhellir, eru í brekkunni fast austan við bæjarhúsin. Framan við þá er nú fallegur trjá- og matjurtagarður. ... Hellarnir heima við bæinn eru fornlegir og um Hrútshelli eru til elstu heimildir sem kunnar eru um einstakan uppi standandi sandsteinshelli en han er nefndur í landamerkjalýsingu Víkingslækjar 1604. ... Í frásögnum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1896 koma hellarinir í Hrólfsstaðahelli við sögu. Í Þjóðólfi 1896 segir Guðmundur Guðmundsson bóndi þar (faðir Guðmundar skálds), að í hræringunum 26. ágúst hafi þar komið miklar sprungur í jröðu. Ein þeirra klauf grundvöll bæjarins svo að öll hús hrundu. Þar voru tveir hellar og gengu sprungurinar í þá og brotnuðu þar niður stór björg svo ekkert sást að ráði inn í hellana. Annar þeirra var heyhellir, þar innbyrgðust 250 hestar af heyi, hinn var fjárhellir og var mjólk geymd í honum á sumrum, þar innikokuðust öll mjólkurílát. Ekki var hægt að komast inn í hellana því óviðráðanleg stórbjörn höfðu hrapað niður og stóðu fyrir. Guðmundur flutti brott úr Hrólfsstaðahelli með fólk sigg eftir þetta en árið eftir flutti Sigurbjörg Sigurðardóttir ekkja frá Haukadal á Rangárvöllum í Hrólfsstaðahelli ásamt sonum sínum tveimur, Árna og Jóni Hannessonum. Þau byggðu þar allt upp frá grunni, hreinsuðu hellana og bjuggu dyr á milli þeirra. þeir voru síðan notaðir fyrir sauðfé og hey til 1912. Í jarðskjálftanum 6 maí það ár löskuðust hellarnir á ný og þótti ekki fært að geyma þar skepnur eða hey eftir það.Í daglegu tali er hellirinn oftast nefndur Fjárhellir. Hann er grafinn í sandstein inn undir hraunið. Fallegur burstalaga hraunklettur rís 4-5 m upp af munanum og gefur hellinum reisulegan svip. Hann er 16 m. langur, 3-4 m á breidd og 1,6-2,3 m á hæð. Hellisgólfið er 1,5 m lægra en jörðin úti fyrir svo sennilega hafa verið þrep niður í hann. Moldarhalli liggur nú inn frá munanum. Eftir miðju hellisgólfi er hlaðinn garði úr hrauni og sandsteini sem tréverk hefur verið byggt ofan á þótt þess sjáist nú lítil merki. Garðinn hverfur í moldina frammi við dyr en er 0,5 m hár innst. Grjótdreif úti, við veggina innarlega í hellinum var undirlag undir jarávaxtakassa. Um síðustu aldamót voru höggnar dyr yfir í heyhellinn eins og fyrr er sagt. Þær eru nú byrgðar með grjóti og jarðvegi. Framan við hellismuunann sjást óljósar tóftir forskála. Eins og fyrr getur arð mikið hrun úr loftinu bæði 1896 og 1912 svo víðast hvar er allur sandsteinn fallin burt en slétt hraunhellan myndar þak og drýpur vatn niður um hana. Í framparti hellisins hangir sandsteinninn þó enn uppi en stykki hafa hrunið úr honum svo upprunalegt lag hellisins er nánast hvergi varðveitt.”
Heimildir: SB V, 166; Manngerðir hellar, 200, 204-205; ÁG: Friðlýsingarskrá, 68

RA-460:014 *Heyhellir* hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
“Tveir hellar eru rétt austan við bærinn. Þeir voru notaðir fyrir hey og sauðfé til 1912 en aflögðust þá sökum jarðskjálfta.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Í Hrólfsstaðahelli eru þrír hellar, allir grafinir í sandsteinsbakka sem kemur fram undan jaðri Þjórsárhrauns, mikla sem á þessum slóðum kallast Minnivallahraun. Ytri-Rangá hefur grafið út þennan bakka en hún rennur þarna með hraunröndinni. Sandsteinninn virðist að mestu vera lagskipt vatnaset að uppruna með þunnu foksandslagi efst. hraunið hefur lagst beint ofan á sandinn og er hvergi gróðurleifar né annarskonar millilög að sjá. Tveir hellanna, Fjárhellir (sem áður var nefndur Hrútshellir) og Heyhellir, eru í brekkunni fast austan við bæjarhúsin. Framan við þá er nú fallegur trjá- og matjurtagarður. ... Hellarnir heima við bæinn eru fornlegir og um Hrútshelli eru til elstu heimildir sem kunnar eru um einstakan uppi standandi sandsteinshelli en han er nefndur í landamerkjalýsingu Víkingslækjar 1604. ... Í frásögnum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1896 koma hellarinir í Hrólfsstaðahelli við sögu. Í Þjóðólfi 1896 segir Guðmundur Guðmundsson bóndi þar (faðir Guðmundar skálds), að í hræringunum 26. ágúst hafi þar komið miklar sprungur í jröðu. Ein þeirra klauf grundvöll bæjarins svo að öll hús hrundu. Þar voru tveir hellar og gengu sprungurinar í þá og brotnuðu þar niður stór björg svo ekkert sást að ráði inn í hellana. Annar þeirra var heyhellir, þar innbyrgðust 250 hestar af heyi, hinn var fjárhellir og var mjólk geymd í honum á sumrum, þar innikokuðust öll mjólkurílát. Ekki var hægt að komast inn í hellana því óviðráðanleg stórbjörn höfðu hrapað niður og stóðu fyrir. Guðmundur flutti brott úr Hrólfsstaðahelli með fólk sigg eftir þetta en árið eftir flutti Sigurbjörg Sigurðardóttir ekkja frá Haukadal á Rangárvöllum í Hrólfsstaðahelli ásamt sonum sínum tveimur, Árna og Jóni Hannessonum. Þau byggðu þar allt upp frá grunni, hreinsuðu hellana og bjuggu dyr á milli þeirra.

þeir voru síðan notaðir fyrir sauðfé og hey til 1912. Í jarðskjálftanum 6 maí það ár löskuðust hellarnir á ný og þótti ekki fært að geyma þar skepnur eða hey eftir það.... Heyhellirinn gengur samsíða Fjárhellinum inn undir hraunið. Hann er 12x5 m2. Hæðin frá gólfi upp í hraunþakið er 3,2 m þar sem hann er dýpstur. A.m.k. 3 m eru frá gólfi og upp í munann. Stigi mun hafa legið upp úr hellinum fyrrum. Annar stigi lá upp í dyrnar milli hellanna. Enn meira hrun hefur orðið þarna ern í fjárhellinum. Miklir haugar af mold, sandi og grjóti eru bæði innst og yst. Hvergi sér í hið upprunalega lag lofts eða veggja. Leki úr hraunloftinu olli því að heyið í hellinum vildi skemmast og fúna. Líklega hefur þessi leki ekki hafist fyrr en eftir 1896. eftir 1912 var ösku og rusli frá bænum kastað í helinn. Fiskáli var framan við þennan helli en nú sést ekkert móta fyrir honum."
Heimildir: SB V, 166; Manngerðir hellar, 200, 204; ÁG: Friðlýsingarskrá, 68

RA-460:015 *Gamlihellir* hellir
"Nálægt 30 m suðvestur af tóftarbrotum gamla Hrólfsstaðahellis [002] er Gamlihellirk, hálffullur af foksandi. Sennilega er hér um að ræða hellinn sem bærinn er kenndur við og mun því ekdri en frá 1685." ellirinn er grafinn inn í sandbakkann ofan við Rangá en nær ekki inn undir hraunið. Frá forskálatóftum hans og út á árbakkann eru aðeins um 30 m. Framhluti hellisins er sandfylltur en hægt er að komast niður í innri hluta hans um tvö innföll sem nýlega eru komin í ljós undan uppblásturtorfum. Hann er fallega gerður, beinn og hvelfdur. Engin axarför sjást á veggjum og er það merki um háan aldur. Það sem sést af hellinum er óskemmt með öllu en það eru 12 m. Heildarlengd hans hefur verið um 20 m, breiddin 3 m og hæð um2 m. Sandsteinsþykkt við innföll er 50-60 cm. Úti mótar ólgögt fyrir forskála. Inni í hellisbotni eru tveir kassalaga skápar í vegginn niður við gólf, 50x50x50 cm3. Þeir virðast nýlegir, a.m.k. er engin veðrunarhúð í þeim en greinilega meitilför. Grópir fyrir sperrur eru á þremur stöðum í veggnum. Engar álegranir eru sjánlegar, hins vegar eru naglar fyrir ljós á tveimur stöðum."
Heimildir: Manngerðir hellar, 205-206

RA-460:016 varða landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1

RA-460:017 varða landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1

RA-460:018 áletrun landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi, þaðan sjónhending í Markhellu, er merkt er með stöfunum L.M ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1

RA-460:019 *Mýrargrjótavarða* varða landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi, þaðan sjónhending í Markhellu, er merkt er með stöfunum L.M, þaðan sjónhending í vörðu á Mýrargrjótum ..." Segir í örnefnalýsingu. "Mýrargrjótavarða er um 700 m norðaustur frá hinum fornu rétum. Hún myndar hronmark mlli Hrólfsstaðahellis, Húsagarðs og Tjörvastaða; rís allháttá litlum hraunhól, og sést greinilega heiman af túni."
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1, 15

RA-460:020 varða landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi, þaðan sjónhending í Markhellu, er merkt er með stöfunum L.M, þaðan sjónhending í vörðu á Mýrargrjótum, þaðan sjónhending í vörðu á Skothól ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1

RA-460:021 varða landamerki
Landamerki: "Á vestursíðu: úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfsstaðatanga og Tjörvastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Utastanefi, þaðan sjónhending í Markhellu, er merkt er með stöfunum L.M, þaðan sjónhending í vörðu á Mýrargrjótum, þaðan sjónhending í vörðu á Skothól, þaðan í vörðu á norðurenda "Balans", sem er niður við Ytri-Rangá austur af syðra nefi ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 1

RA-460:022 heimild um kvíar
“Fram úr brúnum túnbrekknanna skaga nokkur klettanef. Hið vestasta þeirra gengur fram skammt vestan bæjarins, á mótum túns og bithaga, og heitir Stöðulnef. Á æskuárum Guðmundar skólaskálds var stöðull þar í nánd.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 4

RA-460:023 *Vitleysa* heimild um hesthús
“Norðaustan við Hellisklett skaga tvö nafnlaus fram úr brúninni, en milli þeirra liggur vagnfær braut norðaustur og niður brekkuna. Þar undir nyrðra nefinu stóð lítill kofi, sem kallaður var Vitleysa, upphaflega byggður sem hesthús af Þorsteini Runólfssyni ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 5

RA-460:024 heimild um leið
“Norðaustan við Hellisklett skaga tvö nafnlaus fram úr brúninni, en milli þeirra liggur vagnfær braut norðaustur og niður brekkuna. Þar undir nyrðra nefinu stóð lítill kofi, sem kallaður var Vitleysa, upphaflega byggður sem hesthús af Þorsteini Runólfssyni ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 5

RA-460:025 garðlag
“Innan við þetta innra nef [sjá 023] er Hrútbrekkuhvammur, vanalega aðeins nefndur Hvammur, en norðan að honum heitr Hrútbrekka. Á austurhorni Hrútabrekkur heitir Hrútabrekkunef. Uppi á Hrútabrekku liggur garðbrot austan frá Hrútabrekkunef vestur í túngarðinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 5

RA-460:026 garðlag túngarður
“Innan við þetta innra nef [sjá 023] er Hrútbrekkuhvammur, vanalega aðeins nefndur Hvammur, en norðan að honum heitr Hrútbrekka. Á austurhorni Hrútabrekkur heitir Hrútabrekkunef. Uppi á Hrútabrekku liggur garðbrot austan frá Hrútabrekkunef vestur í túngarðinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 5

RA-460:027 heimild um traðir
“Til vesturs frá bænum liggur heimreiðin yfir túnið, en þar voru áður djúpar og þröngar traðir, er ýtt var saman, líklega 1952, um leið og rutt var burt allháum hól, sem var upp af Stöðulnefi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 6

RA-460:028 *Ólán* heimild
“Túnslétta suðvestur frá Hrútabrekkunefi og austan Hvammsins er á svonefndum Eystribala. Framarlega á honum var kofatótt, sem nefnd var Ólán ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 6

RA-460:029 *Balahesthús* heimild um hesthús
“Nokkru norðar [en 028], á móts við Hellisklett, stóð svonefnt Balahesthús, og er nú farið sömu leiðina.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 6

RA-460:030 garðlag landamerki
“Austan Eystribala [028] er lægð, en austan við hana, að Rangá, heitir Litlibali, og liggur landamerkjagarðurinn að Húsagarði yfir norðurenda hans.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 6-7

RA-460:031 garðlag
“Frá syðri enda garðbrots, sem hefst við Stöðulnef, gengur til suðvesurs mjög gamalt garðbrot, því ósjálegra sem vestar dregur. Heitir Vestribali þar, sem garðbrot þetta liggur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 7

RA-460:032 garðlag
“Frá syðri enda garðbrots, sem hefst við Stöðulnef, gengur til suðvesurs mjög gamalt garðbrot, því ósjálegra sem vestar dregur. Heitir Vestribali þar, sem garðbrot þetta liggur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 7

RA-460:033 heimild
“En milli Vestribala og Gránubala var Heimribali. Þar voru áður einhverjar kofatættur eða garðbrot, en nú nýsléttað tún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 7

RA-460:034 garðlag nátthagi
“En vestan Fremribala, að Rangá, heitir Lágbali. Fast sunnan við Fremribala liggur gamall torfgarður þvert yfir Nesið frá austri til vesturs. Heitir Flatitangi fyrir framan nátthagagarð þennan.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 7-8

RA-460:035 heimild um ferju
“Þarna [við 034] við suðvesturhorn Flatatanga var ferjustaður. Fyrrum var löngum ferja þarna á ánni milli Hrólfsstaðahellir og Kaldbaks, og munu Kaldbaksmenn hafa átt bátinn.” Segir í örnefnalýsingu. “En ferjan lagðist niður um langt skeið þar til um 1943, að Hellismenn fengu sér bát ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8

RA-460:036 garðlag
“Frá traðarhliði liggur braut suðvestur og niður hraunbrekkuna, fast meðfram garðinum sem ver Elftinguna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8

RA-460:037 heimild um leið
“Frá traðarhliði liggur braut suðvestur og niður hraunbrekkuna, fast meðfram garðinum sem ver Elftinguna.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8

RA-460:038 *Hellisgarður* hleðsla kálgarður
“Frá traðarhliði liggur braut suðvestur og niður hraunbrekkuna, fast meðfram garðinum sem ver Elftinguna. Eru þar þrír litir grasbalar í vikum milli hraunnefja. Í vestari vikinu af þessum þremur, mós við vesturenda Elftingar, er lítill matjurtagarður ...” Segir í örnefnalýsingu. “... Hannes (f. 27/4 1907) Árnason hlóð [hann] þegar hann var unglingur; og því er garðholan nefnd Hallargarður.”
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8

RA-460:039 heimild um mógrafir
“Vestan við vik þetta [038] skagar fram hraunnef, sem af sumum er nefnt Mónef, en fram af því, við ána og garðsendann, heitir Mór. Þar eru verksummerki eftir mótekju, en síðast var tekinn þarna mór vorið 1940.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8

RA-460:040 garðlag
“Skammt austan við Gamla-Helli [sjá 002 og 015] mótar fyrir gamalli garðhleðslu ofan úr brúnni niður að ánni, við Móinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 8-9

RA-460:041 garðlag
“Vestan Gamla-Hellis [sjá 002 og 015] gengur enn fram hraunnef, en ofan úr því og niður í á eru leifar af gömlum grjótgarði. Hlið var á garði þessum, þar sem brautin liggur, og því er þessi staður nefndur Gamlahlið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 9

RA-460:042 *Gamlahlið* heimild
“Vestan Gamla-Hellis [sjá 002 og 015] gengur enn fram hraunnef, en ofan úr því og niður í á eru leifar af gömlum grjótgarði. Hlið var á garði þessum, þar sem brautin liggur, og því er þessi staður nefndur Gamlahlið.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 9

RA-460:043 heimild um leið
“Vestan Gamla-Hellis [sjá 002 og 015] gengur enn fram hraunnef, en ofan úr því og niður í á eru leifar af gömlum grjótgarði. Hlið var á garði þessum, þar sem brautin liggur, og því er þessi staður nefndur Gamlahlið.”

Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 9

RA-460:044 *Langavað* heimild um vað
“Austur undan hraunnefni skammt vestur af Gamlahliði sprettur upp lítill, fagurtær lækur, sem Lindarlækur heitir, og fellur til Rangár. Frá mynni Lindalækjar yfir á norðvesturhorn Kaldbaksness handan árinnar hét Langavað og hefur verið í lengra lagi.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 9

RA-460:045 *Stekkatúnsrétt* heimild um stekk
“Stekkatúnsnef heitir næsta hraunnef vestan nefsins, sem Lindalækur kemur undan. ... Framan í nefinu var rétt, með lambastekk, en nú aflögð fyrir allmörgum árum, enda að mestu leyti hrunin. Hún nefndist Stekkatúnsrétt, og staðurinn að sjálfsögðu Stekkatún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 9

RA-460:046 heimild um leið
“Fram um 1940 var krikinn milli Miðnefs og Utastanefs algróinn, þó snöggur væri, og í þann tíma lá hesta- og vagnbrautin út á bæi fastupp við ræður Miðnefs að sunnan ... frá Miðnefi lá svo gatan yfir í Utastanef framan undir Hrólfsstaðatorfu [001].” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 10-11

RA-460:047 heimild um leið
“Vegna þess [blásturs og jarðeiðingar] færðist brautin suður fyrir Utastanef, en þar, sem brautin var áður, er síðan gersamlega ófært hverju farartæki.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 11

RA-460:048 garðlag
“Hrólfsstaðatangi gengur til suðrs frá Nýgræðum, og er á honum allmikil sveigja til suðausturs. Suðvestur frá Sandinum utan við ós Lindalækjar verður dálítil brún, hærri en Nýgræðurnar norðvestsur udan, og nefnist Tsngabrún. Má telja að þar hefjist Hrólfsstaðatangi. Nokkru framar sést enn votta fyrir fornum torfgarði þvert yfir tangann, í stefnu frá norðaustri til suðvesturs.” Segir í örnefnalýsingu. “Garður þessi er fá þeim tíma, er Hrólfsstaðir voru eign dómkirkjunnar í Skálholti, og í tanganum var safnað landskuldafé af stóljörðunum í Rangárþingi. Létu biskupar sækja þangað landskuldina. Frá þessum tíma mun vera örnefnið Biskupstangi ...”
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 11

RA-460:049 *Hrólfsstaðarétt* heimild um rétt
“Í “Íslenskum sagnaþáttum og þjóðsögum” segir, að sjá megi við vesturenda garðbrotsins móta fyrir stórri rétt, Hrólfsstaðarétt. Nokkuð mun þetta hæpin fullyrðing, því að á staðnum sé nú engin merki um neina rétt, enda getum margt breyst á skemmri tíma en þeim er liðinn er síðan Hrólfsstaðarétt var við lýði.” Segir í örnefnalýsingu.”Oddur Árnason segir, að þEgar gerð var túnslétta í Hrólfsstaðatanga, um eða laust efitr 1945, lítinn spöl fyrir sunnan garðbrotið forna, hafi verið sléttaðar út einhverjar gamlar tættur vestast í þeirri skák. Hann hefur gizkað á, að þar muni ef til vill hafa verið leifar hinnar fornu réttar, og sé því tilgangslítið að leita hennar við vesturenda hins fornar garðbrots. Garðleifar þessar ná ekki lengur vestur að ánni ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 11-12

RA-460:050 garðlag
“Litlu framar [en 048] er nýlegur garður, og framan við hann túnsléttan ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 12

RA-460:051 heimild um fjárhús
“Litlu framar [en 048] er nýlegur garður, og framan við hann túnsléttan, sem nefnd var hér á undan, og gerð var umhverfis ærhús og hesthús, sem þarna stóðu, en hafa nú verið rifin.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 12

RA-460:052 heimild um hesthús
“Litlu framar [en 048] er nýlegur garður, og framan við hann túnsléttan, sem nefnd var hér á undan, og gerð var umhverfis ærhús og hesthús, sem þarna stóðu, en hafa nú verið rifin.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 12

RA-460:053 heimild um leið
“Hestagata fram Hrólfsstaðatanga ligur að vaði syðst í tanganum; það er kallað Tangavað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 12

RA-460:054 *Tangavað* heimild um vað
“Hestagata fram Hrólfsstaðatanga ligur að vaði syðst í tanganum; það er kallað Tangavað. Lágur bali verður austan við götuna, fram undan vaðinu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 12

RA-460:055 heimild
“Skammt norðavestur frá túngarðshlið (traðarhliði) er í hrauninu dálítill slakki, grasi gróinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 13

RA-460:056 heimild um rétt
“Skammt norðavestur frá túngarðshlið (traðarhliði) er í hrauninu dálítill slakki, grasi gróinn. Þar er rétt, og var stundum kölluð áður kölluð “heimaréttin”, til aðgreiningar frá Stekkatúnsréttinni.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 13

RA-460:057 heimild um kálgarð
“Skammt norðavestur frá túngarðshlið (traðarhliði) er í hrauninu dálítill slakki, grasi gróinn. Þar er rétt, og var stundum kölluð áður kölluð “heimaréttin”, til aðgreiningar frá Stekkatúnsréttinni. Bílvegi var ýtt upp árið 1962 beint norðvestur yfir hraunið, og stenfir hann heim að túni milli réttarinnar og lítils matjurtagarðs.”“ Segir í örnefnalýsingu. Í garðinum eru reyniviðarhríslur sem gróðursettar voru 1911 eða 1912 af Ólafi Sigurðssyni vinnumanni.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 13

RA-460:058 heimild um fjárhús
“Suðurskák hraunsins á 200-300 m breiðu belti, heiman frá túni vestur á móts við upptök Lindalækjar, nefnist einu nafni Lautir ... Í Lautum, skammt upp frá Lindalækjarbotni, var fjárhús með kumli (fyrir veturgamalt fé), en nú aflagt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 14

RA-460:059 *Hraunhús* heimild um fjárhús
“Vestan við Svartahraunið, svo sem 700 m norður frá Stórhólum í Lautum, er hraunhóll, hvorki hár né mikill um sig, en þó áberandi brattur til að sjá, og lítill sandlægð sunnan og austan undir honum. Gömul fjárhústóft er suðvestan undir hólnum, og var þar haft veturgamalt fé.” Segir í örnefnalýsingu. “Bræðurnir Jón og Árni Hannessynir byggðu húsið, en það var lagt niður 1920, er sauðahúsin í Stóruvallaheiði (Í Tjörvastaðalandi) var stækkað. Húsið í Lautum var byggt síðar. Þetta fjárhús við hólinn var kallað Hraunhús, og standa veggir þess prýðilega enn í dag [1968], orpnir svörtum foksandi, og vitana um fagurt og traust handbragð þeirra, en hlóðu það.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 14-15

RA-460:060 heimild um fjárskýli
“Leifar gamalla fjárborga eru á háhólnum og rétt austan eða norðaustan hans.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 15

RA-460:061 heimild um fjárskýli
“Leifar gamalla fjárborga eru á háhólnum og rétt austan eða norðaustan hans.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 15

RA-460:062 heimild um rétt
“En 300-400 m norðvestan hraunhúsatóttar eru við ytri kant Eystrahrauns einnig allmerkilegar mannvirkjaleifar: stór rétt að almenningi og að minsta kosti tíu dilkum.” Segir í örnefnalýsingu. “Hér mun vera um að ræða forna skilarétt, sem líkega hefur verið í notkun áður en svonefnd Hraunrétt í Stóruvallalandi kom til. Því miður virðist engin kunna nánari skil á þessum réttarústum, sem eru mjög fornvitnilegar og furðu stæðilegar enn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 15

RA-460:063 *Heiðargata* heimild um leið
"Svonefnd Heiðargata, frá Hrólfsstaðahelli út í Stóruvallaheiði, liggur frá túngarðinum vestan við Kinnar beint norður yfir Svartahraun í stefnu á Mýrargljót, en örskammt framan við þau vikur gatan meir til norðvesturs út yfir bót og Ytrahraun. Varðaður er þessi götuslóði, sem er enn allglöggur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrólfsstaðahellir, 15-16

RA-460:064 gripir
1864: "STÁLSIGNET. mjög haglega sorfið. Það hefir fundizt í jörðu hjá Hrólfstaðahelli á Landi í Ráng árvalla sýslu, en er frá síðari tímum."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 65

RA-460:065 tóft fjárhús
“Á leiðinni austur frá Stóra-Klofa er farið yfir Tjarnarlæk, sem á upptök í hinni sömu brún yngri Tungnaárhrauna og Litlavallarlækur og Bæjarlækur. Á brúninni ofan við upptök Tjarnarlækjar er örnefnið Glompa eða Gloppa. Sagt er að þar hafi verið býli með þessu nafni. En af því fara engar sögur.” Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: Gloppa hét kot milli Merkur og Galtalækjar. Þar sjást byggingaleifar í hraunbrún og er sandurinn deigur fyrir neðan; hefir þar komið upp lækur áður og mun það hafa verið efstu upptök Leirubakkalækjar. Enginn veit, hve langt er síðan Gloppa lagðist í eyði.”
Heimildir: SB V, 130-131; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 6

RA-463:010 *Stíflan* örnefni
Landamerki 1727: “Úr hellunni sem stendur í hrauninu nærri Hnuðumel, og í Miðmelabót, þaðan í Klofahól sem stendur skamt frá Styflune ...”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:011 garðlag landamerki
Landamerki 1727: “Úr hellunni sem stendur í hrauninu nærri Hnuðumel, og í Miðmelabót, þaðan í Klofahól sem stendur skamt frá Styflune; þaðan sjónhending í Skógarhólinn, úr hólnum og í grjótgarðinn sem stendur á Miðtorfunni, úr garðinum og í Nónhólinn frá Mörk ...”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:012 garðlag landamerki
Landamerki 1727: “... úr garðinum [011] og í Nónhólinn frá Mörk, úr Nóhólnum og í Klofahól, úr Klofahól og í hól þann er stendur út á Hrísnunum fyrri sunnan Eskiholtsmela, úr hólnum og í garðinn þar hjá: Ræður þar sá garður suður í Vatnshlíð ...”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:013 *Koltjörn* örnefni kolagröf
Landamerki 1727: “Ræður þar sá garður [012] suður í Vatnshlíð úr Vatnshlíð og suður í Koltjarnarauga, þá ræður Koltjörn nokkuð suður eftir, úr henni og í Arnarbæli ...”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:014 varða landamerki
“Landamerki Stóra-Klofa, Litla-Klofa og Borgar eru þannig, samkvæmt landamerkjalýsingu 5. apríl 1890: úr Markhellu beint sjónhending í Borgarbæli, þaðan í Litlabæli, þaðan í vörðu á Nónhól, þaðan í Króktorfu þar sem hún er hæst, og þaðan í áðurnefnda Markhellu.”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:015 varða landamerki
“Mörk milli Klofa- og Borgarlands annars vegar og Leirubakkahverfis hins vegar eru greind öðruvísi í landamerkjalýsingu Leirubakkahverfis 18. desember 1921; þar segir, að úr “Merkhellu sem er fyrri austan Bótartöglin” séu mörkin “beint í vörðu á Markhól, sem L M er höggvið á. Þaðan beint í Krókatorfu þar sem hún er hæst”. Þar heitir nú Markvaða, sem hér var kallað Markhóll; um 4 km norðaustur af Markhellu og röska 2 km suðvestur af innri enda krókatorfu. Klofhóll eða Klofhóll er 300-400 m suður af fyrrgreindri Markvörðu. Hóll sá er gamalt landamerki, eins og lögfestan frá 1778 ber með sér, en er nú á dögum um 200 m innan vesturlandamerkja Leirubakkahverfis.”
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:016 *Markvarða* varða landamerki
“Mörk milli Klofa- og Borgarlands annars vegar og Leirubakkahverfis hins vegar eru greind öðruvísi í landamerkjalýsingu Leirubakkahverfis 18. desember 1921; þar segir, að úr “Merkhellu sem er fyrri austan Bótartöglin” séu mörkin “beint í vörðu á Markhól, sem L M er höggvið á. Þaðan beint í Krókatorfu þar sem hún er hæst”. Þar heitir nú Markvaða, sem hér var kallað Markhóll; um 4 km norðaustur af Markhellu og röska 2 km suðvestur af innri enda krókatorfu. Klofhóll eða Klofhóll er 300-400 m suður af fyrrgreindri Markvörðu. Hóll

sá er gamalt landamerki, eins og lögfestan frá 1778 ber með sér, en er nú á dögum um 200 m innan vesturlandamerkja Leirubakkahverfis."
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 2-3

RA-463:017 *Kirkjuvað* heimild um vað
"Á læknum um 200 m suðvestur af bænum, og sömu vegalengd norður af Blákolli heitir Kirkjuvað, og Litlaklofavað um 100 m suðvestur af Blákolli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-463:018 *Litlaklofavað* heimild um vað
"Á læknum um 200 m suðvestur af bænum, og sömu vegalengd norður af Blákolli heitir Kirkjuvað, og Litlaklofavað um 100 m suðvestur af Blákolli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-463:019 *Þorvarðartættur* heimild um fjárhús
"En nokkur hundruð metra norðaustur frá Merkhellu [016] og fáa tugi metra vestan við markagirðinguna segir Ingar Árnason að séu fjárhústættur á hól í hinu blásna hrauni. Hann segir að þær heiti Þorvarðstættur eða Þorvarðartættur, kenndar við Þorðvarð (f 1801) Erlendsson, sem bjó á Stóra-Klofa 1836-69." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 5

RA-463:020 heimild um stekk
"Nokkuð ofan með læknum vestur frá svokölluðum Brandhól var stekkatúnið, þar var stíað af og fært frá." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 7

RA-463:021 *Engigarður* örnefni
"Krókatorfa er um 500 m löng og um 100 m breið gróðurtorfa, sem rís allhátt upp af hinum blásna hrauni í norðausturhorni Klofalands. ... En í framhaldi af Krókatorfu, suðvestan lækjarins, er önnur torfa, litlu mjórri en ívið lengri, í sömu stefnu; suðvestur. Hún heitir Engigarður."
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 8

RA-463:022 heimild um fjárhús
"Skammt vestur frá suðurenda Krókatorfu [sjá 021] er, vestan við lækinn, ærhústótt frá búskap Guðmundar Árnasonar í Vatnagarði ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 8

RA-463:023 *Tjaldhóll* örnefni náttstaður
"Hann er við suðvesturenda Baðsheiðar, sem er nálega fjögurra kílómetra löng gróðurtorfa, fárra tuga metra breið syðst, en smábrekkar til norðausturs og endar þar sem bærinn Mörk stóð til ársins 1895. Breiðust er Baðsheiði um 200-300 m. Örnefni þar eru nú ekki kunn nema Tjaldlaut nálægt heiðinni miðri ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 9

RA-463:024 *Stóraréttheimild um rétt*
"Austan þeirra [Grávallahóa], á sléttunni skammt frá jaðri Baðsheiðar, er skilarétt sem kölluð er Stórarétt." Segir í örnefnalýsingu. "Hún var hlaðin af hreppsbúum, ekki veit ég hve mörgum, eitt dagsverk af hverjum bónda. Hún er um eða undir 30 m á hvern veg. Fáeinir dilkar út frá almenningi. Af misskilningi af sumum nefnd "Skarðsrétt", en það nafn segir Árni í Klofa að sé rangnefni, enda aldrei notað fyrrum svo hann viti; auk þess er réttion í Klofalandi. Rétt þessi mun hafa verið hlaðin eftir 1914, að sögn Ingvars á Bjalla." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 10

RA-463:025 heimild um fjárskýli
PS: "Það er ei ólíklegt, að garðrinn [RA-681:004]sjá hafi meðfram til þessa bygðr verið, því í Klofa landi, nærri garðinum, hafa sést uppblásin fjárborgarstæði mörg, hvort sem að Torfi hefir látið leggja garðinn að grundvelli, eða hann verið fyr gjörðr, en Torfi aukið hann og endrbætt."
Heimildir: PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 539

RA-464 Borg

8 hdr., 1708, hjáleiga Stóra Klofa, byggð fyrst af hjáleigunum. “Enn sunnar [en Litli-Klofi], beint austur af háum hól sem heitir Borgarbæli stóð Borg. Báðir þessir bær fóru í eyði 1882.” SB V, 130
Ekkert tún.

RA-464:001 *Borg* bæjarhóll bústaður
1708: “Fyrir 28 árum eða þar umvar bærinn fluttur,því þann fyrra tók blásturs sandur af, so og tún alt, sem þó ver rjett gagnlegt; er það hverttveggja nú komið í sand og mold.” “Enn sunnar [en Litli-Klofi], beint austur af háum hól sem heitir Borgarbæli stóð Borg. Báðir þessir bær fóru í eyði 1882. Áður hafði Borg staðið nokkur hundruð metrum suðaustar, þar sem nú heitir Gamlaborg. Þaðan var Borg flutt 1683.” “Um 600 m suðaustur frá Borg stóð bærinn áður, til 1683. Þar heitir nú Gamla Borg, sunnan í hólbrekku.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 291; SB V, 130; Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4-5

RA-464:002 *Borg* bæjarstæði bústaður
1708: “Fyrir 28 árum eða þar umvar bærinn fluttur,því þann fyrra tók blásturs sandur af, so og tún alt, sem þó ver rjett gagnlegt; er það hverttveggja nú komið í sand og mold.” “Enn sunnar [en Litli-Klofi], beint austur af háum hól sem heitir Borgarbæli stóð Borg. Báðir þessir bær fóru í eyði 1882. Áður hafði Borg staðið nokkur hundruð metrum suðaustar, þar sem nú heitir Gamlaborg. Þaðan var Borg flutt 1683.”
Heimildir: JÁM I, 291; SB V, 130

RA-464:003 *Borgarbæli* örnefni
“En 400 m vestur frá Borg er landamerkið Borgarbæli, hár hraunhóll strýtumyndaður.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-465 Litli Klofi

8 hdr., 1708, hjáleiga Stóra Klofa. Lagðist í eyði um 1702 eða 1703 vegna sandblásturs og segir í JÁM að býlið byggist ekki aftur. “Á Klofaflötum suður af núverandi Stóra-Klofa var Litli-Klofi.” Í eyði frá 1882. SB V, 130
1917: Garðar 1483 m²

RA-465:001 *Litli Klofi* bæjarhóll bústaður
1708: “Kann ekki aftur byggjast, því húsatóftir, tún og engjar er komið í sand.”
Heimildir: JÁM I, 291; Túnakort 1917

RA-465:002 tóft
“Þær mannvirkjaleifar, sem nú ber einnamest á í Litla-Klofa, eru tættur engjakofa frá Guðmundi Árnasyni í Múla, en hann átti lengi Litla-klofa og lét stunda engjaheyskap þar á Litlaklofaflötum ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-465:003 *Litlaklofabæli* örnefni
“Um 400 m austsuðaustur frá Litla-klofa er Litlaklofabæli, allhá hólstrýta.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-465:004 *Dísuvað* heimild um vað
“Skammt sunnan við lækjarmót Klofalækjar og Króktúnslækjar, en þau eru um 500 m suðvestur af Litla-Klofa, er Dísuvað á læknum ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 4

RA-466 Leirubakki

60 hdr, með afbýlum 1708, heimajörðin 40 hdr. Kirkjustaður. c. 1185: Þorlákr bp þar á yfirreið; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 290 c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7 [1332]: Máldagi kirkjunnar. “Peturs kirkia a leirubacka a suo mykla jskylld j landi.” DI II 694 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 [1371]: Máldagi kirkjunnar. “Peturskirkia a leyrubacka a prestskylld j heimalande oc taka .iiij. merkur.” Máld DI III 265-266; DI IV 67 [1553]: Máldagi kirkjunnar DI XII 655 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 662Afbýli Vatnagarður 10 hdr., Hóll, Suðurhjáleiga v hdr og Réttanes 5 hdr. Jörðin á skógarítak í Merkurlandi, Flataskóg, engjaítak í Þykkvabæjarlandi í Holtum, Kirkjan á ítak á Rangárvöllum kallað Kot, og halda sumir að það hafi verið sama jörð og Kastalabrekka. JÁM I, 186-187. “Jörðin er alls um 950 ha., landið að mestu lítt gróið hraun, ræktanlegt land um 100 ha, gott til ræktunar en fremur áburðarfrekt.” SB V, 160 1917: Tún 5,4 ha, sléttað 1,5

ha, garðar 654 m² "Sú sögn lifir hér enn, að suður af Leirubakkatúni hafi fyrrum verið flóð, er fóðruðu 20 kýr." GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 65

RA-466:001 *Leirubakki* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

RA-466:002 heimild um kirkju
"Þar er kirkja og embættað níunda hvern helgan dag af prestinum að Skraðs, Stóruvallna, Næfurholts og Klofa kirkjum." "Örskammt suðaustan við Leirubakkabæ heitir Kirkjugarður, og vottar þar fyrir þeim reit." Segir í örnefnalýsingu.
LEIRUBAKKI Á LANDI (R) -Pétri (LANDÞING)
c. 1185: Þorlákr bp þar á yfirreið; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 290
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1332]: Leirubacke. Gamall maldagi.
Peturs kirkia a leirubacka a suo mýkla jskylld j landi. at þar skal vera prestur heimilisfastur oc taka iiij. merkur.
Hun aa iij kugilldi oc. cc. j bokum er aarni gaf. messuklædi ein. kalek. kantarakapu oc slopp. glerglugg oc kross. jons skrift baptiste oc mariu skriftt. kluckur iij. tiolld vmmhuerfis sig. glodarker. oc elldbera. munnlaugar ij. oc kirkiu kolu. alltara klædi ij. brikarklædi sæmiligt. kertistikur iiij. texta. Máld DI II 694 Árni Ólafsson á Leirubakka dó 1339 - IA.
[1367]: xxix. Peturs kirkia a leyrubacka a suo micla jskylld j lande ad þar skal vera prestur heimilisfastur oc taka iiij merkur.
þesse maldage er nockru fyllre j Vilchinsbok; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 217
[1371]: XLVII. Leirubacke.
Peturskirkia a leyrubacka a prestskylld j heimalande oc taka .iiij. merkur.
hvn aa. v. bvfiar kugilldi. cc. j Bokumm er Arni gaf. messuklædi ein. kaleik. kantara käpu oc slopp. glerglugg oc kross. Jons skript Baptiste oc pieturs lijknneski. Mariuskript. kluckur. iij. tiolld vmmhverfis kyrkiu. glodarkier. elldbera. munnlaugar. ij. kyrkiukola. alltaraklædi. ij. brijkarklædi sæmiligt. kiertistikur. iiij. texyi. merki.
Jtem hundrads hest.
portio Ecclesiæ vmm so langann tijma sem Magnus bio .vj. hundrad.
Hun ä yfer þat framm sem forner maldagar votta .ij. kugillde. er Hrafn Magnusson gaf. hest einn.
portio Ecclesiæ vmm .vj. är sijdan Hoskulldur kom til jarðarinar .iiij. merkur. fiell nidur oll firir vppgiord kirkiunnar. er kirkiann nv skylldug honumm .vj. hundrad oc mork. Vilchinsbók Máld DI III 265-266; DI IV 67 [JÞ telur að Hít hafi endað á línunni um Magnús]
[1553]: Máld DI XII 655
1575: Máld DI XV 662
1709: Þar er kirkja og embættað níunda hvern helgan dag af prestinum að Skarðs, Stóruvallna, Næfurholts og Klofa kirkjum; JÁM I: 286
17.5.1765: Leirubakkakirkja lögð niður; (PP, 67) [konungsbréf]
"Á Leirubakka er nefndur Kirkjugarður sem örnefni austan við bæinn, enda var kirkja þar til 1765, köllið "anexja" í sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar 1841 og sögð "aftekin á næstliðinni öld". Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 286; Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3; SB V, 159, 131; DI

RA-466:003 *Hóll* bæjarstæði býli
1708: "Hefur öðru hverju íeyði verið, bygður fyrir elstu manna minni." "Jörðin Hóll var afbýli úr Leirubakka, um 374 ha að stærð en með óskipt land úr Leirubakkatorfu. ... Jörðin hefur ekki verið í stöðugri byggð frá árinu 1882 en árin 1915-1934 bjó á henni Sigurður Magnússon með bústýru, Margréti Finnbogadóttur. Hún liggur nú að hálfu undir Leirubakka og að hálfu undir Vatnagarð." Segir í Sunnlenskum byggðum. "En um 400 m vest-suðvestur af þeim Nátthaga, og um 200 m fyrir norðan Leirubakkabæ, norðan núverandi vegar, stóð hjáeligan Hóll eða Lierubakkahóll, sem fór alfarið í eyði árið 1935."

"Og um 200 m fyrir norðan Leirubakka, norðan vegar stóð hjáleigan Hóll, fullu nafni Leirubakkahóll, sem fór alfarið í eyði 1935." Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ segir Hól fara í eyði árið 1879. Til er túnakort Leirubakkahóls 1917: Tún 2,7 ha, sléttað 1 ha, garðar 120 m² Þar eru engin útihús merkt inn.
Heimildir: JÁM I, 287; SB V, 159, 131; Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 7

RA-466:004 *Suðurhjáleiga* bæjarstæði býli
1708: "Er fyrst bygð áður elstu menn til minnast." "Um 200 m suðvestan bæjarins stóð Leirubakkahjáleiga og mótar þar enn fyrir bæjarstæðinu á lágum hól. Þar er talið að byggð hafi haldist, að líkindum óslitið, til 1785. Í

Jarðabók Árna og Páls frá 1710 er hjáleiga þessi nefnd Suðurhjáleiga." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Skammt suðvesta, um 200 m frá bænum, stóð Leirubakkahjáeliga, og mótar þar enn fyrir bæjarstæði á lágur hól. Þar er talið að byggð hafi haldizt, að líkindum óslitið, til 1785." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 288; SB V, 131; Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3

RA-466:005 *Réttanes* bæjarstæði býli
1708: "Er fyrst bygð hjer um fyrir 50 árum." "Réttanes var fyrrum hjáleiga frá Leirubakka, en lagðist í eyði 1836, og vottar fyrir bæjarstæðinu vestan við réttirnar." Segir í Sunnlenskum byggðum. "En vestan við réttirnar vottar fyrir leifum af hjáleigunni Réttaness, sem mun hafa eyðst alfarið 1836." Segir í örnefnalýsingu. "Réttanes hét bær á undirlendi við Rangá nálægt móts við Svínhaga. ... Hann átti áður haglendi mikið upp á hraunheiðinni fyrir ofan, en er það var allt blásið, lagðist hann í eyði 1773. En 1832 byggði sá maður, er Höskuldur hét, hann upp aftur. Hann fór aftur eftir 2 ár og hefir Réttanes ekki bygst síðan." Um 1791 fer fram skoðun á jörðinni og segir þá að eina graslendið sé nesið við ána um 800 faðma á lengd og 60 faðma á breidd og gefi af sér 60 hesta í meðal ári.
Heimildir: JÁM I, 288; SB V, 124; Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 14; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 7; GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 67

RA-466:006 *Gömlu-Landréttir* heimild um rétt
1708: "Átroðningur er hjer mikill af fólki, er sækir til fjárretta á haust, sem haldnar eru rjett við túnið, og er túninu spilt af torfstúgu í rjettirnar, en högum með beit hestanna og fjárins." "Landréttir voru fyrrum um hálfan annan kílómetra inni á hruninu, sem þá hefur verið gróið, beint norður af núverandi réttum, og heita þar enn Gömlu-Landrétttir. Vottar þar greinilega fyrir almenningi og dilkum." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Vestan götunnar [033], um hálfs kílómetra spöl suð-vestan við enda Miðmelabóat, vottar enn fyrir almenningi og dilkum Gömlu-Landrétta; en hvenær þær voru lagðar niður og réttarhaldið flutt suður í Réttanes hefur ekki tekizt að fá vitneskju um." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: JÁM I, 288-289; SB V, 124; Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:007 heimild um fjárhús
"Austan við ærhús frá Leirubakka tengjist ökuslóðinn úr Réttanesi þjóðveginum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 131

RA-466:008 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Fast vestan í Leirubakkabæ er lítill hóll, sem olíugeymir hefur verið grafinn í, og heitir hesthúshóll, og skammt austan við bæinn er annar hóll, sem líka heiti Hesthúshóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 2

RA-466:009 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Fast vestan í Leirubakkabæ er lítill hóll, sem olíugeymir hefur verið grafinn í, og heitir hesthúshóll, og skammt austan við bæinn er annar hóll, sem líka heiti Hesthúshóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 2

RA-466:010 *Fjósatunga* örnefni fjós
"Slétt lægð fast sunnan við vestari Hesthúshólinn heitir Fjósatunga ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 2

RA-466:011 *Álfaþúfa* örnefni huldufólksbústaður
"Slétt lægð fast sunnan við vestari Hesthúshólinn heitir Fjósatunga, en suðvestur frá bænum heitir Álfatún, og þar er Álfaþúfa." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 2-3

RA-466:012 heimild um brunn
"En fast suðaustan bæjar og vestan Kirkjugarðs var brunnur, og hét þar fyrrum Brunnþýfi, en er nú tíðum nefnt Brunnstykki síðan sléttað var." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3

RA-466:013 *Stöðuldalur* örnefni kvíar
"Um 200-300 m suðaustur af bænum heitir Stöðuldalur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3

RA-466:014 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Þar við lækinn, og austurenda Grófar, er djúpt dalverpi með vatnslænu, móts við Smátanga í Galtalækjarlandi. Í dalverpi þessu var Stekkatún frá Leirubakka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3

RA-466:015 heimild um fjárhús
"Þar er kallað Litlahraun. Norðavestan við það er Stóralaut, og liggur þjóðvegurinn yfir hana að einhverju leyti. Vestur af Stórulauter, sunnanvegar, ærhús frá Leirubakka." Segir í örnefnalýsingu. "Í fyrrnefndu bréfi Jóns H. Magnússonar stendur: "þar sem nú er ærhús við veginn vestan við Stórulaut, voru upphaflega fjárborgir, áður en fjárhús var byggt þar. Mér var sagt að Sigurður, afi minn, hafi ævinlega kallað staðinn Borgir."
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 4

RA-466:016 heimild um rétt
"Um 300 m suðaustur af Skyggni, og suður af Litlahrauni, eru úti í hrauninu gamallegar leifar mannvirkja, líklega tveggja rétta." Segir í örnefnalýsingu. "Annars eru gamlar hústóftir býsna margar í þessari landareign. mIg minnir að mér hafi einu sinni talizt þær um tuttugu" þetta skrifar Jón í bréfi sínu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 4

RA-466:017 heimild um rétt
"Um 300 m suðaustur af Skyggni, og suður af Litlahrauni, eru úti í hrauninu gamallegar leifar mannvirkja, líklega tveggja rétta." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 4

RA-466:018 heimild um kálgarð
"Norður, og norðaustur af norðurenda Farvegs heitir Gári, líklega báðu megin landamerkja. Norðaustur þaðan, um 250 m norð-norðaustur af Borgum, er Klofhóll, og er auðþekktur af því, að framan í honum var um skeið kálgarður." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 5

RA-466:019 *Hringur* heimild
"Rúmlega 300 m suðaustur af Klofhól [sjá 018] er hringur, leifar af fornu skýli fyrir skepnur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 5

RA-466:020 *Stekkatúnsvað* heimild um vað
"Suðurendi Flata, þar sem mjóst verður, um 100 m, milli Litlalækjar og Vatnagarðslækjar,nefnist Flatisporður eða Flatabrún. Þar er vað á Vatnagarðslæk, og var ýmist kallað Stekkatúnsvað, Skógarvað eða Grunnavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6

RA-466:021 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Suðurendi Flata, þar sem mjóst verður, um 100 m, milli Litlalækjar og Vatnagarðslækjar,nefnist Flatisporður eða Flatabrún. Þar er vað á Vatnagarðslæk, og var ýmist kallað Stekkatúnsvað, Skógarvað eða Grunnavað. Fast framan vaðsins er beygja á læknum til austurs og norðausturs. Framan við þann lækjarbug var Stekkatún frá Leirubakka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6

RA-466:022 *Hólsvað* heimild um vað
"Um 200 m suður frá beygjunni [sjá 021] er hólsvað, öðru nafni Djúpavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6

RA-466:023 *Glompa/Gloppa* bæjarstæði býli
"Norðaustur og upp af lækjarbotnum ofan við Tjarnartorfu er hár hóll uppiá hraunbrúninni. Þar eru rústir með aðfluttu grjóti, svo sem blágrýtirhellum, sem bendir til þess að hér hafi verið annað og meira en kindakofar. Samkvæmt herforingjaráðskortinu ætti þetta að vera Glompa eða Gloppa, rústir bæjar, sem litlar eða engar sögur fara af, en lifir í örnefninu einu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 9

RA-466:024 tóftir
"Spölkorn austur þaðan [023], austan við hraunslakkann sem Glompubotn komur upp í, eru greinilegar rústir,

meðan annars dyr í heilu lagi, sem blasa við frá suðri. En þarna fundum við ekki annað en hraunsteina, ekkert aðflut gjrót. Þessar tættur eru nokkuð umfangsmeiri en hinar ytri (Glompa). Einhverjum okkar kom í hug að ef til vill gæti Glompa hafa verið flutt. En það er aðeins hugdetta."
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 9

RA-466:025 *Erlendartótt* tóft
"Á heiðarjaðrinum, mitt á milli Fögrubrekku og hólavaðs á Vatnsgarðslæk, er tóttarbrot, sem heitir Erlendartótt." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 10

RA-466:026 tóft fjárhús
"Við smátanga (Galtalækjarörnefni), um 300 m suðaustur af Fossinum, víkur Vatnagarðslækur næstum því í austur, norðan undir Höfða og Lághöfða. Höfðinn er allstór grösug háslétta austur af Heiðarhotni, en Lághöfði er stallur norðaustan undir Höfðanum. Ekki er að fullu ljóst, hvort sléttan austan undir höfða telst til Lághöfða. En á þeirri sléttu er sauðahústótt frá Leirubakka. Hafði það verið byggt í slægjulandi frá Vatnsgarði, og haft þarna veturgamalt fé." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-466:027 2 tóftir fjárhús
"Suðvestur af Grjótbrekku, uppi á grónu hrauninu, eru tættur tveggja sauðahúsa frá Leirubakka. Tætturnar er suðaustan undir háum, 300 m löngum, en mjóum bakka, sem stefnir frá suðvestri til norðausturs, og heitir Stakibakki." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 12

RA-466:028 *Fjárhúsnes* örnefni fjárhús
"Stakibakki og sauðhúsatætturnar [sjá 027] eru ofan við meira en kílómetra langt en mjótt nes, sem verður meðfram Rangá þaðan til suðurs og suðvesturs og heitir Fjárhúsnes. Er það grösugt vel, og ofan við það, suður af Stakabakka, er há hæð, aflöng til suðvesturs, með grónum bökkum móti norðvestri, og heitir Fjárhúsnesbakki." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 12

RA-466:029 *Fjárhúsnesvað* heimild um vað
"Stakibakki og sauðhúsatætturnar [sjá 027] eru ofan við meira en kílómetra langt en mjótt nes, sem verður meðfram Rangá þaðan til suðurs og suðvesturs og heitir Fjárhúsnes. Er það grösugt vel, og ofan við það, suður af Stakabakka, er há hæð, aflöng til suðvesturs, með grónum bökkum móti norðvestri, og heitir Fjárhúsnesbakki. Svonefnt Fjárhúsnesvað var á Rangá sunnan við Höfðalæk, sem rennur í ána frá suðaustri, Rangárvallamegin. Vaðið var líka nefnt Höfðavað ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 12

RA-466:030 *Brúnkróksvað* heimild um vað
En Brúnukróksvað er á Rangá syðst í Fjárhúsnesi, austan við Brúnukrók í Svínhagalandi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 12

RA-466:031 *Fjárhúsnesgata* gata leið
"Frá girðingarhliði á bakkanum framan við bæinn lá svonefnd Fjárhúsnesgata í höfuðstefnu suðaustur yfir hraunið, framanvert við Lautir og fyrir norðurenda Stakabakka að efra húsinu." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 12

RA-466:032 *Fjárhúshólar* örnefni fjárhús
"En norðan Árgils eru engin örnefni á hinu flata hrauni, nema Fjárhúshólar, sem eru alláberandi hólar mitt á milli Árgils og áðurnefndra Skyggnishóla. Lítt eða ekki mun sjást til rústa við hóla þessa." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:033 *Réttanesgata* gata leið
"Fram úr suðausturtagli Miðmelabótar lá hin gamla Réttanesgata suður í Réttanes ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:034 *Skarðsgata* gata leið
"Til norðvesturs í stefnu frá Gömlu-Landréttum [006] lá svonefnd Skarðsgata út í Skarðshverfi." Segir í

örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:035 varða
"Um 300 m suður af Gömlu-Landréttum stendur varða fast vestan götunnar, en hún er nafnlaus." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:036 tóft fjárhús
"En spölkorn norðvestur af þeirri vörðu [035], og um það bil mitt á milli suðurtagla Miðmelabótar og Markhellu, eru sauðhústættur frá búskap Sigurðar Markússonar á Leirubakka." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 13

RA-466:037 heimild um rétt
"Áður voru nefndar Landréttir, sem standa nærri norðausturhorni nessins [Réttaness], uppi undir Klettum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 14

RA-466:038 heimild um fjárhús
"Austan við þær [037] er sauðhústótt frá búskap Páls Jónssonar í Svínahaga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 14

RA-466:039 heimild um vað
"Úr norðurenda Austureyrar er nafnlaust vað yfir ána, í stefnu að Svínhaga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 15

RA-466:040 heimild um ferju
"Úr norðurenda Austureyrar er nafnlaust vað yfir ána, í stefnu að Svínhaga. Þar var fyrrum einnig ferja." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 15

RA-466:041 tóft
"Örskammt ofan við Pytt er svonefndur Kór, lítil, djúp laut, ílöng til suðvesturs. Skammt ofar er gömul, vallgróin kofatótt, sem enginn veit nú hvernig á stendur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 15

RA-466:042 *Stóruvallagata* heimild um leið
"Er þá að lokum ógetið Stóruvallagötu. Hún lá upp úr Réttanesi austan við Smalaskálanef, í stefnu að Stóruvöllum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 16

RA-467 Vatnagarðar
10 hdr., 1708, afbýli Leirubakka. Í eyði frá 1944. 1917: Tún 3 ha, sléttað 1 ha, garðar 393 m²

RA-467:001 *Vatnagarðar* bæjarhóll bústaður
Búið að rífa bæjarhúsin.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 2; Túnakort 1917

RA-467:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-467:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-467:004 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Rúmlega 100 m norðvestur af Stekkatúni Leirubakka [RA-466:014] er við lækinn annað dalverpi með lækjarlænu, og var þar Stekkatún frá Vatnagarði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3

RA-467:005 gata leið
"Vestur þaðan, vestan við gömlu götuna, sem lá frá Vatnagarði til bæjanna austan ár ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 3-4

RA-467:006 *Fornufjós* örnefni fjós
"Fast norðaustan við bæjarstæðið er fyrirferðamikil, há hústótt, sem heitir Fornufjós ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 4

RA-467:007 tóft geitakofi
"En rúmlega 200 m aust-norðaustur frá Hól eru, á norðurbarmi gamals, uppgróins blástursgára, tættur gimbrakofa frá Vatnagarði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6

RA-467:008 *Botnhús* heimild um fjárhús
"Það var áður nefnt, að Vatnagarðslækur kemur upp undan hraunbrún. Tættur ærhúss eru þar ofan við lækjarbotninn, og hét það Botnhús." Segir í örnefnalýsingu. "Það var byggt í búskapartíð Guðmundar Árnasonar í Vatnagarði 1905-1912." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 6

RA-467:009 *Gvendartættur* 3 tóftir fjárhús
"Vestur frá Glompubotni, sunnan undir hraunbrúninni, eru á þremur stöðum fjárhústættur, nefndar Gvendartættur, kenndar við þann er byggði þær, Guðmund Árnason í Vatnagarði, síðar í Múla." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 9

RA-467:010 *á Beinkrók* tóft fjárhús
"Næst sunnan Ossteigs er Beinkróksnef. Sunnan í nefninu, upp á brúninni, eru tættur sauðahúss frá Vatnagarði, sem heitir hér á Beinkrók." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-467:011 *Árnatorfuvað* heimild um vað
"Næst sunnan Ossteigs er Beinkróksnef. Sunnan í nefninu, upp á brúninni, eru tættur sauðahúss frá Vatnagarði, sem heitir hér á Beinkrók. Hét Árnatorfuvað á ánni fram undan (suðaustan) húsinu, kennt við svonefnda Árnatorfu, sem við blasir austan árinnar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-467:012 tóft
"Sauðnef skagar fram að ánni framan við Beinkrók [sjá 011] og eru tvær gamlar tættur þar uppi undir brúninni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-467:013 tóft
"Sauðnef skagar fram að ánni framan við Beinkrók [sjá 011] og eru tvær gamlar tættur þar uppi undir brúninni." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-467:014 2 tóftir fjárhús
"Sauðnef skagar fram að ánni framan við Beinkrók [sjá 009] og eru tvær gamlar tættur þar uppi undir brúninni. En suðvestan við Sauðanef er allstórt og grösugt vik upp frá ánni inn í hinn háa hraunjaðar, og heitir Dýjafit. Þarna efst í vikinu eru tætur tveggja ærhúsa frá Guðmundi Árnasyni í Vatnagarði." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11

RA-467:015 *Dýjafitavað* heimild um vað
"En Dýjafitavað var á ánni suðaustur undan húsum þessum [014]." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Leirubakkahverfi og Réttanes, 11-12

RA-468 Galtalækur
30 hdr. 1708, 1332. Jarðarinnar getið í máldaga Skarðakirkju. DI II, 695-696. 1704 var Stampur hjáleiga. "Galtalækur er nú efsti bær í Landsveit og hefur um langan aldur verið talin með landmeiri jörðum þar, alls um

1695 ha, til mestra muna Þjórsárhraun. ... Um einn fjórði er grasi gróin frá fornu fari, hinn hlutinn er uppblásið hraun ..." G II var byggt árið 1978. SB V, 157 1708: "Jörðunni fylgja engjar alls engar so sem hinum, er fyrr getur í Landmannahrepp." JÁM I, 286. 1917: Tún 6,5 ha, sléttað 4 ha, garðar 936 m²

RA-468:001 *Galtalækur* bæjarhóll bústaður
"Með læknum austanverðum suður frá Seilunum er hár grashóll; þar stóð bærinn fyrr á tímum, og nefnist þar því Gamli-Galtalækur." Segir í örnefnalýsingu. Gamli Galtalækur er um 300 m austur af bænum. "Stór og fagur grashóll austan við Galtalæk, beint austur af bænum, er nefndur Gamli-Galtalækur. Hleðsluleifar eru sýnilegar austan í þeim hól." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur, 28; SB V, 131; Ö-Galtalækur IE, 7; Túnakort 1917

RA-468:002 heimild um bænhús
1709: Heyrt þykjast menn hafa hjer hafi til forna bænhús (hálfkirkja) verið, en engi veit þar framar um að segja, og ekki sjást þar nú nokkur líkindi til;
Heimildir: JÁM I: 280

RA-468:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-468:010 kuml legstaður
"Dys manns og hests frá 10. öld hefur fundist í landi jarðarinnar við Ytri-Rangá." Segir í Sunnlenskum byggðum. Árið 1929 kom í ljós kuml rétt við Rangá ytri, milli Galtalækjar og Vatnagarða, í landi Galtalækjar, mjög skammt þar fyrir ofan, sem lækur samnefndur fellur í ána. Staðurinn heitir Hrútshagatangi, og er þar að sögn náttúrufegurð mikil bæði fjær og nær, foss, skógur, fjallasýn. Kumlið fannst við það, að áin braut bakka sinn, unz úr því fór að hrynja, en það var 1,50 m ofan við vatnsborð árinnar. Frá haugfénu og upp á landnámsyfirborð virtust vera um 65 sm, en á seinni öldum hafði árfok borizt á, svo að nú voru 2 m niður að leifunum. Engin haugur virtist hafa verið orpinn né heldur dysjargrjót borið saman. Því miður var búið að færa kumlið mjög úr lagi, þegar Matthías Þórðarson kom á vettvang, en þó sást, að maður hafði verið lagður svo, að höfuð vissi því sem næst í norður; hafði höfði verið lyft dálítið, maður legið á bakinu, fætur dálítið krepptar um hnén. Hægri handleggur hafði verið sveigður lítið eitt inn yfir nárann, en önnur bein voru flest úr lagi færð, og verður ekki meira um leguna sagt. Gröfin virðist hafa verið um 1,50 m að l., grafin niður að hvítleitu smágerðu vikurlagi og því mjög hreinleg og þurr. Við fætur mannsins hafði verið lagður gamall hestur, jafndjúpt grafinn og hann. Hrossabeinin voru öll úr lagi færð. Maðurinn hafði dáið gamall. í kumli hans var hinn mesti fjöldi gripa. En allir voru þeir upp teknir, áður enn rannsóknarmaðurinn kom á vettvang. Ekkert er því vitað um afstöðu þeirra í kumlinu, og margir eru skemmdir. Gripirnir eru sem hér segir: 10480. Spjót af K-gerð, sýnilega Sverd 21, þótt ekki hafi varðveizt nema falurinn og lítið brot af fjöðrinni. 10481. Skjaldarbóla af gerðinni Rygh 562, óheilleg. Áfastar við hana eru ryðþrungnar leifar af einskeftudúk. 10482. Öxi, sennilega af K-gerð, en eigi er það fullvíst. 10483-84. Tvö brýni úr hein, annað lítið og með gati, ferstrent og snoturt, hitt stórt og klunnalegt, 29,8 sm að l., en úr sams konar steini. 10485-86. Tvær eldtinnur, báðar urðar með eldstáli, enda fastryðgaður járnbútur við aðra þeirra, efalítið af eldstáli. 10487. Hnífblað úr járni, venjulegt. 10488. 4 met úr blýi og jafnvel eitt úr járni, þótt greining þess sé óviss. Stærsta metið er sem toppstýfð keila, Rygh 481, annað kringlótt og dæld tekin í það ofan, þriðja sem bumbumynduð kringla, fjórða ekki ósvipað öxi í laginu, minnir þó á metið frá Stóra-

Klofa (kt 16). Metin voru öll læst í ryðkökk. 10489. Klömbur úr beini, brot. 10490. Þrír önglar úr járni, bundnir saman með bandi, sem vafið er um leggina. 10491. Járnkrókur, líkur önglunum, en vantar bæði agnhald og lykkju og mun því vera af gogg eða ífæru. 10492. Viðakolamolar allmargir. 10494. Járnmél, og eru mislangir hlutarnir. 10495 Járnhringja af venjulegri gerð. 10496. Járnmolar og ryðkekkir, um 50 talsins, sumir eflaust úr reiðtygjum. Auðþekktur er einn rónagli.
Heimildir: KEKH, 44-46; SB V, 157

RA-468:011 *Stampur* bæjarstæði býli
Hjáleiga 1704, 1708 fóðrast á henni I kýr og I vetrungur. "... hið fjarsta Stampslindargil, kennt við Stamp, öðru nafni Galtalækjarhjáleigu, sem er gömul hjáleiga frá Galtalæk, en liggur nú undir jörðinni; sér fyrir rústum hennar á túninu suðvestur frá bænum." Segir í örnefnalýsingu. "Stutt þaðan til suðvesturs, skammt frá túngirðringu, er lítill hóll. Þar stóð eittt sinn Galtalækjarhjáleiga, sem einnig, og líklega í niðrunarskyni, var kölluð Stampur. Gengur þessi hóll, sem ekki hefur verið hróflað við, enn undir Stampsnafninu. Milli Stamps og túngirðingar segir Magnús Magnússon að verið hafi örnefnið Litli-Stampur, og muni þar sennilega hafa verið einvher útikofi frá Stampi." Segir í örnefnalýsingu IE. "Hjáleigan stóð vestan við tún heimajarðarinnar, en er nú orðin þar innan garðs. Bæjartóftirnar sjást enn greinilega, enda enginn uppblástur þar nærri." Jörðin fór í eyði árið 1834. "Enginn blástur hafði orðið vestan lækjarins, er rennur norðan og austan við túnið, en eftir miðja 19. öld fór að myndast skarð framan lækjarins norðan við túnið og eigi stærra en svo í fyrstu að haft var fyrir fjárrétt."
Heimildir: JÁM I, 286; Ö-Galtalækur, 26; Ö-Galtalækur IE, 3; GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 65

RA-468:012 *Gamlabrú* heimild um brú
"Örskammt suðaustur frá bænum var fyrrum brú á læknum; þar heitir Gamlabrú." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur, 25

RA-468:013 heimild um fjárhús
"Með læknum fram frá Gófinni er girt engi, sem nefnt er Flatir. Framan við þær eru ærhús og kring um þau girðing, er Gerði nefnist." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur, 26

RA-468:014 *Borgir* heimild um fjárhús
"Frá Fögurbrekku liggur löng laut til norðausturs. Hjá henni eru fornar fjárhúsrústir, er nefnast Borgir." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur, 27

RA-468:015 varða
"Í hraunbrúninni norðaustur frá Notnaskyggni er hár grjóthóll með vörðu á; nefnist hann Uppgjöf." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur, 28

RA-468:016 *Fosshólmi* álagablettur
Í Fosshólmanum austan við túnið í Galtalæk, á fossbrúninni er álagablettur sem líf á að vera á og keki má hreyfa við honum. Hólminn er vaxinn birkihríslum.
Heimildir: Bergsveinn Skúlson: Bárusog. Sögur og sagnir úr Breiðafirði 1988, 288-289

RA-468:017 *Vatnsgata* gata leið
"Svokölluð Vatnsgata lá frá bænum austur og niður að lækjum, í stefnu á Skógarfoss og Skógarfosshólma." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:018 heimild um lambhús
"Lambhús stendur örskammt norðaustan við bæinn ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:019 heimild um traðir
"Lambhús stendur örskammt norðaustan við bæinn, en fast vestan þess, milli lambhúss og traða ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:020 *Brúin* heimild um brú
“Norðaustur af lambhúsinu, fast við lækinn og suðvestan við nyrðri enda brúarinnar, þar sem nú er ekið yfir Galtalæk, var hóll, sem hét Brúarhóll, en hefur fyrir nokkru verið gersamlega rofinn vegna vegabóta. Var kenndur við hlaðna göngubrú, sem enn er yfir lækinn, beint austur undan hólnum. Hún var kölluð Brúin.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:021 *Hrúthagavað* heimild um vað
“Fast ofan við þetta gil [Kúagil] hét Hrúthagavað á læknum, því að um það lá leiðin fram í Hrúthaga ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:022 heimild um leið
“Fast ofan við þetta gil [Kúagil] hét Hrúthagavað á læknum, því að um það lá leiðin fram í Hrúthaga ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 2

RA-468:023 *Eyfatótt* heimild
“Suðaustur af Stampi [011] var einhverju sinni kofi, og hét þar síðar Eyfatótt ... þar er engin tótt lengur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 3

RA-468:024 *Hólakofi* heimild um fjárhús
“Vallendisheiðin suðvestur og vestur af Glatlækjartúni, báðum megin þjóðvegar, heitir einu nafni Galtalækjarheiði eða aðeins Heiði. Úr því kemur suðvestur fyrri Gróf breikar Heiðin mjög. Skammt suðvestur af fremri og lægri enda Grófar stendur svonefndur Hólakoti; þar voru hafðar veturgamlar ær, að minnsta kosti fyrr á tímum.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 3

RA-468:025 *Gerðisrétt* heimild um rétt
“Gerðishlið svonefnd var á girðingunni að ofanverðu [sjá 013] og þar suður við Gerði var einnig talað um Gerðisrétt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 4

RA-468:026 *Gjögrabrú* heimild um brú
“Austast á Gjögralænu var svonefnd Gjögrabrú.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 4

RA-468:027 heimild um rétt
“Í ritgerði Guðmundar Árnasonar ... stendur þetta meðal annars: “Engin blástur hafði orðið vestan lækjarins, er rennur norðan og austan við túnið, en eftir miðja 19. öld fór að myndast skarð framan lækjarins norðan við túnið og eigi stærra en svo í fyrstu, að haft var fyrir fjárrétt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 5-6

RA-468:028 garðlag
“Í ritgerði Guðmundar Árnasonar ... stendur þetta meðal annars: “Engin blástur hafði orðið vestan lækjarins, er rennur norðan og austan við túnið, en eftir miðja 19. öld fór að myndast skarð framan lækjarins norðan við túnið og eigi stærra en svo í fyrstu, að haft var fyrir fjárrétt. En skarðið færðist út og fram, svo að um ladamót var það farið að nálgast lönd Vatnagarðs og Leirubakka og stefndi á þá bæi. Var þá farið að hlaða grjótgarða í gárann, sem að vísu dró úr framgangi hans, en teppti ekki til hlítar.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 5-6

RA-468:029 *Stöðull* örnefni kvíar
“Lá hólmbunga á suðausturbarmi Litluskarða, vestan við þjóðveginn, var Stöðull. Lág hólbunga á suðausturbarmi Litluskarða, beint norður af heimreiðinni, er í lýsingu Magnúsar Finnbogasonar kölluð Staðarhóll. heimildarmenn mínir muna ekki eftir því nafni, en sumir þeirra hafa talið sennilegast að hóllinn hafi jafnvel heitið Stöðulhóll, því að hann er fast norðan við Stöðulinn.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:030 heimild um túngarð

“Vest-norðvestur yfir hana [Noðurheiði], yfir framanverð Skörð, frá svonefndu Ærhliði á túngarðinum, lá svonefnd Ærgata.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:031 *Ærhlið* heimild
“Vest-norðvestur yfir hana [Noðurheiði], yfir framanverð Skörð, frá svonefndu Ærhliði á túngarðinum, lá svonefnd Ærgata.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:032 *Ærgata* gata leið
“Vest-norðvestur yfir hana [Noðurheiði], yfir framanverð Skörð, frá svonefndu Ærhliði á túngarðinum, lá svonefnd Ærgata.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:033 *Merkurgata* gata leið
“Litlu norðaustar [en 031], í stefnu frá bænum til Merkur, lá Merkurgata.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:034 *Ósgrafargata/Skarfanesgata* gata leið
“En ósgrafargeta, öðru nafni Skarfanesgata, lá til norður frá bænum, yfir norðaustanverða Norðurheiði og noður yfir Slakka, sem nánar verður nefndur, í átt til Ósgrafar og Skarfaness.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 6

RA-468:035 varða
“Svipaða vegalengd [1 1/2 km] norð-norðaustur frá bænum er hár hóll með vörðu á, uppi á sömu braunbrún.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 7

RA-468:036 *Litluhús* heimild um fjárhús
“Í tungunni ofan við þann litla læk, örskammt austan við Gamla-Galtalæk [001], eru tættur svonefndra Litluhúsa, en þar voru hafðir yngri sauðir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 7

RA-468:037 *Hrúthagahús* heimild um fjárhús
“Allstór tunga, hrauni þakain, verður milli galtalækjar og Ytri-Rangár, og mjókkar mjög til suðvesturs. Hraun þetta heitir Hrúthagahraun, en framrlega og austarlega í tungunni er stór gróðurtorfa, sem var slegin og heitir Hrúthagi. Suðausturbrekkur Hrúthaga eru háar niður að Rangá, og heita Hrúthagabrekkur. Í þeim framarlega var svonefnt Hrúthagahús. Þar voru ýmist höfð lömb eða veturgamlar kindur.” Segir í örnefnalýsingu.
Hrúthagatún umhverfis.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 7

RA-468:038 *Ölduvað* heimild um vað
“Beinasta leið milli Galtalækjar og Næfurholts var yfir Rangá á Ölsuvaði, sem er örskammt ofan við ós fremri Hrúthagalænu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 8

RA-468:039 heimild um leið
“Beinasta leið milli Galtalækjar og Næfurholts var yfir Rangá á Ölsuvaði, sem er örskammt ofan við ós fremri Hrúthagalænu.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 8

RA-468:040 *Sporvað* heimild um vað
“Tungan milli Galtalækjar og Rangár er örmjó syðst, og heitir þar Hrúthagatangi. Þar eru tvö vöð á ánni. Hið syðra heitir Sporvað, liggur úr suðurodda Hraunteigs austan ár, Hraunteigssporði.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 8

RA-468:041 *Dýjavað* heimild um vað
“Tungan milli Galtalækjar og Rangár er örmjó syðst, og heitir þar Hrúthagatangi. Þar eru tvö vöð á ánni. Hið syðra heitir Sporvað, liggur úr suðurodda Hraunteigs austan ár, Hraunteigssporði. Hitt vaðið er 200-300 m ofar, nálega mitt á milli Sporvaðs og lítils viðarhólma við austurlandið er vað áður lítillega getið, og heitir það vað

Dýjavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 8

RA-468:042 *Stóruhús*heimild um fjárhús
"Norðvestan við Brík er stórt svæði skóglaust, og stendur þar fjárhús og hlaða. Hér voru áður hýstir sauðir, og voru þá húsin nefnd Stóruhús." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 9

RA-468:043 varða
"Austan Botnaskyggnis, uppi í hraunbrúninni, er hóll með vörðu, og heitir Uppgjöf ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtalækur IE, 9

RA-469 Mörk

60 hdr í landamerkabréfi frá 1475 þá sennilega verið að tala um Fornumörk. 10 hdr. 1708. 1475 er Merkur og Merkihvols getið í landamerkjabréfi en bréfið er talið víðsjálvert. Merkihvoll eyðibýli 5 hdr 1847. Fór í eyði árið 1894/5. Mörk og Merkihvoll ekki sama jörðin, báðar í byggð 1708. 1708: "Túninu spillir mold og blástur sandur, líka högum, og liggur hvertveggja undir spjöllum." JÁM I, 285

RA-469:001 *Fornamörk* bæjarhóll bústaður
"Bærinn í Mörk stóð suðvestan undir allhárri brún, sem nú er aðeins hraun og sandur, eins og mestur hluti Merkurlands. Þó er enn graslendi kringum bæinn, ..." Segir í örnefnalýsingu. 1475 er talað um gamalt bæjarstæði Fornumörk sem hafi verið sama jörð og Mörk.
Heimildir: Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16; DI V, 795

RA-469:002 heimild um bænhús
MÖRK Á LANDI (KLOFAÞING) (R) - BÆNHÚS[1332]: [til Klofa] liggur bænhus j mork; Máld DI II 695 [Klofa] [1387]: [til Klofa] liggur bænhvs j Mork; Máld DI III 405 [Klofa]
Heimildir: DI II, 695; III, 405.

RA-469:003 *Mörk* bæjarstæði bústaður
"Bærinn í Mörk stóð suðvestan undir allhárri brún, sem nú er aðeins hraun og sandur, eins og mestur hluti Merkurlands. Þó er enn graslendi kringum bæinn, ..." Segir í örnefnalýsingu. 1475 er talað um gamalt bæjarstæði Fornumörk sem hafi verið sama jörð og Mörk.
Heimildir: Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16; DI V, 795

RA-469:004 kuml legstaður
Sumarið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson kuml, er blásið hafði upp um 1 km suður frá bæjarrústunum, þar sem Mörk var áður, norðan við norðausturendann á svonefndri Blindubrún. Kumlið var illa leikið. Höfuð mannsins hafði snúið vestur, og sást það af höfuðbeinum og tönnum allmörgum í sandinum. Önnur bein sáust ekki utan við smáar flísar, en þó má þekkja, að beinin eru úr rosknum karlmanni. Líkið hefur verið grafið niður að blásvörtu, þunnu vikurlagi, líklega úr Heklu. Gripir fundust sem hér segir: 11921. Vefjaráhald úr járni, sama gerð og Rygh 413. Steinflís ljósgrá, (hefur glatazt, ekki tölusett). Um 1 m austar, til fóta manninum, var örfoka hrosskuml, og lágu þar allmiklar beinaleifar eftir. Hausinn var nyrzt, og hjá honum fundust brot af járnmélum (Þjms. 11922).
Heimildir: KEKH, 44

RA-469:005 *Merkihvoll* bæjarstæði býli **Friðlýsar fornleifar**
Getið í bréfi frá 1475, bréfið talið víðsjálverrt. 5 hdr., 1708, talin hafa verið 10 hdr., áður. Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km landnorður frá [Galtalæk], við veginn, upp með Rangá ytri að vestan. "Austan við veginn, um 600 m inn frá Flataskógi, er kollóttur hraunhóll með graslit, og rofatorfa austna við. Hóllinn heiitir Gamli-Merkihvoll. Hér stóð bærinn Merkihvoll lengst af. Í sóknarlýsingu 1841 er getið um bænhús á Merkihvoli, "aftekið fyrir elstu manna minni.". Segir í Sunnlenskum byggðum. 1708: "Túninu því litla sem er spillir blástur sandur og liggur undir spjöllum. Líka grandar hann högum." BJ: "Gamli Merkihvoll er alllangri bæjarleið inn frá Galtalæk inn með Rangá. Þar er rústarbúnga afar mikil og er svo mikið grjót í henni að það hefir varnað því að hún blési burt. Annað er þar örblásið. Dálítið af melgrasi vex á rústinni, enda mundi eigi unt að sjá húsaskitun þó hún væri ekki, því grjótið úr veggjunum er alt um kring hrunið út af bungunni. Fyrir sunnan vesturenda hennar er önnur minni bunga, hún er flöt ofan og sýnist svo, sem leifar af garði sjáist á þeirri brún hennar, sem að bænum viet. Hinum megin er meira niður hrunið. Ofan á henni er alt ein grjótdreif. En þó virtist mér sem þar mætti greina undirstöðusteina dálítillar tóftar, er hefði snúið vestur. Ef mér hefir virzt það

rétt, þá mun það hafa verið kirkjuundirstaðan. - Það mun raunar aðeins hafa verið bænhús. - Flöturinn ofan á þeirri bungu er þá það sem eftir er af kirkjugarðinum. Ég aðgætti hvort hvergi stæði mannabein útúr suðurhliðinni, sem mest er hrunin, en það var ekki þá sem stóð. Samt munu mannabein hafa komið þar út áður og fokið burtu, því á sandinum skamt framar fann eg 2 brot af leggjum, sitt á hvorum stað, sem sjá m´´atti að votu af mannsleggjum. Skamt frá rústinni eru æðði grjótbungur og garðslög á fleirum en einum stað, og hafa þar verið allmiklar byggingar. Vatnsbólið hefir verið lækur, sem runnið hefir í Rangá rétt fyrir austan bæinn."

MERKIHVOLL Á LANDI (R) (LANDÞING) – BÆNHÚS. 1709: Heyrt þykjast menn hafa hjer hafi til forna bænhús (hálfkirkja) verið, en engi veit þar framar um að segja, og ekki sjást þar nú nokkur líkindi til 1866: Þjms. 332: "BRONZ-ÍSTAÐ mjög fornlegt. Það er 3 þumlúngar og 7 línur á breidd yfir um skóinn, og með spaða að ofan, sem er 1 þumlúngur og 6 línur á breidd. Við hann hefir verið negld ólin með 4 nöglum. Skórinn er beinn og sléttur. Niður úr ístaðinu ganga tveir spaðar, sem eru framhald af hliðum ístaðsins, og út úr því neðanverðu eru tveir hnöttóttir agnúar. Á ístaði þessu eru tvæ ormamyndir, og rísa ormarnir hver gegn öðrum með gapandi hausa, en eru bundnir saman á sporðunum. ... Ístað þetta fannst 1866 í rústum af eyðijörðinni Merkihvoli, sem er fyrir innan Galtalæk, efsta bæ á Landi."
Heimildir: DI V, 794; SB V, 132; JÁM I, 281; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67-68; B J: "Athugasemd um Merkihvol" Árbók 1911, 66-67; FÍ I, 136

RA-469:006 *Merkihvoll* bæjarstæði býli
"Á öndverðri 19. öld varð að flytja bæinn um hálfan annan kílómetra innar með ánni. Ekki mun jörðin hafa verið byggileg lengi eftir það, og 1829 leggst hún alfarið í eyði." Segir í Sunnlenskum byggðum.
BJ: Þá var þar fjárhús frá Galtalæk
Heimildir: SB V, 132; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 6

RA-469:007 heimild um áfangastað
"Mjótt sandskarð grunnt skildi Merkihvolsskóg frá Rjúpnavöllum lengra upp með Rangá, stórri og fallegri grasspildu, sem fyrrum var sjálfsagður áningastaður ferðamanna og fjallamanna." Segir í Sunnlenskum byggðum. "En örkufall frá gilsinu við heklu í mai 1970 kæfði þar allan gróður, og eiga þessir fögru vellir langt í land að ná fyrri svip." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 132

RA-469:008 *Miðmorgunhóll* varða eyktamark
"Á melum þessum, beint í austur frá merkurbæ er hár grjóthóll með vörðu og heitir miðmorgunhóll." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16

RA-469:009 gata leið
"Norðaustur í hruninu, við götuna milli Skarfaness og Galtalækjar, eru rústir af sauðahúsi frá mörk á nokkuð grasi vöxnum hól. Nefnast þær Hraunborgir og eru miðja vega milli Skarfaness og Galtalækjar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 17

RA-469:010 *Hraunborgir* heimild um fjárhús
"Norðaustur í hruninu, við götuna milli Skarfaness og Galtalækjar, eru rústir af sauðahúsi frá mörk á nokkuð grasi vöxnum hól. Nefnast þær Hraunborgir og eru miðja vega milli Skarfaness og Galtalækjar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 17

RA-469:011 gripir
Bronsístað. "Merkihvoll, eyðibær í Landsveit, Þjms. 332: Ístað úr bronsi, bogamyndað, með sléttum skó, hnúðar út úr boganum neðarlega báðum megin, spaði efst til þess að negla ístaðsólina á. Dýraskraut í rúnasteinastíl er á spaðanum, og heldur mynztrið verið fyllt með niello. Hæð með spaða 15,5 sm, nest breidd 11.2 sm."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 136; KEKH, 258

RA-469:012 *Gloppa* bæjarstæði býli
"Sá bær var í hraunbrúninnni á milli merkur og Galtalækjar og sér þar enn fyrir gömlum bæjarrústum. ... Enginn veit nú neitt um sögu þessa bæjar ..."
Heimildir: GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 63

RA-470 Eskjuholt

1708: Jaðradýrleiki takin 14 hdr., talin hafa verið 20 hdr., áður. Skarðskirkjueign að helmingi. 1332. Jarðarinnar getið í máldaga Skarðakirkju. DI II, 695-696. 1465 er jörðin gefin Sigríði Arnardóttur. DI V, 455. Ítak í Skarfanesskógi. JÁM I, 283-284. Bænhús var á jörðinni. Í eyði frá 1882 1708: "Túninu, sem parti Margretar og Bjarna fylgir, hefur blásturs sandur stórlega spilt og nærri nelmíng af tekið, líka grandar hann hinum parti túnsins. Af högum halda menn að vísu fjórúng sandi kafinn, og sýnist, að jörðin liggi framvegis undir stórum spjöllum." JÁM I, 284

RA-470:001 *Eskjuholt* bæjarhóll bústaður **Friðlýstar fornleifar**
"Úti í þessum gára suðaustur af Yrjaheiði er Eskiholtsbjalli. Vestan í honum stóð bærinn Ekiholt. Síðar varð að flýja með bæinn undan sandinum skamman spöl til vesturs og lokst til suðvesturs þar sem hann stóð þar til hann fór í eyði 1882." Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: "Eskiholt stóð stuttri bæjarleið í útnorður frá Mörk, vestan undir suðurendanum á dálitlum ási, sem heitir Eskiholtsbjalli. ... Eskiholtsbjalli er sú eina hæð, önnur enn Skarðsfjall, sem tekur upp úr hrauninu, er liggur undir jarðveginum í allri Landsveit fram til Lækjarbotna. Rústin er mikil ummáls og virðist þar hafa verið stórbýli; en er uppblásið fyr enn menn hafa sögur af. Hafði bærinn þá verið byggður aftur nokkru utar, en eyðst að nýju. Þá var hann aftur fluttur legra út eftir, nær Skarðsfjalli, og þar hélzt hann til 1882, en var þó mjög lelegt býli." "Eskiholt. Eskiholtsbær hefur staðið á þremur stöðum.

Elzta bæjarstæðið, Eskiholt I, er hár melgrashóll á gráleitum hjalla litlu framar (suðvestar) en undir miðri norðvesturbrekku Eskiholtsbjalla. Í ferð okkar um þessar slóðir 18. júní, fann Ingar Árnason á Bjalla hraunstein, sem í henfru verið höggvin fallega löguð hola, um 15 cm að lengd, en lítið eitt færri cm að breidd, sennilega berzluker; fannst þetta utan í leifum kofa, sem verið hefur vestan íháhólnum, og gæti þarna hafa verið smiðja. Kerið er nen geymt á Bjalla, en ég hvatti til þess að því yrði komið til varðveizlu að byggðasafninu á Skógum. Vestan þessa bæjarhóls og Bjallans er lægð, sem virðist hafa verið mýri fyrrum, en á lágum dökkleitum, örfoka hól fast vestan þessa sunds, um 250 m norðvestur af eskiholti I, hefur Eskiholt II staðið. Þetta hefur að vísu verið undarlega stuttur bæjarfluttningur, enda herma munnlegar og skriflegar heimildir, að á miðstaðnum hafi Eskiholt staðið skamma hríð. Síðasta bæjarstæðið, Eskiholt III, eru rústir allmiklar, talsvert er þar um grágrýtirhellur og mikið af beinum og ýmsum smáminjum. Bærinn hefur staðið uppi á allmiklum hraunkambi eða brún, en hraunslétta neðan og austan við. En suðvestan sléttunnar tekur enn við hærra hraunsvæði allhólótt, að og meðfrem heiðarjaðrinum. Ingar sagði, að þegar farin var Vatnshólagata til Merkur, hefði bæði Vörðuhóll og Eskiholt verið á vinsri hönd, gatan lá neðan undir brúninni, sem eyðibýlið stóð uppi á. Síðasta bæjarstæðið Eksiholts er nú grænleitur hraunhóll, sem sker mjög úr við umhverfið; örfoka hraun, sem nú er tekið að gróa nokkuð. Eskiholt fór alfarið í eyði 1882."
Heimildir: SB V, 134; Ö-Skarð, Króktún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjum, 5; ÁG: Friðlýsingarskrá, 68; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 5-6

RA-470:002 heimild um bænhús
"Í Eskiholti var bænhús "fyrir elsu mana minni." Segir í Sunnlenskum byggðum.
ESKIHOLT Á LANDI (R) (LANDÞING) - BÆNHÚS
Heimildir: SB V, 134

RA-470:003 *Eskjuholt* bæjarstæði bústaður **Friðlýstar fornleifar**
"Úti í þessum gára suðaustur af Yrjaheiði er Eskiholtsbjalli. Vestan í honum stóð bærinn Eskiholt. Síðar varð að flýja með bæinn undan sandinum skamman spöl til vesturs og lokst til suðvesturs þar sem hann stóð þar til hann fór í eyði 1882." Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: "Eskiholt stóð stuttri bæjarleið í útnorður frá Mörk, vestan undir suðurendanum á dálitlum ási, sem heitir Eskiholtsbjalli. ... Eskiholtsbjalli er sú eina hæð, önnur enn Skarðsfjall, sem tekur upp úr hrauninu, er liggur undir jarðveginum í allri Landsveit fram til Lækjarbotna. Rústin er mikil ummáls og virðist þar hafa verið stórbýli; en er uppblásið fyr enn menn hafa sögur af. Hafði bærinn þá verið byggður aftur nokkru utar, en eyðst að nýju. Þá var hann aftur fluttur legra út eftir, nær Skarðsfjalli, og þar hélzt hann til 1882, en var þó mjög lelegt býli." "Eskiholt. Eskiholtsbær hefur staðið á þremur stöðum. Elzta bæjarstæðið, Eskiholt I, er hár melgrashóll á gráleitum hjalla litlu framar (suðvestar) en undir miðri norðvesturbrekku Eskiholtsbjalla. Í ferð okkar um þessar slóðir 18. júní, fann Ingar Árnason á Bjalla hraunstein, sem í henfru verið höggvin fallega löguð hola, um 15 cm að lengd, en lítið eitt færri cm að breidd, sennilega berzluker; fannst þetta utan í leifum kofa, sem verið hefur vestan íháhólnum, og gæti þarna hafa verið smiðja. Kerið er enn geymt á Bjalla, en ég hvatti til þess að því yrði komið til varðveizlu að byggðasafninu á Skógum. Vestan þessa bæjarhóls og Bjallans er lægð, sem virðist hafa verið mýri fyrrum, en á lágum dökkleitum, örfoka hól fast vestan þessa sunds, um 250 m norðvestur af Eskiholti I, hefur Eskiholt II staðið. Þetta hefur að vísu verið undarlega stuttur bæjarfluttningur, enda herma munnlegar og skriflegar heimildir, að á miðstaðnum hafi Eskiholt staðið skamma hríð. Síðasta bæjarstæðið, Eskiholt III, eru rústir allmiklar, talsvert er þar um grágrýtirhellur og mikið af beinum og ýmsum smáminjum. Bærinn hefur staðið uppi á allmiklum

hraunkambi eða brún, en hraunslétta neðan og austan við. En suðvestan sléttunnar tekur enn við hærra hraunsvæði allhólótt, að og meðfrem heiðarjaðrinum. Ingar sagði, að þegar farin var Vatnshólagata til Merkur, hefði bæði Vörðuhóll og Eskiholt verið á vinsri hönd, gatan lá neðan undir brúninni, sem eyðibýlið stóð uppi á. Síðasta bæjarstæðið Eksiholts er nú grænleitur hraunhóll, sem sker mjög úr við umhverfið; örfoka hraun, sem nú er tekið að gróa nokkuð. Eskiholt fór alfarið í eyði 1882."
Heimildir: SB V, 134; Ö-Skarð, Króktún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjum, 3-4; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 5-6

RA-470:004 *Eskjuholt* bæjarstæði bústaður **Friðlýstar fornleifar**
"Úti í þessum gára suðaustur af Yrjaheiði er Eskiholtsbjalli. Vestan í honum stóð bærinn Eskiholt. Síðar varð að flýja með bæinn undan sandinum skamman spöl til vesturs og lokst til suðvesturs þar sem hann stóð þar til hann fór í eyði 1882." Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: "Eskiholt stóð stuttri bæjarleið í útnorður frá Mörk, vestan undir suðurendanum á dálitlum ási, sem heitir Eskiholtsbjalli. ... Eskiholtsbjalli er sú eina hæð, önnur enn Skarðsfjall, sem tekur upp úr hrauninu, er liggur undir jarðveginum í allri Landsveit fram til Lækjarbotna. Rústin er mikil ummáls og virðist þar hafa verið stórbýli; en er uppblásið fyr enn menn hafa sögur af. Hafði bærinn þá verið byggður aftur nokkru utar, en eyðst að nýju. Þá var hann aftur fluttur legra út eftir, nær Skarðsfjalli, og þar hélzt hann til 1882, en var þó mjög lelegt býli." "Eskiholt. Eskiholtsbær hefur staðið á þremur stöðum. Elzta bæjarstæðið, Eskiholt I, er hár melgrashóll á gráleitum hjalla litlu framar (suðvestar) en undir miðri norðvesturbrekku Eskiholtsbjalla. Í ferð okkar um þessar slóðir 18. júní, fann Ingar Árnason á Bjalla hraunstein, sem í henfru verið höggvin fallega löguð hola, um 15 cm að lengd, en lítið eitt færri cm að breidd, sennilega berzluker; fannst þetta utan í leifum kofa, sem verið hefur vestan íháhólnum, og gæti þarna hafa verið smiðja. Kerið er nen geymt á Bjalla, en ég hvatti til þess að því yrði komið til varðveizlu að byggðasafninu á Skógum. Vestan þessa bæjarhóls og Bjallans er lægð, sem virðist hafa verið mýri fyrrum, en á lágum dökkleitum, örfoka hól fast vestan þessa sunds, um 250 m norðvestur af Eskiholti I, hefur Eskiholt II staðið. Þetta hefur að vísu verið undarlega stuttur bæjarfluttningur, enda herma munnlegar og skriflegar heimildir, að á miðstaðnum hafi Eskiholt staðið skamma hríð. Síðasta bæjarstæðið, Eskiholt III, eru rústir allmiklar, talsvert er þar um grágrýtirhellur og mikið af beinum og ýmsum smáminjum. Bærinn hefur staðið uppi á allmiklum hraunkambi eða brún, en hraunslétta neðan og austan við. En suðvestan sléttunnar tekur enn við hærra hraunsvæði allhólótt, að og meðfrem heiðarjaðrinum. Ingar sagði, að þegar farin var Vatnshólagata til Merkur, hefði bæði Vörðuhóll og Eskiholt verið á vinsri hönd, gatan lá neðan undir brúninni, sem eyðibýlið stóð uppi á. Síðasta bæjarstæðið Eksiholts er nú grænleitur hraunhóll, sem sker mjög úr við umhverfið; örfoka hraun, sem nú er tekið að gróa nokkuð. Eskiholt fór alfarið í eyði 1882."
Heimildir: SB V, 134; Ö-Skarð, Króktún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjum, 3-4; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 5-6

RA-470:005 *Sæmundartættur* tóft fjárhús
"Sæmundartættur eru sauðahústættur 200-300 m norður af Imbuhól, kenndar við Sæmund Arnbjörnsson í mörk. Hann byggði þennan litla sauðahúskofa, og heytótt fast norðan við, er hann bjó í Mörk. Tættur þessar eru í þeim hluta Eskiholtslands, sem nú er í eigu Skarsðbónda." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarð, Króktún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjum, 12

RA-470:006 *Síðunes* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
"Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness og Ekiholts. Síðuness-rústir eru suðvestaní hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt ..." BJ: "Þar í brúninni hefir fyrri skömmu blásið upp bæjarrúst. Talsvert grjót er í henni, sem liggur á dreif, og er því óhægt að ákveða undirstöður nema hér og svar. Enda voru þær nokkuð gengnar úr lagi, því jarðvegurinn er sendinn og halli nokkur. Þó má sjá, að aðaltóftin, bæjarhúsið, hefir verið hér um bil 12 faðma löng og um 1 1/2 faðm breið og hefir enginn miðgafl verið í hennni, svo séð verði. Fleiri tóftir eru þar og allar óglöggvar." B.J getur þess til að bærinn hafi heitið Síða.
Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 68; B J: "Fornleifar í Landsveit" Árbók 1907, 26-27

RA-471 Ósgröf
10 hdr., 1708, Skarðskirkjueign. 1626: Guðrún Brynjólfsdóttir selur sinn hluta í kirkjukotinu Ósgröf. Jarðabréf, 2. 1708: "Bygð á þessarri hörðu hefur samfleytt haldist í næstu 8 ár, þángað til var hún í eyði frá síðasta Hekluklaupi. Áður var byggíngin eins og nú." JÁM I, 282 Í eyði árið 1919. 1917: Tún 0,9 ha, sléttað 0,6 ha, garðar 254 m² "Tún var grasgefið en lítið og engjar litlar og lélegar. Allmikið skóglendi átti jörðin norður við Landkóga." SB V, 156

RA-471:001 *Gamla Ósgröf* bæjarhóll bústaður
"Bærinn Ósgröf stóð framan við Stekktúnslæk, gegnt Skarfanesi, en fór í eyði 1919. Áður var Ósgröf austarlega

og ofarlega á Miðklofa; þaðan var bærinn fluttur 1890 og heitir þar síðan Gamla-Ósgröf." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 134; Ö-Ósgröf, 11; Túnakort 1917

RA-471:002 *Ósgröf* bæjarstæði bústaður
"Bærinn Ósgröf stóð framan við Stekktúnslæk, gegnt Skarfanesi, en fór í eyði 1919. Áður var Ósgröf austarlega og ofarlega á Miðklofa; þaðan var bærinn fluttur 1890 og heitir þar síðan Gamla-Ósgröf." Segir í Sunnlenskum byggðum. "... árið 1890 er bóndinn Ólafur Ólafsson, orðinn svo hræddur um bæinn, að hann flytur hann vestur á lækjarbakkann gegnt Skarfanesi, en tókst ekki að rækta tún þar ..."
Heimildir: SB V, 134; GÁ: "Uppblástur og eyðing býla í Landsveit" Minningarit Sandgræðslunnar 1958, 60

RA-471:003 *Skógarvað* heimild um vað
"Við landamerki milli Ósgrafar og Yrja, suður frá Skógarvaði ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 11

RA-471:004 *Dansdalur* örnefni leikvöllur
"Austan við Hábrúnarbrekkuna, austur við nessjaðarinn, er allstór, sléttur dalur, sem heitir Dansdalur." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 11

RA-471:005 *Galtalækjargata* gata leið
"Frá Ósgrafarbæ [001 eða 002?] liggur götuslóði, sem orðinn er óglöggur, til suðausturs í áttina til Galtalækjar; nefnist hann Galtalækjargata." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:006 *Stekkartún* örnefni stekkur
"Í hraunbrúninni inn frá Galtalækjargötu [005] kemur upp lækur, sem nefnist Stekkartúnslækur eftir gömlu stekkartúni frá Ósgröf." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:007 *Stekkatúnsvað* heimild um vað
"Um Miðklofa liggur löng, barðabrött laut frá Stekkatúnslæk vestarlega austur að hrauninu. Er hún grynnri að austanverðu og heitir Stekkartúnslaut. Þar sem Stekkatúnslaut liggur að læknum, er að á honum, er nefnist Stekkatúnsvað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:008 *Sauðavað* heimild um vað
"Annað vað [en 007] litlu nær Ósgrafarbæ nefnist Sauðavað." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:009 *Litlabrú* heimild um brú
"Í túnjaðrinum norðaustur frá bænum var brú á Stekkatúnslæk, fáum föðmum frá þeim stað, þar sem hann sameinast Djúpalæk; hét hún Litlabrú." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:010 *Stórabrú* heimild um brú
"Í túnjaðrinum norðaustur frá bænum var brú á Stekkatúnslæk, fáum föðmum frá þeim stað, þar sem hann sameinast Djúpalæk; hét hún Litlabrú. Er það nafn andstaða við Stóra-brú, sem er á Dúpalæk, alveg þar sem hann sameinast Stekkatúnslæk." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 12

RA-471:011 varða
"Í hrauninu skammt suðsuðaustur frá Ósgröf, hægra megin við Galtlækjargötuna, fast við hana, er allstór klettur með lítilli vörðu eða smásteinum uppi á; heitir hann Karlssteinn eða Stóri-steinn. Sennilega mun hann vera utan takmarka Ósgjafarlans, þótt nafn hans sé tekið hér með." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ósgröf, 13

RA-472 Skarfanes
30 hdr., 1708. Jörðin nefnd í Landnámu. ÍF I, 351. 1332. Jarðarinnar getið í máldaga Skarðakirkju. DI II, 695-

696. “Efst í Landsveit er landnámsjörðin og eyðibýlið Skarfanes. ... Land jarðarinnar er víðáttumikið og liggur á löngum kafla að Þjórsá. Þarna hafa verið landkostir góðir fram eftir öldum og skóglendi vítt og fagurt.” Jörðin í eyði frá 1941, íbúðarhúsið flutt. 1708: “Af landinu brýtur Þjórsá, líka gengur á hagana blásturs sandur.” JÁM I, 282 1917: Tún 3,5 ha, sléttað 2 ha, garðar 662 m²

RA-472:001 *Elsta Skarfanes* bæjarhóll bústaður **Friðlýstar fornleifar**
“Sandfok gekk stórum á gróðurlendi Skarfaness og var bærinn fluttur fjórum sinnum undan sandi. Lengst stóð bærinn þar sem nú heitir elsta Skarfanes. Er bæjarstæðið ógróið á eyðisandi.” “Vestan við Ósgrafarbotna er Elsta- eða Forna-Skarfanes; þrír lágir grjóthólar, en miðhóllinn stærstur og líklegt að þar hafi bærin staðið.” Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: “Þar eru 3 rústir og er miðrústinmest; mun það vera bæjarrústin. ... En nú er þar allt blásið og enginn veit, hve langt er síðan bærinn var fluttur þaðan. Stóð hann, frá því menn vita fyrst, kippkorn norðar. En 1864 var hann færður undan sandfoki þangað, sem hann er nú; löngum stekkjarvegi framar með læknum.” BJ: “Rústirnar eru hjá efstu upptökum Skarfanesslækjar, sem í fornöld mun hafa heitið Engá, og rennur í Þjórsá um Yrjaós. Þær eru í þremur smáhólum og örskamt milli. Á mið-hólnum hefur sjálfur bærinn verið og er rústabungan yfirum hann þveran frá austri til vesturs. Sunnanundir hennir er hóllinn lítið eitt lægri. Virðist þar votta fyrir stuttri veggjarundirstöðu svo sem 4 fðm. frá suðurbrún bungunnar. hjá henni fundum við hauskúpu, sem eigi var aalveg ofanjarðar. Vildum við fornvitnast um hvort þar væri meira, og fundum þá leifar af heilli beinagrind sem sneri frá vestri til austurs. Svo nærri var komið að hún blési upp, að moldarlagið sem hún lá í, var varla 1/2 al þykkt. Undir því var 8 þml. þykkt lag af svörtum vikri og þar undir annað af hvítum vikri, vel 12 þuml. þykkt. Undir því var 2 þuml þykkt moldarlag en svo aftur hvítur vikur. Þetta sáum við í gröf þeirra er við grófum beinin í, ásamt 4 öðrum hauskúpum, sem þar láu í sandinum uppblásnar, og höfðu borist sín í hverja áttina. yfir gröfina settum við leiði af grjóti.”

“Elzta-Skarfanes, öðru nafni Forna-Skarfanes, stóð “norðan við upptök Skarfaneslækjar” (Litlalækjar) “eins og þau eru nú.” Þar “eru 3 grjótbreiður allmiklar á örblásnu landi, og er miðbreiðan mest og sýnilega bæjarrúst ... Sunnan við hana hafa á síðari árum komið upp nokkur mannabein, sem benda til, að þar hafi verið legstaður ...”
Heimildir: SB V, 133, 156; Ö-Skarfanes viðb., 2; ÁG Friðlýsingarskrá, 69; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 6; B J: “Fornleifar í Landsveit” Árbók 1907, 28

RA-472:002 heimild um bænhús
“Kirkja var þar á miðöldum og sést enn vel til kirkjugarðsins framan í bæjarrústinni.” Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: “Rústirnar eru hjá efstu upptökum Skarfanesslækjar, sem í fornöld mun hafa heitið Engá, og rennur í Þjórsá um Yrjaós. Þær eru í þremur smáhólum og örskamt milli. Á mið-hólnum hefur sjálfur bærinn verið og er rústabungan yfirum hann þveran frá austri til vesturs. Sunnanundir hennir er hóllinn lítið eitt lægri. Virðist þar votta fyrir stuttri veggjarundirstöðu svo sem 4 fðm. frá suðurbrún bungunnar. hjá henni fundum við hauskúpu, sem eigi var aalveg ofanjarðar. Vildum við fornvitnast um hvort þar væri meira, og fundum þá leifar af heilli beinagrind sem sneri frá vestri til austurs. Svo nærri var komið að hún blési upp, að moldarlagið sem hún lá í, var varla 1/2 al þykkt. Undir því var 8 þml. þykkt lag af svörtum vikri og þar undir annað af hvítum vikri, vel 12 þuml. þykkt. Undir því var 2 þuml þykkt moldarlag en svo aftur hvítur vikur. Þetta sáum við í gröf þeirra er við grófum beinin í, ásamt 4 öðrum hauskúpum, sem þar láu í sandinum uppblásnar, og höfðu borist sín í hverja áttina. yfir gröfina settum við leiði af grjóti.” “Árið 1972 komu menn sem lögðu raflínu frá orkuverinu við Búrfell niður á mannabein, fjórar beinagrindur eða hluta af þeim, í Elsta-Skarfanesi. Nokkrum áratugum fyrr höfðu mannabein fundist á þessum slóðum.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB V, 133, 156; B J: “Fornleifar í Landsveit” Árbók 1907, 27-28

RA-472:003 *Skarfanes* bæjarstæði bústaður
“Sandfok gekk stórum á gróðurlendi Skarfaness og var bærinn fluttur fjórum sinnum undan sandi. Lengst stóð bærinn þar sem nú heitir elsta Skarfanes. Er bæjarstæðið ógróið á eyðisandi.” “Héðan [001] mun Skarfanes hafa verið flutt á 18. öld nokkur hundruð metra spöl norður á svonefnda heiði, þar sem nú heitir Gamla-Skarfanes. Skarfanesbóndi varð að flýja undan sandi með bæ sinn 1864 suður að Ósgrafarlæk austan og ofan við nes, sem Gráviðarnes heitir. Fimm árum síðar var talið að gróður væri að ná yfirhöndinni á heiðinni, og var þá aftur flutt þangað, enda lá sá staður betur við landsnytjum.” Segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: “Þar eru 3 rústir og er miðrústinmest; mun það vera bæjarrústin. ... En nú er þar allt blásið og enginn veit, hve langt er síðan bærinn var fluttur þaðan. Stóð hann, frá því menn vita fyrst, kippkorn norðar. En 1864 var hann færður undan sandfoki þangað, sem hann er nú; löngum stekkjarvegi framar með læknum.”
Heimildir: SB V, 133-4, 156; B J: “Skrá yfir eyðibýli ...” Árbók 1898, 6

RA-472:004 *Skarfanes* bæjarstæði bústaður
“Sandfok gekk stórum á gróðurlendi Skarfaness og var bærinn fluttur fjórum sinnum undan sandi. Lengst stóð bærinn þar sem nú heitir elsta Skarfanes. Er bæjarstæðið ógróið á eyðisandi.” “Skarfanesbóndi varð að flýja

undan sandi með bæ sinn 1864 suður að Ósgrafarlæk austan og ofan við nes, sem Gráviðarnes heitir. Fimm árum síðar var talið að gróður væri að ná yfirhöndinni á heiðinni, og var þá aftur flutt þangað, enda lá sá staður betur við landsnytjum." Segir í Sunnlenskum byggðum.

BJ: "Þar eru 3 rústir og er miðrústinmest; mun það vera bæjarrústin. ... eEn nú er þar allt blásið og enginn veit, hve langt er síðan bærinn var fluttur þaðan. Stóð hann, frá því menn vita fyrst, kippkorn norðar. En 1864 var hann færður undan sandfoki þangað, sem hann er nú; löngum stekkjarvegi framar með læknum."
Heimildir: SB V, 133-4, 156; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 6

RA-472:005 *Skarfanes* bæjarstæði bústaður
"Sandfok gekk stórum á gróðurlendi Skarfaness og var bærinn fluttur fjórum sinnum undan sandi. Lengst stóð bærinn þar sem nú heitir elsta Skarfanes. Er bæjarstæðið ógróið á eyðisandi." "En aftur sótti í sama horf, og 1874 varð enn að flytja suður að læk, þar sem Skarfanes stóð uns búskap lauk þar árið 1941." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SB V, 134, 156; Túnakort 1917

RA-472:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-472:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-472:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-472:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-472:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

RA-472:011 *Hestaréttardalur* örnefni rétt
"Suður frá Elzta-Skarfanesi [001] var Skarfanesheiði. Í heiðinni eru Hestaréttardalur ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:012 *Fjárhúsadalur vestri* örnefni fjárhús
"Suður frá Elzta-Skarfanesi [001] var Skarfanesheiði. Í heiðinni eru Hestaréttardalur, Gráblesudalur, Djúpidalur, Fjárhúsdalur vestri ..." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:013 *Fjárhúsdalur eystri* örnefni fjárhús
"Suður frá Elzta-Skarfanesi [001] var Skarfanesheiði. Í heiðinni eru Hestaréttardalur, Gráblesudalur, Djúpidalur, Fjárhúsdalur vestri, Fjárhúsdalur eystri." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:014 *Hómavað* heimild um vað
Landamerki 1893: "First: er þúfa með grjóti í, við hómavað á Irjaósi úr þeirri þúfu eftir garðlagi í beina stefnu í "grænós" sem ber frá þúfunni norðanvert við "Hagagil" (fyrir utan Þjórsá" þaðan ræður Þjórsá merkjum þar til austanvert við grentanga, þaðan vestantil í Seljubrúnir, þaðan í lækjarbotnin norðan í Ósgrafartorfu, ræður svo sá lækur merkjum í áðurnefnda þúfu."
Heimildir: Ö-Skarfanes viðb., 1

RA-472:015 garðlag landamerki
Landamerki 1893: "First: er þúfa með grjóti í, við hómavað á Irjaósi úr þeirri þúfu eftir garðlagi í beina stefnu í "grænós" sem ber frá þúfunni norðanvert við "Hagagil" (fyrir utan Þjórsá" þaðan ræður Þjórsá merkjum þar til austanvert við grentanga, þaðan vestantil í Seljubrúnir, þaðan í lækjarbotnin norðan í Ósgrafartorfu, ræður svo sá lækur merkjum í áðurnefnda þúfu."
Heimildir: Ö-Skarfanes viðb., 1

RA-472:016 *Berfótavað* heimild um vað
"Af Bugnum óð fól stundum berfætt yfir lækinn að Ósgröf, heitir þar Berfótavað." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Skarfanes, 3

RA-472:017 heimild um hesthús
“Norðvestur á túninu, fáa faðma frá bænum [001?], er lítill hóll, er nefnist Þorbjargarhóll. Ber hann nafn af því, að þar sem hann er nú, var fyrr á tímum hesthús en í því hesthúsi vann kona, er Þorbjörg hét, að vefnaði um síðustu aldamót.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 3

RA-472:018 *Vesturhesthús* heimild um hesthús
“Á norðurhluta túnsins eru hesthús tvö, en annað norður frá bænum en norðvestur frá hinu hesthúsinu, og nefnist Vesturhesthús ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 3

RA-472:019 *Norðurhesthús/Austurhesthús* heimild um hesthús
“Á norðurhluta túnsins eru hesthús tvö, en annað norður frá bænum en norðvestur frá hinu hesthúsinu, og nefnist Vesturhesthús, en hitt er norðaustur frá bænum og nefnist Norðurhesthús eða Austurhesthús.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 3

RA-472:020 *Skógarvaðsgötur* gata leið
“Eftir því [Gráviðarnesi] liggja götur frá túninu að vaði á læknum; er það vað rétt við landamerki Ósgrafar og Yrja og nefnist Skógarvað [sjá Ósgröf], en göturnar nefnast Skógarvaðsgötur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 4

RA-472:021 *Kúavað* heimild um vað
“Skammt fyrir framan túnið var áður var á læknum úr Gráviðarnesinu yfir til Ósgjafarlands, nefnist það Kúavað, eigi er það framar notað.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 4

RA-472:022 heimild
“Vestur frá bænum, spölkorn norður frá Löngulág, hefst dálítill, samfelldur grashryggur, með fjárgötuslóða á. Stenfir hann norðvestur til útmela, sem síðar verður greint frá, og endar rétt hjá þeim. Hryggur þessi mun vera gamall garður, sem fallið hefur og gróið upp.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 4

RA-472:023 *Gaukhöfðagata* gata leið
“Vestur frá bænum, spölkorn norður frá Löngulág, hefst dálítill, samfelldur grashryggur, með fjárgötuslóða á. Stenfir hann norðvestur til útmela, sem síðar verður greint frá, og endar rétt hjá þeim. Hryggur þessi mun vera gamall garður, sem fallið hefur og gróið upp. Götuslóðinn á hrygg þessumm nefnist Gaukhöfðagata eða öllu heldur Gaukhöfðavaðsgata, því hún liggur í áttina til Gaukhöfðavaðs, sem er vað á Þjórsá norðvestur frá Skarfanesi og kennt við Gaukshöfða í Hagafjalli hinum meign Þjórsár.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 4

RA-472:024 *Gaukshöfðavað* heimild um vað
“Vestur frá bænum, spölkorn norður frá Löngulág, hefst dálítill, samfelldur grashryggur, með fjárgötuslóða á. Stenfir hann norðvestur til útmela, sem síðar verður greint frá, og endar rétt hjá þeim. Hryggur þessi mun vera gamall garður, sem fallið hefur og gróið upp. Götuslóðinn á hrygg þessumm nefnist Gaukhöfðagata eða öllu heldur Gaukhöfðavaðsgata, því hún liggur í áttina til Gaukhöfðavaðs, sem er vað á Þjórsá norðvestur frá Skarfanesi og kennt við Gaukshöfða í Hagafjalli hinum meign Þjórsár.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 4

RA-472:025 *Lambhagagötur* gata leið
“Frá bænum liggja götur með Öldumelum vestanverðum inn í Lambhaga; nefnast þær Lambhagagötur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 7

RA-472:026 heimild um kvíar
“Innan við bæjarstæðið í Gamla-Skarfanesi er allhár hóll; halli hans móti suðvestri er nefndur Bóltún; þar var kvíaból.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 8

RA-472:027 *Heiðartóft* tóft fjárhús
“Fyrir framan Gamla-Skarfanes taka við lynghólar með lautum á milli, nefnist þar heiðin. Þar sem hallar niður af hólum þessum að framanverðu heitir Heiðarbrún. Uppi á brúninni eru rústir af fjárhúsi; nefnast þær Heiðartóft.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 8

RA-472:028 *Gamlabæjargötur* gata leið
“Frá bænum liggja götur inn að Gamla-Skarfanesi, nefnast þær gamlabæjargötur.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 8

RA-472:029 *Mannabeinahóll* mannabein legstaður
“Við botn Litla-lækjar er allstór grjóthóll. Hefur fundizt í honum forn dys, sem nú er friðlýst. Er hóllinn nefndur Mannabeinahóll.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 8

RA-472:030 tóft sel
“Þar heita Seljabrúni. Niðri á hraunsléttunni norður frá Seljabrúnum sjást leifar af húsum; hefur þar sennilega verið sel frá Skarfanesi, því að hús þessi hafa verið í Skarfanesslandi, rétt við mörk.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes, 9

RA-472:031 *Fjósdalur* örnefni fjós
“Sunnan við þær er Lækjarbotn. Norðan við hann stóð Elzta-Skarfanes [001]. Þar hefir verið stórt tún, og hafa örnefni í túninu geymst í manni manna. Þau eru þessi: Fjósdalur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:032 *Hesthúsdalur* örnefni hesthús
“Sunnan við þær er Lækjarbotn. Norðan við hann stóð Elzta-Skarfanes [001]. Þar hefir verið stórt tún, og hafa örnefni í túninu geymst í manni manna. Þau eru þessi: Fjósdalur, Hesthúsdalur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:033 *Fornafjósdalur* örnefni fjós
“Sunnan við þær er Lækjarbotn. Norðan við hann stóð Elzta-Skarfanes [001]. Þar hefir verið stórt tún, og hafa örnefni í túninu geymst í manni manna. Þau eru þessi: Fjósdalur, Hesthúsdalur, Þorsteinsdalur, Vatnsdalur, Fornafjósdalur ...” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:034 *Stóragerði* örnefni
“Vesturtúninu [við 001] var skipt í gerði, er nefnd voru Atóragerði og Litlagerði, í því var Miðmundarflöt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-472:035 *Litlagerði* örnefni
“Vesturtúninu [við 001] var skipt í gerði, er nefnd voru Atóragerði og Litlagerði, í því var Miðmundarflöt.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skarfanes ÞB, 2

RA-681 Fornleifar á fl en einni jörð

RA-681:001 *Merkurgata* gata leið
“Leiðin frá Leirubakkahverfi upp að Mörk lá um hraunið sunnan engigarðs, um eða fyrir norðausturenda torfunnar og svo áfram í stefnu á Mörk. Gatan var, að minnsta kosti í Leirubakkahverfi, kölluð Merkurgata.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 8

RA-681:002 *Stóruvallagata* heimild um leið
“Stóruvallagata hét hin gamla leið milli Hellnahverfis og Stóruvalla, í höfðastefnu beint milli bæjanna. Lá beint til suðurs vestan við háa hraunhrygginn, þar sem Gamli-Vindás stóð, og vestan við LitlaSelhól og yfir Stóruvallalæk við samnefndan bæ.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fellsmúli viðb., 5

RA-681:003 vegur leið
"Hann [Selhóll RA-440:016] er rétt sunnan við gamal þjóðveginn, sem í notkun var fram um eða rétt eftir 1940, og sýndur er á eldri útgáfum herforingjaráðskortanna. Vel mótar fyrir þeim vegin enn; hann lá yfir brúna hjá rjómabrúinu og þá til norðausturs austan Skyggnir og vestan við sauðahúsið frá Múla, vestan Grjóthóla og norðvestan Selhóls og síðan þráðbeint að kalla í stefnu á Múla.
Heimildir: Ö-Hellar og Múli IE, 14

RA-681:004 garðlag
"Mjög langur garður eða upphækkaður vegur liggur fyrri ofan Stóra-Klofa og nær næstum yfir þveran hreppinn (um 1/2 mílu) og er eignaður Torfa, sem var frægastur maður þar." PS: "Geta má hér og garðs þess mikla, sem að fornu hefir hlaðinn verið næstum yfir þvera ytri Rángárvelli, og sem enn sér merki til." PS: "Garðr þessi lá fyrir ofan Stóra-Klofa og austr að Rángá, og vestr á Skarðsfjall, og hefir hann þá, eptir ágizkun, verið nokkur þúsund faðma lángr. Garðr þessi hefir verið mesta mannvirki, en ekki er ljóst, hver hann hafi gjöra látið. Það eru fornar sagnir, að Torfi ríki í Klofa hafi látið leggja hann, til að reka eptir honum fé sitt í harðindum út á Skarðsfjall, eða austr að Rángá, þar sem það náði lengst til haga. Það er ei ólíklegt, að garðrinn hafi meðfram til þessa bygðr verið, því í Klofa landi, nærri garðinum, hafa sést uppblásin fjárborgarstæði mörg, hvort sem að Torfi hefir látið leggja garðinn að grundvelli, eða hann verið fyr gjörðr, en Torfi aukið hann og endrbætt." "Sennilega er þar einn af þessum greinilegu, en oft furðulegu görðum frá fornöld, sem má sjá svo víða á íslandi og eru taldir landamerkjagarðar milli jarða. Oft er gizkað á að þetta hafi verið göngugarður ..."
Heimildir: KK I, 151;, PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 539

RA-681:005 *Fjallabaksvegur nyrðri* heimild um leið
Hann hefst við Galtalæk á Landi og nær austur í Skaftafellssýslu.
Heimildir: ÁFÍ 1966, 33

RA-683 Landmannaafréttur/Glæður

"Afrétt á jörðin sem aðrar í Landamannahrepp, sem af flesturm búendum á Landi er halinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahreppi brúkað hann til fjelags með Landamönnum og Landmenn í sama máta Holtmanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná og vita menn ekki fyrir víst, hver afrjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir." JÁM I, 281. Landmannaafréttur nær frá norðurhlíðum Heklu, um há-Torfajökul að Kirkjufellsvatni og ós, er úr því fellur í Tungnaá. Landmenn eiga einnig afrétt norðan við Tungnaá í Veiðivötnum (RA-684) en Tungnaá ræður merkjum við afrétti Holtamanna. - "Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna." GR I, 257

Um ferjustaði og vöð á Tungnaá sjá nyrðri afréttina - Holtamannaafrétt, Þóristungur og Veiðivötn. - Lambafit - stór grasflöt sem var með fram Helliskvísl, sem Lambafitjahraun frá 1913 dregur nafn sitt af, rann það yfir fitina og huldi með öllu. Hafði það verið siður Landmanna að sleppa þar fráfærulömbum á vorin, er þau voru rekin á fjall -- HB Sumar, 75-76

RA-683:001 *Áfangagil* tóftir sæluhús
Tóftir leitarmannakofa í Áfangagili vestan í Valafelli "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" "Um mjög langa tíð hefir verið sæluhús í Áfangagili. Sér þar votta fyrir fornum tóttabrotum."
Heimildir: GR I, 253

RA-683:002 *Áfangagil* heimild um sæluhús
Leitarmannakofi frá 19. öld í Áfangagili vestan í Valafelli. "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" "Fram um síðustu aldamót var þar afarforn torfkofi, borghlaðinn úr hnaus, og stæði sennilega enn ef eigi hefði blásið að utan fyrir hirðuleysi. Í honum gátu hafst við 4-5 menn. Eftir að kofi þessi hrundi, var byggður annar úr torfi og grjóti með járnþaki. Tekur hann sex menn á bálka og fjóra hesta." Getið í frásögn af eftirleitum 1886 .
Heimildir: GR I, 253, 336

RA-683:003 *Áfangagil* heimild um sæluhús
Leitarmannakofi frá um 1900 í Áfangagili vestan í Valafelli. "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" "Um mjög langa tíð hefir verið sæluhús í Áfangagili. Sér þar votta fyrir fornum tóttabrotum [RA-683:001]. Fram um síðustu aldamót var þar afarforn torfkofi, borghlaðinn úr hnaus, og stæði sennilega enn ef eigi hefði blásið að utan fyrir hirðuleysi. Í honum gátu hafst við 4-5 menn [RA-683:002]. Eftir að kofi þessi hrundi, var byggður annar úr torfi og grjóti með járnþaki. Tekur hann sex menn á bálka og fjóra hesta." "Hafi einhverjum ekki tekist að útvega sér tjaldrúm, leita þeir sér skjóls í kofanum, og þykir ekki vegsauki í fyrsta safni, og eru þeir kallaðir kofabúar." Kofarnir fyrst og fremst notaðir við eftirleitir.
Heimildir: GR I, 253, 259

RA-683:004 *Áfangagil* heimild um náttstað
"Tjöldin eru reist í hálfhring á sama hvamminum frá ómunatíð. Er hann bæði fagur og veðursæll." "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" GR I, 253 sbr. 259 um óróa í hestum.
Heimildir: GR I, 253, 259

RA-683:005 *Landmannahellir* heimild um náttstað
"Þegar komið er að Landmannahelli, reisa Hellismenn tjöld sín á bakka Helliskvíslar, niður og vestur af Hellisdyrum." - "Há og svipmikil fjöll eru umhverfis og flest gróin að efstu brún. Á láglendi eru þar og sæmilegir hesthagar."
Heimildir: GR I, 260

RA-683:006 *Landmannahellir* heimild um sæluhús
"... var smákofi í Hellisdyrum." Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta . Eldri en sæluhúsið sem byggt var 1907. "Sá kofi var einkar hlýr og oftast vel um genginn, þó að gluggalaus væri. Menn tendruðu þá kertaljós og vildu ekki geyma hroðann í skúmaskotum. Ýmsir vildu halda því fram, að í kofa þessum væri ekki allt með felldu og settu í samband við mann sem endur fyrir löngu hrapaði til bana í Löðmundi í svonefndu Egilsgili, og er við manninn kennt. Engir sögulegir atburðir eru kunnir af reimleika þessum, enda töldu aðrir, að þeir væru eigi annað en dropatal í Hellinum sjálfum." Á fyrsta degi þegar tjöldin eru reist eiga Hellismenn " að hreinsa Hellinn, þ.e. moka út óhreinindi, er í hann hafa safnast árið áður." -
Heimildir: GR I, 253-254, 261

RA-683:007 *Landmannahellir* heimild um hlóðir
í Landmannahelli "voru fernar hlóðir á bálka inn með berginu vestan megin." - Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta - "Þar gátu menn hitað kaffi, hvernig sem veður var, þó að reykur væri þar fullmikill inni, ef vindur stóð upp á dyrnar. Tjöld voru fleiri en hlóðir, og urðu því sumir að bíða, þangað til aðrir voru búnir að hita, en skylt var að láta þá vita, þegar hlóðir losnuðu, enda er mikilsvert að komat í þær heitar og vel lifandi glóð, því að þá þurfti miklu skemmri tíma [262] til að hita á katlinum ... Eftir að prímusar komu til sögunnar (um aldamót) breyttist þetta á skömmum tíma."
Heimildir: GR I, 253-54 , 261-262

RA-683:008 *Landmannahellir* heimild um sæluhús
"Í brekkunni skammt vestur frá Hellinum er sæluhús, byggt fyrir almannafé 1907, fullsæmilegt þegar vel er um það gengið." - Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta
Heimildir: GR I, 253-254

RA-683:009 hleðsla rétt
byrgi skammt inn með/sunnan í Hellisfjalli frá Landmannahelli. Fjárbyrgi Hellismanna voru frá ómunatíð í Suaðleysum en "við fjárfellinn mikla 1882 voru svo fáar kindur á afrétti, að eigi þótti taka því að fara með þær svo langt í burtu "fram í Sauðleysur", og var þá hlaðin smárétt fyrir þær sunnan í Hellisfjalli, er síðan var stækkuð og öðrum bætt við, eftir því sem fé fjölgði." - Eftir að Hellismenn höfðu reist tjöld sín á fyrsta degi "eiga þeir að hressa upp byrgin, sem eru þar skammt inn með jallinu og hlaðin úr vondu grjóti (þursabergi) og oft meira og minna fallin."
Heimildir: GR I, 261, 278

RA-683:010 *Hellsifjall* heimild

Áður en Laugamenn fara frá Landmannahelli á fyrsta degi gangna ganga þeir frá “heypokum sínum í smáskútum í Hellisfjali og geyma þar, þangað til þeir koma aftur austan að.”
Heimildir: GR I, 260

RA-683:011 *Landmannalaugar* heimild um náttstað
“Reisa [Laugamenn] tjöld sín á Laugarbakkanum.” - “Undan [Laugahrauni] renna tærar lindir, og samhliða þeim koma heitar lindir upp úr eyri austan við hraunið og renna saman við kalda vatnið og myndast af því dálítill lækur. Á bökkum hans er gróður fjölbreyttur og kjarngóður, smári o.fl. ... [gróðurblettur þessi er þó] eigi stærri en svo, að upp nýtist af 30 hestum á 2-3 sólarhringum.” “Þar er þurrast, en þó svo rakt, að breiða verður reiðing í botn tjaldanna, svo að eigi drepi í gegnum föt manna. Fljótlega er gengið að heitir uppsprettu og bergt á Laugakaffi.”
Heimildir: GR I, 260

RA-683:012 hús sæluhús
í Landmannalaugum. “Enn er þar með hraunbrúninni, fyrir noraðn lækinn, smákofi, borghlaðinn, yfir 100 ára gamall, og eigi að sjá, að þar hafi haggast steinn. En kaldur er hann orðinn, því að súg dregur í gegnum veggina. Þyrfti litla aðhlynningu, en aðeins aðgæslu til þess að hann stæði enn um ómælda tíð. Kofi þessi tekur aðeins þrjá menn. Hurð hefir aldrei verið fyrir honum, en heypoka stungið í dyrnar á nóttunni, á meðan sofið var þar.” Leystur af hólmi af sæluhúsi b. 1905 'Handan við lækinn er lítill dýrgripur, gerður af mannahöndum. Það er kringlóttur kofi, allur úr grjóti hlaðinn, svo þak sem veggir, en að utan þakinn grassverði að mestu. - Sagður er hann um hundrað ára gamall og lengi getur hann staðið enn.'
Heimildir: GR I, 256, - HB Sumar, 79

RA-683:013 heimild um sæluhús
Í Landmannalaugum. “Skammt neðar í brekkunni (hraunbrúninni) [en sæluhúsið frá 1927] er tóttarbrot af sæluhúsi, er byggt var 1905, en brotnaði niður sökum snjóþyngsla.” - Nýtt sæluhús var byggt ofar í brekkunni 1927 “sæmilega vistlegt og rúmgott” 'Rústir af sæluhúsi, sem byggt var laust eftir síðustu aldamót, eru í hraunjaðrinum, en það sligaðist af snjóþyngslum, svo að það var endurbyggt 1927 á hærri og snjóléttari stað.' –
Heimildir: GR I, 256; HB Sumar, 79

RA-683:014 heimild um rétt
Í Landmannalaugum Á fyrsta degi þegar búið er að tjalda “er farið að byrgjunum (réttir, sem féð er geymt í á nóttum), og hresst við, ef úr hefir fallið frá því árið áður, sem venjulega er lítið. Þau byrgi eru hlaðin úr góðu hrungrjóti.” “Allmiklu sunnar [en sæluhúsið] við hraunið er sú rétt, sem nú er notuð til fjárgeymslu.”-
Heimildir: GR I, 260; HB Sumar, 79

RA-683:015 heimild um rétt
“Fyrrum, og frá ómunatíð, voru fjárbyrgi Hellismanna suður í Sauðleysum, meira en hálftíma ferð frá Hellinum.” 1882 var byrjað að hafa í byrgjum við Hellisfjall og hafa þá byrgin í Sauðleysum lagst af
Heimildir: GR I, 278

RA-683:016 *Jónsvarða* örnefni
“Reykjadalamenn fara ... að smalaleiðum Rangvellinga sunnan Markarfljóts, við Blautukvísl og Jónsvörðu ...”
Heimildir: GR I, 263

RA-683:017 *Vaðfit* örnefni
Vaðfit er á austurbakka Þjórsár sunnan við Sultartanga þar sem Tangavað [RA-673:024] var
Heimildir: Hkort

RA-683:018 heimild um kolagröf
Kolagrafir í Sölvahrauni. -Skógur í Sölvahrauni og kolagrafir 'Fyrir tiltölulega skömmu hafði það verið alvaxið skógi, sem var höggvinn svo miskunarlaust, að nú sér þar enga hríslu, en kolagrafir hér og þar bera vitni um það sem var.'
Heimildir: HB Sumar, 72

RA-683:019 *Byrgi* heimild um rétt
'Rétt við veginn [Landmannaleið] þar [austan til í Sölvahrauni] eru gerði nokkur, sem Byrgi heita, og geyma gangnamenn þar fé sitt í seinni leitum á haustin. Hefur túngresi mikið vaxið þar upp af sauðataðinu og þótti klárunum gott að grípa þar niður ...'

Heimildir: HB Sumar, 72

RA-683:020 heimild um rétt
Landmannalaugar: “Byggingaleifar fornar eru við hraunröndina, skammt frá litla kofanum, og lítur helzt út fyrir, að þar hafi fjárréttir verið.” “Kaldavermsl mörg vella þar undan hrauninu og hafa myndað mýrarsvakka, svo að hleðslur allar hafa mjög sokkið, og er óhugsandi, að í því feni hafi verið byggt frá upphafi, svo að uppspretturnr hafa hlotið að koma fram síðar, sennilega við jarðskjálfta eða annað rask.”
Heimildir: HB Sumar, 79

RA-683:021 *Brennisteinsalda* náma
Brennisteinsalda er sunnan Laugahrauns á Landmannaafrétti “Þarna hleðst brennisteinninn upp í háar hrúgur umhverfis hveraaugun, engum til nota, nema þá sjaldan gangnamenn hafa tekið dáitið af honum í vettling sinn og haft til að bræla fjárhús, en nú mun það að mestu lagt niður.”
Heimildir: HB Sumar, 81

RA-683:022 *Torfajökull* þjóðsaga
Þjóðsaga um að Torfi í Klofa hafi flúið pláguna seinni (1443) með allt sitt hyski og búfénað og haldið upp í jökul þann, er síðan er við hann kenndur, og hafzt þar við í stórum og frjósömum dal, unz plágunni létti. Gekk hann öðru hvoru upp á jökulinn og sá þá bláa móðu upp í miðjar hlíðar byggðafjallanna, og var það veikin. Er móðan var horfin, hélt hann til byggða og var þá plágunni aflétt, en sagt var að sumu fólki hans hafi fallið svo vel vistin í dalnum í jöklinum, að það ílengdist þar og gerðist reglulegir útilegumenn.”
Heimildir: HB Sumar, 82

RA-683:023 *Jökulgil* þjóðsagaútilegumannab ústaður
“... sagt var að sumu fólki [Torfa í Klofa sbr. RA-683:022] hafi fallið svo vel vistin í dalnum í jöklinum, að það ílengdist þar og gerðist reglulegir útilegumenn. Mun það vera Jökulgil, sem munnmælin gerðu að frjósömum dal, og var því almennt trúað statt og stöðugt, að þar byggju útilegumenn, þar til Landmenn tóku sig til og könnuðu það árið 1852, og hafa þeir leitað það síðan á hverju hausti.”
Heimildir: HB Sumar, 82

RA-683:024 *Frostastaðir* örnefni býli
“Þó Húngurvaka segi að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla þíngstaður, þá viet eg ei nje heyrt hefi eyðijarða nöfn fyrir norðan Næfurholt, nema einasta Frostastada, hvar þó ekkert um fyrir mjer hefi annað en gamalla manna mál, þá eg úngur um þann afrjett í lambasafn með öðrum reið; þar er stöðuvatn, sem kallast Frostastaðavatn.”
Heimildir: JÁM I, 278

RA-683:025 heimild
“Við vatnið [Frostastaðavatn] er sagt til vergagna sjáist, sagt er þar hafi fólk við legið við veiðiskapar. Þetta er vestarlega í Lanmanna afrjett nú nefndum.”
Heimildir: JÁM I, 278

RA-683:026 *Dómdalur* örnefni
“Í vestur ei lángt frá þessu Frostastaða vatni er dalur breiður, grasi vaxinn kallaður Dómadalur; getið er þar hafi þíngstaður verið og dómar gengið.”
Heimildir: JÁM I, 278

RA-683:027 *Fjallabaksvegur nyrðri* heimild um leið
GÁ: “Frá Galtalæk á Landi að Svarta-Núp í Skaftártungu liggur varðaður vegur, sem kallaður er Fjallabaksvegur nyrðri. Liggur hann eftir afréttinum.”
Heimildir: GÁ: “Örnefni á Landamannaafrétt” Árbók 1928, 81

RA-683:028 *Kirkjufell* örnefni
GÁ: “Vestan við vatnið [Kirkjufellsvatn] er hátt fell, gróðurlaust, sem heitir Kirkjufell. Þar líkist mjög turnlausri kirkju að lögun séð vestan að.”
Heimildir: GÁ: “Örnefni á Landamannaafrétt” Árbók 1928, 81

RA-683:029 heimild um sæluhús
GÁ: “Meðfram Kirkjufellsósi að vestan og fyrir norðan veginn er ölduhryggur norður í Tungnaá, nafnlaus; fyrir vestan þann hrygg er hnöttótt grasigróið fell; það er Stóri-Kýlingur. Sunnan í honum er gamalt sæluhús,

endurbyggt af Skaftfellingum í mínu minni."
Heimildir: GÁ: "Örnefni á Landamannaafrétt" Árbók 1928, 81

RA-683:030 *Bóndavarða* varða
GÁ: "... miðja vega milli Bjalla og Vatnakvíslar, þar sem farið er yfir hana - er lítil grjótalda með vörðu. Varða þessi heitir Bóndavarða."
Heimildir: GÁ: "Örnefni á Landamannaafrétt" Árbók 1928, 89-90

RA-683:031 *Karl* varða
GÁ: "... miðja vega milli Bjalla og Vatnakvíslar, þar sem farið er yfir hana - er lítil grjótalda með vörðu. Varða þessi heitir Bóndavarða. Skammt austur af Blautukvíslarbotni er lítil alda með rauðleitu klettabelti efst; hún heitir Hattur; skammt í landsuður þaðan eru 2 vörður, sem heita Karl og Kerling ..."
Heimildir: GÁ: "Örnefni á Landamannaafrétt" Árbók 1928, 89-90

RA-683:032 *Kerling* varða
GÁ: "... miðja vega milli Bjalla og Vatnakvíslar, þar sem farið er yfir hana - er lítil grjótalda með vörðu. Varða þessi heitir Bóndavarða. Skammt austur af Blautukvíslarbotni er lítil alda með rauðleitu klettabelti efst; hún heitir Hattur; skammt í landsuður þaðan eru 2 vörður, sem heita Karl og Kerling ..."
Heimildir: GÁ: "Örnefni á Landamannaafrétt" Árbók 1928, 89-90

RA-684 Veiðivötn

Svæðið takmarkast af Tungnaá að sunnan og austan til upptaka við Vatnajökul. Vesturmörk eru við Blautukvísl og þaðan bein lína um Heljargjá í Tröllahraun. GR I, 300. Veiðivötn eru austasti hluti þess svæðis sem til forna kallaðist Þjórsártungur. " Veiðivatnasvæðið er á afrétti Landmanna og smala þeir einu sinni á hverju hausti. Er talsvert gróið umhverfis vötnin og í Snjóöldu, en minna í Snjóöldufjallgarði." ÚAT, 110 - "Nokkur gróður er víðast hvar á vatnsbökkunum, en mosi og annar háfjallagróður ... teygir sig upp eftir öldunum umhverfis." GR I, 256

Veiðivötn voru áður kölluð Fiskivötn og er þeirra getið í Njáls sögu ATH. "Á fyrri öldum virðist veiðin hafa verið stunduð bæði úr Skaftártungu og Rangárvallasýslu, en hin síðustu 200 ár einkum úr Rangárvallasýslu og nokkuð úr Árnessýslu." GG í ÚAT, 125 Árni Magnússon segir í Chorographicu frá um 1700: "Í Fiskivötnum veiða þeir mest í Novembri (quod fieri non deberet), er nógur silungur. Skálavatn, Tjaldvatn, Langavatn, Fossvatn eru þar sérlegustu, sem í er veitt." Chorographica, 26. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á." FSP, 649-59 og ennfremur: "Í fyrndinni kvað samt mest hafa kveðið að veiðinni í Stóra-Sjó [nú Litlisjór], en síðan hefur hún lagst af vegna þess, að menn þóttust verða varir við báta á norðanverðu vatninu og fleiri ummerkja eftir veiðiskap ókunnra manna." og "Skaftártungumenn stunduðu veiðarnar lengst, þar eð þeir eiga aðeins eina dagleið úr byggð. Þeir fóru Tungná austan við vötnin á móts við Tungnárfjall [nú Snjóalda] en það vað hefur nú færzt lengra til norðausturs, upp á móts við hvassan gadd, sem heitir Göndull [nú Nátttröll], en áin er þó sögð mjög ysjótt þar." SP Ferðabók(dagbók 1795: Ferð til Fiskivatna) 649-59. Skv. sóknalýsingu Ásprestakalls 1840 veidu Skaftártungubúar í Veiðivötnum og Landmenn og máske Rangvellingar - SSR.

Í lýsingu Stóruvallasóknar frá 1841 segir: "Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem emir var stunduð til forna en nú á tímum. Þykir það eki tilvinnandi um heysláttartímann að lát fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrögð." SSR; ath. Enn er mest veitt í vötnum þeim sem ÁM nefnir en ekki fæst branda úr Litlasjó, Grænavatni eða Ónýtavatni - ÚAT, 125-26. Veiði virðist hafa verið lítil í Veiðivötnum á 18. öld og má þar vera um að kenna tíðum eldgosum, en eftir Kötlugosið 1918 hvarf veiði úr vötnunum því sem næst gersamlega og fór ekki að votta fyrir ungviði fyrr en 4-5 árum seinna og þó talið að silungurinn hafi ekki náð sér að fullu að stærð og gæðum 20 árum seinna. Þá gæti ofveiði verið um að kenna því að reynsla hefur sýnt að séu veiddir t.d. 30 hestburðir í nokkur ár, þá þverri veiðin að miklu mun. - Guðmundur Árnason í ÁFÍ 1940.

RA-684:001 tóft útilegumannabústaður
Austan í Snjóöldufjallgarði. "Spölkorn sunnar en skútinn er [sand]vik við [Tungnaá] og nær suður þangað, sem djúpt skarð klýfur fjallgarðinn ... en austan í skarðsbrekkunni stendur mjög hár steindrangi, sem nú nefnist

“Nátttröllið”. Frá “Nátttröllinu” að skútanum mun ver nær hálfs annars klukkutíma gangur.”“Fellur Tungnaá víðast upp að fjöllunum og eru þar andskriður allbrattar upp frá ánni, en móbergshamrar ofar, undir brekkurótunum rennur áin án þess nokkurt undirlendi sé, en sums staðar verða þó sandvik milli fjalla. ... Skútinn er neðst í alháum kletti, mjög víður, ekki minna en 20 m fyrir munnann, en grunnur og hár að framan, þar eð bergið slútir raunverulega nokkuð. Niður frá skútanum er snarbrött sandskriða með mósteinum og dálitlum mosateygingum á stangli.” ... “Sé gengið með Tungná, er naumast unnt að koma auga á skútann né kofa, sem í honum leynast, þar eð bunga ofarlega í brekkunni skyggir á.” “Skútinn snýr samhliða ánni, hár og víður ... er hann ... ekki minna en 20 m langur meðfram ánni, og slútir bergið fram yfir innri brún kofaveggjanna, og er skútinn því meira en 4 m djúpur.”

Ingvar Árnason í Bjalla og Óskar Jónsson í Holtsmúla fundu fyrst hrossmjöðm uppi í sandbrekku og síðan hleðslurnar í skútanum laugardaginn í 22. viku sumars 1936. GG ofl gerðu athugun 21.9.1952 en stærri rannsóknarleiðangur með 12 mönnum var gerður 22.-24.8.1953. Kvikmynd var tekin af verkinu 21.9.1952 var rannsakaður austurhluti “mannvirkisins og komu þar í ljós lágir veggir, hvergi hærri en 90 cm, en ekki sáust leifar af þaki. Myndaðist þarna kofatótt ca. 3x3 m að stærð, og voru hlaðnir þrír veggir, en bakveggurinn var kletturinn, sem slútti alveg fram yfir kofann. Ekki fundum við annað fémætt í tóttinni en fáein bein.” ... Kofarnir voru tveir og nefni ég þann, sem var nær jöklinum, eystri kofann, en hinn vestri kofann. Kofarnir stóðu hlið við hlið, svo að einn veggur með tveim dyrum á sneri fram að ánni, sá veggur var (að utanmáli) [113] meira en 11 m langur, vestasti hluti hans var ekki grafinn fram. / Veggir eystri kofans voru hvergi hærri en 90 cm. Það var við dyrnar, sem voru nokkru vestar en á miðjum vegg. Frá dyrum austur í horn var 1,20 m. Dyrnar voru 55 cm breiðr innst, en víkkuðu lítið eitt út. Veggjaþykkt var víðast kringum 1,30 m. Kofagólfið hækkaði allmikið innan við [114] miðju, en þar lækkuðu veggir að sama skapi, þannig að yfirborð þeirra var sem næst lárétt. Eystri veggurinn náði því ekki nema vel hálfa leið inn að berginu, og var kofinn því ekki greindur frá skútanum fyrir austn, næst berginu. Vestri veggurinn náði alla leið upp að hellisveggnum. Í horninu vestan við dyrnar lágu nokkrar hellur í gólfinu. Þar voru miklar kolaleifar, en þó var þetta varla eldstæði, þar eð óbrenndum beinflísum og trjáleifum var blandað í kolin. Gólfið innan við hellurnar var einnig mjög svart af viðarkolum. Gólfskán í eiginlegum skilningi var ekki í kofanum, en þunnt mannvistarlag var þó á öllu gólfinu. Í því var mikið af beinaleifum, einkum fiskbein, og kolamylsnu, ásamt litlu af tréflísum. Svipað lag var uppi á veggjunum, einkum innanverðum, bar þar met á beina- og trjáleifum. Frá dyrum að vegg oru tæpir 3 m, en breiddin milli veggja var rúmir 3,20 m. Hér má nefna, að í loft skútans voru gerð berghöld þannig, að ýmist var borað gat í gegnum þunnan kamb í rjáfrinu eða tvær holur voru gerðar skáhallt inn í það, þannig að þær mættust inni í berginu. Vou þessi berghöld ekki færri en 30 á ýmsum stöðum í skútaþakinu.

Sú tilgáta kom fram, að tjaldað hafi verið frá veggjunum upp í loft og tjöldin bundin í berghöldin, en ekki tókst að finna neitt annað, sem styrkti þessa tilgátu, en þessi möguleiki er fyrir hendi. / Vestri kofinn var allur meiri og merkilegri en hinn. Þar höfðu veggirnir verið hlaðnir upp að hellisrjáfrinu, og hefur þetta þarmeð verið sæmileg vistarvera. Hæð veggjanna upp að þaki hefur hvergi verið mikið yfir 2,50 m. 4,65 m vestan við dyr eystri kofans lágu göng inn í vestri kofann, þau voru um 2,30 m löng og rúmlega 40 cm breið. Utarlega í göngunum var þröskuldur, steindrangi, þvert yfir þau, 12 cm hár yfir gólfið. Litlu innar lá steinn þvert yfir göngin í 65 cm hæð frá gólfi. Var aðeins brotið af öðrum enda hans, og má vera, að hann hafi legið þarna á sínum [115] stað, en hafi þó verið nokkru hærri upphaflega. Ekki fannst annar dyraumbúnaður, og hvergi fundust neinar leifar af hurð. Innan við göngin var ferhyrnt gólf um 1,50 m á hvorn veg, og var vel manngengt á gólfinu. Í því vr 10 cm þykk, hörð, flögótt gólfskán, mjög dökk að lit. Auturjaðar gólfsins var í beinu framhadi af austurvegg ganganna. Beint inn af gólfinu var bálkur eða svefnstaður, frá 1 1/2 til 2 m að lengd frá gólfi að bergi, en um 175 cm á hinn veginn. Í frambrún hans risu þrjár hellur á rönd, og var bálkurinn um 30 cm hærri en gólfið. Á honum var 5-10 cm þykkt lag af einhverjum jurtaleifum, að því er virðist einkum víðigreinum og grasi. Austan og vestan bálksins voru nokkrir steinar, en ekki mátti greina, hverjir voru upphaflegir á þeim stað eða hverjir voru úr efstu lögum veggjanna. Vestast í kofanum, vestan bálks og “gólfs”, var laust eða ótroðið lag af kolasalla og beinamylsnu, og voru fiskbein mest áberandi. Í austurbrún þessa sorplags, vestan gólfsins, lágu þrír steinar, en mynduðu ekki eiginlega hleðslu. Í innsta horni að vestan, í smugu á milli veggjar og bergs, lá hrúga af hrossleggjum, [116] sem notaðir hafa verið sem kubbar á net. Ekki er víst, að þeir hafi verið faldir þarna. Austan við gólfið risu tvær hellur á rönd, og má þó vera, að hellan hafi upphaflega verið ein, en sprungið síðar í tvennt. Austan þeirra (og bálksins) var öskuhaugur, um 25 cm hærri en gólfið. Neðst var askan ljós (viðaraska) og mikið af brunnum beinum í henni, en svartar koladrefjar innan um. Ofar vas askan dekkri og mikið af óbrunnum beina- og viðarleifum í henni.

Raunverulegt eldstæði fannst hvorki í kofunum né utan þeirra, en askan sýnir, að þar hefur þó verið kveiktur eldur. Veggir vestri kofans voru allt að 1,75 m að hæð, yfirleitt hlaðnir úr flötum mósteinum og lengsta mál þeirra 20-60 cm. Upphaflega hafa veggirnir náð allt upp í skútarjáfrið, en vænta má, að efst hafi hleðslan verið óvönduð, líklega einhlaðin og þétt með mosa og grasrót. Eins og að framan er sagt, hefur verið farið með eld í kofanum, og má því vænta, að raufar hafi verið í hleðslunni upp við bergið. Trúlegt er, að hellur, sem lágu niðri á utanverðum framveggnum, hafi verið notaðar sem hlerar fyrir vindaugu. Niðri við gólfskán innan við veggina var talsvert af grjóti, sem eflaust hefur upphaflega verið í ofanverðum veggjunum, en hrunið eftir að

íbúarnir yfirgáfu kofana. Á sorphaugnum vestan gólfsins lágu allstórar hellur og yfir þeim sandblandinn leir. Ætla má, að hellur þessar hafi verið reistar upp á rönd efst á vestri veggnum og hallað upp að berginu, en hrunið inn, er kampinn snaraðist, en hann var orðinn hrörlegur. Sandborni leirinn á hellunum gæti verið leifar af grasrót, sem notuð hafi verið til að þétta kofann. Á tveimur stöðum, innst í göngunum að vestan og í miðjum kofavegg að vestan, voru stórar hellur, meira en 1 m á lengd og allt að 80 cm á hæð, reistar upp á rönd til drýginda í hleðslu. Mjög var það misjafnt, hve langt bergveggurinn gekk fram, og á milli kofanna gekk berghaft langt fram í skútann, og var það notað sem [117] hluti af vegg á milli kofanna. Stærð vestri kofans var frá útvegg að bergi 3 m, en vegglengd frá austri til vesturs 4,30 m. Ekki var kofinn manngengur annars staðar en frammi við vegg og á öllu "gólfinu".

Utan kofanna fór ekki mikil rannsókn fram, enda ekki eftir neinu að grafa vegna staðhátta, nema fyrir austan kofana, þar er skútinn enn allhár og flatt gólfið. Austan við innri enda austasta kofaveggjarins lá dálítill steinn, og þegar hann var fjarlægður, kom í ljós, að undir honum voru hrossleggir, sem notaðir hafa verið sem kubbar á net. Þeim hafði verið raðað lögulega saman og steinninn síðan lagður yfir þá. Ekki vottaði þarna fyrir neinum netjaleifum, hvorki [118] riðils né teina, en í kringum kubbahrúguna fannst mikið af tréleifum, líkast því að það væru tálgu- eða höggspænir. Annað fannst ekki utandyra. / Loks er að geta jarðvegs þess, sem burt var grafinn, en efst var, þar sem þykast var (rétt innan við vegg), um 13 cm lag af smágervum foksandi, undir honum var svart vikurlag 90 cm þykkt, skiptist þar á grófur vikur, allt að cm í þvermál, og fíngerðari vikur eða öllu heldur aska, en ekki var vikurinn samt lagskiptur, heldur var askan í afmörkuðum fyllum í grófa vikrinum. Neðst var aftur 10 cm þykkt lag af svipuðum foksandi og efst, en aftur á móti var neðsta lagið talsvert þéttara. Þegar þess er gætt, að svona grófur, svartur vikur fýkur sem ekki, og að neðan skútans er snarbrött brekka að Tungná, og að allt sem ofan af klettunum kemur, steypist langt fram yfir skútann, enda gætir vinda ekki í skútanum, nema lítils súgs samhliða ánni, verður vikurdyngjan varla öðruvísi skýrð, en að hún hafi borizt þangað í eldgosi og hafi staðið vindur á landsunnan og gosstöðvarnar verið í þeirri átt. Nú er það ekki kunnugt, að svona grófur vikur falli öllu lengra en 25-35 km frá eldstöðvunum í lengsta lagi, en þá hlýtur vikurinn að stafa frá Skaftáreldunum 1783, því að Lakagígir eru einmitt í suðaustri til austurs og fjarlægðir til þeirra eru 20-30 km. ...

Ekki var um auðugan garð að gresja í kofanum að því er til gripa kom, en þó skal því lýst, sem fannst. / Munir úr járni. 1 lítill kengur eða lykkja, og er annar [119] armur hennar aðeins hálfur. Lengd (heila armsins) 7 cm, breidd 2,5 cm, þykkt armanna efst um 0,5 cm. 2. Þrír naglahausar, líkastir róm á hnoðnaglaendum. 3. Nokkrir litlir óskilgreinanlegir ryðkekkir. Allt er þetta afmyndað af ryði. / Munir úr tré. 1. Sívöl spýta úr furu eða greni, hálfkúlulöguð fyrir nedana, 14 cm löng og 2,5 cm gild í þvermál. Spýtan líkist mjög handfangi af hníf, en ekki hefur tangi verið rekinn í það. Spýtan er klofin í báða enda, og má [120] vera, að hnífblaði hafi verið stungið í hana öðrum megin, og þeim megin vottar fyrir ryði, en auk þess er sá endinn lítið eitt sviðinn. Spýtan fannst í holu í berginu uppi yfir vestri kofanum. Hjá henni var ofin pjatla. 2. Smáspýtur og flísar í sorpinu í vestri kofanum. 3. Spænir og flísar austan við eystri kofann. 4. Brunnar spýtur, flest mjóar greinar, en einnig viðarkol úr erlendu tré, fundnar hér og hvar. / Vefnaður. Hjá spýtunni í hellisloftinu fannst lítil, ofin pjatla, sem næst rifin í þrennt, og eru allir bútarnir ekki meira en 20 fersentimetrar. Vefnaðurinn er einskefta úr ullarbandi allsnúðhörðu, og er ívaf og uppistaða mjög vipuð. Pjatlan er græn að lit og hefur líklega verið lituð svo í upphafi. Í einn jaðarinn hefur verið stoppað með grófara bandi, og virðist það vera að einhverju leyti úr togi. Stoppið er mógult að lit. / Bein. 1. Kubbar af netjum. Ein og fyrr er getið fundust á tveimur töðum hrúgur af kubbum. Austan við eystri kofann og innst og vestast í vestri kofa. Steinn lá yfir eystri kubbunum, annað hvort til að þeir geymdust betur eða til að fela þá, en þeir vestri voru inni í afkima innst við bergið og því heldur ekki á gangvegi. Í hvorri hrúgu um sig voru 24 kubbar.

Eystri kubbarnir voru að því er séð verður allir úr hrossleggjum. Tuttugu leggir voru klofnir, líklega með þunnum meitli, og síðan boruð göt í báða enda, víðast þannig, að fyrst er höggvið með meitli, unz komið er inn í frauð, en þá er gatið hreinborað, líklega heldur með oddmjóum hníf en bor, en á 5 kubbum er gatið gert eingöngu með bor, 3 með 9,2 mm og 2 með 7,6 mm breiðum bor. Á einum hefur smíðin misheppnazt, og er hann heill í annan endann, en flaskað úr til hálfs í hinn, síðan hafa verið gerð tvö göt í ggnum báða enda eins og á hinum 20. Þrír leggir eru ekki klofnir, en aðeins gerð göt í gegnum þá skammt frá endunum. Kubbarnir hafa að líkindum verið bundnir við leggja-[121]tein netsins með sérstökum þáttum, sem hfa verið þræddir í gegnum götin. Allir eru kubbarnir töluvert slitnir. Þeir eru frá 16,5 cm til 28 cm langir, og er samanlögð lengd þeirra 5,45 m, en alls vega þeir 2930 gr. Kubbarnir í vestri kofanum voru allt öðruvísi. Þeir voru þó úr hrossleggjum, en hver leggur hefur verið sagaður um þver í þrennt og síðan boruð hola í framlengingu mergholsins og kubbarnir síðan þræddir á snæri, leggjateininn. Leggirnir hafa verið unnir þannig, að fyrst er söguð í þá skora inn undir frauð allt um kring með lélegri sög eða hníf, og leggirnir síðan brotnir um skoruna, holurnar á tveimur kubbum eru líklega boraðar með oddmjóum hníf, en á 14 með nálægt 12 mm gildum bor. Í þessum kubbum eru 5 efri endar af leggjum, 8 miðhlutar og 11 neðri endar leggja. Lengd kubbanna er frá 6-12 cm, en samanlögð lengd þeirra er 2,05 m, og allir vega þeir 1965 gr. Tveir kubbarnir, hvort tveggja neðri endar, eru einnig með gati þvert í gegn rétt við hlassið og hafa líklega áður verið notaðir eins og eystri kubbarnir. Þessir kubbar eru allir mjög lítið slitnir, en þó aðeins máðir á brúnum og virðast vera yngri eða skemur notaðir eða kannske hvort tveggja. Auk þess sem kubbar fundust í þessum tveimur hrúgum, fundust á öðrum stöðum 5 kubbar. Í eystri tótt

einn langsboraður og einn þverboraður klofinn kubbur og í vestri kofa tveir langboraðir og einn þverboraður kubbur, hann var mjög fornlegur og virðist vera klofinn úr einhverju stærra beini en hrosslegg. Enn fremur fundust tvö brot úr kubbum, sitt í hvorri tótt, sem eru þannig til orðin, að þegar búið var að sagla þverskoru um legg, hefur hann ekki brotanð um skoruna, heldur hefur sjálfur leggurinn sprungið. Brotin eru allsmá og geta bæði verið úr sama legg og virðast taka af öll tvímæli um, að þar á staðnum hafi menn fengizt við að gera kubba úr hrossleggjum. / [122] Allmikið fannst af beinum og beinabrotum á víð og dreif í kofunum, og einnig mátti sjá á ösku, að miklu hafði verið brennt af beinum. Ekki fundust svo víst sé önnur stórgripabein en netjakubbarnir, en þó er vert að minna á hrossmjöðmina, sem þeir Ingvar og Óskar fundu, þegar þeir sáu kofann fyrst. Mest var þarna af kindabeinabrotum, hryggjarliðum, rifjum og lærleggjum, en bein úr fótum eða hausum fundust ekki. Sá möguleiki er því fyrir hendi að öll kindabeinin séu nestisbein, þótt það verði ekki sannað. Talsvert var einnig þarna af fuglabeinum, en meira þó af fiskbeinum, einkum í sorpinu. Þar á meðal var einn hryggjarliður og er bolur hans 1,9-2,3 cm í þvermál. Ekki er ljóst úr hvaða fiski hann er, en þess má geta, að í Veiðivötnum veiðast allt að 8 kg þungir silungar, og má vera að liðurinn sé úr mjög stórum urriða.

Munir úr steini. Eins og fyrr er sagt fann Óskar í Holtsmúla steinker í brekkunni framan við kofana. Það fluttum við inn í eystri kofann. Kerið er úr mósteini, að utanmáli 67 cm langt, 30 cm breitt og 26 cm hátt, lítið eitt óregluelga tilsett. Ofan í steininn hefur verið klöppuð ferstrend þró, líklega með meitli, en örðugt er að ákveða breidd hans af meitilförunum, þó þau séu í sjálfu sér ljós, þar eð horni meitilsins virðist hafa verið beitt fremur en allri egginni. Innanmál kersins er: lengd 38 cm, breidd 16 cm og dýpt 15 cm. Nokkuð hefur flaskazt úr annarri hlið kersins, og er því ekki hægt að barmafylla það af vatni./ Sumarið 1954 kom Guðmundur Jónsson bílstjóri í kofana með hóp farþega. Þá fannst þar brýni í veggjarholu, en þegar til átti að taka síðar var það horfið, og lék grunur á að (útlendur) farþegi hafi hirt það til minja um komuna í rústirnar./ Loks er að geta þess, að raufarnar fyrir berghöldin í hellisrjáfrinu, sem eru ekki færri en 30, hafa verið klappaðar [123] með meitli, sem varla hefur verið meira en 1 cm fyrir munnann." GG í ÚAT, 112-23. "Þegar vestri kofinn var lagfærður í ágústlok 1959, fundust tveir lambskjálkar og einn boraður fótleggur ásamt með brýni." GG í ÚAT, 2. nmgr s. 128. GG telur að hin þykka gólfskán bendi til að í kofunum hafi verið búið alllengi og reiknar út að frá því hann var yfirgefinn og þar til vikurinn úr Skaftáreldum settist í skútann hafi liðið a.m.k 170 ár og hafi þeir því verið í notkun ekki síðar en um 1600 - ÚAT, 123-25. Hann telur jafnframt líklegast að kofarnir hafi verið gerðir af útilegumönnum þar sem þeir séu langt frá vötnum þeim sem veiði er í (minnst 6 km) en mjög torfundnir og langt frá öllum leiðum - GG telur að 2-4 menn hafi getað hafst við í kofunum, þeir hafi verið vel búnir tólum og öðrum áhöldum, s.s. netjum og að þeir hafi yfirgefið staðinn án flausturs og ætlað sér að koma þangað aftur.
Heimildir: ÚAT, 109-129

RA-684:002 heimild
3 bátar við Veiðivötn 1793. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... "
Heimildir: FSP, 649-59

RA-684:003 heimild um leið
Götur/troðningar umhverfis Veiðivötn. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á."
Heimildir: FSP, 649-59

RA-684:004 heimild um herslugarð
við Veiðivötn. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á." FSP, 649-59.

Heimildir: SSR, 62; FSP, 649-59

RA-684:005 þjóðsaga
Útilegumannabyggð við norðurenda Litlasjós. "Í fyrndinni kvað samt mest hafa kveðið að veiðinni í Stóra-Sjó [nú Litlisjór], en síðan hefur hún lagst af vegna þess, að menn þóttust verða varir við báta á norðanverðu vatninu og fleiri ummerkja eftir veiðiskap ókunnra manna." SP Ferðabók (dagbók 1795: Ferð til Fiskivatna) ATH sagni um útilegumannabyggðir við Stórasjó sbr. ÚAT, 170-71
Heimildir: SP Ferðbók; ÚAT, 170-71

RA-684:006 *Skálavatn* örnefni
Skálavatn er eitt Veiðivatn, um mitt vatnasvæðið, austan við Tjaldvatn og Langavatn. Suðaustan við það er stakt fell sem kallast Skálafell. Skálavatn er eitt þeirra vatna sem veiði er í og er þess fyrst getið um 1700 - Chorographica, 26. Ekki hafa fundist neinar menjar um byggingar við vatnið - ÚAT, 125-127. Óglögg merki um tóft eru á Skálanefi/Skálatanga - GG Tjarnarkot, 82 GÁ: "Vestarlega með Skálavatni að sunnan heitir Skálanef; þar sér enn fyrir tótt og líklegt að þar hafi verið veiðimannakofi til forna og nefndur Skáli og svo vatnið eftir honum." sbr. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder ..." Sýslulýsingar 1744-47, 62. GG Tjarnarkot, 75 bendir á að ekki sé vitað að Skaftfellingar hafi nokkurntíma átt kofa við Tjaldvatn og því megi kofar þeirra og búðir hafa verið við Skálavatn. "...nokkrar líkur eru til að fyrsta hús í Veiðivötnum hafi staðið við Skálavatn. Þar heitir á einum stað Skálanef eða Skálatangi. Þar sér fyrir tótt, en óljós er hún og getur vart talist ótvíræð
Heimildir: Chorographica, 26; SSR, 62; ÚAT, 125-27; GÁ: "Örnefni á Landamannaafrétt" Árbók 1928, 91; ." GG Tjarnarkot, 82

RA-684:007 *Tjaldvatn* örnefni
Tjaldvatn er eitt Veiðivatna, og er nálægt miðju veiðisvæðinu í vestari vatnaröðinni. Tjaldvatn er eitt þeirra vatna sem veiði er í og er þess fyrst getið um 1700 (Chorographica, 26). Við það hafa lengi verið aðalbækistöðvar veiðimanna í Veiðivötnum sbr RA-684:008.
Heimildir: Chorographica, 26, ÚAT, 125-27

RA-684:008 *Tjarnarkot* hús sæluhús
"Veiðimannakofi Landmanna stendur við Tjaldvatn, og er af þeim kallaður Tjarnarkot. Hann er og sæluhús þeirra fjallmanna, er safna fyrir innan Tungnaá." GR I, 256 "Bækistöð veiðimanna í Veiðivötnum, vatnakarla, heitir Tjarnarkot. Það stendur á litlum tanga, sem skagar út í Tjaldvatn. Er tanginn eldbrunninn mjög og eru öll mannvirki þar byggð við hraunhóla eða smágígi. Tjarnarkot er tvö hús byggð við hólahrúgald framan við miðjan tangann, og eru ekki ótvíræð mannaverk á neinu þar fyrir framan á tanganum." GG Tjarnarkot, 79 "Tjarnarkot nefnist veiðimmakofi við Vötnin, og hefur hann verið þar svo lengi sem sögur herma. Hann var einnig bakistöð Öræfamanna, en svo voru þeir nefndir, er smöluðu Vatnasvæðið."

Sbr. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson lýsir tveimur kofum við Veiðivötn 1795 og voru þeir báðir hrörlegir og ónothæfir en ekki er ljóst hvort þeir voru við Tjaldvatn þó líkur þyki til þess - FSP, 649-59 sbr GG Tjarnarkot, 82. Þjóðsaga er að Brandur á Merkihvoli (þar 1819-29) hafi eitt sinn legið einn við veiðiskap við Veiðivötn og skotið útilegumann í kofadyrunum er hann vildi ryðjast inn til Brands - GG Tjarnarkot, 77 Þorvaldur Thoroddsen kom til Veiðivatna 1889 og lýsir Tjarnarkoti svo: "Kofarnir eru tveir; er annar með hlóðum, hafður fyrir eldhús, en hinn er íveruhús veiðimanna; þar er breiður bálkur til að liggja á, hey var þar inni dálítið og netstubbar gamlir."

"Syðra húsið er eldhús og snýr nær því frá austri til vesturs. Dyr eru á vesturgafli við suðurvegg, en stuttur kampur norðan dyra, þær eru 0,90 m víðar og án dyraumbúnaðar og hurðar. Áður var torfþak á húsinu, en nú er það þaklaust og hvolft yfir það báti. Lengd hússins frá dyrakampi að gafli er 2,50 m, breidd um 1,30 m. Við gafl er hlaðinn stallur þvert yfir húsið, 0,50 m breiður með öskustó í miðju, og yfir hana eru lagðar hellr og verður rifa á milli, sem aska getur hrunið niður um ef eldur er kveiktur á hellunum, einnig kemur þá loft upp um glufuna, sem glæðir eldinn. Ekki var eldstó á stallinum, og hafa [80] pottar og katlar hangið í hóbandi yfir eldinum. Í norðurveggnum er lítið, ferskeytt hólf rétt við eldstæðið, og hefur það verið notað sem geymsla eð skápur. Eldhúsið hefir ekki verið notað mörg undanfarin ár, enda er örðugt að afla eldiviðar við Veiðivötn. / Norðan við eldhúsið er 2 m breitt sund, en þá er komið að aðalhúsinu í Tjarnarkoti, enda munu sumir nefna það eitt Tjarnarkot. Það snýr frá norðaustri til suðvesturs, dyr á langvegg og snúa á móti norðvestri, lengd að utan er 8 m, en breidd um 4 m, en hún er raunar óljós vegn hraunhólsins. Innanmál hússins er l. 4,20 m og br. 2,30 m. Dyr eru aðeins 0,70 m víðar og lengd dyragangs, eða þykkt framveggjar, er 1,30 m. Hurð er fyrir dyrum allhá, en áður var lágur gluggi yfir hurðinni, en þó var hann ekki þar frá upphafi. Þegar komið er inn úr dyrum, verða lágir bálkar til beggja handa og 1,20 m br. gangur á milli. Báðir ná bálkarnir þvert yfir húsið, og er nyrðri

bálkurinn 1,20 m br., en hinn syðri 1,70 m. Bálkarnir eru vart hnéháir, hlaðnir úr grjóti, og framan við þá eru tréstokkar, svo sem rúmstokkar, og er búið var í Tjarnarkoti, lögðu menn reiðingsdýnur á bálkana, lágu á þeim og hlúðu að sér með skinnum o.fl. Fram að 1918, þegar veiði hvarf að mestu í vötnunum vegna Kötlugoss, var fjórum tilteknum mönnum ætlað rúm á nyrðri bálki, en 6 á þeim syðri, og var það almenningur, "en þröngt var á báðum væri þessi tala fyllt" (J.Á.), sjá mynd. Í beinu framhaldi af ganginum eru dyr í gegnum bakvegg hússins inn í helli. Er hann lágur fremst, en manngengur að heita má, þegar inn er komið, hann er óreglulega lagaður, mesta vídd um 2 m, en lengd frá kofa inn í botn um 3,50 m. Hellirinn mun vera elzta vistarvera á staðnum og á sér ýmis gælunöfn "svo sem Hoíló, Blíðheimur, Aftanköld o. fl." (J.Á.). / Þetta hús er ekki gamalt. Þegar fyrst er vitað, stóð hér lítill kofi með aðeins einum bálki, en árið 1910 var húsið stækkað til muna og sett á það járnþak. Á báðum stöfnum kofans eru nú litlir gluggar, en engin eru þar þil. Gluggarnir munu ekki vera gamlir. Bæði húsin eru hlaðin úr hraunsteinum, sem hér eru nógir til, en að utan er byggt úr torf- og grjótlögum til skiptis. Útveggir eru allt að 2 m þykkir." GG Tjarnarkot, 79-80. Einhverjar viðbætur eru komnar á húsið síðan og 1968 tók Þjms húsið að sér og var það það ár endurhlaðið að hluta og nýtt þak sett á.
Heimildir: GR I, 256; SSR, 62; GG "Tjarnarkot", 82-83; Árbók 1971, 79-80; Jón Árnason: "Örnefni við Veiðivötn á Landamannaafrétti" Goðasteinn, 61; ÞT Ferðabók II, 240-57.

RA-684:009 *Kvíslarvað* heimild um vað
á Tungnaá, sunnan við Blautukvísl. SP fór hér yfir á leið sinni frá Veiðivötnum 1795 - Ath Ferðabók. "Notað fram um 1910."
Heimildir: GR I, 322

RA-684:010 *Bjallavað* heimild um vað
á Tungnaá, undan Bjöllum á Landmannaafrétti. Þetta vað er enn [um 1945] farið þegar farið er til Veiðivatna og ekki er mjög mikið í ánni. - GR I, 323. "Vorið 1934 var bátur látinn á Tungnaá hjá Bjallavaði á Landmannaafrétti, og annar bátur 1936 á sama stað. Á sumrin eru þessir bátar hafðir sinn hvorum megin árinnar til afnota fyrir fólk, sem fer til Veiðivatna, þegar mikið er í ánni, svo að hún er illfær eða ófær á vaðinu."
Heimildir: GR I, 323

RA-684:011 *Svartakróksvað* heimild um vað
á Tungnaá, nálægt Blautaveri, þar sem áin beygist til suðvesturs. "Lítið farið eftir síðustu aldamót."
Heimildir: GR I, 323

RA-684:012 *Austurkróksvað* heimild um vað
Á Tungnaá, rétt austan við Austur-Bjalla. "Ekkert notað síðustu áratugina."
Heimildir: GR I, 323

RA-684:013 *Snjóölduvað* heimild um vað
Á Tungnaá, austur undan Tröllinu, sem er um 60 feta hár drngur á sléttum sandi innan við Snjóöldu. "Ekki farið um langa tíð."
Heimildir: GR I, 323

RA-684:014 *Ampahóll* bæjarstæði bústaður
Ampahóll er hjá Tjaldvatni. Árið 1880 brá Arnbjörn Guðmundsson, sem lengi hafði stundað veiðar í Veiðivötnum og var þá 64 ára, búi sínu í Króktúni á Landi og flutti ásamt konu sinni með litla búslóð að Tjaldvatni. "Þar gerði hann sér skúta inn í hraunhól þann, sem síðan er nefndur Ampahóll, og byggði forskála fram af. Þetta var þröng vistarvera, súgmikil og svo lág að kona hans gat vart setið þar upprétt við rokkinn. Um haustið sótti sonur Arnbjarnar foreldra sína; voru þau þá komin í þrot af kulda og skorti, þar eð slingsbirgðir þeirra höfðu eyðilagst og var Arnbjörn búinn að fá skyrbjúg, en kona hans nær lögst í kör." GG Tjarnarkot, 77
Heimildir: GG Tjarnarkot, 77, 81

RA-684:015 *Suðurlandskofi* tóft sæluhús
"Nokkra faðma norðaustur frá Tjarnarkoti er hóll með smáskúta í, sem snýr suðvestur, og tóttarbrot fram af skútanum, og kallast Suðurlandskofi. Þar héldu þeir til á tímabili, sem syðst bjuggu í Landssveit, en nú er því löngu hætt."
Heimildir: Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn

RA-684:016 *Geymsla* gryfja
"Rétt austar [en Suðurlandskofi RA-684:015] er smá hólstrýta hol að innan og kallast Geymsla. Þar mun Ampi (arnbjörn Guðmundsson fr´Króktúni) hafa geymt eitthvað af búslóð sinni" Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 .

Heimildir: Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn

RA-684:017 tóft hesthús
"Rétt þar austar [en Geymsla RA-684:016] er ílangt tóttarbrot, og átti það að vera hesthús Ampa, en aldrei mun hafa verið gert yfir það." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880
Heimildir: Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn

RA-684:018 tóft eldhús
"Frammi fyrir dyrum Ampahóls [RA-684:008] eru óljósar leifar mannvirkja. Þar var áður lítið, borghlaðið eldhús ..." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880.
Heimildir: GG Tjarnarkot, 81

RA-684:019 hleðsla
"Frammi fyrir dyrum Ampahóls [RA-684:008] eru óljósar leifar mannvirkja. Þar var áður lítið, borghlaðið eldhús [RA-684:018] og nokkrar kræ, sem hann saltaði silung í." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880.
Heimildir: GG Tjarnarkot, 81

RA-684:020 *Vatnsgígur* þjóðsaga
"Vestur frá Ampahól er annar hár hraunhóll flatur í kollinn og nefnist Vatnsgígur. Er gjóta niður í hann með vatni í botni og er talið að séu allt að 15 metrar niður að vatninu. Ofan í þetta ker á Brandur á Merkihvoli að hafa varpað útilegumanninum dauðum." [Sbr RA-684:008]
Heimildir: GG Tjarnarkot, 81

RA-684:021 hleðsla herslubyrgi
"Norður frá Vatnsgíg [RA-684:020], úti á flötu hrauni, stendur herslubyrgi Ampa. Það var áður borghlaðið, en fyrir nokkru var tekið ofan [82] af því til að gera við rétt, sem er norðan undir kletti skammt norðaustur frá Ampahól og var áður heygarður Ampa." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880.
Heimildir: GG Tjarnarkot, 81-82

RA-684:022 hleðsla heygarður
"Norður frá Vatnsgíg [RA-684:020], úti á flötu hrauni, stendur herslubyrgi Ampa [RA-684:021]. Það var áður borghlaðið, en fyrir nokkru var tekið ofan [82] af því til að gera við rétt, sem er norðan undir kletti skammt norðaustur frá Ampahól og var áður heygarður Ampa." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 .
Heimildir: GG Tjarnarkot, 81-82

RA-684:023 *Hlíðarendakofi* tóft sæluhús
"Austur af Ampahól, niðri við sléttan sand, er lítil tótt, nefnd Hlíðarendakofi. "Segir sagan, að Vigfús sýslumaður Þórarinsson á Hlíðarenda hafi gjört út til Veiðivatna og átt kofa þarna." (GÁ Veiðivötn) Vigfús var sýslumaður Rangæinga 1789-1819." Hlíðarendalind kom upp suður af kofanum, en hún og austasta vík Tjaldvatns fylltust af sandi veturinn 1946-47.
Heimildir: GG Tjarnarkot, 82

RA-684:024 *Hórukofi* hellir náttstaður
"Í krika inn í Hádegisöldu, austur frá Tjarnrkoti, er smáhellir, sem stundum var legið í. Hann nefndist Hórukofi."
Heimildir: GG Tjarnarkot, 82

RA-684:025 *Hestagígur* hleðsla rétt
"Í eldgíg norðaustur frá Ampahól, handan við slétt, sandorpið hraun, hefir verið gerð hestarétt og er óvenjulegt mannvirki. Þar heitir Hestagígur."
Heimildir: GG Tjarnarkot, 82